Hæstaréttardómar 1920-1924

Útgáfa 3.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu
Gallar á bls. XV, LXVI, LXVIII, LXXVII, 199, 212, 251, 270, 468, og 507.
Auð síða er á milli 1920 og 1921, og á milli þessara ára er einnig tveggja síðna efnisskrá.
Einnig þrjár auðar síður milli 1922 og 1923, og á milli er einnig þriggja síðna efnisskrá.
Einnig tvær auðar síður milli 1923 og 1924, og á milli er einnig fjögurra síðna efnisskrá.
Mismunandi er hvort efnisskrár á milli árganga séu taldar sem hluti af blaðsíðuröðinni.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARJETTARDÓMAR

ÚTGEFANDI

HÆSTARJETTARRITARI

I. BINDI
1920—1924

REYKJAVÍK
ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJA H.F.
MCMXXV

Registur

við dómana árin 1920—1924.

Nafnaskrá.

A. Einkamál.

Bls.

Abba, skonnert 111
Aðalpóstmeistari f. h. póststjórnarinnar 610
Andrea Filippusdóttir 397
Andrjes Sveinbjarnarson v.m/sk. Jón Arason 569
Anne Kirstine, m/sk. 400
Anna Friðriksson 715
Arinbjörn Ólafsson 614
Austmann, Jóh. L. Stefánsson, db. 197, 618
Áfengisverslun ríkisins 647
Ágúst Jónsson 430
Árni Árnason 585, 630
Árni Böðvarsson 262, 472
Árni G. Þóroddsson 242
Árni Jónsson 604
Árni Sigfússon 548
Árni Sveinsson 698
Ásgeir Ásgeirsson 63, 121
Ásgeir Pjetursson 29
Ásgeir Sigurðsson 257
Bachmann, Helgi J. 654
Balslev, Joh. 49
Belgaum, botnv. 104
Bjarnarson, Pjetur M. 21, 335, 472, 552
Bjarni Ólafsson 262
Bjarni Ólafsson v.m/b. Hrafn Sveinbjarnarson 601
Bjarni Sigurðsson 196

Bls.
Björn Eyjólfsson 705
Björns, Guðrún G. 705
Björnsson, Guðmundur 392
Blöndahl, M. Th. S. 534
Blöndal, Ólafur f. h. Tang & Riis 313, 509
Bogi A. J. Þórðarson 667
Briem, Kristinn P. 124, 241, 332
Briem, S. f. h. póststjórnar Íslands 712
Bæjarfógeti Siglufjarðar f. h. ríkissjóðs 586
Bæjarstjórn Akureyrar 187
Bæjarstjórn Hafnarfjarðar 12, 256, 612
Bæjarstjórn Ísafjarðar 226, 409
Bæjarstjórn Reykjavíkur 7, 111, 647
Bæjarstjórn Siglufjarðar 310, 324
Böðvar Þorláksson 218
Carl Höepfner, h/f. 153
Carl Sæmundsen & Co. 228
Clausen, Guðrún 64
Clausen, Herluf 473
C. Olesen, A/s. 476
Copland, Geo. 118, 207, 237, 439, 667
Dronning Agnes, m/sk. 409
Edvald, Jón S. 460
Eigandi Orrahóls 448
Eigandi Svínaskógs 448
Eigendur Búðar í Eyrarhreppi 497
Eigendur Hnífsdals neðri 497
Eigendur Sólheimatungu m. m. 506
Eigendur Svignaskarðs m. m. 506
Eigendur Valdaráss 444
Eigendur Víðidalstungu 444
Einar Arnórsson 555
Einar Benediktsson 225
Einar M. Jónasson, sýslum. 202, 256, 297, 327, 657
Einar Þorgilsson 678
Eiríkur Torfason 242
Elías Jónsson 631
Ellingsen, O. 436, 681
Eyjólfur Guðlaugsson 242
Eyvindur Þórarinsson 484

Bls.
Eversand, e/s 104
Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs 189, 433, 555, 595
Sami f. h. Vífilsstaðabúsins 494
Finnbogi G. Lárusson 150
Fjeldsted, Hjörtur Á. 573
Fjeldsted, Lárus 220
Sami f. h. Íslandsbanka 348
Sami f. h. A. Ross v.sk. Jenny 361
Sami f. h. eigenda m/sk. Sieka IV. 231
Geir Sigurðsson 29
Sami f. h. h/f. Hákon 502
Geir Thorsteinsson & Co. h/f. 601
Geo. Copland & Co. h/f. 361, 400
Georg Jónasson 121
Gestur Guðmundsson 509, 698
Gísli Björnsson 72
Gísli Hjálmarsson 319
Gísli Sveinsson 225
Sami f. h. C. A. Kruuse 223
Gísli Þorbjarnarson 217
Godtfredsen, Andreas 586
Goos, Sören 29
Guðbjörg Þórdís Jensdóttir 576
Guðlaugur Br. Jónsson 66
Guðmundur Albertsson 195
Guðmundur Daníelsson 406
Guðmundur Einarsson 63
Guðmundur Guðmundsson 218
Guðmundur Guðnason 217
Guðm. Hannesson, bfg. 527
Guðm. Helgason f. h. bæjarstj. Hafnarfjarðar 256
Guðmundur Jóhannsson 335
Guðmundur Jónsson 592
Guðmundur Kr. Guðmundsson 341, 468, 593
Guðmundur Ólafsson 195
Sami f. h. L. Zöllner 56
Guðmundur Sveinsson 601
Guðni Árnason v.b/v. Mary Johnson 569
Guðrún Jónsdóttir 592
Guðrún Ottósdóttir 631

Bls.
Gunnar E. Benediktsson 484
Sami f. h. H. H. Kristensen A/B. .. 639
Gunnar Ólafsson & Co. 548
Gunnar Sigurðsson 109, 196
Gunnlaugur Magnússon 46
Gunnlaugur Kristmundsson 189
Gunnlaugur Stefánsson 593
Hafstað, Árni J 124, 241, 332
Hafnarnefnd Reykjavíkur 111
Halldór Jónsson 428, 454
Halldór Jónsson, Varmá 667
Halldór Pálsson 698
Hallgr. Davíðsson f. h. Carl Höepfner h/f. 153
Hannes B. Stephensen 657
Hans R. Þórðarson 693
Haraldur Böðvarsson 439
Havsteen, Jul. f.h. Joh. Balslev 49
Hálfdán Hálfdánsson 521
Hallgrímur Benediktsson & Co. 608, 667, 674
Helga Jónsdóttir 430
Helgi Benediktsson 654
Helgi Guðbjartsson 563
Helgi Hafliðason 33
Hekla, kaupfjelag 231
H. H. Kristensen A/B. 639
Hið ísl. steinolíuhlutafjelag 560
Hjalti Jónsson 127
Hjálmar Guðjónsson 80, 454
Hjemgaard, Tanke 428
Hrafn Sveinbjarnarson m/b. 601
Hreppsnefnd Eyrarhrepps 689
Hreppsnefnd Garðahrepps 494
Hreppsnefnd Gerðahrepps 220
Hreppsnefnd Hvolhrepps 127
Hreppsnefnd Innri-Akraneshrepps 580
Hreppsnefnd Kjósarhrepps 194
Hreppsnefnd Miðneshrepps 601
Hreppsnefnd Mosvallahrepps 144
Hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps 99, 100
Hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps 319

Bls.
Hreppsnefnd Stafholtstungnahrepps 406
Hreppsnefnd Þverárhrepps 146
Huth, F. A. 29
Höydahl, Lyder 639
Ingibergur Þorkelsson 4
Ingibjörg Þorsteinsdóttir 1
Ingjaldur Ingjaldsson 21
Ingv. Guðmundsdóttir og börn hennar 582
Ísak Bjarnason 308
Ísbjörninn, h/f. 100
Íslandsbanki 337, 348, 377, 476, 595, 667
Ísleifur, m/k. 409
Jenny, skonnert 361
Jensen-Bjerg 8, 64
Johnsen, Gísli J. 197, 618
Jóhann Eyjólfsson 573
Jóhann J. Eyfirðingur & Co. 689
Jóh. Davíðsson f. h. h/f. Sill 342
Jóhannes Kr. Jóhannesson 109, 693
Jón Árnason 197, 618
Jón Ásbjörnsson f. h. Norden 584
Jón Benediktsson 218
Jón Bjarnason 242
Jón Bjarnason 678
Jón Dúason 337
Jón Jónsson, Hafsteinsst. 124, 241, 332
Jón Jónsson, fisksali 415
Jón L. Hansson 327
Jón Sigurðsson 544
Jón S. Pálmason 146
Jónatan Þorsteinsson 425
Júlíus Björnsson 516
Karl Einarsson, bfg. 484
Karl Guðmundsson 698
Karl Nikulásson 187
Karl Olgeirsson 357
Kaupfjelag Austfjarða 701
Kaupfjelag Hjeraðsbúa 99
Kaupfjelag Skagfirðinga 319
Kári h/f. 530

Bls
Kári J. Kárason 12
Ketill Ketilsson 4
Kirkjustjórn Íslands 308
Kolbeinn Þorsteinsson 415
Kristján Daníelsson 580
Kristján Kjartansson 685
Kristján Kristjánsson 657
Kristján Sumarliðason 576
Kruuse, C. A. 223
Kveldúlfur h/f. 29, 147 433
Kveldúlfur, m/k. 409
Lagerkvist, A. J. 15
Landsbankinn 341, 468
Laxdal, Jón 223
Leifur Sigurðsson 608
Leonh. Tang & Sön. 226
Leví, R. P. 8, 64, 540
Líndal, Björn 38
Sami f. h. A. J. Lagerkvist 15
Loðmfjörð, Stefán 516
Loftur Jónsson 66
Loftur Loftsson 4
Lögreglustj. Reykjavíkur f. h. ríkissjóðs .. 436, 534, 540, 564
Magnús Gíslason f. h. kaupfjel. Hekla 231
Magnús Kjartansson 630
Magnús Ketilsson 4
Magnús Magnússon 150
Magnús Stefánsson 56
Magnús Torfason, sýslum. 357, 480, 524
Magnús Þórðarson 614
Margrjet Árnason 585, 715
Mary Johnson, b/v. 569
Matth. Sveinsson 563
Matth. Þórðarson 242
Mogensen, P. f. h. áfengisverslunar ríkisins 647
Müller, W., f. h. sk. Eversand 104
Níels Kristmannsson 544
Njörður, h/f. 92
Norden, vátryggingarfjel. 584
Obenhaupt, A. 681

Bls.
Oddur Gíslason, bfg. 497, 521, 699
Olsen, M., þrotabú 100
Ófeigur Ófeigsson 242
Ólafur B. Björnsson 544
Ólafur Friðriksson 377
Ólafur Davíðsson f. h. Leonh. Tang. & Sön 226
Ólafur Jóhannesson 100, 202, 256, 297, 325
Ólafur Jónsson 712
Ólafur Ólafsson 472, 552
Ólafur V. Davíðsson 195, 256
Ólafur Þorsteinsson 560
Ólafur Þorvaldsson 147
Páll Stefánsson 480
Petersen, Bernhard 564
Petersen, Damkjær 257
Pjetur A. Ólafsson 144, 202, 310, 610
Pjetur Guðmundsson, Hauksstöðum 80, 454
Pjetur Guðmundsson, Holti 218
Pjetur Magnússon f. h. eig. m/sk. Anne Kirstine 400
Sami f. h. C. Olesen A/s. 476
Sami f. h. P. W. Jacobsen & Sön 604
Porter Brothers, ... 460
Poulsen, Vald. 644
P. W. Jacobsen & Sön 604
Raflýsing Bolungarvíkur h/f. 563
Ragnar Ólafsson 228
Ragnhildur Pjetursdóttir 393
Ragnhildur Sigurðardóttir 597
Randrup, Emil 184
Reykdal, Jóhs. J. 612
Risberg, Einar 630
Ross, A. 361
Rósa Hjartardóttir 197, 618
Ruthby, skonnert 237
Sameinuðu ísl. verslanir, h/f. 699
Sandefjord Sejl, A/s. 118
Sigbjörn Björnsson 80, 454
Sigfús Árnason 197, 618
Sigf. Daníelsson f. h. Samein. ísl. versl., h/f. 699
Sigfús Sveinsson 213

Bls.
Sigfús Vormsson 472
Sigmundur Sæmundsson 699
Sigríður Eiríksdóttir 80, 454
Sigtryggur Jónsson 211
Sigurður Eiríksson 210
Sigurður Jónsson 12
Sig. Magnússon f. h. kirkjustjórnar Íslands 308
Sigurður Ólafsson 197, 618
Sig. Sigurðsson f. h. bæjarstj. Ísafjarðar o. fl. 409
Sami f. h. Porter Brothers 460
Sigurjón Benediktsson 211
Sigurjón Pjetursson f. h. Sleipnir h/f. 502
Sieka IV. m/sk. 231
Sill h/f 342
Símon Guðmundsson 242
Skandia, skip 92
Skaptfell, Bjarni Þ. S. 454
Skiftaráðandi Árnessýslu 585
Skiftaráðandi Barðastrandarsýslu 100
Skiftaráðandi Gullbringu- og Kjósarsýslu 608
Skiftaráðandi Ísafjarðarkaupstaðar 582
Skiftaráðandi Rangárvallasýslu 127
Skiftaráðandi Reykjavíkur 348, 608
Skiftaráðandi Vestmannaeyja 197, 618
Sláturfjelag Suðurlands 319
Sleipnir, h/f. 502
Snæbjörn Bjarnason 472
Snæbjörn Kristjánsson 327
Stefán Th. Jónsson 530, 701
Steindór Einarsson 585
Steingrímur Torfason 342
Sveinn Árnason 527
Sveinn Árnason, db. 127
Sveinn Björnsson f. h. eig. og vátr. sk. Skandia 92
Sami f. h. Sandefjord Seil A/s. 118
Sami f. h. A/s. Thore 207
Sami f. h. eig. og vátr. Ruthby 237
Sami f. h. Damkjær Petersen 257
Sveinn Frímannsson 153
Sveinn Guðmundsson 262

Bls.
Sveinn Jón Einarsson 587
Sveinn Magnússon 1, 153, 262, 392
Sveinn Ólafsson 210
Sæmundsen, Lübbers & Co. 38
Sæmundur Oddsson 127
Tang & Riis 313, 509
Theodór Jakobsson 324
Theodór Johnson 8
Thorarensen, Hannes f. h. Sf. Sl. 319
Thorarensen, Stefán 393
Thorarensen, Valdemar 202
Sami f. h. F. A. Huth 33
Sami f. h. Sæmundsen, Lübbers & Co. 38
Sami f. h. Carl Sæmundsen & Co. .. 228
Thore, A/s. 207
Thoroddsen, Þórður J. 294
Thors, Ólafur f. h. Kveldúlfur h/f. 433
Thorsteinsson, Jón 7
Tómas Jónsson 472, 552
Trolle & Rothe h/f. f. h. sk. Abba 111
Tynes, O. 15, 49
Uppboðsráðandi Gullbringu- og Kjósarsýslu 667
Uppboðsráðandi Reykjavíkur 348
Valdimar Sigurðsson 100, 213
Verslun Böðvarssona 674
Viðar, Einar 325
Vik, Vidar 184
Vilborg Stefánsdóttir 80, 454
Vífilsstaðabúið 494
Zimsen, Jes 194
Zimsen, Jes f. h. b/v. Belgaum 104
Zöllner, Louis 56
Þorleifur Guðmundsson 294
Þorleifur Jónsson 313, 425
Þorsteinn Árnason 4
Þorsteinn Gunnarsson 644
Þorsteinn Jónsson 72
Þorvaldur Pálsson 584
Þóra Guðmundsdóttir 153
Þóra Sigurbjörg Jónsdóttir 46

Bls.
Þórarinn Brandsson 587
Þórarinn Sigurjónsson 332
Þórður Ásmundsson 544
Þórhallur Gunnlaugsson 524

B. Opinber mál.

Bls.
Ásgeir M. Guðjónsson 277
Berndsen. Sigurður 661
Bjarni Gíslason 274
Bjarni Jónsson 290
Björn Gunnlaugsson 366
Browning, William 487, 552
Einar Aðalsteinn Bæringsson 386
Eisenhart, Otto 248
Eyjólfur Eyjólfsson 87
Fjeldsted, Ólafur Lárusson 268
Fjeldsted, Sturlaugur Lárusson 268
Geir Pálsson 135
Gestur Guðmundsson 619
Guðfinnur Jónsson 537
Guðjón Guðmundsson 158
Guðjón Jónsson 198
Guðmundur Guðnason 716
Guðmundur Jónatansson 625
Guðmundur Jónsson 380
Guðmundur Þorkelsson 661
Guðmundur Þorláksson 366
Guðmundur Þorsteinsson 488
Guðrún Jónsdóttir 114
Guerrant, Ch. A. J. 286
Gunnar Sigurðsson 268
Gunnlaugur Tr. Sigurðsson 350
Gústaf Sigurbjarnarson 158
Hallgrímur Finnsson 135
Haraldur Jónsson 266
Hendrik J. S. Ottósson 277
Herskind, A. P. Chr. 463
Hirtz, Hans 243
Hólm, Elías F. 135

Bls.
Ingvar Lárusson 386
Jakob Sigurðsson 465
Jóhannes Kristján Jóhannesson 60
Jón Guðmundsson 625
Jón Gunnar Jónsson 382
Jónas Magnússon 277
Kjerúlf, Eiríkur 299
Kristján Daði Bjarnason 158
Kristján Sólberg Sólbjartsson 263
Kristján Vigfús Kristjánsson 668
Lárus O. Frímannsson 350
Magnús Veturliði Jónsson 448
Magnús Þorsteinsson 452
Maríno Norðkvist Jónsson 518
Markús Jónsson 277
Ólafur Friðriksson 277
Ólafur Magnússon 158
Pjetur Hoffmann 322
Reimar Eyjólfsson 277
Sigurður Guðbrandsson 716
Sigurður Jens Aðalsteinsson 77
Sigurður Magnússon 97
Sigurður Sigurðsson 654
Sveinn Guðmundsson 625
Sveinn Sigurðsson 625
Sveinn Sveinsson 670
Thejl, Anna Lydia Steinunn 158
Thorarensen, Stefán 420
Vik, Vidar 158
Zoëga, Margrjet 636

Atriðisorð.

Ábúð.
Ábyrgð.
Aðför, sjá fógetagjörðir.
Aðild.
Áfengislagabrot.
Áfrýjun.
Áfrýjunarleyfi.
Árekstur.
Arfur, sjá skifti.
Aukabiðdagar, sjá farmsamningar.

Bankar.
Barnsfaðernismál.
Biðdagar, sjá farmsamningar.
Bifreiðar.
Bjarglaun og björgun.
Borgun.
Botnvörpuveiðar.
Bótaákvæði.
Brottvísun úr landi.
Brunamál.

Dómarar.
Dómkrafa, dómstólar, sjá rjettarfarslög.

Eiðar og drengskaparheit.
Eignarrjettur.
Embættisbrot.
Embættislaun.
Erfðafesta.
Erindisrekstur.

Farmsamningar.
Fjallskil.
Fjárhaldsmaður.
Fjárnám, sjá fógetagjörðir.
Forkaupsrjettur.
Fógetagjörðir, sbr. og lögtak.
Frávísun.
Frelsisröskun.
Fræðslumál.

Gagnkröfur.
Gengi.
Geymsla.
Gjaldþrot.
Gjörðardómur.

Hafnarstjórn, hafnarlega, sjá árekstur.
Handveð, sjá veð.
Hefð.
Hegningarauki, sjá refsing.
Heilbrigðismál.
Heimilisrannsókn.
Heimvísun, sjá ómerking.
Hilming.
Hlutdeild.

Iðgjöld.

Innheimta.
Innsetningargjörð, sjá fógetagjörðir.
Ítak.
Ítrekun.

Kaup og sala.

Landamerki.
Landhelgi, sjá botnvörpuveiðar.
Landskifti.
Lán.
Leiga.
Líkamsmeiðingar og ofbeldi.
Lög.
Lögreglubrot.
Lögtak sbr. fógetagjörðir.

Mat.
Málasamsteypa.
Málflutningsmenn.
Málfærsla.
Meiðyrði, sjá ærumeiðingar.
Merkjadómur.
Mjólkursala, sjá heilbrigðismál.

Ofbeldi, sjá líkamsmeiðingar.
Ólögmæt meðferð á fundnu fje.
Ómaksbætur.
Ómerking.
Óþörf málsýfing.

Póstávísun

Rangar skýrslur.
Rannsókn, sjá dómarar, staflið C.
Ráðgjafarnefnd, sjá embættislaun.
Refsing.
Reki.
Rjettarfarslög.
Rjettarfarssektir.
Rjettarneitun.
Rjettarvottar.

Sakhæfi.
Samaðild.
Samningar.
Sáttaumleitun.
Skaðabætur.
Skattar og gjöld.
Skilorðsbundnir dómar.
Skiprúm.
Skipskaði.
Skiftamál og erfðir.
Skjalafals.
Skólar, sjá fræðslumál.
Skuldajöfnuður.
Stefnur.
Svik.
Sönnun.
Sönnunarbyrði.

Tekjuskattur, sjá skattar og gjöld.
Tilraun.

Umboð.
Umboðssala.
Uppboð.
Útburður, sjá fógetagjörðir.
Útivistardómar.
Útsvar, sjá skattar og gjöld.

Valdstjórn.
Vátrygging.

Veð.
Veiðirjettur.
Veitingar.
Verksamningar.
Verslun.
Verslunarviðskifti.
Vettvangsmál.
Vextir.
Viðskiftatilkynningar.
Vinnusamningar, sjá samningar
Vitnaleiðsla.
Víxlar.
Vörumerki.
Þingsafglöpun.
Þjófnaður.
Ærumeiðingar.

Ábúð.

Bls.

Ábúðarrjettur að jörð ekki talinn sannaður og ábúandi því borinn út 150
Ábúðarrjettur að jörð ekki sannaður og manni því ekki dæmdur rjettur til lífstíðarábúðar 327

Ábyrgð.

M. skuldar G. 150 smálestir af kolum, sem greiðast eiga með kolum. Þegar greiðsla drógst ætlaði G. að kyrsetja skip M., en M. fjekk þá L. til að ábyrgjast ákveðna fjárgreiðslu til G. og var ábyrgðin bundin þeim skilyrðum, að hún fjelli niður ef kolin kæmi úr tilgreindu skipi, sem þá var lagt á stað frá Englandi áleiðis hingað, eða M. og G. semdu um skuldina sín á milli. Kolin komu ekki úr skipinu en M. bauð seinna fram önnur kol er G. hafnaði. Talið að G. gæti krafið L. um ábyrgðarfjeð enda þó hann eigi gengi fyrst að M. til lúkningar skuldinni 468

Aðför, sjá fógetagjörðir.

Aðild.

Verslunarstjóri tekur að sjer umboðssölu á síld, í eigin nafni, en þar sem hann tók það eigi fram við eiganda síldarinnar, var talið að eigandinn, eftir stöðu v.stj., hefði ástæðu til að ætla að hann ætti við firmað um um söluna, og það því talið rjettur aðili í skaðabótamáli út af sölunni 153
V. S. talinn aðili í dómsorði undirrjettar, en V. S. & Co. í forsendum, enda því stefnt. Þetta ekki látið valda ómerkingu 213
Maður, er stefnt hafi verið í hjeraði f. h. hreppsnefndar, genginn úr nefndinni áður en stefnan var birt í hjer-

Bls.

aði. Hjeraðsd. er dæmdi manninn f. h. hreppsn. því ómerktur 220

Skiftarjettur í þrotabúi hl.fjelags, sem tekið var til skifta eftir að úrsk. gekk í hjeraði, rjettur aðili og skiftaráðanda því rjett stefnt f. h. fjelagsins við áfrýjun, án þess hlfj. sje stefnt 348

Aðild til að kæra dómara til refsingar fyrir rjettarneitun ekki talin bera þeim, er fyrir rjettarneituninni verður 521

Maður, sem var framkv.stj. hlutafjelags, hafði pantað vöru undir sínu símnefni, en seljandi skuldað hlfjl. fyrir vörunni og síðan höfðað mál til greiðslu vörunni gegn fjel. en það þá skift um framkvstj. og mótmælt greiðslunni af því að fyrri framkvstj. hefði keypt fyrir sjálfan sig. Hlfjel. dæmt í báðum rjettum og í hrj. af því að fyrri framkvstj. hafði í síðasta símsk. út af vörukaupunum til seljanda, sett nafn hlfj. undir símskeytið 530

Í refsimáli gerir sá er fyrir brotinu varð kröfu um skaða bætur. Bótakrafan tekin aðeins að nokkru leyti til greina í dómnum og áfrýjar kröfuhafinn því dómnum að því er til þessa atriðis kom án þess að honum væri áfrýjað af valdstjórninnar hálfu 705

Áfengislagabrot.

Skipstjóri, er þóttist hafa átt að kaupa hjer síld í skip sitt til viðbótar áfengisfarmi frá Hamborg, er hann taldi eiga að fara til Gautaborgar, seldi hjer nokkuð af áfenginu. Kærði hafði auk þess gefið lögreglustjóra ranga yfirlýsingu um áfengisbirgðir skipsins er hann kom. Hann dæmdur í 1000 kr. sekt og 2 mán. fangelsi og allur áfengisfarmurinn ger upptækur, þar eð allar líkur þóttu fyrir því, að farmurinn hefði átt að fara hingað 243

Skipstjóri, er þóttist vera á leið til veiða við New-Foundland, kom í hjerlenda höfn með áfengisfarm, sem hann þó hafði ekki fargað af hjer, dæmdur í 800 kr. sekt og 1. mán. fangelsi og farmurinn ger upptækur, þar eð sannað þótti eftir öllum atvikum og sjerstak-

Bls.

lega með vottorði lögreglunnar í Hamborg, að farmurinn hefði átt að fara hingað 248

H. hafði farið út í farþegaskip, sem lá við hafnarbakkann í Rvík og keypt þar hjá þjóni 2 brennivínsflöskur, drukkið úr þeim og falað þá 3ju en ekki fengið. Þjónninn gekst undir sekt, en H. þóttist eiga að vera vítalaus af því að hann hafði kært sölu þjónsins fyrir lögreglunni. H. dæmdur í 200 kr. sekt samkv. 7, og 8. gr. bannlaganna og málskostnað 266

Læknir dæmdur í 2. sinn fyrir brot á lögum nr. 91/1917, 18. gr. (17. gr. l. 44/1909) 299

Maður dæmdur í 250 kr. sekt fyrir að hafa selt nokkrar flöskur af áfengi og flutt áfengið yfir land, samkv. 8. og 15. gr. l. 91/1917 322

Áfengissali, sem tvisvar hafði undirgengist sekt fyrir brot á bannlögunum, dæmdur fyrir sölu á ¾ l. spiritus og órjettlætta vörslu á 10 l. af sama vökva, samkv. 1. sbr. 12. og 15. gr. l. 91/1917 í sektir og fangelsi 619

Kona, sem hafði haft veitingaleyfi áður en bannlögin gengu í gildi en ekki fengið leyfi samkv. reglugjörð 65/1922 sektuð fyrir að hafa selt svokölluð Spánarvín með mat, eftir 15. gr. reglugj. 65/1922 og 2. lið 15. gr. l. 91/1917 636

Maður dæmdur fyrir ítrekaða óheimila áfengissölu samkv. 3. lið 15. gr. l. 91/1917 661

Maður hafði selt lítið eitt af áfengi, en með því að dómarinn hafði tekið boði kærðs um sekt fyrir söluna, var dómur ekki lagður á hana í hæstarjetti. Auk þess hafði áfengi fundist í vörslum hans og gerði hann þá grein fyrir því að hann hefði keypt það af manni á tilgreindu skipi, en gat hvorki gert nánari grein fyrir manninum og treystist heldur ekki til að þekkja hann aftur. Þetta eigi talin nægileg greinagjörð skv. 2. mgr. 12. gr. l. 91/1917 og kærði því dæmdur fyrir brot á 1. gr. sbr. 14. gr. laganna 670

Áfrýjun.

Í forsendum undirrjettardóms er K., einn hinna stefndu, sýknaður en sýknu hans eigi getið í dómsorðinu. Við

Bls.

áfrýjun málsins gagnáfrýjar K. til sýknu og málskostnaðar og þær kröfur hans teknar til greina 4
Í hjeraðsdómi er annar hinna stefndu dæmdur til að greiða hina umstefndu skuld en hinn sýknaður. Dómfeldi áfrýjar málinu í því skyni einu að fá meðstefndan dæmdan in solidum með sjer. Málinu vísað frá hæstarjetti með því að þessi krafa kom eigi fram af áfrýjanda hendi í hjeraði og hinn áfrýjaði dómur engu rjeði um afstöðu stefndu sín á milli 12
Í lögreglurj.dómi út af broti á bifr.lögunum er eigandi bifr. dæmdur til að bæta tjón er af brotinu hlaust. Eigandi áfrýjar dóminum að því er til skaðabótanna tekur og stefnir þeim er fyrir skaðanum varð 147
Áfrýjunarfrestur liðinn er áfrýjunarstefna var tekin út. Frávísun 153
Uppboðsgjörð hreppstjóra, er eigi hafði komið undir úrskurð sýslumanns, áfrýjað. Málinu frávísað 262
Hjeraðsdómi áfrýjað einungis að því er tók til manns, er stefndur hafði verið tilkvaðningarstefnu í hjeraði 460
Í sakamáli út af líkamsmeiðingum hafði sá, er misgjört var við, krafist skaðabóta en undirdómur dæmdi þær eigi með því að hann taldi nauðsynlegar upplýsingar vanta, er ákveða mætti upphæð bótanna eftir. Ákærði hafði lýst yfir að hann væri fús til að greiða tiltekna upphæð. Hrj. dæmdi þá upphæð 518

Áfrýjunarleyfi.

Máli frávísað er áfrýjað var samkv. áfrýjunarleyfi útg. 17 mánuðum eftir dómsuppsögn 153
Áfrýjunarleyfi sem ekki var notað fyr en eftir 4 vikur frá dags. þess ónýtt samkv. 28. gr. hrjl. 195
Áfrýjunarleyfi vantaði og málinu því vísað frá hrj. 262
Leyfi til áfrýjunar lögtaksúrskurði fengið of seint samkv. 11. gr. laga nr. 29/1885 og málinu því frávísað 436
Áfrýjunarleyfi ekki notað í tæka tíð 195, 592

Árekstur.

Seglskipinu A. lagt í logni við hafnarbakkan, innanvert við tómt seglskip. Nóttina eftir braut ytra skipið

Bls.

nokkuð af borðstokkum A., af því að álandsvind hafði gjört. A. heimtaði bætur fyrir skemdirnar og töf þá, er af þeim leiddi, úr hafnarsjóði af því að hafnarstjórn væri um að kenna. Ekki sannað, að hafnarstj. hefði leyft ytra skipinu að liggja við hlið A., og in confesso að A. leitaði ekki hafnarstj. til að flytja ytra skipið, sem hafði akkeri úti. Hinsvegar ráðgert í 22. gr. hafnarreglugj. 12. nóv. 1917, að leggja megi skipum hlið við hlið, jafnvel til fermingar og affermingar. Hafnarsj. því sýknaður og málsk. f. hrj. lagður á A. 111

Fjórum skipum hafði verið lagt við hafnarvirki í Rvík með leyfi hafnarstjóra, hverju utan á annað, þannig að 2 ytri skipin gátu ekki í skjótri svipan komist frá því, sem innar lá. Næst insta skipið, H., skemdist nokkuð og höfðaði mál gegn W., er næst því lá fyrir utan en það skip var sýknað, þar sem engin mótmæli höfðu komið frá H. gegn þannig lagaðri skipslögn og H. ekki aðvarað W. um hættu þá, er af því stafaði 502

Álitið að vb. Þ. hafi rekið á vb. S., en kröfu S. um skaðabætur, af því að árekturinn hafi verið að kenna ónógum legufærum Þ., þó ekki sint, þar eð skoðunarmenn Þ. höfðu borið, að hann hefði haft örugg legufæri 544

Arfur, sjá skifti.

Aukabiðdagar, sjá farmsamningar

Bankar.

Maður hafði heimtað 25000 kr. Íslandsbankaseðla víxlað í gull í bankanum 12. des. 1919 og daginn eftir 24000 kr., en ekki fengið. Höfðaði hann þá skaðabótamál gegn bankanum. Það upplýstist, að seðlarnir seinni daginn voru hluti af seðlunum frá deginum áður. Fyrir ólöglega synjun á víxlun fyrri seðlanna gerðar bætur eftir óvilhallra, dómkvaddra manna mati, þó

Bls.

ekki yfir 6250 kr. Engar bætur fyrir synjun á víxlun seinni seðlanna 337

Málmtrygging Íslandsbankaseðla ekki talin þurfa að vera í ákveðnum hlutföllum milli hinna tilteknu tryggingartegunda 595

Barnfaðernismál.

Úrslit máls látin velta á synjunareiði hins tilnefnda barnsföður 46

G. kendi K. barn og hafði upprunalega orðað hann einan en síðar undir rannsókn málsins kannast við samfarir við annan karlmann. Hjeraðsd. dæmdi K. synjunareið og staðfesti hrj. þann dóm, en með athugasemd um, að það sje gert „svo sem framburði áfrýjandi (þ. e. barnsmóður) fyrir lögreglurjettinum var háttað“ og ennfremur var tiltekið það samfaratímabil, sem eiðurinn átti að taka til 576

Dómur í barnsfaðernismáli ómerktur af því að ekki hafði verið leitað um sættir með aðiljum 580

Barnsmóður dæmdur fyllingareiður, þar eð sannað var, að málsaðiljar höfðu sofið ein í herbergi sjer um það leyti, sem barnið mátti telja komið undir, enda barnsmóðir stöðugt haldið því fram, bæði fyrir og eftir barnsburðinn, að áfrýjandi ætti það 631

Biðdagar, sjá farmsamningar.

Bifreiðar.

Bifreiðarstjóri sakaður um, að hafa eigi vikið nógu snemma fyrir annari bifreið, svo að árekstur varð, að hafa eigi gefið hljóðmerki og að hafa ekið of hart. Einnig krafinn skaðabóta af eiganda hinnar bifreiðarinnar fyrir skemdir á henni.

Bifr.stj. dæmdur í 200 kr. sekt fyrir 2 fyrnefndu atriðin en sýknaður af ofhröðum akstri, svo og af skaðabótakröfunni með hliðsjón af 15. gr. sbr. 14. gr. 1. lið l. 88/1917 87

Bifreiðarstjóri sektaður fyrir ógætilegan akstur, ljósleysi, vöntun á hraðamæli, enga hljóðbendingu og afskifta-

Bls.

leysi af manni, sem varð fyrir slysi af bifreiðinni. Hinum slasaða ekki dæmdar skaðabætur af því hjeraðsdómarinn hafði ekki lagt dóm á þær 198

Bifreiðarstjóri sektaður samkv. 3. og 6. gr. l. 88/1917 fyrir ofhraðan akstur, sem slys hlaust af, og ljósleysi 382

Stjórnandi einkabifreiðar sektaður og dæmdur í skaðabætur fyrir árekstur á aðra bifreið. Þótti hafa verið of innarlega á veginum 420

G. ók bifreið annars manns, S., og varð 65 ára gamall daufdumbur, fótgangandi skósmiður, Þ., fyrir henni þannig, að hann mjaðmarbrotnaði; lá alllengi á sjúkrahúsi, komst á fætur, en fóturinn varð styttri og hreyfanleiki í mjaðmarliðnum svo lítill, að hann þótti ófær eða lítt fær til iðnar sinnar. Krafðist Þ. bóta af S. fyrir hjúkrun og lækniskostnað, atvinnumissi og skerðing starfskrafta, en S. krafðist sýknu, til vara af öðru en sjúkrakostnaði og til þrautavara lækkunar skaðabótanna í 3000 kr. í stað 10000 kr. Sýknukrafan studd við það, að ökumaður hefði notað bifreiðina í heimildarleysi; þetta ekki tekið til greina, þar sem G. hafði verið skrásettur bifreiðarstjóri bifreiðarinnar, er slysið varð, enda S. talið skylt að sanna hið gagnstæða. Önnur sýknuástæða, að Þ. hefði átt sök á slysinu, og talin marklaus, þar sem G. hafði verið sektaður í sjerstöku máli (sbr. bls. 198—201). Krafa Þ. lækkuð í 6000 kr., þar af 5500 kr. fyrir skerðing starfskrafta, miðað við kaup 600 króna árl. lífrentu, og 500 kr. sjúkrakostnaður 587

Mannflutningabifreið, 1,75 m. breið, ók á 4 m. breiðum vegi fram úr jafnbreiðri vörubifreið, sem var á ferð. 15 ctm. frá vinstri vegarbrún, snerti vörubifr. svo að hún fjell út af veginum og einn farþega í henni meiddist talsvert. Mannfl.bifr. hafði gefið hljóðmerki á undan árekstrinum og vörubifr. ekið út á vegarbrún.

Hinn meiddi farþegi krafðist bóta af eiganda mannfl.bifr., sem ók henni, fyrir skemdir á fötum, kaupmissi, fæði og húsnæði, þjáning og óþægindi.

Hrj. dæmdi skaðabætur með því að ekki hefði verið forsvaranlegt að aka fram úr vörubifr., eins og á

Bls

stóð, og vegurinn að miklum mun breiðari skamt fram undan 705

Bjarglaun og björgun.

Seglskip, A., virt 90000 kr., með síldarfarm virtan 50000 kr., lendir í góðu veðri á skeri við Siglunes og dregur upp neyðarflagg. Gufuskipið N. kom úr hafi áleiðis til Siglufjarðar, dregur A. af skerinu og til Siglufjarðar á samtals 2 kl.stundum. N. heimtaði 46,666,67 kr. bjarglaun, en voru í báðum rjettum dæmd 9800 kr. 29

Botnvörpungur N. fullfermdur ísfiski, búinn til Englands, lá undir Vestmannaeyjum, beðinn að bjarga seglskipi, S., við Dyrhólaey í yfirvofandi hættu. N. dróg S. frá D. til V. í hægu veðri á 4 kl.stundum. Hætta fyrir N. reyndist engin og töf N. frá V. til V. rúmur hálfur sólarhringur. Verðmæti hins bjargaða metið ca. 298 þús. kr. N. krafðist 185 þús. kr. fyrir björgun og drátt S. með öðru skipi frá Vestm. til Rvíkur. Sjódómur dæmdi 95 þús. en hrj. 50 þús. kr. fyrir björgun og endurgjald fyrir drátt frá V. til R. 92

Seglskipið E. hafði uppi neyðarflagg vegna rifinna segla og veiklaðrar skipshafnar af matar- og drykkjarvatnsskorti, og beiddist þess af botn. B., sem var að veiðum, að vera dregið til Reykjavíkur. Skipin voru VNV af Vestmeyjum og var björgun til Rvíkur lokið á 16—18 kl.stundum. E. virt með farmi 163,560 kr. B. heimtaði 90000 kr. bjarglaun. Sjódómur dæmdi 55000 kr., en hrj. 40000 kr. með þeirri viðaukaástæðu, að björgunin hefði eigi haft neina verulega hættu í för með sjer fyrir B. 104

Vjelbátar tveir drógu skip, sem eldur hafði komið upp í, frá Bolungarvík til Ísafjarðar og með aðstoð slökkviliðs Ísafj. slökktu bátshafnirnar eldinn í skipinu. Skipið talið statt í neyð og um björgun að ræða. Bjarglaun tildæmd 20000 krónur. Björgunin hæg og áhættulaus og tók um 3 kl.stundir. Verðmæti hins bjargaða 278560 kr. 409

Skipi hafði verið lagt svo grunt, að það fjaraði uppi. Síðar gerði álandsvind með nokkrum sjó, svo að efsta

stýrislykkja brotnaði og stýrið hrökk upp af. Skipið komst ekki út af eigin ramleik. Síðar bar þar að botnvörpung, er bauð aðstoð sína, er var þegin. Náði hann sipinu fljótt út og flutti til næstu löggiltrar hafnar. Botnv. krafðist 40000 kr. bjarglauna en gagnaðili vildi aðeins greiða þóknun fyrir aðstoð 4000 kr. Skipið talið satt í neyð og bjarglaun dæmd 10 þús. kr. Verðmæti hins bjargaða um 110 þús. kr. .. 569

Borgun.

Með brjefi, dags. í B. 29. júní 1918, veðsetti G., þá staddur í B., kaupamanni þar, Á., hest fyrir 150 kr. láni og skyldi hesturinn verða eign Á., væri lánið eigi endurgreitt fyrir septbr.lok. Báðir voru heimilisfastir innan sama hjeraðs og prestakalls. G. gjörði ráðstöfun í júlí til innlausnar veðsins fyrir milligöngu sóknarprests. Enda um mánaðamót júlí—ág. boðnar fram 150 kr. á heimili Á., en hann þá enn í kaupavinnu með hestinn í B. Um 20. septbr. hitti prestur Á í kaupstað og tjáði honum, að hann ætti að leysa hestinn út. 5. okt. voru aftur sendar 150 kr. á heimili Á. en hann neitaði viðtöku og afhendingu hestsins. Síðar tók fógeti hestinn af Á. eftir beiðni prests. Á. áfrýjaði, taldi hvorki greitt á rjettum tíma nje stað. Fógetagjörðin staðfest í hrj., þar sem framboð hafði átt sjer stað á rjettum tíma á lögheimili Á., enda Á. farinn með hestinn úr B. fyrir septbr.lok 121

Á. keypti viðarfarm af dönsku firma og fjekk gjaldfrest fyrir nokkru af kaupverðinu gegn 3ja mánaða víxli, en lofaði seljanda að sjá um yfirfærslu á víxilupphæðinni. Firmað fól Landsbankanum innheimtu víxilsins og greiddi Á bankanum hann, er samkvæmt fyrirmælum firmans lagði upphæðina inn á viðskiftareikning firmans í bankanum. Þegar yfirfærsla tókst var gengismunur orðinn á ísl. og danskri mynt, en Á. var talið óskylt að greiða þann mun 604

Bls.

Botnvörpuveiðar.

Botnvörp. sektaður fyrir veiði í landhelgi og afli og veiðarfæri upptæk. Vefengingum á mælingum varðskipsins hnekt með uppdrætti og ítarlegri skýrslu sama 286
Botnvörp. lá í höfn með vörpu sína að nokkru leyti utanborðs, sektaður 552
Botnvörp. með óbúlkaða vörpu innan landhelgi sektaður 654
Botnvörp. tveir dæmdir samkv. eiðfestum framburði formanns og skipshafnar á eftirlitsbát, enda þótt lýsing manna þessara á botnvörpungunum, sem báðir höfðu breytt yfir nafn og númer, kæmi ekki alveg heim við útlit skipanna.
Afli og veiðarfæri ekki upptæk, þar eð langt hafði orðið milli brots og rannsóknar 716

Bótaákvæði.

Talið að ákvæði í kaupsamningi um jörð, þess efnis, að sá aðila, er samninginn ryfi, skyldi greiða hinum 2000 kr. í skaðabætur, heimili hvorum um sig að segja sig frá samningnum með greiðslu þessarar upphæðar .. 66

Brottvísun úr landi.

Útlendur sakamaður dæmdur af landi burt 158

Brunamál.

Bæjarstjórn, er lagði til slökkvilið og áhöld til þess að slökkva eld í aðkomuskipi heimilisföstu annarsstaðar, dæmd bjarglaun 409

Dómarar.

A. Fundið að göllum á afgreiðslu dómgjörða:

Hjeraðsdómari ljet ógetið ritlauna á dómgjörðum eða rangtaldi þau 15, 29 38 49 153, 213
Stimpilgjald vanreiknað eða stimpilmerki vantaði á dómsgjörðum 15, 29, 38, 49, 153, 213, 56, 153, 428, 639

Bls.

Ritlauna og staðfestingargjalds ranglega krafist í barnsfaðernsmáli og opinberumáli 46,552, 576
Nokkur rjettarskjöl voru ekki rituð inn í dómsgjörðirnar en látin fylgja þeim 56

B. Fundið að drætti á dómsuppsögn:

Í einkamálum .. 33, 38, 49, 56, 118, 127, 342, 428, 484, 701
Í lögreglumáli 147
Uppsögn úrskurðar í skiftamáli 197

C. Fundið að göllum á rannsókn mála:

Undir rannsókn sakamáls var vitundarvottur að afsalsbrjefi ekki yfirheyrður 60
Rannsókn máls eigi nægilega ítarlega eða greið . 77, 350, 519
Rannsókn í bifreiðarmáli ófullkomin og vantaði vottorð um lögmæti málsmeðferðar 87
Vantaði fæðingar- og hegningarvottorð 135, 158, 488, 716
Vitni eiðfest í opinberu máli án þess kærða sje gefinn kostur á að gæta rjettar síns, rannsókn ábótavant og forsendur dómsins að miklu leyti fjarri sanni 299
Dómari hafði gefið rangt vottorð í opinberu máli, ekki látið birta dóminn og liðið stefnuvottunum að skrifa birtingarvottorð um áfrýjunina á laust blað 448
Ýmsir brestir á meðferð rannsóknar og sakamáls 87, 274 488, 518, 685
Fundið að ýmsum brestum í meðferð og rannsókn alm. lögreglumáls 552, 670
Meðferð dómara á barnsfaðernismáli ábótavant, fæðingarvottorð barnsins vantaði o. fl. gallar 580
Dómari víttur fyrir ýms glöp í meðferð opinbers máls 654
Dómari í alm. lögreglumáli hafði dregið rannsókn úr hófi fram, steypt tveim málum saman og ekki látið fylgja dómsgerðunum vottorð um, hvort hinir kærðu hefðu áður gerst brotlegir 716

D. Gallar við eiðfestingu og vöntun hennar:

Meðdómsmenn í sjódómi ekki unnið drengskaparheit. Dómurinn því ómerktur 210
Meðdómsmenn í merkjadómi ekki eiðfestir. Dómur því ómerktur 218, 241, 308, 332

Bls.

Dómari víttur fyrir að eiðfesta tvisvar sömu vitni í opinberu máli 243
Dómari víttur fyrir að hafa að ófyrirsynju tekið eið af vitnum í opinberu máli 350
Meðdómendur í vettvangsmáli ekki eiðfestir. Dómurinn því ómerktur 397
Dómari víttur fyrir að láta vitni staðfesta framburð sinn með drengskaparheiti án þess lögmælt skilyrði væru fyrir hendi 654

E. Ýmiskonar gallar:

Fulltrúi dómara hafði skipað sæti dómara við vitnaleiðslu án þess ástæðu væri getið 21, 26
Aðfarafrest vantaði í dóm 38
Fullnægjufrestur rangur 46, 366
Ástæðu eigi getið fyrir því að fógeti kvað eigi sjálfur upp úrskurð 64
Fógeti hafði son sinn fyrir rjettarvott og virðingarmann við dómgjörðina 109
Dómari skipaði eigi fjarverandi erfingjum svaramann við staðfestingu á vottorði sínu 197
Þess ekki getið á dómsgerðum, að innheimt hafi verið staðfestingar- og innsiglunargjald 213
Hjeraðsdómari dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu vegna þingsafglapa 297
Dómari víttur og dæmdur í málskostnað fyrir hæstarjetti fyrir þingsafglöp 327
Stefnufrestur var ekki ákveðinn í stefnu 428
Oflangar frestveitingar til málflutningsmanna í hjeraði 29, 430, 439, 674
Málskostnaður tiltekinn með ákveðinni upphæð í dómi í alm. lögreglumáli og áfrýjun dregin óhæfilega 537, 552
Á dómsgerðum barnsfaðernismáls sást eigi, að dómarinn hefði leiðbeint barnsmóðurinni til að gera ítarlegar rjettarkröfur, en með því að prófin yfirleitt voru greinileg, var eigi talin næg ástæða til að ómerkja dóminn 576
Fullnægjufrestur í barnsfaðernismáli rangur 631
Dómari sektaður og víttur fyrir ýms þingsafglöp 657

Bls.

Dómkrafa, dómstólar, sjá rjettarfarslög.

Eiðar og drengskaparheit.

Ekki talin heimild til að láta úrslit máls vera komin undir aðildareiði 4
Synjunareiður leyfður karlmanni í barnsfaðernismáli .. 46
Synjunareiður lagður á leigutaka út af því, hvort hann hefði sett umboðsmanni sínum, er um leiguna samdi, viss skilyrði 202
Verkamaður rjeð sig til vinnu og sagði kaup óumsamið en verkþiggjandi sagði hann ráðinn gegn 1 kr. kaupi um kl.stund, enda upplýstist það, að verkþ. hafði sama dag ráðið 4 aðra menn til sömu vinnu gegn því kaupi, en verkam. hjelt fram venjul. kaupi Dagsbrúnar (verkamfjel.), sem var hærra. Í hjeraði var verkþ. dæmdur til að greiða lægra kaupið, en hrj. ljet úrslitin velta á synjunareiði verkam. um að verkþ. hefði ekki áskilið lægra kaupið 425
Synjunareiður leyfður karlmanni í barnsfaðernismáli af því að framburður barnsm. í hjeraði hafði ekki verið sjálfum sjer samkvæmur 576
Eiður leyfður barnsmóður í barnsfaðernismáli 631
Eiðfesting og drengskaparheit meðdómsmanna og gallar við eiðfesting vitna, sjá dómara staflið D XXVII

Eignarrjettur.

Eignarrjettur ekki talinn hafa runnið til handveðshafa enda þótt svo væri umsamið, ef veðið yrði eigi innleyst fyrir tiltekinn tíma, sem var hjáliðinn, með því að löglegt framboð á greiðslu skuldarinnar var talið gjört 121
Byggingarn. og bæjarstj. Ífkpst. ályktar 1909 að taka undan Hkverslun tún, er hafði tilheyrt versl. um langan aldur. Versl. hafði látið girða túnið 1830—38 og síðan haft það átölulaust í eignarhaldi til 1909. Árið 1885 hafði bæjarstj. og versl. gert samning með sjer um ágreining út af öðru lóðarsv. versl., og árið eftir ljet bæjarstj. mæla versl. út lóð hennar en í þeirri

Bls.

útmælingu var túnið. 1887 gaf bfóg. síðan versl. í nafni bstj. heimildarbrjef fyrir allri útm. lóðinni. Þá hafði versl. og greitt lóðarskatt af túninu frá upphafi slíks gjalds og mótmæla- og athugasemdalaust selt lóðir úr túninu 1901—1906. Undirrj. dæmdi versl. en ldsyfd. og hrj. sýknaði. (DHRD) 226

Embættisbrot.

Læknir sakaður um brot á 143 gr. hegnl. fyrir eftirlitsleysi með alþýðuskóla, kennurum og börnum, sýknaður 97

Póstafgreiðslumaður, er sekur varð um sjóðþurð, dæmdur samkv. 136. sbr. 145. gr. hgl. 488

Embættislaun.

Barnaskólakennari, er kent hafði 26 stundir á viku skólaárið 1919—1920, krafðist úr ríkissjóði fullra ⅓ launa, 625 kr., launaviðbótar eftir þjónustualdri, 800 kr., og dýrtíðaruppbótar af allri launahæðinni (1875 kr.) og launaviðbótinni eða alls 3351 kr. Ríkissjóður taldi kennaranum bera að eins 26/30 af árslaunum og ekki nema 200 kr. fyrir þjónustualdur og bauð fram 2410 kr. 67 a. Ríkissjóður dæmdur í hjeraði eftir málsútlistun fjármálaráðherra. Hrj. staðf. þann dóm með þeim athsemdum, að þeir kennarar einir, er hefðu kent 30 stundir á viku, ættu kröfu til fullra launa samkv. lögum 75/1919, en þar sem fjármráðh. hafði boðið fram 2410 kr. 67 þá yrði að dæma kennaranum þá upphæð. Hrj. tók ekki afstöðu til hvernig meta ætti uppbót eftir þjónustualdri 189

Forsætisráðherra hafði í árslok 1918 skipað 3 menn í ráðgjafarnefnd (sambandsl.) og alþingi síðan endurkjörið mennina í nefndina 23. sept. 1919. Hafði svo talast til milli ráðh. og nefndarm., að hver þeirra skyldi hafa 2000 kr. árslaun. En samkv. kgl. tilsk. 28. maí 1919 skyldu laun nefndarm. ákveðin af fjárveitingavaldinu. Var goldið 2000 kr. kaupið árin 1919—1921 en 1922 færði alþ. árskaupið niður í 500 kr. fyrir

Bls.

fjárhagsárið 1923 og var ákvæði í þá átt sett í þess árs fjárlög.

Einn nefndarm. höfðaði þá mál gegn fjármálaráðh. til greiðslu 2000 kr. kaupsins en tapaði málinu fyrir báðum rjettum, þar eð fjárveitingarvaldið þótti ekki hafa bundið sig til að halda launanum óbreyttum með því að líða 2000 kr. greiðslu í 3 ár, enda hefði málið ekki verið borið undir fjárv.valdið fyr en 1922 555

Erfðafesta.

Fógeti hafði neitað lögtaki fyrir erfðafestugj. af svæði, sem hafði verið útmælt 18. maí 1860 og gerðarþoli eignast 1880 og eigi krafinn um gjald fyr en 1916. Hrj. ómerkti úrskurðinn og fyrirskipaði lögtak, með því að eigi væri unnin hefð á lausn undan gjaldinnu samkv. 6. gr. l. 46/1905 eða öðrum lögum 7

Erindisrekstur.

E. hafði tekið að sjer í greiðaskyni við Ó. að útvega flutning á bifreið frá Ameríku til Rvíkur. E. lagði út 100 dollara fyrir flutning bifr. áður hún kom á skip, en þann kostnað taldi Ó. að verksmiðjan, sem hann hefði keypt bifr. hjá, ætti að greiða. Í máli E. gegn Ó., m. a. til endurgreiðslu þessa framlags, var Ó. sýkn. í hjeraði, en í hrj. dæmdur til að endurgreiða það, þar eð heyrnarvottur að viðtali E. og Ó. höfðu borið, að Ó. hefði undirgengist auk flutn.gj. milli N.-Y. og Rv., að greiða allan áfallandi kostnað 560

Farmsamningar.

Greiðsla farmgjalds í £ er fram átti að fara 13. sept. fór fram degi síðar og var þá miðuð við gengi £ 13. sept. Talið að farmflytjandi verði að hlíta því, enda tók skipstjóri athugasemdalaust við farmgjaldinu með þessu gengi og honum að nokkru leyti að kenna að greiðsla fór eigi fram deginum áður 118

T. hafði gert farmsamning við C. um skip undir fullfermi af fiski í skipið. Í leigusamningnum var það

Bls.

talið rúma 1200 ton d. v. að meðtöldum kolabirgjum, sem tæki um 200 ton. C. ljet 1006 ton í skipið en en skipstj. heimtaði farmgjald fyrir 64 í viðbót. C. sýknaður í báðum rjettum með því að talið var, að hann hefði haft rjett til að skilja farmsamninginn þannig, að 1000 ton væri fullfermi skipsins 207

K. leigir L. skip undir „a full cargo of dried fish" frá Ísl. til Spánar. K. heimtar fullfermi af lausum fiski en ljet í það pakkaðan fisk, alls 98 ton, en skipið sagt taka um 127 ton af lausum f. K. krafði L. um farmgj. fyrir vantandi 29 ton. Verslunarráðið hafði vottað, að leigutaki rjeði því samkv. fastri venju hjer, hvort hann ljeti lausan eða pakk. fisk, er ekkert væri umsamið. En K. mótm. þessu og leiddi vitni því til styrktar. L. hjelt því ennfr. fram, að skipstjóri hefði mótm.laust tekið við fiskinum pökkuðum. Undirrj. sýknaði L. en yfirrj. dæmdi hann til að greiða farmgjald fyrir 15 ton. Hrj. sýknaði L. þegar af þeirri ástæðu, að K. hefði hvorki tekist að sanna, að hann hefði í tíma mótm. pökkuðum fiski nje að L. hefði ábyrgst að borga farmgj. fyrir fullfermi pakk. f. Málskostn. feldur niður í öllum dómum 223

Vjel skips, er tekið hafði við farmi til flutnings, bilar á fermingarstað. Aðgerð dregst óhæfilega lengi og farmurinn kemur skemdur fram. Útgerðin sýknuð af skaðabótakröfu farmeiganda, með því að hann eigi hafði ráðstafað farminum þrátt fyrir ítrekaðar aðvaranir. Farmeigandi hinsvegar dæmdur til að greiða farmgjald með því að hann mótmælti ekki drættinum á aðgerðinni 231

Skip skyldi taka salt á Spáni og til C. í Íslandi. Skipseig. reiknaði farmgj. eftir 1000 kg. tonni og krafðist viðbótargjalds, 674.96 kr., og 12300 kr. aukabiðdaga bóta; en C.var sýknaður af báðum kröfunum; af hinni fyrri af því að miðlari hafði kvittað athugasemdalaust á uppgerð C. fyrir farmgjaldi reiknuðu eftir 1016 kg. tonni, og af hinni síðari af því, að ekki var sannað, að nafngreindur 3. maður hafi verið farmsendari þegar skipstj. boðaði honum komu sína til farmviðtöku. — Varakröfu um bætur eftir mati einn-

Bls.

ig hrundið, með því að skipstjóri hafði hvorki aðvarað farmviðtakanda (C.) um komu sína nje hafið mótmæli gegn drætti á afhending farmsins 237

Á. leigir skip hjá P. til saltflutn. frá Spáni til Ísl. og er skipið talið að bera 440 tonn d. v., en tók 410 „metrisk tonn". Á taldi skipið hafa átt að taka 440 tonn á 1016 kg. og heimtaði tilsvarandi afslátt af farmgjaldinu, en P. taldi skipið hafa legið á hleðslumerki og því hafa haft fullfermi.

Farmgj. var tiltekið „in a lump sum" og greitt (að mestu leyti) eftir útreikn. Á. um leið og farmskírteini var undirskrifað, en skipið lá áfram um 3 mán. í höfn eftir það, en fórst á leið hingað.

Í reikningi fyrir saltinu og í farmskírteininu var saltið að eins talið 410 tn., en þar sem skipstj., þrátt fyrir mótmæli Á., áður en skipið ljet úr höfn, ekki hafði trygt sjer sönnun fyrir fullfermi, þá var Á. sýknaður af frekara farmgjaldi en fyrir 410 tn. .. 257

Skipið Jenny, með saltfarm frá Cadix til Íslands, kemur við í Lissabon á leiðinni vegna viðgerðar. Viðgerðinni er lokið 27. jan. en skipið heldur eigi áfram fyr en 30. maí s. á. og kemur til Reykjavíkur í júníbyrjun næsta ár. Töfin í Lissabon eftir viðgerðina talin óþörf og útgerðin þegar af þeirri ástæðu dæmd til að greiða farmeiganda bætur, mun saltverðsins er skipið kom til Rv. og saltverðs þar, er skipið hefði átt að geta komið þangað 361

Í símskeytum milli aðila farmsamnings og brakúns var samið um að biðdagar skyldu teljast frá því skip kæmist að til fermingar, en í hinum ritaða farmsamningi voru þeir taldir frá því skip væri tilbúið til fermingar. Hrj. taldi ákvæði símskeytanna gilda og tók því eigi til greina kröfu um gjald fyrir aukabiðdaga á fermingarstað. — Á viðtökustað farms neitaði skipstjóri að skila farmi fyr en aukabiðdagagjald frá fermingunni væri greitt. Útgerðinni ekki dæmdar bætur fyrir þá töf, er af þessari neitun leiddi. Auk þess taldir frá einn helgidagur og einn dagur, er skipið að tilhlutun hafnarstj. hafði farið frá hafnarbryggjunni 400

Bls.

Fjallskil.

Maður sektaður fyrir gangnavanskil 537

Fjárhaldsmaður

við db.skifti talinn lögl. skipaður af skiftaráðanda fullveðja en fjarverandi innanhjeraðsmanni og afhending arfahlutans, sem ekki kom til skila, í hendur fjárhaldsmanni því talin vítalaus skiftaráðanda. (DH-RD). Undir- og yfirrjettur dæmdi skiftaráðanda til að standa erfingjanum skil á arfinum 225

Fjárnám, sjá fógetagjörðir.

Forkaupsrjettur.

Hreppsnefnd taldi sig eiga forkaupsrjett að jörð, er H. hafði sem umboðsm. eigenda selt Sv., ábúanda jarðarinnar, 16. apríl 1918, er aftur seldi S. jörðina mánuði síðar, og taldi söluna til Sv. hafa verið málamyndasölu til að útvega S. jörðina. Sátt reynd við H. sem umboðsmann, en honum stefnt dómstefnu sem málsaðilja. Málsúrslit í hjeraði látin velta á synjunareiði S. um að hann hefði eigi keypt forkaupsrjett Sv. fyrir 16. apríl 1918.

Hrj. ómerkti dóminn yfir H. en Sv. og S. voru sýknaðir, þar eð hreppsnefnd átti ekki forkaupsrjett þá að jörð, seldri úr sjálfsábúð. Málsk. lagður á hreppsn. 127

Eigendur húss nokkurs höfðu falið St. að leigja húsið og sjá um það að öðru leyti, en St. hafði leigt S. það og jafnframt heimilað honum forkaupsrjett að því, yrði það selt. Áður en leigutími S. var á enda, gekk H. inn í leigurjettindi S. með samþ. St. Nokkru síðar selja eigendurnir þriðjamanni húsið, en höfnuðu kaupboði H. — H. taldi sig hafa eignast forkaupsrjett S. með því að ganga inn í leigurjett hans og krafðist afsals fyrir húsinu og skaðabóta. Hjeraðsdómur sýknaði bæði seljendur og kaupanda, af því að St. hefði brostið umboð til að lofa S. forkaupsrjetti

og gæti H. þá heldur ekki haft hann. Hrj. athugaði út af því, að einn eigenda hafði ekki mótmælt kröfum H. í hjeraði og ekki mætt í hrj., að það skifti ekki máli, þar sem H. hefði beint kröfum sínum gegn öllum hinum stefndu en enga sjerkröfu gert gegn þessum eiganda. Annars taldi hrj., eftir fengnum upplýsingum, S. hafa öðlast forkaupsrjett, en hafa brostið heimild til að framselja hann öðrum, enda afsalað sjer honum áður en eigendurnir seldu húsið, og sakir þessa hefði H. því ekki getað eignast forkaupsrjett 454

Fógetagjörðir, sbr. og lögtak.

Fjárnámsgjörð samkv. hrj.dómi áfrýjað af því að hrjd. mundi hafa fallið á aðra leið, hefði mflm. gjörðarþola hagað málflutningi fyrir hrj. öðruvísi, sem og vegna þess, að gjörðarþoli hafði sumpart greitt dómsupphæðina og sumpart sett tryggingu fyrir henni. Hvorttveggja talið ósannað og fjárnámið staðfest .. 109

Handveð tekið úr vörslum veðhafa með innsetningargjörð, enda þótt veðhafi teldi sig orðinn eiganda veðsins samkv. ákvæðum skuldabrjefsins 121

F. hafði keypt ½ ábúðarjörð M. á nauðungaruppboði og síðan heimtað hann borinn út af hálflendunni meðal annars vegna heimildarskorts til ábúðar. Útburðarheimild játað þar eð M. hafði eigi sannað ábúðarheimild sína, enda honum eigi geymdur ábúðarrjettur í söluskilmálunum 150

Fógeti beðinn að taka hlut úr vörslum manns með innsetningargjörð, neitar um gjörðina með því að gjörðarþoli kvaðst eiga haldsrjett á hlutnum. Síðan býður gjörðarbeiðandi fram tryggingu fyrir kröfu gjörðarþola, en fógeti neitar þá um að taka gjörðina upp af nýju vegna hins áður gengna úrskurðar. Hrj. taldi gjörðarbeiðanda hafa átt rjett á að fá gjörðina teknar upp af nýju 521

Mótmæli gjörðarbeiðanda við lögtaksgjörð gegn vörn gjörðarþola talin eftir atvikum nægilega ákveðin 534, 540

Bls.

Frávísun.

Í hjeraði hafði S. höfðað mál gegn K. og bæjarstj. H.-kaupst. til greiðslu skuldar af hendi beggja og til vara af hendi K. eins. K. áfrýjar dóminum, er hafði gengið yfir honum einum og krefst að bæjarstj. H. verði ásamt sjer dæmd til að greiða S. skuldina. Málinu frávísað þar eð slík krafa hafði eigi komið fram í hjeraði, og hinn áfr. dómur rjeði engu um afstöðu áfr. og bæjarstj. 12

Requis. við fógetagjörð hafði áfrýjað gjörðinni og stefnt umboðsm. requir. Málinu vísað frá hrj. af því að requir. hafði eigi verið stefnt og hann hvorki mætt nje gefið umboðsm. sínum umboð til að mæta fyrir hrj. 63

Áfrýjunarstefnu frávísað vegna þess að áfrýjunarfrestur var útrunninn og áfrýjunarleyfi ófengið er stefnan var tekin út 153, 262

Stefnu frávísað vegna þess að áfrýjunarleyfi var ekki notað í tæka tíð, sbr. 28. gr.hrj. l. 195, 592

Máli frávísað vegna þess að þess var eigi getið í vottorði um birting hrj stefnunnar fyrir stefnda, er eigi mætti, hvar stefnan hefði verið birt og hvenær dags 202

Áfrýjunarstefnu út af uppboðsgjörð hreppstjóra, sem ekki hafði komið undir úrskurð sýslumanns, frávísað 262

Máli frávísað af því að áfrýjunarleyfi útg. 29. des. 1922 á lögtaksúrsk. frá 2. maí s. á. var ekki löglegt samkv. 11. gr. l. 29/1885 436

Máli frávísað af því að ágrip dómsgjörða vantaði við fyrirtekt málsins í hrj. en framhaldsfrestur til útvegunar ágripsins fjekst ekki 563

Máli frávísað af því að uppboðshaldara hafði einum verið stefnt fyrir hrj. útaf uppboðsrjettarúrsk. og síðari sölu, en ekki manni þeim, er úrskurðurinn snerti og hamarshögg hafði fengið á uppboðinu 608

Öllum aðiljum ekki birt stefna til hæstarjettar. Stefnan birt að eins af einum stefnuvotti. Enginn stefndra mætti. Málinu frávísað 618

Bls.

Frelsisröskun.

Ekki talin frelsisröskun að maður negldi aftur hurð að herbergi, er kona var inni í, með því að álitið var, að hún, með aðstoð annarar konu, er einnig var inni, hefði getað hrint hurðinni upp 393

Fræðslumál.

Eftirlitsskylda hjeraðslæknis með skólahaldi 97
Skólagjald og útsvar lagt á mann fyrir að hafa látið verka nokkur hundruð tunnur af síld utan heimilis gjaldanda og útgerðarstöðvar síldarskipa, gegn ákveðnu gjaldi fyrir hverja tunnu. Gjaldskyldu synjað 144

Gagnkröfur.

gerðar í hjeraði án stefnu, og teknar til greina í dómi. Dómurinn ómerktur 327

Gengi.

M. telur enska mynt tilfærða með of háu gengi í reikningi Z. yfir viðskifti þeirra. Reikningur Z. lagður til grundvallar um þetta atriði, með því að eigi er sannað, að hann hafi reiknað með hærra gengi en var í Englandi á hverjum tíma, en Z. búsettur þar 56
Hálft farmgjald átti að greiðast í Rvík 13. sept. 1918 með £ 17075 — 18 — 0, en var greitt 14. sept. með gengi 15 kr. 40 a. pr. £, svo sem gengið hafði verið 13. sept. Áfrýjandi S. taldi gengið hafa verið 16 kr. pr. £ 14. sept. og heimti því af viðtakanda farms C. viðbót kr. 10246.14 + 6% vöxtum. C. var sýknaður þar sem skipstjóri hafði tekið fyrirvaralaust við borgun, enda skipstj. (að nokkru leyti) að kenna, að ekki varð úr borgun 13. sept. Loks ekki talið sannað, að gengi £ hafi verið á þeim tíma dags er greitt var 14. sept. 16 kr. 118
Banki, er innheimt hafði fje fyrir danskt firma hjer á landi, stóð eigi skil á innheimtunni fyr en löngu seinna og var þá kominn gengismunur á d. og ísl. peninga, en hafði eigi verið er innheimtan fór fram.

Bls.

Bankinn dæmdur til að standa firmanu skil á innheimtufjenu í dönskum krónum 476

Kaupandi vöru greiðir andvirði hennar til banka í Rvík, er seljandi, danskt firma, hafði falið innheimtu þess. Kaupandi hafði áður lofað að sjá um yfirfærslu fjárins. Þegar greiðsla fór fram, var eigi gengismunur á ísl. og d. peningum, en yfirfærsla fjekst þá ekki og ljet seljandi leggja fjeð inn í viðskiftareikning sinn við bankann. Kaupanda talið óskylt að greiða þann gengismun, er varð við yfirfærslu fjárins síðar 604

Geymsla.

Geymandi ekki talinn skyldur að ábyrgjast vanhöld, enda þótt hann tæki borgun fyrir geymsluna, með því að eigi var talið sannað, að hann hefði lofað að ábyrgjast vanhöldin 701

Gjaldþrot.

Maður hafði ívilnað nokkrum skuldheimtumönnum öðrum til tjóns undir fyrirsjáanleg gjaldþrot og svikið út lán undir sömu ástæðum. Dæmdur skv. 263. gr. hgl. 366

Póstafgreiðslumaður, er lent hafði í sjóðþurð, ívilnaði einum skuldheimtumanna með því að setja honum veð rjett undir fyrirsjáanleg og skömmu síðar framkomin gjaldþrot, dæmdur samkv. 263. gr. hegnl. 488

Gjörðardómur.

um landamerki ekki talinn girða fyrir, að annar málsaðili, er taldi sig óbundinn við úrskurð gjörðardómsmanna, skyti spurningu um gildi gjörðardómsins undir landamerkjadóm og þá um leið um landamerkin. Frávísun merkjadóms því hrundið og málinu heimvísað 124

Hafnarstjórn, hafnarlega, sjá árekstur.

Handveð, sjá veð.

Bls.

Hefð

á lausn undan erfðafestugjaldi af útmældu svæði 1860 og seldu 1880 eigi talin liggja fyrir 7

Hegningarauki, sjá refsing.

Heilbrigðismál.

Fjórir menn í Eyrarhreppi vestra höfðu verið sektaðir fyrir óleyfilega mjólkursölu á Ísafirði. En þar sem þeir áttu heima allir utan Eyrarlands og heilbrigðisnefndin á Ísaf. hafði ekki bannað bæjarmönnum að afla sjer mjólkur þaðan, þótti mjólkursala hinna kærðu ekki varða við rgj. 64/1921, og þeir því sýknaðir í hrj. 625

Heimilisrannsókn.

Fundið að því, að heimilisrannsókn fer fram eftir að útkljáð er með sátt mál út af broti því, er tilefni hennar var og að rannsóknin var ekki ákveðin með venjul. úrskurði 670

Heimvísun, sjá ómerking.

Hilming.

Af 6 mönnum, sem dæmdir höfðu verið í hjeraði fyrir hilming, voru 3 dæmdir fyrir þjófnað og hilming og 3 einungis fyrir hilming 158

Hlutdeild.

Þrír menn dæmdir samkv. 55. gr. hgl. fyrir hlutdeild í vátryggingarsvikum og tilraun til að valda skipskaða 135
Þrír menn dæmdir fyrir hlutdeild í þjófnaði, einn samkv. 53. og 55. gr. hgl., annar samkv. 55. gr. og þriðji samkv. 49. gr. 158
Dæmt samkv. 104. og 99. gr. hgl. sbr. 53 gr. 277
Tveir menn, er slógu í sameiningu eign sinni á 18 kindur, dæmdir skv. 250. gr. hgl. sbr. 55. gr. 350

Bls.

Hlutdeild í svikum, dæmt skv. 49. gr. sbr. 2. mgr. 51. gr. hgl. 366

Tveir menn, er fölsuðu víxla í samráði, dæmdir skv. 271. gr. hgl. sbr. 55. gr. 386

Tveir menn dæmdir skv. 53. gr. hgl. fyrir að hafa í sameiningu gert tilraun til að fá mann til að gefa ranga skýrslu í lögreglumáli 661

Iðgjöld.

fyrir netja- og fiskstuld ekki dæmd. Engar upplýsingar um verðmæti þýfisins 135

Iðgjöld ekki dæmd, með því að ekki sást, að þeirra hefði verið krafist 350

Innheimta.

Banki hafði innheimt kröfur dansks firma hjá hjerlendum mönnum, en ekki staðið því skil á innheimtunni fyr en gengismunur var orðinn á d. og ísl. krónu. Firmað krafðist greiðslu í d. kr., sem voru hærri. Bankinn dæmdur í báðum rjettum, með þeirri aths. í hrj., að skil hefðu ekki verið gjörð í tíma og yrði gengismunur því að bitna á bankanum 476

Innsetningargjörð, sjá fógetagjörðir.

Ítak.

Not ítaks til handa ítakseign ekki talið útsvarsskylt 406

Þ. meinað að halda uppi girðingu gagnvart P. vegna umferðarrjettar P. um hið afgirta svæði 644

Ítrekun.

Þjófnaðar 274, 290, 448 668

Ólögleg sala áfengis ítrekuð 619, 661

Ítrekað brot um útlát læknaáfengis 299

Kaup og sala.

A. Fasteignir.

L. hafði selt G. ábýlisjörð sína með þeim niðurlagsorðum í kaupsamningnum: „Rjúfi annarhvor aðilja kaup-

Bls.

samning þenna skal hann greiða hinum skaðabætur 2000 kr.“ L. sagði upp samningnum og bauð fram 2000 kr. G. hafði gert ýmsar ráðstafanir, heimilaðar í samningnum, yfir jörðinni og lögsótti L. til fráviknings jörðinni, til útgáfu afsals og skaðabóta. Til vara til skaðabóta og viðurkenningar á gildi ráðstafana þeirra er hann hafði gert. L. dæmdur í 2000 kr. skaðabætur en sýknaður að öðru leyti og tildæmdur málsk. í hrj. 66

Sala jarðar úr sjálfsábúð veitti hreppsnefnd eigi forkaupsrjett 1918 127

Kaupandi fasteignar tekur að sjer áhvílandi veðskuldir. Eftir að hann síðan hefir látið eignina af hendi lögsækir seljandi hann til greiðslu á einni þessara veðskulda en kaupandi taldi sig að eins hafa átt að ábyrgjast hana með veðinu. Krafa seljanda tekin til greina 294

Krafa um að stefndur yrði skyldaður til að gefa út afsalsbrjef fyrir jörð ekki tekin til greina, vegna sannanaskorts 327

B. Skipasala.

Kaupendur, sem skulduðu seljanda meginið af skipsverðinu og höfðu gefið honum veð í skipinu, færðust undan að greiða eftirst. eftir að skipið hafði strandað. Báru fyrir, að ýmsa nauðsynl. fylgihluti hefði vantað og að selj. hefði hirt brakið úr skipinu. Hvorug ástæðan metin gild, þar eð kaup., er höfðu tekið við skipinu, ekki sönnuðu vanefndir af hálfu seljanda, og seljandi hafði veð í því, en kaup. vanhirt að vátr. það, svo sem þeir höfðu skuldbundið sig til 4

Skip, sem mælst hafði í Danm. skv. II. mælireglu 31,87 smál. brutto, hafði verið boðið til sölu með blaðaaugl. með þeirri stærð án þess að mælireglu væri getið og hafði þó áður en auglýst var, verið mælt hjer skv. I. reglu, og reyndist 23,16 tn. brto., enda fengið mælingarbrjef og fiskiveiðaskírteini samkv. þeirri reglu. Skipið síðan selt h.f. Í. og nokkru síðar mælt hjer af löggiltum mælingamanni 25,66 smál. brto.

Bls.

Í. bauð seljanda að láta kaupin ganga til baka, en það ekki þegið. Seldi Í. þá skipið, utan uppboðs og án aðvörunar til seljanda, 900 kr. undir kaupverði sínu, og krafðist endurgreiðslu þeirrar upphæðar auk kr. 790,31 fyrir ýmsan kostnað út af kaupunum. Fyrri upphæðin feld niður, þar eð svo löguð sala þótti „eigi forsvaranleg", en síðarn. upphæðin tildæmd .. 100

C. Verslunarkaup og lausafjár.

L. lögsækir T. til skaðabóta fyrir vanefndir á loforði um sölu 195 síldartunna samkv. brjefi 16. mars 1915. T. ber aðallega fyrir sig, að brjefið hafi aðeins verið tilboð, er L. hafi ekki tekið. Brjefið í báðum rjettum talið söluloforð, enda T. sent L. 70 síldartunnur. T. því dæmdur til að greiða L. bætur fyrir vanefndir á sendingu 125 tunna. Bæturnar aðallega metnar með hliðsjón af vottorði löggilts brakúns í Khöfn. 15

Með umboðsmanni selur H. F. 500 tunnur síldar, en skilar aðeins 350. F. lögsækir H. til greiðslu 4941 kr. fyrir vanefndir á sendingu 150 tn. H., sem eftir að umboðið var gefið, hafði tilkynt umboðsmanni sínum, að hann aðeins gæti selt 350 tn., ber fyrir sig, að F. eigi sókn á hendur umboðsmanninum og að hann hafi eigi fengið tilkynningu um söluna til F. í tæka tíð. En með því að H. hafði gefið milligöngum. umboð til sölu og milligöngum. selt í nafni H. áður en H. færði tunnutöluna niður, var H. í báðum rjettum dæmdur í umstefndar skaðabætur 33

S. lögsækir L. til skaðabóta fyrir vanefndir á sölusamningi, er umboðsm. L. hafði gjört í hans nafni við S. En með því að sölusamn. var óhagstæðari L. en hann hafði áskilið í söluumboðinu, var L. sýknaður 38

B. lögsækir T. til skaðabóta fyrir að hafa skilað sjer 150 „barrels" af þorskalýsi færri en umsamið var. T. ber fyrir sig, að um umboðssölu hafi verið að ræða, að „barrels" rúmi að eins 105 kg., en ekki 170 kg. og að B. hafi eigi greitt sjer áskilda fyrirframgreiðslu. Kaup og sala talin liggja fyrir, „barrels" jafngilda lýsisfötum (170 kg.), og nokkrar vanefndir

Bls.

á fyrirframgreiðslu af hendi B. ekki taldar saka, þar eð T. eigi hefði fundið að þeim. T. því dæmdur í báðum rjettum til skaðabóta. B. krefst mismunar á kaupverði lýsisins og gangverði þess á afhendingartíma, en bæturnar ákveðnar lægri með því að sannað var, að tjón hans af vanefndunum eigi nam þeirri upphæð 49

S. krefur V. um andvirði síldar, er hann telur V. hafa pantað en neitað að taka við. V. kannast við að hafa pantað síldina, en telur S. hafa sagst engu geta lofað um kaupin. V. sýknaður vegna þess, að S. hafi eigi sannað, að kaup hefðu gerst með þeim 213

R. býður C. sölu á tilteknu magni síldar gegn tilt. fobverði og bankatryggingu. C. tekur boðinu gegn afh. á tilt. degi. Nokkru síðar falar C. meiri síld og R. lofar gegn tilt. skilyrðum. — C. vitjar síldarinnar ekki á tilt. tíma en vitjar þó viku síðar 2700 tn. af 4000 tn. alls. R. krefst þá nýálagðs aukatolls af 2700 tn. og nýs samn. um 1300 tn., en fær hvorki svar við símskeyti nje brjefi og símar C. loks, að sölunni um 1300 tn. sje ript, en þá lögsækir C. R. til skaðabóta fyrir riptinguna. — R. ber fyrir sig, að síldarinnar hafi ekki verið vitjað í tíma, að hún hafi ekki verið greidd í tíma, og að C. hafi ekki svarað símsk. og brjefum. Hrj. telur R. heimila riftun skv. 28. gr. kaupalaganna 228

Kaupm. hafði lofað viðskiftamönnum sínum sama verði fyrir sláturafurðir og sláturhús í B. hafði látið uppi þá um haustið, en er til efndanna kom hafði kaupmaður notað sjer það, að Sláturhúsið hafði síðar látið fjelögum sínum ógreiddan ⅕ hluta hins uppgefna verðs, samkv. fjelagslögum sínum. Slíkur frádráttur talinn kaupm. óheimill gegn viðskiftamönnum sínum 313

H/f. S. selur St. ca. 1000 tómar síldartunnur og ca. 500 tunnur með salti, en afhendir að eins 488 salttunnur og 280 tómartunnur. St. hafði þá greitt af kaupverðinu meira en nam verði þess, er afhent var, og er h/f. dæmt til að endurgreiða hið ofborgaða 342

Bls.

H. hafði keypt ½ bifreið af Á, er gat þess í afsalsbrj. sínu, að engin veðbönd hvíldu á bifr. og að henni fylgdi öll varastykki, er væru 600 kr. virði að óvilh. manna mati. Bifr. reyndist síðar veðsett og fylgihlutir ekki nema rúmlega ⅓ verðs þess, er þeir voru metnir. H. talin hafa rjett til riftingar 430

H. og C. gera munnlegan samning um fiskkaup. C. riftar og ber fyrir sig hömlur þær er lagðar voru á útflutning fiskjar 1918 enda kveðst hann hafa áskilið sjer riftunarrjett af þeim sökum. Hrj. telur H. hafa átt að vera það ljóst að C. ætlaði fiskinn til útflutnings, en fiskurinn var seldur fob Akranesi. Telur hrj. riftun lögmæta, með því að ráðstafanir stjórnarinnar um útflutning ísl. afurða 1918 hafi gert H. ómögulegt að efna samninginn 439

Maður, er var framkvstj. hlfj., hafði pantað vörur undir símnefni sínu, en þó sett símnefni hlfj. undir síðasta símskeytið út af pöntuninni. Seljandi krafði hlfj. greiðslu, en það hafði þá skift um framkvstj. og neitaði að keypt hefði verið því til handa. Fjelagið dæmt í báðum rjettum 530

GG. hefir tekið við 2 botnvörpum hjá GS. Telur GS. hann hafa keypt vörpurnar, en GG. telur sig hafa tekið þær til umboðssölu. GS. eigi talinn hafa sannað að kaup hafi farið fram og GG. því sýknaður af kröfu um kaupverð varpnanna 593

Á. hafði keypt viðarfarm frá Danmörku og borgað hann að mestu leyti, en gefið seljanda, J., víxil fyrir nokkru af kaupverðinu og lofað J. að ábyrgjast yfirfærslu víxilupphæðarinnar. J. sendi banka víxil A. til innheimtu og fal bankanum, sem ekki gat yfirfært, að leggja upphæðina á vöxtu á sitt nafn, en lögsótti síðan Á., sem hafði leyst víxilinn til sín með ísl. kr. að greiða sjer gengismun ísl. og d. kr. En Á. var sýknaður af því að J. hafði fyrirvaralaust látið leggja upphæðina í bankann á sitt nafn, enda hafði Á kvittun bankans á víxlinum 604

E. kaupir fob í Genua nokkuð af netagarni hjá O. í Hellerup fyrir kr. 2,10 hvert lbs. Greiddi E. ekki

áskilið verð í tilskilinn tíma, skyldi O. mega ráðstafa garninu á ábyrgð og fyrir reikn. E. E. þótti garnið dýrt og neitaði að taka við því, taldi álagning O. hærri en vera mætti í heildsölu samkv. reglugj. 120, 19. okt. 1918. O. tilk. þá, að garnið verði selt á uppboði fyrir Es. reikning. Var síðan garnið selt á uppboði, er birt var í dagblaði degi áður og tilkynt með stefnuvottum sama dag og það var haldið. Krafa O. nam 4060,20 kr. d. + ísl. kr. 25.26, en á uppboðinu seldist garnið að eins fyrir kr. 3120,00 ísl. Hrj. dæmdi E. til að greiða verðmuninn. Taldri rg. eigi hafa gilt um fob kaup erlendis og auk þess fallna úr gildi, er kaupin fóru fram. Taldi hrj. rjett að leggja uppboðsverðið til grundvallar við ákvörðun skaðabótanna með því að uppboðið hefði verið löglega haldið og birt 681

Landamerki.

Lmdómur ómerktur sökum þess að meðdómsmenn höfðu ekki verið eiðfestir 218, 242, 308, 332

Lmdómur staðfestur. Merkjauppdráttur ekki lögl. gerður, enda mótm. og ekki tekinn til greina 444

Ágreiningur um það, hvort tiltekin landspilda sje einkaeign tiltekinnar jarðar eða sameiginlegt land fleiri jarða með ítaksrjetti einni þeirra til handa og um takmörk landspildu þessarar, heyrir undir merkjadóm 497

Lmdómur um laxveiðirjett staðfestur, með því að merki það, er áfrýjendur höfðu í hjeraði talið veiðirjettarmörk, þótti ekki verða tekið til greina, og stefndi hafði sannað veiðinot sín í árhlutanum fram á síðustu ár 506

Lmdómur talinn eiga að láta úrskurð ganga um það, samkv. 17. gr. lml. 1919, hvort uppdráttar sje þörf í landamerkjamáli eða a. m. k. skylt að aðvara aðilja um nauðsyn uppdr. í þeim mál. Dómur er frávísaði lmm. vegna þess að uppdrátt vantaði því ómerktur .. 612

Bls.

Landhelgi, sjá botnvörpuveiðar.

Landskifti

metin ógild í báðum rjettum af því að hlutaðeigendum höfðu ekki verið boðuð landskiftin löglega 497

Lán.

M. og V. eru samskuldarar að láni og er V. dæmdur til að greiða skuldina alla þó M. eigi hafi fyrst verið krafinn um hana 184

Leiga.

A. Hús eða land, sbr. ennfremur ábúð:

Eigandi leiguhúss krefst útflutnings leigutaka, ársleigu og skaðabóta fyrir skemdir, vegna illrar umgengni og framleigu nokkurra herbergja. Leigutaki sýknaður í báðum rjettum. Ill umgengni eigi talin sönnuð og framleiga talin á vitorði eiganda frá upphafi og jafnvel samþ. af honum 8

T. hafði tekið hús á leigu og framleigt C. herbergi í því. Þegar T. skilaði eigendum húsinu sat C. í því og vildi eigi víkja þaðan. Fengu eig. þá úrsk. fóg. um útburð á C. og var sá úrsk. staðfestur, þar eð leigurjettur C. gat ekki átt sjer lengri aldur en rjettur framleigusala 64

P. hafði með símskeyti falið N. að leigja síldarsöltunarstöð á Sfirði af T. P. heldur því fram að leiguumboðið hafi verið bundið því skilyrði, að þriðji maður tæki þátt í leigunni að hálfu leyti. P. notaði einn leigusv. en neitaði að borga nema ½ leigu, af því að umb. hefði verið bundð ofannefndu skilyrði, enda sjer ókunnugt um það fram á síðustu stund, að þriðjimaður hefði eigi verið með í leigunni. Undir rekstri málsins bar umbm. það fyrir rjetti að P. hefði fallið frá skilyrðinu um þátttöku þriðjamanns. Hjeraðsd. sýknaði P. af ½ leigunni ef hann synjaði fyrir það með eiði, að hann hefði samþ. að söltunarsvæðið skyldi tekið til notkunar nema því

Bls.

að eins að þriðjimaður yrði með, en ella skyldi hann greiða alla leiguna. Hrj. staðfesti dóminn með þeirri aths. að P. hefði eigi vefengt að umbm. hefði leigt svæðið án þessa skilyrðis og tekið það til notkunar án þess að aðvara T. um skilyrðið, enda málinu ekki gagnáfr. 202

B. Skip:

G. hafði leigt Þ. vjelskip til 1 árs. Ársleiga 2000 kr. og skyldi skipinu skilað jafngóðu, að undantekinni eðlilegri fyrningu en með bótum fyrir skemdir, á heimili G. Samn. uppsegjanlegur með 3 mán. fyrirvara. Litlu fyrir lok leigutímans tilk. Þ. G., að hann haldi skipinu 3 mán. lengur. — Þ. skilaði skipinu aldrei; lagði því nærri heimili sínu í öðrum landsfj. Þar lá skipið í reiðileysi þar til G. ljet skoða það 3½ mán. eftir lok upphafl. leigut. — Skipið hafði verið talið í góðu standi í byrjun leigutímans. Þ. dæmdur til að greiða leigu til skoðunardags, skaðabætur fyrir skemdir, umfram eðlilega fyrningu samkv. mati óvilh. manna, þó eigi fram yfir 1854 kr., er útnefndir matsm. höfðu metið skemdir á vjel og skipi er G. vitjaði þess 72

J. hafði leigt flutningabát hjá H. og lagði J. til skipshöfnina. Skipstj. lagði bátnum með vörum innanborðs svo grunt, að báturinn, sem var mannlaus, stóð um fjöruna, og brotnaði þá önnur hliðin og kjölurinn skemdist. Krafðist H. þá skaðabóta hjá J. og leigu, en J. neitaði hvorutveggja með því að báturinn hefði ekki verið í leigufæru standi, enda bilað af því hvað hann var veikur. — Sjórj. dæmdi J. til að greiða leigu fyrir bátinn bæði meðan hann var á ferðinni og undir aðgerð og skaðabætur. — Hrj. lækkaði skaðab. 573

Líkamsmeiðingar og ofbeldi.

Ó. vildi ekki sleppa augnveikum pilti útl., sem landstj. að ráði landl. hafði ákveðið að flytja skyldi úr landi, og auglýsti í blaði einu, að piltinum yrði haldið.

Bls.

Lögr. fór til og tók piltinn með valdi, en Ó., sem hafði haft mannsöfnuð til að verja piltinn, kallaði þá út til manna: „Nú eru þeir búnir að finna rússn. piltinn og koma bráðum með hann grátandi, en við látum hann ekki fara.“ Ó. og fjelagi hans H. kallaði um líkt leyti, að ekki mætti líða lögr. að fara með piltinn, og „við metum mannúðina meira en hegningarlögin“. Var nú ráðist á lögregluna, hún barin og pilturinn tekinn af henni. Ó. og H. játuðu bæði, að þeir hefðu viljað verja piltinn fyrir lögreglunni og fá aðra til að gera slíkt hið sama. Höfðu þeir mannsöfnuð í kringum sig þangað til pilturinn var tekinn hjá Ó. 5 dögum síðar, enda veittu þeir Ó. og menn hans, sem höfðu barefli í höndum, lítið viðnám. — Hrj. dæmdi Ó. samkv. 1. lið 104. og 53. sbr. 99. gr. hegnl. í 8 mán. betrhv., H. í 4×5 d. v. & br. samkv. 53. sbr. 99. gr., og 3 aðra í 2×5 d. v. & br. samkv. 99. gr. 277

Þ. kom drukkinn inn á vinnustofu, hafði oft komið þar áður ölvaður, var vísað út en sýndi þrjósku; hrinti H. honum þá út úr portinu á götuna svo Þ. datt og meiddist nokkuð. Í sakamáli gegn H. var hann sýknaður í báðum rjettum. Meiðsli Þ. talin fremur hafa hlotist af því hve drukkinn hann var, en af hrindingunni 463

S. hafði haft illyrði í frammi við J. og jafnvel þrifið til hans og J. þá ýtt við S. svo hann datt og fótbrotnaði. J. sýknaður með skírskotun til 41. gr. hegnl. .. 465

M. hafði slengt Ó. til jarðar, þannig að Ó. flumbraðist nokkuð og óhreinkaðist, og var M. ákærður skv. 205. gr. hegnl. Báðir voru undir áhrifum víns, og M. hafði haldið því fram, að Ó. hefði áður en honum var kastað niður, drepið hendi í öxl M. og haft í frammi við hann ill orð; en hvorugt sannaðist. M. dæmdur til sekta og skaðabóta samkv. 205. og 303. gr. hgl. .. 518

Lög.

13. desbr. 1919 koma í gildi lög, er leystu Íslandsbanka

Bls.

undan að leysa seðla sína inn með gulli. Talið að gildi laga þessara verði að telja frá byrjun dagsins 337
Síðasta málsgrein 5. gr. laga nr. 11/1902, um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi, talin feld úr gildi með 3. gr. laga nr. 65/1905, með því að þau ákvæði geta ekki samrýmst. Og 5. gr. l. nr. 66/1905, sem endurtekur síðustu málsgr. 5. gr. l. 1902, ekki talin hafa getað endurlífgað þá grein, þar eð lög 66/1905 hafi aðeins átt að vera endurútgáfa laganna frá 1902 með áorðnum breytingum 595
Reglugjörð nr. 120/1918 talin fallin úr gildi, enda þótt rgj. þessi sje hvergi með berum orðum afnumin 681

Lögreglubrot.

Maður dæmdur fyrir að vera ölvaður á almannafæri og ilt orðbragð við lögregluþjón, samkv. 8. gr. lögreglusamþyktar Reykjavíkur, 19. apríl 1919 390

Lögtak, sbr. fógetagjörðir.

Lögtak úrskurðað á erfðafestugjaldi fyrir 1917 af svæði útmældu úr Rvíkurlandi 1860 og seldu 1880, með því að hefð á lausn undan gjaldinu þótti eigi liggja fyrir en neitað um lögtak á sama gjaldi 1916 með því að lögtaksrjettur var glataður 7
Sýslumaður hafði gjört lögtak hjá innheimtumanni sínum fyrir gjöldum, er innhm. skyldi innheimta af skipum, en ekki innheimt. — Lögtaksúrsk. sýslum. feldur úr gildi og sýslum. dæmdur til greiðslu áfr.-kostn. að skaðlausu, samkv. l. 29/1885, 13. gr. i. f. 297

Mat.

Dómkvaddir matsmenn tiltaki bætur fyrir skemdir leigutaka á skipi 72
Mat dómkv. óvilh. manna látið ráða upphæð skaðabóta fyrir ólögl. synjun á innlausn bankaseðla gegn gulli 337
Mat skaðabóta fyrir meiðsl miðað við kaup árlegrar 600 kr. lífrentu, en sú upphæð tiltekin eftir atvikum (aldri og vinnuhæfi) 587
Matsgjörð um frágang á húsasmíði ekki talin bindandi

Bls.

fyrir smiðinn af því að hann hvorki var aðvaraður um útnefningu matsmannanna nje gefinn kostur á að vera við matið 693
Hrj. mat skemdir á fati, er sýnt var í rjettinum, en stefndi hafði undirgengist að bæta eftir mati dómkv.manna 705

Málaflutningsmenn.

Mflm. víttur fyrir óhæfilegan drátt einkamáls í hjeraði 4, 29, 430, 439, 674
Mflm. sektaður fyrir ósæmilegan ritháttí hjeraði 38, 226, 228
Mflm. höfðu mætt við sáttaumleitun fyrir gestarjetti og meðferð málsins því ómerkt. Annar þeirra hafði að vísu eigi fengið skipun sem mflm. en hafði um mörg ár gert málflutning að atvinnu sinni 211
Mflm. víttur fyrir drátt máls í hrj. 639

Málasamsteypa.

Tveim hegningardómum í hjeraði, hinum síðara vegna hegningarauka skv. 65. gr. hgl., skotið til hrj. hvorum í sínu lagi. Hrj. dæmdi um báða í einu lagi 366
P. höfðaði í hjeraði mál gegn firmanu K. & J. út af vörukaupum er J. hafði gjört í firmans nafni. Firmað neitar að J. hafi haft umboð til kaupanna og stefnir P. þá J. tilkvaðningarstefnu. Hjeraðsd. frávísar tilkvaðningarmálinu vegna umboðsskorts málflytjanda P. en hrj. ómerkti þann dóm og vísaði málinu heim 460
Fundið að því að tveimur lögreglumálum var í hjeraði steypt saman þó ósamtengd væru og enga nauðsyn bæri til 716

Málfærsla.

Mótmæli óljós og óákveðin 1
Skaðabótakröfu í hjeraði ekki mótmælt. Í hr. ber stefndur fram nýjar upplýsingar sem stefnandi mótmælir ekki og skaðabæturnar því færðar niður 147
Mótmæli ekki talin nógu tímanlega framborin 223
Einn af fleiri mönnum, er stefndir eru í hjeraði, hreyfir

Bls.

þar engum mótmælum, en hefir þó mætt. Í hrj. mætir hann ekki. Hrj. telur að þessi sjerstaða hans komi ekki til greina með því að kröfum stefnanda var beint gegn öllum hinum stefndu in solidum 454
Mótmæli fulltrúa lögreglustj. fyrir fógetarjetti við lögtak á tekjuskatti gegn varnarskjali requsiti og öðrum varnargögnum að svo miklu leyti sem þau kæmu í bága við lögtakskröfuna þóttu eftir atvikum nægilega ákveðin, enda þótt frádráttarupphæð requisiti frá kröfuhæðinni, væri eigi sjerstaklega mótmælt af requirent 534, 540
Arfleiðsluskrá, sem síðar var mótmælt í hrj. af því að hún kæmi í bága við N. L. 5—2—72, hafði að vísu verið mótmælt fyrir skiftarjetti, án þess að ástæða fyrir mótmælunum væri þar orðuð. Þannig löguð mótmæli ekki tekin til greina. — Og þar sem novaleyfis hafði ekki verið aflað en enginn mætti í hrj. af hendi stefnda, voru þar gerð mótmæli talin of seint framkomin 582
Mótmæli ekki talin nægilega ákveðin í undirrjetti, enda hafði nóvaleyfis ekki verið aflað í hrj. 614

Meiðyrði, sjá ærðumeiðingar.

Merkjadómur

Rvíkur hafði dæmt þ. óheimilt að hafa eða setja mannvirki á tilgreindri lóðarspildu. Við áfrýjun málsins krafðist þ. ómerkingar dómsins af því að málið væri í raun rjettri um eignarrjettinn að lóðarspildunni. Þessi krafa ekki tekin til greina, með því að gagnaðili hafði aðeins gjört kröfu í málinu um viðurkenningu umferðarrjettar um lóðina og það atriði var honum talið heimilt að leggja undir dóminn án tillits til deilunnar um eignarrjettinn að öðru leyti .. 644

Mjólkursala, sjá heilbrigðismál.

Ofbeldi, sjá líkamsmeiðingar.

Bls.

Ólögmæt meðferð á fundnu fje.

S. og Ó. hafa hjá vörugeymsluhúsi tekið við og kvittað fyrir 11 eggjakössum. Einn kassanna kemur ekki til rjetts eiganda. Sannað að S. hafi flutt kassa þenna til B. og komið honum þar fyrir til geymslu. S. dæmdur skv. 250 gr. hgl. 268

L. hafði kastað eign sinni á 2 kindur, er komið höfðu fyrir í fje hans og ennfremur eftir fyrirfram samanteknu ráði og í sameiginlegu hagsmunaskyni við G. vinnumann sinn komist yfir 18 kindur, sem höfðu komið fyrir í fje L. L. dæmdur eftir 250. gr. hegnl. og hann og G. ennfremur eftir sömu gr. sbr. 55. gr. .. 350

Ómaksbætur

dæmdar stefnda í hrj. af því að áfrýjandi sótti ekki þing 146, 217, 319, 448, 472, 584, 608, 715

Ómerking.

Krafa um frávísun máls frá undirrjetti vegna ófullnægjandi móts á sáttafundi ekki tekin til greina 1

Dómur ómerktur og málinu vísað frá undirrétti af því að krafist var ógildingar afsals og skaðabóta fyrir það en afsalshafa ekki stefnt 80

Merkjadómur ómerktur, er hafði frávísað máli af því að gjörðardómur hefði gengið um það 124

Dómur ómerktur að því leyti sem sátta hafði eigi verið leitað við 1 af fleiri stefndum 127

Krafa um ómerking bygð á því að málið eigi ekki undir lögreglurjett ekki tekin til greina 147

Skiftarj. úrsk. ómerktur af því, að sátta var eigi leitað um ágreiningsefnið 197

Sjórjettardómur ómerktur, þar eð ekki sást að sjódómsmennirnir hefðu unnið lögmælt drengskaparheit 210

Dómur ómerktur ex officio af því að málaflm. höfðu mætt af beggja hendi við sáttaumleitun í málinu fyrir gestarjettinum, svo og eftirfarandi fjárnám. 25. gr. ts. 20. jan. 1797 talin analog. eiga við rjettarsáttatilraun 211

Bls.

Dómsorð hljóðar á nafn V. S., en í hjeraði var málinu beint gegn V. S. & Co. Ekki látið varða ómerkingu dómsins með því að forsendur hans sýndu ótvírætt að átt væri við V. S. & Co. 213

Landamerkjadómur ómerktur af því að ekki sást að meðdómsmennirnir hefðu verið eiðfestir 218, 241, 308, 332

F. hafði verið dæmdur f. h. G.hrepps til þess að greiða víxilskuld, en það sannaðist í hrj. að F. hafði bæði lagt niður oddvitastörf og gengið úr hreppsnefnd áður en hjeraðsstefnan var birt honum, enda ekki sjáanlegt að honum hefði verið falið á annan hátt að koma fram af hendi hreppsins. Dómurinn því ómerktur 220

Lögtaksúrsk. fyrir vangreiddum skipagjöldum af hendi innheimtumanns gjaldanna ómerktur 297

J. taldi S. hafa lofað sjer sölu ábýlisjarðar sinnar við tilteknu verði og a. m. k. lofað sjer lífstíðarábúð fyrir tiltekna leigu. S. gerði ýmsar gagnkröfur í hjeraði en lagði þær þó hvorki til sátta nje gagnstefndi út af þeim. — Hjeraðsd. hratt í forsendum dómsins kröfum J. en ljet þess ógetið í dómsorðinu og tók allar kröfur S. til greina.

Hrj. taldi ekki þörf að ómerkja dóminn vegna þess að krafna J. var ekki getið í dómsorðinu og sýknaði S. af þeim vegna vantandi sannana, en að öðru leyti var dómurinn ómerktur og hjeraðsd. dæmdur til að greiða J. 400 kr. málsk. 327

Dómur í vettvangsmáli ómerktur vegna þess að meðdómsm. voru ekki eiðfestir 397

Manni, sem átti heimili bæði hjer á landi og í Noregi hafði verið birt stefnan þar en ekki með 3ja mán. stefnufresti og hann ekki mætt við þingfesting málsins í hjeraði. Hrj. ómerkti dóminn og lagði málsk. á stefnda 428

Hjeraðsd. hafði frávísað tilkvaðningarmáli vegna umboðsskorts stefnanda til að fara með málið gegn stefnda. En málsatvik voru þau, að stefndi hafði pantað vörur í nafni nafngreinds firma og málsóknarumboðið því hljóðað á firmað. En það hafði stefndi

Bls.

gert af því að hann bjóst við að ganga í firmað, sem þó ekki varð.

Hrj. taldi eðlilegast að skilja umboðið svo sem það ætti og við stefnda, enda hafði framkvstj. sölufirmans undir rekstri málsins vottað, að umboðið tæki til hvers sem ætti að greiða skuldina. Hrj. ómerkti hjeraðsdóminn og heimvísaði málinu til löglegrar meðferðar 460

Dómur ómerktur, er hafði frávísað í hjeraði víxilmáli af því að það væri ekki víxilmál, með því að víxiluppháeðin hefði verið talin samþ. til skuldar í verslunarreikningi hans hjá víxilhafa 484

Aukarjettardómur ómerktur af því að ágreininginn hefði átt að fara með sem landamerkjamál 497

Dómur í barnsfaðernismáli af hendi framfærslusveitar ómerktur af því að ekki hafði verið reynd sátt milli barnsföður og hreppsnefndar 580

Maður, sem skömmu síðar varð gjaldþrota, hafði veðsett einum skuldareiganda húseign sína, en annar skuldareigandi mótmælti veðrjettinum við skiftin. Skiftaráðandi vísaði með úrsk. frá skiftarjettinum spurningunni um gildi veðrjettarins. Hrj. taldi riftingarkröfu mega koma fyrir skiftarjett sem mótmæli gegn lýstri kröfu, og ómerkti því skiftarjettarúrskurðinn 610

Landamerkjadómur frávísaði máli af því að uppdráttur af þrætulandinu hafði eigi verið lagður fram, en hafði þó eigi aðvarað aðilja um nauðsyn uppdráttar. Hrj. taldi að lmd. hefði átt að krefjast uppdráttar með úrsk. samkv. 17. gr. lðml. 41/1919 og ómerkti því dóminn þar sem það hafði eigi verið gert 612

Ómerkingar krafist á hjeraðsdómi, fógetarjettarúrsk., og fjárnámi af því að dómarinn hefði eigi verið löggildur til að kveða dóminn upp og af því að hann hefði rangl. neitað áfrýjanda um framhaldsfrest. Kröfunni ekki sint í hæstarjetti. Dómurinn staðf. .. 614

Sjódómur hafði frávísað kaupgjaldsmáli lögskráðs sjómanns, af því að sjóm. hafði engum andmælum hreyft út af vangreiðslu kaupsins, er hann var skráður frá

Bls.

skipi; dómur sjód. ómerktur og form. sjód. víttur og sektaður fyrir ýms afglöp 657

Gestarjettur hafði vísað frá dómi aðal- og gagnsök út af kaupi háseta á fiskiskipi, sem aðalstefn. kallaði verslunarskuld. En með því að aðiljar virtust hafa samþ. gestarjettarmeðf. á báðum málunum, var dómurinn ómerktur og heimvísað, sbr. 1. gr. l. 52/1914 699

Óþörf málsýfing.

Sekt fyrir að sækja ekki sáttafund 184

Póstávísun.

Maður hafði, samkv. póstávísun frá póstafgr. utan Rvíkur krafist greiðslu ávísunarinnar á pósthúsinu í Rvík, en verið neitað um hana af því að hlutaðeig. póstafgr.maður hafði orðið uppvís að því að gefa út póstáv. fyrir fje, er aldrei hefði verið innborgað, og þótti líkl. að svo væri ástatt hjer. — Bæði hjeraðsd. og hrj. skyldaði póststjórnina til að greiða hið ávísaða fje, með því að sannanir brysti fyrir því, að fjeð hefði ekki verið innborguð 712

Rangar skýrslur.

S. áfengissali hafði fengið G. til að umgangast það við menn, sem kært höfðu S. fyrir lögreglunni, að þeir afturkölluðu skriflega kæru sína sem ranga. G. reyndi við báða og tókst við annan; afhenti G. síðan afturköllunarskýrsluna S., er fjekk hana lögreglunni. S. og G. báðir dæmdir samkv. 156. gr. hegnl., S. sbr. við 53. og 48. gr. en G. sbr. við 53. og 46. gr. sömu laga 661

Rannsókn, sjá dómarar, stafl. C.

Ráðgjafarnefnd, sjá embættislaun.

Refsing.

Dæmt með hliðsjón af 63. gr. hegnl.:
Fyrir 4 þjófnaðarbrot 77

Bls.

Fyrir brot gegn 2. l. 268. gr. hgl. sbr. 46. gr. og 55. gr., 261. sbr. 55. gr. og 230. gr. 135
Fyrir brot gegn 230. gr. sbr. 49. gr. og gegn 240. gr. hgl. — Sml. fyrir brot gegn 240. gr. hegl., f. b. g. 231. gr. 4. lið, 230. sbr. 53. og 55. gr. hgl. 158
Fyrir brot gegn 231. gr. hgl. 4. lið og 232. gr. 274
Fyrir brot gegn 230. sbr. 65. gr. og 232. gr. hgl. .. 290
Eftir að dómur gengur í hjeraði í sakamáli, er ný rannsókn hafin gegn ákærða og hann dæmdur í viðbótarrefsingu skv. 65. gr. hgl., enda sannast á hann ný afbrot framin áður en fyrri dómurinn gekk 366
Hjeraðsdómari dæmir skipstjóra f. h. útgerðarinnar í refsing fyrir landhelgisbrot. Víttur 654

Reki.

S. hafði hirt rekaspýtu fram undan lóðarspildu, er hann á sínum tíma hafði keypt úr jörð Í. Rekarjettur eigi talinn fylgja lóðinni og S. dæmdur til að greiða Í. andvirði spýtunnar 1

Rjettarfarslög.

Maður sýknaður í forsendum hjeraðsdóms en sýkna hans ekki greind í dómsorðinu 4, 327
Dómkrafa önnur í hrj. en í hjeraði. Málinu vísað frá ex off 12
Ákærði dæmdur í skaðabætur í sakamáli enda þó honum hvorki væri stefnt til skaðabóta nje honum tilkynt fyrir lok rannsóknarinnar, að sú krafa yrði gerð í málinu, en skaðabóta hafði verið krafist í kæruskjali 60
Lögreglurjettur talinn bær um að ákveða skaðabætur fyrir bifreiðarslys jafnframt refsingu fyrir ofhraðan akstur 147
Skaðabótakrafa í lögreglumáli út af bifreiðarakstri ekki tekin til greina í hrj. af því að undirdómarinn hafði ekki dæmt um hana 198
Dómsorð hljóðaði á V. S. persónulega en ekki á V. S. & Co. sem vera bar, ekki talið eiga að varða ómerkingu og heimvísun, þar eð lesa mætti það ótvírætt í forsendum dómsins, að átt væri við V. S. & Co. 213
Byggingarnefnd og síðan bæjarstjórn Í.-kaupstaðar ályktt-

Bls.

ar að taka undir bæinn hluta af lóð T. T. áfrýjar úrskurði þessum ekki til stjórnarráðs. Það eigi talið til fyrirstöðu því, að hann geti fengið dómsúrskurð um málið 226

Í. höfðar 5 mál gegn Ó. fyrir 5 blaðagreinar og krefst refsingu og skaðabóta. Hjeraðsdómur sektar Ó. í öllum málunum og dæmir skaðabætur í einu að eins og þá bætur fyrir allar greinarnar, er hann telur rjett að skoða sem eina heild að þessu leyti. Staðf. í hrj. 377

Einn af fleiri mönnum sem stefndir eru í hjeraði, hreyfir þar engum mótmælum, en hefir þó mætt. Í hrj. mætir hann ekki. Hrj. telur að þessi sjerstaða hans komi ekki til greina með því að kröfum stefnanda var beint gegn öllum hinum stefndu in solidum 454

Í sakamálsstefnu var sakarefni ekki talið nægilega ítarlega ákveðið 488

Skaðabætur fyrir ofbeldisverk dæmdar skv. 303. gr. hgl. í hrj. enda þótt dómur hefði ekki gengið um það atriði í hjeraði 518

Ákæra gegn embættismanni til refsingar fyrir rjettarneitun ber ekki einkamálsaðilanum 521

Dómstólar skera úr, hvort draga megi útistandandi verslunarskuldir, er taldar eru tapaðar, frá skattskyldum tekjum 534

Ágrip dómsgjörða vantaði við fyrirtekt máls í hrj. Frestur hafði áður verið veittur til útvegunar þess, en hrökk ekki. Neitað um framhaldsfrest og málinu frávísað 563

Fallist á synjun fyrir hjeraðsrjetti um framhaldsfrest þar sem fyrri frestur hafði lítt verið notaður 614

J. hafði verið settur bæjarfóg. í Vestm. en S. settur með brjefi 7. apríl til dómarastarfa þar án þess getið væri frá hvaða degi setning hans gilti; hún talin gilda frá þeim degi hann kom í Vestm., 24. apríl, og dómur kveðinn upp af J. 14. s. m. því talinn kveðinn upp af löglegum dómstóli 614

Drengskaparheit í stað vitnaeiðs má ekki fram fara án lögmæltra skilyrða 654

Mál, sem valdstjórnin höfðaði út af bifreiðarakstri dæmt

Bls.

í aukarjetti. Þetta ekki látið valda ómerkingu, enda fór rannsókn málsins fram í lögreglurjetti 705

Rjettarfarssektir.

Sektað fyrir ósæmil. rithátt fyrir undirdómi 38, 97, 226, 228
Sekt fyrir óþarfa málsýfingu, aðili mætti ekki fyrir sáttanefnd 184
Dómari sektaður fyrir ýms þingsafglöp 657

Rjettarneitun.

H. beiddist aðstoðar fógeta til að ná hlutum úr vörslum smiðju, er hafði haft hlutina til viðgjörðar, en neitaði afhending fyr en borgun væri greidd eða trygging sett. Fóg. neitaði um gjörðina. Þá bauð H. fram tryggingu og heimtaði nú hlutina tekna, en fógeti neitaði enn um gjörðina með skírsk. til fyrri úrskurðar. Þá kærði S. fóg. til hrj. til sekta fyrir rjettarneitun, skaðabóta fyrir tjónið og málsk. Fóg. var sýknaður í hrj. af sektarkröfunni vegna aðildarskorts og skaðabótakr. af því að H. hefði getað komist hjá skaða með því að bjóða smiðjunni tryggingu eða borgun, og þá jafnfr. af málsk. 521

Rjettarvottar.

Fógeti notaði son sinn sem rjettarvott og virðingarmann. Aðfinning 109

Sakhæfi.

Ekki talið sannað að ákærði sje svo bilaður að heilsu, að haft geti áhrif á sakhæfi hans 60
Dæmt fyrir einf. þjófnað og stórþjófnað með hliðsjón af 38. gr. hgl. 77
Dæmt fyrir einf. þjófnað, stórþjófnað og hilmingu með hliðsjón af 38. gr. hgl. 158
Maður dæmdur fyrir ítrekaðan stórþjófnað og einf. þjófnað skv. 232. gr. hgl. með hliðsjón af 40. gr. 448

Bls.

Samaðild.

S., einn af mörgum sameigendum húss, sem sóttir voru til skaðabóta fyrir rof á forkaupsrjetti til hússins, hafði ekki mótmælt kröfum sækjanda í hjerarði, svo sem allir hinir sameigendurnir höfðu gert. Sú sjerstaða S. ekki talin skifta máli í hrj. þar eð engin sjerkrafa hafði verið gerð á hendur S., heldur kröfurnar allar gerðar in solidum gegn húseigendunum 454

Samningar.

C. hafði undirskrifað farmsamning með óhagstæðari kjörum sjer til handa en um hafði samist símleiðis. — Hjeraðsd. dæmdi C. samkv. hinum undirskrifaða samn. en hrj. fór eftir símskeytunum 400

Verkamaður rjeði sig til vinnu hjá manni og sagði ósamið um kaup, bjóst því við Dagsbrúnarkaupi, en verkþiggjandi sagði hann hafa ráðið sig gegn 1 kr. stundarkaupi, enda upplýstist að verkþiggjandi hafði ráðið 4 aðra menn sama dag til sömu vinnu gegn því kaupi. — Í hjeraði var verkþ. dæmdur til að greiða það kaup, en hrj. ljet málið velta á eiði verkamanns, þannig, að hann skyldi fá Dagsbrk. synjaði hann fyrir 1 kr. kaup, en ella fá lægra kaupið 425

Verslstj. T.-verslunar lýsir því yfir á fundi í H., að sama verð yrði á vörum verslunarinnar 1920 sem hjá annari nafngreindri verslun. Þessi yfirlýsing talin bindandi ekki aðeins gagnvart þeim, er viðstaddir voru á fundinum, eða búsettir í þeim hreppi er fundurinn var haldinn í, heldur og gagnvart öðrum viðskiftamönnum verslunarinnar alment 509

Hálfdrættingur á fiskiskipi skyldi fá uppb. á umsömdu fiskverði hjá útgerðarmanni, er næmi því sem „alment fiskverð“ færi fram úr 170 kr. hvert skpd. — Sjód. leit svo á, að með „alm. fiskverði“ væri átt við fobverð fiskútflytjenda og dæmdi hálfdrættingnum nokkra uppbót. — Hrj. taldi með orðunum átt við það verð, er kaupmenn á útgerðarstaðnum greiddu fyrir fisk viðskiftamanna fluttan sjer; og með því

Bls.

að eigi þótti sannað að það verð hefði farið fram úr 170 kr., sýknaði hrj. útgerðarm. 678

Sáttaumleitun.

Frávísunarkröfu vegna óheimillar notkunar umboðsmanns fyrir sáttanefnd eigi sint, þar eð hæfur umboðsm. hafði mætt á sáttafundi, enda engum mótmælum gegn sáttauml. hreyft í hjeraði 1

Sátt reynd við umboðsm. nafngreinds aðilja en umbm. stefnt sjálfum dómstefnu sem málsaðilja, látið varða ómerkingu dóms og fráv. frá undirrjetti 127

Stefndi hafði eigi mætt á sáttafundi. Því dæmdur í málskostnað og sekt fyrir óþarfa málsýfingu 184

Sátt eigi reynd um ágreining fyrir skiftarjetti og úrsk. skiftarj. því ómerktur 197

Sáttatilr. með málfl.mönnum aðilja hafði farið fram fyrir gestarjetti. Það talið ólögl. samkv. anal. 25. gr. ts. 20. jan. 1797; dómurinn ómerktur 211

Sátt eigi reynd út af dómkröfum stefnda í hjeraði en þó dæmt um þær. Dómurinn ómerktur 327

Í dómsgerðum í barnsfaðernismáli var það eigi tekið fram berum orðum að sátta hefði verið leitað milli aðilja, en með því að ráða mátti af prófun málsins, að dómarinn hefði í raun og veru leitað um sáttir, var eigi talin næg ástæða til að ómerkja dóminn 576

Í barnsfaðernismáli, er höfðað var að tilhlutun hreppsnefndar, hafði sátta eigi verið leitað með hreppsnefndinni og hinum tilnefnda barnsföður. Dómur undirrj. því ómerktur 580

Sátt um sekt í lögreglumáli verður ekki riftað með seinni ákvörðun um ákæru fyrir það brot, sem sæst hefir verið á 670

Skaðabætur.

Maður, er dæmdur var fyrir svik í kaupi og sölu húss, jafnframt skyldaður til að innleysa 7000 kr. skuld, er hvíldi á húsinu með hans vitund en óþinglesin, og hann ljet ógetið, er hann seldi húsið 60

Bls.

Skaðab. fyrir skemdir á skipi í höfn ekki tildæmdar af hendi hafnarstjórnar 111

Skaðab. dæmdar á hendur bifr.eig. fyrir það, að bifr.stj. hans hafði af óvarkárni fótbrotið hross. Bæturnar ákveðnar eftir markaðsverði, enda þótt hærri kröfum hefði eigi verið mótm. af bifr.eig. í hjeraði, með því að markaðsverði hafði eigi verið mótm. í hrj. 147

Skaðabætur fyrir bifr.slys eigi dæmdar í hrj., þar eð hjeraðsd. hafði eigi lagt dóm á þær, með því að þá var enn eigi fullsjeð, hver skaðinn yrði 198

G. hafði með aðstoð B. svikið út lán hjá þriðjam. Báðir dæmdir til að engurgr. lánsala lánið með 5% vöxtum 366

Ritstjóri dæmdur í 20000 kr. skaðab. fyrir álitsspjöll á banka út af 5 nafnlausum blaðagreinum. Skotið til hrj. að eins dómi út af 1. greininni — en í þeim dómi voru skaðab. dæmdar út af öllum greinunum — en ekki 4 dómum út af hinum 4 greinunum, þar sem ritstj. var dæmdur fyrir meiðyrðin að eins 377

Skaðab. út af árekstri bifreiða, af því önnur þótti hafa ekið of innarlega á veginum 420

Skip, er lagst hafði utan á annað skip með leyfi hafnarstjóra Rvíkur og án mótmæla þess skips, er lá við hafnarbakkann, sýknað af skaðab.kröfu innra skipsins út af skemdum, enda hafði innra skipið ekki aðvarað hitt um, að það væri að brotna og annað skip legið utan á ytra skipinu, þannig að það gat ekki losað sig af sjálfsdáðum 502

Manni, er varð fyrir áverka, dæmdar bætur fyrir atvinnumissi og þjáningar, samkv. 303. gr. hgl. 518

Viðgerðarsmiðja hafði neitað eiganda fiskibáts um afhendingu vjelarhluta og báturinn tafist við það frá veiðum og þar að auki orðið fyrir árekstri, sem eig. hjelt fram að ekki hefði orðið ella, og því heimtaði af fógeta, er neitað hafði um að taka hlutina með innsetningargjörð úr vörslum smiðjunnar, bætur fyrir auk aflatjónsins. — Hrj. neitaði um bætur með þeirri greinargjörð, að eigandi bátsins hefði eigi neytt þeirra ráða, sem fyrir hendi voru til þess að verjast tjóninu, t. d. þess að bjóða smiðjunni greiðslu með fyrirvara eða tryggingu 521

Bls.

Vjelbát Þ. hafði rekið á vb. S. og skemt hann, en skaðabóta þó synjað, af því að skoðunarmenn höfðu vottað, að legufæri Þ. hefðu verið örugg, en S. hafði haldið hinu gagnstæða fram 544

Eigandi bifreiðar dæmdur til skaðab. fyrir tjón af akstri bifreiðarinnar, samkv. 1. lið 15. gr. l. 88/1917 587

Bifreið ekur fram hjá annari bifreið og rekst á hana svo að hún steypist út af veginum og meiðist einn farþeganna. Farþeganum dæmdar bætur m. a. fyrir þjáningar og líkamsmeiðsl, með því að óforsvaranlegt var talið að aka fram hjá bifreiðinni eins og á stóð 705

Skattar og gjöld.

A. Til ríkissjóðs:

Fjelag hafði keypt 2 botnvörpunga í Englandi til útgerðar á fiskiveiðar hjer, en verið krafið um stimpilgjald af þeim hjer og viðskiftanefndargjald, enda borgað hvorttveggja með fyrirvara til að fá umráð skipanna, en höfðaði síðan mál gegn ríkissjóði til endurgreiðslu. Fjel. hafði borið fyrir sig, að samkvæmt l. 2/1920 mætti að eins krefja gjaldsins af vörum, en slík skip væru ekki vara. Hjeraðsd sýknaði ríkissjóð aðall. vegna þess, að í skattalögum táknaði vara einnig skip. Hrj. staðfesti dóminn með þeirri viðbót, að nefnd lög lögleiði í rauninni verðtoll af öllum innfluttum verðmætum, öðrum en þeim, sem þau beint undanskilja 433

Spurning um heimild til frádráttar útistandandi verslunarskulda og taps á útgerð frá skattskyldum atvinnutekjum heyrir undir dómstólana. Ekki talið sannað hærra tap en yfirskattanefnd hafði tekið til greina 534, 540

Talið sannað með nýjum gögnum, lögðum fram í hrj., að skattþegn hafi tapað á útgerð. Skattur hans því lækkaður um það, er tapinu nam 564

Skilyrði fyrir aukaskatti samkv. 44. gr. tekjuskattslaganna 74/1921 ekki talin vera fyrir hendi 564

B. Útsvar:

M. hreppsnefnd hafði krafist lögtaks fyrir 50 kr. útsvari og 7 kr. skólagjaldi af manni, heimilisföstum í Rvík,

Bls.

sem hafði látið verka í hreppnum, gegn ákveðnu gjaldi fyrir hverja tunnu, nokkur hndr. tn. af síld af 2 skipum, sem gjörð voru út frá Rvík og Ingólfsfirði og haft á útgjörðarstöðum bækistöð sína og alla afgreiðslu. Fógeti synjaði lögtaksins og hrj. staðfesti þann úrsk. 144

Bstj. A. hafði gert K. 700 kr. útsvar „mestmegnis .... í tiliti til hinnar miklu olíuumsetningar Steinolíufjelags Íslands", er K. starfaði við fyrir fast kaup. Á steinolíufjel., sem hirti allan arð af olíuversluninni, var ekkert lagt, þar eð það þótti „álitamál, hvort beinlínis sje hægt að leggja útsvar á það." K. hafði í fóg.rj. boðið fram 175 kr., en það eigi þegið og hann skyldaður með lögtaksúrsk. til greiðslu alls. — Hrj. alsýknaði K., enda þótt hjer væri nánast um útsvarsupphæð að ræða, þar eð álagningaraðferðin (samsteypa 2 útsvara) þótti ólögleg 187

Z. úr Rvík á sumarbústað í Kjósarhr., dvelur þar með fjölskyldu sinni tíma úr sumri og veiðir lax á stöng í á, sem hann leigir veiðirjett í. Kjhr. lagði útsvar á Z., en hann færðist undan, þar sem hann stundaði veiðina að eins sjer til skemtunar en eigi sem arðsama atvinnu. Bæði fóg.rj. og hrj. neitaði um lögtak fyrir útsvarinu 194

Í S. hafði verið lagt útsvar á kaupm. í Rvík, er sump. brjefl. og sump. símleiðis hafði samið við menn í Rvík, Ak. og 1 mann í S. um sölu á síld frá vjelskipi, er hann gerði út frá Rvík til síldveiða við Vestf. og Norðurl. og skyldi síldinni skilað á bryggju í S. Þetta ekki talin útsvarsskyld atvinna í S. samkv. l. 58/1919

Í máli var að eins ágreiningur um útsvarshæð, en með því að sýslunefnd hafði lagt fullnaðarúrskurð á það atriði, var talið, að málið heyrði ekki undir dómstólana 319

G. átti slægnaítak í öðrum hreppi, er hann notaði. — Hreppsnefndin þar lagði útsvar á G. Fógeti hafði staðfest lögtak fyrir útsvarinu, en hrj. feldi lögtaksúrsk. úr gildi með þeirri greinargjörð, að l. nr. 50/1919 heimili ekki útsvarsálagning á eiganda slægnaítaks, er notar ítakið ítakseigninni til góða 406

Bls

Útsvar hafði verið lagt á búskap heilsuhælisins á Vífilsstöðum, sem rekinn er vegna hælisins, þannig, að allar afurðir ganga þangað og hafði fógeti staðfest lögtak fyrir útsvarinu, en hrj. feldi lögtaksúrsk. úr gildi með því að búskapur hælisins, sem starfar á ríkisins kostnað, gæti ekki talist atvinna í skilningi 1. gr. l. nr. 50/1919 494

Útgerð vjelbáts af Akranesi, sem stundaði fiskveiðar frá Sandgerði, talin útsvarsskyld í Miðneshreppi, með því að ákvæði l. 50/1919, um útsvarsskyldu manna, er stunduðu bátfiski við sama fjörð eða flóa, sem þeir væri búsettir við, ættu ekki við hjer. Var það bygt á því, að Faxaflói teldist að eins ná til Garðskaga 601

Áfengisverslun ríkisins talin útsvarsskyld til bæjarsjóðs Rvíkur, þar sem verslunin er rekin í hagnaðar- og gróðaskyni fyrir ríkissjóðinn, sem sjálfstætt, arðsamt fyrirtæki og reksturinn ekki frábrugðinn verslunarrekstri einstakra manna eða fjelaga í neinu því er máli skiftir um útsvarsskylduna. Verslunin því útsvarsskyld sem hver önnur föst verslun, samkv. 3. gr. sbr. 1. gr. l. nr. 18, 19. okt. 1877 647

Firma átti heima á Ísafirði og rak þar útgerð og verslun en átti fiskireiti og hús í Eyrarhreppi, hafði þar fastan verkstjóra og margt fólk til að verka og þurka þar fisk sinn, sem það sump. hafði aflað á eigin báta og sump. keypt að. Umrætt ár verkaði firmað þar 2—3000 skpd. Hrj. taldi firmað útsvarsskylt í Eyrarhreppi 689

Skilorðsbundnir dómar.

Fyrir innbrotsþjófnað og annan þjófnað tæplega 18 ára gamals manns 77

Skilorðb.d. á mann, sem hafði hjálpað öðrum til að svíkja út lán hjá þriðjam., með því að líða lántakanda að segja hann vera bankastjóra 366

K. var dæmdur skilorðsb.dómi fyrir einf. þjófnað, en drýgir innan 5 ára stórþjófnað og dæmdur þá skv. 232. gr. hgl. 668

Skilorðsb.d. yfir 22 ára gömlum manni, sem skrifað hafði

Bls.

nafn annars manns í heimildarleysi undir ávísun til þriðjamanns, en hvorki gert það í eiginhagsmunaskyni nje ætlað að baka nokkrum tjón með því 685

Skiprúm.

N. hafði verið skrásettur háseti á flutningsskipi til 15. nóv. en 2. s. m. bilaði skrúfan í skipinu og var hann síðan 8. s. m. skráður úr skiprúmi og sendur heim og borgað kaup til þess dags, en hann heimtaði kaup til lokadags upphafl. ráðn. tíma. — Hrj. taldi N. að eins eiga kaup til fráskráningar samkv. 1. mgr. 96. gr. sigll., en sjódómur hafði dæmt kaup út ráðningartímann 21, 25

Hálfdrættingur ráðinn á fiskiskip m. a. gegn því að hann fengi uppbót í umsömdu verði fyrir afla sinn, er næmi jafnmiklu og „alment fiskverð" færi fram úr 170 kr. hvert skpd. — Sjód. skildi „alm. fiskv." sem fobverð fiskútflytjenda en hrj. sem innkaupsverð á útgerðarstaðnum og sýknaði því útgerðarmanninn 678

Skipskaði.

Refsað samkv. 2. l. 288. gr. hgl. sbr. 46. og 55. gr. fyrir tilraun til að sökkva skipi 135

Skiftamál og erfðir.

Úrskurður skiftaráðanda ómerktur sakir þess að ekki var leitað sátta um málið. Fundið að því að dómari setti eigi fjarverandi erfingjum svaramann þegar arfleiðsluvottar staðfestu vottorð sín og að skiftaráðandi hafði málið 8½ mánuð til úrskurðar 197

Skiftaráðandi hafði skipað P. fjárhaldsmann S., sem að að vísu var fjárráður en hafði ekki mætt við skiftin, og afhenti P. arfahluta S., 288 kr., en arfurinn kom ekki til skila og var skiftaráðandi dæmdur bæði í undir- og yfirrjetti til þess að standa skil á arfinum, þar sem hann hafði brostið heimild til að afhenda P. arfinn, sem ekkert umboð hafði frá S. til að taka við honum.

Bls.

Hæstirjettur (danski) sýknaði skiftaráðanda, þar eð hann hefði haft heimild til fjárhaldsmannsskipunar fyrir S. og eigi hefði verið ástæða til að fara eftir o. brj. 9. nóv. 1825. Málskostnaður feldur niður í öllum rjettum 225

Kvæntur maður, G., hafði arfleitt hórbörn sín, og erfðaskránni verið mótmælt í skiftarjettinum án þess að rök væru greind fyrir mótmælunum. Einn lögerfingjanna hafði þó heimtað erfðaskrána metna gilda og annar hafði enga kröfu gert. Auk þess var því haldið fram fyrir skiftarjettinum og eigi vefengt, að lögerf. sá, er heimtaði skrána gilda, hefði haft útborganir á hendi f. h. búsins upp í væntanlegan arf hórbarnanna. Skiftarj. úrsk. skrána gilda aðallega vegna síðastnefnds atriðis.

Hrj. staðfesti þann úrskurð, því að skránni hefði eigi verið nægilega mótmælt í hjeraði og þar sem hvorki hefði verið aflað nóvaleyfis nje að öðru leyti farið eftir 36. gr. hrjl., en ekki mætt í málinu fyrir hrj. af hendi hinna stefndu barna, þá væru mótmæli samkv. 5—2—72. N. L. of seint framborin í hrj. 582

Talið að skiftarjetti beri að úrskurða um gildi veðrjettar í þrotabúi þegar krafa um riftingu hans kemur fram sem mótmæli gegn kröfu veðhafa í búið 610

Skjalafals.

Maður, er dæmdur var fyrir svik í sölu húss og bætt hafði inn í afsalsbrjef sitt fyrir húseigninni, eftir bendingu bæjarfógetaskrifara, er tók við því til þingl. orðunum: Kaupverðið er 12000 -- tólf þúsund — kr., sýknaður af ákæru fyrir skjalafals 60

Nöfn 3 manna skrifuð í heimildarleysi á 2 víxla. Dæmt skv. 271. gr. hegnl. 366

Tveir menn fölsuðu 2 víxla og annar að auki brjef til þess að komast yfir peninga. Fyrir brjeffölsunina beitt 270 gr. en fyrir víxilfölsunina 271 gr. hegnl. að nokkru leyti 277. sbr. 271. gr. 386

Póstafgrm., er lent hafði í sjóðþurð, falsaði nafn manns

Bls.

undir peningaávísun, er hann hagnýtti sjer. Dæmdur samkv. 270. gr. hl. 488

K.. sem var bókhaldari og innheimtumaður verslunar nokkurrar, skrifaði í heimildarleysi nafn A., sem skuldaði versluninni, á símaávísun til verslunarinnar um að taka skuld As. hjá þriðjamanni, sem A. átti hjá. — K. dæmdur í báðum rjettum samkvæmt 270. gr. hegnl. í 4x5 d. v. & br., enda málsbætur, hvorki hagsmunavon nje tjón bakað. Dómurinn skilorðsb. í hrj. 685

Skólar, sjá fræðslumál.

Skuldajöfnuður.

B. á skuld hjá Ó., sem hefir vöru til sölu fyrir H. — B. tekur út hjá Ó. nokkuð af vörum, og lækkar skuld Ó. til sín að sama skapi. H. lögsækir síðan B. til endurgreiðslu vöruverðsins, en B. var sýknaður með því að hann hefði ekki vitað betur en Ó. ætti vöruna, enda skifti B. og Ó. útaf vörukaupunum skuldbindandi fyrir H. 671

Stefnur.

Stefnu til skaðab. eða tilkynningar fyrir lok rannsóknar í sakamáli um skaðabótakröfu fyrir svik, eigi talið þurfa til þess að gera mætti sakamanninum að bæta skaðann af broti hans, þar eð sá er kom málinu af stað hafði krafist skaðab. er hann kærði sakam., og þeirri kröfu hafði eigi verið mótmælt í hjeraði eða öðrum rjettum 60

Afsalshafa ekki stefnt í máli milli eiganda (seljanda) og manns er þóttist eiga forkaupsrjett, og það látið valda ómerking 80

Manni stefnt fyrir sáttanefnd sem umboðsmanni annars en fyrir dóm í eigin nafni, látið valda ómerking .. 127

Þess ógetið af stefnuv. hvar stefna hefði verið birt og hvenær dags. Stefndur mætti eigi í hrj. Málinu frávísað 202

Sannað í hæstarjetti að maður sá, er stefnt hafði verið

Bls.

í hjeraði f. h. hreppsnefndar var vikinn úr hreppsnefnd er stefnan var birt og er dómur og málsmeðferð því ómerkt 220
Vítt að stefnufrestur var ekki ákveðinn í stefnu sbr. 4. gr. l. 62/1917 428
Stefnufrestur handa útl. manni, sem þó átti heima á Íslandi, talinn of stuttur 428
Vottorð um stefnubirting í opinberu máli skrifað á laust blað. Aðfinning 448
Stefna eigi birt öllum aðiljum. Málinu frávísað 618
Stefna birt að eins af einum stefnuv. Stefndi mætti ekki í hrj. Málinu frávísað 618

Svik.

J. hafði keypt hús með tilgreindum þingl. veðskuldum og vitandi um 7000 kr. óþingl. veðsk. á því, ljet seljanda undirskrifa afsalsbrjef sjer til handa án tilgreinds kaupverðs, en með fullnaðarkvittun og áskilnaði um að J. skyldi greiða eftirstöðvar þeirra þinglesnu veðskulda, sem á eigninni hvíldi. Síðan seldi J. húsið án þess að geta óþingl. veðskuldarinnar, ljet kaupanda taka að sjer þingl. veðskuldir og og gefa sjer veð í húsinu fyrir 8000 kr. — Hafði auk þess, eftir bendingu bæjarfóg.skrifara, er tók við brjefinu til þinglesturs, bætt inn í brjefið: „Kaupverðið er 12000 — tólf þúsund krónur“. — Dæmdur samkv. 253. og 255. gr. hgnl. í 5×5 d. v. & br., en sýknaður af skjalafalsi. Ennfr. dæmdur til að innleysa 7000 kr. óþingl. veðskbr. þótt honum hefði ekki verið stefnt til þess 60
Veitingakona talin hafa tekið við þremur 20 doll.seðlum ameriskum af stúlkum, sem hjeldu hvern 20 kr. virði, Hún vissi að þeir giltu meira, en gaf þó ekki nema 20 kr. fyrir hvern. Af einum seðlinum hafði konan tekið borgun fyrir seldan greiða. Stúlkan, sem ljet seðlana af hendi hafði stolið þeim af útl. skipstj. Þ-ki sannað að veitingakonan hefði vitað um það — hún því aðeins dæmd fyrir brot á 259. gr. hegnl. í — d. við venjulegt fangavv. 114

Bls.

H. orðar við E. leigu skips, er vörur vátryggðar hærra en vert er, skulu látnar í og skipinu síðan sökt. Síðan leigja þeir H. og E. vjelskip af G., er lofar H. 3000 kr. fyrir að sökkva skipinu. Þeir H. og E. bora síðan göt á skipið, láta korktappa í götin og fella fjöl yfir að innanverðu, til þess að tapparnir hrökkvi ekki óteknir út. Láta síðan rusl í 8—9 kassa, vátryggja þá sem 24 kassa með tóbaki o. fl. og 27 körfustóla sem 40, á rúm 59000 kr. Skyldi H. hafa ½nto. vátryggingar sem þeir töldu um 50000 kr., sem borgun frá E. Svo til reika var skipið sent hjeðan fyrri hluta nóvbr. með 6 manna skipshöfn til Ísafj. til versl. E. þar, og 5 farþega, er skyldu landsettir þegar kæmi vestur fyrir Snæf.jökul og skipinu síðan sökt á því svæði. Skipinu fylgdi bátur, er rúmaði 8 menn í logni. Skipið sneri síðan aftur til Rvíkur vegna óveðurs og komst þá alt upp og að auki að H. hafði þá um vorið stolið netum með fiski í úr sjó ásamt allri skipshöfn á því skipi, er hann þá stýrði. — H., E. og G. dæmdir skv. 2. lið 288. gr. sbr. 46. gr. og 55. og 261. sbr. 55 gr. og H. að auki skv. 230. sbr. 63. gr. hegnl., H. 3 ár, E. 2½ ár og G. 2 ára betrhv. Iðgjöld f. stuldinn eigi dæmd. Málsk. solidariskt 135

G. hafði veðsett fleiri skuldheimtumönnum sömu gripi, selt öðrum en veðhafa veðsetta lausafjármuni leyfislaust, selt annara fjármuni, er hann hafði undir höndum heimildarlaust, ívilnað nokkrum skuldheimtumönnum undir yfirvofandi gjaldþroti, og loks með aðstoð annars manns, er hann gaf út sem bankastjóra, svikið út lán, sem hann hafði enga von um að geta endurgreitt. — G. dæmdur fyrir öll brotin skv. 253., 255. og 263. gr. hegnl., en aðstoðarmaðurinn skv. 253. sbr. 49. og 51. 2. mgr. 366

B. hafði liðið G. að gefa hann út sem bankastjóra fyrir þriðjam., er G. sveik lán út úr, og ekki sagt þriðjam. rjett deili á sjer eftir að hann hafði fyrir víst komist að brögðum G. B. dæmdur skv. 253. sbr. 49. og 51.

Bls.

gr., 2. mgr. hegnl. í 40 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi 366
Póstafgr.m., er lent hafði í sjóðþurð, leyndi sjóðþurðinni með því að gefa út póstávísanir á aðalpóststofuna, án þess að hann hefði tekið við nokkru fje fyrir þær. Dæmdur skv. 253. gr. hegnl. 488
Póstafgr.m., er lent hafði í sjóðþurð, ívilnaði einum af skuldheimtumönnum sínum undir fyrirsjáanleg og skömmu síðar orðin gjaldþrot með því að veðsetja honum hús sitt. Dæmdur skv. 263. gr. hegnl. 488

Sönnun.

Sannanabrestur látinn varða 2303,30 kr. niðurfærslu í verslunarviðskiftum. Talið ósannað, að reiknað erl. gengi hafi verið of hátt 56
Söluverð skips utan uppboðs og án þess eiganda þess væri gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna, eigi talin sönnun um sannvirði þess 100
Sönnun talin bresta fyrir lögl. stefnubirtingu, þar eð þess var ekki getið í birtingarvottorðinu, hvar og á hverjum tíma dags stefna var birt stefnda, er ekki mætti 202
Sönnun þótti bresta fyrir því, að S. hefði verið farmsendari þá er skipstj. á saltfl.skipi til C. hjer á landi, boðaði S. komu sína til Ivisa til að taka þar við saltfarmi 237
Sönnun þess, að skip hafi tekið fullfermi hvílir á skipseiganda, krefjist hann farmgjalds fyrir fullfermi .. 257
Sönnunargildi embættisskýrslna, mælingu varðskips, má vefengja 286
Forstöðumaður verslunar hafði heitið því í heyranda hljóði á mannfundi í S., að viðsk.menn verslunarinnar skyldu njóta sama verðs á útl. vörum og nafngreind verslun í annari sýslu gæfi. — Utanhreppsmaður úr nágrannahreppi S. kallaði til sömu kjara og voru dæmd þau 509
Requisitus hafði ekki fært sönnur á, að það, sem hann hafði talið skattskyldum atvinnutekjum sínum til frádráttar hefði tapast og lögtak fyrir álögðum tekjuskatti því úrskurðað 534, 540

Bls.

Sönnun fyrir meiðslum og afleiðingum þeirra, læknisvottorð og vottorð tveggja manna því til styrktar 587

Sönnunarbyrði.

Þ. hafði tekið að sjer veðskuld á húsi, er hann hafði keypt, en hjelt því fram, að greiðsluloforð sitt á veðskuldinni hefði verið bundið þeirri takmörkun, að hann bæri eigi persónul. ábyrgð á þeim hluta skuldarinnar, er söluverð veðsins hrykki ekki fyrir. Þ. talinn eiga að sanna slíkt skilyrði. Það ekki gert og hann því dæmdur 294

Sönnun fyrir því, að bifr. hafi verið notuð í heimildarleysi eiganda, talin hvíla á þeim, er heldur því fram, enda var sá, er ók bifr., skráður ökumaður hennar í bifr.skrá Rvíkur og hafði sjálfur borið sem vitni, að hann hefði ekið fyrir eiganda bifreiðarinnar .. 587

Tekjuskattur, sjá skattar og gjöld.

Tilraun.

Refsað samkv. 46. gr. hgl. fyrir tilraun til að valda skipskaða 135

Tveir menn dæmdir fyrir tilraun til að fá mann til að gefa ranga skýrslu í máli, sem komið var í hendur lögreglunnar, skv. 156. gr. hgl.; annar sbr. 46. og 53. gr., hinn sbr. 48. gr. og 53. gr. 661

Umboð.

Einn af fleirum stefndum hafði f. h. eins meðstefnds, K., undirskrifað sameiginlegt skuldabrjef „eftir umboði" K. Kröfueigandi lögsótti alla útgefendur, en K. einn hafði neitað umboðsheimildinni og var sýknaður og dæmdur málsk. 4

H. gefur S. umboð til að selja 500 tn. af síld. Síðar tilkynnir hann S., að hann geti að eins selt 350 tn. S. hefir þá selt samkv. umboðinu og er H. bundinn við þá sölu 33

Umboðsmaður við sölu hafði selt með óhagstæðari kjör-

Bls.

um en seljandi hafði áskilið í skriflegu umboði. Seljandi sýknaður aðallega þess vegna 38

Umboðsmanni requirents við fógetagjörð stefnt við áfrýjun. Málinu frávísað þar eð aðilja hvorki hafði verið stefnt nje hann gefið umboðsmanninum umboð til að mæta 63

Verslunarstjóri, er tekið hafði síld til umboðssölu í eigin nafni, þó dæmdur til þess f. h. húsbænda sinna að greiða síldareiganda bætur fyrir skaða. þar eð verslunarstj. þótti hafa hegðað sjer þannig gagnvart síldareiganda, að hann mátti álíta, að hann kæmi fram í nafni húsbænda sinna 153

P. hafði gefið N. umboð til að leigja síldarstöð hjá T., eftir sögn P. með því skilyrði, að þ. tæki ½ þátt í leigunni. Umboðið lá í símskeyti. Áður en símsk. barst N., hafði hann, skv. vitnaskýrslu sinni fyrir rjetti, átt tal við P. og tjáist hafa skilið P. svo sem leiga þ. ætti ekki að vera skilyrði. Leigir svo stöðina upp úr því samtali áður en hann fjekk símsk. Fólk P. notaði stöðina. T. stefndi P. til greiðslu fullrar leigu. Eiðsdómur í hjeraði og hrj. þannig, að P. skyldi svara hálfri leigunni, ef hann synjaði með eiði fyrir að hafa samþ. leiguna, nema því að eins að þ. yrði með, ella skyldi hann greiða alla leiguna 202

Maður hafði skrifað undir víxil sem hreppsnefndaroddv. sveitar sinnar, og var genginn úr nefndinni 15 mán. áður en honum var stefnt. Dómur og málsmeðf. ómerkt, enda ekki sjáanlegt, að honum hafi verið sjerstaklega falið að koma fram af hendi hreppsnefndar 220

Miðlari, sem gjört hafði farmsamning, hafði athugasemdalaust samþykt útreikning farmviðtakanda á farmgjaldi, og er farmflytj. talinn bundinn við það 237

Maður hafði spurst fyrir um það með símsk. til kaupm. hjer á landi, hvort hann vildi, eða vissi um aðra, sem vildu kaupa nokkrar útgerðarnauðsynjar, er útl. útgerðarfjel. átti hjer á landi. Kaupm. seldi nokkuð af nauðsynjum þessum umsvifalaust. Fyrirspurnarskeytið talið nægilegt umboð honum til handa 342

Bls.

J. hafði falið K. að taka við sínum hluta af andvirði selds báts og að borga nokkrar skuldir bátnum viðvíkjandi af því fje, eftir skuldalista, er J. hafði samið. Listinn týndist og hjelt J. því fram, að K. hefði borgað of mikið en skilað sjer of litlu. Í hjeraði var málið látið velta á eiði J. en hrj. dæmdi K. eftir upplýsingum fyrir rjettinum til að borga J. hluta af umstefndri upphæð 415

Spurning um skilning umboðs til umsjónar með og leigu á húsi 454

J. hafði í nafni firmans K. & J. keypt vörur af P. P. gefur út 2 umboð til þess að ganga eftir skuld út af kaupum þessum hjá K. & J. Í málinu neita K. & J. umboði J. til kaupanna og er J. þá stefnt tilkvaðningarstefnu. Hjeraðsd. vísar tilkv.málinu frá, af því að umboð Ps. nái ekki til þess, en hrj. ómerkti þann dóm af því að eðlilegast væri að skilja umboð Ps. svo, að það tæki einnig til málssóknar gegn J. 460

Umboðssala.

Talin heimild í venju að telja sjer umboðslaun af síldarsölu 33

H. forstöðumaður verslunarfjelags tekur við síld til sölu af F., er viðurkennir, að honum beri að greiða stimpilgjald, útflutningsgjald og útskipunarkostnað af síldinni. Nokkuð af henni fór í sjóinn við útskipun, er fisktökumaður verslunarfjel. annaðist að beiðni F. H. var krafinn f. h. verslunarfjel. um andvirði síldarinnar allrar, en hann krafðist sýknu verslfjel. m. a. og aðallega vegna þess, að fjel. væri ekki rjettur sakaraðili, heldur H. og hefði hann tekið síldina til umboðssölu. Hrj. fjelst í rauninni á þessa skoðun, en dæmdi þó versl.fjel. til bóta fyrir útskipaða og bjargaða hluta síldarinnar, þar eð F. hefði haft ástæðu til að telja H. umbm. fjel. við söluna. Að öðru leyti er H. sýknaður af skaðabótakröfunni með því að síldin, er fórst, var enn í ábyrgð eiganda .. 153

Nokkrir menn höfðu orðið ásáttir um að selja fisk sinn í sameiningu, svo sem áður hafði átt sjer stað þar um

Bls.

slóðir. Á stóð fyrir sölunni út á við og skiftu þeir fjelagar fiskverðinu síðan í hlutfalli við fiskeign hvers. Um ári síðar heimtaði Á. venjuleg umboðslaun, en þeirri kröfu hafnaði hrj., þar eð ekki hafði verið samið um umboðslaun Á. til handa, enda hann ekki stundað umboðssölu, en það hinsvegar upplýst, að ekki hefði verið venja að greiða umboðslaun í slíkum tilfellum áður, og Á. jafnvel haft orð á því, að hann hefði eigi gengist fyrir sölunni til að fá laun fyrir 548

K. hafði síld í umboðssölu fyrir H., en söluverðið varð svo lágt, að framlög K. urðu miklum mun meiri. Vildi H. þá ekki greiða mismuninn, sagði K. hafa ábyrgst sjer ákveðið verð, hafa dregið söluna of lengi og suma kröfuliði hans of háa og suma ósannaða. H. var sýknaður í hjeraði. Hrj. taldi H. hafa sent K. síldina í venjulega umboðssölu og K. ekki hafa ábyrgst neitt lágmarksverð og söludráttinn með vitund H. og vilja, en kröfuliði K. flesta sannaða og aðfinningar H. við þá að öðru leyti sump. óákveðnar og sump. of seint frambornar. Dæmdi því H. til að greiða K. umkrafða upphæð 639

Ó. hafði salt í umboðssölu frá H., B., sem á skuld hjá Ó., kaupir nokkuð af saltinu og telur saltverðið sem afborgun af skuld Ó. Síðar höfðar H. mál gegn B. til greiðslu saltverðsins. Hr. sýknaði B., bæði vegna þess, að eigi var sannað, að B. hefði vitað, að Ó. seldi saltið fyrir annan en sjálfan sig og vegna þess að B. hafði sent Ó. reikning yfir viðskiftin, þar sem saltverðið var látið koma til jafnaðar móti skuld Ós. og þeim reikningi eigi var mótmælt fyr en nálega ári síðar 674

Uppboð.

Kaupandi, sem riftir kaup vegna vanefnda seljanda, selur hið selda utan uppboðs og án aðvörunar til seljanda. Slík sala eigi talin sanna. hvert væri sannvirði hins selda 100

Uppboðshaldari hafði neitað veðeiganda í skrásettu skipi

Bls.

um rjett til að fá veðið útlagt til eignar fyrir hæsta boð. — Hrj. skyldaði uppboðsh. með tilvísun til 1. mgr. 5. gr. l. 56/1914 til að leggja veðhafa skipið út til eignar 348

Seljandi vöru, er kaupandi neitaði að taka við, seldi vöruna á uppboði er auglýst var í dagblaði degi áður en það fór fram, og birt kaupanda með stefnuvottum uppboðsdaginn. Gjaldfrestur var eigi veittur á uppboðinu. Í kaupsamningnum um vöruna var seljanda heimilað að ráðstafa vörunni fyrir reikning kaupanda ef hann greiddi eigi kaupverðið á tilteknum tíma. Hrj. taldi rjett að leggja verð það er fjekst fyrir vöruna á uppboði þessu til grundvallar við ákvörðun skaðabótakröfu seljanda 681

Útburður, sjá fógetagjörðir.

Útivistardómar.

99, 100, 146, 196, 217, 241, 256, 319, 324, 341, 392, 448, 472, 552, 584, 585, 586, 601, 608, 630, 654, 667, 698, 715.

Útsvar, sjá skattar og gjöld.

Valdstjórn.

Maður hafði fyrirfram ráðið mótstöðu og safnað liði gegn lögreglunni og beitt hana ofbeldi, er hún vildi framkvæma ráðstöfun, er heilbrigðisstjórn landsins hafði ákveðið. Hann dæmdur í betrunarhúsvist en nokkrir fjelagar hans í vatns og br. refsingu 278

Vátrygging.

Þrem mönnum refsað fyrir vátr.svik skv. 261. sbr. 55. gr. hegnl. fyrir að hafa sump. selt á leigu og sump. tekið á leigu skip, er skyldi sökt með altof hátt vátrygðum farmi 135

Veð.

Seljandi vjelbáts, er tekið hafði veð í bátnum, hirðir brot

Bls.

úr honum eftir að hann er strandaður og er það eigi talin sönnun þess, að kaupin hafi gengið til baka 4
G. veðsetur Á. að handveði hest fyrir 150 kr. skuld að því tilskyldu, að hesturinn skyldi verða eign Á. yrði skuldin eigi greidd á rjettum tíma. Staðfest í hrj. fógetagjörð þar sem G. var afhentur hesturinn úr vörslum Á., með því að G. hafði boðið fram borgun á rjettum stað og tíma 121
Ábyrgð kaupanda fasteignar gagnvart seljanda á veðskuld, er hann hafði tekið að sjer á eigninni, ekki takmörkuð við það, að veðið hrökkvi fyrir henni .. 294
Þingl. veðskuld í skrásettu skipi talin lögleg heimild fyrir veðhafa til að krefjast þess að fá skipið útlagt til eignar á uppboði fyrir hæsta boð 348

Veiðirjettur

í laxá talinn eign stefnda með því að veiðimörk þau, er áfr. hafði haldið fram í hjeraði, þóttu ekki geta komið til greina, enda hafði stefndi sannað veiði af sinni hendi þarna síðustu ár 506

Veitingar.

Leyfi til áfengisveitinga, er M. hafði haft áður en aðflutningsbannslögin 44/1909 gengu í gildi, en fallið hafði niður vegna þeirra laga, ekki talið komið í gildi aftur með gildistöku laga 9/1922, ts. 10/1922 nje rg. 65/1922 636

Verksamningur.

J. hafði tekið að sjer að leggja fram trjesmíðavinnu alla við hús, sem S. ætlaði að byggja, og skyldi fá 1500 kr. fyrir verkið, sem ekki var eindagað. Verkið varð þó ekki lyktað, með því að S. tók vinnuáhöld af J., sem leit svo á, að sjer þar með væri vísað burt. J. höfðaði síðan mál gegn S. til greiðslu eftirstöðva verkkaupsins, aukavinnu o. fl. S. játaði sig hafa tekið áhöldin af J. af því að J., að dómi útn. matsmanna, sem J. hafði hvorki verið kvaddur til að heyra út-

Bls.

nefnda nje gæta rjettar síns við matið, hefði unnið einn lið verksins, strigalagningu, svo illa, að næsti liður, veggfóðrun, hefði orðið til einskis. Kvaðst S. því hafa bægt J. frá þessu verki en ekki frá verkinu í heild sinni. — Hjeraðsd. taldi J. ólöglega vísað frá verkinu og dæmdi honum kr. 1005,43 af 1234,24 kr. kröfu. Hrj. staðfesti þann dóm, en færði tild. upphæð niður í kr. 827,43 vegna málfærslunnar í hrj. Hrj. taldi missmíði J. á strigalagningunni ekki svo mikilsvirði, að hún ætti að valda bótalausri brottvísun, enda ekkert leggjandi upp úr matinu af áðurgreindum ástæðum 693

Verslun.

Maður, sem aðallega verslaði með innlendan konfekt og súkkul., var kærður fyrir að hafa haldið búð sinni opinni lengur en leyfilegt var. Maðurinn, sem einnig hafði útl. varning (konf. og súkkul.) á boðstólum, bar fyrir sig, að hann hefði að eins verslað með innlenda varninginn eftir lögmæltan lokunartíma. En til þeirrar varnarástæðu ekki tillit tekið og maðurinn sektaður bæði í hjeraði og hrj. 452

Verslunarviðskifti

Z. ekki talinn hafa fært sönnur á 2000 kr. lið í reikningi sínum til M. og krafa Z. því færð niður að sama skapi ásamt vöxtum 56

G. hafði haldið því fram í hjeraði, að T.verslun hefði lofað sjer tilteknum viðskiftakjörum, sama verði og önnur nafngreind verslun og tiltekinni uppbót. Fyrir uppbótinni þótti engin sönnun færð og verðmunur þegar greiddur fyrir eitt árið, en verðmun annað árið skyldi B. fá bættan með því að forstöðum. T.-verslunar hefði heitið almenningi sama verði og yrði hjá hinni versluninni 509

Vettvangsmál.

Ágreiningur um niðurrif reykháfs í sambygðum húsum málsaðilja talið vettvangsmál, enda höfðu 2 með-

Bls.

dómsmenn verið notaðir í hjeraði, en ekki eiðfestir. Dómur því ómerktur 397

Vextir.

M. og V. fá að láni hjá E. veðskuldabrjef og láta innheimta það. Dæmdir til að greiða E. sömu vexti af upphæðinni og greiða átti skv. veðskuldabrjefinu .. 184

Viðskiftatilkynningar.

Seljandi síldar ekki talinn bundinn við sölu, enda þótt hann eigi hefði tilkynt riftun kaupsins, með því að eigi var sannað, að hann hefði fengið tilkynningu um söluna, er fór fram fyrir milligöngu þriðjamanns .. 38

Vinnusamningar, sjá samningar.

Vitnaleiðsla.

Fulltrúi hafði skipað sæti vitnadómara án þess að ástæðu væri getið. Aðfinning 21, 25

Vitnaleiðsla, sem fram hafði farið eftir uppsögn dóms og án þess að stefnda í aðalmálinu væri gefinn kostur á að gæta rjettar síns, talin markleysa 444

Víxlar.

E. hafði gefið út víxil á hendur Þ., er síðan samþ. víxilinn. — Á framsíðu víxilsins var ritað: „Víxillinn greiðist til O. J. skipstjóra.“ En aftan á venjul. eyðuframsal frá E. — Víxillinn var afsagður á heimili Ó. J. en ekki Þ. — Hjeraðsd. taldi víxilinn vistaðan en hrj. ekki. E. því sýknaður af kröfum O. J vegna rangrar afsagnar 325

Afsagnargerð á heimili víxileiganda skv. samningi talin lögleg skv. 89. gr. víxill. Víxilskuldari því dæmdur 335

Falsað nafn 3ja manna undir 2 víxla 366

Maður hafði gefið út víxil en víxileigandi fært víxilupph. sem greiðslu inn í reikning víxilskuldara áður en eigandi höfðaði víxilmál útaf víxlinum. — Hjeraðsd. frávísaði málinu þar eð skuldin væri eigi lengur

Bls.

víxilskuld, en hrj. ómerkti þann dóm og heimv. málinu til lögl. meðf. 484

Víxilskuldari, sem átti heima í sömu þinghá (Rvík) og víxillinn átti að greiðast, var lögsóttur skv. l. nr. 33/1911, en hann heimtaði frávísun, af því að lögin ættu ekki við, er svo stæði á. Frávísunarkröfunni var hrundið af báðum rjettum, þar eð þetta fjelli undir orð laganna „sama lögsagnarumdæmi" án greinarmunar eftir þinghám, enda tilgangurinn að leyfa málsókn gegn fleiri víxilskuldurum í einu máli 516

Vörumerki.

H. hafði í eigin nafni fengið skrásett vörumerki á rafmagnstækjum, er útlend verksmiðja framleiðir, en nokkru eftir að auglýsing um skrásetninguna fór fram, auglýsti C. vörur til sölu og seldi frá sömu verksmiðju, er hann hafði fengið fyrir milligöngu umboðsm. verksmiðjunnar í framandi landi. C. sektaður í báðum rjettum og talið óheimilt að hafa slíka vöru til sölu 473

Þingafglöpun.

Málskostnaður lagður á hjeraðsdómara fyrir þingsafglöpun 297

Hjeraðsd. hafði dæmt mann, sækjanda, útaf kröfum stefnds, sem hvorki hafði verið leitað sætta um nje stefnt fyrir. — Hrj. vítti þetta og dæmdi hjeraðsd. til að greiða áfr. 400 kr. málsk. fyrir hrj. 327

Dómari sektaður fyrir ýms þingsafglöp og dæmdur in solidum með aðalstefnda að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti 657

Þjófnaður.

A. Einf. þjófnaður.

Tæplega 18 ára gamall maður stal nokkrum munum, þar á meðal kvennúri, á heimili, þar sem hann hafði notið gistingar og flutnings ókeypis. Dæmdur samkv. 230. sbr. 38. gr. hegnl. en skilorðsb. dómi 77

Bls.

Skipstjóri hafði með allri skipshöfn sinni (11 m) stolið netum með fiski úr sjó. Dæmdur skv. 230 gr. hgl. 135

15 menn höfðu verið ákærðir fyrir brot á XXIII. kap. hegnl., 3 voru sýknaðir í hjeraði, 6 dæmdir skilorðsb. dómi og 6 enn dæmdir, og dómi yfir þeim einum áfrýjað. Þeir allir dæmdir í hrj., fyrir þjófnað og hilmingu 3 og 3 fyrir hilmingu að eins 158

Dæmt skv. 232. gr. hgl. fyrir töku á trjávið 274

Maður dæmdur fyrir nokkur þjófnaðarbrot eftir 230. gr. sbr. 65. og 232. gr. hegnl. 290

Maður, er áður hafði verið dæmdur skv. 230. og 231. gr. hegnl., fór innum gluggaop, eftir að hafa tekið gluggann úr, í verslunarbúð og stal þar bæði peningum og öðrum munum og síðan stal hann á sama stað rjólbita, meðan hann var að tala við kaupmanninn. Hrj. dæmdi skv. 232. sbr. 40. gr. hegnl. 448

B. Stórþjófnaður.

Maður fór inn um glugga í læstri skemmu og stal litlu af sykri 77

Tveir menn, er farið höfðu inn í lokuð hús til að stela, ýmist þannig, að þeir opnuðu með þjófalyklum, stolnum lyklum, sprengdu upp hurð eða tóku negldar fjalir frá brotnum glugga, dæmdir fyrir innbrot samkv. 231., sbr. 55. gr. hegnl. 158

K. hafði farið inn um rúðuop, sem fjalir höfðu verið negldar fyrir með smánöglum, til þess að stela, og stolið úr húsinu (versl.búð undir íbúðarherb.) kassa með um 200 kr. í pen. og nokkrum skjölum. — Dæmdur samkv. 4. lið 231. gr. hegnl. 263

B. sprengdi upp loft í hjalli, braut þar upp læsta kistu og stal úr henni peningum, dæmdur skv. 4. lið 231. gr. hegnl. 274

Farið inn um glugga á verslunarbúð og stolið 448

Maður fór inn um brotna rúðu á aflæstri hurð og stal úr herbergi 30 kr. í pen., hafði tæpum 2 árum áður fengið skilorðsb. dóm fyrir einf. þjófnoð, og var í hrj. dæmdur skv. 232. gr. hegnl. 668

Bls.

Ærumeiðingar.

Dómari hafði í rannsókn út af ólögl. áfengisávísunum læknis til lyfja lagt fram: „Skrá yfir nokkra menn, er lögreglustjóri telur, að ekki sje trúandi fyrir áfengi í stórskömtum sem læknislyfi". Maður, sem stóð á skránni, höfðaði meiðyrðamál gegn dómaranum. — Hrj. sýknaði dómarann, af því að skráin hefði, að áliti dómarans, verið liður í rannsókn og þetta álit dómarans studdist við vitnisburði um ölhneigð hlutaðeigandi 357, 480, 524

Íslandsbanki hafði lögsótt Ó. ritstjóra með 5 sjerstökum málum til sekta fyrir meiðyrði og til skaðabóta fyrir álitsspjöll í 5 sjálfstæðum greinum og hafði Ó. verið sektaður í öllum málunum fyrir meiðyrði og þau ómerkt, en dæmdur í einu lagi í 1. málinu til skaðabóta fyrir allar greinarnar.

Hrj. staðfesti síðastnefndan dóm, er einum var þangað skotið 377

Móðgandi og óvirðandi atferli, samkv. 219. gr. hegnl., að negla aftur hurð að kjallaraherbergi meðan áfrýjandi, kona, var þar inni að þvottastörfum 393

S. hafði fyrir stjórnarráðinu kært G. hjeraðsdómara fyrir að hafa ekki lesið stefnuna í máli, er G. dæmdi og með því vanrækt dómaraskyldu sína, og krafðist, að G. yrði látinn sæta alvarlegri ráðningu eða áminningu. Þessi ummæli o. fl. ómerkt og S. sektaður í hjerаði um 60 kr. en í hrj. um 50 kr. 527

Prentvillur.

Bls. 3, sjá leiðrjettingar.
— 50, 2. l. o. fyndi l. findi.
— 62, 2. l. o. Gunnar l. Gunnars.
— 88, 17. l. o. mest l. næst.
— 92, 9. l. n. hegar l. þegar.
— 154, 16. l. n. stefnd l. stefnda.
— 181, 9. l. o. 138. gr. l. 38. gr.
— 238, 11. l. o. Ibza l. Ibiza.
— 310, 15. l. o. sumning l. samning og 14. l. n. samarið l. sumarið.
— 335, 2. l. o. Jóhsnnsson l. Jóhannsson.
— 390. 12, l. n. Reyja- l. Reykja-
— 454, 12. l. o. Sigbirn l. Sigbirni.
— 528, 1. l. o. þv l. því.
— 552, Á eftir 6. l. o. komi: Málssókn þessi fellur niður.
— 659, 14. l. n. aðalstefnanda l. aðalstefnda.
— 662, 6. l. n. 80 l. 20.
— 695. 6. l. o. 175 l. 173.

Efnisskrá.

		Dómur	Bls.
1.	Hreppsnefnd Hvolhrepps gegn Sæmundi Oddsyni o. fl. um forkaupsrjett sveitarfjelags að jörð . .	10/1	127
2.	Rjettvísin gegn Hallgrími Finnssyni, Geir Pálssyni og Elíasi F. Hólm. Brot á 288, 261 og 230. gr. hegningarlaganna	14/1	135
3.	Hreppsnefnd Mosvallahrepps gegn Pjetri A. Ólafssyni, um útsvarsskyldu	31/1	144
4.	Jón S. Pálmason gegn hreppsnefnd Þverárhrepps. Útivistardómur	21/2	146
5.	H/f. Kveldúlfur gegn Ólafi Þorvaldssyni, um skaðabætur fyrir tjón af bifreiðarakstri	2/3	147
6.	Magnús Magnússon gegn Finnboga G. Lárussyni, viðvíkjandi útburði af jörð	7/3	150
7.	Sveinn Magnússon gegn Þóru Guðmundsdóttur Frávísunardómur	14/3	153
8.	Hallgrímur Davíðsson f. h. h/f. Carl Höepfner, Akureyri gegn Sveini Frímannssyni, viðvíkjandi vangreiðslu síldarandvirðis	18/3	153
9.	Rjettvísin gegn Vidar Vik o. fl. fyrir brot á 23. kap. hegningarlaganna	4/4	158
10.	Emil Randrup gegn Vidar Vik, viðvíkjandi ábyrgð samskuldara	4/4	184
11.	Karl Nikulásson gegn bæjarstjórn Akureyrar, útaf álagning aukaútsvars	15/4	187
12.	Gunnlaugur Kristmundsson gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, útaf launum barnakennara . . .	20/4	189
13.	Hreppsnefnd Kjósarhrepps gegn Jes Zimsen, um útsvarsskyldu	27/4	194
14.	Ólafur V. Davíðsson gegn Guðmundi Ólafssyni f. h. G. Albertssonar. Frávísunardómur	29/4	195
15.	Bjarni Sigurðsson gegn Gunnari Sigurðssyni. Útivistardómur	s. d.	196
16.	Gísli J. Johnsen gegn skiftaráðandum í Vestmannaeyjum o. fl. Ómerkingardómur	22/6	197

		Dómur	Bls.
17.	Valdstjórnin gegn Guðjóni Jónssyni. Ólöglegur bifreiðarakstur	14/10	198
18.	Ólafur Jóhannesson gegn Einari M. Jónassyni Frávísunardómur	21/10	202
19.	Pjetur A. Ólafsson gegn Valdemar Thorarensen, um leigu á síldarsöltunarstöð	28/10	202
20.	Sveinn Björnsson f. h. A/S. „Thore“ gegn Geo. Copland, út af skipsleigu	31/10	207
21.	Sveinn Ólafsson gegn Sigurði Eiríkssyni. Ómerkingardómur	2/11	210
22.	Sigurjón Benediktsson gegn Sigtryggi Jónssyni. Ómerkingardómur	14/11	211
23.	Valdimar Sigurðsson gegn Sigfúsi Sveinssyni, spurning um kaup á beitusíld	30/11	213
24.	Guðmundur Guðnason gegn Gísla Þorbjarnarsyni. Útivistardómur	30/11	217
25.	Jón Benediktsson gegn Pjetri Guðmundssyni o. fl. Landamerkjamál. Ómerkingardómur	19/12	218
26.	Hreppsnefnd Gerðahrepps gegn Lárusi Fjeldsted. Víxilmál. Ómerkingardómur	20/12	220
27.	Jón Laxdal gegn Gísla Sveinssyni f. h. C. A. Kruuse, um skaðabætur fyrir vanefndir farmsamnings . .	10/1	223
28.	Einar Benediktsson gegn Gísla Sveinssyni, um ábyrgð skiftaráðanda á arfahluta manns	18/11	225
29.	Bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar gegn Ólafi Davíðssyni f. h. Leonh. Tang & Søn, út af lóðarspildu	20/11	226
30.	Valdemar Thorarensen f. h. Carl Sæmundsen & Co. gegn Ragnari Ólafssyni, um riftun síldarkaupa	1/12	228

Efnisskrá.

		Dómur	Bls.
1.	Sveinn Jón Einarsson gegn Þóraini Brandssyni, útaf skaðabótum vegna líkamsmeiðsla	$^{11}/_{1}$	587
2.	Guðmundur Jónsson gegn Guðrúnu Jónsdóttur. Frávísunardómur	$^{11}/_{1}$	592
3.	Gunnlaugur Stefánsson gegn Guðm. Kr. Guðmundssyni. Umboðssala	$^{21}/_{1}$	593
4.	Fjármálaráðh. f. h. ríkissjóðs gegn Íslandsbanka. Seðlaafgjald	$^{28}/_{1}$	595
5.	H/f. Geir Thorsteinsson & Co. gegn Guðm. Sveinssyni. Útivistardómur	$^{30}/_{1}$	601
6.	Hreppsnefnd Miðneshrepps gegn Bjarna Ólafssyni vegna m/b. Hrafn Sveinbjarnarson. Útsvarsmál. Takmörk Faxaflóa að suðvestan	$^{27}/_{2}$	601
7.	Pjetur Magnússon f. h. P. W. Jakobsen & Sön gegn Árna Jónssyni. Spurning um greiðslu í ísl. eða dönskum krónum	$^{29}/_{2}$	604
8.	Leifur Sigurðsson gegn skiftaráðanda Rvíkur f. h. þb. Sigurjóns Pjeturssonar. Útivistardómur . . .	$^{29}/_{2}$	608
9.	H. Benediktsson & Co. gegn skiftaráðanda Gullbr.- og Kjósarsýslu f. h. þb. M. Þórðarsonar. Frávísunardómur	$^{7}/_{3}$	608
10.	Aðalpóstmeistari f. h. póststjórnarinnar gegn P. A. Ólafssyni. Ómerktur skiftarjettarúrskurður . . .	$^{17}/_{2}$	610
11.	Jóhs. J. Reykdal gegn bæjarstjórn Hafnarfjarðar-kaupstaðar. Merkjadómur ómerktur	$^{17}/_{3}$	612
12.	Magnús Þórðarson gegn Arinbirni Ólafssyni. Spurning um hvort undirdómstóllinn var löglegur . .	$^{17}/_{3}$	614
13.	Gísli J. Johnsen gegn skiftaráðanda Vestmannaeyja o. fl. Frávísunardómur	$^{17}/_{3}$	618
14.	Valdstjórnin gegn Gesti Guðmundssyni. Bannlagabrot	$^{19}/_{3}$	619
15.	Valdstjórnin gegn Guðm. Jónatanssyni o. fl. Reglur um mjólkursölu á Ísafirði	$^{21}/_{3}$	625

		Dómur	Bls.
16.	Einar Ríseberg gegn Magnúsi Kjartanssyni. Útivistardómur	31/3	630
17.	Einar Ríseberg gegn Árna Árnasyni. Útivistardómur	31/3	630
18.	Elías Jónsson gegn Guðrúnu Ottósdóttur. Barnsfaðernismál	9/4	631
19.	Valdstjórnin gegn Margrjeti Zoëga. Gildi vínveitingaleyfis	9/5	636
20.	G. E. Benediktsson f. h. H. H. Kristensen A/B gegn Lyder Höydahl. Útaf síldarsölu	14/5	639
21.	Þorsteinn Gunnarsson gegn Vald. Poulsen. Lóðamerkjamál	23/5	644
22.	P. Mogensen f. h. Áfengisverslunar ríkisins gegn bæjarstjórn Reykjavíkur. Útsvarsmál	30/5	647
23.	Helgi Benediktsson gegn Helga I. Bachmann. Útivistardómur	30/5	654
24.	Valdstjórnin gegn Sigurði Sigurðssyni. Brot á botnvörpuveiðalögunum	20/6	654
25.	Kr. Kristjánsson gegn H. B. Stephensen og Einari Jónassyni sýslumanni. Ómerkingardómur	23/6	657
26.	Rjettvísin og valdstjórnin gegn Sigurði Berndsen og valdstjórnin gegn Guðm. Þorkelssyni. Brot á bannlögunum og 156. gr. hegningarlaganna	17/9	661
27.	H. Benediktsson & Co. gegn Geo. Copland o. fl. Útivistardómur	29/9	667
28.	Bogi A. J. Þórðarson gegn Halldóri Jónssyni. Útivistardómur	29/9	667
29.	Valdstjórnin gegn Kristjáni Vigfúsi Kristjánssyni. Þjófnaður	1/10	668
30.	Valdstjórnin gegn Sveini Sveinssyni. Bannlagabrot	8/10	670
31.	H. Benediktsson & Co. gegn Verslun Böðvarssona. Um rjett áfrýjanda til andvirðis salts, sem stefndi fjekk hjá þriðjamanni	17/10	674
32.	Einar Þorgilsson gegn Jóni Bjarnasyni. „Alment fiskverð?“	20/10	678
33.	O. Ellingsen gegn A. Obenhaupt. Rgj. nr. 120/1918	3/11	681
34.	Rjettvísin gegn Kristjáni Kjartanssyni. Símskeytisfölsun	5/11	685
35.	Hreppsnefnd Eyrarhrepps gegn Jóh. J. Eyfirðing & Co. Útsvarsmál	17/11	689

		Dómur	Bls.
36.	Hans R. Þórðarson gegn Jóh. Kr. Jóhannessyni. Útaf riftun verksamnings	$^{21}/_{11}$	693
37.	Árni Sveinsson gegn Halldóri Pálssyni. Útivistardómur	$^{28}/_{11}$	698
38.	Gestur Guðmundsson gegn Karli Guðmundssyni. Útivistardómur	$^{28}/_{11}$	698
39.	Sigm. Sæmundsson gegn H/f. Samein. ísl. versl. og O. Gíslasyni. Ómerkingardómur	$^{5}/_{12}$	699
40.	Kaupfjelag Austfjarða gegn Stefáni Th. Jónssyni. Útaf geymslu á kolum	$^{10}/_{12}$	701
41.	Guðrún G. Björns gegn Birni Eyjólfssyni. Skaðbætur vegna bifreiðarslyss	$^{12}/_{12}$	705
42.	S. Briem f. h. póststjórnar Íslands gegn Ólafi Jónssyni. Útaf útborgun póstávísunar	$^{15}/_{12}$	712
43.	Anna Friðriksson gegn Margrjeti Árnason. Útivistardómur	$^{19}/_{12}$	715
44.	Valdstjórnin gegn Guðm. Guðnasyni og Sig. Guðbrandssyni. Brot á botnvörpuveiðalögunum . . .	$^{20}/_{12}$	716

Efnisregistur yfir 1.—5. árg., þ. e. I. bindi dómanna, kemur innan skamms.

Hæstarjettardómar

Útgefandi: Hæstarjettarritari.

1. árgangur. 1920.

Mánudaginn 16. febrúar.

Nr. 30/1919. **Sveinn Magnússon.**
gegn
Ingibjörgu Þorsteinsdóttur

um tilkall til reka.

Dómur aukarjettar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 17. des. 1918: Stefndi Sveinn Magnússon á Setbergi greiði Ingibjörgu Þorsteinsdóttur á Bjargi andvirði rekaspýtu, er rak fram undan lóð Sveins um síðastliðin áramót með 65 kr. og 12 kr. í málskostnað. Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hæstarjettar.

Áfrýjandi krefst þess hjer fyrir rjettinum, að máli þessu verði vísað frá undirrjetti sökum þess að stefnda hafi ekki mætt sjálf á sættafundi í því, heldur sent annan mann í sinn stað án þess að sanna forföll, en þar sem stefnda sendi hæfan mann á sættafundinn getur þetta ekki valdið frávísun málsins, og með því að áfrýjandi hreyfði engum mótmælum fyrir undirrjetti gegn umboðsmanni stefndu eða vefengdi að hún hefði haft lögleg forföll, eru mótmæli gegn þessu nú of seint framkomin og verður því ekki tillit til þeirra tekið.

Vefenging áfrýjanda á því, að rekarjettur fylgi býlinu Bjargi, er svo óljós og óákveðin að til hennar verður ekkert tillit tekið, og þarsem fallist verður á það álit undirdómarans að rekarjettur hafi ekki fylgt með í kaupunum á lóðarstykki því, er ræðir um í málinu, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Í málskostnað fyrir hæstarjetti greiði áfrýjandi stefndu 75 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandi Sveinn Magnússon greiði stefndu Ingibjörgu Þorsteinsdóttir 75 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri lagaaðför.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með sáttakæru útgefinni 8. júlí þ. á. hefir stefnanda Ingibjörg Þorsteinsdóttir, stefnt Sveini Magnússyni á Setbergi til að greiða sjer andvirði rekaspýtu, er síðastliðinn vetur hafi rekið á Bjargslandi niður undan lóð Sveins Magnússonar, með 65 kr. og málskostnað.

Hefir stefndi haldið því fram, að hann ætti umrædda rekaspýtu, af því að hana hafi rekið á sína lóð. Ennfremur hefir hann krafist þess, að stefnanda kæmi fram með vottorð um, að hún ætti allan reka fyrir Bjargslandi.

Hvað hinni síðari kröfu stefnda viðvíkur, þá er svo að sjá af málsskjölunum, sem stefnanda sje ábúandi Bjargs, og þau bera það einnig með sjer að maður hennar hafi selt stefnda lóðarspildu úr Bjargslandi, er hann þá hefir átt, og er ekkert upplýst í málinu, er bendi til þess að jörðin, að nokkru eða öllu leyti, hafi gengið úr eign ekkjunnar og því síður að rekarjetturinn hafi verið undanskilinn leiguliðafnotum hennar, ef jörðin að einhverju leyti hefir gengið úr eign hennar. Það hefir því ekkert komið fram í

málinu, er bendi til þess að annar en stefnanda sje eigandi rekans fyrir Bjargslandi, og er því ekki hægt að vísa málinu frá fyrir það, að stefnanda sje ekki rjettur málsaðili.

Hvað viðvíkur kröfu stefnda til spýtunnar af því að hann eigi lóð þá, er spýtuna rak upp á, þá er ekki málið þannig upptekið, eða rekið, að hjer geti orðið úrskurðað um takmörk á lóðarspildu stefnda og því ekki hægt að byggja dóm í málinu á þeirri kröfu.

Samkvæmt rskj. 3, sem stefnanda hefir lagt fram í málinu, hefir stefndi aðeins keypt „lóðarstykki" úr Bjargslandi, en í kaupsamningnum er ekkert tekið fram um að rekarjettur fylgi með í kaupunum og verður því ekki hægt að líta svo á að svo hafi verið, þar sem hvorttveggja er, að hið selda er aðeins nefnt „lóðarstykki", enda er rekarjettur sjerstakur rjettur, sem jörðum fylgir og sjerstök ákvæði um hann í lögum, og hefði því þurft að taka það fram í kaupsamningnum ef rekarjettur jarðarinnar hefði að einhverju leyti átt að fylgja með í sölunni til stefnda.

Stefndi hefir ekki gjört neinar aðrar kröfur en að framan eru greindar í máli þessu og því ekki hægt að taka nein fleiri atriði til greina í dómnum.

Samkvæmt framansögðu ber að dæma stefnda Svein Magnússon á Setbergi til að greiða stefnöndu Ingibjörgu Þorsteinsdóttur á Bjargi andvirði rekatrjes, sem rak um s. l. áramót fram undan lóð stefnda, með 65 kr. og málskostnað, er virðist hæfilega metinn 12 kr.

LEIÐRJETTINGAR.

Bls. 4, 14. l. n. „Hingið" l. Hingað; 13. l. n. „stefnu" l. stefndu.
— 5, 1. l. o. „þess þess" l. þess.
— 6, 3. l. n. „á hinu" l. í hinn.
— 11. 4. l. n. „Rjettvísin" l. Rjetturinn; „stefnendanum" l. stefnendunum; s. bls., 2. l. n. „hann" l. hans.
— 12, 13. l. o. „stefndnandanum" l. stefnandanum.
— 14, 17. l. o. „notariskt" l. notoriskt.

Nr. 38/1919

Í oftur Loftsson
gegn
Þorsteini Árnasyni, Ingibergi Þorkelssyni, Katli Ketilssyni og Magnúsi Ketilssyni

um greiðslu 5000 kr. ásamt 6% ársvöxtum frá 29. sept. 1916 til greiðsludags.

Dómur gestarjettar Reyjavíkur 27. desbr. 1918.: Hinir stefndu Þorsteinn Árnason, Ingibergur Þorkelsson og Magnús Ketilsson greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn stefnandanum Lofti Loftssyni 5000 Kr. með 6% ársvöxtum frá 29. september 1916 til greiðsludags, og 100 krónur í málskostnað innan þriggja sólahringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Þess var sjerstaklega krafist í gestarjettinum, að stefndi Ketill Ketilsson í Kotvogi yrði sýknaður, en sýknu hans er aðeins getið í forsendum dómsins en eigi í dómsorðinu. Hingið hefir dómnum verið skotis með gagnstefnu af hendi allra hinna stefnu og sýknu og málskostnaðar sjerstaklega krafist handa Katli. Þá kröfu hans verður að taka til greina. Að öðru leyti á gestarjettardómurinn að vera óraskaður, þareð eigi er heimilt að láta úrslit málsins, að því er Ketil snertir, velta á eiði hans.

Samkvæmt þessu þykir rjett, að áfrýjandi greiði Katli málskostnað hjer í rjettinum og ákveðst hann eftir atvikum 25 kr. Að öðru leyti á málskostnaður hjer að falla niður.

Það er aðfinningarvert að málaflutningsmaður áfrýjanda fyrir gestarjettinum hefir 7 sinnum fengið framhaldsfrest ofan á 7 daga frest eða alls haft 105

daga frest, án þess þess það sjáist, að nokkur þörf hafi verið fyrir þenna langa frest.

Því dæmist rjett vera:

Ketill Ketilsson á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda. Að öðru leyti á gestaréttardómurinn að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Loftur Loftsson, greiði Katli Ketilssyni 25 kr. málskostnað í hæstarjetti. Að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri laga aðför.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er með stefnu útgefinni 24. október f. á. höfðað fyrir gestarjetti Reykjavíkur af Lofti Loftssyni, kaupmanni hjer í bænum gegn Þorsteini Árnasyni á Búðarbakka, Ingibergi Þorkelssyni í Kirkjuvogi, Katli Ketilssyni í Kotvogi og Magnúsi Ketilssyni í Kirkjuvogi, öllum í Hafnahreppi í Gullbringusýslu, og hefir stefnandi krafist þess, að stefndir verði einn fyrir alla og allir fyrir einn dæmdir til að greiða sjer 5000 krónur með 6% ársvöxtum frá 29. september 1916 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndir hafa krafist sýknunar af kröfum stefnanda á hendur þeim í málinu og málskostnaðar hjá honum að skaðlausu eða eftir mati rjettarins.

Málavexir eru þeir, að 29. september 1916 seldi stefnandi og nokkrir menn fleiri, er hafa gefið honum innheimtuumboð fyrir sína hönd, hinum stefndu mótorbátinn „Baldur" fyrir 7000 krónur.

Borguðu þeir þá þegar 2000 krónur upp í andvirði bátsins og gáfu út skuldabrjef með fyrsta veðrjetti í honum fyrir eftirstöðvunum; skyldu þær greiðast í 5 afborgunum, hin fyrsta 20. maí 1917, en öll skuldin vera fallin í gjalddaga ef veðið rýrnaði eða hver afborgun yrði eigi greidd í gjalddaga. Af skuldinni skyldu þeir greiða 6% p. a., svara til sakar í máli út af henni fyrir

gestarjetti Reykjavíkur með hálfs mánaðar fyrirvara og greiða þar allan málskostnað. Veðskuldabrjef þetta er undirskrifað hjer í bænum af hinum stefndu, Þorsteini, Ingibergi og Magnúsi og af Þorsteini eftir umboði Ketils Ketilssonar.

Stefndir hafa haldið því fram, að eftir að kaupin voru gjörð og þeir af þeim, sem hjer voru, hafi ætlað að sigla bátnum suður í Hafnir, hafi það komið í ljós, að ýmislegt hafi vantað af því, sem bátnum hafi átt að fylgja eftir afsalinu, hafi þeir gengið eftir því hjá stefnanda, en ekki fengið. Hafi þeir svo lagt á stað á bátnum eftir nokkra daga, óvátrygðum, og lent á grynningum sakir óveðurs og þess að þeir voru kompáslausir og báturinn orðið að strandi. Þá hafi stefndur Ketill Ketilsson, sem að eins hafði verið tiltal um að yrði með í kaupunum, horfið frá frá því, og því aldrei veitt umboð til að skrifa undir veðbrjefið frá 29. september 1916 fyrir sína hönd, eins og til hafi verið ætlast. og eigi því að vera sýkn af kröfum stefnanda þegar af þeirri ástæðu, en hinir aðrir stefndu af því, að það hafi verið stefnanda og hinum öðrum meðeigendum hans að kenna, hvernig fór með bátinn. Loks hafa stefndir haldið því fram, að stefnandi hafi með því að láta hirða það sem hirt varð af bátnum eftir strandið, gefið í skyn og vakið hjá þeim þá trú, að stefnandi og hinir aðrir meðeigendur hans að bátnum ætluðu að láta kaupin ganga til baka og sjer nægja þær 2000 krónur, er þeir höfðu fengið og brakið úr bátnum.

Að því er stefndan Ketil Ketilsson snertir, þá hafa gegn neitun hans engar sönnur verið á það færðar, að hann hafi verið búinn að ákveða sig til að vera með í kaupinu á bátnum eða að hann hafi fyr eða síðar veitt Þorsteini Árnasyni umboð til þess að undirskrifa veðskuldabrjefið frá 29. september fyrir sína hönd. Verður því að taka sýknunarkröfu hans til greina, en rjett þykir að málskostnaður falli niður að því er hann snertir.

Það er hins vegar ómótmælt í málinu, að hinir aðrir stefndu hafi veitt bátnum móttöku og farið á honum hjeðan án þess að þeim hafi gegn neitun stefnanda tekist að sanna, að sölusamningurinn hafi verið vanhaldinn af hans hálfu, svo að það varði honum ábyrgðar. Stefndir hafa heldur eigi fært sönnur á gegn neitun stefnanda, að honum verði sök á því gefin að þeir fóru á bátnum óvátrygðum. Þvert á móti hafa stefndir á hinu framlagða veðskuldabrjefi skuldbundið sig til þess að hafa bátinn jafnan vátrygðan fyrir að minsta kosti 5000 krónum.

Þar sem seljendur höfðu veð í bátnum fyrir eftirstöðvum af kaupverði hans, verður eigi litið svo á, að stefnandi hafi með afskiftum sínum af björgun bátsins eftir strandið vakið hjá hinum stefndu þá trú, að kaupin ættu að ganga aftur.

Það verður því að telja þrjá hina stefndu bundna við ákvæði veðskuldabrjefsins og dæma þá in solidum til að greiða stefnandanum hinar umstefndu 5000 krónur með vöxtum eins og krafist er, og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 100 krónur.

Nr. 40/1919. **Bæjarstjórn Reykjavíkur**
gegn
Jóni Thorsteinsson.

um greiðslu erfðafestugjalds.

Úrskurður fógetarjettar Reykjavíkur 11. jan. 1919: Hin umbeðna gjörð á ekki fram að fara.

Dómur hæstarjettar.

Með því að gjaldkvöð sú, sem lögð var á hið úthlutaða svæði með útmælingargjörð 18. maí 1860, gat eigi fallið niður fyrir hefð samkvæmt 6. gr. í lögum nr. 46, 10. nóv. 1905, og með því að eigi er í öðrum lögum heimild til að telja nefnt svæði leyst undan greindri kvöð, verður að líta svo á, að hún sje enn í gildi. Verður því samkvæmt kröfu áfrýjanda að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð og leggja fyrir fógetann að framkvæma hið umbeðna lögtak fyrir árgjaldinu fyrir árið 1917, en lögtaksrjettur fyrir árgjaldinu 1916 var fallinn burtu, er lögtaksins var beiðst, 28 sept. 1918.

Það þykir rjett að málskostnaður fyrir hæstarjetti falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera ómerkur, og ber fógetanum að framkvæma hið umbeðna lögtak á erfðafestugjaldinu fyrir árið 1917. Málskostnaður fyrir hæstarjetti falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Gjörðarbeiðandi bæjarstjórn Reykjavíkur hefir krafist að lögtak verði gjört hjá gjörðarþola Jón Thorsteinson, fyrir gjaldi á erfðafestulandi, sem liggur hjá Grst., og byggir hún þá kröfu sína á því að eiganda Grímsstaða hafi verið útmælt land þetta til erfðafestu árið 1860.

Gjörðarþoli hefir aftur mótmælt gjörðinni og byggir þau mótmæli á því, að hann hafi keypt land þetta til fullrar eignar árið 1880 og leggur fram þinglesið afsalsbrjef því til sönnunar og að hann hafi ávalt álitið það og notað sem fullkomna eign sína, enda aldrei verið krafinn um erfðafestugjald fyr en 1916 og þá neitað að borga. Það verður nú að álíta að gjörðarþoli hafi fengið landið í góðri trú sem fullkomna eign, eftir því sem hið framlagða afsalsbrjef er orðað og eftir bókun hans, enda hefir ekkert komið fram af hálfu gjörðarbeiðanda frá 1880—1916, er spilt gæti þeirri trú hans, þar sem hann eigi hefir verið krafinn um gjaldið allan þann tíma og eigi verið á það minst. Virðist því svo sem gjörðarþoli hafi unnið fullkominn eignarrjett yfir landi þessu með hefð og verður því að taka mótmælin til greina.

Nr. 62/1919. **R. P. Levi** og **Jensen-Bjerg**
gegn
Theodor Johnson.

um vanefndir leigusamnings.

Dómur gestarjettar Reykjavíkur 25. júní 1919: Stefndur, Theodor Johnson, á að vera sýkn af kröfum stefnendanna R. P. Levi og J. L. Jensen-Bjerg í þessu máli.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Þó að skoðunargjörðin 15. maí f. á., sem stefndi átti eigi kost á að vera við, yrði engu að síður metin gild, álítst eigi sannað með henni, að viðhaldi hins leigða hafi verið svo ábótavant af hendi stefnda, að um verulegar vanefndir á leigusamningnum hafi verið að ræða, svo að stefndi fyrir þá sök hafi fyrirgert leigurjettinum samkvæmt 6. gr. samningsins. Hins vegar verður að telja það upplýst í málinu, að áfrýendur hafi sjálfir, eftir að þeir eignuðust Hotel Island, fylgt þeim skilningi á ákvæði 7. gr. samningsins um framleigu, sem stefndi heldur fram, enda var þeim, er þeir keyptu húsið, kunnugt um framleigu stefnda á því.

Að þessu athuguðu, og að öðru leyti samkvæmt ástæðum hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann

Í málskostnað fyrir hæstarjetti gerist áfrýendunum að greiða stefnda 75 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Áfrýendurnir, R. P. Levi og Jensen-Bjerg, greiði stefnda Theodor Johnson 75 krónur í málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri laga-aðför.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er með stefnu útgefinni 4. janúar þ. á. höfðað fyrir gestarjettinum af eigendum húseignarinnar „Hótel Ísland« hjer í bænum kaupmönnunum R. P. Levi og J. L. Jensen-Bjerg gegn Theodor Johnson, bryta á e.s. „Gullfoss“ út af rofum á leigusamningi um hluta af tjeðri húseign, dags. 19. janúar 1915, og

hafa stefnendurnir gjört þær rjettarkröfur, að stefndi verði dæmdur til þess að rýma hið leigða húsnæði tafarlaust, að greiða jafnframt eins árs húsaleigu, 5040 krónur, að láta bæta skemdir þær, sem hafa orðið á húsnæðinu, og að greiða þeim málskostnað að skaðlausu.

Stefndur hefir hins vegar krafist sýknunar af öllum kröfum stefnenda og sjer dæmdan hæfilegan málskostnað hjá þeim in solidum eftir mati rjettarins.

Hinn 19. janúar 1915 gerði stefndur samning við þáverandi eigendur „Hótel Ísland", h.fj. „Borg" um leigu á ákveðnum hluta af tjeðri húseign til 5 ára frá 1. apríl s. á. að telja en með kaupsamningi dags. 23. maí 1918 og afsali dags. 31. s. m. keyptu stefnendurnir „Hótel Ísland" h.fj. af „Borg". Telja þeir stefndan hafa rofið tjeðan leigusamning í 4 greinum og byggja á því rjettarkröfur sínar í þessu máli.

1. Í 3. gr. leigusamningsins er svo ákveðið, að leigutaki skul fara vel með hið leigða húsnæði, sjá um, að það haldist vel við og skila því aftur í sama ástandi sem hann tók við því að undanskilinni eðlilegri fyrningu.

Stefnendurnir hafa nú gefið stefndum að sök, að hann hafi rofið þetta ákvæði samningsins og þar með fyrirgert rjetti sínum eftir honum. Til þess að færa sönnur á þetta, hafa þeir tvisvar fengið tvo menn dómkvadda til að gera skoðun á húsnæðinu og lagt fram skoðunargerðir þeirra dags 15. október f. á. og 15. maí þ. á., en ekki hefur stefndur nje neinn af hans hálfu verið aðvaraður um að vera við útnefningu skoðunarmannanna eða skoðun þeirra. Að því er fyrri skoðunargjörðina snertir, er það upplýst í málinu, að hún fór fram einmitt á þeim tíma, sem verið var að gera við húsnæði það, sem stefndur hefir á leigu, og lýsir því eins og það var þá, og verður því ekki á henni bygt, að stefndur hafi rofið hið umrædda ákvæði samningsins. Að því er síðari skoðunargerðina snertir, er í henni aðallega fundið að því, að málnînguna vanti á glugga og gluggakróka, en í málinu er upplýst, að gluggar hafi verið málaðir frá 23.—27. í mánuði þeim, sem skoðunargerðin fór fram í og að ekki hafi þótt tiltækilegt að mála þá fyrri.

2. Í 7. gr. samningsins er það ákveðið: „Leigutaka er heimil framleiga á einstökum herbergjum". Þar sem stefndur hefur framselt leigurjett sinn til húsnæðis þess á „Hótel Ísland" sem notað hefir verið til gistihússhalds og sá rjettur aftur hefir

verið framseldur, telja stefnendur stefndan hafa fyrirgert rjetti sínum eftir samningnum frá 19. janúar 1915 með ólöglegri framleigu.

Það er nú sannað í málinu með framburði vitnanna Hannesar Hafliðasonar og Helga Helgasonar, sem ásamt þriðja manni voru í stjórn h.fj. „Borg", er leigusamningurinn frá 19. janúar 1915 var gerður, að þá var hið umrædda ákvæði samningsins hvorki af leigusala nje af leigutaka talið vera því til fyrirstöðu, að leigutaki mætti leigja öðrum húsið að svo miklu leyti, sem honum væri hagkvæmt, eða með öðrum orðum, að framleiga væri ekki takmörkuð með þessu ákvæði samningsins, og það virðist vera nægilega upplýst í málinu, að þessi skilningur á samningnum hafi verið stefnendum kunnur, er þeir keyptu húseignina, og jafnvel samþyktur af þeim. Fær rjetturinn því ekki sjeð, að stefnendur geti nú gefið stefndum að sök ólöglega framleigu sem samningsrof.

3. Þá gefa stefnendur stefndum að sök, að eigi hafi í hinu leigða húsnæði verið rekið gistihús sem skyldi, óorð hvíli á gistihúsi því, sem þar sje rekið, og sumt af húsnæði því, er til gistihússrækslu hafi verið ætlað, hafi verið notað til annars.

Í hinum framlagða leigusamningi er þess hvergi getið, að skylt sje að reka gistihús í hinu leigða húsnæði, og yfirleitt er afnotarjettur þess eigi takmarkaður frekar en alment gerist. Stefndur hefir neitað því, að hafa tekist sjerstaklega skyldur á herðar á þessu efni, og sönnur eigi verið á það færðar gegn neitun hans.

4. Loks hafa stefnendur gefið stefnda að sök að illa og óþriflega hafi verið gengið um hið leigða, en gegn eindreginni neitun stefnda hafa eigi verið færðar sönnur á, að svo mikil brögð hafi verið að þessu, að stefndur fyrir þá sök eigi að hafa fyrirgert leigurjetti sínum.

Í 8. gr. hins margnefnda leigusamnigs, er ákveðið, að eigandi hins leigða geti skorað á leigutaka að flytja úr húsnæðinu tafarlaust án uppsagnar og látið fógetann bera hann út fyrirvaralaust og heimtað ársleigu í bætur, ef leigutaki vanefni samninginn oft eða í verulegum atriðum.

Rjettvísin fær nú ekki sjeð, að stefnendanum hafi tekist, gegn neitun stefnda, að sanna að slík brot hafi átt sjer stað. Verður því að áliti hann að sýkna stefnda af öllum kærum og kröfum stefnenda, en rjett þykir eftir atvikum að málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 22. mars.

Nr. 68/1919 **Kári J. Kárason.**
gegn
Sigurði Jónssyni og bæjarstjórn Hafnarfjarðar vegna bæjarsjóðs.

útaf sjálfsskuldarábyrgð.

Dómur gestarjettar Reykjavíkur 31. okt. 1919 í máli milli áfrýjanda og bæjarstjórnar Hafnarfjarðar annarsvegar og stefnda Sigurðar Jónssonar hinsvegar:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar á að svo stöddu að vera sýkn af kröfum stefnda, Sigurður Jónssonar, í þessu máli.

Stefndur Kári Jón Kárason greiði stefndnandanum 6800 krónur með 6% ársvöxtum frá 13. mars til 8. okt. þ. á. og 7% ársvöxtum frá hinum síðarnefnda degi til greiðsludags, 399 krónur í innheimtulaun og málskostnað að skaðlausu, allt innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Áfrýjandi gjörir fyrir hæstarjetti kröfu um þá einu breytingu á hinum frýjaða dómi, að hin stefnda bæjarstjórn verði in solidum ásamt sjer dæmd til að greiða stefnda Sigurði Jónssyni skuld þá, er ræðir um í hinum áfrýjaða dómi. Með því að þessi krafa eigi kom fram af áfrýjanda hálfu fyrir undirrjettinum og hinn áfrýjaði dómur eigi ræður neinu um afstöðu áfrýjanda til hinnar stefndu bæjarstjórnar, verður ekki talið að áfrýjandi geti komið fram með þessa kröfu við áfrýjun þessa máls og ber því ex officio að vísa málinu frá hæstarjetti.

Eftir þessum úrslitum og eftir kröfu hinnar stefndu bæjarstjórnar þykir rjett að áfrýjandi greiði henni málskostnað fyrir hæstarjetti, sem ákveðst 75 krónur, en stefndur Sigurður Jónsson, sem mætt hefur í mál-

inu fyrir hæstarjetti hefur engar kröfur gjört við áfrýjun þessa.

Því dæmist rjett vera:

Máli þessu vísast frá hæstarjetti. Áfrýjandi Kári J. Kárason greiði stefndu bæjarstjórn Hafnarfjarðar málskostnað fyrir hæstarjetti með 75 krónum að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir gestarjettinum af Sigurði múrara Jónssyni hér í bænum með stefnu útgefinni 8. þ. m. gegn Kára Jóni Kárasyni verkamanni til heimilis í Grettisgötu 18. b hér í bænum og bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar fyrir hönd bæjarsjóðsins og hefur stefnandi gjört þær aðalkröfur í málinu, að stefndir verði dæmdir til þess in solidum að greiða sér 6800 króna skuld ásamt 6% ársvöxtum af henni frá 13. mars. þ. á. til stefnudags og 7% þaðan í frá til greiðsludags, svo og 399 krónur í innheimtulaun og loks málskostnað að skaðlausu. Til vara hefur stefnandi krafist, að stefndur Kári Jón Kárason verði einn dæmdur til að inna þessar greiðslur af hendi.

Stefndur Kári Jón Kárason mætti við fyrirtekt málsins en hreyfði engum mótmælum.

Hin stefnda bæjarstjórn hefur látið mæta í málinu og gjört þá aðalkröfu, að málinu verði vísað frá dómi að því er hana snertir en til vara að hún verði sýknuð af kröfum stefnanda í málinu og henni til dæmdur málskostnaður hjá honum eftir mati rjettarins.

Málavextir eru þeir, að 13. mars. þ. á. varð stefndur Kári Jón Kárason skuldugur stefnanda um 6800 krónur út af kaupum á húseigninni 18 b við Grettisgötu hjer í bænum og gaf út veðskuldabrjef fyrir upphæðinni til hans með 2. veðrjetti í henni og uppfærslurjetti næst eftir kr. 1557,45 veðdeildarláni til tryggingar skaðlausri greiðslu höfuðstóls og vaxta, málskostnaðar og innheimtulauna, ef hann standi eigi í skilum, er honum bæri að greiða að skaðlausu. Þá stendur og í veðskuldabrjefinu:

»Til enn frekari tryggingar tekur Hafnarfjarðarkaupstaður á sig sjálfskuldarábyrgð fyrir greindri skuld með vöxtum, svo og

öllum innheimtu og málskostnaði, er leiða kann af vanskilum«. Skuldin átti að greiðast 15. september þ. á. og vextir ákveðnir bankavextir á hverjum tíma.

Hinn 5. mars þ. á. gaf bæjarstjórnin í Hafnarfirði út ábyrgðarskjal f. h. bæjarstjórnarinnar vegna bæjarsjóðsins, er þar ábyrgst skilvís og skaðlaus greiðsla á láni alt að kr. 6800,00, er stefndur Kári Jón Kárason ætli að fá í banka eða annari lánsstofnun innanlands gegn 2. veðrjetti og uppfærslurjetti næst á eftir áðurnefndri veðdeildarskuld, er hvíli á framangreindri húseign, er hann ætli að festa kaup á, og er tekið fram að ábyrgðin nái einnig til láns af seljanda hálfu.

Þar sem stefnandi fekk eigi skuld sína á tilskildum tíma, hefur hann höfðað mál þetta og gjört þær rjettarkröfur er að framan greinir.

Frávísunarkröfu sína byggir hin stefnda bæjarstjórn á því, að Magnúsi Jónssyni b æ j a r f ó g e t a sje stefnt í málinu og stefnan birt fyrir honum, en þar sem sami maður notariskt einnig er bæjarstjóri í Hafnarfirði og oddviti bæjarstjórnarinnar og auk þess sem hin stefnda bæjarstjórn hefir látið mæta í málinu, hefur frávísunarkrafan ekki við rök að styðjast og verður ekki tekin til greina.

Þá er ágreiningur milli stefnanda og bæjarstjórnarinnar um það, hvort ábyrgð sú, sem bæjarstjórnin hefur tekið á hinni umstefndu skuld, sje sjálfskuldarábyrgð eða ekki.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að hjer sje um sjálfskuldarábyrgð að ræða, bæði sje henni lofað í skuldabrjefinu til stefnanda og eins eigi að skilja svo ábyrgðarskjal bæjarstjóra (rjettarskjal nr. 3. í þessu máli), er sjerstaklega bent til þess, að bæjarstjórnin ábyrgist skilvísa greiðslu lánsins, að ábyrgðin eigi eins að gilda gagnvart bönkum, en þeir taki aðeins sjálfskuldarábyrgð gilda, og loks að svo er komist að orði í ábyrgðarskjalinu að bæjarstjórnin skuldbindi sig til að svara til sakar fyrir gestarjetti Reykjavíkur í máli út af lántökunni en ekki ábyrgðinni sjerstaklega.

Þar sem að ábyrgðarskjalið er gefið út nokkru á undan veðskuldabrjefinu og stefnandi þá væntanlega verið búinn að sjá það, verður ekkert bygt í þessu efni á veðbrjefinu.

Orðin »ábyrgð á skilvísri greiðslu« eru og notuð þótt ekki sje um sjálfskuldarábyrgð að ræða sbr. t. a. m. yfirrjettardóm 2 júni 1902 (Dómasafn yfirrjettarins VI bls. 441.) og engar sönnur

eru á það færðar, að bankarnir taki ekki einfalda ábyrgð bæjarstjórnarinnar gilda.

Loks verður það ekki bygt á orðalagi ábyrgðarskjalsins að hjer sje um meira en einfalda ábyrgð að ræða því ábyrgðin stendur í svo nánu sambandi við lántökuna að eigi er nema eðlilegt þó komist sje að orði eins og gjört er.

Ríkari áherslu virðist verða að leggja á hitt, að orðið sjálfskuldarábyrgð er ekki notað í ábyrgðarskjalinu, heldur orðið ábyrgð, og að tekið er fram í því, að húseign sú, er Kári Jón Kárason ætli að kaupa, eigi að standa að veði fyrir láninu með öðrum veðrjetti og uppfærslurjetti. Virðist þetta benda til þess, að bæjarstjórnin hafi eigi tekið á sig nema einfalda ábyrgð á láninu og verður því að taka sýknunarkröfu hennar til greina að svo stöddu, en rjett þykir að málskostnaður falli niður að því er hana snertir.

Þar sem stefndur Kári Jón Kárason hefur engum mótbárum hreyft verður að taka að öllu leyti til greina kröfur stefnanda á hendur honum.

Mánudaginn 26. apríl.

Nr. 58/1919. **O. Tynes**
gegn
Birni Lindal f. h. A. J. Lagerqvist
og
gagnsök

um vanefndir sölusamnings.

Dómur gestarjettar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar 6. sept. 1916: Stefndur O. Tynes kaupmaður og útgerðarmaður á Siglufirði greiði stefnda Birni málaflutningsmanni Lindal fyrir hönd A. J. Lagerqvist í Norrköping kr. 3217.50 með 6% vöxtum frá 11. sept. 1916 til þess greitt verður. Málskostnaður falli niður. Dóminum að fullnægja innan þriggja daga frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hæstarjettar.

Svo sem gert er grein fyrir í hinum áfrýjaða dómi, var aðaláfrýjandi samkvæmt skjalinu, er hann

gaf út í Bergen 16. marz 1915 og skilagreininni 31. des. 1914 fyrir tunnum og salti, er gagnáfrýjandi átti þá í vörslum hans, loforði bundinn að selja honum síld í 195 síldartunnur, og með því að hann afgreiddi að eins 70 síldfyltar tunnur til gagnáfrýjanda og tilkynti honum eigi, að hann væri viðbúinn að láta meiri síld af hendi, verður hann að greiða gagnáfrýjanda skaðabætur fyrir vanskil á síld í 125 tunnur.

Samkvæmt gestarjettarstefnunni er andvirði fyrir tunnur undir hina vantandi síld og salt í hana fólgið í skaðabótakröfunni, og með því að gagnáfrýjandi átti hvorttveggja í vörslum aðaláfrýjanda og eigi er sannað, að hann hafi fengið endurgjald fyrir, þykir eigi rjett að draga þetta andvirði frá skaðabótakröfunni. Hinsvegar verður, eins og málið er flutt fyrir hæstarjetti, að draga frá kröfunni flutningsgjald til Kaupmannahafnar, sem í gestarjettarstefnunni er talið kr. 2.50 fyrir hverja síldartunnu.

Að öðru leyti þykir mega reikna skaðabæturnat eins og gert er í dómnum, og verður upphæð þeirra eftir þessu kr. 3217.50 + kr. 1250.00 ÷ kr. 312.50 = kr. 4155.00, er aðaláfrýjanda ber að greiða gagnáfrýjanda með 6 % vöxtum frá 11. sept. 1916 til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði gestarjettarins skal óraskað.

Málskostnað fyrir hæstarjetti þykir aðaláfrýjandi eiga að greiða gagnáfrýjanda með 150 kr.

Það er athugavert, að hjeraðsdómarinn hefir eigi getið ritlauna á hjeraðsdómsgjörðunum, eins og fyrir er mælt í lögum nr. 2, 2. febr. 1894, og að dómsgjörðirnar eru stimplaðar með 50 aurum í staðinn fyrir með 2 krónum.

Því dæmist rjett vera:

Aðaláfrýjandi O. Tynes kaupmaður greiði gagnáfrýjanda Birni Líndal málaflutningsmanni fyrir hönd A. J. Lagerqvist kaupmanns 4155 krónur með 6 % vöxtum frá 11. sept. 1916 til greiðsludags. Málskostnaður fyrir undirrjetti falli niður. — Í málskostnað fyrir hæstarjetti greiði aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda 150 krónur.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða þannig:

Mál þetta hefur málaflutningsmaður Björn Líndal fyrir hönd A. J. Lagerquist í Norrköping höfðað með gestarjettarstefnu dags. 11. sept. 1916 gegn kaupmanni og útgerðarmanni O. Tynes á Siglufirði til lúkningar skaðabótum, er hann telur vera 5800 kr. —

Hefur stefnandi krafist þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sjer upphæð þessa með 6% vöxtum frá stefnudegi til þess greitt verður og málskostnað að skaðlausu annaðhvort eftir reikningi eða eftir mati rjettarins.

Stefndur hefur hinsvegar krafist að verða sýkn dæmdur af kröfum stefnanda og að hann verði dæmdur til að greiða sjer málskostnað, en til vara að hann c: stefndur verði aðeins dæmdur til að greiða 2755 kr. 20 au. og að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þeir, er hjer greinir. —

Með skjali útgefnu í Bergen 16. mars 1915, rjskj. nr. 3, skuldbindur stefndur sig til þess að selja stefnandanum á síldveiðatímunum síld í þær 1015 tunnur, er stefnandi átti geymdar hjá stefndum fyrir 9 kr. í hverja tunnu með 90 kilogramma innihaldi. Telur stefnandi að hann hafi þegar skuldbinding þessi var gefin átt 195 síldartunnur í vörslum stefnds, er stefndum hafi borið að selja sjer síld í. En í stað þessa seldi stefndur og sendi stefnanda að eins 70 tunnur af síld þetta sumar. Telur stefnandi sig því hafa vantað 125 tunnur síldar frá stefndum og hafa fyrir vanefndir þessar

beðið 5800 kr. tjón, og hefur hann höfðað mál þetta til þess að fá stefndan til að greiða sjer upphæð þessa.

Stefndur hefur haldið því fram sjer til sýknunar, að framannefnt skjal og rskj. nr. 3, beri aðeins að skoða sem tilboð frá sinni hálfu um sölu á síld, en það tilboð hafi aldrei verið samþykt af stefnanda, og því hafi samningur aldrei verið endanlega gjörður um síldarkaup þessi. Á þetta verður ekki fallist. Að vísu er skjalið ekki undirritað til samþyktar af stefnanda, en það er eftir innihaldi sínu einhliða loforð um síldarsöluna, skuldbindandi fyrir stefndan og mátti stefnandi halda sjer að því loforði meðan það enn ekki var löglega upphafið og verður það ekki sjeð, að stefndur hafi látið stefnanda vita neitt um, að hann ekki ætlaði að standa við þetta loforð sitt, eða að hann þættist hafa rjett til að rifta því. Mátti því stefnandi genga út frá að loforðið yrði efnt, sem og var gjört að nokkru leyti. —

Þá hefur og stefndur ekki í fyrsta varnarskjali sínu, heldur seinna undir rekstri málsins, talið sjer óskylt að láta meiri síld af hendi til stefnanda en hann gjörði, sökum þess að stefnandi ekki hafi greitt andvirðið. En þar sem í fyrnefndu skuldbindingarskjali ekkert er minst á hvenær borgun ætti fram að fara og heldur ekki sjest, að stefndur hafi aðvarað stefnanda um að stæði á borguninni, og þar sem stefnandi samkvæmt því, er síðar verður sagt, mátti vænta að stefndur sendi sjer síldina, þá virðist stefndur ekki verða sýknaður af þessari ástæðu.

Enn hefur stefndur fært það sjer til sýknunar, að stefnandi hafi af sinni hálfu vanrækt að láta veita síldinni viðtöku, hirða hana og ekki sjeð fyrir skipi til að taka hana.

Samkvæmt framangreindri skuldbindingu, rskj. nr. 3, hafði stefndur þá eina skyldu á herðum að selja stefnanda síldina í tunnurnar og hefði þá stefnandi átt að veita henni viðtöku, láta salta hana og sjá um hana að öllu leyti, og er svo að sjá, sem stefnandi ekki hafi gjört þetta.

En með brjefi, dags. 14 júlí 1815, er stefndur hefur lagt fram sem rskj. nr. 12. í málinu, biður stefnandi stefndan að senda sjer síldina — er hann telur vera 209 tunnur — með gufuskipi »Eimskipafjelags Íslands«, og er í málinu lagt fram vottorð um að stefnandi hafi samið við fjelagið um flutning á síldinni. Verður brjef þetta ekki skilið á annan veg en þann, að stefnandi feli stefndum sem viðskiftavini að annast síldina og sendingu hennar að öllu

leyti. Þessu brjefi svaraði stefndur ekki svo sjeð verði og mátti stefnandi því ganga út frá því, að stefndur mundi fyrir sína hönd annast hirðingu og sendingu síldarinnar, enda ljet stefndur salta og senda stefnanda 70 tunnur. Það verður að líta svo á, að stefndur með því ekki að svara brjefi þessu hafi, auk skuldbindingar sinnar að selja síldina, tekist þá skuldbindingu á hendur að láta salta síldina og gjöra sitt til að fá hana flutta til stefnanda. En þetta gjörði hann ekki og álíst hann því vera skyldur til að bæta stefnanda það tjón, er hann hlaut af því að fá ekki síldina afhenta til flutnings á Siglufirði eða henni ráðstafað þar.

Er meta skal upphæð þeirra skaðabóta, ber þess fyrst að geta, að milli málsaðilja er ágreiningur um í hve margar tunnur stefndur skyldi selja síld. Í skuldbindingarskjali stefnds 16. mars 1915 er tunnufjöldinn ekki ákveðinn, heldur svo að orði komist, að stefndur selji stefnanda síld í þær tunnur, er stefnandi eigi í vörslum sínum. Stefndur heldur því nú fram, að er loforðið var gefið hafi stefnandi aðeins í sínum vörslum átt 178 tunnur, og þar af aðeins 152 nothæfar til að salta í.

Telur hann því að í mesta lagi 82 tunnur vanti til þess að loforðinu, ef nokkuð hefði verið, væri fullnægt.

Stefnandi telur sig hinsvegar hafa átt 195 tunnur í vörslum stefnds, og að sig því vanti 125 tunnur. En stefnandi hefur til sönnunar sínum málstað lagt fram skilagrein frá umsjónar eða umboðsmanni stefnds yfir hve mörgum tunnum hann hafi veitt viðtöku fyrir stefnanda árið 1914 og hve margar hann hafi afhent, og er í skilagrein þessari talið, að stefnandi hafi í árslok 1914 átt alls 195 tunnur í vörslum stefnds.

Skilagrein þessa verður að telja sem fullgilda sönnun þess, að stefnandi hafi átt þenna tunnufjölda í vörslum stefnds þegar stefndur skuldbatt sig til að selja síld í tunnurnar og hefur stefndur ekki fært sönnur á, að neitt af tunnum þessum hafi verið ónothæft. Af þessu leiðir, að er meta skal upphæð skaðabótanna ber að ganga út frá, að stefndum beri að svara til vöntunar á 125 tunnum.

Stefnandi telur nú, að síldarverð í Kaupmannahöfn hafi haustið 1915 verið 66 aurar fyrir kilogram, eða verð hverrar tunnu með 90 kgr. innihaldi kr. 58,40, en að tunnan með 9 kr. verðinu á innihaldi hefði kostað sig í Kaupmannahöfn 12 kr. og hafi hann þannig vegna vanefnda stefnds tapað kr. 46,40 fyrir hverja af þeim 125 tunnum, er vantaði og verður tapið þá samtals 5800 kr.

Stefnandi hefur ekki fært neinar sönnur á hvað síldarverð hafi verið í Kaupmannahöfn í lok síldveiðitímans, heldur aðeins lagt fram skýrslu um, fyrir hvaða verð útsölumenn í Svíþjóð hafi boðið íslenska síld til sölu í september og nóvember 1915 og febr. 1916.

En á þessum skjölum er ekkert byggjandi. Hið eina skjal, sem lagt hefur verið fram í málinu og byggjandi er á, er ákveða skal verð á íslenskri síld haustið 1915, er vottorð, er stefndur hefur lagt fram, frá löggiltum brakún í Kaupmannahöfn, er segir að cifverð síldar í Kaupmannahöfn um þ. 10. okt. 1915 hafi verið 60 — 62 aura pr. kgr. en fobverð á Íslandi 54 — 56 aurar. Þykir eðlilegast í hjer um ræddu tilfelli að miða við fobverðið eða 54 aura og er þá verð hverrar tunnu með 90 kgr. innihaldi kr. 48,60.

Þegar nú þess er gætt, að stefndur átti aðeins að selja síld þá, er látin var í hverja tunnu, en stefnandi að greiða allan annan kostnað, ber frá fobverðinu ekki aðeins að draga kaupverð sjálfrar síldarinnar og útflutningsgjaldið heldur einnig andvirði tunnu og salts, söltunarkostnað og kostnað við geymslu og útskipun. Hvorugur málsaðilja hefur lagt fram skilríki fyrir því hve miklu upphæðir þessar nemi, og áætlar því rjetturinn þær þannig:

1.	Kaupverð síldarinnar	kr. 9,00
2.	Útflutningsgjald og verðhækkunartollur . . .	— 1,36
3.	Tunnan og salt í hana	— 10,00
4.	Söltun, pæklun, geymsla og útskipun	— 2,50
	Samtals	kr. 22,86

fyrir hverja tunnu. Verður eftir því verðmismunurinn, er stefndum ber að bæta kr. 48,60 ÷ kr. 22,86 = kr. 25,74 fyrir hverja af hinum vantandi 125 tunnum.

Verður því ekki komist hjá því að dæma stefndan í máli þessu til þess að greiða stefnanda kr. 25,74 × 125 = 3217 kr. 50 aur. með 6% vöxtum frá stefnudegi til þess greitt verður.

Málskostnað þykir eftir atvikum rjett að láta falla niður.

Nr. 69/1919. **Pjetur M. Bjarnarson**
gegn
Ingjaldi Ingjaldssyni.

um rifting ráðningar háseta.

Dómur sjórjettar Reykjavíkur 24. júlí 1919: Stefndi, Pjetur M. Bjarnarson, greiði stefnandanum Ingjaldi Ingjaldssyni kr. 72.12 ásamt 5% ársvöxtum frá 17. nóv. 1918 til greiðsludags, og hefir stefnandi sjóveðrjett fyrir þeirri upphæð í m.sk. „Mariu". Svo greiði stefndur stefnanda og 50 krónur í málskostnað. Hið ídæmda greiðist innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Samkvæmt samningi milli landsstjórnarinnar og áfrýjanda skyldi hjerumræett skip, vjelskipið »María«, 29.60 smálestir með 30 hesta vjel, halda uppi fyrirfram ákveðnum vöru- póst- og mannflutningum um Húnaflóa frá 19. júní til 15. nóv. 1918, og skyldi áfrýjandi leggja annað skip til ferðanna, ef María yrði að hætta þeim einhverra orsaka vegna. Um miðjan október var María stödd á Ísafirði og kom þá í ljós svo mikið ólag á vjelinni, að áfrýjandi ljet María snúa heimleiðis, og setti annað skip í hennar stað til Húnaflóaferðanna. Á heimleiðinni, 2. nóv., brotnaði skrúfuöxullinn fram undan Patreksfirði, en skipið komst til Hafnarfjarðar undir seglum. Þar ljet áfrýjandi skrá skipshöfnina úr skiprúmi 8. nóv. og þar á meðal stefnda, er ráðinn hafði verið háseti og vjelaraðstoðarmaður á skipið frá 12. ágúst til 17. nóv. gegn 225 kr. kaupi og fæðispeningum á mánuði. Greinir aðilja aðallega á um það, hvort stefndi, sem áfrýjandi flutti heim til hans samdægurs, skuli fá umsamda borgun til afskráningardags eða lokadags ráðningartímans

Þegar nú litið er annarsvegar til ferða þeirra, sem skipið var ráðið til, til vjelbilunarinnar og þess árstíma, sem hún varð á, og hinsvegar til þess, að töluverður tími hefði, eftir því sem fram er komið í málinu, hlotið að ganga til viðgjörðar, en skamt eftir ráðningartímans, þá verður að álíta, að áfrýjandi hafi samkvæmt 1. mgr. 96. gr. siglingalaganna nr. 56, 30. nóv. 1914, haft rjett til að rifta ráðning stefnda, og ber stefnda þá ekki kaup og fæðispeningar lengur en til 8. nóv., en hvorttveggja hafði verið greitt stefnda að fullu.

Verður því eftir kröfu áfrýjanda að fella sjódóminn úr gildi og sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda. Með hliðsjón af kröfum stefnda fyrir sjórjettinum þykir rjett, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað eigi að eins fyrir hæstarjetti heldur og fyrir sjórjettinum, og ákveðst sá kostnaður 100 kr.

Það athugast, að fulltrúi bæjarfógetans í Reykjavík hefir skipað sæti bæjarfógeta við vitnaleiðslu 28. febr. þ. á., án þess að heimildar fulltrúans til þess sje getið í sjódómsgjörðunum.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandinn, Pjetur M. Bjarnarson, á að vera sýkn af kröfum stefnda Ingjalds Ingjaldssonar. Stefndi greiði áfrýjanda 100 kr. í málskostnað fyrir sjórjetti og hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir sjódóminum með stefnu, útgefinni 19. desember f. á., af Ingjaldi Ingjaldssyni sjómanni gegn Pjetri

M. Bjarnarson, kaupmanni hjer í bænum, og hefir stefnandi gert þær rjettarkröfur:

1. Að stefndur, sem eigandi og útgerðarmaður m.k. „Maríu", verði dæmdur til að greiða sjer kr. 95,00 með 6% ársvöxtum frá 17. nóvbr. f. á., svo og kostnað allan við mál þetta eftir reikningi eða mati sjódómsins. Undir rekstri málsins hefir stefnandi þó fært kröfuna úr 95 kr. niður í 75,42.
2. Að viðurkent verði með dómi, að hann eigi sjóveðrjett í m.sk. „Maríu" fyrir framangreindri kröfu og vöxtum og kostnaði.
3. Að viðurkendur verði með dómi sjódómsins rjettur sinn til að gera fjárnám í sjóveðinu, m.sk. „Maríu", og láta selja það við opinbert uppboð fyrir framangreindri kröfu, vöxtum og kostnaði, ásamt kostnaði við fjárnámið og eftirfarandi uppboð.

Stefndur hefir krafist þess, að verða algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu. Auk þess hefir stefndur krafist, að stefnandi verði dæmdur til að endurgreiða sjer ofborgað kaup kr. 64,40 og málskostnað eftir mati sjódómsins.

Þar eð sjálfstæðs dóms er krafist fyrir endurgjaldskröfu stefnds á hendur stefnanda, er hvorki hefir verið lögð til sátta nje stefnt fyrir, verður ex officio að vísa þeirri kröfu frá dómi.

Málavextir eru þeir, að sumarið 1918 réðist stefnandi sem háseti og aðstoðarvjelstjóri á m.sk. „Maríu", sem halda átti uppi flutningaferðum til Húnaflóa fyrir landstjórnina, og var hann ráðinn frá 12. ágúst til 17. nóvember f. á. gegn 150 króna mánaðarkaupi og 75 krónum í fæðispeninga á mánuði. Um miðjan október f. á. kom leki að skipinu og var gert við hann á Ísafirði. Kom þá í ljós, að ólag var svo mikið á vjelinni í skipinu, að hættulegt var talið að nota hana án viðgerðar. Var þá ákveðið að skipið skyldi hætta við Húnaflóaferðirnar og fara beint suður, og tók það farþega og farm á Ísafirði, en ekki er upplýst að þar færi fram nein skoðun á skipinu af hálfu útnefndra manna. Hinn 2. nóvember brotnaði skiftiteinninn í vjelinni út af Patreksfirði og var því þá siglt inn á Patreksfjörð. Var þar reynt að gera við vjelina en tókst ekki. Leit skipstjóri þá svo á, eftir því sem hann hefir borið sem vitni í málinu, að skipið væri ekki í sjófæru standi og fór af skipinu. Á Patreksfirði fór fram skoðun á skipinu eða minsta kosti á seglútbúnaði þess. Skoðunargerð þessi hefir ekki verið lögð fram í málinu og málspartarnir eru ósammála um hana, en svo mikið er víst, að stýrimaðurinn tók þar við stjórn skipsins og sigldi því til Hafnarfjarðar, en þaðan var

eftir dagbókarútdrætti þeim, sem lagður hefir verið fram í málinu, talið hættulegt að sigla skipinu til Reykjavíkur, því skipið ljet illa að stjórn vegna skrúfunnar, en vjelin varð ekki notuð. Var þá, að því er virðist af hálfu stýrimannsins, farið fram á, að skipið yrði dregið til Reykjavíkur, en stefndur ljet þá lögskrá skipshöfnina úr skiprúmi og flytja hana til Reykjavíkur í bifreið.

Þegar kaupið var gert upp við stefnanda krafðist hann kaups til 17. nóvember, enda hafði hann áskilið það við afskráninguna, en stefndur vildi að eins telja honum kaup til 8. s. m., er lögskráningin úr skiprúmi fór fram, og er mál þetta risið út af því.

Stefndur telur sig hafa haft rjett á að rifta ráðningarsamningnum samkvæmt 96. gr. sjólaganna frá 30. nóvember 1914, þar sem skipið hafi verið ófært til að halda flutningaferðum áfram og jafnvel ósjófært.

Þessu hefir stefnandi mótmælt eindregið og haldið því fram, að þar sem hann hafi verið ráðinn til flutninga alment, sje það sjer óviðkomandi, þótt skipið ef til vill ekki hafi getað haldið áfram hinum umsömdu ferðum til Húnaflóa, vegna bilunar á vjelinni, og að það hafi einnig eftir vjelbilunina getað farið í flutningaferðir á seglum, því skipið sje bygt sem seglskip, og hjálparvjel hafi síðar verið sett í það.

Rjetturinn verður nú að vera þeirrar skoðunar, að gegn neitun stefnanda hafi stefndur ekki fært sönnur á, að m.sk. „María“ hafi ekki verið ferðafært, er lögskráningin úr skiprúmi fór fram í Hafnarfirði 8. nóv. f. á. og honum þannig verið heimilt að rifta ráðningarsamningnum, og verður því að telja það rjettmætt, að stefnandi krefst kaups til 17. nóvbr. f. á. Frá hinu vangoldna kaupi verður eftir kröfu stefnds að draga iðgjöld í slysatryggingarsjóð, er hann hefir greitt fyrir stefnanda og telst fyrir ráðningartímann kr. 3,30 eftir 3. gr laga nr. 84, frá 14. nóvbr. 1917. Hinsvegar hefir stefndur ekki gegn neitun stefnanda sannað, að stefnandi eigi að greiða honum kr. 2,16, er stefndur gerir kröfu til fyrir eldsneyti.

Úrslit málsins hjer í rjettinum verða því þau, að dæma stefndan til að greiða stefnanda kr. 75,42 ÷ kr. 3,30 = kr. 72,12 ásamt 5% ársvöxtum af þeirri upphæð frá 17. nóv. f. á. til greiðsludags og stefndanda sjóveðrjett fyrir þeirri upphæð í m. sk. „Maríu“. Auk þess á stefndur að greiða málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 50 krónur.

Nr. 70/1619 **Pjetur M. Bjarnarson.**
gegn
Vemundi Fr. Ásmundssyni

um rifting ráðningar háseta.

Dómur sjórjettar Reykjavíkur 24. júlí 1919:

Stefndur, Pjetur M. Bjarnarson, greiði stefnandanum Vemundi Fr Ásmundssyni kr. 85,29 ásamt 5% ársvöxtum frá 17. nóv. f. á. til greiðsludags og hefur stefnandi sjóveðrjett fyrir þeirri upphæð í m/sk. „María". Svo greiði stefndur stefnanda og 50 krónur í málskostnað. Hið ídæmda greiðist innan þriggja sólarhringa frá löglbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Samkvæmt samningi milli landsstjórnarinnar og áfrýjanda skyldi hjerumrætt skip, vjelskipið »María«, 29,60 smálestir með 30 hesta vjel, halda uppi fyrirfram ákveðnum vöru-póst-og mannflutningum um Húnaflóa frá 19. júní til 15. nóvbr. 1918, og skyldi áfrýjandi leggja annað skip til ferðanna, ef María yrði að hætta þeim einhverra orsaka vegna. Um miðjan október var María stödd á Ísafirði, og kom þá í ljós svo mikið ólag á vjelinni, að áfrýjandi ljet bátinn snúa heimleiðis og setti annað skip í hans stað til Húnaflóaferðanna. Á heimleiðinni, 2. nóvbr., brotnaði skrúfuöxulinn fram undan Patreksfirði, en skipið komst til Hafnarfjarðar undir seglum. Þar ljet áfrýjandi skrá skipshöfnina úr skiprúmi 8. nóvbr., og þar á meðal stefnda, sem ráðinn hafði verið matsveinn á skipið frá 18. júní til 17. nóvbr. gegn 275 kr. kaupi og fæðispeningum á mánuði. Greinir aðilja aðallega á um það, hvort stefndi, sem áfrýjandi flutti heim til hans samdægurs, skuli fá umsamda borgun til afskráningardags eða til lokadags ráðingartímans

Þegar nú litið er annarsvegar til ferða þeirra,

sem skipið var ráðið til, til vjelbilunarinnar og þess árstíma, sem hún varð á, og hinsvegar til þess, að töluverður tíma hefði, eftir því sem fram er komið í málinu, hlotið að ganga til viðgjörðar, en skamt eftir af ráðningartímanum, þá verður að álíta, að áfrýjandi hafi, samkvæmt 1. mgr, 96. gr. siglingalaganna nr. 56. 30, nóv. 1914, haft rjett til að rifta ráðning stefnda, og ber stefnda því ekki kaup og fæðispeningar lengur en til 8 nóvbr., en hvottveggja hafði verið greitt stefnda að fullu.

Verður því eftir kröfu áfrýjanda að fella sjódóminn úr gildi og sýkna áfrýjanda af kröfu stefnda.

Eftir atvikum þykir rjett að málskostnaður fyrir sjódómi falli niður, en málskostnað fyrir hæstarjetti greiði stefndi áfrýjanda með 80 kr.

Það athugast, að fulltrúi bæjarfógetans í Reykjavík hefur skipað sæti bæjarfógeta við vitnaleiðslu 28. febr. þ. á. án þess heimildar fulltrúans til þess sje getið í sjódómsgjörðunnm.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandi, Pjetur M. Bjarnarson, á að vera sýkn af kröfum stefnda Vemundar Fr. Ásmundssonar. Stefndi greiði áfrýjanda 80 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir sjódóminum með stefnu útgefinni 19. desember f. á. af Vemundi Fr. Ásmundssyni gegn Pjetri M. Bjarnarson, kaupmanni hjer í bænum og hefur stefnandi gjört þær rjettarkröfur:

1. Að stefndur, sem eigandi og útgerðarmaður m. k. „Maríu" verði dæmdur til að greiða sjer kr. 112,44 með 6% ársvöxtum frá 17. nóv. f. á., svo og kostnað allan við mál þetta eftir reikningi eða mati sjódómsins. Undir rekstri málsins hefir stefnandi þó fært kröfuna úr 112,44 niður í 92,44.

2. Að viðurkent verði með dómi að hann eigi sjóveðrjett í m. k. „Maríu“ fyrir framangreindri kröfu og vöxtum og kostnaði.
3. Að viðurkendur verði með dómi sjódómsins rjettur sinn til að gjöra fjárnám í sjóveðinu, m. k. „Maríu“ og láta selja það við opinbert uppboð fyrir framangreindri kröfu, vöxtum og kostnaði ásamt kostnaði við fjárnámið og eftirfarandi uppboð.

Stefndur hefir krafist þess að verða algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu. Auk þess hefur stefndur krafist að stefnandi verði dæmdur til að endurgreiða sjer ofborgað kaup kr. 46,46 og málskostnað eftir mati sjódómsins.

Þar sem sjálfstæðs dóms er krafist fyrir endurgjaldskröfu stefnds á hendur stefnanda, er hvorki hefir verið lögð til sátta nje stefnt fyrir, verður ex officio að vísa þeirri kröfu frá dómi.

Málavextir eru þeir, að sumarið 1918 rjeðist stefnandi sem matsveinn á m. k. „Maríu“ sem halda átti uppi flutningaferðum til Húnaflóa fyrir landsstjórnina, og var hann ráðinn frá 18. júní til 17. nl. nóvember f. á. gegn 200 króna mánaðarkaupi og 74. kr. fyrir fæði og kol á mánuði. Um miðjan oktober f. á. kom leki að skipinu og var gert við hann á Ísafirði. Kom þá í ljós, að ólag var svo mikið á vjelinni í skipinu að hættulegt var talið að nota hana án viðgerðar.

Var þá ákveðið að skipið skyldi hætta við Húnaflóaferðinar og fara beint suður og tók það farþega og farm á Ísafirði, en ekki er upplýst að þar færi fram skoðun á skipinu af hálfu útnefndra manna. Hinn 2. nóvember brotnaði skifiteinninn í vjelinni út af Patreksfirði og var því þá siglt inn á Patreksfjörð. Var þar reynt að gjöra við vjelina en tókst ekki. Leit þá skipstjóri svo á, eftir því sem hann hefur borið vitni í málinu, að skipið væri ekki í sjófæru standi og fór af skipinu. Á Patreksfirði fór fram skoðun útnefndra manna á skipinu eða minsta kosti á seglútbúnaði þess. Skoðunargjörð þessi hefir ekki verið lögð fram í málinu og málspartarnir eru ósammála um hana, en svo mikið er víst, að stýrimaðurinn tók þar við stjórn skipsins og sigldi því til Hafnarfjarðar, en þaðan var eftir dagbókarútdrætti þeim, sem lagður hefur verið fram í málinu, talið hættulegt að sigla skipinu til Reykjavíkur, því skipið ljet illa að stjórn vegna skrúfunnar, en vjelin varð ekki notuð. Var þá, að því er virðist af hálfu stýrimannsins, farið fram á að skipið yrði dregið til Reykjavíkur, en stefnandi ljet þá lögskrá skipshöfnina úr skiprúmi og flytja hana til Reykjavíkur í bifreið.

Þegar kaupið var gert upp við stefnanda, krafðist hann kaups til 17. nóvember enda hafði hann áskilið það við afskráninguna en stefndur vildi aðeins telja honum kaup til 8. s. m., er lögskráningin út skiprúmi fór fram, og er mál þetta risið út af því.

Stefndur telur sig hafa átt rjett á að rifta ráðningasamningum samkvæmt 96. gr. sjólaganna frá 30. nóvember 1914 þar sem skipið hafi verið ófært til að halda flutningaferðunum áfram, og jafnvel ósjófært

Þessu hefir stefnandi mótmælt eindregið og haldið því fram, að þar sem hann hafi verið ráðinn til flutninga alment, sje það sjer óviðkomandi, þótt skipið ef til vill ekki hafi getað haldið áfram hinum umsömdu ferðum til Húnaflóa vegna bilunarinnar á vjelinni og að það hafi einnig eftir vjelbilunina getað farið í flutningaferðir á seglum, því skipið sje bygt sem seglskip og hjálparvjel hafi síðar verið sett í það.

Rjetturinn verður nú að vera þeirrar skoðunar, að gegn neitun stefnanda hafi stefndur ekki fært sönnur á, að m. k. „María“ hafi ekki verið ferðafært er lögskráningin úr skiprúmi fór fram í Hafnarfirði 8. nóv. f. á., að honum þannig hafi verið heimilt að rifta ráðningarsamningnum og verður því að telja það rjettmætt, að stefnandi krefst kaups til 17. nóvbr. f. á. Frá hinu vangoldna kaupi verður eftir kröfu stefnds að draga iðgjöld í slysatrygginarsjóð, er hann hefur greitt fyrir stefnanda, og er fyrir ráðningartímann eigi of hátt talið af stefndum kr. 7,15 eftir 3. gr. laga nr. 84 frá 14. nóvbr. 1917. Hinsvegar hefur stefndur ekki gegn neitun stefnanda sannað, að stefnandi eigi að greiða honum kr. 3,75 fyrir símskeyti eða kr. 2,16 fyrir eldsneyti, er stefndur gerir kröfu til.

Úrslit þessa máls hjer fyrir rjettinum verða því þau, að dæma stefndan til að greiða stefnanda kr. 92, 44 ÷ kr. 7,15 = kr. 85, 29 ásamt 5% ársvöxtum af þeirri upphæð frá 17. nóvember til greiðsludags og stefnanda sjóveðrjett fyrir þeirri upphæð í m. k. „Maríu“. Auk þessa á stefndur að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 50 krónur.

Mánudaginn 3. maí.

Nr. 21/1919. **H.f. Kveldúlfur** og **Geir Sigurðsson**
gegn
Asgeiri Pjeturssyni og **Sören Goos**

um upphæð björgunarlauna.

Dómur sjórjettar Akureyrar 11. nóvember 1918: Löghalds. jörð sú, er fram fór á Siglufirði á skipinu Akureyrin og farmi þess á sem löglega gjörð og löglega rekin óröskuð að standa.

Stefndur Ásgeir kaupmaður Pjetursson á Akureyri og Sören Goos kaupmaður á Siglufirði, sem eigendur nefnds skips og farms og fyrir hönd vátryggenda skips og farms greiði stefnanda Júl. Havsteen á Akureyri fyrir hönd hlutafjelagsins Kveldúlfur í Reykjavík og Geirs Sigurðssonar skipstjóra í Reykjavík 9800 — níu þúsund og átta hundruð — krónur, með 6% ársvöxtum frá 13. sept. 1917 til þess greitt verður og málskostnað með 400 kr.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hæstarjettar.

Fyrir hæstarjetti er að eins spurningin um hvort björgunarlaunin verði metin hærri en gjört er í hinum áfrýjaða dómi, sem eigi hefir verið gagnáfrýjað.

Samkvæmt ástæðum þeim, er greindar eru í dómi sjórjettarins, er fallist verður á í öllum aðalatriðum, þykir ekki ástæða til að taka til greina kröfu áfrýenda um hækkun björgunarlauna frá því, er þau eru ákveðin í dómnum, og ber því að staðfesta hann.

Í málskostnað fyrir hæstarjetti greiði áfrýendur hinum stefndu kr. 75.00.

Það er aðfinsluvert, að málflutningsmaður stefndu fyrir yfirdómi og hæstarjetti hefir haft $8^1/_2$ mánaðarfrest í málinu, án þess sjeð verði að nokk-

ur þörf hafi verið fyrir slíkan frest. Ennfremur athugast, að ritlaun fyrir sjódómsgjörðirnar eru rituð á gjörðirnar eingöngu með tölustöfum, en eigi jafnframt með bókstöfum eins og vera ber, og að ritlaunin eru talin 87 kr. 50 aur. í staðinn fyrir 57 kr. 50 aur., sem er hið rjetta, og loks að dómsgjörðirnar eru stimplaðar með 1 kr. stimpilmerki í stað 2 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýendur, h.f. Kveldúlfur og Geir Sigurðsson, greiði, einn fyrir báða og báðir fyrir einn, stefndu, Ásgeiri Pjeturssyni og Sören Goos, málskostnað fyrir hæstarjetti með kr. 75,00.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms eru svo:

Mál þetta hefir málaflutningsmaður Julius Havsteen á Akureyri í umboði hlutafjelagsins „Kveldúlfur“ í Reykjavík sem útgerðarfjelags skipsins „Nora“ og í umboði skipstjóra þessa skips, Geirs Sigurðssonar í Reykjavík, höfðað fyrir sjórjetti Akureyrarkaupstaðar með stefnu dags. 7. okt f. á. gegn Ásgeiri kaupmanni Pjeturssyni á Akureyri sem eiganda skipsins „Akureyrin“ og Sören Goos kaupmanni á Siglufirði sem eiganda farms nefnds skips og gegn þessum mönnum sem umboðsmönnum vátryggenda nefnds skips og farms þess, til þess að fá sjer dæmd laun fyrir að bjarga nefndu skipi og farmi þess úr sjávarháska. — Hefir stefnandi gert þær dómkröfur í málinu, að kyrsetning, er hann ljet gera á Siglufirði þ. 19. sept. 1917 á nefndu skipi og farmi þess verði staðfest sem löglega gerð og rekin, og að hinir stefndu verði dæmdir til að greiða sjer björgunarlaun, að upphæð kr. 46,666,67 með 6 % vöxtum frá 13. sept. 1917 til þess greitt verður, og málskostnað að skaðlausu eða eftir rjettarins mati.

Hinir stefndu hafa hinsvegar krafist þess principaliter, að

málinu verði vísað frá dómi, en til vara, að þeir verði ekki dæmdir til að greiða meira en 200 krónur, í hæsta lagi alt að 5000 krónur, og að þeim verði dæmdur málskostnaður, eða að málskostnaður verði látinn falla niður.

Kröfu sína um frávísun málsins byggja hinir stefndu á því, að málið heyri ekki undir sjódóm. En þetta getur ekki álitist rjett. — Málið er höfðað til þess að fá ákveðin laun handa skipi fyrir hjálp, er það veitti öðru skipi til að komast úr sjávarháska og flytja það til hafnar og heyra slík einkamál undir sjódóm samkæmt 1. gr. í lögum nr. 64, 22. nóv. 1913. Frávísunarkrafa stefndu verður því ekki tekin til greina.

Að því er snertir aðalefni málsins, eru málavextir þeir, er hjer skal greina.

Þann 13. sept. f. á. var seglskipið „Akureyrin", eign Ásgeirs kaupmanns Pjeturssonar á Akureyri, statt við Siglunes á leið frá Hjalteyri með síldarfarm, 3785 tunnur, til kaupmanns Sören Goos Siglufirði og bar þá straumur í hægum vindi eða nálega logni skipið á sker í rifgarði þeim, er liggur fram af Siglunesi fyrir utan Siglufjörð. — Skipið tók niðri á grunninum, og hjó nokkrum sinnum, en alda var lítil. Gufuskipið „Nóra" frá Reykjavík kom þá þar að af fiskveiðum í hafi og ætlaði með afla sinn inn á Siglufjörð. — Skipstjórinn á „Akureyrinni" dró þá fána í hálfa stöng og kallaði með því neyðarmerki „Nóru" til sín og beiddist hjálpar hennar.

Skipstjórinn á „Nóru" samþykti að veita hjálpina, og fór skipstjórinn á „Akureyrinni" á báti sínum að hlið „Nóru", og spurði hve mikla borgun hann vildi fá fyrir aðstoð sína, og svaraði skipstjórinn á „Nóru" því svo, að það skyldi metið af sjórjettinum og samþykti skipstjóri „Akureyrinnar" það. Skipstjóri „Akureyrinnar" flutti með sjer brúkaða varptrossu að gildleika $4^1/_2$ þumlunga úr skipi sínu, er fest var um borð í „Nóru", og dró „Nóra" síðan „Akureyrina" út af boðanum með vjelafli sínu. Hefir skipshöfn „Nóru" sagt svo frá í sjóferðaskýrslunni, að „Akureyrin" ekki hafi hreyfst neitt við fyrsta átak, en orðið laus af grunni í annað sinn er afl var sett á vjelina. En skipshöfnin frá „Akureyrinni" hefir skýrt svo frá, að skipið hafi farið af grunni við fyrsta átak. Dró „Nóra" því næst „Akureyrina" inn á Siglufjarðarhöfn, og var þar lagst fyrir akkerum. Farmur „Akureyrinnar" var óskemdur og er það ekki upplýst, að skipið hafi

skemst annað en það, að ætla má að strákjölurinn eða nokkur hluti hans hafi brotnað.

Samkvæmt sjóferðaskýrslunum kom „Nóra“ að Siglunesi kl. $10^1/_2$ f. h. og skipin lögðust á Siglufjarðarhöfn kl. $12^1/_2$ e. h. sama dag.

Eftir að komið var inn á Siglufjörð krafðist skipstjóri „Nóru“ virðingar á „Akureyrinni“ með farmi og var skipið af dómkvöddum mönnum virt 90000 kr. en farmurinn 50000 kr.

Er nú enn ekki náðist samkomulag milli málsaðilja um upphæð björgunarlaunanna, ljet skipstjóri „Nóru“ leggja löghald á skip og farm til tryggingar greiðslu bjarglaunanna, og fór sú löghaldsgjörð fram í fógetarjetti Eyjafjarðarsýslu þ. 19. sept. f. á.

Hefir stefnandi síðan höfðað mál þetta sem áður er sagt, sumpart til þess að fá löghaldsgjörð þessa staðfesta, og sumpart til þess að fá björgunarlaunin, eða þóknun fyrir aðstoð sína ákveðna.

Það verður að álíta, að stefnandi hafi samkvæmt 234. gr, siglingalaganna átt rjett á því að fá skip og farm „Akureyrinnar“ kyrsett til tryggingar kröfu sinni fyrir að hafa tekið skipið af grunni og flutt það til Siglufjarðar, og þar sem staðfestingarmálið hefir verið löglega rekið, ber að staðfesta löghaldsgjörðina.

Að því er snertir það atriði, hve mikil björgunarlaunin skuli vera, eða hve mikil þóknun útgerðarfjelag og skipshöfn „Nóru“ skuli fá fyrir að taka „Akureyrina“ af grunni og flytja til Siglufjarðar, þá hafa stefndu haldið því fram, að hjer sje ekki um björgun eða bjarglaun í eiginlegum skilningi að ræða, og geti þá sækjandi ekki krafist annars en hæfilegrar þóknunar fyrir töfina og lítilfjörlega kolaeyðslu, enda hafi „Akureyrin “ekki staðið á grunni, heldur að eins snert grunn við og við, og hefði því án hjálpar getað komist út af skerinu með akkerum sínum. En að því athuguðu, að „Akureyrin“ snerti grunninn er hjálpin var veitt þannig að ætla má, að hún ekki gæti komist þaðan með seglum sínum, að hún var á hættulegum stað, að útfall var og straumur var á land, og að hjálpin var veitt eftir neyðarbendingum og eftir sögn skipstjórans af því skipið stóð á grunni, verður að álíta að sækendum beri björgunarlaun samkvæmt 10. kapitula siglingalaganna, og ber þá að ákveða björgunarlaunin samkvæmt 230. gr. siglingalaganna. Eins og áður hefir verið sagt, tók björgunin lítinn tíma og hafði lítinn kostnað í för með sjer fyrir bjargendur, var áhættulítil fyrir þá og dráttarreipi látið í tje frá hinu

bjargaða skipi, og með tilliti til þessa þykir rjett að ákveða bjarglaunin 6% af verðmæti skips og farms, eins og hvorttveggja hefir verið metið af dómkvöddum mönnum, eða samtals fyrir skip og farm 9800 krónur. Ber því að dæma hina stefndu báða fyrir einn og annan fyrir báða til að greiða stefnanda upphæð þessa með 6% vöxtum frá 13. sept. f. á. til þess greitt verður.

Ennfremur ber stefndum að greiða stefnanda málskostnað, þar með talinn kostnað við kyrsetningargjörðina, mat á skipinu o. s. frv. og þykir málskostnaðurinn allur hæfilega ákveðinn 400 kr.

Nr. 23/1919 **Helgi Hafliðason.**
gegn
Valdimar Thorarensen f. h.
F. A. Huth

um vanefndir sölusamnings.

Dómur gestarjettar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar 10. sept. 1918: Stefndur Helgi kaupmaður Hafliðason á Siglufirði greiði stefnandanum málafærslumanni Valdimar Thorarensen fyrir hönd F. A. Huth í Hamborg 4941 kr. — fjögur þúsund níu hundruð fjörutíu og eina krónu, — með 6% vöxtum frá 1. okt. 1919 til þess greitt verður, ennfremur málskostnað með 100 — eitt hundrað, — krónum.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hæstarjettar.

Hjer fyrir rjettinum hefur af stefnda hálfu verið lagt fram umboð frá firmanu F. A. Huth í Hamborg til þessarar málshöfðunar og hefur áfrýjandi fallið frá kröfu sinni um frávísun málsins frá undirrjetti.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða dómi var áfrýjandi bundinn við sölu þá á fullum 500 tunn-

um síldar, er umboðsmaður hans, Carl Sæmundsen & Co., hafði gjört í hans nafni áður en tunnutalan var færð niður með skeyti áfrýjanda 7. ág. 1915, og ber honum því að greiða stefnda skaðabætur fyrir það, að hann ljet ekki þessa tunnutölu af hendi. Þar sem einnig má fallast á upphæð skaðabótanna svo sem þær eru ákveðnar í hinum áfrýjaða dómi, ber samkvæmt kröfu stefnda að staðfesta dóminn. Málskostnað fyrir hæstarjetti ber áfrýjanda að greiða stefnda og ákveðst hann 100 kr

Það er aðfinsluvert, að undirdómarinn hefur haft gestarjettarmál þetta undir dómi í rúma 4 mánuði án þess að drátturinn sje nægilega rjettlættur og að dómarinn hefir eigi getið ritlauna í dómsgjörðunum.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandi Helgi Hafliðason greiði stefnda Valdimar Thorarensen fyrir hönd firmans F. A. Huth 100 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri lagaaðför

Forsendur hins áfrýjaða dóms eru svo:

Mál þetta hefur málaflutningsmaður Valdimar Thorarensen fyrir hönd F. A. Huth í Hamborg höfðað gegn Helga kaupmanni Hafliðasyni á Siglufirði fyrir gestarjetti Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar með stefnu dagsettri 25. jan. 1916. Hefur stefnandinn krafist þess að stefndur verði dæmdur til að greiða sjer 4941 kr. með 6% vöxtum frá 1. apríl. 1915 til þess greitt verður og málskostnað að skaðlausu eða eftir mati rjettarins.

Stefndur hefur hinsvegar gjört það að aðalkröfu sinni, að málinu verði vísað frá dómi. Til vara hefur hann krafist þess, að verða sýknaður af kröfum stefnanda og til ýtrustu vara, að hann aðeins verði dæmdur til að greiða 1056 kr. Svo hefur hann og

krafist að stefnandi verði dæmdur til að greiða sjer málskostnað samkvæmt reikningi, eða eftir mati dómarans, eða að málskostnaður verði látinn falla niður, ef dæmt verður eftir ýtrustu vara kröfu hans.

Kröfu sína um frávísun rökstyður stefndur með því, að ekki sje upplýst hvort til sje nokkur F. A. Huth. í Hamborg, er sök geti átt á hendur sjer og þótt svo væri, þá hafi Valdimar Thorarensen ekki umboð frá honum til að höfða mál þetta.

Um þetta atriði er það upplýst, að með brjefi dags. 10. nóv. 1915 felur yfirrjettarmálafærslumaður Jörgen Klerk í Kaupmannahöfn, verslunarstjóra Hallgrími Davíðssyni á Akureyri að láta innheimta það, er firmað F. A. Huth í Hamborg eigi til góða hjá stefndum, fyrir það að stefndur aðeins hafi sent 350 tunnur af 500 tunnum síldar, er stefndur hafi selt F. A. Huth. Hallgrímur verslunarstjóri Davíðsson hefur svo með skriflegu umboði dags. 26. júní 1916, sem lagt hefur verið fram í málinu falið Valdimar Thorarensen að innheimta skuld þessa, en Valdimar Thorarensen hefur málafærslumannsstörf og innheimtu skulda að aðalstarfi sínu.

Að þessu athuguðu og að því viðbættu, að Valdimar Thorarensen hefur lagt þau skjöl fram í máli þessu, er ekki mætti ætla að væru í hans höndum, ef hann ekki hefði haft umboð til málshöfðunar þessarar, verður að álíta að ekki sje ástæða til að efa það, að umrætt firma F. A. Huth í Hamborg sje til og að Valdimar Thorarensen hafi haft frá því löglegt umboð til málshöfðunar þessarar. Frávísunarkrafa stefnds verður því ekki tekin til greina. —

Að því er snertir aðalefni málsins eru málavextir þeir, er hjer skal greina.

Með skjali dags. 12. maí 1915, gefur stefndur Helgi Hafliðason firmanu Carl Sæmundsen & Co. umboð til að selja fyrir sig 500 pakkaðar tunnur af síld, er afhendast skuli í ágúst — september sama ár fyrir 19 — 20 aur. pr. kilogr. fob Ísland, eða minst 24 aur. pr. kilogr. cif Bergen eða Kaupmannahöfn. Samkvæmt þessu umboði, selur svo firmað Carl Sæmundsen & Co. fyrir hönd Helga Hafliðasonar til F. A. Huth í Hamborg, þessar 500 tunnur síldar fyrir 20 aur. hvert kilogr. fob á Íslandi, að frádreginni venjulegri disconto og skyldi síldin afhendast í ágúst — september 1915. Er um þetta gjörður skriflegur sölu- og kaupsamningur dags. Kaupmannahöfn 15. maí 1915 og 5. júlí. 1915.

Af þessum 500 tunnum afhenti stefndur 350 tunnur á tilsett-

um tíma, en ljet ekki 150 tunnur af hendi og er mál þetta risið út af þeim vanefndum.

Stefndur hefur nú einkum fært það sjer til sýknunar, að hann ekki í tæka tíð hafi fengið tilkynningu um söluna og að samningurinn ekki að öðru leyti geti haft nokkurt gildi gagnvart sjer, heldur ætti sækjandi sókn á hendur Carl Sæmundsen & Co. ef um nokkurt samningsrof og skaðabótakröfu gæti verið að ræða. En eins og sagt hefur verið var salan gjörð fyrir hönd stefnds og í hans nafni samkvæmt löglegu umboði hans, og verður ekki sjeð, að salan færi neitt út fyrir ákvæði umboðsins. Er því málssóknin rjettilega hafin gegn stefndum en ekki umboðsmanni hans. —

Að því er það ágreiningsatriði snertir hvort, og þá hvenær, stefndur hafi fengið tilkynningu um söluna, þá hefur stefnandi gegn mótmælum stefnds haldið því fram, að Carl Sæmundsen & Co. hafi þegar 20. maí 1915 sent stefndum tilkynningu um hana. En fyrir þessu er alls engin sönnun fram komin. Hinsvegar tilkynnir Carl Sæmundsen stefndum söluna með brjefi dags. 4. ágúst, en það brjef segist stefndur ekki hafa fengið fyr en 4. október. Og ennfremur er það upplýst að þ. 7. ágúst sendir stefndur Sæmundsen & Co. símskeyti um það, að hann aðeins geti boðið 350 tunnur af síld og sig vanti tómar tunnur. Og það er ekki ástæða til að efa, þótt það sje ekki viðurkent af stefndum, að Carl Sæmundsen & Co. hafi svarað því með símskeyti 10. ágúst, sem lagt hefir verið fram eftirrit af í málinu, og er á þá leið, að 500 tunnur hafi verið seldar, er afhendast skuli tilgreindum manni til flutnings með tilgreindu skipi og verði því stefndur að kaupa það er vanti (þ. e. til að fá fulla tunnutölu). Og þann 11. ágúst fær útibú Íslandsbanka á Akureyri beiðni frá banka í Kaupmannahöfn um að greiða stefndum frá Sæmundsen & Co. andvirði fyrir 500 tunnur síldar og var þetta tilkynt stefndum frá bankaútibúinu með brjefi dags. 13. ágúst. Sem svar við þessu má álíta, að stefndur hafi sent símskeyti, er Carl Sæmundsen & Co. fjekk 21. ágúst, og krefst stefndur í því skeyti, að fá sjer sendan sölusamninginn, og segist ekki fyr afhenda síldina. Þessu svarar Sæmundsen & Co. með skeyti 23. ágúst. að stefndur verði að afhenda síldina og að samningurinn verði sendur og að salan hafi farið fram í samræmi við söluumboðið 12. maí. Þetta símskeyti fjekk stefndur 24. ágúst og má álíta, að hann eftir það hafi afhent 350 tunnur af síldinni, þeim er Carl Sæmundsen & Co. hafði tiltekið.

Jafnvel þó nú mætti álíta, að stefndur ekki hefði fengið til-

kynningu um söluna fyr en um miðjan eða seinni hluta ágústmánaðar, þá var hann bundinn við sölu þá á fullum 500 tunnum síldar, er umboðsmaður hans hafði löglega gjört í hans nafni, áður en tunnutalan var færð niður með skeyti stefnds dags. 7. ágúst 1915. Verður það því að álítast samningsrof af hálfu stefnds, að hann ekki ljet fullar 500 tunnur af hendi og ber honum að svara skaðabótum fyrir það.

Samkvæmt 25. gr. hinna almennu viðskiptalaga eru bætur þær, er stefndum ber að greiða, mismunurinn milli verðs hinna vantandi 150 síldartunna á afhendingartíma og kaupverðs þeirra, samkvæmt kaupsamningnum. Samkvæmt kaupsamninngum var kaupverðið 20 a. fyrir hvert kilogram, að frádreginni venjulegri disconto. Þar sem tunnurnar áttu að vera fullpakkaðar, verður ekki álitið, að ofhátt sje að áætla 90 kilogram til jafnaðar í hverri tunnu, eins og stefnandi hefir gjört. Hvað snertir disconto, er málspartar telja vera umboðslaun, og stefnandi telur 3%, þá hefur stefndur mótmælt að sjer beri að greiða þau, og síst meiri en 2%. Um þetta er ekkert tekið fram í söluumboði stefnds 12. maí 1915, en samkvæmt venju, ber seljandanum að greiða söluumboðslaunin og verður krafan um 3% ekki færð niður, enda hefði stefndur að þeim frádregnum fengið meira fyrir síldina en 19 aura fyrir kilo netto kontant; en það var það minsta er hann hafði áskilið sjer, eða leyft að selja fyrir. Kaupverð þeirra 150 tunna með síld, er ekki voru afhentar, er þannig rjett ákveðið af stefnanda kr. 2700,00 ÷ 81,00 = 2619,00. Hvað snertir verð síldar, er afhendingin átti að fara fram, þá hefur stefnandi upplýst í sóknarskjali sínu, að fobverð síldar á Akureyri hafi verið í septembermánuði 1915, 66 aura pr. kilogram, og hefur þessu ekki verið mótmælt af stefndum. Verður því þetta verð að leggjast til grundvallar, er skaðabæturnar eru ákveðnar, en með 66 aura fobverði hefði fengist fyrir hinar vantandi 150 tunnur síldar 7560 kr. Upphæð sú, sem stefnandi á að fá greidda verður því 7560 kr. ÷ 2619,00 = 4941 kr. og ber að dæma stefndan til að greiða honum þessa upphæð. — Svo ber og stefndum samkvæmt 38. gr. hinna almennu viðskiftalaga að greiða stefnanda 6% vexti af þeirri upphæð frá 1. okt. 1915 að telja og til þess greitt verður. — Eftir þessum úrslitum ber og að dæma stefndan til að greiða stefnanda málskostnað er ákveðst 100 kr.

Dómarinn biður þess getið, að eftir að mál þetta var tekið undir dóm var hann mest allan júlímánuð á manntalsþingaferðum

og einnig fjarverandi á ferðalagi í júlímánuði og síðan mjög önnum kafinn við margvísleg embættisstörf, og er þetta ersökin til þess að dómsuppsögnin hefur dregist.

Mánudaginn 10. maí.

Nr. 16/1919. **Valdimar Thorarensen**
f. h. **Sæmundsen, Lübbers & Co.**
gegn
Birni Lindal

um skaðabætur út af vanefndum sölusamnings.

Dómur aukarjettar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar 21. september 1918: Málsaðiljar eiga bæði í aðalmáli og gagnsök hvor af annars kröfum sýknir að vera.

Málskostnaður falli niður bæði í aðalsök og gagnsök. Gagnstefnandi Björn Líndal greiði 40 kr. sekt og aðalstefnandi Valdimar Thorarensen 20 kr. sekt, hvor um sig fyrir ósæmilegan rithátt, og eiga hin framangreindu móðgunaryrði, er þeir hafa haft hvor um annan, dauð og marklaus að vera.

Sektarákvæði dómsins að fullnægja lögum samkvæmt.

Dómur hæstarjettar.

Eins og mál þetta er lagt fyrir hæstarjett, kemur að eins til álita skaðabótakrafa áfrýjanda á hendur stefnda, Birni Líndal yfirrjettarmálaflutningsmanni á Akureyri. Hafði stefndi, svo sem tekið er fram í hinum áfrýjaða dómi, falið firmanu Carl Sæmundsen & Co. í Kaupmannahöfn með umboði, dags. 1. júní 1915, að selja 1500 tunnur síldar, er afhendast áttu í sept—okt. þá um haustið gegn 25 aura verði hvert kg., cif í Bergen, og var það jafnframt

áskilið í umboðinu, að kaupandi skyldi setja bankatryggingu fyrir kaupverðinu innan 30 júní..

Síld þessa seldi C. Sæmundsen & Co. firmanu Sæmundsen, Lübbers & Co í Hamborg með kaupsamningi dags. í Kaupmannahöfn 14. júní. Var síldin seld cif í Kaupmannahöfn, skyldi afhendast kaupanda í ágúst—september og bankatrygging sett C. Sæmundsen & Co.

Þess er getið í kaupsamningnum milli nefndra firmna, að C. Sæmundsen & Co. selji síldina í nafni stefnda. Og það er bert í málinu, að Carl Sæmundsen er meðeigandi beggja firmna og að hann hafi haft rjett til að rita einn hvort firmað um sig

Með því að salan til Sæmundsen, Lübbers & Co. fór fram með að mun óhagstæðari kjörum en áskilin voru í söluumboðinu, þá getur hún eigi bundið stefnda; enda var stefnda eigi sett áskilin bankatrygging innan tilskilins tíma, og áfrýjanda hefir eigi tekist að sanna það, gegn neitun stefnda, að hann hafi sent stefnda tilkynningu um söluna innan hæfilegs tíma, auk þess sem stefndi að gefnu tilefni frá C. Sæmundsen & Co. ljet nefnt firma vita það, að hann teldi sig eigi bundinn við söluna vegna vanefnda á skilmálunum í umboðinu.

Með þessum athugasemdum, og að öðru leyti samkvæmt ástæðum hins áfrýjaða dóms, er að þessu lúta, ber að sýkna stefnda og staðfesta dóminn að þessu leyti. Málskostnaðarákvæði og sektaákvæði dómsins samþykkjast einnig, þó svo að helmingur sekta renni í ríkissjóð og helmingur í bæjarsjóð Akureyrar. Það þykir rjett að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti og ákveðst hann 300 kr.

Það er athugavert, að hjeraðsdómarinn hefir eigi

getið ritlauna á dómsgjörðunum, að þær að eins eru stimplaðar með 50 aura merki og að málið hefir legið undir dómi frá 8. júní til 21. sept. 1918, án þess að drátturinn sje nægilega rjettlættur; svo vantar og ákvæði um aðfararfrest í dóminn.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardómurinn staðfestist, þó svo að dæmdar sektir renna að hálfu í ríkissjóð og að hálfu í bæjarsjóð Akureyrar.

Áfrýjandi, Valdimar Thorarensen fyrir hönd Sæmundsen, Lübbers & Co., greiði stefnda, Birni Líndal, 300 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir málaflutningsmaður Valdimar Thorarensen fyrir hönd firmans Sæmundsen, Lübbers & Co. í Hamburg höfðað að undangenginni árangurslausri sáttatilraun gegn kaupmanni og útgerðarmanni Birni Líndal á Akureyri með aukarjettarstefnu dags. 25. janúar 1916. Hefir stefnandinn krafist þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sjer 50962 krónur með 6% vöxtum frá sáttakærudegi til þess greitt verður, og málskostnað að skaðlausu eða eftir mati rjettarins.

Stefndur hefir krafist að verða dæmdur sýkn af þessum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða sjer málskostnað eftir mati rjettarins.

Jafnframt hefir stefndur Björn Líndal að undangenginni árangurslausri sáttatilraun hafið gagnsókn gegn aðalstefnanda með aukarjettarstefnu dags. 8. mars 1916 og í gagnsökinni krafist þess að stefnandi verði dæmdur til að greiða sjer 31012 kr. 66 au. með 6%vöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu annaðhvort eftir reikningi eða eftir rjettarins mati.

Gagnstefndur hefir hinsvegar krafist sýknunar í gagnsökinni

og að gagnstefnandi verði dæmdur til að greiða sjer málskostnað í gagnsök að skaðlausu eða með einhverju nægilegu eftir rjettarins mati.

Tildrögin til aðalsakar og málavextir eru þeir, er hjer skal greina.

Með skjali dags. 1. júní 1915, rjskj. nr. 28, gaf stefndur í aðalsök firmanu Carl Sæmundsen & Co. umboð til þess að selja fyrir sig 1500—2000 fullpakkaðar tunnur af síld cif Bergen fyrir minst 25 aura hvert kílógr., og átti síldin að útskipast í september—október það ár. Eru í umboðinu sett ýms skilyrði fyrir, að sala megi fara fram, þar á meðal að kaupandi innan 30. júní setji nægilega bankatryggingu fyrir kaupverðinu, er greiðast skyldi að helmingi að útskipun lokinni hjer á landi, en að helmingi í Bergen gegn afhendingu farmskírteinis.

Samkvæmt umboði þessu selur svo firmað Carl Sæmunden & Co. fyrir hönd aðalstefnds firmanu Sæmundsen, Lübbers & Co. síld þessa, 1500 tunnur, og er um söluna gerður skriflegur kaupsamningur í Kaupmannahöfn þ. 14. júní 1915, er lagður hefir verið fram í málinu í frumriti, rjskj. nr. 41.

Aðalstefndur fullnægði ekki þessum samningi, afhenti ekki hina seldu síld, og hefir stefnandi höfðað mál þetta út af því og krafist sem skaðabóta verðhækkunarinnar á síldinni til septemberloka frá kaupverðinu, en þá verðhækkun eða þann verðmismun telur hann vera 50962 kr.

Varnarskjöl aðalstefnds gefa tilefni til að taka það nú þegar fram, að fullnægjandi upplýsingar liggja fyrir í málinu um það, að firmað Sæmundsen, Lübbers & Co. hafi verið til, er sölusamningurinn var gerður, enda getur aðalstefndur ekki bygt sýknun sína á ekki tilveru þessa firma, jafnframt því, sem hann leggur fram og byggir gagnsókn sína á samningi, er hann sjálfur hefir gert við firmað. Hins vegar er það upplýst, að Carl Sæmundsen, sem er aðalmaðurinn í firmanu Carl Sæmundsen & Co., sje einnig meðeigandi firmans Sæmundsen, Lübbers & Co. og að hann hafi rjett til að rita það. En aftur á móti brestur sönnun fyrir því, að sami maður hafi undirritað kaupsamninginn bæði fyrir hönd seljanda og kaupanda. Og þar sem hið gagnstæða er ekki sannað, verður einnig að ganga út frá, að kaupsamningurinn 14. júní 1915 hafi verið gjörður þann dag, er skjalið greinir, og að hann hafi verið undirritaður af þeim fyrir hönd beggja firmnanna, er bærir voru til þess.

Verður aðalstefndur því ekki sýknaður af þeirri ástæðu, að sölusamningurinn sje ógildur fyrir neinar þær sakir, er nú hafa verið nefndar.

Þá hefir aðalstefndur fært það sjer til sýknunar, að kaupsamningurinn sje og hafi frá byrjun verið ógildur gagnvart sjer, vegna þess að ekki hafi verið fullnægt skilyrði því, er hann hefði sett, og af því að samningurinn í verulegum atriðum fari í bága við söluumboð sitt, enda sjer ekki verið tilkynt salan eða innihald samningsins í tæka tíð. Í því efni verður rjetturinn að fallast á að niðurlag söluumboðsins verði að skilja svo, að það hafi verið skilyrði af hálfu aðalstefnds, að honum sjálfum, en ekki öðrum fyrir 30. júní 1915 yrði sett bankatrygging fyrir greiðslu kaupverðs síldarinnar, og til að fullnægja því útheimtist bindandi loforð banka að greiða stefndum peningana, er hann af sinni hálfu hefði uppfylt söluskilyrðin. En þessu var ekki fullnægt. Að vísu hafði Sæmundsen, Lübbers & Co. sett Sæmundsen & Co. 40000 kr. tryggingu í útbúi Íslansbanka á Akureyri til greiðslu á kaupverði síldarinnar, en trygging þessi var ekki yfirfærð til aðalstefnds, og hann fjekk fyrst eftir 30. júní óljósa tilkynningu um, að peningar þessir væru ætlaðir honum.

En auk þess fer sölusamningurinn í öðrum atriðum í bága við söluumboð stefnds. Þannig er síldin seld cif København í stað þess að hana mátti að eins selja cif Bergen, helmingur kaupverðsins átti að greiðast í Kaupmannahöfn í stað þess að aðalstefndur hafði áskilið greiðslu í Bergen, afhendingartími síldarinnar er í kaupsamningnum ákveðinn ágúst—september í stað þess að aðalstefndur hafði áskilið sjer afhendingu í sept.—október, og loks eru ákvæðin í kaupsamningum um afleiðingar af „vis major“ óhagstæðari aðalstefndum, en hann hafði áskilið sjer í umboðinu. Alt eru þetta verulег afbrigði frá skilmálum söluumboðsins, og er enginn efi á því, að stefndur hafði rjett til að rifta samningnum. En spurningin verður þá hvort aðalstefndur hafi samkvæmt 32. gr. hinna almennu viðskiftalaga fyrirgert rjetti sínum til að rifta kaupin, með því ekki að tilkynna á rjettum tíma að hann rifti þeim, eða með því að láta annað ógert, er þurfti til að ógilda kaupin.

Sækjandi hefir haldið því fram, að svo sje. Hefir hann því til stuðnings staðhæft að aðalstefndur hafi fyrir 30. júní fengið tilkynningu um að síldin væri seld og trygging sett fyrir greiðslu hennar, því til sönnunar hefir hann lagt fram eftirrit af sím-

skeyti, er hann segir að Carl Sæmundsen hafi sent aðalstefndum og Hallgrími Davíðssyni frá Bergen þann 20. júní 1515. rjskj. nr. 4, en í skeyti þessu er sagt að kaupandi hafi sett skeytissendanda tryggingu í Kaupmannahöfn, er hann, o: skeytissendandi verði að yfirfæra. En skeyti þetta getur ekki um að sala á hinni umræddu síld hafi farið fram, nje um hvaða tryggingu sje að ræða.

Og stefnandi hefir ætlað að fá það sannað með vottorði frá ritsímastöðinni í Bergen, að skeyti þetta hafi verið sent þaðan, en þegar beðið var um vottorð þetta, var búið að eyðileggja öll símskeyti, er send höfðu verið frá ritsímastöðinni í Bergen um þetta leyti, og gat því ritsímastöðin ekkert vottað um hvort skeytið hefði verið sent eða ekki. Og hins vegar má álíta það upplýst með framlögðu vottorði símastöðvarstjórans á Akureyri, að skeyti þetta hvorki hafi komið til aðalstefnds nje til Hallgríms Davíðssonar, og virðist því mega telja það víst, að aðalstefndur hafi ekki fengið það og hafi ekki fyrir lok júnímánaðar 1915 verið búinn að fá neina tilkynningu eða vitneskju um söluna

Hinsvegar er í málinu lagt fram sem rjskj. nr. 13 eftirrit af símskeyti, er Carl Sæmundsen & Co. á að hafa sent 5. júlí umboðsmanni sínum á Akureyri, þess efnis, að 40000 krónum skuli ráðstafað til tryggingar fyrir greiðslu til aðalstefnds á andvirði 1500 tunna síldar. Umboðsmaður Carl Sæmundsen & Co. á Akureyri var staddur á Blönduósi, er skeyti þetta kom og honum sent það þangað. Þaðan símar hann 9. júlí útbúi Íslandsbanka á Akureyri í samræmi við þetta, og biður um, að það sje tilkynt aðalstefndum. Forstjóri útbúsins átti svo tal um þetta við aðalstefndan, en um það viðtal er ekkert upplýst annað en það, sem aðalstefndur hefir kannast við, að Carl Sæmundsen & Co. hefði fengið heimild til að fá 40000 króna lán í bankanum, er ætlaðar væru aðalstefndum til greiðslu á andvirði síldar, en í þessu fólst ekki nein tilkynning um að sala á hinum hjer umræddu 1500 tunnum síldar hefði farið fram, enda hafði heimildin til þessa 40000 kr. láns verið útveguð Carl Sæmundsen & Co. af þeim, er ekki verður sjeð, að neitt sje við mál þetta riðinn, og hefir það því ekki með rökum verið hrakið, er aðalstefndur hefir haldið fram, að hann hafi álitið að trygging þessi stæði í sambandi við greiðslu á andvirði þeirra 1000 tn. af síld, er aðalstefndur sjálfur hafi selt Sæmundsen, Lübbers & Co., og gagnsök máls þessa ræðir um. Yfir höfuð að tala hefir aðalstefnandi ekki gegn mótmælum aðalstefnds fært sönnur á að aðalstefndur hafi fengið vit-

neskju eða tilkynningu um, að sala umræddra 1500 tunna af síld hefði farið fram, fyr en hann meðtók símskeyti dags. 23. sept., er lagt hefir verið fram eftirrit af sem rjskj. nr. 17. En í símskeyti þessu segir Sæmundsen & Co., að sjer hafi verið tilkynt að aðalstefndur neiti að láta seldar 1500 tunnur af hendi og spyr hvers vegna hann geri það. Þessu skeyti svarar aðalstefndur með símskeyti 9. okóber, að hann ekki viðurkenni neina sölu af því skilmálum hafi ekki verið fullnægt, og er þetta skeyti einnig svar við öðru símskeyti, er Sæmundsen & Co. hafði símað aðalstefndum 4. okt. og aðvarað hann um, að afhendingartíminn væri liðinn og spurt hvenær hann ætlaði að afhenda hinar cif seldu 1500 tunnur; loks má enn fremur álíta það upplýst, að aðalstefndur hafi ekki sjeð kaupsamninginn frá 10. júní 1915 fyr en hann var lagður fram undir rekstri máls þessa, og að honum þar af leiðandi hafi til þess tíma verið ókunnugt um innihald hans og að hve miklu leyti hann var frábrugðinn söluumboðinu og hlaut honum þá einnig að vera ókunnugt um hverjum og hvert senda átti síldina og hvenær hana átti að afhenda.

Að öllu þessu athuguðu virðist aðalstefndum ekki verða gefið það að sök, að hann ekki tilkynti um riftingu.a af sinni hálfu öðru vísi og fyr en hann gerði, og heldur ekki getur það orðið honum til dómsáfellis, að hafa vanrækt að leita upplýsinga hjá umboðsmanni sínum um það, hvort söluumboðið hefði verið notað, þar sem það var tímabundið og skilyrði, er það var sett, ekki var fullnægt innan ákveðins tíma. En af þessu, svo og af því að sölusamningurinn, eins og áður hefir sagt verið, í verulegum atriðum fer í bága við söluumboðið, leiðir það, að aðalstefndur er ekki skaðabótaskyldur í máli þessu, og ber því að sýkna hann af kröfum aðalstefnanda í aðalsök.

Í gagnsökinni eru málavextir þeir, er hjer segir.

Með samningi dags. 1. maí 1915 seldi gagnstefnandi gagnstefndum 1000 tunnur af síld fullpakkaðar fyrir 20 aura kílógr. „frítt um borð“ og skyldi kaupandi taka síldina í ágústmánuði sama ár og greiða andvirðið gegn afhendingu útskipunarskilríkja. Gagnstefndur vitjaði ekki síldarinnar í ágústmánuði eins og áskilið var, heldur ljet hann fyrst taka hana í öndverðum októbermánuði s. á. Afhenti gagnstefnandi þá síldina og fjekk andvirði hennar greitt ásamt vöxtum af því daga þá. er liðið höfðu frá því síldin átti að afhendast, og ennfremur plássleigu og kostnað við geymsluna. En jafnframt því sem gagnstefnandi

afhenti síldina og útskipunarskilríkin, afhenti hann umboðsmanni gagnstefnds reikning yfir upphæð kaupverðsins með áföllnum kostnaði, og hafði gagnstefnandi ritað á reikninginn, að hann áskildi sjer rjett til að krefjast þess markaðsverðs, sem afhendingardaginn var á síld sakir þess að síldin hefði hvorki verið tekin nje borguð í ákveðinn tíma. Það má álíta að umboðsmaður gagnstefnds hafi tekið við reikningi þessum, en því er ekki haldið fram af gagnstefnanda, að hann hafi lofað að greiða meira fyrir síldina en umsamið var, og heldur ekki á annan hátt upplýst, að hann hafi lofað þessu.

Hefir nú gagnstefnandi höfðað mál þetta til þess að fá verðmismun síldarinnar greiddan. Telur hann markaðsverð síldarinnar á afhendingardegi hafa verið 54 a. pr. kílógr. og verður þá mismunurinn milli kaupverðs hinnar seldu síldar og markaðsverðs hennar að viðbættum vöxtum til sáttakærudags 31012 kr. 66. a., er hann krefst dóms fyrir. Því er ekki mótmælt í málinu að gagnstefndur hafi hvorki látið veita síldinni móttöku nje greitt andvirði hennar á áskildum tíma og ekki fyr en í októbermánuði.

Eru þessar vanefndir á kaupsamningnum svo verulegar, að gagnstefnandi hefði getað riftað samningnum af sinni hálfu, en þetta gat hann þó því að eins gert samkvæmt 32. gr. hinna almennu viðskiftalaga, að hann gerði það þegar í stað að liðnum hinum umsamda afhendingartíma eða áður en gagnstefndi ljet vitja síldarinnar og tilkynti gagnstefndum það. En ekkert er fram komið í málinu, er bendir til þess að gagnstefnandi hafi gert þetta. Og þar sem gagnstefnandi ekki riftaði samningnum þegar í stað, misti hann rjett sinn til að rifta kaupin og þá um leið allan rjett til að krefjast hærra verðs fyrir hana en áskilið var í samningnum, og var honum þá óheimilt að gjöra nokkurn fyrirvara við afhending síldarinnar, annan en þann að fá greiddan kostnað við geymslu hinnar seldu vöru og vexti af kaupverðinu þann tíma, er dregist hafði að greiða það fram yfir afhendingartíma, en hvorttveggja þetta hefir gagnstefndur greitt.

Það verður því ekki sjeð, að gagnstefnandi eigi neina skaðabótakröfu á hendur gagnstefndum fyrir þetta, og ber því að sýkna gagnstefnda í gagnsökinni.

Eftir atvikum þykir rjett að láta málskostnað falla niður bæði í aðalsök og gagnsök.

Í einu af varnar- og gagnsóknarskjölum sínum hefir gagnstefnandi farið þeim orðum um aðalstefnanda, að sorglegt sje að

slíkum mönnum sem honum, „óeiðfestum, ábyrgðarlausum og tilfinningarlausum misindismönnum, sem engan greinarmun virðast kunna á sannleik og lygi“, sje leyft að fást við málafærslu hjer á landi. Þessi móðgandi ummæli ber að dæma dauð og marklaus, og verður jafnframt að sekta gagnstefnanda fyrir þennan ósæmilega ritháttt. Ákveðst sektin 40 kr. Aðalstefnandi hefir einnig í sóknarskjölum sínum farið ýmsum óviðeigandi og lítilsvirðandi orðum um aðalstefndan, svo sem þeim, að „athæfi aðalstefnds hafi verið miður fagurt og sannast að segja ilt, að starfsemi hans sje negativ og samsvari gáfnafari hans og þekkingu á öllum sviðum, er aðalstefnanda sjeu kunn“.

Þessi og önnur lítilsvirðandi og móðgandi ummæli um aðalstefndan ber einnig að dæma dauð og marklaus, og sekta stefnanda fyrir þau. Ákveðst sektin honum til handa 20 kr. Báðar sektirnar renni að hálfu leyti í landssjóð en að helmingi í fátækrasjóð Akureyrarkaupstaðar.

Nr. 65/1919 **Gunnlaugur Magnússon**
gegn
Þóru Sigurbjörgu Jónsdóttir

Barnsfaðernismál.

Dómur lögreglurjettar Barðastrandarsýslu 25. mars. 1919. Gunnlaugur Magnússon á Vatneyri á, sem faðir barnsins Óli Sigurjón, er stúlkan Þóra Sigurbjörg Jónsdóttir Geirseyri fæddi hinn 5. júní 1917 og hlaut nafnið Óli Sigurjón, að greiða árlegt meðlag með því, samkvæmt yfirvalds úrskurði. Svo greiði hann og kostnað af málssókn þessari með krónum 12,00. Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hæstarjettar.

Samkvæmt skýrslum málsins, þótt fremur ófullkomnar sjeu, er eigi loku fyrir það skotið, að áfrýjandinn geti verið faðir barns þess, Óla Sigurjóns, er

stefnda ól 5. júní 1917. Verður því samkvæmt N. L. 6—13—5. að láta úrslit málsins um meðlagsskyldu áfrýjanda velta á eiði áfrýjanda, þannig að hann skuli vera sýkn af kröfum stefndu, ef hann synjar fyrir það með eiði eftir löglegan undirbúning á varnaþingi sínu, að hann hafi haft samfarir við stefndu fyrir 10. nóvbr. 1916 á þeim tíma, að hann geti verið faðir að nefndu barni, en ella greiða meðlag með barninu frá fæðingardegi þess eftir ákvæði yfirvalds.

Verði áfrýjanda eiðfall greiði hann stefndu málskostnað í báðum rjettum með 85 kr. Ella falli málskostnaður niður, enda hefir áfrýjandi fallið frá kröfum um málskostnað á hendur stefndu.

Það er aðfinningarvert við meðferð málsins í hjeraði, að fullnægjufrestur lögreglurjettardómsins er ranglega ákveðinn 15 dagar og að ritlauna og staðfestingargjalds er ranglega krafist sbr. 3.gr. laga nr. 2/1894 og 9. gr. laga nr. 16/1911.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandi, Gunnlaugur Magnússon, á að vera sýkn af kröfum stefndu, Þóru Sigurbjargar Jónsdóttur, ef hann innan 8 vikna eftir lögbirtingu dóms þessa, eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu, synjar fyrir það með eiði, að hann hafi haft samfarir við stefndu fyrir 10. nóvbr. 1916 á þeim tíma að hann geti verið faðir að barni því, Óla Sigurjóni, er hún ól 5. júní 1917 og á málskostnaður þá að falla niður.

Vinni hann aftur móti eigi eiðinn, á hann að greiða meðlag með barninu samkv. úrskurði

yfirvalds og gjalda stefndu 85 kr. málskostnað, að viðlagðri lagaaðför.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með brjefi dagsettu 7. janúar 1919, sneri stúlkan Þóra Sigurbjörg Jónsdóttir til heimilis á Geirseyri sjer til lögreglustjóra Barðastrandarsýslu, með beiðni um, að hún yrði kölluð fyrir rjett ásamt Gunnlaugi Magnússyni á Vatneyri, sem hún lýsir föður barnsins Óla Sigurjóns, er hún fæddi hinn 5. júní 1917, en sem ekki hefur viljað gangast við faðerninu.

Samkvæmt nefndri beiðni ákvað lögreglustjóri rjettarhald í málinu hinn 4. febrúar þ. árs, og mættu aðiljar eftir munnlegu fyrirkalli. Kærandi krafðist dóms og málskostnaðar. Dómarinn leitaði um sættir er reyndist árangurslaust. Málavextir virðast, eftir því sem upplýst er í málinu, vera þessir. Stefndur í málinu kannast við, að holdlegt samræði milli hans og kæranda, hafi farið fram í nóvember 1916, og viðurkennir faðernið, ef það að áliti læknis, geti á nokkurn hátt samrýmst þeim tíma að hann geti verið faðirinn, sem hann frá sinni hálfu telur útilokað.

Að áliti læknis, sem gefið hefur skýrslu í málinu, og sem aðstoðaði við fæðinguna, telur hann sennilegast að nefnd stúlka hafi orðið barnshafandi á tímabilinu 10. ágúst til 14. sept. 1916, en upplýsir hinsvegar um það að meðgöngutíminn geti verið breytilegur frá 240—320 dagar. Að því er snertir álit læknis um, hvort barnið hafi verið fullburða eða ekki, getur hann þess, að svo hafi virst samkvæmt þyngdinni, en tæplega eftir lengdinni. Með því þannig tjeð sveinbarn Óli Sigurjón, virðist geta verið fæddur það fyrir tíma, sem svari til stysta meðgöngutíma 240 daga, og hinsvegar skýrsla stúlkunnar gefin lækni í janúar 1917, þá að hafa menstruerað fyrir 3. mánuðum, miklu frekar styðja en útiloka þann möguleika, að nefnt sveinbarn sje ávöxtur samræðis, er átt hefur sjer stað í nóvember, og framburður stúlkunnar hefur verið hreinn og ótvíræður í því efni, að hún á nefndu tímabili ekki hafi haft afskifti til samræðis af öðrum karlmönnum, og kærður hinsvegar ekkert getað upplýst um það frá sinni hálfu, að hann hafi vitað til þess að svo hafi verið, virðist ekki verða hjá því komist, að dæma nefndum Gunnlaugi Magnússyni faðerni barnsins Óla Sigurjóns, er stúlkan Þóra Sigurbjörg ól hinn 5 júní 1917, og hlaut í skírninni nafnið Óli Sigurjón, og til þess jafnframt, að svara

meðlagi með nefndu barni, samkvæmt yfirvalds úrskurði, náis ekki samkomulag á öðrum grundvelli.

Svo þykir og rjett, að kærður greiði kostnað af málssókn þessari, er ákveðst krónur 12.00.

Mánudaginn 17. maí.

Nr. 57/1918 **O. Tynes**
gegn
Jul. Havsteen f. h. Joh. Balslev
og
gagnsök,

útaf skaðabótum fyrir samningsrof o. fl.

Dómur aukarjettar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar 16. sept. 1918: Stefndur kaupmaður og útgerðarmaður O. Tynes á Siglufirði greiði stefndum málaflutningsmanni Júl. Havsteen á Akureyri f. h. stórkaupm. Johan Balslev í Kaupmannahöfn kr. 18496,22 — átján þúsund fjögur hundruð níutíu og sex krónur tuttugu og tvo aura, — með 6% vöxtum frá 1. jan. 1916 til þess greitt verður.

Stefndur greiði stefnandanum málskostnað með 150 kr.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hæstarjettar.

Ákvæðið í samningi aðilja í símskeytunum 12.—24. apríl 1915, um 3000 kr. fyrirframborgun, hafa þeir báðir, eftir því sem skjölin sýna, einkum kvittanir aðaláfrýjanda fyrir afborgunum gagnáfrýjanda af þessari upphæð, 2., 5., 24. og 31. júlí og 2. ágúst 1915, skilið svo, að gagnáfrýjandi skyldi fyrirfram, þ. e. áður en hann fengi neitt lýsi frá aðaláfrýjanda, greiða honum áminsta upphæð smámsaman eftir þörfum til

lifrarkaupa, enda var greiðslunni hagað þannig, án þess aðaláfrýjandi fyndi að því, eða, eins og tekið er fram í dómnum, tilkynti gagnáfrýjanda, að honum þætti samningurinn með þessu vanhaldinn af honum (gagnáfrýjanda). Það verður því eigi litið svo á, að aðaláfrýjandi hafi af greindri ástæðu orðið leystur frá samningnum.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti samkvæmt ástæðum hins áfrýjaða dóms, sem ekkert verulegt þykir athugavert við og að því viðbættu að gögn þau, er lögð hafa verið fram af nýju hjer í rjetti, geta eigi raskað niðurstöðu dómsins, þá ber að staðfesta hann, og verður aðaláfrýjandi þá að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 100 kr.

Athugavert þykir, *að* hjeraðsdómarinn hefur haft málið undir dómi í rúmar átta vikur, án þess dráttur þessi sje afsakaður, *að* ritlaun eru eigi tilgreind á dómsgjörðunum, *að* gjöldin fyrir þær aðeins eru skrifuð með tölustöfum, *að* dómsgjörðirnar eru stimplaðar með 50 aur. merki í stað 2ja króna, og *að* vitnagjörðirnar eru stimplaðar með 2ja króna merki í stað 1 kr., en að öðru leyti ekkert gjald skráð á þær.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardómurinn á að vera óraskaður. Aðaláfrýjandi, O. Tynes kaupmaður, greiði gagnáfrýjanda, Júlíusi Havsteen yfirrjettarmálaflutningsmanni fyrir hönd Johans Balslev stórkaupmanns, 100 krónur í málskostnað fyrir hæstarjetti. Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða þannig:

Mál þetta hefir málaflutningsmaður Júl. Havsteen á Akureyri fyrir hönd stórkaum. Johan Balslev í Kaupmannahöfn, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun höfðað gegn kaupmanni og útgerðarmanni O. Tynes á Siglufirði fyrir aukarjetti Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar með stefnu, dags 10. ágúst 1916.

Hefir stefnandi krafist þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sjer kr. 26273,27, til vara kr. 23553,27, enn til vara 23058,72, og loks til þrautavara kr. 18715,32 að viðbættum 6% vöxtum af mestum hluta upphæðarinnar frá 1. jan. 1916, en af nokkrum hluta hennar frá sáttakærudegi 27. júlí 1916 til þess greitt verður.

Svo hefir hann og krafist málskostnaðar að skaðlausu, eða eftir mati rjettarins.

Stefndur hefir hinsvegar viðurkent að skulda stefnanda aðeins 750 kr. 57 aur., er hann vill greiða með vöxtum eða án vaxta, en að öðru leyti krefst hann sýknunar og að stefnandi verði dæmdur til að greiða sjer málskostnað eða að málskostnaður verði látinn falla niður,

Krafa stefnandans er í þremur liðum og eru þeir þessir:

1. Skaðabætur fyrir það, að stefndur hafi rofið samning um lýsissölu og er aðalkrafan 22000 kr., varakrafan 19280 kr., önnur varakrafa kr. 18785,45, og þrautavarakrafan 14442 kr. 5. aur.
2. Skuld samkvæmt viðskiftareikningi 3960 kr. 77 a.
3. Innheimtulaun af víxli kr. 312,50.

Að því er 1. kröfuliðinn snertir eru málavextir þeir, er hjer skal greina.

Þann 7. apríl 1915 símar stefnandi stefndum tilboð um að kaupa allt að 500 föt eða tunnur (barrels) af þorskalýsis framleiðslu stefnds árið 1915 fyrir 53 kr. hver 170 kilogr. fob. Siglufirði. Boði þessu hafnar stefndur í símskeyti). sama mánaðar; þann 12. sama mánaðar símar stefnandi aftur stefndum og fer þess á leit, að hann gjöri fast tilboð um að selja sjer 200—300 föt eða tunnur (barrels) af ljósu þorskalýsi fyrir 73 kr. 170 kilogr. fob, er útskipist í júlí—ágúst

Þessu svarar stefndur með skeyti 13. sama mánaðar að hann að fengnum 3000 kr. samþykki að selja stefndum fob. 200—300 „barrels“ (föt eða tunnur) af ljósu þorskalýsi fyrir 75 krónur hver 170 kilogr., er afhendist í júlí — september og sama dag endurtekur eða staðfestir stefndur þetta í brjefi og er það einnig tekið

fram í brjefinu, að 3000 kr. greiðist fyrirfram (paa forskud). Þessu símskeyti svarar stefnandi með símskeyti 15. sama mánaðar á þá leið, að hann samþykki að kaupa minst 200 og mest 350 barrels (föt eða tunnur) af ljósu þorskalýsi fyrir 75. kr. samkvæmt skilmálum stefnds og spyr hvenær skuli senda peningana. Þessu svarar stefndur með símskeyti 21. sama mánaðar, að hann samþykki söluna og að 3000 kr. skuli greiðast þegar fiskiveiðar byrji í byrjun júnímáðaðar. Þessu skeyti svarar stefnandi enn aftur með símskeyti 22. apríl á þá leið að hann sendi 3000 kr. í byrjun júní. —

Sumarið 1915 leið svo að stefndur sendi stefnanda að aðeins 40 föt af ljósu þorskalýsi og telur stefnandi þannig að vantað hafi 160 föt til þess að samningnum væri fullnægt og að hann við þessar vanefndir hafi beðið tjón það, er að framan greinir og stefndum beri að bæta. —

Stefndur hefir haldið því fram, að stefnandi hafi sín vegna farið með söluumboð sitt erlendis og að framangreind símskeyti beri að skilja þannig, að hann aðeins heimili stefnanda að selja í umboði sínu framleiðslu sína af ljósu þorskalýsi árið 1815 fyrir minnst 75 kr. hver 170 kilogr. og geti því þegar af þeirri ástæðu ekki verið um neina skaðabótakröfu að ræða, enda hafi stefnandi fengið alla framleiðslu sína af ljósu þorskalýsi 1915. Að vísu er það nú upplýst í málinu að stefnandi hefur næstu árin á undan og í byrjun ársins 1915 selt framleiðsluvörur stefnds, þar á meðal þorskalýsi, og tekið fyrir venjuleg umboðslaun.

En orðalagið í símskeytunum er svo ákveðið, að þau geta ekki skilist á annan veg en þann, að stefndur hafi með þeim selt stefnanda sjálfum hinn ákveðna tunnu- eða fatafjölda af lýsi og skuldbundið sig til að ábyrgjast afhendingu þeirra. Milli málsparta er einnig ágreiningur um hvernig skilja beri orðið „Barrels" í skeytunum. Stefndur vill halda því fram, að með því sje aðeins átt við venjulega þorskalýsistunnu að þyngd 105 kgr. og hafi því ekki verið um sendingu meira lýsis að ræða en 200 × 105 kgr.

En rjetturinn verður að álíta að með þessu orði sje í skeytunum átt við veujuleg lýsisföt, er upp og ofan taka c. 170 kgr. af lýsi. Verður samkvæmt þessu að ganga útfrá, að í lok aprílmánaðar hafi stefndur með samningi verið skuldbundinn til að selja stefnanda fob. á Siglufirði á tímabilinu júní — september 1915 200 × 170 kg. af ljósu þorskalýsi og bera ábyrgð á að vörusending þessi væri þá til. Ber því stefndum jafnframt að

svara til skaðabóta út af vanefndum á því, nema hann sanni að samningurinn hafi vegna vanefnda af hálfu stefnanda eða á annan hátt verið upphafinn eða honum breytt.

Í því efni hefur stefndur haldið því fram, að stefnandi hafi af sinni hálfu rofið samninginn með því að fullnægja ekki því skilyrði að greiða 3000 kr. af kaupverði lýsisins í byrjun júnímánaðar. Það má að vísu álíta að stefnandi hafi beðið Sören kaupm. Goos á Siglufirði að greiða upphæðina fyrir sig, en það var ekki gjört á ákveðnum tíma.

Er það upplýst í málinu, að fyrst þ. 2. júlí fær stefndur greiddar kr. 200 og 5. sama mánaðar enn 1000 kr. og þennan sama dag krefur hann kaupm. Sören Goos um eftirstöðvarnar, en ekki fyr en 24. júlí fær hann næst útborgaðar 600 kr. þá 400 kr. 31. júlí, 500 kr. 2. ágúst og loks virðist mega álíta að hann hafi fengið 210 kr. þ. 7. ágúst.

Hafa þannig alls verið greiddar 3910 kr. af hinum áskildu 3000 kr. Eins og áður hefir verið sagt var það skilyrði fyrir samningnum af hálfu stefnds að 3000 kr. væru greiddar í byrjun júní.

Þar sem þetta ekki var haldið hafði stefndur, samkvæmt 32. gr. hinna almennu viðskiftalaga, rjett til að ripta samningnum, en þó því aðeins að hann tilkynti það þegar í stað.

En þetta virðist stefndur ekki hafa gjört, og misti hann þá rjett sinn til að ripta kaupin.

Að vísu er það upplýst í málinu að milli stefnda annarsvegar og kaupm. Sören Goos fyrir hönd Johans Balslev hinsvegar hafi um sumarið farið fram munnlegur samningur þessu viðvíkjandi, en um innihald þess samnings og sjerstaklega samband hans við eldri samninginn er óljóst.

Það virðist þó hafa verið á þá leið, að stefndur skyldi vera laus við sinn fyrri samning, ef hann sendi stefnanda 125 föt af lýsi þá um sumarið. En heldur ekki þessu var fullnægt af hálfu stefnds. Má einnig sjá það af brjefi stefnds til stefnanda dags. 21. sept. 1915 að hann álítur sig samningum bundinn við stefnanda, þar sem hann skýrir frá að honum sje ómögulegt að senda alt það lýsi, er hann hefði selt stefnanda og ber það fyrir sig, að fiskiveiðarnar hafi brugðist, en eins og áður var sagt bar stefndur ábyrgð á því að hin selda vara væri til og yrði afhent á rjettum tíma.

Það verður því ekki annað af þessu ráðið, en að hinn upp-

runalegi samningur hafi staðið í gildi og að stefndur sje skyldur til að svara stefnanda skaðabótum fyrir samningsrofin.

Til þess að rökstyðja með upphæð skaðabótakröfu sinnar hefur stefnandinn lagt fram vottorð dags. 20. nóv. 1915 frá Simmelhag og Holm löggiltum brakúnum í Kaupmannahöfn. Er það í skjali þessu, rskj. nr. 19, vottað að þeir hafi ultimo september primo oktober 1915 selt íslenskt þorskalýsi fob á Íslandi fyrir 115 — 125 kr. pr. 100 kg. og verður það sama sem kr. 195,50 til kr. 212,50 fyrir hver 170 kg. Stefnandi byggir aðalkröfu sína 22000 kr. á því, að stefndum beri að greiða sjer skaðabætur 212, 50 ÷ 75 kr. fyrir hvert fat af þeim 160 lýsisfötum, er ekki voru afhent, en fyrstu varakröfu sína á lægra verðinu kr. 195,50 ÷ 75 kr. × 160 er gjörir 19280 kr. En rjetturinn getur ekki fallist á að leggja beri verð þetta, hvorki hærri nje lægri upphæðina, til grundvallar, er ákveða skal skaðabæturnar og það af þeirri ástæðu, að stefnandi hefur sjálfur lagt fram og stutt sig við önnur skjöl, rskj. nr. 20 og 21, er virðast sanna það, að stefnandi hefur ekki beðið svo mikið tjón af samningsrofunum.

Þessi skjöl virðast sýna það, að þann 24. apríl 1915, eða 2 dögum síðar en lýsissölusamningarnir voru fullgerðir seldi stefnandi Ingolf Jakobsen kaupmanni í Kaupmannahöfn lýsi það, er hann hafði keypt af stefndum og er hann ekki gat fullnægt þeim samningi sökum vanefnda stefnds, að hann fyrir það hafi orðið að greiða í skaðabætur 13535 kr. 45 aur. Það er að vísu áfátt við sönnunargögn stefnandans að kaupsamningur þessi hefur ekki verið framlagður í málinu. En það virðist mega taka skjal þetta gilt sem kvittun og ekki vera ástæða til að efa, að stefnandi hafi orðið að greiða upphæð þessa vegna samningsrofanna og ber honum því að fá hana endurgoldna hjá stefndum.

Auk þessa beina tjóns, er stefnandi varð fyrir vegna samningsrofanna, er stefndur einnig samkvæmt hinum almennu viðskiftalögum skyldur til að bæta stefnanda gróðamissir þann, er hann varð fyrir sökum þess að hann ekki gat fullnægt sölusamningi þeim, er hann hafði gert við kaupmann Ingolf Jakobsen. Samkvæmt rjettarskjali nr. 21 samanborið við rskj. nr. 19 má álíta að hann hafi selt hin umræddu 200 lýsisföt komin til Kaupmannahafnar á 110 kr. hver 170 kgr. eða hann hafi átt að fá 35 kr. meira fyrir hvert lýsisfat en hann hafði keypt það fob. Siglufirði.

Nú eru ekki fyrir hendi í málsskjölunum nein skilríki, er sýni hve mikill flutningskostnaður þ. e. farmgjald eða ábyrgðargjald

o. fl. hafi verið fyrir lýsisfat frá Siglufirði til Kaupmannahafnar á þessum tíma, en rjetturinn áætlar þann kostnað 10 kr. fyrir hvert lýsisfat.

Samkvæmt því hefir stefnandi þá við samningsrofin mist af söluhagnaði, er nemur kr. 25,00 × 160 = 4000 kr. Ber því stefndum að greiða stefnanda einnig þessa upphæð í viðbót við áðurgreindar kr. 13535,45.

Auk þessarar upphæðar hefur stefnandi krafist að fá endurgoldnar kr. 906,60 eða kr. 450,00 er hann hafi tapað við það, að hann hafi af sínu eigin lýsi orðið að afhenda kaupmanni Ingolf Jakobsen til fullnægingar samningnum og fengið aðeins 110 kr. fyrir hvert lýsisfat og með því orðið af miklu hærra verði, en hann þar hefði getað fengið fyrir lýsið. En gegn mótmælum stefnds er það ekki nægilega sannað, að afhending þessara 4 lýsisfata hafi farið fram, nje heldur að stefnandi hafi beðið það tjón, er hann segir, ef hann hefur afhent þau. Þessi hluti kröfu stefnanda verður því ekki tekin til greina.

Samkvæmt því sem nú hefur sagt verið verða úrslitin þau, að stefndum ber að greiða stefnandanum 17535 kr. 45 aur. sem skaðabætur fyrir samningsrofin, og er þá ekki frá upphæðinni dregið andvirði það, er stefnanda ber að greiða stefndum fyrir þau 40 lýsisföt er afhent voru.

2. liður dómskröfu stefnanda er krafa um endurgjald á kr. 3960,77 samkvæmt framlögðum reikningi yfir viðskifti málsaðilja árið 1915.

Samkvæmt reikningi þessum er stefndum fært til útgjalda á 16 liðum alls kr. 11629,10. Af upphæð þessari hefur stefndur aðeins vefengt 210 kr. útborgun fyrir lifur á Siglufirði, en eins og þegar hefir verið tekið fram verður að álíta að sú útborgun hafi átt sjer stað.

Af báðum málspörtum er það einnig viðurkent, að af greindum kr. 11629,10 sjeu greiddar af stefndum 7668 kr. 33 aur., er gerir kr. 3960,77 mismun.

Eftir því sem málsfærslan liggur fyrir er um þessa kröfu samkv. viðskiftareikningnum sá einn ágreiningur, að stefndur álítur að á reikningnum eigi að telja sjer til tekna andvirði fyrir 40 föt af lýsi, er hann samkvæmt framangreindu hefur selt stefnanda á árinu, en kaupverð þessara lýsisfata var 3000 kr.

Stefnandi hefur haldið því fram að þessar 3000 kr. hafi komið stefndum til tekna á þann hátt, að þær hefi verið dregnar frá

skaðabótakröfunni undir 1. lið. En þetta er ekki rjett. Eins og skaðabæturnar hafa verið ákveðnar hjer að framan og eftir útreikningi stefnanda á aðalskaðabótakröfunni hafa þessar 3000 kr. ekki verið dregnar frá og eru ekki á annan hátt færðar stefndum til tekna. Ber því að draga þær frá þessum lið og verður þá upphæð þessa liðs er dæma ber stefndan til að greiða, að eins 960 kr. 77 aur. — 3. Undir þessum lið hefur stefnandi krafist að sjer verði dæmdar 312 kr. 50 aur. og eru það kostnaður og laun við innheimtu víxils hjá stefndum. Víxill þessi er að upphæð 6250 kr. útgefinn þ. 1. júní 1915 af stefnanda og samþykktur af stefndum, átti að greiðast 1. sept. 1915, en er hann ekki var greiddur á gjalddaga var hann afhentur umboðsmanni stefnanda til innheimtu og honum hefur stefndur greitt víxilinn þann. 17. jan. 1916 með vöxtum til greiðsludags. Á víxilinn er rituð skilyrðislaus kvittun fyrir greiðslu höfuðstóls og vaxta. Verður því ekki sjeð að stefnandi eigi neina frekari kröfu á hendur stefndum út af þessum víxli, enda er það ekki upplýst í málinu að stefnandi hafi greitt neitt fyrir innheimtu víxilupphæðarinnar; það ber því að sýkna stefndan af þessari kröfu.

Samkvæmt því, sem að framan hefur verið sagt, ber að dæma stefndan til að greiða stefnandanum kr. 17535,45 + kr. 960,77 eða samtals kr. 18496,22.

Svo ber honum og að greiða 6% vexti, er samkvæmt kröfu stefnanda í stefnunni teljast frá 1. jan. 1916.

Eftir úrslitum málsins þykir og rjett að dæma stefndan til að greiða stefnanda málskostnað og ákveðst hann 150 kr.

Nr. 60/1919.

Guðmundur Ólafsson
f. h. **Louis Zöllner**
gegn
Magnúsi Stefánssyni,

útaf verslunarskuld.

Dómur gestarjettar Húnavatnssýslu 15. ágúst 1919: Aðalstefnandi Guðmundur Ólafsson f. h. Louis

Zöllner, Newcastle, greiði aðalstefndum Magnúsi kaupmanni Stefánssyni á Blönduósi kr. 1072.04 með 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1918 til borgunardags.

Málskostnaður í aðalsök og gagnsök falli niður.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hæstarjettar.

Í hinum áfrýjaða dómi er það rjettilega tekið fram, að áfrýjandi hafi ekki sannað að hafa greitt stefnda þær 2000 kr., er ágreiningur er um í málinu. Þessa upphæð ásamt 6% ársvöxtum frá 3. júlí 1914 til 31 des. 1917, er áfrýjandi hefir talið stefnda til skuldar í reikningi sínum, ber því að fella niður af reikningi áfrýjanda, þó ekki, eftir því sem málið er lagt fyrir hæstarjett, með hærri upphæð en 2303 kr. 30 au.

Með þessari athugasemd, og að öðru leyti samkvæmt ástæðum hins áfrýjaða dóms, sem ekkert verulegt þykir athugavert við, ber að staðfesta hann.

Það þykir rjett að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 75 kr.

Athugavert þykir, *að* hjeraðsdómarinn hefir haft mál þetta undir dómi frá 19. maí til 15. ágúst, án þess dráttur þessi sje fyllilega rjettlættur, *að* dómsgjörðir gestarjettarins eigi eru stimplaðar, og *að* undirrjettarskjölin nr. 4, 5, 7 og 8 eigi eru rituð í dómsgjörðirnar, eins og vera ber, en látin fylgja þeim.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandi, Guðmundur Ólafsson fyrir hönd Louis Zöllner, greiði stefnda Magnúsi Stefánssyni 75 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri lagaaðför.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir höfðað Guðmundur Ólafsson, yfirdómslögmaður í Reykjavík, fyrir hönd Louis Zöllner, Newcastle upon Tyne á Englandi, með gestarjettarstefnu útg. 13. des. f. á., gegn Magnúsi kaupmanni Stefánssyni á Blönduósi til greiðslu á skuld, að upphæð kr. 1259,38 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. janúar 1918 til greiðsludags, eða til vara £ 69—19—4 eftir gangverði og 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags. Ennfremur krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati rjettarins.

Stefndur Magnús Stefánsson, hefir með stefnu útgefinni 29. des. f. á., höfðað gagnsóknarmál á hendur aðalstefnanda, Guðmundi Ólafssyni f. h. Louis Zöllner, til greiðslu á kr. 2303,30 ásamt 6% vöxtum frá 15. ág. 1915 og málskostnaðar í gagnsókninni. — Svo hafa málsaðiljar krafist sýknunar af hvors annars kröfum í aðal- og gagnsök.

Eftir því sem sjeð verður á skjölum málsins eru mál þessi sprottin af verslunarviðskiftum málsaðlja, aðallega frá árinu 1914.

Að því er aðalmálið snertir, heldur aðalstefndur því fram, að sjer undir engum kringumstæðum beri að greiða eftirtalda liði á reikningi aðalstefnanda: £ 0—19—3, er virðist hafa verið greitt af aðalstefnanda fyrir pössun á hesti og £ 0—12—0, andvirði kjötstimpils, er aðalstefnandi hefir sent aðalstefndum. Hvað eftirstöðvar hinnar umstefndu upphæðar snertir, virðast þær, eftir því sem upplýst er í málinu, vera aðallega fólgnar í því, að aðalstefnandi hefir reiknað öðruvísi vexti af hinum einstöku viðskiftaupphæðum og hærri „kúrs“ á enskri mynt en aðalstefndur, og heldur hinn síðarnefndi því fram, að kúrsmismunurinn muni nema um 800 kr.

Hjer við athugast:

Það verður að skoðast ómótmælt, að ofangreind upphæð, £ 0—19—3 — kr. 17,32 — hafi verið greidd af aðalstefnanda fyrir pössun á hesti, er flytja átti til útlanda ásamt öðrum hestum honum tilheyrandi. Með því að aðalstefndur hefir eindregið neitað því, að umræddur hestur hafi verið einn af þeim, er hann keypti inn fyrir aðalstefnanda, virðist þegar af þessari ástæðu verða að skoða umræddan útgjaldalið aðalstefndum óviðkomandi,

enda hefir aðalstefnandi ekki, gegn mótmælum aðalstefnds, sannað, að aðalstefndum beri að greiða umræddan útgjaldalið.

Aðalstefndur heldur því fram, að hann hafi hvorki pantað nje notað ofangreindan kjötstimpil, og að sjer beri því ekki að greiða andvirði hans, £ 0—12—0 — kr. 10,80 —. Eftirrit af brjefi dags. 16. apr. 1916, frá aðalstefndum til aðalstefnanda — rjskj. 9 — þar sem hinn fyrnefndi kveðst ekki hafa pantað nje notað stimpilinn og að best sje fyrir aðalstefnanda að nota hann þar sem hann taki kjöt, virðist benda á, að aðalstefndur segi satt hvað atriði þetta snertir. — Rjetturinn verður því að komast að þeirri niðurstöðu, að með því að aðalstefnandi hefir ekki, gegn mótmælum aðalstefnds, sannað, að aðalstefndur hafi pantað nje notað umræddan kjötstimpil, þá beri að sýkna hann af að greiða andvirði hans, eða £ 0—12—0.

Að því er snertir eftirstöðvar hinnar umstefndu upphæðar, kr. 1259,38 ÷ hinum 2 ofantöldu liðum (— kr. 17,22 + kr. 10,80 —), heldur aðalstefndur því fram, eins og áður er ávikið, að upphæð þessi sje fólgin í því, að aðalstefnandi hafi oftalið vexti og reiknað hærri »kúrs“ á hinni ensku mynt en hann (o: aðalstefndur). Í rjskj. nr. 20 kemst aðalstefndur svo að orði um þetta atriði: „Annars er mjög fyrirhafnarmikið og aðgæsluvert að geta sagt það til fullnustu, hve mikið er rjett og hve mikið er rangt í þeim kúrsbreytingum, sem sækjandi hefir fært með þessa reikninga sína, sem hjer um ræðir. Eftir þeim upplýsingum, sem jeg hefi aflað mjer, get jeg fullyrt, að breytingin er ekki rjett gerð, en að hinu leytinu ekki sýnt reikningslega nú, hvers miklu þetta nemur í heildinni og sundurliðað á viðskiftunum“. Rjetturinn verður nú að líta svo á, að með því að aðalstefndur hefir ekki, gegn mótmælum aðalstefnanda, sýnt fram á eða sannað, að aðalstefnandi hafi ofreiknað vexti eða reiknað hærri „kúrs“ á enskri mynt en kúrsinn hefir verið í það og það skiftið á Englandi, þá verður ekki unt að taka hjer að lútandi aðfinslur aðalstefnds til greina og ber því að skylda hann til að greiða hinar áðurumræddu eftirstöðvar (kr. 1259,38 ÷ 17,32 + kr. 10,80) eða kr. 1231,26.

Kemur þá g a g n s ö k i n til álita.

Aðalstefndur telur sig eiga kr. 2303,30 til góða hjá aðalstefnanda. Eftir því sem sjeð verður á skjölum málsins, virðist upphæð þessi aðallega fólgin í því, að aðalstefndur fullyrðir að hafa meðtekið 2000 kr. minna af aðalstefnanda upp í viðskifti þeirra,

en aðalstefnandi kveðst hafa greitt honum. Heldur aðalstefndur því fram, að hann hafi aðeins meðtekið af aðalstefnanda samtals 20000 kr., sem sje 18000 kr. í júlí 1914 — greitt á Staðarbakka í Miðfirði — og svo ennfremur 2000 kr., er aðalstefnandi hafi greitt sín vegna í Íslandsbanka. Aðalstefnandi hefir fullyrt að hafa greitt aðalstefndum 20000 kr. á Staðarbakka, auk hinna umræddu 2000 kr., er voru greiddar í Íslandsbanka.

Það verður nú að líta svo á, að með því að aðalstefnandi hefir ekki, gegn neitun aðalstefnds, fært sannanir fyrir því að hafa greitt aðalstefndum 22000 kr., verður að leggja skýrslu hins síðarnefnda um að hafa aðeins meðtekið 20000 kr. af aðalstefnanda til grundvallar, og með því að gagnkrafa aðalstefnds virðist þannig á rökum bygð, verður að taka hana til greina, sjerstaklega með tilliti til þess, að aðalstefnandi hefir ekki mótmælt sjerstaklega neinum einstökum lið eða liðum á reikningi aðalstefnds — rjskj. 7. — Með því að aðalstefndur hefir í málsfærslu sinni gert kröfu um skuldajöfnuð á hinum umstefndu upphæðum, verður samkvæmt ofansögðu að skylda aðalstefnanda til þess að greiða aðalstefndum kr. 2303,30 að frádregnum kr. 1231,26, eða kr. 1072,04 með 6% frá 1. jan. 1918 til borgunardags. — Eftir þessum úrslitnm þykir rjett að málskostnaður falli niður í aðal- og gagnsök.

Fimtudaginn 27. maí 1920.

Nr. 5/1920 **Rjettvísin**
(sækjandi Eggert Claessen)
gegn
Jóhannesi Kristjáni Jóhannessyni
(verjandi Sveinn Björnsson),

sem er ákærður fyrir svik og skjalafals.

Dómur aukarjettar Reykjavíkur 10. apríl 1919: Ákærður Jóhannes Kristján Jóhannesson, sæti fangelsi við vatn og brauð í 6×5 daga. Svo innleysi hann og veð skuldarbrjef

að upphæð 7000 krónur, útgefið 25. apríl. 1918 af Guðmundi Guðmundssyni, Hverfisgötu 76, til Gunnars Sigurðssonar yfirdómslögmanns, með 3. veðrjetti í húseigninni nr. 12 við Barónsstíg, eftir ákvæðum þess. Svo ber ákærða og að greiða allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað. Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur landsyfirrjettarins 28. júlí 1919:

Ákærði Jóhannes Kristján Jóhannesson sæti 5×5 daga fangelsi við vatn og brauð og greiði allan kostnað sakarinnar í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirrjettarmálflutningsmannanna Eggerts Claessen og Björns Pálssonar, 20 kr. til hvors. Svo ber og ákærða, áður átta vikur sjeu liðnar frá lögbirtingu dóms þessa, að taka að sjer sem eigin skuld veðskuld Guðmundar Guðmundssonar 7000 kr. til Gunnars Sigurðssonar samkvæmt veðskuldabrjefi 25. apríl 1918 og setja tryggingu fyrir henni, eigi lakari en skuldabrjefið ákveður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Eftir að dómur landsyfirrjettarins var kveðinn upp, hafa nýjar skýrslur verið útvegaðar. En gögn þessi skifta eigi máli um úrslitin. Málflutningur verjanda gefur tilefni til að taka það einnig sjerstaklega fram, að í prófum málsins er ekkert, er bendi til þess að ákærði sje svo bilaður að heilsu, að haft geti áhrif á sakhæfi hans.

Af ástæðum þeim, sem greinir í yfirrjettardóminum verður að sýkna ákærða af skjalafalsi en dæma hann fyrir svik. Heyra þau undir 253. og 255. gr. hegningarlaganna; og þykir hegning ákærða hæfilega metin í dóminum 5×5 daga fangelsi við vatn og brauð.

Ákærða er að vísu ekki stefnt til skaðabóta nje honum tilkynt fyrir lok rannsóknarinnar, að sú krafa yrði gjörð í málinu, en þó þykir mega taka hana

til greina, þar sem skaðabóta er sjerstaklega krafist í kæruskjali Gunnar Sigurðssonar og ákærði hefur ekki mótmælt þeim í varnarskjali sínu fyrir undirrjetti nje verjandi í æðri dómum. Það verður því að skylda ákærða til að greiða veðskuldabrjef að upphæð 7000 kr., útgefið 25. apríl 1918 af Guðmundi Guðmundssyni til Gunnars Sigurðssonar, trygt með 3. veðrjetti í Barónsstíg nr. 12.

Um málskostnað í hjeraði og yfirdómi á yfirrjettardóminum að vera óraskað. Svo greiði ákærði og allan kostnað af áfrýjun málsins til hæstarjettar, þar með talin málfærslulaun til sækjanda og verjanda, 100 kr. hvors.

Það vottast, að rekstur málsins í hjeraði og yfirdómi hefir verið vítalaus. Þó athugast að vitundarvottar að afsali Guðmundar Guðmundssonar til ákærða hafa eigi verið leiddir sem vitni í málinu — Sókn og vörn málsins í hæstarétti hefir verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði, Jóhannes Kristján Jóhannesson, sæti fangelsi við vatn og brauð í 5×5 daga.

Ákærði greiði rjettum eiganda fyrnefnds veðskuldabrjefs 7000 kr. með vöxtum samkvæmt brjefinu til greiðsludags.

Svo greiði ákærði allan löglegan kostnað af áfrýjun málsins til hæstarjettar, þar á meðal 100 kr. til hvors, sækjanda og verjanda, málflutningsmannanna Eggerts Claessen og Sveins Björnssonar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum

Forsendur dóms landsyfirrjettarins eru prentaðar í dómasafni yfirdómsins fyrir árið 1919.

Mánudaginn 31. maí 1920

Nr. 61/1919 **Ásgeir Ásgeirsson**
gegn
Guðmundi Einarssyni.

Dómur hæstarjettar.

Með umboði dags. 15. des. 1918 fól Georg nokkur Jónsson stefnda í máli þessu, prófasti Guðmundi Einarssyni í Ólafsvík, að veita móttöku hjá áfrýjanda hesti, er Georg þessi átti hjá honum, en þar sem áfrýjandi ekki vildi eða taldi sjer skylt að sleppa hestinum, fjekk stefndi fógetann í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu með fógetagjörð 13. júní f. á. til að taka hestinn af áfrýjanda og afhenda sjer hann. Þessari fógetagjörð hefur áfrýjandi skotið til hæstarjettar og krafist þess að fógetarjettargjörðin verði úr gildi feld, gjörðarbeiðandi Guðmundur prófastur Einarsson skyldaður til að afhenda honum hestinn og greiða 300 kr. fyrir afnotamissi af honum með 5% vöxtum frá 22. okt. f. á. og málskostnað eftir mati rjettarins. En þar sem hinum rjetta aðila, framannefndum eiganda hests þess, er ræðir um í fógetarjettargjörðinni, hefur ekki verið stefnt, hann hefur ekki mætt hjer fyrir rjettinum og málið ber það ekki með sjer, að hann hafi gefið stefnda umboð til að mæta í máli þessu hjer fyrir rjettinum, ber ex officio að frávísa málinu, og verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 75 kr.

Því dæmist rjett vera:

Máli þessu vísast frá hæstarjetti. Áfrýjandi, Ásgeir Ásgeirsson, greiði stefnda Guðmundi prófasti Einarssyni 75 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri laga-aðför.

Föstudaginn 11. júní 1920

Nr. 17/1920 **Guðrún Clausen**
(E. Claessen)
gegn
R. P. Levi. og **Jensen Bjerg,**
(Pjetur Magnússon)

um rjett framleigutaka samkv. 2. gr. l. nr 24. 1917.

Úrskurður fógetarjettar Reykjavíkur 23. apríl. 1920. Hin umbeðna útburðargjörð á fram að fara á ábyrgð gjörðarbeiðanda.

Dómur hæstarjettar.

Þó að leigusamningur fyrverandi eigenda »Hótel Island« við Theodór Johnson og afsalsbrjef þeirra til stefndu fyrir hótelinu væri því eigi til fyrirstöðu að Theodór Johnson seldi áfrýjanda á leigu íbúð í hótelinu, þá gat sú framleiga eigi að lögum átt sjer lengri aldur en leigurjettur Theodórs sjálfs, og var hinum stefndu því rjett er leigutími hans var á enda, og hann hafði slept leigurjettinum, að fá lausa íbúð þá, sem Theodór hafði leigt áfrýjanda í hótelinu.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn afrýjaða úrskurð og dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 75 kr.

Það þykir aðfinsluvert að fógetinn hefir eigi tilgreint ástæður fyrir því, að hann kvað eigi sjálfur upp úrskurðinn.

Því dæmist rjett vera:

Fógetarjettarúrskurðurinn staðfestist. Áfrýjandi, Guðrún Clausen, greiði stefndu, R. P. Levi og Jensen Bjerg, 75 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar eru svo:

Í útburðarmáli þessu hafa eigendur húseignarinnar „Hótel Island“ hjer í bænum, kaupmennirnir R. P. Levi og J. L. Jensen Bjerg, krafist þess, að frú Guðrún Clausen og fjölskylda hennar verði borin út úr herbergjum þeim, er hún (eða sonur hennar, er hún telst bústýra hjá) hefur haft til umráða og afnota undanfarið.

Málavextir eru þeir, að Theodór Johnson leigði hina umræddu eign árið 1915 til 5 ára til 1. apríl. þ. á. af þáverandi eigendum hennar og þar sem eignin var bygð, rekin til þess tíma, og hefur eftir það verið rekin að mestu leyti, sem „hotel“ verður að álíta að hann hafi leigt hana sem „hotel“ þótt leigusamningur hans hafi ekki verið lagður fram í málinu. Enda bendir það í þá átt að leigutíminn er bundinn við 1. apríl en ekki við 15. maí. eða 1. okt. eins og venja er til, um íbúðarhús. Eins verður að álíta að núverandi eigendur eignarinnar hafi keypt hana sem „hotel“ og til hotelhalds og fyrir verslunarbúðir, en ekki til íbúðar, þótt afsal þeirra fyrir eigninni hafi heldur eigi verið lagt fram, en auðvitað voru hinir nýju eigendur bundnir við samninga þá, er hinir fyrri eigendur höfðu gjört um hana eða hluta af henni, þar á meðal samninginn við Theodór Johnson og samninga þá, er hann hafði löglega gjört.

Nú hafði Theodór Johnson leigt Clausensfjölskyldunni herbergi þau, er nú er krafist útburðar úr og hún tekið þau til íbúðar og er útburðinum mótmælt með skírskotun til húsaleigulaganna, er eigi að heimila fjölskyldunni framhaldandi íbúðarrjett í þeim.

Þótt nú Theodór Johnson hafi átt rjett til að taka nokkurn hluta af „hotelinu“ og gjöra að íbúð, þá gat hann, sem ekki var eigandi, þó ekki gjört það nema fyrir þann tíma, sem hann samkvæmt leigusamningi sínum hafði umráð þeirra. Hann gat ekki að eigendum eignarinnar fornspurðum íþyngt þeim fram yfir þann tíma og því ekki gjört hotelherbergi að íbúðarherbergjum og hættu þau að vera íbúð frá þeim tíma, er leigurjettur hans var á enda.

Af þessari ástæðu ná húsaleigulögin, sem aðeins gilda um íbúðir, ekki til herbergja þeirra, sem hjer ræðir um, en þótt svo væri álitið að herbergin væru enn íbúðarherbergi, ber þó að sama brunni, að eigendurnir eigi rjett á að fá þau rýmd; því er ómótmælt í málinu haldið fram að leigusamningur Theodórs Johnson hafi verið útrunninn 1. þ. m. og þar sem Clausensfjölskyldan leiðir rjett sinn til herbergjanna frá rjetti Theodórs, hlýtur rjettur

hennar til þeirra að falla niður með rjetti leigusala hennar, því húsaleigulögin breyta ekki aðildar (Kompetence) reglunum.

Hin framkomnu mótmæli verða því eigi að áliti fógetarjettarins tekin til greina.

Nr. 59/1919 **Guðlaugur Br. Jónsson**
gegn
Lofti Jónssyni

út af rofum kaupsamnings um jörð.

Dómur gestarjettar Reykjavíkur 4. okt. 1919: Stefndur Loftur Jónsson greiði stefnandanum Guðlaugi Br. Jónssyni 2000 krónur í skaðabætur fyrir samningsrof, en sje að öðru leyti sýkn af kröfum hans í þessu máli.

Málskostnaður falli niður.

Skaðabótaupphæðin greiðist innan 3 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Eins og hjeraðsdómarinn hefir tekið fram, nær hið gagnkvæma ákvæði kaupsamningsins um skaðabætur bæði til þess, er samningnum er riftað í heild sinni og einstök ákvæði hans rofin. Jafnframt virðist, eftir efni samningsins að öðru leyti, eðlilegast að skilja ákvæði þetta á þá leið, að áfrýjandi hafi með því afsalað sjer rjetti þeim, er hann ella kynni að hafa átt, til þess að fá ákvæðum kaupsamningsins fullnægt á annan hátt, en með greiðslu skaðabóta, og skaðabæturnar geta ekki orðið meiri, en fyrirfram var ákveðið í samningnum. Af þessum ástæðum, og að öðru leyti samkvæmt ástæðum hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti með 100 krónum.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða gestarjettardómi skal óraskað. Áfrýjandi, Guðlaugur Br. Jónsson, greiði stefnda, Lofti Jónssyni, 100 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri lagaaðför.

Forsendur hins áfrýjaða dóms eru svo:

Mál þetta, sem eftir samkomulagi málspartanna er rekið hjer fyrir gestarjettinum, er höfðað af Guðlaugi Br. Jónssyni kaupmanni í Vík í Mýrdal gegn Lofti Jónssyni sjálfseignarbónda á Höfðabrekku í sömu sveit, og hefir stefnandi gert þær rjettarkröfur í því principaliter, að stefndur verði dæmdur til þess að viðlögðum dagsektum að gefa sjer afsal fyrir jörðunni Höfðabrekku í Mýrdal eins og henni er lýst í kaupsamningi milli málspartanna dags. 21. október 1916 gegn því að stefnandi fullnægi af sinni hálfu greindum kaupsamningi, að stefndur verði dæmdur til þess að viðlögðum dagsektum að víkja frá jörðunni Höfðabrekku og fá stefnanda í hendur öll eignarumráð yfir henni, að stefndur verði dæmdur til að greiða sjer fullar skaðabætur fyrir rof á greindum kaupsamningi þó aldrei minna en 2000 krónur, með 6% ársvöxtum frá 22. febrúar 1917 til greiðsludags, og loks að stefndur verði dæmdur til að greiða sjer allan kostnað af málinu að skaðlausu eða eftir mati rjettarins.

Til vara hefir stefnandi krafist þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sjer fullar skaðabætur fyrir rof á kaupsamningnum frá 21. október 1916, þó eigi minni en 2000 krónur, með 6% ársvöxtum frá 22. febrúar 1917 til greiðsludags, að viðurkent verði með dómi gildi 3 samninga, er stefnandi hefir gjört við nafngreinda menn, sumpart um sölu á jörðunni eða húsum á henni og sumpartum annan afnotarjett til hennar: eru 2 þeirra dagsettir 21. febrúar 1917 en einn 9. nóvember 1916; og loks að

stefndur verði dæmdur til að greiða sjer málskostnað að skaðlausu eftir reikningi eða mati rjettarins.

Stefndur hefir krafist sýknunar af öllum kröfum stefnanda í málinu og málskostnaðar hjá honum eftir mati rjettarins eða samkv. reikningi.

Málavextir eru þeir, að 21. október 1916 gjörðu málspartarnir með sjer kaupsamning, þar sem stefndur lofaði að selja (í samningnum stendur: „sel") stefnanda eignarjörð sína Höfðabrekku i Mýrdal með öllum gögnum og gæðum, að kúgildum fráskildum, fyrir 12000 krónur, skyldi stefndur víkja af jörðinni fyrir næstu fardaga, en fyrsta afborgun kaupverðsins, 6000 krónur, ekki greiðast fyr en í júní eða júlí 1917, næsta afborgun, 3000 krónur, í október eða nóvember s. á., en fyrir eftirstöðvum kaupverðsins skyldi stefnandi gefa út skuldabrjef með öðrum veðrjetti í jörðinni og skyldu þær ásamt 5% ársvöxtum greiðast með jöfnum afborgunum á næstu 15 árum. Þá er kaupandi hafði greitt 9000 krónur af kaupverðinu skyldi seljanda skylt að gefa honum afsal fyrir jörðinni jafnframt því að kaupandi setti tryggingu fyrir eftirstöðvum kaupverðsins.

Þá er svo um mælt í kaupsamningnum: „En þegar í stað er kaupanda heimilt að gera kaupsamning um sölu á húseignum jarðarinnar við hvern sem hann vill, en andvirði þeirra greiði hann þá til seljanda upp í jarðarkaupverðið".

Loks er svo að orði komist í niðurlagi kaupsamnings þessa:

„Rjúfi annarhvor aðila kaupsamning þenna, skal hann greiða hinum í skaðabætur fyrir samningsrof 2000 kr. — tvö þúsund krónur —".

Hinn 23. febrúar 1917 ljet stefndur stefnuvottana birta stefnanda yfirlýsingu, dags. daginn áður, þess efnis að hann segði upp kaupunum á Höfðabrekku samkvæmt heimild í kaupsamningnum, og ljet stefnuvottana jafnframt bjóða fram hið áskilda riftingarfje, 2000 krónur, en stefnandi vildi ekki að svo stöddu taka við fjenu, þar eð hann taldi sig hafa frekari skaðabótakröfu á hendur stefndum, en geymdi sjer þó rjett til þess, og daginn eftir tjáði stefnandi stefndum fyrir notarialrjetti Skaftafellssýslu að hann ætlaði sjer að halda fast við kaupin á jörðinni, og mótmælti því, að stefndur hefði nokkra heimild til að rifta kaupsamningnum, og 30. júní s. á. ljet stefnandi stefnuvottana birta stefndum tilkynningu um það, að 6000 krónum væri deponerað í sparisjóðnum í Vík á nafn stefnds upp í andvirði jarðarinnar.

Hinn 9. nóvember 1916 gerði stefnandi „sem eigandi jarðarinnar Höfðabrekku“ leigusamnig við 3 nafngreinda menn um afnot af tilteknum húsum og landi í Höfðabrekkulandi, og er í honum ákveðið að um skaðbætur fyrir samningsrof fari eftir almennum skaðabótareglum, og hinn 21. febrúar kaupsamning um húsin við sömu menn. Er í þeim samningi tekið fram, að stefnandi hafi öðlast umráð yfir húsunum með áðurnefndum kaupsamningi frá 21. október 1916.

Sama dag (21. febrúar 1917) gerði stefnandi með skírskotun til áðurnefnds kaupsamnings milli málspartanna „kaupsamning“ við Þorstein Einarsson í Vík, og „selur“ Þorsteini fyrir 4000 krónur, er greiðast áttu í júní s. á. öll hús á Höfðabrekku önnur en þau, er hann hafði gert kaupsaming um með áðurnefndum samningi dags. s. d. og lofar að selja honum jörðina fyrir 9000 krónur. Seljanda var skylt að hafa jörðina lausa til ábúðar handa Þorsteini í næstu fardögum að undanskildum afnotum þeim, sem samningurinn frá 9. nóvember 1916 hljóðar um. Í þessum samningi er svo ákveðið, að rjúfi annarhvor aðila hann að „öllu eða einhverju leyti“, skuli hann greiða hinum í skaðabætur fyrir samningsrof 1000 krónur.

Stefndur í máli þessu hefir ekki vikið af jörðinni Höfðabrekku eða fengið stefnanda eignarráð yfir henni, og hefir hann því höfðað mál þetta og gert þær rjettarkröfur, er að framan greinir.

Að því er kemur til aðalkröfu stefnanda verða úrslit hennar undir því komin, hvernig, skilja beri samningsrofsákvæðið í kaupsamningi málspartanna dags. 21. okt. 1916.

Stefnandi heldur því fram, að hjer sje aðeins um venjulegt skaðabótaákvæði að ræða, er sett sje í samninga til þess að ljetta aðiljum sönnunarbyrði á tjóni, er um minniháttar brot á samningunum sje að ræða, er heimili málsaðiljum alls eigi að ganga frá samningnum að öllu leyti eða takmarki hámark skaðabóta þeirra, er þeim beri, ef þeir geta fært sönnur á, að skaðinn nemi meiru en skaðabótaupphæð sú, sem til er tekin í samningnum (poenalstipulation).

Stefndur heldur því hinsvegar fram, að hvor málsaðilja geti upphafið samninginn að öllu leyti gegn því að greiða hina ákveðnu upphæð, er sje hámark skaðabóta þeirra, er um geti verið að ræða út af því, að gengið er frá samningnum eða hann rofinn að einhverju leyti (multa poenitentialis).

Þegar úr því skal skorið, hvor skilningurinn sje rjettari,

kemur til álita, að samningsrofsákvæðið í hinum margnefnda samningi stendur síðast í honum, og er ekki einskorðað við nokkurt eða nokkur einstök ákvæði hans. Það nær eftir orðanna hljóðan bæði til þess, er hann er hafinn að öllu leyti eða einhver ákvæði hans rofin.

Þá skiftir skaðabótaupphæðin máli; hún er í samningnum sett 2000 krónur eða $^1/_6$ af þeirri upphæð, sem stefndur átti að greiða fyrir Höfðabrekkueignina. Getur það ekki talist ólíklegt að málspartarnir hafi viljað ákveða, að skaðabæturnar skyldu ekki fara fram úr þeirri upphæð. Til samanburðar má nefna, að í kaupsamningi þeim um Höfðabrekku, sem stefnandi gerði við Þorstein Einarsson 21. febrúar 1917, og getið er hjer að framan, er kaupverð jarðarinnar með húsum ákveðið 13000 krónur, en skaðabótaupphæðin ekki nema 1000 kr. eða $^1/_{13}$ af kaupverðinu, og er þó enginn vafi á, að í þeim samningi er um multa poenitentialis að ræða, sjá orðin: „að einhverju eða öllu leyti", í skaðabótaákvæði hans.

Það styrkir og skilning stefnda á skaðabótaákvæðinu, að hin umræddi samningur málspartanna var óvenjulega strangur í hans garð að því leyti, að hann átti að víkja af jörðinni fyrir fardaga 1917 þótt hann væri ekki búinn að fá neinn hluta kaupverðsins greiddan eða tryggingu fyrir greiðslu þess á rjettum tíma, að stefnandi neitaði eigi þegar í stað við uppsögnina, að stefndur hefði rjett til að upphefja samninginn og, að stefnandi í samningum þeim, sem hann gerði um eignina, virðist hafa trygt sjer það, að skaðabætur þær, sem hann kæmi til að greiða ef ekkert yrði úr kaupunum, færu ekki fram úr skaðabótum þeim, sem honum voru í samningnum áskildar af hálfu stefnds.

Rjetturinn verður því að líta svo á, að stefndum hafi 22. febrúar 1917 verið rjett gagnvart stefnanda að upphefja samninginn gegn því að greiða honum 2000 krónur, og verður aðalkrafa stefnanda þá ekki tekin til greina.

Þá kemur til álita varakrafa stefnanda.

Stefnandi hefir haldið því fram, að framantilgreind ákvæði í kaupsamningnum hafi veitt sjer sjálfstæða heimild til þess að selja hús jarðarinnar með skuldbindandi verkun fyrir stefndan og að því er snerti leigu á þeim afnotum jarðarinnar, sem umræðir í kaupsamningnum frá 9. nóvember 1916, þá hafi stefndur, er kaupsamningurinn milli málspartanna var gerður, vitað að hann var búinn að lofa slíkum samningi. Auk þess hafi mönnum þeim,

sem stefnandi samdi við, skapast sjálfstæður rjettur gagnvart stefndum eftir reglunum um rjett góðtrúa þriðja manns.

Öllu þessu hefir stefndur mótmælt.

Rjetturinn fær heldur eigi sjeð að þessar staðhæfingar stefnanda hafi við rök að styðjast.

Í kaupsamningnum milli málspartanna er stefnanda eigi veitt heimild til að afsala, heldur aðeins til „að gera kaupsamning um sölu á húseignum jarðarinnar", svo að selt gat hann húsin þá fyrst, er hann var orðinn eigandi jarðarinnar. Bendir þetta einnig til niðurstöðu þeirrar, sem komist er að hjer að ofan, að því er skilning skaðabótaákvæðisins snertir.

Það verður og að líta svo á, að grein sú í kaupsamningnum, sem við húsasöluna á, standi í svo nánu sambandi við rofsákæði hans, að hún standi og falli með því, og rjetti málspartanna til að uppheíja samninginn gegn greiðslu á 2000 króna skaðabótum. Stefnandi er nefndur „kaupandi" einnig í þessum lið samningsins, og andvirði húsanna átti að ganga upp í „jarðarverðið" (c: þ. e. frá stefnanda til stefnds). Umboð það, sem rjettarhafar samkvæmt áðurnefndum 3 samningum geta bygt rjett sinn á, er ekkert annað en margnefndur kaupsamningur milli málspartanna frá 21. október 1916, og ekki neinn sjerstakur liður hans, heldur samningurinn í heild sinni.

Varakrafa stefnanda um að gildi hinna umræddu 3 samninga verði viðurkent með dómi, verður því ekki tekin til greina.

Hinsvegar á stefnandi samkvæmt kaupsamningnum rjett á 2000 króna skaðabótum fyrir það, að stefndur stóð ekki við samninginn, en þar sem stefndur þegar 23. febrúar 1917 bauð fram á lögmætan hátt greiðslu upphæðarinnar, verður hann ekki dæmdur til að svara vöxtum af henni. Að stefnandi hafi fyrirgjört rjetti sínum til skaðabótanna af því að hann hafi ekki boðið fram greiðslu af sinni hálfu á heimili stefnds í júní eða júlí 1917 á 6000 krónum og þannig rofið samninginn, eins og stefndur heldur fram, hefir ekki við nein rök að styðjast þar sem samningurinn var endanlega rofinn af stefndum 22. febrúar s. á.

Málskostnaður þykir eftir öllum atvikum rjett að falli niður.

Mánudaginn 14. júní 1920.

Nr. 24/1919 **Þorsteinn Jónsson**
gegn
Gísla Björnssyni

útaf skipsleigu, um greiðslu leigueftirstöðva og skaðabóta.

Dómur gestarjettar Ísafjarðarkaupstaðar 21. ágúst 1918: Stefndur Þorsteinn Jónsson greiði stefnanda 500 — fimm hundruð — kr. fyrir vangreidda skipsleigu og 1761 kr. 13 aur. — seytján hundruð sextíu og eina krónu 13 aur. — í skipaleigubætur hvorttveggja með 5% ársvöxtum frá stefnubirtingardegi til greiðsludags, svo og skaðabætur fyrir rýrnun bifbátsins Ellíða eftir mati dómkvaddra manna þó eigi meira en 1854 — átján hundruð fimtíu og fjórar — kr., að frádregnu mati eðlilegs slits. Svo greiði hann og málskostnað með 40 — fjörutíu — krónum.

Dómi þessum að fullnægja innan 3 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hæstarjettar.

Að vísu var hinn upphaflega umsamdi leigutími áfrýjanda þessa máls, sem rekið hefur verið í hjeraði fyrir gestarjetti, samkv. samningi aðilja, úti 1. maí 1916. En þar sem áfrýjanda hefir eigi tekist að sanna það, gegn neitun stefnda, að hann hafi sagt skipinu lausu eða stefndi haft afskifti af því fyrr en um miðjan ágúst 1916, þá verður að álíta að skipið hafi verið í ábyrgð áfrýjanda til þessa tíma, enda símaði áfrýjandi stefnda fáum dögum fyrir lok upphaflega leigutímans, eða 25. apríl 1916, að hann »hjeldi« skipinu »framvegis í þrjá mánuði«.

Að því er snertir galla þá á skipsvjelinni, er áfrýjandi hefur haldið fram sem sýknunarástæðum, af því að þeir hafi fylgt vjelinni frá upphafi leigu-

tímans, þá ber þess að geta, að skipið var skoðað af matsmönnum Samábyrgðarinnar um það leyti, sem áfrýjandi tók það til afnota í byrjun maímán. 1915, og þá dæmt »í góðu ástandi«, og ekkert framkomið, er bendi til þess að áfrýjandi hafi eigi látið sjer lynda þá skoðun. Fyrnefnt símskeyti áfrýjanda verður og tæplega skýrt á annan veg en þann, að áfrýjandi hafi þá þegar talið skipið nothæft, enda notaði hann skipið út leigutímann. Og að þessu sleptu, hefir áfrýjanda eigi tekist að sanna það, gegn neitun stefnda, að hann hafi borið sig upp við stefnda undan göllum á vjelinni eða skipinu yfirleitt. Verður því að telja þá galla, er verið hafa á skipi og vjel um fram eðlilega fyrningu, þá er skoðunar- og matsgjörðin fór fram á því í Reykjavík 17. ágúst 1916, á ábyrgð áfrýjanda. Þessari niðurstöðu getur einstæður framburður formanns skipsins á tímabilinu frá 1. maí til miðs sept. 1915, um nokkurt ólag á vjelinni þann tíma, eigi raskað. Og því síður framburður tveggja vitna um ástand vjelarinnar »vorið 1916«, er skipið hafði verið um ár í vörslum áfrýjanda.

Samkvæmt skýrslu skoðunarmanna Samábyrgðarinnar, dags. 7. maí 1915, var vjelin sjerstaklega metin 2000 kr. virði en skipið með vjel og öðrum útbúnaði metið á 7354 kr. En 17. ágúst 1916 ljet stefndi 2 dómkvadda menn skoða og virða skip og vjel hjer í Reykjavík, og sú gjörð hefir undir rekstri málsins verið staðfest fyrir rjetti, að viðstöddum umboðsmanni áfrýjanda og af honum verið tekin gild sem eiðfest væri. Er vjelin þar talin 500 kr. verðlægri og skipið með vjel og öðrum útbúnaði alls 1854 kr. verðlægri en í mati upphaflegu skoðunarmannanna, sbr. og vitnaframburð eins vjelasmiðs

um að »motorinn« hafi verið »óbrúklegur« 28. júní 1916 »vegna vanhirðu og óþrifnaðar«. Eftir leigusamningi aðilja átti áfrýjandi að bæta stefnda, samkvæmt óvilhallra manna mati, þær skemdir, er yrði á skipinu umfram »eðlilega fyrningu« og kenna mætti vangá áfrýjanda eða hans manna. Í nýnefndri skoðunar- og matsgjörð er nú að vísu eigi vikið að því, hve miklu eðlileg fyrning nemi. En þegar litið er annarsvegar til ítarlegrar lýsingar matsmanna á göllunum, og hinsvegar til þess að álíta verður að skipið hafi verið í leigufæru standi er áfrýjandi tók við því, þá verður að dæma áfrýjanda skyldan að bæta þær skemdir, er orðið hafa á skipinu umfram eðlilega fyrningu meðan það, samkv. framansögðu, var í ábyrgð hans.

Samkvæmt þessari greinargjörð verður að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda þær 500 kr. leigueftirstöðvar, er hann á enn ógreiddar af hinni upphaflegu umsömdu ársleigu, svo og jafngildi umsamdrar leigu fyrir tímabilið frá 1. maí til 17. ágúst. 1916, eða 588 kr. 88 aura. hvorttveggja með 5% vöxtum frá stefnudegi, 17. mars 1917. Þá verður áfrýjandi og að greiða stefnda, fyrir skemdir á skipi og vjel, þá upphæð, er dómkvaddir menn kunna að meta þær, að frádreginni eðlilegri fyrningu, þó eigi meira en 1854 kr., en að viðbættum 5% vöxtum frá stefnudegi af matsupphæð þeirra.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir báðum rjettum, og ákveðst hann 150 kr.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandi, Þorsteinn Jónsson, greiði stefnda,

Gísla Björnssyni, 1088 kr. 88 a með 5% vöxtum frá 17. mars 1917.

Svo greiði áfrýjandi stefnda og þá upphæð, með 5% vöxtum frá s. d., er dómkvaddir menn meta gallana samkv. skoðunar- og matsgjörðinni 17. ágúst. 1917, þó eigi hærri en 1854 kr., að frádreginni eðlilegri fyrningu.

Loks greiði áfrýjandi stefnda málskostnað með 150 kr.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms eru þannig:

Með stefnu, birtri 20. apríl 1917, hefur stefnandi, Gísli Björnsson húsmaður frá Ísafirði krafist, a ð stefndur Þorsteinn Jónsson kaupmaður á Seyðisfirði verði dæmdur til a ð skila honum vjelskipinu „Elliði“ Í. S. 265 á höfn á Ísafirði, a ð greiða 500 kr. eftirstöðvar skipsleigu frá 1. maí 1915 til 1. maí. 1916, a ð greiða leigubætur frá þeim degi, 400 kr. á mánuði, þangað til skipinu er skilað á Ísafirði, til vara eftir mati dómkvaddra manna (sic), a ð greiða bætur fyrir skemdir á skipinu eftir mati dómkvaddra manna, svo og 5% ársvexti frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað eftir mati rjettarins, en síðar hefur stefnandi fallið frá kröfunni um að skipinu væri skilað aftur.

Stefndur hefir mótmælt kröfum stefnanda og krafist að sjer verði tildæmdur málskostnaður eftir mati (sic).

Með samningi 23. apríl. 1515 leigir stefnandi stefndum áðurgreindan vjelbát fyrir 2000 kr. ársleigu árið 1. maí 1915 til 1. maí 1916. Skipinu átti stefndur að skila á Ísafirði í því ástandi, sem það var í við byrjun leigutímans með „eðlilegri fyrningu“ en skemdir af vangá leigutaka eða hans manna átti stefndur að greiða eftir mati kvaddra (sic) manna en leigusamningnum mátti segja upp með 3 mánaða fyrirvara 1. maí 1916.

Það er viðurkent að stefndur hefur eigi greitt 500 kr. af umsamdri skipsleigu frá 1. maí 1915 til 1. maí 1916 og verður því að taka þá kröfu til greina. Með símskeyti 25. apríl 1916 kveðst

stefndur halda Ellíða í þrjá mánuði af því engin formleg uppsögn hafi átt sjer stað. Virðist þetta benda til að báturinn hafi þá verið í leigufæru og notfæru ástandi, en af því leiðir, að stefndur hlaut að hafa alla ábyrgð á bátnum og flutning hans til Ísafjarðar að leigutímanum loknum, nema því að eins að báturinn fyrir eðlilegt slit hafi orðið ósjófær en engar sannanir, sem á verður bygt, eru framkomnar fyrir því. Stefnandi kemst því eigi hjá að greiða stefndum leigu fyrir bátinn en hana er þó engin ástæða til að hafa hærri en í samningnum er áskilið. Þegar svo ákveða skal, fyrir hve langt tímabil leigan á að lúkast, er eigi unt að ákveða það lengur en til stefnudags 17. mars. 1917 eða 1761 kr. 18 aur., þar sem greiðslutíminn, sem frekari kröfur voru miðaðar við, er niður fallinn við það að stefnandi hefur fallið frá kröfu um að skipinu verði skilað aftur og eigi tekið annað tímamark.

Hinn 7. maí 1915 fór fram skoðun matsmanna á Ellíða og er hann þá talinn í góðu standi og skipið með vjel virt á 7534 (sic) kr. Að tilhlutun stefnanda fór aftur fram virðing dómkvaddra manna á skipinu hinn 17. ágúst 1917 (sic) og telja þeir að það hafi rýrnað í verði um 1854 kr., skipsbát vanti og 1 segl — en þau sem eftir sje, ekki fullsterk sakir illrar hirðu — skjólborð skemd, smærri áhöld brotin og annan útbúnað mjög slitinn og ljelegan, vjelina riðgaða enda fjórðungi verðminni en í byrjun leigtímans. Af þessu og með tilliti til vottorðs vjelasmiðs Ólafs Jónssonar virðist hjer um að ræða meira en eðlilegt slit og verður því að dæma stefndan til að greiða skaðabætur fyrir rýrnun báts og vjelar eftir mati dómkvaddra manna, er þó eigi fari fram úr 1854 kr., að frádregnu mati eðlilegs slits.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rjett að stefndur greiði málskostnað með 40 kr.

Miðvikudaginn 16. júní 1920.

Nr. 7/1920

Rjettvísin
(sækjandi Eggert Claessen)
gegn
Sigurði Jens Aðalsteinssyni
(verjandi L. Fjeldsted),

sem er ákærður fyrir þjófnað.

Dómur aukarjettar Strandasýslu 3. desbr. 1919: Hinn ákærði Jens Aðalsteinsson á að sæta fangelsi við vatn og brauð í 5×5 daga og greiða allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað. Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Afbrot ákærða eru í hjeraðsdóminum rjettilega heimfærð undir 230. og 231. gr., sbr 63. og 38. gr. hegningarlaganna, og þykir mega ákveða hegningu ákærða 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð.

En þar sem ætla má, að ákærði hafi eigi verið fullra 18 ára, þegar hann fór inn um skemmugluggann í Búð í Hnífsdal, og hann hefir hegðað sjer vel undan og eftir brotin, játað þau viðstöðulaust, og skilað eigendunum hinum stolnu munum eða borgað þeim þá, þá þykir mega ákveða samkv. 1. gr. laga nr. 39, 16. nóv. 1907, að hegningu hans skuli frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dómsins, ef fullnægt verður lögmæltum skilyrðum.

Um málskostnað í hjeraði á dóminum að vera óraskað. Auk þess greiði ákærði allan kostnað af áfrýjun málsins til hæstarjettar, þar með talin málaflutningslaun til sækjanda og verjanda, 80 kr. til hvors.

Um meðferð sakarinnar í hjeraði athugast, að eigi hafa farið fram nógu ítarleg próf um aldur ákærða, þá

er hann framdi innbrotsþjófnaðinn nje heldur um, hve miklu hann stal af sykri. Þá hefir og rannsóknin í málinu orðið mjög seinfara. Málið var kært fyrir sýslumanni 25. júní 1918, en rannsókn ekki lokið fyr en 1 desember f. á. Sjerstaklega verður að víta þann drátt, sem varð á málinu frá því í apríl þangað til 1. des. f. á.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði Sigurður Jens Aðalsteinsson sæti 4X5 daga fangelsi við vatn og brauð. En fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39, 16 nóv. 1907 eru haldin.

Um málskostnað í hjeraði skal aukarjettardóminum óraskað. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir hæstarjetti, málflutningsmannanna Lárusar Fjeldsted og Eggerts Claessen, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms eru svo:

I máli þessu, sem er höfðað af rjettvísinnar hálfu gegn Jens Aðalsteinssyni, nú vinnumanni í Kollafjarðarnesi, sem komin er yfir lögaldur sakamanna og ekki hefir áður sætt ákæru eða hegningu fyrir neitt lagabrot, er það sannað með eigin játningu ákærða og öðrum sönnunum, sem fram hafa komið í málinu, að um vorið 1918 hafi hann verið ráðinn yfir vorvertíð, frá páskum til 12. viku sumars til róðra eða landvinnu hjá Hálfdani Hálfdanarsyni útgerðarmanni í Hnífsdal, og að hann þá nokkru (þrem vikum) fyrir hvítasunnu, eitt kvöld þegar dimt var orðið, hafi klifrast upp á grind eða kassa, sem stóð fyrir utan gaflinn á geymsluhúsi hús-

bónda hans, kipt burtu rúðubroti, sem hafði verið í neðsta rúðugati á 6 rúðu glugga, hjer um bil 4 álnir frá jörðu, og smogið síðan inn um rúðugatið, og þegar inn var komið tekið hlera frá kompu, þar sem kornmatur og sykur hafi verið geymdur, og stolið úr sykurpoka þar c. 1 til 2 pundum af sykri, með þeim nánari atvikum, að hann tók nærpokann upp úr ytri pokanum, og hellir síðan sykri i ytri pokann, þar til það ekki er eftir í nærpokanum meira en tilgreint hefir verið, og tekur nærpokann með þessu af sykri í með sjer. Gegn neitun ákærða virðist það ekki sannað, að hann hafi stolið meiru af sykri en 1—2 pundum.

Út fór ákærði aftur um dyrnar á húsinu, sem hægt var að opna að innanverðu frá, og skildi eftir opið.

Þá hefir ákærði játað, að hann 12. júní um vorið hafi gengið úr vistinni hjá Hálfdani út úr missætti, bæði við Hálfdan og Stefán Finnbogason, formann á báti þeim, sem ákærði reri á, en skömmu áður hafi hann stolið úrgarmi frá Stefáni, sem legið hafi í herbergi því, er þeir sváfu í.

Ennfremur hefir ákærði játað, að hann á heimleiðinni frá Hnífsdal að Hrófá í Steingrímsfirði, hafi fengið flutning og gistingu hjá Helga bónda Einarssyni á Skarði í Skötufirði, logið þar til nafns síns og kallað sig Jón Arnason, og um morguninn stolið kvenúri, sem lá á kommóðu í stofunni, þar sem hann borðaði morgunverð með þremur heimamönnum, þegar þeir voru gengnir út, og gengið síðan út á eftir og niður að sjó til Helga bónda, til þess að kveðja hann og spyrja hann að hvað flutningurinn og næturgreiðinn kostaði, en Helgi ekkert viljað taka fyrir það.

Loks hefir ákærði játað, að þegar hann í þessu sama ferðalagi var staddur fyrir neðan bæinn Heydal í Mjóafirði, hafi hann stolið nýlegum olíustakk, sem lá þar í báti í fjörunni, um leið og hann hafi gengið fram hjá.

Enn hefir ákærði játað það, að hann hafi fundið hjá sjer brest til hnuplsemi á sætindi og mat frá barndómi.

Þessi brot ákærða heimfærast undir 230. og 231. gr., 4. lið, hinna almennu hegningarlaga, samanborið við 38. og 63. grein þeirra og virðist eftir málavöxtum hegningin fyrir þau hæfilega metin 5×5 daga fangelsi við vatn og brauð, en hinum stolnu munum hefir sumpart verið skilað aftur eða þeir borgaðir því verði, sem eigendurnir hafa sett upp fyrir þá, og kemur því ekki til að dæma ákærða til neinnar iðgjaldagreiðslu, en aftur á

móti verður að dæma hann til að greiða allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað.

Meðferð málsins hefir verið lögleg.

Föstudaginn 18. júní 1920.

Nr. 1/1920

Pjetur Guðmundsson, Sigbjörn Björnsson, Sigríður Eiríksdóttir og **Vilborg Stefánsdóttir**
(Eggert Claessen)
gegn
Hjálmari Guðjónssyni
(Sveinn Björnsson)
og
gagnsök

um forkaupsrjett að húseign og skaðabætur útaf sölu hennar. Frávísunardómur

Dómur aukarjettar Seyðisfjarðarkaupstaðar og Norður-Múlasýslu 8. ágúst 1919: Sala stefndu, Pjeturs Guðmundssonar á Hauksstöðum, Vilborgar Stefánsdóttur á Litlabakka, Sigríðar Eiríkssdóttur í Bót, Sigbjörns Björnssonar á Ekkjufelli og Bjarna Þ. S. Skaftfells á Seyðisfirði, á húseigninni Skaftfelli í Seyðisfjarðarkaupstað til Halldórs Jónssonar, Seyðisfirði, 13. febrúar 1918, á að vera ógild gagnvart stefnandanum Hjálmari Guðjónssyni, Seyðisfirði.

Hinum stefndu ber innan 20 daga frá lögbirtingu dóms þessa að selja og afsala stefnandanum framangreinda húseign „Skaftfell" á Seyðisfirði ásamt með því, er henni fylgdi við söluna 13. febrúar 1918 tilheyrandi múr- og naglföstu, lóð þeirri, er fylgdi þá og öllu, sem henni fylgdi og fylgja bar þá fyrir 12 — tólf — þúsund krónur, þannig að stefnandinn taki að sjer að greiða veðskuldir þær, er á húseigninni hvíldu 13. febrúar 1918 og en þá hvíla á henni og greiði afganginn af kaupverðinu í peningum. — Þó

verður stefnandinn að nota þenna rjett sinn til að ganga að kaupunum innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Svo greiði hin stefndu stefnandanum 3400 — þrjú þúsund og fjögur hundruð — krónur í skaðabætur fyrir óþægindi og tjón það, er stefnandi hefir beðið út af tjeðri hússölu 13. febr. 1918.

Ennfremur greiði hin stefndu stefnandanum 485 — fjögur hundruð áttatíu og fimm — krónur í málskostnað, að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Íðæmdar skaðabætur og málskostnað greiði hin stefndu stefnandanum öll fyrir eitt og eitt fyrir öll innan 20 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Þar sem aðalkrafa gagnáfrýjanda bæði í hjeraði og hæstarjetti lýtur að ógildingu afsals eigenda hússins til Halldórs Jónssonar frá 13. febr. 1918, en hann hefir setið í húsinu síðan 15. okt. 1918, og úrslit skaðabótakröfu gagnáfrýjanda hljóta, eins og málið liggur fyrir, að velta á því hversu tekið er í ógildingarkröfu stefnda eða forkaupsrjettarkröfu, en afsalshafa Halldóri Jónssyni hefir eigi verið stefnt í málinu, þá verður að ómerkja hjeraðsdóminn ex officio og vísa málinu frá hjeraðsrjettinum.

Eftir atvikum þykir rjett, að stefndi greiði áfrýendunum málskostnað með 400 kr.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardómurinn á að vera ómerkur og vísast málinu frá aukarjettinum.

Málskostnað greiði stefndi, Hjálmar Guðjónsson, áfrýendunum, Pjetri Guðmundssyni, Sigbirni Björnssyni, Sigríði Eiríksdóttur og Vilborgu Stefánsdóttur, með 400 kr., að viðlagðri laga-aðför.

Forsendur hins áfrýjaða dóms eru svo:

Mál þetta er risið út af sölu á húseigninni „Skaftfelli“ á Seyðisfirði. —

Hin stefndu voru sameigendur að húseigninni, og seldu hana 13. febrúar 1918 Halldóri Jónssyni á Seyðisfirði.

En stefnandinn, sem var þá leigjandi í húsinu, taldi sig hafa forkaupsrjett að eigninni samkvæmt leigusamningi. — Vildi hann neyta forkaupsrjettarins og gera tilboð í húsið, 12 þúsund krónur, en því var ekki sint af hinum stefndu sameigendum hússins, heldur seldu þeir eignina nefndum Halldóri fyrir sömu upphæð.

Útaf þessu krefst stefnandi að greind sala verði dæmd ógild gagnvart honum og að hin stefndu verði dæmd til þess að selja og afsala honum húseignina „Skaftfell“ fyrir sama verð og með sömu skilmálum og hin stefndu hafa selt hana nefndum Halldóri Jónssyni. — Ennfremur krefst stefnandi, að hin stefndu greiði honum fullar skaðabætur — eftir mati dómarans eða óvilhallra dómkvaddra manna — fyrir óþægindi — og tjón það, er hann biður útaf tjeðri hússölu. — Einnig krefst stefnandi að hin stefndu greiði allan kostnað, sem af máli þessu leiðir.

Hin stefndu, að undanskildum Bjarna Þ. S. Skaftfell, álíta, að stefnandinn hafi ekki átt umræddan forkaupsrjett að húseigninni og gera því þær kröfur, að þau verði sýknuð af kærum og kröfum stefnanda og að hann verði dæmdur til að greiða allan málskostnað. Enn fremur krefjast þau að máli þessu verði vísað frá, þar eð það virðist höfðað gegn skökkum varnaraðiljum.

Hinn stefndi Bjarni Þ. S. Skaftfell álítur, að stefnandinn hafi átt umræddan forkaupsrjett, en að umboð sitt við söluna hafi verið misbrúkað. Krefst hann fyrir sitt leyti að salan sje dæmd ógild, en að hann verði í máli þessu undanþeginn málskostnaði og skaðabótum.

Nánari tildrög málsins eru aðallalega þessi:

Hinir stefndu sameigendur húseignarinnar höfðu umboðsmann fyrir sína hönd til að annast um húsið, leigja það út, segja upp leigendum, innkalla leigu og yfir höfuð að hafa húsið algerlega til meðferðar eins og það væri hans eign; umboðsmaður þeirra var Stefán Runólfsson, trjesmiður á Seyðisfirði, samkvæmt umboði honum gefnu 3. okt. 1911, rjskj. nr. 12. — Þessi umboðsmaður þeirra gerði leigusamning við leigjanda hússins, Sigurð Arngrímsson, 30. apríl 1915, þar sem leigjanda er heimilaður forkaupsrjettur að húsinu, húsið leigt til 5 ára með 6 mánaða

uppsagnarfresti etc. sbr. rjskj. nr. 10. Nefndur leigjandi, Sigurður Arngrímsson, fer síðan úr húsinu 1916, en í hans stað kemur stefnandinn, Hjálmar Guðjónsson, í húsið. — Húsið var notað sem veitinga- og gistihús. — Umboðsmaður eigendanna, Stefán Runólfsson, samþykti skiftin á veitingamönnum, að stefnandinn, Hjálmar Guðjónsson, komi í húsið í stað Sigurðar Arngrímssonar, sbr. rjskj. nr. 13. — Var stefnandinn síðan veitingamaður í húsinu þar til búið var að selja það og umboðsmaður eigendanna segir honum upp leigu á húsinu samkv. húsaleigusamningnum með 6 mánaða fyrirvara. — Á meðan stefnandinn, Hjálmar Guðjónsson, var veitingamaður í húsinu, circa 2 ár, greiddi hann leigu af húsinu samkvæmt leigusamningnum, sem gerður var upphaflega við Sigurð Arngrímsson, og að öðru leyti fullnægir leigjandaskyldum samkv. leigusamningnum.

Í málsskjölunum heldur stefnandinn því fram, að rjettindi og skyldur leigjanda samkv. leigusamningnum við Sigurð Arngrímsson hafi færst yfir á sig, þegar umboðsmaður eigendanna samþykti skiftin á veitingamönnunum og hann (stefnandinn) tók við húsinu og fullnægði samningnum sem leigjandi hússins circa 2 ár. Heldur þess vegna stefnandi því fram, að hann hafi átt forkaupsrjett á húsinu samkvæmt leigusamningnum og gerir þarafleiðandi framangreindar rjettarkröfur.

Hinsvegar álíta hinir stefndu — að fráskildum Bjarna Þ. S. Skaftfell —, að stefnandinn hafi aldrei öðlast forkaupsrjettinn, og byggja það sjerstaklega á tvennu.

Fyrst og fremst hafi umboðsmaður þeirra (eigendanna), Stefán Runólfsson, ekki haft heimild samkvæmt umboðinu til að setja forkaupsrjettarákvæðið inn í leigusamninginn við Sigurð Arngrímsson, og þá hafi umboðsmann þeirra einnig skort heimild til að láta forkaupsrjettinn ganga yfir á stefnandann. — Í öðru lagi hafi leigusamningur Sigurðar Arngrímssonar aldrei verið færður yfir á stefnandann með áskrift á samninginn, og þess vegna hafi stefnandinn aldrei getað öðlast forkaupsrjettinn. — Af þessum ástæðum aðallega halda hinir stefndu því fram, að þeir hafi ekki þurft að sinna tilboði stefnandans þegar þeir seldu húseignina. Gera því kröfur um sýknun, eins og að framan greinir.

Meginatriði máls þessa samkvæmt framanrituðu er það, hvort stefnandinn, Hjálmar Guðjónsson, hafi haft forkaupsrjett að húseigninni Skaftfelli þegar salan fór fram, eða ekki.

Það verður nú að álítast rjett hjá hinum stefndu, að stefn-

andinn hafi ekki eignast forkaupsrjettinn, ef umboðsmann þeirra sameigendanna hefir skort heimild samkvæmt umboðinu til að setja forkaupsrjettarákvæðið inn í leigusamninginn, því samkvæmt málsskjölunum eru engar fullnægjandi sannanir fyrir því, að eigendur sjálfir hafi gefið sjerstaklega samþykki til þess, öðruvísi en ef það gæti legið í umboðinu. Ennfremur er það rjett hjá hinum stefndu, að leigusamningur Sigurðar Arngrímssonar hefir ekki verið færður yfir á stefnandann með áskrift á samninginn, sbr. rjskj. nr. 10. — En þar með er ekki útilokað, að skyldur og rjettindi samkvæmt þessum leigusamningi hafi færst yfir á stefnandann.

Bæði þessi atriði skulu tekin til íhugunar.

Fyrst er þá að athuga, hvort umboð sameigenda Skaftfells til handa Stefáni Runólfssyni, rjskj. nr. 12, hafi verið svo ótakmarkað, að Stefán hafi haft heimild til að setja forkaupsrjettarákvæðið inn í leigusamninginn. Í umboði þessu er tekið fram að Stefán hafi umboð fyrir hönd eigendanna til að sjá um húsið Skaftfell, til að leigja það út, segja upp leigendum, innkalla allar leigur og yfir höfuð hafa húsið algerlega til meðferðar, eins og það sje hans eign, og skuli alt sem hann gerir í þessu hafa sama gildi og eigendurnir hefðu það sjálfir gert. — Þar eð umboð þetta er svo víðtækt, virðist Stefán hafa haft fulla heimild til að setja forkaupsrjettarákvæðið inn í leigusamning hvers þess, er leigði húsið á meðan hann hafði umráð yfir því, samkvæmt umboðinu. Samkvæmt því er það tvímælalaust, að Sigurður Arngrímsson hefir fengið forkaupsrjettinn með leigusamningnum.

Þá er næst að athuga, hvort forkaupsrjetturinn að húseigninni hafi gengið úr höndum Sigurðar Arngrímssonar yfir til stefnandans, Hjálmars Guðjónssonar.

Í fyrsta lagi hefir umboðsmaður sameigenda Skaftfells, Stefán Runólfsson, samþykt skiftin á veitingamönnunum í húsinu, að stefnandinn Hjálmar Guðjónsson kæmi í húsið í stað Sigurðar Arngrímssonar, sbr. rjskj. nr. 13, og virðist þar með meint að stefnandinn yrði leigjandi að húsinu í stað Sigurðar Arngrímssonar, og á sama hátt og hann, það er að segja, með sömu rjettindum og skyldum samkv. leigusamningnum.

Í öðru lagi skal það tekið fram að það virðist ekki að eins þessi meining í þessu samþykki umboðsmanns eigendanna heldur hefir það faktiskt gerst, að stefnandinn hefir gengið

inn í rjettindi og skyldur leigusamningsins alveg á sama hátt og Sigurður Arngrímsson, þar sem stefnandinn í circa 2 ár hefir verið leigjandi í húsinu og fullnægt skilyrðunum beint samkvæmt þessum samningi, og ennfremur að umboðsmaður eigendanna hefir farið eftir þessum samningi í viðskiftunum við stefnanda og að umboðsmaðurinn sjálfur hefir skoðað leigusamninginn jafngildandi fyrir stefnanda eins og Sigurð Arngrímsson. — Þar sem umboðsmaðurinn hafði fulla heimild í umboðinu til þess að gera leigusamninginn við Sigurð Arngrímsson, þá hafði hann tvímælalaust jafnmikla heimild til þess að láta rjettindi og skyldur samningsins ganga yfir á stefnandann, eins og hann hefir faktiskt gert samkvæmt framanrituðu.

Loks skal það tekið fram í þriðja lagi, að ýmislegt fleira í málsskjölunum tekur af allan vafa um það, að stefnandinn hafi gengið inn í sömu rjettindi og skyldur leigusamningsins, eins og Sigurður Arngrímsson áður. — Sjerstaklega skal tekin fram bein yfirlýsing umboðsmanns eigendanna, rjskj. nr. 15, þar sem hann segir að meining sín hafi verið sú, að leigusamningurinn við Sigurð Arngrímsson skyldi halda fullu gildi í öllum greinum gagnvart stefnandanum sem leigutaka. — Ennfremur í sambandi hjer við yfirlýsing Sigurðar Arngrímssonar, rjskj. nr. 16, þar sem hann segir, að þegar stefnandinn Hjálmar Guðjónsson tók við gistihússtarfinu af sjer þá hafi meining sín verið sú, að stefnandinn tæki að sjer allar skyldur leigusamningsins og yrði aðnjótandi allra rjettinda samkvæmt honum, að engu undanskyldu. Að síðustu skal tekin fram uppsögn leigusamningsins sbr. rjskj. nr. 14, þar segir umboðsmaður eigendanna stefnandanum Hjálmari Guðjónssyni upp leigusamningnum með 6 mánaða fyrirvara samkvæmt samningnum. Er það alls enginn vafi, að umboðsmaður eigendanna skoðar stefnandann sem leigjanda samkvæmt þessum leigusamningi, er hafi skyldur og þá tvímælalaust rjettindi samkvæmt honum.

Samkvæmt framangreindu verður það að álítast að stefnandinn Hjálmar Guðjónsson hafi haft að öllu leyti sömu rjettindi og skyldur samkvæmt umræddum leigusamningi, eins og Sigurður Arngrímsson hafði. Þar af leiðandi ályktast, að stefnandinn Hjálmar Guðjónsson hafi haft forkaupsrjettinn að húseigninni Skaftfelli þegar hún var seld áðurgreindum Halldóri Jónssyni 13. febrúar 1918.

Þar sem stefnandinn í máli þessu hefir þannig haft forkaupsrjettinn að húseigninni Skaftfelli þegar salan fór fram, þá bar

hinum stefndu að gefa honum kost á að kaupa eignina fyrir sama verð og með sömu skilmálum og þeir gátu selt eða seldu eignina öðrum.

Fyrir því verður að taka kröfu stefnanda til greina, að salan á húseigninni Skaftfelli, er fram fór 13. febrúar 1918 skuli vera ógild gagnvart stefnandanum og hinum stefndu beri að selja og afsala stefnandanum húseignina Skaftfell fyrir sama verð og með sömu skilmálum og hin stefndu hafa selt hana áðurgreindum Halldóri Jónssyni, sbr. rjskj. nr. 40, það er á þann hátt, að hin stefndu selji umrædda húseign stefnandanum með því, er henni fylgdi við söluna 13. febrúar 1918, tilheyrandi múr- og naglfast, lóð sú er fylgdi þá og alt það, sem eigninni fylgdi og fylgja bar þá, fyrir 12 — tólf — þúsund krónur, þannig að stefnandinn taki að sjer að greiða veðskuldir þær, er á húseigninni hvíldu 13. febrúar 1918 og enn þá hvíla á henni og greiða afganginn af kaupverðinu í peningum. Þó ber stefnandanum að nota þenna rjett sinn til að ganga að kaupunum innan ákveðins tíma og þykir hæfilegt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Einnig ber hinum stefndu að framkvæma sölu þessa innan ákveðins tíma og þykir hæfilegt innan 20 daga frá lögbirtingu dómsins.

Krafa stefnandans um skaðabætur af hinum stefndu fyrir óþægindi og tjón það. er hann hefir beðið út af tjeðri hússölu 13. febr. 1918, virðist hafa við mikil rök að styðjast þar sem hússalan varð til þess, að stefnandinn varð að rýma úr húsinu, stöðva atvinnu sína, kosta meiru til húsaleigu, missa af ágóða gisti- og veitingahússhaldsins o. fl., sbr. málsskjölin, sjerstaklega þar sem þetta gerist á dýrum og erfiðum tímum. — Virðist því bera að taka þessa kröfu til greina þannig, að hin stefndu greiði stefnandanum skaðabætur eitt fyrir öll og öll fyrir eitt, er þykja hæfilega metnar, 3400 — þrjú þúsund og fjögur hundruð — krónur.

Málskostnaðarkröfu stefnandans virðist og eftir atvikum og úrslitum málsins bera að taka til greina þannig, að hin stefndu greiði stefnandanum, eitt fyrir öll og öll fyrir eitt. 485 — fjögur hundruð áttatíu og fimm — krónur í málskostnað, að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Kröfur stefnandans í málinu virðist ekki vera hægt að taka frekar til greina. Í sambandi hjer við skal minst á varakröfu er stefnandinn gerir í málinu, sbr. rjskj. nr. 9, um skaðabætur í því tilfelli, að rjetturinn liti svo á, að umræddri sölu verði eigi riftað.

Þar sem rjetturinn lítur svo á, að umrædd sala skuli vera ógild, þá kemur þessi varakrafa ekki til greina.

Kröfur hinna stefndu um sýknun og málskostnað sjer til handa verður samkvæmt framanrituðu ekki hægt að taka til greina. Kröfu hinna stefndu um það, að máli þessu verði vísað frá, þar eð það virðist höfðað gegn skökkum varnaraðiljum verður ekki heldur hægt að taka til greina, þar eð hin stefndu samkvæmt málsskjölunum, hafa verið sameigendur umræddrar húseignar og þau framkvæmt eða með umboðum látið framkvæma hússöluna 13. febr. 1918, sem mál þetta er risið út af. Í sambandi hjer við skal sjerstaklega minst á afstöðu hins stefnda Bjarna Þ. S. Skaftfells í málinu. Þar eð hann hefir gefið umboð til umræddrar hússölu, er verður að skoðast fullkomið og ótakmarkað, þá ber hann sem eigandi, jafnt hinum sameigendunum ábyrgð á hússölunni 13. febr. 1918 og ber því að þola samskonar dóm og hinir sameigendurnir út af greindri hússölu.

Málsaðiljarnir hafa gert kröfu um ómerking á ýmsum ummælum og krafist sekta fyrir ósæmilegan rithátt í málsskjölunum, en eftir atvikum sjer dómarinn ekki fært að taka þessar kröfur til greina.

Loks lætur dómarinn þess getið, að honum hefir ekki verið fært að kveða upp dóm þenna fyr vegna embættisanna, svo sem yfirjarðamats í sýslunni, manntalsþingaferða, rjettarhalda og annara embættisverka, er fyrirfram voru ákveðin og eigi mátti fresta.

Mánudaginn 21. júní 1920.

Nr. 15/1920

Valdstjórnin
(sækjandi Lárus Fjeldsted)
gegn
Eyjólfi Eyjólfssyni
(verjandi Sveinn Björnsson),

sem kærður er um brot á 6., 7., og 8. gr l. nr. 88, 1917, um notkun bifreiða.

Dómur lögreglurjettar Hafnarfjarðar 27. jan. 1920: Bifreiðarstjóri Eyjólfur Eyjólfsson, til heimilis í

Suðurgötu nr. 20 í Hafnarfirði greiði 50 krónur í sekt til ríkissjóðs, og ennfremur allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin þóknun til skipaðs talsmanns hans í málinu, cand. juris. Björns Pálssonar í Reykjavík, 20 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 daga frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða dómi ók kærður á miðjum vegi eða öllu heldur hægra megin á veginum, er hann sá til bifreiðarinnar R. E. 50, er kom á móti honum, en þá bar honum samkvæmt 7. gr. laga nr. 88, 14 nóv 1917 að víkja tafarlaust til vinstri. Það verður nú ekki álitið að kærði hafi beygt nægilega fljótt til þeirrar hliðar, því þegar bifreiðarnar rákust á, var bifreið kærða lítið eitt farin að beygja til vinstri og var enn sem mest á miðjum vegi. Auk þess er það rjettilega tekið fram í hinum áfrýjaða dómi, að kærði hefur vanrækt að gefa hljóðmerki til viðvörunar þar sem hann hlaut að sjá fyrir að hætta var á árekstri og þetta var því frekar skylda hans sem hann tók það ráð að stöðva bifreið sína á miðjum vegi. Hinsvegar þykir það eigi nægilega upplýst, að kærði hafi ekið með óleyfilegum hraða, sem honum einnig hefur verið gefið að sök.

Kærði hefur þannig gerst brotlegur gegn 7. og 8. gr. fyrnefndra laga og þykir sektin fyrir það hæfilega ákveðin 200 kr. Hinsvegar verður, svo sem gert er í forsendum lögreglurjettardómsins, að sýkna kærða í þessu máli af skaðabótakröfu Steindórs Einarssonar

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað í hjeraði samþykkist.

Svo verður kærði að greiða allan af áfrýjun

málsins leiðandi kostnað, þar með talið málflutningskaup til skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarjetti 80 kr. til hvors.

Við meðferð málsins fyrir lögreglurjettinum athugast, að prófin eru að ýmsu leyti ófullkomin og að vottorð vantar í dóminn samkvæmt tilsk. 3. júní 1796, 35. gr. um lögmæti málsmeðferðarinnar, en að öðru leyti hefir rekstur málsins fyrir lögreglurjettinum verið vítalaus.

Því dæmist rjett vera:

Kærði Eyjólfur Eyjólfsson greiði 200 kr. sekt í ríkissjóð. Svo greiði hann og allan kostnað sakarinnar bæði í hjeraði og í hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun verjanda í hjeraði Björns Pálssonar 20 kr. og málflutningskaup til skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málflutningsmannanna Sveins Björnssonar og Björns Pálssonar Kalman, 80 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hin áfrýjaða dóms er svo:

Hinn 10. október f. á. rákust á bifreiðarnar R. E. 50 frá Reykjavík, er var á leið frá Reykjavík til Keflavíkur, bifreiðarstjóri Sigurður Jónsson, til heimilis Laugavegi nr. 27 í Reykjavík, en eigandi Steindór Einarsson, til heimilis í Ráðagerði í Reykjavík, og bifreiðin H. F. 30 frá Hafnafirði, á leið frá Hafnarfirði til Reykjavíkur, bifreiðarstjóri Eyjólfur Eyjólfsson, til heimilis í Suðurgötu nr. 20 hjer í bænum, eigendur Björn Eyjólfsson og Hallmundur Eyjólfsson, til heimilis á sama stað. Við árekstur þennan skemdust bifreiðar þessar allmikið, og einnig varð einn farþegi bifreiðarinnar H. F. 30, landsverslunarstjóri Aug. Flygenring hjer

í bænum, fyrir meiðslum á höfði og öðrum fæti við árekstur þennan —

Hefur fyrnefndur eigandi bifreiðarinnar R. E. 50, með erindi til lögreglustjóra Reykjavíkur, dags. 10. október f. á. krafist þess að hafin yrði rannsókn út af árekstri þessum, og telur hann að ákærður hafi brotið gegn lögum nr. 88, 14. nóvember 1917, um notkun bifreiða, og krefst þess að hann verði dæmdur í sektir, og ennfremur í skaðabætur til hans samkvæmt kröfu, er hann gerði þar að lútandi.

Að undangenginni rannsókn út af fyrumgetnum árekstri, er ákærður sakaður um brot gegn 6., 7. og 8. gr. nefndra laga, eða fyrir að hafa, eftir atvikum ekið of hratt, eða með akstri sínum truflað umferð um veginn og fyrir eigi að hafa verið þeim megin á veginum, er bifreiðarnar mættust, er lög fyrirskipa, og loks fyrir eigi að hafa gefið hljóðmerki, er hætta var á að árekstur yrði.

Hefir fyrnefndur Sigurður Jónsson, er stýrði bifreiðinni R. E. 50, fyrir lögreglurjetti Reykjavíkur 1. nóvbr. f. á. kannast við að honum hafi yfirsjest í því, að gefa ekki hljóðmerki og hægja strax á ferðinni, er hann sá til bifreiðarinnar H. F. 30 er bifreiðarnar mættust í hallanum norðan Fossvogar og til þess að sleppa við málssókn, boðist til að greiða sekt til bæjarssjóðs Reykjavíkur svo og málskostnað, og var málsókn gegn honum látin falla niður gegn þessu.

Ákærður, Eyjólfur Eyjólfsson, hefir á hinn bóginn eigi viljað kannast við, að hann við þetta tækifæri hafi orðið nokkuð brotlegur gegn oftgreindum lögum, og neitað að greiða skaðabætur til kæranda samkvæmt kröfu hans.

Þann dag eða þá, er árekturinn varð, var þoka eða þokusúld óvenjulega mikil eða dimm, en eftir þeim upplýsingum, sem fram hafa komið undir rannsókn málsins, mun ökuhraði bifreiðar þeirrar, er kærður stýrði, eigi hafa verið um skör fram, enda og upplýst, að hann hægði á ferðinni er hann sá til hinnar bifreiðarinnar, en bifreið ákærðs var þá á miðjum vegi, eða öllu heldur hægra megin á veginum, og er árekturinn varð, var bifreið ákærðs á miðjum vegi, að eins lítið eitt farin að beygja til vinstri eða framhjól hennar komið út af hjólförum miðsvegar. Ákærður telur þetta mundi eigi hafa sakað, ef hin bifreiðin hefði farið með hæfilegum hraða, og eigi farið eftir miðjum vegi eða því sem næst, og segir hann að venja sje að fara eða aka eftir miðjum

vegi þar til víkja þurfi, og hafi honum eigi verið mögulegt að víkja fljótar til rjettrar hliðar en hann gerði. — Það mun nú rjett vera, að bifreiðar venjulega fari eftir miðjum vegi á meðan ekkert er á vegi þeirra, og virðast nefnd lög heimila það, og þar sem ákærður, eftir því sem fram er komið undir rannsókn málsins, virðist hafa gert það, er í hans valdi stóð til þess að halda bifreiðinni til þeirrar hliðar vegarins, er lög mæla fyrir, frá því að hann varð var hinnar bifreiðarinnar, er á móti honum kom niður hallann, og þar til árekstur varð, verður eigi heldur álitið að hann hafi gjörst brotlegur gegn 7. gr. oftnefndra laga, og enda þótt hjer hefði verið ábótavant af hans hálfu, gat það eigi rjettlætt árekstur af hálfu bifreiðar þeirrar, er niður hallann kom. Ákærður hefir þar á móti undir rekstri málsins kannast við, að hann hafi sjeð fram á að árekstur myndi geta átt sjer stað með þeim hraða, er var á bifreið R. E. 50, þegar hann varð hennar var eða sá til hennar, og því ástæða til þess fyrir hann að gefa hljóðmerki til viðvörunar bifreiðarstjóra þeim, er hjer um ræðir, og með því að eigi nægar líkur eru færðar fyrir því, að ákærður eigi hafi haft ráðrúm til þess, eins og hann hefur haldið fram, ber að láta hann sæta sektum fyrir brot gegn 8. gr. fyrnefndra laga, er samkvæmt 13. gr. þeirra og eftir atvikum, virðast hæfilega ákveðnar 50 krónur, og einnig ber honum að greiða allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað, þar á meðal 20 kr. til skipaðs talsmanns hans í málinu, cand. juris. Björns Pálssonar í Reykjavík.

Að því er skaðabætur snertir, þá hefur maður sá, er fyrir meiðslum af árekstrinum varð, fallið frá að gera kröfu til þeirra, og með hliðsjón af 15. gr. sbr. 14. gr. 1. lið oftgreindra laga, verður skaðabótakrafa kæranda, Steindórs Einarssonar, eigi tekin til greina.

Þriðjudaginn 22. júní 1920.

Nr. 14/1920. **Sveinn Björnsson f. h. eigenda og vátryggenda skipsins »Skandia« og farms þess**
(Sveinn Björnsson)
gegn
hlutafjelaginu »Nirði«
(Eggert Claessen)
og
gagnsök

um upphæð björgunarlauna.

Dómur sjórjettar Reykjavíkur 8. jan. 1920: Stefndur A. A. Hansen fyrir hönd eigenda og vátryggenda seglskipsins „Skandia" frá Marstal og farms þess, er í því var 19. mars 1918, greiði stefnandanum, h.f. Nirði, 95000 — níutíu og fimm þúsund — krónur með 6% ársvöxtum frá 26. mars 1918 til greiðsludags, og staðfestist framannefnd kyrsetningargjörð frá 8. apríl 1918 fyrir þeirri upphæð með vöxtum.

Málskostnaður falli niður.

Hið ídæmda greiðist innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Eftir skýrslum málsins og atvikum, sem rjett er lýst í hinum áfrýjaða dómi, var »Skandia« í yfirvofandi hættu, hegar henni kom hjálp Njarðar, og eigi annað sýnna, en að skipið hefði að öðrum kosti rekið í land á hættulegum stað.

En samkvæmt ástæðum, sem greindar eru í dómnum, og þegar ennfremur á það er litið, að björgunin var í því fólgin, að »Skandia« var dregin frá Portlandi til Vestmannaeyja í hægu veðri, að drátturinn tók 4 klukkust. og töf Njarðar alls út af björguninni eigi meira en rúman ½ sólarhring og

að hættan við björgunina reyndist engin vera fyrir björgunarmenn og fjármuni þeirra eða fyrir Njörð og farm hans, þykir mega ákveða björgunarlaunin og endurgjald fyrir dráttinn til Reykjavíkur 50000 — fimmtíu þúsund — krónur, og ber að staðfesta sjórjettardóminn með þessari breytingu á upphæð björgunarlaunanna, og staðfestist kyrsetningargjörðin jafnframt fyrir þessari upphæð.

Upp í málskostnað fyrir hæstarjetti þykir stefndi eiga að greiða áfrýjanda 300 kr.

Því dæmist rjett vera:

Dómi sjórjettarins skal óraskað, þó svo að björgunarlaunin ákveðast 50000 krónur og kyrsetningargjörðin staðfestist fyrir þeirri upphæð.

Upp í málskostnað fyrir hæstarjetti greiði stefndi, h.f. Njörður, áfrýjanda, Sveini Björnssyni f. h. eigenda og vátryggenda skipsins »Skandia« og farms þess, 300 kr.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mál þetta er með stefnu útgefinni 9. apríl 1918 höfðað fyrir sjódóminum af h.f. Niröi hjer í bænum gegn Albert Andersen-Hansen, skipstjóra á seglskipinu „Skandia“ frá Marstal, og hefir stefnandi krafist þess, að stefndur verði, fyrir hönd eigenda og vátryggenda tjeðs skips og farms þess, er í því var, er því var bjargað af botnvörpungnum „Niröi“ 19. mars s. á., dæmdur til að greiða sjer kr. 185,000,00 í björgunarlaun með 6% árs vöxtum frá 20. mars s. á. til greiðsludags. Svo hefir stefnandi og krafist að framfylgt verði sem löglega gerð og framfylgt kyrsetningargjörð, er hann ljet fram fara 8. apríl s. á. á skipi

þessu og farmi þess til tryggingar björgunarlaununum með vöxtum og kostnaði við hana og eftirfarandi málssókn, fjárnám og uppboð. Loks hefir stefnandi krafist málskostnaðar hjá stefndum eftir mati rjettarins.

Stefndur hefir af sinni hálfu mótmælt framanskráðum kröfum stefnanda og krafist þess að verða sýknaður algjörlega af þeim gegn því að hann greiði kr. 27,739,50 eða til vara kr. 29,806,77, hvorttveggja án vaxta. Svo krefst hann og þess, að stefnandi verði dæmdur til að greiða sjer málskostnað við kyrsetningargjörðina og málið sjálft að skaðlausu eða eftir mati rjettarins.

Málavextir eru þeir, að 19. mars 1818 kl. 6,30 síðdegis símaði sýslumaður Skaftafellssýslu frá Vík í Mýrdal sýslumanninum í Vestmannaeyjum, að þar fyrir utan væri seglskip, auðsjáanlega í nauðum statt, og sje auðsætt, að það vilji ná sambandi við land, en þaðan sje engrar hjálpar að vænta, því sjór sje ófær. Sje því nauðsynlegt að skip sje sent frá Vestmannaeyjum, ef þess sje kostur. Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum sendi þá út í botnvörpunginn „Njörð“, eign stefnanda, sem lá þar undir Eyjunum með fullan farm af ísfiski, ferðbúinn til að fara til Englands til að selja aflann, og bað skipstjórann að fara til hjálpar. Lofaði skipstjórinn því og að koma skipi þessu til Eyjanna ef hægt væri, gegn því að fá af verði skips og farms, sem lög frekast leyfðu. Fór Njörður frá Eyjunum kl. 9 um kvöldið. Um miðnættið var Njörður kominn að skipi því, er hann var að fara til að bjarga, og var það vestan við Portland á 24 faðma dýpi. Reyndist það að vera 3/m skonnert „Skandia“ frá Marstal. Hafði skip þetta farið hjeðan úr bænum 26. janúar 1918, hlaðið fiski til Barcelona, en hrept storma og fárveður, og var svo ástatt fyrir því, er „Njörður“ kom að því nóttina milli 19. og 20. mars s. á. sem hjer segir eftir skýrslu skipstjóra, stýrimanns og eins af hásetunum á „Nirði“ í sjórjetti Reykjavíkur 9. apríl 1918, að viðstöddum skipstjóranum á Skandíu og lögfræðislegum ráðunaut hans.

Skipið var á reki í áttina til lands c. 1—2 kvartmílur frá landi, er „Njörður“ kom að, en færðist nær landi meðan verið var að koma festum fyrir í því, og telur skipstjórinn að það muni hafa verið á 16—18 faðma dýpi, er „Njörður“ fór að draga það, en stýrimaðurinn, að sjer hafi virst það vera í mesta lagi rúma sjómílu frá landi og báðum og hásetanum kemur saman um, að sundið milli Portlandsklettanna hafi sjest opið. Logn var eða

því sem næst, en suðvestansjór mikill. Á leiðinni til Vestmannaeyja, en þangað kom „Njörður“ með skipið kl. 6 árdegis 20 mars, var suðvestangola, en hvesti er þangað kom á sunnan og suðaustan og gerði mikið rok. Báðar framsiglur skipsins voru brotnar, klyverbóma og flestöll segl farin, öldustokkar og skjólborð beggjamegin brotið, bátur og alt lauslegt á dekki farið og sömuleiðis akkerin, svo að eigi var hægt að leggja því, er til Vestmannaeyja kom, heldur varð að leggja því upp í sandinn við höfnina.

Fleka höfðu skipsmenn gert sjer til að reyna að bjargast á, ef skipið ræki á land og reyndu kl. 7 síðdegis 19. mars 1918 að að yfirgefa skipið á honum, eftir að ákveðið hafði verið í skipsráði áður um daginn að sigla skipinu á land til þess að bjarga skipshöfninni, en hann reyndist ónógur handa henni.

Í sjóferðaprófinu hjer í bænum 9. apríl 1918 lýstu hinir mættu af „Niröi“ því yfir. að þeir álitu, að með þeim sjó og vindi, sem var, mundi „Skandia“ hafa rekið á land á rúmri klukkustund, ef „Njörður“ hefði ekki komið, og í sjóferðaprófi, sem haldið var í Vesmannaeyjum 23. mars 1918 lýstu skipstjórinn, stýrimaðurinn og einn af hásetunum á „Skandia“ yfir því, að ef „Njörður“ hefði eigi bjargað „Skandia“, hefði það skip eigi komist fram hjá landinu í sunnanveðrinu 20. mars.

Þessari skoðun höfðu skipstjórinn og hásetinn á „Skandia“ breytt, er þeir komu fyrir sjórjett hjer í bænum 1. maí 1918, því þá halda þeir, að „Skandia“ hefði komist fram hjá landinu þótt „Njörður“ hefði ekki tekið hana, og þá neitaði skipstjórinn á „Skandia“ að hún hún hefði verið á reki, er „Njörður“ tók hana.

Frá Vestmannaeyjum dró botnvörpungurinn „Jón Forseti“ „Skandia“ til Reykjavíkur að tilhlutun stefnanda og á hans kostnað. Tók sú ferð „Jóns forseta“ að sögn stefnanda á 4. sólarhring en stefndur heldur því fram, að hún hafi ekki tekið nema rúman sólarhring.

Málspartana greinir á um það, í hve mikilli hættu „Skandia“ hafi verið, er „Njörður“ tók hana. Stefnandi heldur því fram, að skipið hefði hlotið að farast með öllu, ef „Njörður“ hefði ekki bjargað henni. Af hálfu stefnds er því hinsvegar haldið fram, að hun hafi í engri yfirvofandi hættu verið og mundi hafa komis af án hjálpar „Njarðar“.

Sjórjetturinn verður nú að telja það nægilega upplýst í málinu, að „Skandia“ hafi verið í yfirvofandi hættu, er „Njörður“

tók hana, svo að hjer sje um eiginlega björgun að ræða, þar sem öll líkindi sjeu til að skipið hefði farist, ef „Njörður“ hefði ekki bjargað því.

Þegar „Skandia“ var komin hingað til Reykjavíkur, gerði stefnandi kröfu til kr. 185,000,00 í björgunarlaun, og er hann fjekk þá upphæð eigi greidda eða tryggingu setta fyrir greiðslu hennar, ljet hann 8. apríl 191⁸ leggja löghald á skipið og farm þess til tryggingar henni og höfðaði daginn eftir mál þetta.

Til ákvörðunar verðmætis hins bjargaða var 30. mars 1918 dómkvaddir að tilhlutun skipstjórans á „Skandia“ 2 menn til þess að meta skipið, og aðrir 2 menn til þess að meta farminn.

Skipið í fullfæru standi mátu hinir dómkvöddu menn á	kr. 125,000,00
Viðgerð á því mátu þeir	— 77,145,00
og því skipið eins og því var bjargað á . .	kr. 47,855,00
Farminn, eins og hann var við björgunina, mátu hinir dómkvöddu menn á	— 230,000,00
Verðmætið því samtals	kr. 277,855,00

Að tilhlutun stefnanda voru dómkvaddir 17. júní s. á. 4 menn til að gera yfirmat á skipinu, og aðrir 4 menn til að gera yfirmat á fiskinum.

Mátu þeir skipið í fullfæru standi á	kr. 150,000,00
Viðgerðarkostnað á því	— 82,455,00
og skipið eins og því var bjargað á	kr. 47,545,00
Fiskinn, eins og honum var bjargað, mátu yfirmatsmennirnir á	— 250,622,65
Verðmætið samtals á	kr. 298,167,65

Málspartarnir hafa nú gert ýmsar athuganir við möt þessi, stefnanda þykir þau of lág en stefndum of há. Skjölin bera það heldur eigi með sjer, að mótpartinum hafi verið gefinn kostur á að vera við þau og gæta hagsmuna sinna.

Þar sem sjórjetturinn finnur ekki nauðsyn til að ákveða björgunarlaunin ákveðna hundraðstölu af andvirði hins bjargaða, sjer hann ekki ástæðu til að víkja nánar að þessum athugasemdum, og álítur nægilegar upplýsingar um verðmætið liggja fyrir í matsgjörðunum til hliðsjónar við ákvörðun björgunarlaunanna.

Þegar litið er til þess á aðra hliðana, að sjórjetturinn telur „Skandia“ hafa verið í yfirvofandi hættu, er björgunin fór fram, að „Njörður“ átti á hættu að spilla farmi sínum við

björgunartilraunina og til verðmætis hins bjargaða, en á hina hliðina til þess, að björgunin var ekki neinum sjerlegum erfiðleikum bundin, eða björgunarskipinu eða áhöfn þess stofnað í sérlega hættu, þykir sjóréttinum björgunarlaunin hæfilega ákveðin 95000 krónur. Að því er snertir vexti af upphæðinni, er stefnandi gjörir kröfu til að fá til dæmda frá 20. mars 1918, þá átti hann ekki kröfu til björgunarlaunanna fyrri en björguninni var lokið, en eftir réttarskjali nr. 20, sem stefnandi hefur sjálfur lagt fram, var björguninni ekki lokið fyrri en 26. s. m. Ber því eigi að greiða vexti af upphæðinni fyrri en frá þeim degi.

Eftir framanskráðu ber að dæma stefndan til að greiða stefnanda 95000 krónur með 6% ársvöxtum frá 26. mars 1918 til greiðsludags og verður þá að staðfesta kyrsetningargjörðina frá 8. apríl 1918 fyrir þeirri upphæð.

Málskostnaður þykir eftir öllum atvikum rjett að falli niður.

Þriðjudaginn 22. júní 1920.

Nr. 10/1920.

Rjettvísin
(Lárus Fjeldsted)
gegn
Sigurði Magnússyni
(Sveinn Björnsson),

sem ákærður er fyrir brot á 143. gr. hegningarlaganna.

Dómur aukarjettar Barðastrandarsýslu 5. des. 1918: Hinir stefndu fræðslunefndarmenn Rauðasandshrepps, Sveinn Magnússon Lambavatni, Guðmundur Sigfreðsson Króki og Þórður Ó. Thorlacius Bakka, ídæmast fyrir brot á 145. gr. sbr. 143. gr. hegningarlaganna í 50,00 króna sekt til landssjóðs hver þeirra; sje sektin ekki greidd, sæti þeir hver um sig 20 daga einföldu fangelsi. Læknir Sigurður Magnússon Patreksfirði ídæmist fyrir brot á 143. gr. hegningarlaganna 75,00 króna sekt til landssjóðs, sæti ella 25 daga einföldu fangelsi, sje sektin

ekki greidd. Fyrir ósæmilegan rithátt greiði hann í sekt krónur 10,00, að hálfu til Patrekshrepps, að hálfu til landssjóðs.

Svo greiði hinir ákærðu allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað, einn fyrir alla og allir fyrir einn að skaðlausu.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Dómur landsyfirrjettarins 17. nóv. 1919: Ákærði, hjeraðslæknir Sigurður Magnússon, á að vera sýkn af af ákæru sóknarans í máli þessu, en greiða skal hann sekt fyrir ósæmilegan rithátt, eins og segir í hinum áfrýjaða dómi. Hinir ákærðu fræðslunefndarmenn, Sveinn Magnússon, Guðmundur Sigfreðsson og Þórður Ó. Thorlacius, greiði hver þeirra sekt til landssjóðs 50 kr., eða sæti 12 daga einföldu fangelsi hver þeirra, ef sekt hans eigi greiðist að fullu innan ákveðins tíma. Svo greiði og hinir ákærðu fræðslunefndarmenn einn fyrir alla og allir fyrir einn $^3/_4$ — þrjá fjórðu hluta — alls sakarkostnaðarins, bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talið málflutningskaup til skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda við yfirdóminn, yfirdómsmálflutningsmannanna Eggerts Claessen og Jóns Ásbjörnssonar, 20 kr. til hvors, en $^1/_4$ hluti málskostnaðar greiðist af almannafje.

Ídæmdar sektir greiðist áður liðnar sjeu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa, og skal honum yfirleitt fullnægt með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Dómi landsyfirrjettarins hefir að eins verið áfrýjað að því er snertir meðákærða, hjeraðslækni Sigurð Magnússon.

Af ástæðum þeim, sem tilgreindar eru í hinum áfrýjaða dómi, verður að fallast á, að ákærði hefir verið sýknaður af ákæru rjettvísinnar til hegningar og greiðslu málskostnaðar, en sektaður fyrir ósæmilegan rithátt í varnarskjali sínu fyrir undirrjettinum, og ber því að staðfesta dóminn.

Allur kostnaður málsins fyrir hæstarjetti greiðist

úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun hins skipaða sækjanda og verjanda, 75 kr. til hvors.

Það vottast, að sókn og vörn málsins fyrir yfirrjetti hefir verið lögmæt

Því dæmist rjett vera:

Dómi landsyfirrjettarins að því leyti, sem honum hefir verið áfrýjað, skal óraskað. Allur kostnaður málsins fyrir hæstarjetti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda, málflutningsmannanna Lárusar Fjeldsted og Sveins Björnssonar, 75 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur dóms landsyfirrjettarins eru prentaðar í dómasafni yfirdómsins 1919 bls. 820—25.

Miðvikudaginn 29. sept. 1920.

Nr. 8/1920. **Hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps**
gegn
Kaupfjelagi Hjeraðsbúa.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður. — Áfrýjandi, hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps, er eigi mætir í málinu,

greiði 50 kr. aukagjald í ríkissjóð, ef hún af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Miðvikudaginn 29. sept. 1920.

Nr. 9/1920. **Hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps**
gegn
Valdimar Sigurðssyni.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður. — Áfrýjandi, hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps, er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald í ríkissjóð, ef hún af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarétti.

Miðvikudaginn 20. okt. 1920.

Nr. 4/1920. **H.f. Ísbjörninn**
(Eggert Claessen)
gegn
Skiftaráðandanum í Barðastrandarsýslu f. h. þrotabús M. Olsen, Ólafi Jóhannessyni o. fl.
(Pjetur Magnússon),

um rifting kaupa á skipi, er reyndist minna en upp var gefið.

Úrskurður skiftarjettar Barðastrandarsýslu 22. jan. 1919: Skaðabótakrafa h/f. „Ísbjörninn“

í Reykjavík, að upphæð kr. 1690,31, auk 6% vaxta frá 5. nóv. 1917, í þrotabú M. Ólsen, Patreksfirði, vegna sölu á fiskiskipinu „Express", B. A. 129, verður ekki tekin til greina við endanleg skifti á nefndu þrotabúi.

Dómur landsyfirrjettarins 22. des. 1919: Skiftarjettarúrskurðinum skal óraskað. Áfrýjendur, stjórnendur hlutafjelagsins Ísbjörninn, greiði stefnda, skiftaráðandanum í Barðastrandarsýslu, fyrir hönd þrotabús M. Ólsen 40 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi áður en liðnar sjeu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Dómur hæstarjettar.

Að fengnu leyfi hafa ný sakargögn verið lögð fram í hæstarjetti í máli þessu, þar á meðal skrásetningarskjöl og mælingarbrjef um fyrri og síðari mælingar skipsins

Í þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, sem skrásetningar- og mælingarskrifstofan í Kaupmannahöfn hefir gefið út 23. sept. 1904, meðan skipið átti heima í Færeyjum, var það talið 31.87 smálestir brúttó, og er þess getið í skírteininu að rúmmál þess sje fundið með mælingu eftir reglu II, en rúmmál skipa, sem ákveðið er eftir þeirri reglu, verður að teljast ónákvæmt, enda sú mælingaraðferð að eins ætluð til bráðabirgða, sbr. tilskipun 25. júní 1869 um mælingu skipa, 5. og 10. gr.

Eftir að skipið kom hingað til landsins var það mælt hér eftir reglu I, þ. e. hinni fullkomnari mælingarreglu, og reyndist það þá 23.16 smál. brúttó, er síðar var leiðrjett í 25,05 smálestir. Var skipið skrásett hjer á landi að stærð 23.16 smál. brúttó og því fengið mælingarbrjef og fiskiveiðaskírteini samkvæmt þeirri mælingu, og fylgdu þessi skjöl skipinu er það var auglýst til sölu, en stærðar þessarar var ekki getið í auglýsingunni, heldur hinnar, sem fundin var

með mælingarreglu II, án þess þó að þess væri getið í auglýsingunni eftir hvaða reglu mælingin væri fundin. — Loks var skipið mælt á ný skömmu eftir að salan til áfrýjanda átti sér stað og framkvæmdi þá mælingu, er fram fór eftir hinni fullkomnari mælingarreglu, maður sá, sem nú hefir verið kjörinn til þess af ríkisstjórninni, að hafa á hendi mælingar skipa og endurskoðun skipamælinga til skrásetningar. Við þá mælingu, sem sami maður hefir endurskoðað 8. maí þ. á., eftir að lög nr. 70, 28. nóv. 1919 um skrásetningu skipa öðluðust gildi, reyndist rúmmál skipsins 25,66 smál. brúttó. Verður að álíta mælingu þessa fulla sönnun þess að rúmmál skipsins, sem ætla má að eigi hafi verið breytt, hafi eigi verið meira en þetta, þegar það var selt áfrýjanda.

Þar sem nú skipið reyndist svo miklum mun minna, en áfrýjandi mátti ætla að það væri eftir því, sem seljandi hafði auglýst áður en salan fór fram, gat áfrýjandi eftir atvikum krafist þess að kaupin gengju aftur; en er stefndi fyrir hönd þrotabúsins neitaði að verða við þeirri kröfu, seldi áfrýjandi skipið fyrir 6000 kr., en verð það, sem hann keypti skipið á var 6900 kr. Hefir hann því gert kröfu til að fá mismuninn, 900 kr., greiddan úr þrotabúi seljanda. Þessi krafa verður þó ekki tekin til greina, með því að sala áfrýjanda á skipinu, utan uppboðs og án þess að stefnda væri gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna, getur eigi talist forsvaranleg ráðstöfun af hendi áfrýjanda, og er eigi gegn neitun stefnda sönnun um sannvirði skipsins. Hinsvegar verður, með skírskotun til málfærslunnar að taka til greina kröfu áfrýjanda um greiðslu kostnaðar þess, er hann hafði af kaupunum, 790 kr. 31 eyri,

samkvæmt sundurliðuðum reikningi hans, sem ekki hefir verið vefengdur.

Af þessum ástæðum ber að fella yfirrjettardóminn og þar með skiftarjettarúrskurðinn 22. jan. 1919 úr gildi og skylda skiftaráðanda til þess að taka til greina við lokaskifti á búinu kröfu áfrýjanda með 790 kr. 31 eyri auk 6% vaxta frá 5. nóv. 1917.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt að stefndi greiði áfrýjanda upp í málskostnað fyrir hæstarjetti 150 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði landsyfirrjettardómur og þar með skiftarjettarúrskurðurinn skal úr gildi feldur. Kröfu áfrýjanda, h/f. Ísbjörninn, ber að taka til greina við skifti á þrotabúi M. Ólsen með 790 kr. 31 eyri auk 6% ársvaxta af upphæðinni frá 5. nóv. 1917.

Stefndi, skiftaráðandinn í Barðastrandarsýslu fyrir hönd þrotabús M. Ólsen, greiði áfrýjanda 150 króna málskostnað fyrir hæstaretti.

Forsendur dóms landsyfirrjettarins eru prentaðir í dómasafni yfirdómsins árið 1919 bls. 875—79.

Mánudaginn 8. nóv. 1920.

Nr. 22/1820. **Wilhelm Müller f. h. eigenda skipsins »Eversand« og f. h. eigenda og vátryggjenda farms þess**
(Eggert Claessen)
gegn
Jes Zimsen f. h. skipsins »Belgaum«
(L. Fjeldsted)
um upphæð björgunarlauna.

Dómur sjórjettar Reykjavíkur 16. júlí 1920: Löghaldsgjörð sú, sem fram fór á skipinu „Eversand" og farmi þess hinn 9. apríl þ. á., á sem löglega gerð og löglega rekin óröskuð að standa.

Stefndur Wilhelm Müller, fyrir hönd eigenda og vátryggjenda skips og farms, greiði stefnanda, Jes Zimsen kaupmanni í Reykjavík 55000 — fimmtíu og fimm þúsund — krónur með 6% ársvöxtum frá 31. mars 1920 til þess er greitt verður.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Eins og málið hefir verið lagt fyrir hæstarjett er að eins spurning um upphæð björgunarlaunanna.

Með tilliti til þess, að álíta má, að björgunin hafi ekki haft í för með sjer neina verulega hættu fyrir skipið »Belgaum« og skipshöfn þess, að björguninni var lokið að liðnum 16—18 klukkustundum frá því hún hófst og að öðru leyti eftir málavöxtum, eins og þeim er lýst í hinum áfrýjaða dómi, þykir mega ákveða björgunarlaunin 40.000 krónur og ber því að staðfesta sjórjettardóminn með þessari breyt-

ingu á upphæð björgunarlaunanna, og staðfestist kyrsetningargjörðin jafnframt fyrir þessari upphæð.

Málskostnaður fyrir sjódómi og hæstarjetti fellur niður.

Því dæmist rjett vera:

Dómi sjórjettarins skal óraskað, þó svo, að björgunarlaunin ákveðast 40 þúsund krónur og staðfestist kyrsetningargjörðin fyrir þeirri upphæð.

Málskostnaður fyrir sjódómi og hæstarjetti falli niður.

Dómi þessum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir Jes Zimsen kaupmaður í Reykjavík höfðað fyrir sjódómi Reykjavíkur, með stefnu dags. 15. apríl þ. á., gegn Wilhelm Müller f h. eigenda og vátryggjenda seglskipsins »Eversand" frá Flensborg, og fyrir hönd eigenda og vátryggjenda farms þess, er í skipinu var, er því var bjargað af skipi stefnanda, botnvörpungnum „Belgaum" hinn 30. mars þ. á., til þess að fá sjer tildæmd laun fyrir að bjarga nefndu skipi úr sjávarháska.

Hefir stefnandi gert þær dómkröfur í málinu, að löghald, er hann hefir látið fram fara í Reykjavík hinn 9. apríl þ. á. á nefndu skipi og farmi þess, verði staðfest, að stefndur verði dæmdur til að greiða allan kostnað við löghaldsgjörðina að skaðlausu, eða eftir mati rjettarins, að stefndur verði dæmdur til að greiða sjer björgunarlaun kr. 90000,00 — níutíu þúsund krónur — ásamt 6% ársvöxtum frá 30. mars þ. á. til greiðsludags, auk þess allan málskostnað að skaðlausu eða eftir mati rjettarins. Stefndur hefir hinsvegar krafist, að stefnanda verði að eins tildæmd hæfileg þóknun fyrir drátt á skipinu til Reykjavíkur og að stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað eftir mati rjettarins.

Málavextir eru þeir, er hjer skal greina:

Hinn 30. mars þ. á. um kl. 6 f. h. var botnvörpungurinn

„Belgaum“ staddur á veiðum í V. N. V. frá Vestmanneyjum; sást þá frá skipinu seglskipið »Eversand« frá Flensborg, sem hafði uppi neyðarmerki. Var þá þegar hætt veiðum á »Belgaum«, varpan dregin upp og haldið upp að skipinu »Eversand«. Kallaði skipstjórinn yfirum og spurði hvað væri að »Eversand«, og fekk það svar, að skipstjórinn væri dauður, stýrið væri brotið, og allir veikir um borð, og bað sá, sem stjórn hafði á «Eversand“ um að draga skipið til Reykjavíkur.

Stýrimaðurinn á „Eversand“ kannast þó ekki við að hafa sagt að stýrið væri brotið, heldur að „hjer væri alt brotið niður“, enda virðist stýrið hafa verið heilt. Logn var, en stórsjór svo mikill, að ekki var hægt að skjóta út báti frá „Belgaum“, gekk því ógreiðlega að koma festum á milli skipanna, enda var dráttarspilið á „Eversand“ brotið, svo draga varð inn festarnar frá „Belgaum“ af handafli, en skipshöfnin á „Eversand“ öll veik og máttlítil.

Eftir skýrslu skipstjórans á „Belgaum“, gengu 2 klukkustundir í að koma tryggum festum á milli skipanna, og segist hann hafa lagt skip sitt í hættu við það, þar sem festarnar voru svo lengi slakar aftur með „Belgaum“, að hætta var á að þær lentu í skrúfunni.

Stýrimaðurinn á „Eversand“ hefir að vísu ekki viljað kannast við að nokkur veruleg hætta hafi verið fyrir „Belgaum“ að veita hjálpina, jafnvel ekki meðan verið var að koma festum á milli, en að það hafi verið mjög erfitt verk, sem sje allrar virðingar vert, og segir hann að það hafi ekki tekið nema um $1^1/_2$ klukkustund að koma festum á milli skipanna. Var síðan haldið á stað og dróg „Belgaum“ „Eversand“ til Reykjavíkur, og lagðist „Eversand“ við tryggar festar á ytri höfninni á þeim stað, er stýrimaður óskaði, og var björgun þar með talið lokið. Þetta var um kl. $11^1/_2$ að kvöldi þess 30. mars. Síðar var þó skipið flutt inn á innri höfnina, og lagt við hafnargarðinn til frekari tryggingar.

Eftir skýrslu stýrimannsins á „Eversand“, sem hann hefir gefið fyrir þýska ræðismanninum hjer í bænum, fór skip þetta „Eversand“ frá Hamborg hinn 9. febrúar þ. á., í sjófæru ástandi, hlaðið salti, áleiðis til Íslands. Hreptu þeir veður ströng, eftir að þeir komu á móts við Orkneyjar. Hinn 15. mars tók skipstjóra fyrir borð, og druknaði hann. Var þá skipið á móts við Færeyjar. Var samt haldið áfram og sást Ingólfshöfði hinn 28.

mars. Var þá skipið undir stjórn stýrimannsins, stefnda í máli þessu, Wilhelm Müller. Þegar „Belgaum“ kom „Eversand“ til hjálpar, hinn 30. mars, sem fyr segir, var ástandið orðið mjög slæmt á skipinu. Þannig hafði vatnið spiltst, svo skipverjar höfðu ekkert ósalt vatn haft síðan 18. mars, matarbirgðir voru mjög á þrotum og skipverjar allir veikir og magnþrota af langvarandi saltvatnsneyslu, svo þeir gátu vart staðið á þilfari. Auk þess voru öll seglin rifin, nema 1 skonnortusegl, og hætta á að möstrin færu fyrir borð, þar sem sjógangur var mikill, og voru nokkur hliðarstög þegar slitin. Telur stýrimaður skipið hafa verið í verulegri neyð og heldur hann því fram að það mundi hafa rekið á land, ef hvest hefði

Eftir kröfu stefnanda, fór fram virðing á „Eversand“ í Reykjavík, með farmi og var skipið af dómkvöddum mönnum virt á kr. 140,000,00 og farmur á kr. 23560,00 eða samtals kr. 163,560,00.

Þar sem nú ekki náðist samkomulag milli málsaðila um upphæð björgunarlaunanna, ljet stefnandi leggja löghald í fógetarjetti Reykjavíkur hinn 9. apríl þ. á. á skip og farm, til tryggingar kröfu sinni um björgunarlaun m. m.

Samkvæmt 234. gr. siglingalaganna verður að álíta, að stefnandi hafi átt rjett á að fá kyrsett skip og farm, til tryggingar kröfu sinni um björgunarlaunin, og þar sem að staðfestingarmálið hefir verið löglega rekið ber að staðfesta löghaldsgjörðina.

Því hefur verið haldið fram af hálfu stefndu, að „Eversand“ hafi ekki verið í yfirvofandi hættu statt, er „Belgaum“ kom því til hjálpar, og ekki talið ósennilegt að það hefði komist af, þó „Belgaum“ hefði ekki hjálpað því, og hefir þess verið krafist af hálfu stefndu, að stefnanda verði að eins tildæmd hæfileg þóknun fyrir að draga skipið til Reykjavikur.

En af atvikum málsins, sjerstaklega þeim, að öll segl á „Eversand“ voru rifin, nema eitt skonnortusegl, að öll skipshöfnin var veik og magnþrota, að stórsjór var svo mikill að hætta var á að möstrin færu fyrir borð, og að skipið að dómi stýrimanns var í verulegri neyð, verður að álíta að hjer sje um fullkomna björgun að ræða, og að stefnanda beri björgunarlaun eftir 10. kap. siglingalaganna.

Eftir er þá að ákveða hve há björgunarlaunin skuli vera.

Hefir því verið haldið fram af hálfu stefnanda, að „Bel-

gaum“ hafi verið stofnað í hættu við björgunina, en þessu hefir verið mótmælt af hálfu stefndu.

En þar sem upplýst er, að stórsjór var mikill, að „Belgaum“ varð að hætta sjer nærri „Eversand“, á meðan verið var að koma sambandi á milli skipanna, og að það tók langan tíma að koma fyrir festum, þykir einsætt að björgunin hafi ekki verið með öllu hættulaus fyrir „Belgaum“, enda þótt ekkert tjón yrði að.

Því er og haldið fram af stefnanda, að afli á togara hafi verið með besta móti dagana 30. og 31. mars s. l., en þessu er mótmælt af hálfu stefndu, og engar frekari sannanir færðar fyrir þessari staðhæfingu stefnanda.

Björgunarlaunaber að ákveða samkvæmt 230. grein siglinga laganna, og virðist við ákvörðun þeirra verða að leggja aðaláhersluna á, að björgunin var leyst af hendi með dugnaði og atorku, að skip það sem bjargað var var statt í verulegri neyð, að dómi stefnda, þegar björgun fór fram, að björgunin var ekki áhættulaus, fyrir skip það, sem bjargaði, og að björgunin tafði »Belgaum« frá veiðum í 2 sólarhringa, sem álíta verður að hafi haft með sjer mikið aflatjón fyrir skipið.

Virðast björgunarlaun, með hliðsjón af verðmæti hins bjargaða, hæfilega ákveðin 55000,00 krónur. Stefndur verður og að greiða 6% vexti af upphæðinni, frá þeim tíma að björgun var lokið eða frá 31. mars þ á., að þeim degi meðtöldum, til þess er greiðsla fer fram.

Rjett þykir að málskostnaður verði látinn falla niður.

Vegna fjarveru hins reglulega sjódómsformanns og margvíslegra embættisanna, hefir dómur ekki verið uppkveðinn í málinu fyr en þetta.

Mánudaginn 8. nóv. 1920.

Nr. 24/1920. **Jóhannes Kr. Jóhannesson**
(sjálfur)
gegn
Gunnari Sigurðssyni
(enginn),

um gildi fjárnámsgjörðar.

Úrskurður fógetarjettar Reykjavíkur 31. júlí 1920: Hin framkomnu mótmæli verða ekki tekin til greina.

Dómur hæstarjettar.

Með hæstarjettardómi 27. maí þ. á. var áfrýjandi, trjesmiður Jóhannes Kr. Jóhannesson, dæmdur til að greiða rjettum eiganda skuldabrjefs, er útgefið var 25. apríl 1918 af Guðmundi Guðmundssyni til stefnda, málaflutningsmanns Gunnars Sigurðssonar, 7000 kr. með vöxtum samkvæmt skuldabrjefinu. Er áfrýjandi ekki greiddi skuldina krafðist stefndi, sem eigandi skuldabrjefsins, aðfarar samkvæmt dómnum til lúkningar höfuðstóli skuldarinnar, áföllnum vöxtum og aðfararkostnaði, samtals 7964 kr. 74 a. Fógeti Reykjavíkur gjörði fjárnámið 31. júlí þ á., að undangengnum samstundis uppkveðnum úrskurði, er hratt mótmælum áfrýjanda gegn því, að fjárnámsgjörðin mætti fram fara.

Þessum úrskurði og fjárnámsgjörð hefir áfrýjandi skotið til hæstarjettar, með stefnu, dags. 24 ág. þ. á. Hefir hann krafist þess, að úrskurðinum og fjárnámsgjörðinni verði hrundið, og að sjer verði dæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati rjettarins.

Stefndi hefir ekki mætt í hæstarjetti og enginn af hans hendi, og hefir honum þó verið löglega

stefnt. Er málið því rekið samkv 38. gr. hæstarjettarlaganna, og dæmt samkv. N.L. 1—4—32 og 2. gr. tilskipunar 3. júní 1796.

Stefnandi hefir hjer fyrir rjettinum bygt ógildingarkröfu sína á því, að áminstur hæstaréttardómur mundi hafa gengið sjer til sýknunar af greiðslu skuldarinnar, sem fjárnámið var gjört fyrir, ef málsvara sínum fyrir rjettinum hefði ekki láðst að leggja fram mikilsvarðandi varnargögn og mótmæla skuldinni, og ennfremur á því, að nokkur hluti skuldarinnar hafi verið greiddur áður en fjárnámið fór fram og trygging sett fyrir greiðslu eftirstöðvanna.

En hæstarjettardómurinn veitti eiganda skuldabrjefsins, stefnda, aðfararheimild, og mátti hann láta gjöra fjárnámið þegar eftir að dómurinn var kveðinn upp, ef skuldin með vöxtum var ekki greidd að fullu. En í skjölum málsins er enginn sönnun fyrir því, að nokkuð hafi verið greitt af skuldinni áður en fjárnámið var gjört, nje fyrir því, að trygging fyrir greiðslu hennar hafi verið sett, er stefndi hafi tekið gilda. Mótmæli stefnanda eru þannig ekki á neinum rökum bygð, og verður krafa hans því ekki tekin til greina.

Þar sem stefndi ekki mætti fellur málskostnaður niður.

Það er aðfinningarvert, að fógetinn hefir haft son sinn sem vott og virðingarmann við fógetarjettarhaldið.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða fógetarjettarúrskurði og fjárnámsgjörð skal óraskað. Málskostnaður falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Þar sem það með engu móti getur haft framgang þessa máls, þótt gjörðarþoli hafi samið kæruskjal á hendur gjörðarbeiðanda og telji hann hafi haft ólöglegt athæfi í frammi gagnvart sjer, verða hin framkomnu mótmæli ekki tekin til greina.

Mánudaginn 15. nóv. 1920.

Nr. 19/1920. **Trolle & Rothe h/f. f. h. sk. »Abba«**
(Eggert Claessen)
gegn
hafnarnefnd og bæjarstjórn Reykjavíkur
(Pjetur Magnússon)

um skaðabótaskyldu hafnarsjóðs útaf skemdum á skipi liggjandi við hafnarbakkann.

Dómur sjórjettar Reykjavíkur 1. ágúst f. á.: Stefndur, borgarstjóri Knud Zimsen f. h. bæjarstjórnar og hafnarnefndar Reykjavíkur, á að vera sýkn af kröfum stefnandans, firmans Trolle & Rothe f. h. eigenda seglskipsins „Abba" frá Marstal í þessu máli. — Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefur verið skotið til hæstarjettar samkvæmt uppreistarleyfi 7. maí þ. á.

Í hafnarreglugjörð Reykjavíkur 12. nóv. 1917, 22. gr., er gert ráð fyrir því, að leggja megi skipum, jafnvel til fermingar og affermingar, hverju við hliðina á öðru við bólvirki hafnarinnar, og verður þá að gera ráð fyrir, að þar sjeu fyrir hendi þær tilfæringar, sem nauðsynlegar eru til þess að leggja skipum þannig að hættulaust sje bæði fyrir það skip,

er innar liggur og það, er liggur utar, enda hafði Ellen Benzon akkeri úti. Að þessu athuguðu verður það ekki talið óforsvaranlegt að umsjónarmenn hafnarinnar ljetu það afskiftalaust eða leyfðu það, að skipið Ellen Benzon lagðist utan við Abba.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti samkvæmt ástæðum þeim, er fram eru teknar í hinum áfrýjaða sjórjettardómi, ber að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda og staðfesta dóminn.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti og ákveðst hann 200 kr.

Því dæmist rjett vera:

Sjórjettardóminum skal óraskað.

Áfrýjandinn, Trolle & Rothe h/f. f. h. sk. »Abba« greiði stefnda, borgarstjóra Reykjavíkur f. h. hafnarnefndar og bæjarsjóðs kaupstaðarins 200 kr. málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með stefnu útgefinni 4. mars þ. á. hefir firmað Trolle & Rothe hjer í bænum fyrir hönd eigenda seglskipsins „Abba“ frá Marstal höfðað mál þetta fyrir sjódóminum gegn Knud Zimsen borgarstjóra fyrir hönd bæjarstjórnar og hafnarnefndar Reykjavíkur og hefir stefnandi krafist þess, að stefndur fyrir hönd bæjarstjórnar og hafnarnefndar Reykjavíkur verði dæmdur til að greiða sjer fyrir hönd tjeðra umbjóðenda sinna kr. 1900,50 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað eftir mati sjódómsins.

Stefndur hefir af sinni hálfu krafist sýknunar af kröfum stefnanda í málinu og hæfilegs málskostnaðar hjá honum eftir mati sjódómsins.

Málavextir eru þeir, að hinn 25. marz þ. á. lá seglskipið „Abba“ við hafnaruppfyllinguna og var verið að hlaða það fiski. Var skipið þá að boði hafnarstjóra flutt að öðrum stað við hafnaruppfyllinguna og látið leggjast milli hennar og seglskipsins „Ellen Benzon“, er lá þar fyrir við uppfyllinguna og kveður skipstjórinn á „Abba“ það hafa verið gegn yfirlýstum vilja sínum.

Næsta dag fór að hvessa af austri og skipin að þrýstast saman, kveðst skipstjórinn á „Abba“ þá hafa farið þess á leit við skipstjórann á skipinu „Ellen Benzon“, sem var tómt og hafði akkeri úti, að hann færði „Ellen Benzon“ frá hliðinni á „Abba“, en fengið það svar, að hafnarstjórnin hefði skipað svo fyrir, að skipið skyldi liggja kyrt. Um nóttina þrýsti „Ellen Benzon“ svo á „Abba“, sem var skorðuð milli uppfyllingarinnar og „Ellen Benzon“, að borðstokkarnir báðumegin á „Abba“ brotnuðu nokkuð. Auk þess misti skipið 3 varnarkefli, 2 landfestar úr köðlum og eina landfesti úr gildum graskaðli, sem notað var milli lands og „Abba“ og milli skipanna til þess að verjast tjóni. Skaðinn á skipinu „Abba“ og hinir mistu munir, var af dómkvöddum mönnum metinn 808 krónur, kostnaður við matsgjörðina og sjóferðapróf út af skaðanum, sem skipstjórinn á „Abba“ fjekk haldið 30. s. m. nam kr. 67,50. Skipið tafðist í 3 daga meðan skaðinn var bættur og telur stefnandi það 900 króna tap. Loks telur stefnandi 125 króna þóknun fyrir að gæta hagsmuna eigenda skipsins og ábyrgðarfjelags þess út af skaðanum og aðgerðar á honum. Koma þannig út kr. 1900,50 sem stefnt er fyrir hjer í málinu.

Stefnandi heldur því fram, að tjónið hafi hlotist af ráðstöfunum hafnarstjóra og verði hafnarsjóður því að bæta það.

Af hálfu stefnds er því hins vegar haldið fram og er ekkert upplýst í sjóferðaprófinu, sem ósanni það, að „Ellen Benzon“, sem hvorki var að ferma nje afferma, hafi verið boðið að víkja frá uppfyllingunni fyrir „Abba“ þegar það skip var flutt og að það hafi eigi verið boðið, heldur látið afskiftalaust af hafnarstjóranum, að „Ellen Benzon“ lagðist utan við „Abba“ í stað þess að fara út á höfn, enda virðist ekki hafa verið neitt varhugavert við það, er „Abba“ var flutt, því þá var logn. Þegar fór að hvessa næsta dag, kveðst skipstjórinn á „Abba“ hafa farið þess á leit við skipstjórann á „Ellen Benzon“, að hann færði „Ellen Benzon“ frá hliðinni á „Abba“, eins og áður er getið, en því er ekki einu sinni haldið fram af stefnanda, að skipstjórinn á „Abba“ hafi þá snúið sjer til hafnarstjóra og leitað aðstoðar hans til þess að

fá skipið „Ellen Benzon“ fært frá hliðinni á „Abba“, er skipstjórinn vildi ekki verða við tilmælum hans um að flytja skipið og hann sá að hætta var á ferðum, en til þess hefði verið nægur tími, því eftir útdrættinum úr leiðarbók „Abba“ var það kl. 6 síðdegis er skipstjórarnir töluðust við, en skemdirnar á „Abba“ urðu ekki fyrri en kl. 12 um nóttina.

Sjódómurinn fær því ekki sjeð, að hafnarstjóranum verði gefin sök á því, að „Ellen Benzon“ var eigi flutt frá hliðinni á „Abba“ í tæka tíð, og þá heldur eigi hafnarstjórninni á tjóninu, er hlaust af því. Verður því að áliti hans að sýkna stefndan af kröfum stefnandans í málinu, en málskostnaður þykir eftir öllum atvikum rjett að falli niður.

Mánudaginn 6. desember 1920.

Nr. 26/1920.

Rjettvísin
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
Guðrúnu Jónsdóttur
(Guðm. Ólafsson),

sem er ákærð fyrir svik.

Dómur aukarjettar Reykjavíkur 15. sept. 1920: Hinar ákærðu, Friðsemd Ingibjörg Magnúsdóttir og Guðrún Jónsdóttir, sæti, hin fyrnefnda fangelsi við vatn og brauð í 5 daga, en hin síðarnefnda fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 12 daga. Hvor hinna ákærðu greiði sjerstaklega kostnaðinn við gæsluvarðhald sitt og ákærð Guðrún auk þess 25 krónur í málaflutningslaun til hins skipaða talsmanns síns, Guðmundar Ólafssonar hæstarjettarmálaflutningsmanns. Allan annan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað greiði hinar ákærðu, báðar fyrir aðra og önnur fyrir báðar. Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Dómi þessum er áfrýjað til hæstarjettar að eins að því er snertir ákærðu Guðrúnu Jónsdóttur.

Samkvæmt ástæðum dómsins má eftir atvikum samþykkja hann.

Ákærða greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda hjer fyrir rjettinum, 75 kr. hvorum.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardóminum, að því leyti sem honum hefir verið áfrýjað, skal óraskað. Ákærða, Guðrún Jónsdóttir, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þarmeð talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarjetti, málflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Guðm. Ólafssonar, 75 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af hálfu rjettvísinnar gegn stúlkunum Friðsemd Ingibjörgu Magnúsdóttur, sem er heimilislaus, og Guðrúnu Jónsdóttur í Norðurpólnum hjer í bænum, hinni fyrnefndu fyrir þjófnað, en hinni síðarnefndu fyrir svik.

Það er sannað, með eigin játningu hinnar ákærðu Friðsemdar Ingibjargar, sem kemur heim við það, er á annan hátt er upplýst í málinu, að hún hafi kringum 20. f. m. tekið að ófrjálsu 3 20 dollaraseðla-ameríska úr veski skipstjórans á barkskipinu »Cis« frá Farsund í Noregi, sem lá hjer við hafnargarðinn.

Var ákærð á gangi niður við höfn með annari stúlku, Sigríði Viktoríu Jóhannesdóttur, þetta kvöld. Bauð tjeður skipstjóri þeim þá út í skipið og niður í káetu og settist þar að drykkju með þeim, ásamt fleirum á skipinu. Fór skipstjórinn þar að sýna þeim myndir, er hann tók úr veski, er var í kistu í herbergisklefa innar af káetunni, og sá ákærða þá að í veskinu voru útlendir peningaseðlar. Síðar um daginn kom maður úr landi til að tala við skipstjórann; vildi hann þá ekki láta þann mann sjá

stúlkurnar og sagði þeim að fara inn í herbergi það, sem kistan með veskinu var í. Kveður ákærða kistuna hafa verið opna og veskið opið í handraðanum. Tók hún þá úr veskinu 3 útlenda seðla af fleirum, er þar voru, og hélt þá vera 20 króna seðla danska, en það voru amerískir 20 dollaraseðlar. Ekki sá Sigríður, er var með ákærðu, er ákærða tók seðlana.

Daginn eftir fóru þær ákærð Friðsemd Ingibjörg og Sigríður inn í svo kallaðan „Norðurpól" hér í bænum, þar sem samákærð, Guðrún Jónsdóttir, hefir greiðasölu, og þektust þær áður Ingibjörg og Guðrún. Pantaði Ingibjörg þar kaffi handa þeim Sigríði, og er Guðrún spurði hana hvort hún hefði nokkra peninga til að borga með, tók Ingibjörg upp einn 20 dollaraseðilinn og sýndi Guðrúnu og sögðu þær Ingibjörg og Sigríður að það myndi vera danskur 20 króna seðill. Guðrún vissi að seðillinn var meira virði, en ekki benti hún stúlkunum á það, heldur tók seðilinn á 20 krónur.

Þær Ingibjörg og Sigríður halda því nú fram, og hefir Sigríður unnið eið að framburði sínum, að Guðrún hafi farið fram með 20 dollaraseðilinn, sem hún fjekk, og komið inn aftur og spurt, hvort þær hefðu ekki fleiri slíka seðla; hafi Ingibjörg þá tekið upp hina tvo seðlana, en Guðrún þá falast eftir að skifta þeim og fengið þá. Hafi Guðrún því fengið alla þrjá seðlana og borgað 60 krónur fyrir þá alla.

Ákærð Guðrún hefir hins vegar neitað því statt og stöðugt, að hún hafi fengið nema einn 20 dollaraseðilinn og borgað meira en 20 krónur; kveðst hún ekki einu sinni hafa vitað að þær stúlkurnar Ingibjörg og Sigríður væru með fleiri en einn slíkan seðil. Hún hefir þó kannast við að hún um þessar mundir hafi haft tvo ameríska 20 dollaraseðla undir höndum og látið til tveggja kaupmanna hjer í bænum. Kveður hún annan seðilinn hafa verið þann, er hún fjekk hjá Ingibjörgu, en fyrir hinum seðlinum gerir hún þá grein, að sama daginn og þær stúlkurnar komu til hennar með seðil þann, er hún kannast við að hafa fengið frá þeim, hafi 2 ungir Íslendingar, er hún ekki þekti, komið inn til sín og beðið sig að skifta amerískum 20 dollaraseðli og boðið sjer 10 krónur til þess. Kveðst hún hafa farið út með seðilinn og skift honum og skilið hina 2 ókunnu menn eina eftir í húsinu á meðan. Hafi þeir síðan borgað sjer 10 krónur fyrir skiftin og farið, án þess að hún viti til að aðrir hafi sjeð þá en hún.

Þessi framburður ákærðu Guðrúnar er nú næsta ótrúlegur og

þar við bætist, að framburður hennar bæði fyrir lögreglufulltrúanum, sem yfirheyrði hana fyrst, og síðar fyrir rjettinum, hefir verið mjög á reiki. Rjetturinn verður því að telja næga sönnun komna fram í málinu fyrir því, að ákærð Guðrún hafi fengið alla þrjá hina stolnu 20 dollaraseðla og borgað fyrir þá alla 60 krónur, þar sem er eiðfestur framburður Sigríðar, framburður ákærðu Ingibjargar og svo hitt, að upplýst er í málinu og viðurkent af ákærðu Guðrúnu, að hún um þessar mundir hafi haft með höndum tvo slíka seðla, án þess að geta gjört sæmilega grein fyrir því, hvaðan hún fjekk annan þeirra.

Ákærð Guðrún hefir kannast við það, að hún hafi vitað, að 20 dollaraseðillinn, sem hún fjekk, hafi verið miklu meira virði en 20 krónur og að henni var það ljóst, að stúlkurnar, sem með hann voru, álitu hann ekki meira virði.

Báðar hinar ákærðu eru komnar yfir lögaldur sakamanna og hafa ekki áður sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt hegningarlagabrot.

Ákærð Guðrún sat í gæsluvarðhaldi frá 26. f. m. til 6. þ. m. Ákærð Ingibjörg var sett í gæsluvarðhald 7. þ. m. og situr þar enn.

Verknaður Friðsemdar Ingibjargar heyrir að áliti rjettarins undir 230 gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869, og þykir refsing sú, er hún hefir til unnið, hæfilega ákveðin vatn og brauð í 5 daga.

Verknaður ákærðu Guðrúnar heyrir að áliti rjettarins undir 259. gr. hegningarlaganna og þykir refsing sú, er hún hefir til unnið, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 12 daga.

Ákærð Friðsemd Ingibjörg greiði sjerstaklega kostnaðinn við gæsluvarðhald sitt, og ákærð Guðrún sjerstaklega kostnaðinn við gæsluvarðhald sitt og málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns síns hjer fyrir rjettinum, Guðmundar hæstarjettarmálaflutningsmanns Ólafssonar, er þykja hæfilega ákveðin 25 krónur.

Allan annan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað greiði báðar hinar ákærðu in solidum.

Á rekstri máls þessa hefir enginn ónauðsynlegur dráttur átt sjer stað.

Föstudaginn 10. desbr. 1920.

Nr. 17/1920. **Sveinn Björnsson**
f. h. Sandefjord Sejl A/S.
(Guðm. Ólafsson)
gegn
Geo. Copland.
(Björn P. Kalman)

um greiðslu gengismunar að upphæð kr. 10.246,14.

Dómur sjódóms Reykjavíkur 8. jan. 1920; Stefndur, Geo. Copland, á að vera sýkn af kröfu stefnandans Sv. Björnssonar f. h. »Sandefjord Sejl A/S« í þessu máli, en stefnandi f. h. tjeðra umbjóðenda sinna að greiða stefndum 100 kr. í málskostnað innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Með þeirri athugasemd, að tekið var fyrirvaralaust af hendi stefnanda við síðari helmingi farmgjaldsins, og að ætla má, samkv. upplýsingum, sem aflað hefir verið eftir uppsögn dómsins og lagðar hafa verið fram hjer í rjetti, að uppgjörð viðskifta stefnanda og stefnda, samdægurs og uppskipun farmsins var lokið, hafi farist fyrir af völdum skipstjóra, og ennfremur að því athuguðu, að eigi er sannað að gengi á sterling hafi verið hærra en 15 kr. 40 a., þegar greiðsla farmgjaldsins fór fram, þá ber samkvæmt kröfu stefnda að staðfesta sjórjettardóminn.

Eftir þessum úrslitum verður stefnandi að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti, og ákveðst hann 200 kr.

Það athugast, að sjórjetturinn hefir haft málið undir dómi í nærfelt 7 vikur, án þess að ástæðna fyrir því sje getið.

Því dæmist rjett vera:

Sjórjettardóminum skal óraskað.

Stefnandi, Sveinn Björnsson f. h. »Sandefjord Sejl A/S«, greiði stefnda, Geo. Copland, 200 kr. málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir sjódóminum með stefnu útgefinni 13. mars 1919 af Sveini Björnssyni, yfirdómslögmanni, f. h. eigenda seglskipsins „Amasis“ frá Sandefjord, „Sandefjord Sejl A/S“, gegn Geo. Copland, kaupmanni hjer í bænum, og hefur stefnandi krafist þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sjer fyrir hönd tjeðra umbjóðanda sinna kr. 10246,14 með 6% ársvöxtum frá 14. september 1918 til greiðsludags og málskostnað eftir mati sjódómsins.

Stefndur hafir af sinni hálfu krafist sýknunar af kröfum stefnanda í málinu og málskostnaðar hjá honum eftir mati sjódómsins.

Málavextir eru þeir, að með skipsleigusamningi dagsettum í London 15. apríl 1918 leigði stefndur barkskipið »Amasis« til þess að flytja kolafarm frá Bretlandi til Reykjavíkur. Flutningsgjaldið var ákveðið 240 shillings fyrir tonnið og átti og var helmingur þess greiddur í London við undirskrift farmskírteina, en hinn helmingurinn átti að greiðast: „on unloading right delivery of the Cargo“ með góðum og viðurkendum sýningarvíxli í London eða í peningum í Reykjavík eftir vali skipseigenda, er skyldi tilkynt farmeiganda áður en skipið færi úr hleðsluhöfn.

Skipið kom hingað með farminn og var honum skipað upp hjer og eru málspartarnir sammála um að uppskipuninni hafi verið lokið 13. september 1918 og eins um hitt, að greiðsla síðari helmings farmgjaldsins hafi verið £ 17075 — 18 — 0 og átt að greiðast í peningum hjer í bænum og verið greidd skipstjóranum 14. september 1918 með ávísun á Íslandsbanka eftir gengi á Sterling: eitt Sterlingspund = kr. 15,40, og að gengi á Sterling hafi verið það 13. september í báðum bönkunum hjer.

Stefnandi heldur því hinsvegar fram, að Sterlingsgengið hafi við greiðslu síðari helmings farmgjaldsins átt að reiknast eins og það var í bönkunum þann dag, sem greiðslan fór fram, eða 14. september 1018, en þann dag hafi gengið verið 16 krónur á Sterlingspundinu. Sjeu því vangreiddir 60 aurar af hverju Sterlingspundi eða kr. 10246,14, eins og stefnt er fyrir.

Stefndur heldur því fram á hinn bóginn, að eftir skipsleigusamningnum hafi gengið á Sterling átt að teljast eins og það var þann dag, er uppskipuninni var lokið eða 13. september 1918 og auk þess hafi skipstjórinn á „Amasis" samþykt að svo skyldi vera. Þar sem hann fyrirvaralaust hafi tekið við borguninni 14. september eftir því gengi, sem var á Sterling daginn áður.

Þessi framburður stefnds kemur heim við málsframsetningu stefnanda sjálfs í kærunni til sjódómsins. Þar stendur að skipstjórinn hafi 14. september 1918 fengið farmgjaldið gjört upp í skrifstofu stefnds og borgað eftir því gengi á Sterlingspundi sem stefndur gaf honum upp „að hefði verið daginn áður".

Rjetturinn verður því að líta svo á, að við uppgjörið 14. september 1918 á farmgjaldseftirstöðvunum, hafi það orðið að samkomulagi milli stefnds og skipstjórans á „Amasis", að farið skyldi eftir því gengi, er var á Sterling hjer í bænum daginn áður, en við það samkomulag eru eigendur skipsins bundnir. Þarf þá ekki að rannsaka hvernig skilja beri skipsleigusamninginn í þessu efni nje hvert gengi hafi verið á Sterling hjer í bænum 14. september 1918 og heldur eigi hvenær skipstjórinn hafi fyrst snúið sjer til stefnds og viljað fá uppbót, en um bæði þessi atriði eru málspartarnir ósammála.

Það verður því að áliti rjettarins að sýkna stefndan af kröfum stefnanda og þykir rjett að stefnandi greiði stefndum málskostnað, er ákveðst 100 krónur.

Mánudaginn 20. desbr. 1920.

Nr. 25/1920. **Ásgeir Ásgeirsson**
gegn
Georg Jónassyni,

um innlausnarrjett á veðsettum grip.

Dómur hæstarjettar.

Með brjefi dags. í Bjarnarhöfn 29 júní 1918 veðsetti stefndi, Georg Jónasson, jarpskjóttan hest, er hann átti, áfrýjanda Ásgeiri Ásgeirssyni, fyrir 150 kr. láni, og var svo ákveðið í brjefinu, að yrði lánið eigi endurgreitt fyrir lok septembermánaðar s. á., skyldi hesturinn verða eign Ásgeirs, er hafði hestinn í sinni vörslu.

Með brjefi dags. 12. júlí s. á. bað stefndi síra Guðmund Einarsson í Ólafsvík að greiða skuldina og taka hestinn hjá Ásgeiri. Eftir móttöku brjefs þessa sendi síra Guðmundur seint í júlí eða snemma í ágúst næst á eftir, tvo menn að Fróðá, lögheimili áfrýjanda; áttu þeir að greiða skuldina 150 kr. og taka hestinn, en af því varð þó ekki, með því að áfrýjandi var þá í kaupavinnu í Bjarnarhöfn með hestinn. Um 20. sept. var áfrýjandi á ferð í Ólafsvík; skýrði síra Guðmundur honum frá því, að hann ætti að taka á móti hestinum og jafnframt borga honum 150 kr. fyrir Georg Jónasson, og heldur síra Guðmundur því fram, að áfrýjandi hafi þá lofað að afhenda hestinn jafnskjótt og hann komi frá Bjarnarhöfn, en hans væri von næstu daga, gegn greiðslu umgetinna 150 kr. — Hinn 5. okt. sendi síra Guðmundur með peningana að Fróðá en áfrýjandi neitaði þá að veita þeim móttöku og afhenda hestinn.

Hinn 9. s. m. ljet síra Guðmundur stefnuvotta birta á lögheimili áfrýjanda kröfu um að láta hestinn af hendi og bjóða jafnframt umgetnar 150 kr., en hann neitaði enn að afhenda hestinn. Síra Guðmundur sneri sjer þá til sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, með brjefi dags. 11. febr. 1919, og beiddist þess að hann með fógetagjörð tæki hestinn af áfrýjanda, og leiddi þetta til þess að fógetinn ákvað í rjetti að Fróðá 12. júní f. á. að umræddur hestur skyldi tekinn úr vörslu áfrýjanda, og var hesturinn þvínæst afhentur umboðsmanni gjörðarbeiðanda. Við fógetagjörð þessa mætti áfrýjandi ekki, en faðir hans veitti peningunum móttöku fyrir hans hönd að áskildum rjetti hans gegn gjörðarbeiðanda.

Þessari fógetagjörð skaut áfrýjandi til landsyfirrjettarins með stefnu dags. 22. okt. 1919, og stefndi hann í því máli síra Guðmundi Einarssyni, en máli þessu lauk svo með dómi hæstarjettar, uppkveðnum 31. maí þ. á., að málinu var vísað frá rjettinum. Nú hefir áfrýjandi á ný skotið máli þessu til hæstarjettar með stefnu dags. 27. ág. þ., á., og eru þær kröfur hans, að umgetin fógetagjörð verði úr gildi feld, stefndi skyldaður til að afhenda honum umgetinn hest og greiða honum 300 kr. í afnotamissi af honum ásamt 5% ársvöxtum frá 22. okt. 1919 til greiðsludags og málskostnað fyrir hæstarjetti eftir mati rjettarins. — Stefndi krefst hins vegar að fógetagjörðin verði staðfest og að hann verði sýknaður af öllum kröfum áfrýjanda Svo krefst hann málskostnaðar eftir mati rjettarins.

Áfrýjandi byggir kröfur sínar á því, að hann hafi verið orðinn löglegur eigandi hestsins samkvæmt samningnum við stefnda, með því að peningarnir hafi ekki verið boðnir fram í tæka tíð, fyrir lok sept-

embermánaðar og ekki á rjettum stað, með því að svo hafi verið umsamið að lánið skyldi endurgreiðast í Bjarnarhöfn. Þetta síðara atriði getur þó ekki komið til greina, í fyrsta lagi sökum þess að í skuldarviðurkenningunni er enginn greiðslustaður ákveðinn, í öðru lagi er það upplýst í málinu að áfrýjandi hafi verið kominn frá Bjarnarhöfn til lögheimilis síns Fróðá með hestinn fyrir lok septembermán. og loks hefir áfrýjandi í samtalinu við síra Guðmund 20. sept. enga kröfu gjört til þess að peningarnir væru greiddir í Bjarnarhöfn.

Þegar nú þess er gætt, að það er sannað í málinu, að innlausnarfjeð var boðið fram á lögheimili áfrýjanda innan tiltekins tíma, og það má auk þess telja það viðurkent að áfrýjandi hafi í samtalinu við síra Guðmund 20. september í Ólafsvík lofað að afhenda hestinn, ef lánið yrði borgað, eða að minsta kosti ekki sett önnur skilyrði fyrir afhendingu hestsins en þau, að honum yrði greiddir peningar þeir, er hesturinn var veðsettur fyrir, verður að telja að peningar þessir hafi verið boðnir fram í tæka tíð. Samkvæmt þessu verður hin áfrýjaða fógetagjörð ekki úr gildi feld og ber að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti, er eftir málavöxtum ákveðst 50 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hin áfrýjaða fógetarjettargjörð skal vera óröskuð, og stefndi, Georg Jónasson, vera sýkn

af kröfum áfrýjanda, Ásgeirs Ásgeirssonar, í máli þessu.

Áfrýjandi greiði stefnda 50 kr. málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Fógeti kvað ekki upp reglulegan úrskurð í málinu.

Mánudaginn 20. desbr. 1920.

Nr. 6/1920. **Árni J. Hafstað og Jón Jónsson**
(Guðm. Ólafsson)
gegn
Kristni P. Briem,
(Eggert Claessen)

viðvíkjandi gjörðardómi um landamerki.

Dómur landamerkjadóms Skagafjarðarsýslu 26. ágúst 1918: „Málinu vísast frá landamerkjadómi. Svo greiði og stefnandi þessa máls Kr. P. Briem, stefndu, Árna J. Hafstað og Jóni Jónssyni, 50 kr. í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 15 sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum".

Dómur landsyfirrjettarins 15. desbr. 1919: „Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og vísast málinu heim til nýrrar og löglegri meðferðar og dómsáleggingar,

Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði stefndu, Árni J. Hafstað og Jón Jónsson, einn fyrir báða og báðir fyrir einn, áfrýjanda Kristni P. Briem, 50 kr. innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum".

Dómur hæstarjettar.

Eins og tekið er fram í hinum áfrýjaða dómi landsyfirrjettarins átti stefndi rjett á að leita úr-

lausnar landamerkjadómsins um landamerkin, og þá jafnframt um gildi gjörðardómsins, en þá úrlausn hefir hann ekki fengið og ber því að staðfesta landsyfirrjettardóminn.

Áfrýjendur greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 150 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Áfrýjendurnir, Árni J. Hafstað og Jón Jónsson, greiði stefnda, Kristni P. Briem, báðir fyrir annan og annar fyrir báða, málskostnað fyrir hæstarjetti með 150 krónum, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur landsyfirrjettarins er prentaður í dómasafni yfirdómsins 1919, bls. 864—866.

Leiðrjettingar.

Bls. 63, 7. l. o. Jónsson verði Jónasson.
— 77, 3. l. o. fyrir Eggert Claessen komi L. Fjeldsted.
— —, 6. l. o. fyrir L. Fjeldsted komi Eggert Claessen.
— 73, 8. l. o. »þegar« falli burt.
— 80, fyrir frávísunardómur komi ómerkingardómur.
— 87, 8. l. n. fyrir Lárus Fjeldsted komi Sveinn Björnsson.
— 87, 5. l. n. fyrir Sveinn Björnsson komi Björn P. Kalman.
— 88. 17. l. o. fyrir mest komi næst.

Efnisskrá.

		Dómur	Bls.
1.	Sveinn Magnússon gegn Ingibjörgu Þorsteinsdóttur, um tilkall til reka	16/2	1
2.	Loftur Loftsson gegn Þorsteini Árnasyni, Ingibergi Þorkelssyni, Katli Ketilssyni og Magnúsi Ketilssyni, um greiðslu veðskuldar	s. d.	4
3.	Bæjarstjórn Reykjavíkur gegn Jóni Thorsteinsson, um greiðslu erfðafestugjalds	s. d.	7
4.	R. P. Levi og Jensen-Bjerg gegn Theodor Johnson, um vanefndir leigusamnings	s. d.	8
5.	Kári J. Kárason gegn Sigurði Jónssyni og bæjarstjórn Hafnarfjarðar vegna bæjarsjóðs, út af sjálfskuldarábyrgð	22/3	12
6.	O. Tynes gegn Birni Líndal f. h. A. J. Lagerquist og gagnsök, um vanefndir sölusamnings	26/4	15
7.	Pjetur M. Bjarnarson gegn Ingjaldi Ingjaldssyni, um rifting ráðningar háseta	s. d.	21
8.	Pjetur M. Bjarnarson gegn Vemundi Fr. Ásmundssyni, um rifting ráðningar háseta	s. d.	25
9.	H/f. Kveldúlfur og Geir Sigurðsson gegn Ásgeiri Pjeturssyni og Sören Goos, um upphæð björgunarlauna	3/5	29
10.	Helgi Hafliðason gegn Valdimar Thorarensen f. h. F. A. Huth, um vanefndir sölusamnings	s. d.	33
11.	Valdimar Thorarensen f. h. Sæmundsen, Lübbers & Co. gegn Birni Líndal, um skaðabætur út af vanefndum sölusamnings	10/5	38
12.	Gunnlaugur Magnússon gegn Þóru Sigurbjörgu Jónsdóttur. Barnsfaðernismál	s. d.	46
13.	O. Tynes gegn Jul. Havsteen f. h. Joh. Balslev og gagnsök, út af skaðabótum fyrir samningsrof o. fl.	17/5	49
14.	Guðmundur Ólafsson f. h. Louis Zöllner gegn Magnúsi Stefánssyni, út af verslunarskuld	s. d.	56
15.	Rjettvísin gegn Jóhannesi Kristjáni Jóhannessyni, fyrir svik og skjalafals	27/5	60
16.	Ásgeir Ásgeirsson gegn Guðmundi Einarssyni, frávísunardómur	31/5	63

		Dómur	Bls.
17.	Guðrún Clausen gegn R. P. Leví og Jensen-Bjerg, um rjett framleigutaka samkv. 2. gr. l. 24/1917 . .	$^{11}/_{6}$	64
18.	Guðlaugur Br. Jónsson gegn Lofti Jónssyni, út af rofum kaupsamnings um jörð	s. d.	69
19.	Þorsteinn Jónsson gegn Gísla Björnssyni, út af skipsleigu	$^{14}/_{6}$	72
20.	Rjettvísin gegn Sigurði Jens Aðalsteinssyni, fyrir þjófnað	$^{16}/_{6}$	77
21.	Pjetur Guðmundsson, Sigbjörn Björnsson, Sigríður Eiríksdóttir og Vilborg Stefánsdóttir gegn Hjálmari Guðjánssyni. Forkaupsrjettarmál. Ómerkingardómur.	$^{18}/_{6}$	80
22.	Valdstjórnin gegn Eyjólfi Eyjólfssyni. Ólöglegur bifreiðarakstur	$^{21}/_{6}$	87
23.	Sveinn Björnsson f. h. eigenda og vátryggjenda skipsins „Skandia“ og farms þess gegn hlutafjelaginu „Nirði“ og gagnsök. Upphæð björgunarlauna . .	$^{22}/_{6}$	92
24.	Rjettvísin gegn Sigurði Magnússyni, fyrir brot á 143. gr. hegningarlaganna.	s. d.	97
25.	Hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps gegn Kaupfjelagi Héraðsbúa. Útivistardómur	$^{29}/_{9}$	99
26.	Hreppsnefnd Reyðarfjarðarhrepps gegn Valdimar Sigurðssyni. Útivistardómur	s. d.	100
27.	H/f. Ísbjörninn gegn skiftaráðandanum í Barðastrandarsýslu f. h. þrotabús M. Ólsen, Ólafi Jóhannessyni o. fl., um rifting kaupa á skipi	$^{20}/_{10}$	100
28.	Wilhelm Müller f. h. eigenda skipsins „Eversand“ og f. h. eigenda og vátryggjenda farms þess gegn Jes Zimsen f. h. skipsins „Belgaum“, um upphæð björgunarlauna	$^{8}/_{11}$	104
29.	Jóhannes Kr. Jóhannesson gegn Gunnari Sigurðssyni, um gildi fjárnámsgjörðar	s. d.	109
30.	Trolle & Rothe h/f. f. h. sk. „Abba“ gegn hafnarnefnd og bæjarstjórn Reykjavíkur. Skaðabótamál .	$^{15}/_{11}$	111
31.	Rjettvísin gegn Guðrúnu Jónsdóttur, fyrir svik . .	$^{6}/_{12}$	114
32.	Sveinn Björnsson f. h. Sandefjord Sejl A/S gegn Geo. Coland, um greiðslu gengismunar	$^{10}/_{12}$	118
33.	Ásgeir Ásgeirsson gegn Georg Jónassyni, um innlausnarrjett á veðsettum grip	$^{20}/_{12}$	121
34.	Árni J. Hafstað og Jón Jónsson gegn Kristni P. Briem, viðvíkjandi gjörðardómi um landamerki . .	s. d.	124

Hæstarjettardómar

Útgefandi: Hæstarjettarritari.

II. árgangur. 1921.

Mánudaginn 10. janúar 1921.

Nr. 13/1920. **Hreppsnefnd Hvolhrepps**
(Pjetur Magnússon)
gegn
Sæmundi Oddssyni, Hjalta Jónssyni og skiftaráðanda í Rangárvallasýslu f. h. dánarbús Sveins Árnasonar og gagnsök
(Eggert Claessen),
viðvíkjandi forkaupsrjetti sveitarfjelags að jörð.

Dómur aukarjettar Rangárvallasýslu 28. febrúar 1920: Svo framarlega sem meðstefndur Sæmundur Oddsson, eftir löglegan undirbúning á sínu varnarþingi, synjar fyrir það með eiði, að hann hafi fyrir 16. apríl 1918 borgað ábúandanum Sveini Árnasyni á Stóra-Moshvoli einhverja fjárupphæð fyrir forkaupsrjett hans, eða rjettara sagt, fyrir afsal hans á forkaupsrjetti hans, sem leiguliða, Sæmundi til handa, þá skulu stefndu vera sýknir af kröfum stefnanda í þessu máli.

Vinni hann aftur á móti ekki áminstan eið, þá skulu afsalsbrjef þau, er ræðir um í dómi þessum, vera ógild gagnvart hreppsnefnd Hvolhrepps, og meðstefndur Sæmundur Oddsson skal skyldur til, að viðlagðri 10 króna sekt til sveitarsjóðs Hvolhrepps fyrir hvern dag, er fram yfir líður 6 vikur frá þessum degi, að selja hreppsnefndinni í tjeðum hreppi fyrir hönd sveitarfjelagsins jörðina hálfan Stóra-Moshvol, vestri hálflenduna, með sömu kjörum og ræðir um í framangreindu afsalsbrjefi til hans, dags. 25. maí 1918,

þó skal hreppsnefndin hafa hálfsmánaðarfrest til að ganga að kaupunum, eftir að stefndi hefir boðið henni kaupin

Að öðru leyti skulu stefndu vera sýknir af kröfum stefnandans. Málskostnaður skal falla niður.

Dóminum að fullnægja innan 6 vikna frá uppsögn hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Í máli þessu hefir Hjalta Jónssyni verið stefnt fyrir sáttanefnd fyrir hönd erfingja Ólafs Magnússonar, en fyrir aukarjettinn hefir honum verið stefnt í eigin nafni. Þar sem eigi sjest af málinu að sátt hafi verið reynd við Hjalta, nema sem umboðsmann nefndra erfingja eða fyrir þeirra hönd, verður að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá aukarjettinum hvað hann snertir, sökum vantandi sáttatilraunar, og dæma áfrýjanda til að greiða honum 150 kr. í málskostnað fyrir báðum dómum.

Með afsalsbrjefi 16. apríl 1918 eignaðist Sveinn Árnason ábýlisjörð sína, hálflendu Stóra-Moshvols í Hvolhreppi í Rangárvallasýslu, og er ekkert framkomið í málinu er sýni, að hann hafi eigi orðið löglegur eigandi hálflendunnar með afsali þessu. Var honum því frjálst að selja hana hverjum er hann vildi. Í því efni skiftir það engu, þó að Sveinn Árnason, eins og áfrýjandi heldur fram, og eigi er ósennilegt eftir málavöxtum, hefði keypt jörðina beint í því skyni að selja hana þegar aftur stefnda, Sæmundi Oddssyni, samið við hann um kaupin áður en hann (Sveinn) fjekk afsalið og tekið við einhverri fjárhæð upp í kaupverðið eða undir öðru nafni, eða þó að það hefði verið ætlun þeirra Sveins að fara með þessum hætti á svig við ákvæði laga nr. 30 20. október 1905, 4. gr., um forkaupsrjett sveitarfjelaga, með því að lögin áskilja eigi sveitarfjelagi for-

kaupsrjett við sölu jarðar, sem er í sjálfsábúð. Verður eftir þessu að breyta hinum áfrýjaða dómi að því er kemur til hinna stefndu, Sæmundar Oddssonar og skiftaráðanda Rangárvallasýslu fyrir hönd dánarbús Sveins Árnasonar, og sýkna þá af kröfum áfrýjanda í málinu, en dæma hann til að greiða þeim málskostnað fyrir aukarjettinum og hæstarjetti, er eftir atvikum þykir eiga að ákveða 150 kr. handa hvorum.

Það er athugavert, að liðið hafa 3 mánuðir frá dómsupptöku til dóms-uppsagnar í málinu, án þess að dómarinn hafi gjört fullnægjandi grein fyrir þessum drætti.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og vísast málinu frá aukarjettinum að því er kemur til stefnda Hjalta Jónssonar. Hinir stefndu, Sæmundur Oddsson og skiftaráðandi Rangárvallasýslu fyrir hönd dánarbús Sveins Árnasonar, eiga að vera sýknir af kröfum áfrýjanda, hreppsnefndar Hvolhrepps, í þessu máli.

Áfrýjandi greiði, að viðlagðri laga-aðför, hinum stefndu 150 kr. hverjum í málskostnað í hjeraði og hæstarjetti.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með skjali dags. 16. apríl 1918 afsalaði meðstefndur í máli þessu, Hjalti skipstjóri Jónsson í Reykjavík, fyrir hönd erfingja Ólafs Magnússonar, fyr bónda í Vestri-Tungu, jörðina vestasta Moshvol í Hvolhreppi, 10 hndr. að f. m., meðstefndum Sveini Árnasyni, er þá var ábúandi jarðarinnar, fyrir umsamið kaup-

verð kr. 3000.00, en nefndur ábúandi afsalaði jörðina aftur rúmlega mánuði síðar, með skjali dags. 25. maí, meðstefndum Sæmundi borgara Oddssyni í Eystri-Garðsauka, fyrir sömu upphæð, og voru því næst bæði brjefin lesin samtímis á manntalsþingi að Stórólfshvoli 1. dag júnímánaðar s. á., og fjekk þá stefnandinn, hreppsnefndin í Hvolhreppi, fyrst að vita um jarðarsölu þessa.

Taldi hreppsnefndin sölu þessa ógilda og óbindandi fyrir sig, vegna þess að ábúandinn hefði í raun og veru ekki keypt jörðina, heldur hefði hann selt forkaupsrjett sinn að henni sem ábúandi meðstefndum Sæmundi Oddssyni, fyrir 1000 krónur eða aðra álíka upphæð áður eða um sama leyti og Hjalti Jónsson gaf út afsalið til ábúanda, enda hafi þá Sæmundur greitt jarðarverðið fyrir ábúanda. Stefnandi taldi því, að í raun og veru hefði Sæmundur Oddsson keypt jörðina af Hjalta Jónssyni, og aðeins notað rjett ábúanda til að kaupa jörðina, og hafi því salan til ábúanda aðeins verið pro forma og hann hafi ekki neytt forkaupsrjettar síns að lögum, en þá beri henni forkaupsrjetturinn, er henni hafi aldrei verið gefinn kostur á að neyta.

Útaf þessu hefur hreppsnefndin, að undangengnum kærum til sáttanefndar, 31. október 1918, höfðað mál þetta með rjettarstefnu, dags. 6. febrúar 1919, gegn áðurnefndum Hjalta Jónssyni og Sæmundi Oddssyni og síðan með framhaldsstefnu 11. júlí 1919 gegn áðurnefndum ábúanda, Sveini Árnasyni, einnig að undangenginni sáttatilraun, og hefur nefndin sem stefnandi gjört þær rjettarkröfur, að salan til ábúandans og þar af leiðandi salan frá ábúandanum verði dæmd ógild, og henni verði tildæmdur forkaupsrjettur að jörðinni fyrir sama verð og með sömu kjörum og greinir í afsalsbrjefi til meðstefnds Sæmundar Oddssonar, og að stefndu verði in solidum, það er: einn fyrir alla og allir fyrir einn, að viðlögðum dagsektum, skyldaðir til að gefa nefndinni afsal fyrir jörðinni, að stefndu verði in solidum dæmdir til þess að bæta nefndinni tjón það, er hún hafi beðið fyrir brot á forkaupsrjettinum, eftir því sem óvilhallir menn mundu meta, og loks að stefndu verði dæmdir til að greiða nefndinni málskostnað að skaðlausu, eða eftir mati rjettarins.

Hinir stefndu hafa af sinni hálfu gjört eftirfarandi rjettarkröfur:

Meðstefndur Sæmundur Oddsson hefir, að því er formhlið málsins snertir, gjört þá rjettarkröfu, að málinu verði vísað frá rjettinum fyrir ólöglega málasamsteypu, þar sem honum sje stefnt

í sameiningu við annan mann, Hjalta Jónsson, og því haldið fram af stefnanda, að þeir sjeu samábyrgir fyrir tvær athafnir, en þær sjeu alveg óháðar hvor annari; önnur framin af Hjalta án hans meðverknaðar, sem sje sala Hjalta til Sveins, er eigi ekkert skylt við sölu Sveins til hans, og geti hann því enga ábyrgð borið á hinni fyrri sölu jarðarinnar, og Hjalti enga ábyrgð á hinni síðari sölu hennar.

Í öðru lagi krefst hann frávísunar málsins að því er meðstefnda Hjalta Jónsson snertir, vegna þess að honum sje stefnt fyrir aukarjett Rangárvallasýslu, en eigi þó heimili suður í Reykjavik, jafnframt og hann telur óheimilt að stefna honum fyrir varnarþing jarðarinnar, af því að í máli þessu sje eigi ágreiningur um beinlínis eignarrjett yfir jörðu.

Þegar dæma á um frávísunarkröfur hinna stefndu, þá verður að athuga þær í sambandi við þá staðhæfingu stefnandans, að sala Hjalta Jónssonar til Sveins Árnasonar hafi að eins verið pro forma, en raunverulegur kaupandi jarðarinnar Stóra-Moshvols hafi verið meðstefndur Sæmundur Oddsson, og hafi því Hjalti sem seljandi brotið með þessu þá skyldu, er á honum hvíldi, að bjóða eða bjóða láta stefnanda, hreppsnefnd Hvolhrepps, jörðina til kaups, að ábúanda raunverulega frágengnum.

Það brot, sem hjer er um að ræða, er fólgið í blekkingu, sem eigi verður framkvæmt eftir eðli sínu nema með tveimur athöfnum, nefnilega með pro forma afsalsbrjefi, fyrst frá seljanda til ábúanda og síðan með öðru afsalsbrjefi frá ábúanda til hins raunverulega kaupanda. Lögbrotið, sem framið er á þennan hátt, er því að eins e i t t, en til þess að fullkomna það þurfa tvær athafnir, sem sje, fyrst afsal seljanda til ábúanda og síðan afsal ábúanda til hins sanna kaupanda, og aðilar að þessu eina lögbroti eru því eftir eðli sínu þrír, eða allir hinir stefndu, en hitt er annað mál, hvort þau skilyrði eru fyrir hendi, er þurfa til þess, að þeir allir verði taldir samsekir; gæti verið að seljandi hafi verið blektur og hann hefði unnið að brotinu í góðri trú, en ekki nauðsynlegt, að um það sje vissa fengin þegar málsókn er hafin.

Það verður því ekki á það fallist, að hjer sje um ólöglega málasamsteypu að ræða, og verður máli þessu eigi frávísað fyrir þá sök.

En hvað viðvíkur hinni ástæðunni til frávísunar, að sökinni sje ranglega stefnt til varnarþings jarðarinnar, að því er meðstefnda Hjalta Jónsson snertir, einkanlega fyrir það, að í máli

þessu sje eigi ágreiningur um eignarrjett yfir jörðu, þá er það heldur ekki rjett. Fyrsta krafa stefnandans er þó einmitt sú, að afsalsbrjef meðstefnda Hjalta, sem pro forma afsalsbrjef til Sveins Árnasonar, verði dæmt ógilt, og dómsályktun um þetta hlýtur eftir eðli sínu að ganga á undan, áður en til þess kemur, að stefnanda verði dæmdur umkrafinn forkaupsrjettur.

Verður því að álíta, að meðstefndum Hjalta Jónssyni sje rjettilega stefnt að svara til sakar í máli þessu á varnarþingi jarðarinnar, samkvæmt N. L. 1—2—18.

Enda sýnist eðlilegast, að þannig vaxið mál sem þetta sje í heildinni sótt og varið á varnarþingi jarðarinnar, er fellur saman við varnarþing hinna annara málsaðila.

Þá krefst meðstefndi Sæmundur Oddsson, fyrir hönd meðstefnda Hjalta Jónssonar, að hann verði sýknaður þegar af þeirri ástæðu, að hann sje ekki rjettur sakaraðili, er byggist á því, að meðstefndur Hjalti Jónsson hafi að vísu haft umboð til þess að selja jörðina vestasta Stóra-Moshvol fyrir hönd erfingja Ólafs Magnússonar, en ekki haft neitt umboð til þess að svara til sakar í þessu máli.

Að því er þessa sýknunarástæðu snertir, má vísa til þess, sem áður er sagt um frávísun málsins fyrir ólöglega málasamsteypu.

Meðstefndur Hjalti Jónsson, er í þessu máli ekki sakaður um það, að hafa selt jörð umbjóðandans, heldur fyrir það, að hafa selt hana á þann hátt, að sala hans hafi orðið meðorsök til lögbrots gegn stefnanda, og verður hann þegar af þeirri ástæðu að skoðast rjettur sakaraðili, en ekki umbjóðandinn.

Loks hafa hinir stefndu neitað því, að hin umþráttaða sala meðstefnda Hjalta Jónssonar til ábúandans Sveins Árnasonar, hafi verið pro forma, eða að eins til málamynda, og krefjast þeir algjörðrar sýknunar af þeirri ástæðu, svo og greiðslu málskostnaðar eftir rjettarins mati.

Þetta er auðvitað aðalatriðið í málinu og röksemdafærsla um önnur atriði fer fyrir ofan garð og neðan. Skal það þá af rjettarins hálfu tekið fram, að hjer ræðir um leið til þess að brjóta þann forkaupsrjett til kaupa á jörðu, er lög nr. 30, 20. okt. 1905, um forkaupsrjett leiguliða o. fl., hafa veitt sveitarfjelögum við jarðarsölu, og það kemur ekki málinu við, þótt þriðji maður í þessu máli hefði getað náð tilgangi sínum aðra leið, er hann hefur ekki farið.

En pro forma sala til ábúanda, er í raun og veru engin sala til hans, og þótt hann í skjali láti nefna sig sem kaupanda, án þess að leggja fram nokkurt andvirði og selja aftur sem slíkur þriðja manni, er leggur fram andvirðið frá sjálfum sjer, þá þýðir það ekki annað en hjálp ábúandans til þess að láta þriðja mann ná kaupum á jörðu, sem hann ella hefði ekki getað fest kaup á vegna forkaupsrjettar viðkomandi sveitarfjelags.

Hlýtur því ábúandi og kaupandi að vera jafnan í vitorði um slíka sölu, en ekki nauðsynlegt að upphaflegur seljandi hafi hugmynd um hið rjetta samhengi sölunnar.

Stefnandi hefur nú leitt ýms rök og líkur að því, að þannig löguð sala hafi átt sjer stað, er meðstefndur Hjalti Jónsson seldi ábúandanum og meðstefndum Sveini Árnasyni, meðal annars með því, að láta mótpartinn leggja fram skjal, dags. 21. mars 1918, rjettarskjal nr. 27 í málinu, er sannar það að Sveinn Árnason hefir með skjali þessu gefið Sæmundi Oddssyni umboð til þess að kaupa hálfan Stóra-Moshvol fyrir alt að 3000 krónur, og jafnframt til þess að útvega fyrir sig peninga til kaupanna. Í öðru lagi hefur stefnandi rjettilega bent á það, sem ósennilegt, að ábúandinn hafi keypt jörðina fyrir sjálfan sig, að hann selur hana rúmum mánuði seinna umbjóðanda sínum fyrir hina sömu upphæð og hann keypti jörðina fyrir. Í þriðja lagi hefir Sæmundur Oddsson ekki fengist til, þrátt fyrir áskorun mótpartsins, að skýra frá því, hvaðan honum komu peningar, er hann keypti jörðina fyrir ábúandann, samkvæmt umboði hans; og loks hefir stefnandi látið leiða 4 vitni, er bera það öll, að Sveinn hafi sagt þeim það hverju í sínu lagi, að Sæmundur Oddsson hafi greitt sjer fje fyrir forkaupsrjettinn að ábýlisjörð hans. Þrjú vitnin bera, að hann hafi talað um „mikið háa borgun“, og eitt vitnið, að hann hafi tilnefnt 1000 kr. Eitt vitnið ber, að Sveinn hafi sagt sjer þetta 22. mars 1918, annað um mánaðamót mars og apríl s. á. og hið þriðja í byrjun apríl s. á. Og öll bera þau, að hann hafi tilgreint Sæmund Oddsson sem kaupanda að forkaupsrjettinum, og skiftir þetta atriði miklu í málinu.

Að vísu verður að fallast á það með hinum stefndu, að ordalagið um sölu og kaup forkaupsrjettarins hljóti að vera á misskilningi bygt, því forkaupsrjettur leiguliða er bundinn við persónu leiguliðans, og getur þar af leiðandi ekki gengið kaupum og sölum; hið gagnstæða mundi og gjöra forkaupsrjett sveitarfjelaga að engu. Hitt er annað mál, að leiguliði getur tekið fje

fyrir það að afsala sjer forkaupsrjettinum og væri lögfull sönnun fyrir því, að Sveinn Árnason hefði afsalað sjer forkaupsrjetti að jörðinni til Sæmundar Oddssonar, áður en afsalsbrjef Hjalta var útgefið til hans, þá væri það jafnframt sannað, að kaup Sveins af Hjalta hefðu að eins verið gerð til málamynda og leitt til þess að bera fyrir borð forkaupsrjett hreppsnefndarinnar. En þar sem álíta verður, að stefnanda hafi eigi tekist þetta, en hins vegar fært sterkar líkur fyrir því, samkvæmt áður sögðu, að svo hafi verið, þá virðist rjett, að láta úrslit málsins vera komin undir synjunareiði hinna stefndu um þetta atriði.

Í þessu sambandi er rjett að geta þess, að Sveinn Árnason andaðist 17. ágúst 1919, og getur því ekki komið til greina að leggja honum fyrir synjunareið, og heldur ekki fyrir meðstefnda Hjalta Jónsson, því engar líkur eru fram komnar fyrir því, að honum hafi verið kunnugt um málamyndakaupin eða rjettara sagt forkaupsrjettarafsal Sveins, annað en áðurnefnt umboðsskjal, rjettarskjal 27, sem eins vel getur bent til þess, að hann hafi verið í góðri trú um það, að Sveinn væri raunverulegur kaupandi, er hann afsalaði honum jörðinni. Verður því synjunareiðurinn að leggjast fyrir Sæmund Oddsson einan, þannig, að ef hann synjar fyrir það með eiði, að hafa greitt Sveini Árnasyni fyrir 16. apríl 1918 einhverja fjárupphæð fyrir forkaupsrjett eða rjettara sagt, afsal Sveins á forkaupsrjetti hans honum til handa, þá skuli framfarin jarðarkaup standa óhögguð. En vinni hann ekki eiðinn, þá skuli þinglesin afsalsbrjef frá Hjalta til Sveins og Sveini til Sæmundar vera ógild, og meðstefndur Sæmundur Oddsson skal skyldaður til, fyrir hönd hinna stefndu innan ákveðins tíma frá löglegri birtingu dómsins, að viðlagðri 10 króna sekt til sveitarsjóðs Hvolhrepps fyrir hvern dag, er fram yfir líður, að selja hreppsnefnd Hvolhrepps fyrir hönd hreppsfjelagsins, hálfa jörðina Stóra-Moshvol, vestri helminginn, með sömu kjörum og ræðir um í afsalsbrjefi Sveins Árnasonar, dags. 25. maí 1918, og skal hreppsnefndinni veittur sami frestur og ræðir um í áðurnefndum lögum um forkaupsrjett leiguliða o. fl. 5. gr. til þess að segja til þess hvort hún gangi að kaupunum.

Að því er snertir kröfu stefnanda um bætur fyrir tjón eftir mati óvilhallra manna, ef endanleg úrslit málsins falla henni í vil að öðru leyti, þá er af stefnandans hálfu ekkert upplýst um það, í hverju slíkt tjón eigi að vera fólgið, og þó að nokkur dráttur verði á því, að hreppurinn nái kaupum á jörðinni, þá

verður ekki sjeð, að það hafi í för með sjer tekjumissi fyrir hann, því útgjöldin á sama tíma mundu hafa orðið lík, og ber því ekki að taka þessa kröfu til greina, hvernig sem málið fer.

Um málskostnaðarkröfur málsaðila er það að segja, að verði ákagður eiður unninn, þá þykir rjett að málskostnaður falli niður, en verði úrslitin á hina hlið, þá þykir og varhugavert, að dæma stefndu til greiðslu málskostnaðar in solidum, með sjerstöku tilliti til þess, sem áður er sagt, að líkur benda heldur til þess, að meðstefndur Hjalti Jónsson hafi verið in bona fide — án þess nokkuð sje þó upplýst frá hans hálfu í því efni — um málamyndakaup ábúandans, og ennfremur það, að ábúandinn er nú dáinn og þykir því rjett, einnig í þessu tilfelli, að láta málskostnað falla niður, og að öðru leyti eftir atvikum.

Meðstefndur Sveinn Árnason lá veikur þegar honum var birt sáttanefndarfyrirkall í málinu, og er engin afsökun frá hans hendi framkomin um það, að hann hafi eigi getað fengið annan mann fyrir sig til þess að mæta á sáttafundinum — hefur þó látið mæta fyrir sig fyrir rjettinum —, þá átti hann fyrir þetta að sæta sekt til landssjóðs, en þar sem hann er nú dáinn, þykir rjett, að láta sektina falla niður.

Málsaðilar hafa komið sjer saman um, að telja dóminn sjer birtan á þeim degi, er hann er uppkveðinn.

Vegna ýmsra annara embættis-anna dómarans, hefur eigi unnist tími til að leggja fyr dóm á mál þetta.

Föstudaginn 14. janúar 1921.

Nr. 32/1920.

Rjettvísin
(Eggert Claessen)
gegn
Hallgrími Finnssyni, Geir Pálssyni og Elíasi F. Hólm
(Guðm. Ólafsson, B. P. Kalman og Pjetur Magnússon),

sem eru ákærðir fyrir brot á 288. og 261. gr. hegningarlaganna og Hallgrimur að auki fyrir brot á 230. gr. sömu laga.

Dómur aukarjettar Reykjavíkur 3. desember 1920: Hinir ákærðu: Hallgrímur Finnsson, Geir Pálsson og Elías F. Hólm, sæti betrunarhúsvinnu, Hallgrímur í þrjú ár, Geir í tvö ár og sex mánuði, en Elías í tvö ár.

Kjartani Helgasyni í Moshúsum geymist rjettur til skaðabóta hjá ákærðum Hallgrími Finnssyni fyrir framangreinda neta- og fiskitöku.

Ákærður Elías F. Hólm greiði sjerstaklega 25 krónur í málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns síns, Pjeturs Magnússonar hæstarjettarmálaflutningsmanns.

Allan annan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað greiði hinir ákærðu allir fyrir einn og einn fyrir alla.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Afbrot hinna ákærðu ber að heimfæra undir 288. gr. síðari málslið, sbr. 55. gr. og 46. gr., svo og undir 261. gr. sbr. 55. gr. hinna almennu hegningarlaga, og að því er Hallgrím Finnsson snertir einnig undir 230. gr. og ákveðst hegningin með hliðsjón af 63. gr. Eftir ástæðum málsins og hlutdeild hvers hinna ákærðu í hinum drýgðu glæpum, sem í öllu verulegu er rjett lýst í aukarjettardóminum, þykir hæfilegt að ákveða hegninguna þannig, að Hallgrímur Finnsson sæti betrunarhúsvinnu í þrjú ár, Elías F. Hólm í tvö ár og sex mánuði og Geir Pálsson í tvö ár.

Eiganda þorskanetanna og fiskjarins, sem stolið var, verða ekki dæmd iðgjöld í þessu máli.

Um málskostnað í hjeraði á aukarjettardóminum að vera óraskað.

Ákærðu greiði, einn fyrir alla og allir fyrir einn, allan kostnað af áfrýjun málsins til hæstarjettar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda, 250 kr., og til verjendanna, 100 kr. til hvers þeirra.

Í hæstarjetti hefir verið lagt fram afsalsbrjef til ákærða Geirs Pálssonar fyrir mótorskipinu »Leo« og

sömuleiðis hegningarvottorð Hallgríms Finnssonar og Elíasar F Hólm úr Snæfellsnesssýslu, er útveguð hafa verið eftir að málið var dæmt í hjeraði. Í dómsgjörðunum er þess ekki getið hvers vegna ekki hefir verið útvegað fæðingarvottorð Geirs Pálssonar. Að öðru leyti hefir meðferð málsins í hjeraði verið vítalaus.

Því dæmist rjett vera:

Hinir ákærðu sæti betrunarhúsvinnu, Hallgrímur Finnsson í þrjú ár, Elías F. Hólm í tvö ár og sex mánuði og Geir Pálsson í tvö ár.

Um málskostnað í hjeraði á aukarjettardóminum að vera óraskað.

Ákærðu greiði, einn fyrir alla og allir fyrir einn, allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda fyrir hæstarjetti, hæstarjettarmálaflutningsmanns Eggerts Claessen, 250 kr. og til verjendanna, málaflutningsmannanna Guðmundar Ólafssonar, Björns P. Kalman og Pjeturs Magnússonar, 100 kr. til hvers þeirra.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af rjettvísisinnar hálfu höfðað gegn þeim Hallgrími Finnssyni, skipstjóra, til heimilis á „Hotel Skjaldbreið“, Geir Pálssyni trjesmið til heimilis í Lokagötu nr. 14 og Elíasi Finnssyni Hólm, kaupmanni, til heimilis á „Hotel Skjaldbreið“, fyrir brot á ákvæðum 288. gr. og 261. gr. hegningarlaganna frá 1869, og að því er ákærðan Hallgrím snertir, einnig fyrir brot á ákvæðum 230. gr. laganna, og eru málavextir þeir er nú skal greina.

Ákærður Hallgrímur, sem er albróðir ákærðs Elíasar, var

mjög illa stæður peningalega. Hann skuldaði t. a. m. Elíasi bróður sínum um 8000 krónur og Elías, sem hefur „Hotel Skjaldbreið“ á leigu, hafði orðið að taka hann með konu og barni húsnæðislausan og lána honum 3 gestaherbergi í hótelinu. Auk þess skuldaði Hallgrímur ekkju bróður þeirra Elíasar að minsta kosti 1000 krónur, er hún þurfti að fá borgaðar, en hann gat ekki greitt.

Einu sinni síðast í september eða fyrstu dagana í október í ár fór Hallgrímur að tala um það við Elías bróður sinn, að hægt væri að græða fje á þann hátt að leigja skip, vátryggja svo vörur, sem ekki væru til í skipinu og sökkva því svo. Kvaðst Hallgrímur vita til þess að þetta hefði verið gjört í Noregi og lánast vel. Í sambandi við þetta tal, taldi Hallgrímur fram skuldir sínar, sem voru um fjórtán þúsund krónur. Elías kveðst hafa tekið lítið undir þetta tal Hallgríms, en tók þó ekki þvert fyrir að eiga hlut í slíku. Um líkt leyti kom það til tals, að þeir bræður leigðu m/sk. „Hermóð“ og eign ákærðs Geirs m/sk. „Leo“, sem er 43 smálestir brútto, meðfram vegna þess, að Geir skuldaði Elíasi peninga. Orðaði Hallgrímur það við Geir, er tók því líklega, en ekkert var á það minst milli þeirra Hallgríms og Geirs, í fyrsta skifti, er þeir áttu tal um þetta, að „Leo“ yrði sökt. Rjett á eftir hittust þeir Hallgrímur og Geir hjá „Liverpool“ og gengu saman upp í Fischerssund og átti þá Geir upptökin að samtali og samningi milli þeirra um það, að Hallgrímur, sem vera átti skipstjóri á „Leo“, skyldi sökkva skipinu. Sagði Geir Hallgrími að skipið væri vátrygt fyrir 75.000 krónum í Sjóvátryggingarfjelagi Íslands, og að „totalforlis“ yrði það að vera, því annars fengi hann ekkert útborgað af vátryggingarupphæðinni, og var það rjett því skipið var að eins vátryggt á þann hátt. Hallgrímur hefur kannast við að hafa strax mótmælalaust gengið inn á þetta og varð það þegar að samingi milli þeirra og átti Hallgrímur að fá 3000 krónur í sinn hlut af vátryggingarupphæðinni en Geir hitt. Kom Hallgrímur með þá uppástungu, að áður en skipið legði hjeðan í ferð þá, er því yrði sökt í, skyldi meitlað eða höggvið inn í planka í byrðingnum kringum hæfilega stórt stykki, er svo ekki þyrfti annað en að slá á til þess að það færi úr. Þetta ráð líkaði Geir ekki, þótti það of hættulegt fyrir skipshöfnina, og varð það þá úr, að þeir ákváðu án þess að upplýst hafi orðið, hvor þeirra átti þá uppástungu, að hæfilega mörg og stór göt skyldu boruð á skipið áður en það færi í ferðina og tappar settir í þau, er svo mætti kippa

úr. Kom þeim saman um, að skipinu skyldi sökt vestur undir Jökli í góðu veðri, en ekki var ákveðinn þá tíminn, er þetta skyldi ske.

Hallgrímur sagði svo Elíasi bróður sínum að Geir vildi leigja skipið og láta sökkva því, og nú væri sjálfsagt fyrir þá að nota tækifærið og mótmælti Elías því ekki, en kveðst hafa færst undan í flæmingi að gera leigusamninginn við Geir, er Hallgrímur var áfjáður í að kæmist á, en þó varð það úr, að þeir bræður gjörðu leigusamning um skipið við Geir 10. október þ. á., tóku við því 15. s. m., gjörðu samning við útgerðarmann hjer í bænum um tvær ferðir með síld til Stokkseyrar og voru búnir að ferma skipið síld frá honum 18. s. m., en frá þeim degi áttu þeir bræður að svara Geir leigu eftir skipið. Var leigutíminn ákveðinn það sem eftir var ársins og leigan 3000 krónur um mánuðinn. Lagði skipið síðan á stað til Stokkseyrar, en varð að snúa aftur vegna óhagstæðs veðurs, lá svo hjer og beið byrjar. Föstudaginn 5. nóvember þ. á., gjörðist sá samningur milli Hallgríms og manns þess, er síldina átti í „Leo", að Stokkseyrar-ferðunum skyldi frestað meðan „Leo" færi eina ferð vestur á fjörðu, því þangað var hægt að fara eftir vindstöðunni, þótt hún leyfði eigi ferð til Stokkseyrar. Var þá síldinni skipað upp úr „Leo" og vesturförin ákveðin og hafði Hallgrímur einsett sjer að sökkva skipinu í þeirri ferð.

Þegar Elías var búinn að ganga inn á það við Hallgrím bróður sinn að eiga hlutdeild í því að sökkva „Leo", áttu þeir bræðurnir tal um það, hve hátt ætti að vátryggja vörur þær, er talið yrði að sendar yrðu með „Leo" í þeirri ferð, sem honum yrði sökt, og um líkt leyti voru þeir búnir að koma sjer saman um það að skifta jafnt á milli sín netto ágóðanum, sem yrði á hinum fyrirhuguðu vátryggingarsvikum þeirra. Sagði Hallgrímur þá, að hvað hagnaðurinn væri minni en 50 þúsund krónur, væri það lítið og miðaði hann þá við skuldir sínar. Elíasi fanst 50 þúsund krónur fullhátt og kveðst hafa stungið upp á 30—40 þúsundum, en það þótti Hallgrími of lágt og kom þeim þá saman um að haga vátryggingunni svo, að nettó hagnaðurinn yrði 50 þúsund krónur.

Elías, sem rekur verslun hjer í bænum undir nafninu „A. B. C.", hafði vátryggingarsamning við Sjóvátryggingarfjelag Íslands og viðskiftabók, er hann þurfti eigi annað en færa inn í í einu lagi verðhæð þeirra vara, er hann sendi með hverju skipi

og var sú viðskiftabók sótt vikulega frá vátryggingarfjelaginu og upphæðirnar færðar eftir henni í bækur fjelagsins, en yrði skaði, varð að sundurliða sendinguna eftir á til að færa sönnur á tjónið. Þeir bræður töluðu sig því saman um, hvað standa skyldi á faktúrum þeim yfir vörurnar, er þeir urðu að hafa til taks til sönnunar tjóninu eftir á og skrifaði Elías á nokkrum kvöldum um mánaðamótin október og nóvember heima hjá sjer á „Hotel Skjaldbreið", 8 faktúrur og eina heildarfaktúru yfir vörur, er teldust sendar í hinni fyrirhuguðu ferð, í þessu skyni. Standa á þeim aðallega tóbaksvörur svo og Kína-lífs-elexír, körfustólar o. fl. og er verðhæðin á vörunum samtals talin kr. 53.988.46, sem að viðbættum 10 % hagnaði verða kr. 59.387.00, og þá upphæð færði Elías inn í viðskiftabók sína við Sjóvátryggingarfjelagið og tók „boð" fjelagsins bókina 9. nóvember þ. á. til innfærslu úr í bækur fjelagsins.

Faktúrurnar samdi Elías með hliðsjón af því, að þeir bræður hefðu 50 þúsund króna hagnað af vátryggingunni. Töldu þeir sjer kostnað við skipið 8000 krónur og stóla þá, er sendir voru, 2000 króna virði.

Fimtudags- eða föstudagskvöldið 4. eða 5. s. m. fylti Hallgrímur í viðurvist Elíasar og í samráði við hann 8—9 kassa með rusli, hálmi og grjóti, og voru þeir síðan fluttir út í „Leo" svo og 27 körfustólar.

Laugardaginn 6. nóvember var „Leo" tekinn upp að Zimsensbryggju og síldin tekin úr honum og sett í land. Skipið stóð á þurru um fjöru. Ákvað Hallgrímur þá að bora skipið á fjörunni næsta kvöld, áður en farmur yrði tekinn í það vestur á mánudaginn. Hitti hann Geir Pálsson um kvöldið og sagði honum frá þessu og talaðist svo til milli þeirra að Geir kæmi niður til Hallgríms kl. 7 á sunnudagskvöldið og þeir færu saman niður að skipinu og boruðu það. Keypti Hallgrímur „sponsbor" í Zimsensbúð um kvöldið til þess að bora með. Sagði Hallgrímur Elíasi frá þessari fyrirætlun þegar um kvöldið.

Ekki vissi Geir neitt um fyrirætlun þeirra bræðra um vörusendinguna með „Leo" og ekki heldur um, að Elíasi væri kunn ráðagjörð þeirra Hallgríms um að sökkva skipinu.

Sunnudagskvöldið næsta 7. nóvember, kom Geir ekki til Hallgríms eins og um var samið, og kveður hann ástæðuna hafa verið þá, að sjer hafi hrosið hugur við fyrirætlun þeirra. Fjekk Hallgrímur þá Elías bróður sinn með sjer í hans stað. Fóru þeir

kl. langt gengin 8 ofan að skipinu og út í það, þar sem það stóð við Zimsensbryggju. Hafði Hallgrímur stilt svo til, að enginn skipverja var í skipinu. Elías hjelt vörð uppi á skipinu en Hallgrímur fór ofan í káetu, sagaði í sundur fjöl í káetugólfinu til þess að komast að byrðingnum og tók upp aðra fjöl, er laus var. Boraði hann síðan með sponsbornum á stjórnborðshlið undir káetugólfinu aftarlega, á öðru og þriðja umfari neðan frá, 6 göt á byrðinginn 3 centimetra í þvermál, setti í þau korktappa, er hann bjó til úr ca. þumlungsþykkri korkplötu, er var í káetunni og batt öngultaum um hvern tappa með lykkju á endanum, og lágu þær niður byrðinginn. Voru 4 götin á neðra umfarinu en tvö á því efra. Var Hallgrímur um klukkustund að þessu, fleygði svo bornum í sjóinn og þeir bræður fóru heim.

Ekki hafði Hallgrímur ráðgast um það við Elías eða Geir hve mörg göt skyldu boruð, heldur rjeði því einn og skýrði þeim frá því eftir á. „Sponsbor" notaði hann eftir ráðleggingu Geirs.

Mánudaginn 8. nóvember færði Hallgrímur inn á farmskrá „Leo" eftir fyrirlestri Elíasar vöru þær, er talið var að verslunin „A. B. C." sendi sjálfri sjer til Ísafjarðar. Var á farmskránni talið sent 24 kassar 40 körfustólar og 3 koffort, en í skipið fór ekki annað frá versluninni en framannefndir 8 eða 9 kassar með rusli og 27 stólar. Þá um kvöldið hittust þeir Geir og Hallgrímur og sagði Hallgrímur Geir, að hann væri búinn að bora skipið. Þriðjudagskvöldið eftir negldi Hallgrímur í viðurvist Elíasar 12—14 þumlunga langa, 3—$3^1/_2$ þumlungs breiða og $^1/_2$—$^3/_4$ þumlungsþykka spýtu yfir götin með töppunum í á byrðingnum á „Leo". Var hún fest með 2 tveggjaþumlunga nöglum, er reknir voru sinn í hvorn enda hennar þannig, að ca. $^1/_2$ þumlungur stóð upp af fjölinni af hverjum nagla. Höfðu ákærðir orðið ásáttir um, að þetta væri tryggara til þess að tapparnir ýttust ekki inn af þrýstingnum utanfrá og hristingnum frá vjelinni.

Miðvikudagsmorguninn 10. nóvember lagði skipið svo á stað í vesturförina og voru á því skipshöfnin, 6 manns með skipstjóranum, ákærðum Hallgrími og 5 farþegar, þar á meðal ákærður Elías, er kveðst hafa orðið að fara til þess að vekja ekki grun, þar sem hann sendi sjálfum sjer vörurnar á Ísafjörð, og svo til að hjálpa Hallgrími bróður sínum til þess að sökkva skipinu, t. a. m. með því að standa á verði meðan Hallgrímur væri að taka úr tappana. Skipið komst vestur í flóa, fjekk norðvestan-

hríð með talsverðum sjó, sneri aftur, kom hingað inn sama kvöldið og beið byrjar til að leggja á stað í ferðina að nýju.

Að kvöldi hins 12. nóvember hittust þeir að máli Hallgrímur og Geir; sagði Geir Hallgrími þá, að sjer riði á að skipinu yrði sökt sem fyrst því hann byggist við því á hverjum degi að gengið yrði að sjer og lofaði Hallgrími þá 1000 krónum í viðbót við hinar áður lofuðu 3000 krónur, ef hann sökti skipinu fljótt, en Hallgrímur lofaði að gjöra það eins fljótt og veður leyfði og var ákveðið að skipið legði á stað aftur þriðjudaginn 16. nóvember kl. 4 síðdegis; um morguninn fjekk lögreglan tilkynningu um tiltæki þeirra fjelaga með skipið og hóf rannsókn í í málinu.

Ákærðir hafa allir haldið því staðfastlega fram undir rannsókn málsins, að þeir hafi ekki ætlað að stofna mannslífum í háska með tiltæki sínu. Hitt hafa þeir játað hreinskilnislega og tregðulaust, að þeir hafi ætlað sjer að sökkva skipinu og svíkja ábyrgðarfjelagið.

Hallgrímur skipstjóri hefur stöðugt haldið því fram, að hann teldi ekki meiri hættu á að fara á sjó með skipinu eftir að það var borað, en áður, sjerstaklega meðan hann sjálfur, sem vissi um götin, stjórnaði því. Skipinu ætlaði hann ekki að sökkva nema í góðu veðri, skamt frá landi og þar sem landtaka væri góð, svo ugglaust væri að skipshöfnin kæmist í land á bátnum, sem eftir því sem upplýst er í málinu, er hæfilegur handa 8 manns í góðu veðri, en Hallgrímur taldi nægan handa 10 manns. Spýtan, sem negld var yfir tappana sat svo föst, eftir því, sem hann hefir skýrt frá og staðfestist við reynsluna, að henni varð ekki náð frá nema að hún brotnaði, og var þá ekki hætt við að tapparnir þrýstust inn úr byrðingnum. Að því er snertir farþegana, sem voru með skipinu, er það upplýst, að þeir áttu allir að fara í land á Sandi nema ákærður Elías og kveðst skipstjórinn hafa ætlað sjer að vera búinn að losna við þá á land áður en hann sökti skipinu.

Forstjóri Stýrimannaskólans og skipaskoðunarmaður Sjóvátryggingarfjelags Íslands, sem skoðuðu „Leo“ að tilhlutun rjettarins meðan á rannsókn málsins stóð, hafa borið það fyrir rjettinum, að það hafi að þeirra áliti ekki verið að stofna mannslífum í bersýnilega hættu, þótt skipið hefði farið hina fyrirhuguðu ferð vestur, enda styður þá skoðun reynsla sú, er fjekst 10.

nóvember, er skipinu var siglt langt vestur í Flóa í slæmu veðri og hingað aftur, án þess að nein bilun á skipinu kæmi í ljós.

Loks má taka fram, að hinir ákærðu Hallgrímur og Elías fóru báðir með skipinu, er það lagði á stað og ætluðu með því aftur og vera á því, er því væri sökt.

Eins og tekið er fram hjer að framan, kveðst ákærður Elías hafa komist inn í þetta mál fyrir fortölur Hallgríms bróður síns og til þess að koma honum úr fjárhagsvandræðum hans og hefur Hallgrímur játað, að hann hafi átt upptökin við Elías og verið þess hvetjandi að samningarnir við Geir kæmust sem fyrst á. Geir hefur og borið, að fjárhagsvandræði sín hafi verið þess valdandi að honum kom til hugar að sökkva skipinu og að hann hafi miklu heldur viljað selja skipið fyrir talsvert minni upphæð, en vátryggingarupphæðinni nam, heldur en að því væri sökt og er það upplýst, að hann reyndi að selja skipið fram að þeirri stund, er hann var tekinn fastur, og það fyrir 65.000 krónur.

Um ákærðan Hallgrím Finnsson er það ennfremur sannað með eigin játningu hans, að um síðastliðna páska hafi hann, á Skírdagskvöld að hann minnir, verið suður í Miðnessjó á m/b. Eggert Ólafssyni, er hann átti hlut í og var formaður fyrir. Urðu þeir þá varir við netatrossu í sjónum. Varð það þá að samkomulagi milli allrar bátshafnarinnar, 11 manns að ákærðum meðtöldum, að þeir skyldu taka og slá eign sinni á netin og fisk þann, er í þeim var. Drógu þeir svo öll netin, 8 að tölu, upp í bátinn, tóku úr þeim fisk þann, er í þeim var og hjeldu hingað með fiskinn, seldu hann og fjekk hver á bátnum rúmar 17 krónur í hlut af andvirði hans. Netin fengu tveir menn af bátshöfninni og skyldu þeir greiða hinum 10 krónur hverjum fyrir hvers hluta í þeim.

Net þessi átti Kjartan Helgason í Moshúsum, komst hann að því hverjir hefðu tekið netin og bar það á ákærðan, er þeir hittust hjer í bænum í septemberlokin síðustu. Kveðst hinn ákærði ekki hafa neitað því og það orðið að samningum milli þeirra, að ákærður greiddi Kjartani 1000 krónur í febrúar næstkomandi fyrir aflann og atvinnutjón og skilaði aftur netunum eða öðrum jafngóðum, en Kjartan tæki kæru sína yfir netaþjófnaðinn aftur.

Allir eru hinir ákærðu komnir yfir lögaldur sakamanna og hefur enginn þeirra áður sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt

hegningarlagabrot. Þeir voru allir settir í gæslnvarðhald 17. f. m. og sitja þar enn.

Brot ákærðu heyra að áliti rjettarins undir 288. gr. síðari málslið sbr. 55 gr. og 45. gr. svo og 261. gr sbr. 55. gr. hegningarlaganna og, að því er ákærðan Hallgrím snertir, einnig undir 230. gr. sbr. 55. gr. laganna. Þykir refsing sú, er þeir hafa til unnið og sem ákveða ber með tilliti til 63. gr. nefndra laga, hæfilega ákveðin betrunarhúsvinna í þrjú ár að því er Hallgrím snertir, tvö og hálft ár að því er Geir snertir og tvö ár að því er Elías F. Hólm snertir.

Kjartani Helgasyni í Moshúsum ber að geyma rjett sinn til skaðabóta hjá ákærðum Hallgrími fyrir neta- og fiskþjófnaðinn.

Ákærður Elías F. Hólm greiði sjerstaklega málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns síns hjer við rjettinn, Pjeturs Magnússonar hæstarjettarmálaflutningsmanns, er ákveðast 25 krónur.

Allan annan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað greiði allir hinu ákærðu in solidum.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Mánudaginn 31. jan. 1921.

Nr. 29/1920 **Hreppsnefnd Mosvallahrepps**
(Eggert Claessen)
gegn
Pjetri A Ólafssyni
(B. P. Kalman),

um útsvarsskyldu stefnda í hreppi þar sem hann ljet leggja á land síld til verkunar.

Úrskurður fógetarjettar Reykjavíkur 13. febr. 1920. „Hin umbeðna fjárnámsgjörð á ekki fram að fara".

Dómur hæstarjettar

Fógetaúrskurðinum í máli þessu, sem hreppsnefndin í Mosvallahreppi hefir skotið hingað, að

fengnu uppreistar- og gjafsóknarleyfi, á, af ástæðum þeim, sem greinir í forsendum úrskurðarins, að vera óraskað, þó með þeirri athugasemd að skipin voru gjörð út frá Reykjavík og Ingólfsfirði.

Áfrýjandinn greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti með 100 kr.

Skipuðum talsmanni áfrýjanda bera 75 kr. í málssóknarlaun af almannafje.

Því dæmist rjett vera:

Fógetaúrskurðinum skal óraskað.

Hæstarjettarmálflutningsmanni Eggert Claessen bera 75 kr. málsóknarlaun af almannafje

Áfrýjandinn, hreppsnefnd Mosvallahrepps, greiði stefnda, Pjetri A. Ólafssyni, 100 kr. málskostnað, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Í máli þessu hefir hreppsnefnd Mosvallahrepps í Ísafjarðarsýslu krafist lögtaks á 50 króna aukaútsvari og 7 króna skólagjaldi, er lagt hefur verið á Pjetur A. Ólafsson konsul, til heimilis hjer í bænum, í tjeðum hreppi fyrir fardagaárið 1918 — 1919. Byggir hreppsnefndin þar heimild sína til útsvarsálagningar þessarar á því, að gjörðarþoli hafi látið verka þar í hreppnum síld af tveimur skipum svo hundruðum tunna skifti.

Gjörðarþoli kannast við að hann fyrri hluta septembermánaðar 1918 hafi látið flytja í land í Mosvallahreppi og komið þar fyrir til verkunar gegn ákveðnu gjaldi nokkuð á fjórða hundrað tunnur af síld, er veidd var á tveim skipum, sem haldið var út frá Patreksfirði og höfðu alla afgreiðslu og bækistöð sína þar, en lögðu aðeins nokkurn hluta af afla sínum um stuttan tíma í land á Ísafirði og í Mosvallahreppi til verkunar en á hvorugum þessara staða hafði gjörðarþoli síldverkunarstöð sjálfur heldur fjekk síldina verkaða hjá öðrum gegn ákveðnu gjaldi. Telur gjörðarþoli sig því ekki hafa rekið neina þá atvinnu í Mosvallahreppi

umrætt ár, er baki honum útsvarsskyldu þar og hefur því mótmælt að hin umbeðna lögtaksgjörð fari fram.

Rjetturinn fær nú ekki sjeð, að það út af fyrir sig, að koma síld í verkun hjá öðrum á ákveðnum stað, baki útsvarsskyldu, eftir lögum nr. 48 frá 3. nóvember 1915 eða öðrum lögum, á þeim stað, er verkunin fer fram og þar sem eigi er upplýst, að gjörðarþoli hafi rekið síldveiði með nót eða arðsama atvinnu í Mosvallahreppi umrætt ár, verður útsvarsálagningin að teljast óheimil að lögum og útsvarið ekki tekið lögtaki.

Mánudaginn 21. febr. 1921.

Nr. 3/1920 **Jón S. Pálmason**
gegn
hreppsnefnd Þverárhrepps

Dómur hæstarjettar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón S. Pálmason, er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti. Svo greiði hann og stefndu, hreppsnefnd Þverárhrepps, er hefur gjafvörn í málinu og hefur látið mæta, eftir kröfu skipaðs málflutningsmanns hennar, 50 krónur í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 2. mars 1921

Nr. 27/1920 **h. f. Kveldúlfur**
(Eggert Claessen)
gegn
Ólafi Þorvaldssyni
(Guðm. Ólafsson)
um skaðabætur fyrir tjón, er varð við bifreiðarakstur.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 23. ág. 1920: Kærði Davíð Jónsson greiði 75 króna sekt í bæjarsjóð Reykjavíkur og allan af máli þessu löglegan leiddan og leiðandi kostnað. — H. f. Kveldúlfur greiði Ólafi Þorvaldssyni kr. 502.80 í skaðabætur. Ídæmdar skaðabætur greiðist innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa og dóminum að öðru leyti að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Lögreglurjettardóminum hefir aðeins verið áfrýjað að því er snertir skaðabæturnar og hefir áfrýjandi krafist aðallega að skaðabótaákvæði dómsins verði dæmt dautt og ómerkt og að skaðabótakröfunni verði vísað frá lögreglurjettinum, en til vara að áfrýjandi verði sýknaður af skaðabótakröfunni og til þrautavara, að hann verði að eins dæmdur til að greiða kr 195,30.

Ómerkingar og frávísunarkröfu sína byggir áfrýjandi á því, að málið að því er skaðabæturnar snertir hefði átt að reka sem einkamál í hjeraði, en ekki sem opinbert lögreglumál. En þar sem refsimál fyrir brot gegn lögum nr. 38, 14. nóv. 1917 um notkun bifreiða eru eftir eðli sínu opinber lögreglumál — ef þau ekki rekast sem almenn sakamál, — og þar sem ennfremur skaðabótaákvæði laganna er sett sem viðbót við refsiákvæðið og í náið samband við það, verður að álíta, að sá er tjón bíður sem afleiðing af broti gegn lögum þessum eigi rjett á að

fá skaðabæturnar ákveðnar og dæmdar af lögreglurjettinum samhliða refsimálinu. Verður því krafa áfrýjanda um ómerkingu og frávísun frá lögreglurjettinum ekki tekin til greina

Krafa áfrýjanda um algerða sýknun verður heldur ekki tekin til greina, með því að það er sannað að hinn kærði bílstjóri hefur ekið með ofmiklum hraða og það verður eigi ætlað að slysið hefði hlotið að vilja til, ef ökumaður hefði sýnt nægilega varkárni. En þar sem áfrýjandi hjer fyrir rjettinum hefur ómótmælt haldið því fram að meðalgangverð eða markaðsverð á þrjevetrum hryssum hafi sumarið 1920 verið 242 kr 50 a. og stefndi hefur ekki upplýst að tryppi það, er varð undir bifreiðinni, hafi verið sjerstaklega verðmætt, verður áfrýjandi eigi dæmdur til að greiða stefnda hærri skaðabætur en nefnda upphæð, að frádregnum þeim 47 kr. 20 a. er ræðir um í lögreglurjettardómnum eða kr. 195.30.

Þar sem áfrýjandi kom ekki fram með mótmæli gegn skaðabótakröfu stefnda fyrir lögreglurjettinum, þótt hann mætti fyrir rjettinum og fengi þar vitneskju um skaðabótakröfuna og væri tilkynt að dómur yrði látinn ganga um hana í málinu, þykir rjett að málskostnaður fyrir hæstarjetti falli niður.

Það er aðfinsluvert að mál þetta hefur verið 8 vikur undir dómi án þess dráttur þessi sje nægilega rjettlættur.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandi, hlutafjelagið Kveldúlfur, greiði stefnda, Ólafi Þorvaldssyni, 195 kr. 30 a.

Málskostnaður fellur niður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Hinn 18. maí. þ. á. ók Davíð Jónsson, bifreiðarstjóri, Njálsgötu 53 hjer í bænum, vöruflutningabifreiðinni R. E. nr. 19, eign Kveldúlfsfjelagsins hjer í bænum, hlaðinni af fiski suður að Melshúsum; þegar á Framnesveginn kom, sá hann 3 hross austanvert við veginn, hjeldu þau í hægðum sínum vestur yfir veginn og var eitt þeirra síðast, 3 vetra hryssa, eign Ólafs Þorvaldssonar Fischersundi 1, var komin upp á veginn skamt fyrir framan bifreiðina, kveður kærður hana hafa tekið skyndilega viðbragð og snúið sjer alveg við, en í þeim svifum rakst bifreiðin á hana, velti henni um koll, fór yfir hana og braut báða afturfætur hennar, var hún síðan drepin að tilhlutun lögreglunnar.

Kærður hefur kannast við að hafa ekið með 15—20 km. hraða á klukkustund og að hann hafði eigi hægt á bifreiðinni þótt hann sæi hrossin vera að fara yfir veginn og ekki fyr en bifreiðin var komin fast að hryssunni, sem fyrir henni varð, kveðst hann þá hafa bremsað svo sem auðið var, en sjer hafi samt sem áður eigi tekist að stöðva bifreiðina áður en hún rakst á hryssuna.

Kærður hefur því ekið með of miklum hraða og eigi sýnt nægilega varkárni. Hefur hann með þessu gjörst brotlegur gegn 6. gr. laga nr. 88 frá 14. nóvember 1917 sbr. 49. gr. lögreglusamþyktar fyrir Reykjavík frá 19. apríl. 1919 og þykir refsing sú, er hann hefur til unnið, hæfilega metin 75 króna sekt, er renni í bæjarsjóð.

Eigandi hryssu þeirrar, er fyrir slysinu varð, hefir gjört þá kröfu í málinu, að eigendur bifreiðarinnar verði dæmdir í því til að greiða sjer 550 krónur í skaðabætur fyrir hana, að frádregnum kr. 47.20, er hann hefir fengið fyrir hana. Kveldúlfsfjelagið hefir látið mæta í málinu og eigi hreyft neinum mótmælum gegn kröfum eiganda hryssunar. Verður því að taka skaðabótakröfuna til greina, sbr. 15. gr. bifreiðarlaganna.

Allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað, ber kærðum Davíð Jónssyni, að greiða.

Dráttur inn á dómsuppsögn í máli þessu stafar af embættisönnum dómarans og hefir því enginn ónauðsynlegur dráttur á því átt sjer stað.

Mánudaginn 7. mars 1921.

Nr. 20/1920. **Magnús Magnússon**
(Pjetur Magnússon)
gegn
Finnboga G. Lárussyni
(Eggert Claessen),

viðvíkjandi útburði af jörð.

Úrskurður fógetarjettar Gullbringu- og Kjósarsýslu 11. júní 1919: Útburð ber að framkvæma á gerðarþola af þeim helming jarðarinnar Króks í Gerðahreppi, sem hann áður hefir haft í sjálfsábúð, en krafa gerðarbeiðanda um útburð hans af hinum helmingi jarðarinnar verður ekki tekin til greina.

Dómur hæstarjettar.

Svo sem fram er tekið í hinuu áfrýjaða úrskurði hefir áfrýjandi ekki fært sönnur á það, að stefndi, er hann keypti jörðina Krók á nauðungaruppboðinu 19 ágúst 1916, hafi nokkurn tíma bygt honum þá hálflendu jarðarinnar, sem áfrýjandinn átti og hafði í sjálfsábúð, á uppboðsdegi, og þar sem áfrýjanda var ekki í söluskilmálunum fyrir eigninni áskilinn rjettur til framhaldandi ábúðar á þessari jarðarhálflendu, hafði stefndi rjett til þess að fá áfrýjanda borinn út af henni, er hann beitti þrásetu. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða fógetaúrskurð samkvæmt kröfu stefnda. Svo verður og að dæma áfrýjanda til þess að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 75 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði fógetaúrskurður staðfestist.

Áfrýjandi, Magnús Magnússon, greiði stefnda,

Finnboga G. Lárussyni, 75 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Með 'brjefi dags. 7. desbr. f. á., hefir gjörðarbeiðandi f. h. Finnboga G. Lárussonar á Búðum í Snæfellsnessýslu sem núverandi eiganda allrar jarðarinnar Króks í Gerðahreppi í Gullbringusýslu, ásamt Krókvelli og svonefndum „Girtabletti", bygt gjörðarþola út, er til 19. ágúst 1916 var eigandi hálfrar jarðarinnar, sem þá var seld á nauðungaruppboði til lúkningar veðdeildarláni, er hvíldi á allri jörðinni, og ábúandi allrar jarðarinnar; að helmingi í sjálfsábúð, en að hinum helmingnum, sem leiguliði, án byggingarbrjefs, að því er virðist. — Hefir útburðar síðan verið krafist á gjörðarþola af allri jörðinni með brjefi, dags. 5. þ. m. á ábyrgð gjörðarbeiðanda.

Útbyggingarsakir eru þær taldar: að gjörðarþoli hafi engan rjett fengið til ábúðar á jörðinni, að minsta kosti eigi á þeim helming hennar, er hann átti þar til hann var seldur á nauðungaruppboði 19. ágúst 1916, að hann hafi eigi goldið eftirgjöld, hvorki yfir höfuð, nje á rjettum tíma, að hann hafi lánað af nytjum jarðarinnar, hagbeit og torfskurð án leyfis jarðareiganda, og loks, að hann hafi tekið í leyfisleysi húsmann á jörðina.

Þegar áður, eða með brjefi 3. júní f. á., hefir gjörðarbeiðandi, að undangenginni útbyggingu 19. des. 1916, krafist útburðar á tjeðum ábúanda af fyrgreindri jörð ásamt tilheyrandi og af sömu ástæðum, sem nú, en með fógetarjettarúrskurði 10. júnímánaðar f. á. var þeirri kröfu gjörðarbeiðanda hnekt af þeirri ástæðu, að útbyggingunni eigi var framfylgt með útburði þegar í næstu fardögum á eftir.

Gjörðarþoli mótmælir að útbyggingarsakir gjörðarbeiðanda sjeu á rökum bygðar, og heldur því fram, að þar sem honum í bæði skiftin hafi verið bygt út af allri jörðinni, eða eigi einungis af þeim hluta hennar, sem eigi hafi verið hans eign, heldur einnig af hinum helming hennar, sje þar með viðurkent að hann hafi einnig ábúðarjett á þeim helming jarðarinnar, enda hafi hann við nauðungarsölu áskilið sjer ábúðarrjett á jörðinni. — Til vara krefst hann þess að vera að eins borinn út af hálfri jörðinni.

Enda þótt svo hafi atvikast, að formleg útbygging af hálfu gjörðarbeiðanda hafi átt sjer stað einnig af þeim hluta jarðar-

innar, er var í sjálfsábúð gjörðarþola, virðist það út af fyrir sig eigi vera næg sönnun þess, að hann hafi fengið ábúðarrjett einnig á þeim hluta jarðarinnar, sem honum og með útbyggingunni var tilkynt þegar á sama árinu og nauðungarsalan fór fram, og svo aftur f. á., og í söluskilmálunum fyrir eigninni eða hálflendu þessari er gjörðarþola að eins geymdur rjettur til framhaldandi ábúðar á hinni hálflendunni. — Virðist því ekkert vera því til fyrirstöðu að útburður á gjörðarþola fari fram af þeim helming jarðarinnar, er hann áður hafði í sjálfsábúð.

Kemur þá til álita, hvort útbyggingarsakir gjörðarbeiðanda að því er hinn helming jarðarinnar snertir, sjeu á rökum bygðar.

Gegn neitun gjörðarþola virðist það eigi sannað af hálfu gjörðarbeiðanda, að hann hafi lánað af nytjum jarðarinnar, hagbeit og torfskurð, eða fram yfir það, er honum var heimilt sem ábúanda og eiganda hins helmings jarðarinnar, og sama er að segja um húsmannstöku gjörðarþola, sem hann og neitar að átt hafi sjer stað í eiginlegum skilningi. — Að því er eftirgjaldsgreiðslu gjörðarþola snertir, þá er það að athuga, að jarðarleigjanda eða landsdrotni, sem er búsettur margar „þingmannaleiðir“ frá heimili leiguliða, bar, samkvæmt 25. gr. ábúðarlaganna frá 12 janúar 1884, skylda til að benda ábúanda á umboðsmann í lögboðinni fjarlægð, er veitti afgjöldum jarðarinnar móttöku fyrir hans hönd, og á hinn bóginn hefir gjörðarþoli, að því er virðist árlega, boðið landsdrotni ógoldin jarðarafgjöld þau, er hann kannast við að honum hafi borið að greiða, og það eigi sannað af hálfu gjörðarbeiðanda eða landsdrottins, að leigumáli sje eða hafi verið annar en sá, er leiguliði kannast við, sbr. 3. gr. fyrgreindra laga, en landsdrottinn neitað að veita afgjöldunum móttöku.

Mánudaginn 14 mars 1921.

Nr. 28/1920. **Sveinn Magnússon**
gegn
Þóru Guðmundsdóttur.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu, sem dæmt var í hjeraði 3. júlí 1919, var skotið til hæstarjettar með stefnu dags. 9. okt. 1920, en uppreistarleyfi af hendi áfrýjanda eigi fengið fyr en 4. desbr. s. á.

Lögmælti áfrýjunarfresturinn var þannig liðinn er áfrýjunarstefnan var tekin, enda uppreistarleyfið síðar útgefið en 28. sbr 26. gr. hæstarjettarlaganna heimilar. Verður því ex officio að frávísa áfrýjunarstefnunni.

Stefnda mætti eigi hjer í rjetti, og verða ómaksbætur því ekki gjörðar.

Því dæmist rjett vera:

Máli þessu er vísað frá rjetti.

Föstudaginn 18. mars 1921.

21/1920. **Hallgrímur Davíðsson**
f. h. h/f. Carl Höepfner,
Akureyri
(L. Fjeldsted)
gegn
Sveini Frímannssyi
(E. Claessen),

viðvíkjandi greiðslu andvirðis fyrir 19 tn. af síld.

Dómur gestarjettar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar 29. desember 1919: Stefndur

verslunarstjóri Hallgrímur Davíðsson f. h. h/f Carl Höepfners verslunar á Akureyri, greiði stefnandanum Sveini Frímannssyni sjómanni í Ólafsfirði 1613 kr. 15 a. — sextán hundruð og þrettán krónur og 15 aura — með 5% vöxtum frá 27. okt. þ. á. til þess greitt verður, og ennfremur málskostnað með 40 krónum.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Eftir því sem fram er komið í máli þessu, sjerstaklega með gögnum þeim, er útveguð hafa verið eftir að dómur gekk í málinu í hjeraði og lögð hafa verið fyrir hæstarjett, verður að vísu að telja það sannað, að versunarstjóri firmans C. Höepfner, Hallgrímur Davíðsson, hafi tekist á hendur síldarsölu þá, er ræðir um í málinu, í eigin nafni en ekki sem verslunarstjóri firmans eða fyrir þess hönd, en þar sem Hallgrímur virðist ekki hafa tekið þetta fram við mann þann, er um síldarsöluna samdi fyrir hönd stefnd , hafði stefndi eftir stöðu Hallgrims ástæðu til að ætla, að hann ætti við firmað sjálft um söluna, og að þetta hafi verið skoðun stefnda, styrkist við það, að hann flutti síldina til Hríseyjar og afhenti hana þar fisktökumanni C. Höepfners.

Um innihald sölusamningsins er það upplýst, að hjer var eigi um beint kaup eða sölu að ræða heldur um umboðssölu, og viðurkennir stefndi að hann hafi átt að annast útskipun síldarinnar, eða að minsta kosti að hann hafi átt að greiða stimpilgjald og útflutningsgjald og kostnað við útskipun hennar. Það verður og að teljast upplýst í málinu, að stefndi hafi komið síldinni til geymslu hjá þriðja manni þar til hún ætti að flytjast í skip. Afskifti fisktökumanns C Höepfners af umræddri síld virðast því ekki hafa verið önnur en þau, að hann fyrir hönd

stefnda og samkvæmt beiðni hans fjekk mann búsettan í Hrísey til að flytja umrædda síld um borð, en þessi maður annaðist útflutning á síld bæði fyrir sjálfan sig og aðra í skip það, er taka átti síldina.

Það verður nú ekki álitið, að þessi ráðstöfun fisktökumannsins baki áfrýjanda ábyrgð á síld þeirri, er týndist í sjóinn við útskipunina, en hins vegar virðist rjett að hann greiði stefnda andvirði 3 tunna, er ekki fóru í sjóinn, svo og andvirði þeirra 4 tunna, er björguðust, að björgunarkostnaði frádregnum. Ber áfrýjanda því að greiða stefnda $^{7}/_{19}$ af kr. 1613,10 eða kr. 594,30 að frádregnum björgunarlaunum, kr. 86,14 = kr. 508,16 með 5 % ársvöxtum frá 27. okt. 1919 til greiðsludags.

Málskostnaður í hjeraði og fyrir hæstarjetti á eftir atvikum að falla niður.

Það athugast, að ritlauna er ekki getið á dómsgjörðum undirrjettar, að stimpilmerki vantar á vitnagjörð B og að gjaldið (1—2 kr.) á vitnagjörð C er ekki bókstafað.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandi, firmað Carl Höepfner, greiði stefnda, Sveini Frímannssyni, 508 kr. 16 a. með 5 % ársvöxtum frá 27. okt. 1919 til greiðsludags. Málskostnaður fyrir báðum rjettum fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir Sveinn Frímannsson, sjómaður í Ólafsfirði, höfðað með stefnu dags. 27. okt. þ. á. gegn Hallgrími verslunar-

stjóra Davíðssyni f. h. hlutafjelagsins Carl Höepfners verslun á Akureyri og hefir stefnandi krafist þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sjer 1675 kr. 85 a., að frádregnum 62 kr. 70 a. eða kr. 1613,15, með 6 % vöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað eftir mati rjettarins.

Stefndur hefir hinsvegar krafist þess, að verða sýkn dæmdur af kröfum stefnandans og að stefnandi verði dæmdur til að greiða sjer málskostnað að skaðlausu, og auk þess sektaður fyrir óþarfa málsýfingu.

Stefnandi skýrir svo frá málavöxtum, að síðastliðið sumar hafi hann selt Hallgrími Davíðssyni sem verslunarstjóra Carl Höepfners verslunar á Akureyri 19 tunnur af saltaðri síld með 98 kílógramma innihaldi í hverri tunnu og hafi hann samkvæmt ráðstöfun nefnds verslunarstjóra flutt síldina til Hríseyjar og afhent hana umráðamanni Carl Höepfners verslunar þar, með lögmætu matsvottorði. Hafi síldin þar með verið seld og afhent kaupanda fyrir umsamið verð, 90 aura hvert kílógramm eða 19 tunnur alls fyrir 1675 kr. 80 a. Og þar sem Carl Höepfners verslun hefir neitað að greiða kaupverðið, hefir hann höfðað mál þetta til innheimtu skuldarinnar, þó að frádregnum 62 kr. 70 a., er hann ætlar fyrir útflutningsgjaldi, stimpilgjaldi og útskipunarkostnaði.

Stefndur hefir hinsvegar neitað því, að Carl Höepfners verslun á Akureyri hafi nokkuð verið viðriðin kaup á síld þessari eða sölu hennar, heldur hafi það verið verslunarstjóri Hallgrímur Davíðsson, er persónulega hafi lofað að selja þessa síld fyrir stefnanda. Sje því Carl Höepfners verslun ekki réttur sakaraðili í máli þessu, og beri því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af kröfum stefnanda. Í annan stað hefir stefndi haldið því fram, að síld sú, er hjer um ræðir, hafi ekki verið seld, hvorki Carl Höepfners verslun nje Hallgrími Davíðssyni, heldur hafi hinn síðarnefndi að eins lofað að selja síldina fobsölu fyrir stefnanda, gegn venjulegum söluumboðslaunum. Jafnframt er það upplýst að síldin var af Hallgrími Davíðssyni seld fob um borð í skip, er lá við Hrísey, en þegar verið var að flytja síldina um borð í skipið, hvolfdi bátnum, sem megnið af síldinni var í, og náðist lítið af síldinni aftur. Telur stefndur að stefnandi hafi átt að bera ábyrgð á síldinni þar til hún var komin um borð í skipið, sem flytja átti hana til útlanda, og því sje útilokað, að hann geti krafist endurgjalds á meiru, en andvirði þriggja tunna, er

ekki voru í bátnum, sem hvolfdi, en netto andvirði þeirra 3 tunna telur stefndur vera 260 kr. 43 a.

Fyrir hönd stefnanda samdi útvegsbóndi og kaupmaður Páll Bergsson í Hrísey við Hallgrím Davíðsson um síldarsöluna. Í málinu hefir verið lagt fram óvefengt vottorð frá honum þess efnis, að hann hafi álitið að Hallgrímur Davíðsson hefði gjört þá samninga ekki í eigin nafni, heldur sem verslunarstjóri Carl Höepfners verslunar á Akureyri. Mátti því stefnandi ganga út frá, að hann ætti við h/f Carl Höepfner um söluna, og það því fremur sem það er ekki kunnugt, að Hallgrímur Davíðsson við hlið aðalstarfsemi sinnar sem verslunarstjóri h/f Carl Höpfners á Akureyri reki verslun, hvorki almenna verslun nje umboðssölu.

En þetta skiftir ekki miklu máli, nje heldur hitt, hvort síldin hefir verið seld af stefnanda eða látin í umboðssölu. Það er viðurkent í málinu að h/f Carl Höepfner rekur sumarverslun í Hrísey sem útbú frá aðalversluninni á Akureyri. Eftir fyrirmælum verslunarstjóra Hallgríms Davíðssonar flutti stefnandi síldina til Hríseyjar, ljet meta hana þar og afhenti hana umboðsmanni Carl Höepfners þar, er hefir gefið kvittun fyrir því, að síldin hafi verið afhent h/f Carl Höepfner og er sú kvittun eða viðurkenning lögð fram í málinu sem rjettarskj. nr. 3. Síðan ræður h/f Carl Höepfner menn til að flytja síldina um borð í skip það, er flytja átti hana til útlanda og verður ekki annað sjeð en að þetta hafi verið gjört án þess stefnandi hafi verið aðvaraður um það, eða hann um það vitað. En af þessu leiðir, að álíta verður að hlutafjelagið Carl Höepfner beri ábyrgð á flutningi síldarinnar úr landi um borð í skipið, og að því sje skylt að bæta stefnanda það tjón, er af því hlautst, að síldin fórst á þeirri leið. Sömuleiðis ber og Carl Höepfner að standa stefnanda skil á andvirði þeirra 3 tunna síldar, er það afhenti um borð í skipið til útflutnings úr landinu. Málinu er þannig rjettilega beint gegn verslun h/f Carl Höepfners á Akureyri.

Samkvæmt framansögðu ber hlutafjelaginu Carl Höepfner að greiða stefnanda andvirði þeirra 19 tunna síldar, er afhentar voru verslun þess í Hrísey. Stefnandi telur sig samkvæmt samningnum hafa átt að fá fyrir síldina 90 aura fyrir hvert kílógramm eða 1675 kr. 80 au. að frádregnum kr. 62,70 fyrir áætluðu stimpilgjaldi, útflutningsgjaldi og útskipunarkostnaði. Og með tilliti til skýrslu þeirrar, sem stefndur hefir lagt fram í málinu, rjettarskjal nr. 14, yfir söluverð og kostnað síldar þeirrar, er send var frá

Hrísey með sama skipi, sem átti að flytja síld þá er ræðir um í þessu máli, virðist þessi krafa stefnanda ekki vera of há. Ber því að dæma stefnda til að greiða stefnandanum 1613 kr. 15 a., með 5 % vöxtum frá stefnudegi til greiðsludags.

Eftir þettum úrslitum verður og að dæma stefnda til að greiða stefnandanum málskostnað, er ákveðst 40 krónur.

Mánudaginn 4 apríl 1921.

Nr. 35/1921.

Rjettvísin
(L. Fjeldsteð)
gegn
Kristjáni Daða Bjarnasyni,
Gústaf Sigurbjarnasyni,
Guðjóni Guðmundssyni,
Ólafi Magnússyni,
Onnu Lydiu Steinunni Thejl
og Viðar Vik
(E. Claessen, P. Magnússon og Guðm. Ólafsson),

sem eru ákærð fyrir brot gegn 23. kapítula hegningarlaganna.

Dómur aukarjettar Reykjavíkur 1. desbr. 1920: Hinir ákærðu Tómas Tómasson, Niels Petersen og Geir Pálsson eiga að vera sýknir af ákæru rjettvísinnar í þessu máli.

Hinir ákærðu Kristján Daði Bjarnason og Gústaf Sigurbjarnason sæti betrunarhúsvinnu, Kristján Daði í 12 mánuði en Gústaf í 9 mánuði.

Hin ákærðu Siggeir Siggeirsson, Jón Einarsson, Helgi Skúlason, Svedenborg Albert Ólafsson, Brynjólfur Magnús Hannesson, Steingrímur Klingenberg Guðmundsson, Guðjón Guðmundsson, Ólafur Magnússon, Anna Lydia Steinun Thejl og Vidar Vik sæti fangelsi við vatn og brauð, Siggeir í 6×5 daga, Jón í 5×5 daga, Vidar Vik í 4×5 daga, Svedenborg Albert, Guðjón og Lydia í

3×5 daga hvert, Helgi í 2×5 daga, Brynjólfur Magnús og Ólafur í 5 daga hvor, og Steingrímur Klingenberg í 3 daga.

Fullnustu refsingar þeirra Siggeirs Siggeirssonar, Jóns Einarssonar, Helga Skúlasonnr, Svedenborgs Alberts Ólafssonar, Brynjólfs Magnúsar Hannessonar og Steingríms Klingenbergs Guðmundssonar, skal frestað og hún falla niður, nema þeir innan 5 ára frá uppsögn dóms þessa sæti ákæru í opinberu máli fyrir glæp, drýgðan af ásettu ráði, og sjeu í því máli dæmdir til þyngri hegningar en sekta.

Hinir ákærðu Kristján Daði Bjarnason, Gústaf Sigurbjarnason og Jón Einarsson greiði in solidum Sigurði kaupmanni Hallssyni kr. 422,50 í iðgjöld.

Í málsvarnarlaun fyrir hina ákærðu Tómas Tómasson og Geir Pálsson greiðist hinum skipaða talsmanni þeirra, Eggert Claessen hæstarjettarmálaflutningsmanni, 50 krónur úr ríkissjóði.

Ákærða Lydia Thejl greiði sama skipuðum talsmanni sínum 25 krónur í málsvarnarlaun sjerstaklega.

Allan annan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað greiði hinir ákærðu Sigggeir Siggeirsson og Kristján Daði Bjarnason in solidum að hálfu, en hinn helming kostnaðarins greiði öll hin önnur dómfeldu in solidum.

Ídæmd iðgjöld greiðist innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar

Mál þetta hefir verið flutt skriflega.

Svo sem frá er skýrt í hinum áfrýjaða dómi, fór ákærði Vidar Vik í bifreið sinni með þeim Siggeiri Siggeirssyni og Þorkeli Ottesen í septembermánuði f. á. niður að horni á húsi Guðmundar Eiríkss við Hafnarstræti og beið þar i bifreiðinni með Þorkeli meðan Siggeir fór í lokað vörugeymslurúm Árna Benediktssonar heildsala í sömu götu, opnaði það með þjófalykli, tók þaðan 3 stranga af tvisttaui, ljet þá í poka, er Vidar Vik lagði til, og fluttu þeir þessar vörur í bifreiðinni til verslunar ákærða, Laugaveg 44, og fjekk hann þær. Ákærði hefir kannast

við, að hann hafi ekið með þeim Siggeiri og Þorkeli í nefndan stað í bifreiðinni, en eigi þótst muna, hvert erindið hafi verið, og þó eigi viljað vefengja, að skýrsla þeirra um það, að þeir hafi þá ekið heim vörum, er hann hafi keypt af Siggeiri, væri rjett. Það þykir eftir þessu og öðru því, er upplýst er í málinu um viðskifti Siggeirs og ákærða, vera næg ástæða til að líta svo á, að ákærði hafi vitað, að Siggeir ætlaði að taka og tók að ófrjálsu umgetna vörustranga, og verður hann því að teljast meðsekur honum um þennan verknað. En með því að eigi verður fullyrt, að ákærði hafi vitað að vörurnar voru fengar með innbroti, verður að heimfæra þessa hlutdeild hans undir 230. gr. sbr. 49. gr. hinna almennu hegningarlaga. Með tilliti til þessa og annara afbrota ákærða, sem í dómnum eru rjettilega heimfærð undir 240. gr. hegningarlaganna, ákveðst refsing hans með hiðsjón af 63. gr. 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo skal hann og samkv. lögum nr. 10, 18. maí 1920, 4. gr. 2. málsl., með því að hann er útlendingur og hefir eigi dvalist full 5 ár á Íslandi, verða af landi burt, þegar hann hefir þolað þessa refsingu.

Afbrot ákærða Guðjóns Guðmundssonar ber að heimfæra undir 240. gr. hegningarlaganna, og þykir refsingin hæfilega ákveðin fyrir hann 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð.

Ákærða Kristján Daða Bjarnason ber einnig að dæmi fyrir samverknað í stuldi á stígvjelum úr pósthúsgarðinum, svo og eftir 230. sbr. 53. gr. hegningarlaganna fyrir áhrif á bróður sinn.

Brot hinna ákærðu eru að öðru leyti í dómnum rjett heimfærð undir þær greinir hegningarlaganna, sem þar eru taldar, en refsingu Gústafs Sigur-

bjarnasonar þykir eftir atvikum mega ákveða 8 mánaða betrunarhúsvinnu. Með þessum breytingum ber að staðfesta dóminn samkvæmt þar greindum ástæðum, að svo miklu leyti sem honum er áfrýjað.

Hin ákærðu greiði allan áfrýjunarkostnað málsins á þann hátt er síðar segir.

Það athugast, að fæðingarvottorð ákærðu Guðjóns Guðmundssonar, Lydiu Thejl og Ólafs Magnússonar hafa eigi veri lögð fram í málinu, og eigi heldur hegningarvottorð fyrir ákærðu Lydiu Thejl úr Snæfellsness- og Hnappadalssýslu.

Því dæmist rjett vera:

Refsing ákærða Gústafs Sigurbjarnasonar ákveðst 8 mánaða betrunarhúsvinna, ákærða Guðjóns Guðmundssonar 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð, ákærða Vidar Vik 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð og skal hann verða af landi burt er hann hefir þolað refsinguna.

Að öðru leyti á aukarjettardómurinn, að því leyti sem honum er áfrýjað, að vera óraskaður.

Ákærðu, Gústaf Sigurbjarnason, Ólafur Magnússon og Anna Lydia Steinunn Thejl, greiði in solidum skipuðum verjanda sínum, Eggert Claessen hæstarjettarmálflutningsmanni, 80 kr. í málsvarnarlaun.

Ákærðu Kristján Daði Bjarnason og Guðjón Guðmundsson greiði in solidum skipuðum verjanda sínum Pjetri Magnússyni málaflutningsmanni 60 kr. í málsvarnarlaun.

Ákærði Viðar Vik greiði skipuðum verjanda sínum Guðmundi Ólafssyni málaflutningsmanni 60 kr. í málsvarnarlaun.

Allan annan áfrýjunarkostnað, þar með talin sóknarlaun hins skipaða sækjanda Lárusar Fjeldsted málaflutningsmanns, 150 kr., greiði hin ákærðu öll in solidum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms eru svo:

Mál þetta er höfðað af rjettvísinnar hálfu fyrir brot á ákvæðum 23. kapítula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 gegn hinum ákærðu: 1) Siggeir Siggeirssyni, Laugaveg nr. 13, 2) Kristjáni Daða Bjarnasyni, Bakkakoti, 3) Gústaf Sigurbjarnasyni, Grettisgötu nr. 1, 4) Jóni Einarssyni, Grettisgötu nr. 16 B, 5) Helga Skúlasyni, Vesturgötu nr. 14 B, 6) Svedenborg Albert Ólafssyni, Skólavörðustíg nr. 22, 7) Brynjólfi Magnúsi Hannessyni, Bjargi, 8) Steingrími Klingenberg Guðmundssyni, Ingólfsstræti nr. 18, 9) Guðjóni Guðmundssyni, Barónsstíg nr. 18, 10) Tómasi Tómassyni, Bergstaðastræti nr. 64, 11) Ólafi Magnússyni, Rauðarárstíg nr. 3, 12) Lydiu Önnu Steinunni Thejl, Grettisgötu nr. 8, 13) Niels Petersen, Baldursgötu nr. 26, 14) Geir Pálssyni, Baldursgötu 34, og 15) Vidar Vik, Hverfisgötu nr. 18, eg eru málavextir að því er hvern einstakan þeirra snertir þeir, er nú skal greina:

Um ákærðan *Siggeir Siggeirsson* er það sannað með eigin játningu hans, er kemur heim við það, er á annan hátt er upplýst í málinu, að hann hafi gjörst sekur um ólöglegt athæfi það, er hjer fer á eftir:

Nóttina milli 30. júní og 1. júlí í ár fór ákærður inn um bakdyrnar á húsinu nr. 3 við Skólavörðustíg, er voru opnar, og inn í herbergi Hagstofunnar, er voru ólæst. Fann hann þar í borðskúffu ónotuð frímerki, tók nokkuð af þeim og seldi síðar fyrir samtals um 40 krónur. Það hefir ekki orðið upplýst, hve

miklu hin stolnu frímerki námu, en nokkuð af þeim hefir Hagstofan fengið aftur. Ákærður kveðst hafa verið mjög drukkinn við hið umrædda tækifæri og hafa farið inn í húsið í þeim tilgangi að leggja sig fyrir og sofa úr sjer, en um það hafa eigi fengist aðrar upplýsingar.

Sömu nóttina fór ákærður með þjófalykli, er hann hafði smíðað og bar á sjer, inn í verslunarbúð Pjeturs Hjaltesteds kaupmanns í húsinu nr. 23 við Laugaveg, í þeim tilgangi að stela þar einhverju. Fann hann þar í ólæstum járnstokk á skáphyllu í vinnustofu innar af búðinni c. 250 krónur í bankaseðlum, c. 80 krónur í gullpeningum, dönskum og erlendum og c. 20 krónur í silfurpeningum. Peninga þessa tók ákærður og hagnýtti sjer, nema megnið af gullpeningunum, er hann kveðst hafa fleygt í Ölfusá af ótta við að þjófnaðurinn kæmist upp, ef hann gæfi þá út.

Ákærður var einsamall á báðum þessum stöðum.

Að kvöldi hins 17. eða 19. júní í ár var ákærður og samákærður Kristján Daði Bjarnason suður á Íþróttavelli og voru orðnir peningalausir. Gengu þeir þá inn í bæinn og ráðguðust um það, hvar þeir ættu að fá peninga. Varð það úr að Siggeir fór inn í hús það í Hafnarstræti, er Eimskipafjelag Íslands hefir skrifstofur sínar í og inn í skrifstofurnar með þjófalykli sínum; fann hann þar í ólæstum kassa í ólæstri borðskúffu c. 130 krónur í peningum og hafði á burt með sjer. Kristján stóð niðri á götunni á verði meðan Siggeir var uppi, og er hann kom niður, sagði hann Kristjáni, að hann hefði aðeins tekið 115 krónur og fjekk Kristjáni 55 krónur af þeim í sinn hlut.

Þá fór ákærður tvisvar sinnum í fyrravetur að kvöldi til ásamt Kristjáni og drengnum Þorkeli Ottesen inn í búð Ámunda kaupmanns Árnasonar í húsinu nr. 37 við Hverfisgötu. Opnaði ákærður búðardyrnar með þjófalykli sínum og fóru þeir báðir inn, ákærður og Kristján, en Þorkell stóð úti á verði.

Í fyrra skiftið tóku þeir úr búðinni flauelsstranga, 3—4 aðra vefnaðarvörustranga, 3 ávaxtadósir og eitthvað af vindlingum og ljetu í poka, er þeir höfðu meðferðis. Fóru þeir með þýfið heim til Kristjáns, er hafði leigt herbergi í húsinu nr. 73 við Laugaveg, borðuðu ávextina og reyktu vindlingana. Kvöldið eftir kveðst ákærður hafa farið með flauelsstrangann til samákærðu Lydiu Thejl og selt henni hann fyrir ca 60 krónur. Næsta kvöld kveðst ákærður hafa farið með hina strangana, sem hann man

ekki hvort voru 3 eða 4, og selt sömu þá fyrir 50 krónur. Andvirðinu skiftu þeir fjelagar á milli sín.

Í síðara skiftið, er þeir fóru í búð Ámunda, segir ákærður að þeir hafi tekið 5—6 vefnaðarvörustranga, farið fyrst með þá heim til Kristjáns, og ákærður selt þá síðar samákærðum Vidar Vik. Svo tóku þeir og eitthvað af ávöxtum.

Andvirðinu fyrir þýfið eyddu þeir í fjelagi.

Þá fór ákærði í samráði við Kristján með þjófalykli sínum kvöld eitt í fyrravetur inn í brauðabúð á Laugavegi nr. 68, en Kristján beið úti á meðan. Tók ákærður þar eitthvað af ávöxtum, brauði og smápeningum. Fóru þeir með það heim til Kristjáns á Laugaveg 73 og neyttu þess þar.

Þá fór ákærður bæði í fjelagi við Kristján og einn nokkrum sinnum sumarið 1919 og fram á haustið með þjófalykli sínum inn í kjallara hússins nr. 15 við Hafnarstræti, þar sem Árni Benediktsson heildsali hafði þá vörubirgðir sínar. Kveður ákærður þá Kristján munu hafa tekið í fjelagi um 20 vefnaðarvörustranga, tvisttau og gardínutau, marga pakka af sokkum og marga kassa af handsápu með 3 stykkjum í. Einn kveðst ákærður hafa tekið þar um 10 stranga af álnavöru, 2 kassa af sokkaböndum, 10 pör af karlmannsnærfatnaði og c. 5 stakar nærbuxur.

Þá tóku þeir ákærður og Kristján og seldu 12 pör af kvenstígvjelum, sem orðið höfðu eftir í kassa tilheyrandi Árna Benediktssyni, er var í Pósthúsportinu.

Eins nörruðu þeir ákærður og Kristján Daði Bjarna Jón Bjarnason, 14 ára gamlan dreng, bróður Kristjáns, sem var í þjónustua Árna Benediktssonar síðastliðinn vetur, til þess að taka að ófrjálsu ýmsar vörur frá Árna, er þeir svo seldu og hagnýttu sér andvirði þeirra án þess að Bjarni Jón fengi annað af því, en að þeir tóku hann með á ýmsar skemtanir.

Vörur þessar seldi ákærður, að því er hann heldur fram, samákærðum Vidar Vik, Lydiu Thejl og Niels Petersen, og eyddu þeir fjelagar andvirðinu, sem ekki hefir verið upplýst hve miklu hafi numið samtals.

Sunnudaginn 6. júní síðastliðinn kveðst ákærður hafa átt erindi niður á skrifstofu F. C. Møllers heildsala, sem var í húsinu nr. 20 við Hafnarstræti. Hitti hann Kristján og samákærðan Steingrím Klingenberg Guðmundsson á leiðinni niður eftir og slógust þeir í för með honum og biðu fyrir utan meðan hann fór inn í húsið. Skrifstofur F. C. Møllers voru lokaðar því sunnudagur

var, en eftir því kveðst ákærður ekki hafa munað fyr en hann kom að dyrunum læstum. Hinsvegar kveður ákærður dyrnar á skrifstofu Guðm. Kr. Guðmundsson & Co., sem eru á sömu hæðinni, hafa staðið opnar í hálfa gátt og fór hann þar inn. Kveðst hann á borðinu og gólfinu í miðskrifstofunni, sem sömuleiðis var ólæst, hafa tekið um 300 krónur í peningaseðlum, er þar hafi legið, og farið með þá niður. Kveðst hann hafa sagt þeim Kristjáni og Steingrími að hann hefði stolið þar peningum og fengið Kristjáni 70 en Steingrími 20 krónur, og síðan veitt þeim mat á veitingasöluhúsi og loks farið með þá í bifreiðarferð. Kristján og Steingrímur kannast við að þetta sje rjett, en þó vill Kristján ekki kannast við að hafa fengið meira en 50 krónur af hinu stolna fé. Ákærður hefir þverneitað því að hafa farið inn í húsið í þeim tilgangi að stela og eins hinu að Kristján og Steingrímur hafi vitað hvað fram fór fyr en hann kom niður til þeirra og sagði þeim það.

Úr hinni umræddu skrifstofu var stolið þennan dag, að því er kært hefir verið yfir, eða frá því á laugardagskvöld til mánudags, um 900 krónum í peningum úr vindlakassa í ólæstum skrifborðsskáp í stofu þessari, en frekari upplýsingar um þennan þjófnað hafa ekki fengist

Ákærður var í þjónustu Viðskiftafjelagsins í 4—5 mánaða tíma og fór þaðan um mánaðamótin október og nóvember f. á. Á því tímabili gjörði hann tilraun til að stela primusvjel úr pakkhúsi fjelagsins við Steinbryggjuna, en vjelin var tekin af honum áður en hann komst burt með hana. Úr sama pakkhúsi stal hann og um þessar mundir að minsta kosti 4 primushausum og seldi þá samákærðum Ólafi Magnússyni á kr. 2,50 stykkið.

Eftir að ákærður var farinn úr þjónustu Viðskiftafjelagsins, fóru þeir Kristján og hann í bifreið eitt kvöld fyrir jólin niður að vörugeymsluhúsi fjelagsins í Kirkjustræti 8 b í þeim tilgangi að stela þar einhverju. Fór ákærður þá einn inn í vörugeymsluna með hinum rjetta lykli, sem hann vissi hvar geymdur var, og tók þar í poka, sem hann hafði meðferðis, 12 pör af strigaskófatnaði, 3 kassa af vindlingum með 500 stykkjum í hverjum og tvo kassa með 50 stykkjum í hvorum. Skófatnaðinn og stærri vindlingakassana seldu þeir Kristján, er beði hafði í bifreiðinni meðan ákærður fór inn í vörugeymsluna, og ákærður samákærðum Niels Petersen; borgaði hann þeim um 70 krónur fyrir skófatnaðinn og um 45 krónur fyrir vindlingana.

Síðar um veturinn fór ákærður á sama hátt einn inn í vörugeymslu þessa og tók þá framundir 10 mille af vindlingum og seldi þá Ingvari Pálssyni kaupmanni fyrir eitthvað á 3. hundrað krónur.

Kl. 7—8 síðdegis dag einn um mánaðamótin júlí og ágúst þ. á. fór ákærður einn um ólæstar bakdyr í húsi Magnúsar Benjamínssonar úrsmiðs í Veltusundi og komst alla leið inn í sölubúð hans og vinnustofu. Úr sölubúðinni tók ákærður 5 karlmannsúr úr ólæstum sýningarskáp, voru 3 þeirra með silfurkössum en 3 með nikkelkössum. Seldi hann úrin síðan 2 kyndurum á e/s „Gullfoss" fyrir áfengi og öl, og hefir 4 þeirra verið skilað aftur. Þá tók hann og á vinnustofu Magnúsar spiritus á pottflösku tóma, er hann fann þar, úr stórri glerflösku, er var þar í ólæstum skáp, og hafði á burt með sjer.

Loks hefir ákærður kannast við að hafa fengið hjá drengnum Þorkeli Ottesen, sem var búðardrengur í verslun Markúsar Einarssonar & Co., 4 box af tóbaki og 3 metra af chevioti, sem kostaði kr. 8,55 pr. metra í búðinni fyrir einar 18 krónur, og vissi hann þó að Þorkell tók vörur þessar að ófrjálsu úr búðinni. Verður að líta svo á, að samkomulag hafi verið milli Þorkels og ákærðs um að fremja þjófnað þennan.

Um ákærðan *Kristján Daða Bjarnason* er það sannað með eigin játningu hans, er kemur heim við annað það, er upplýst hefir orðið í málinu, að hann hefir gjört sig sekan í neðantöldu ólögmætu athæfi.

Hann var ásáttur við Siggeir um að drýgja peningaþjófnaðinn í skrifstofu Eimskipafjelags Íslands og ljekk 55 krónur af þýfinu eins og að framan greinir.

Sama er að segja um þjófnaðinn úr búð Ámunda Árnasonar í bæði skiftin.

Svo var og um þjófnaðinn úr brauðabúðinni á Laugavegi nr. 68, sem að framan er frá skýrt.

Þá var hann og í fjelagi við Siggeir um þjófnaðinn hjá Árna Benediktssyni og um að narra Bjarna Jón bróður sinn til að taka að ófrjálsu vörur frá Árna, eins og skýrt er frá hjer að framan.

Enn var ákærður með Siggeir, er hann fór í fyrra skiftið og stal vörum úr vörugeymsluhúsi Viðskiftafjelagsins, og höfðu þeir orðið fyrirfram ásáttir um að drýgja þann þjófnað.

Enn tók ákærður við hluta af þýfinu úr skrifstofu Guðm. Kr. Guðmundssonar & Co., eins og að framan er frá skýrt.

Kvöld eitt í aprílmánuði í ár sátu þeir heima hjá ákærðum í herbergi hans á Laugavegi nr. 73, áðurnefndur Þorkell Ottesen og samákærðir Gústaf Sigurbjarnason og Jón Einarsson, og voru nokkuð ölvaðir, Jón þó mest. Fóru þeir allir út og gengu niður Grettisgötu. Þegar þeir gengu fram hjá húsinu nr. 45 við þá götu, tóku þeir eftir því, að rúða var brotin í glugga í herbergi innar af verslunarbúð Sigurðar Hallssonar kaupmanns, sem er í kjallara hússins. Urðu þeir þá allir fjórir ásáttir um að fara þar inn að stela. Þorkell var sendur heim til ákærðs á Laugaveg 73 eftir poka undir þýfið. Ákærður reif frá spýtu þá, er negld var fyrir hina brotnu rúðu og tók úr rúðubrot það, sem eftir sat. Fóru þeir Gústaf og hann inn um rúðugatið í herbergið og úr því um ólæstar dyr inn í búðina, tóku þar 3 stranga af floneli, kjólatausstranga, tvenn stígvjel, lítilsháttar af vindlingum og súkkulaði, ljetu í pokann og fóru með það heim á Laugaveg 73, seldu síðan þýfið fyrir um 100 krónur og skiftu andvirðinu.

Kvöld eitt seint í mars í ár hittust þeir þrír, ákærður, Gústaf og Þorkell Ottesen á götu. Kom þeim þá öllum saman um að fara inn í vörugeymsluhús Garðars Gíslasonar heildsala í nánd við Franska spítalann og ná í benzín, sem Þorkell vissi að var þar inni. Húsi þessu var læst með vængjahurð. Er önnur hurðin fest aftur með rílum, sem ganga annar upp úr henni en hinn niður í gólfið og dregst sá ríll upp í austurátt. Hinni hurðinni er læst í þessa með læsingarjárni, sem gengur inn í keng, sem festur er í föstu hurðina.

Reyndu þeir fyrst að komast inn í húsið með því að smeygja járni inn á milli hurðanna og spenna þær hvora frá annari, en er það tókst ekki, lögðust þeir ákærður og Þorkell fast á hurðina; gaf hún þá eftir og opnaðist. Var tekið eftir því síðar, að neðri endi kengsins, sem hjelt læsingarjárninu, hafði gefið sig frá. Úr húsinu tóku þeir ákærður og Þorkell 3 benzínkassa, en Gústaf stóð á verði á meðan og meðan þeir opnuðu húsið. Með benzínið fóru þeir heim til ákærðs á Laugaveg 73, seldu það daginn eftir á 75 krónur og skiftu með sjer og eyddu andvirðinu.

Þá tók og samákærður Helgi Skúlason í samráði við ákærðan og eftir áeggjan hans að ófrjálsu vörur, er námu um 800 króna virði úr sölubúð föður síns, og seldi ákærður þær, og skiftu þeir Helgi og hann andvirðinu sumu og eyddu sumu í félagi við aðra drengi.

Ennfremur tók drengurinn Ólafur Kristjánsson, sem þá var í

þjónustu Halldórs Eirikssonar heildsala, í samráði við ákærðan 4 kassa af dósamjólk og afhenti ákærðum 2 en Bjarna Jóni bróður ákærðs 2 í vörugeymslu Halldórs. Seldi ákærður mjólkurkassana og kveðst hafa fengið 10 krónur í sölulaun fyrir hvern.

Ákærður *Gústaf Sigurbjarnason* hefir játað að hafa verið með þeim Kristjáni, Jóni Einarssyni og Þorkeli í innbrotinu hjá Sigurði Hallsyni kaupmanni, sem að framan er frá skýrt.

Enn fremur hefir hann játað, að hafa verið með Kristjáni og Þorkeli um innbrotið í vörgeymsluhús Garðars Gíslasonar og benzíntökuna þaðan.

Loks hefir ákærður játað, að hann í marsmánuði í ár hafi keypt 2 benzíndunka af Ámundínusi nokkrum Jónssyni, þótt hann vissi að þeir gátu ekki verið Ámundínusi frjálsir. Dunka þessa keypti hann báða fyrir 14 krónur, en seldi þá aftur 2 bifreiðarstjórum fyrir 25 krónur.

Ákærður *Jón Einarsson* hefir kannast við það, að hann hafi verið með þeim Kristjáni, Gústaf og Þorkeli í því að taka ákvörðun um innbrotið hjá Sigurði Hallssyni, en kveðst þá hafa verið mjög drukkinn og kemur það heim við framburð hinna. Verður að telja upplýst, að svo mikið hafi kveðið að því, að að honum verði ekki gefinn verknaðurinn að sök svo sem ef hann hefði verið allsgáður. Hinsvegar hefir hann játað, að hann eftir á hafi selt þýfið og fengið og hagnýtt sjer hluta af andvirði þess. Annað hegningarvert athæfi verður ekki talið sannað upp á þennan ákærða.

Ákærður *Helgi Skúlason* hefir játað, að hann hafi í samráði við Kristján Daða Bjarnason og eftir áeggjan hans tekið ýmsar vörur, svo sem gúmmístígvjel, karlmannsfatnað, vindla og súkkulaði, að ófrjálsu úr verslunarbúð föður síns, Skúla kaupmanns Einarssonar, á tímabilinu frá apríl til júlí í ár. Vörur þessar námu eftir framburði hans um 800 króna virði eftir búðarverði. Hann afhenti Kristjáni vörurnar í búðinni, er seldi þær langt undir verði, og eyddu þeir og aðrir drengir andvirðinu Vörur þessar hefir ákærður síðar borgað föður sínum fullu verði með peningum, sem hann átti sjálfur.

Ákærður *Svedenborg Albert Ólafsson* hefir játað að það hafi orðið að samkomulagi milli sín og piltsins Ólafs Krisjánssonar, sem var búðarmaður við verslun Árna Eirikssonar hjer í bænum, að ákærður skyldi kaupa af Ólafi eða selja fyrir hann vefnaðarvörustranga, er Ólafur stæli úr verslun þeirri, er hann

var í. Var drengurinn Bjarni Jón, bróðir ákærðs Kristjáns Daða Bjarnasonar, í fjelagi við ákærðan Svedenborg um þetta, og fjekk Kristján til að selja strangana aftur fyrir Svedenborg. Ákærður sótti svo í tveim ferðum í fyrra vor með viku millibili í bifreið samtals 7 vefnaðarvörustranga, er Ólafur tók úr vörugeymslu verslunar Árna Eiríksonar í Höepfnerspakkhúsi hjer í bænum og afhenti ákærðum í nánd við pakkhúsið, og var Bjarni Jón með ákærðum í bæði skiftin. Fóru þeir svo með strangana heim til Kristjáns á Laugaveg 73, og seldi Kristján þá og borgaði ákærðum fyrir þá 300 krónur, en ákærður borgaði Ólafi aftur af þeim 250 krónur, eftir því sem hann befir skýrt frá. Þá hefir ákærður og játað, að hann hafi keypt eina tylft af bómullarsokkum handa sjer af Bjarna Jóni þessum, þótt hann vissi að sokkarnir voru Bjarna Jóni ófrjálsir.

Ákærður *Brynjólfur Magnús Hannesson* hefir játað, að hann dag einn í vor, síðdegis, úti á götu, hafi keypt kvittaðan reikning frá verslun Árna Eiríkssonar á Jón heildsala Sivertsen að upphæð kr. 85,50 af áðurnefndum Ólafi Kristjánssyni, er sendur hafði verið til að heimta inn upphæðir þessa og annara reikninga frá versluninni, fyrir 50 eða 55 krónur, er hann borgaði Ólafi samstundis, þótt hann vissi, að Ólafi væri óheimilt að selja reikninginn. Skömmu síðar fjekk ákærður dreng til að fara með reikninginn og fjekk þá upphæð hans greidda að fullu.

Ákærður *Steingrímur Klingenberg Guðmundsson* hefir játað að hafa tekið við 20 krónum af peningum þeim, sem ákærður Siggeir Siggeirsson stal úr skrifstofum Guðm Kr. Guðmundssonar & Co. og neytt góðgerða, er keyptar voru fyrir þá, þótt hann vissi að Siggeir hafði stolið peningunum.

Ákærður *Guðjón Guðmundsson*, sem rak í fyrra vetur verslun í húsinu nr. 26 við Vesturgötu undir nafninu „Lagarfoss", hefir kannast við það, að hann síðastliðinn vetur hafi keypt af piltinum Ólafi Kristjánssyni, sem hann vissi að var búðarmaður í verslun Árna Eiríkssonar: 2 kassa af sólskinssápu á 45 krónur hvorn, er í verslun Árna Eiríkssonar kostuðu 70 krónur, 2 karlmannsregnkápur, er í versluninni kostuðu 75 krónur hvor, á 50 krónur, 2 kvenregnkápur, er kostuðu 56 krónur, aðra á 40 krónur en hina á 20 krónur, gardínutauspakka, 28—30 yards, á 40 krónur. Fyrir sama seldi ákærður og 2 pakka af ljerefti öðrum kaupmönnum fyrir c. 25 krónur hvorn, til þess að ná inn 30 króna skuld, er hann átti hjá Ólafi, því ákærður lánaði honum við og við peninga,

og dró lánsupphæðirnar frá andvirði vara þeirra, er hann keypti af Ólafi, sem stal öllum vörunum úr verslun Árna Eiríkssonar.

Hjá drengnum Bjarna Jóni, sem ákærður vissi að var í heildsöluverslun Árna Benediktssonar, fjekk hann um 20 kassa af stykkjasápu og c. 3 metra af lasting í skiftum fyrir sælgætis- og munaðarvörur úr búð sinni.

Ákærður hefir borið, að hann hafi trúað því „framan af", að Ólafur fengi vörurnar út í reikning sinn í verlun Árna Eiríkssonar, en Bjarna Jón hafi hann grunað strax, og því haft miklu minni viðskifti við hann, og að hann hafi ekki selt sápuna frá honum af því að sig hafi grunað að hún væri illa fengin. Drengirnir Ólafur og Bjarni Jón hafa borið, að ákærður hljóti að hafa vitað, að vörurnar væru stolnar, og ákærður Svedenborg, sem þá var búðarmaður hjá ákærðum Guðjóni, hefir borið, að ákærður Guðjón hafi vitað, hvernig vörurnar hafi verið til komnar, því hann hafi talað við sig um, að hættulegt mundi vera að eiga kaup við drengi þessa, því munir þeir, sem þeir væru að selja, mundu vera stolnir.

Það þykir því nægilega upplýst í málinu, að ákærður Guðjón hafi vitað, að munir þeir, sem hann keypti af hinum nefndu drengjum og seldi fyrir Ólaf, væru stolnir.

Ákærður *Tómas Tómasson* hefir játað, að samákærður Kristján Daði Bjarnason hafi komið til sín á götu einu sinni í maímánuði í ár og boðið sér vefnaðarvöru til kaups. Fór hann heim til Kristjáns á Laugaveg 73 um kvöldið til að líta á vöruna og voru það 3 strangar, áteknir að því er ákærðum virtist, einn með gráleitu nankini, 45 yards, flonelsstrangi nær 50 yards og c. 20 yards af kjólatau. Varð það úr, að ákærður keypti stranga þessa af Kristjáni á kr. 1,80 pr. metra af nankininu, kr. 1,75 pr. metra af flonelinu og kr. 1,50 pr. metra af kjólatauinu, og borgaði þá samstundis með fast að 200 krónum.

Ákærður hefir játað, að sjer hafi þótt salan grunsamleg og því spurt Kristján, hvaðan hann hefði vöruna, og hafi Kristjan þá sagt, að hann hafi fengið hana „fyrir vinnu sína", en þó ekki viljað tilgreina manninn, er hann fjekk hana hjá.

Þetta er nú í sjálfu sjer grunsamlegt; en þar sem ákærður hefir stöðugt neitað því, að sig hafi grunað að varan væri Kristjáni ófrjáls, og verð það, sem ákærður gaf fyrir vörurnar, er ekki svo lágt, að það hlyti að vekja grun um að varan væri

Kristjáni ófrjáls, og þar sem ákærður skýrði þegar í byrjun rjett og satt frá viðskiftunum, þykir ekki komin fram sönnun þess í málinu, að ákærður hafi haft þann grun um að varan væri Kristjáni ófrjáls, að hann með kaupunum á henni hafi gjört sig sekan í hilmingu, og verður því að sýkna hann af ákæru rjettvísinnar í þessu máli og dæma hinum skipaða talsmanni hans, E. Claessen hrm., málsvarnarlaun af almanna fje.

Ákærður *Ólafur Magnússon* hefir játað tregðulaust, að hann síðastliðið vor hafi keypt af samákærðum Kristjáni 4 kassa með súkkulaði í fyrir 35 krónur, og nokkru síðar karlmannsfatnað fyrir 75 krónur. Svo viðurkendi hann og 2. september í ár eftir áður í sama réttarhaldi að hafa þverneitað því, að hann hafi ennfremur keypt af Kristjáni poka með einum gúmmístígvjelum, 5 peysum, tvennum buxum og einum trjeklossum, fyrir 85 krónur. Þá kannaðist ákærður og við í sama réttarhaldi, að hafa keypt hálfan vindlakassa af Kristjáni á 10 krónur og 4 primushausa af Siggeiri Siggeirssyni; er eigi ósennilegt, að hann hafi ekki munað eftir þeim viðskiftum fyrri en hann var mintur á þau. Hinum seldu munum hafði Kristján og Helgi Skúlason stolið úr búð Skúla Einarssonar, en Siggeir primushausunum frá Viðskiftafjelaginu.

Ákærður hefir haldið því fram, að hann hafi ekki grunað Kristján um, að vörurnar væru honum ófrjálsar, heldur hafi hann haldið að vörurnar væru „brask"-vörur, og að það hafi vilt sjer sýn, að Kristján bauð honum vörurnar um hábjartan dag í fleiri manna viðurvist, og liggja eigi fyrir í málinu upplýsingar, er hnekkja þessum framburði hans. Hinsvegar hefir ákærður kannast við, að eftir að Kristján var tekinn fastur í máli þessu, sem var 18. ágúst þ. á., hafi hann farið að gruna það, að vörurnar hefðu verið honum ófrjálsar, og að ástæðan til þess að hann neitaði fyrst í rjettarhaldinu 2. september í ár, að hafa keypt pokann af Kristjáni, hafi verið ótti fyrir að pokinn, með því sem í honum var, yrði tekinn frá sjer, ef hann skýrði frá kaupum sínum á honum, en með þessari neitun hefir ákærði að áliti rjettarins gjört sig sekan í hilmingu.

Ákærð *Lydia Anna Steinunn Thejl*, gift Magnúsi Guðmundssyni, Grettisgötu nr. 8, rekur verslun með álnavöru og hefir átt mikil viðskifti við samákærðu Siggeir og Kristján Daða. Hefir verið mjög erfitt að fá hjá henni ábyggilega skýrslu um viðskiftin, og hún stöðugt reynt að draga úr þeim. Þó hefir

hún ekki treyst sjer til að neita því, að skýrsla Siggeirs um viðskifti þeirra væri rjett, en eftir skýrslu Siggeirs byrjuðu viðskifti þeirra þannig, að kvöldið eftir fyrra innbrotið hjá Ámunda Árnasyni kaupmanni fóru þeir Kristján og hann með flauelsstrangann, er þeir tóku þar, heim til ákærðu. Kristján fór þó ekki lengra en að húsinu, en Siggeir barði á búðardyrnar, sem voru læstar. Lauk ákærða upp fyrir Siggeiri, sem hún þekti og vissi hver var, og bauð hann henni flauelið til kaups. Keypti hún það af honum fyrir 3 krónur alinina að því er hann segir, en metrann að því er hún heldur fram, og styðst sá framburður hennar við framburð Kristjáns um það atriði. Setti ákærð sjálf verðið á flauelið og kveðst ætíð gjöra það, „ekki síst þegar hún eigi við svona bjána", eins og hún komst að orði í rjettarhaldinu 7. september þ. á. Kveður hún Siggeir hafa byrjað á því að setja 12 krónur upp á metrann, en svo látið flauelið á 3 krónur metrann. Fyrst í því rjettarhaldi hjelt hún því fram, að flauelið hefði ekki verið meira en c. 5 metrar, en síðar var hún ekki föst á því. Siggeir heldur fram, að flauelið hafi verið um 20 álnir og hann fengið c. 60 krónur fyrir það Ámundi Árnason hefir borið, að saknað hafi verið úr búð sinni um þessar mundir stranga með 10—12 metrum af dökkbláu flaueli, er kostað hafi kr. 10,50 metrinn.

Næsta kvöld, að því er Siggeir minnir, fór hann með hina strangana, er teknir voru hjá Ámunda, og hann minnir að væru þrír eða fjórir, til ákærðu, seldi henni þá fyrir 50 krónur og kveðst sjálfur hafa sett það verð á þá. Síðar í fyrravetur kveðst Siggeir hafa selt ákærðu 6—7 vefnaðarvörustranga, er stolið hafði verið frá Árna Benediktssyni, einn eða tvo í einu, og fengið að því er hann minnir 30 krónur fyrir hvern af þremur þeirra, en minna fyrir hina. Þá kveðst hann og hafa selt henni 10 pör af bómullarsokkum, á krónu parið, silkitvinnakassa fyrir eina krónu og tvo kvenmannssilkiboli á 10 krónur hvorn og loks gefið henni tvo kassa af handsápu, og hafði öllum þessum vörum verið stolið frá Árna Benediktssyni.

Kristján Daði Bjarnason hefir skýrt svo frá, að viðskifti sín við ákærðu hafi byrjað svo, að hann hafi farið til ákærðu eftir að Siggeir, sem fór eina ferð til Ameríku með „Gullfoss" seint í fyrravetur, var farinn í þá ferð, og sagt henni, að hann væri sendur af Siggeiri. Sagði ákærða Kristjáni þá, að hún hefði opna búð að eins milli kl. 3 og 8 á daginn, og að koma með

vörur, er hann vildi selja, fyrir eða eftir þann tíma; kveður hann það hafa komið fyrir, að hann hafi komið til ákærðu tvisvar sama daginn, í fyrra skiftið til þess að láta hana vita, að hann kæmi síðar um daginn með vörur. Ákærð hefir játað þetta satt og viljað skýra það svo, að hún hafi ekki viljað tefja sig frá búðarstörfunum á kaupunum við Kristján, en búðina hafi hún opnað svo seint á daginn til að geta sint húsverkum.

Kristján kveðst hafa selt ákærðu 3 eða 4 ljereftsstranga, líklega 5 stranga af „Crep", 2 stranga af tvisttaui og $^1/_2$—1 dúsín af kvensokkum. Setti ákærð að sögn Kristjáns sjálf verðið á vöruna aðallega, og hafi það verið slumpaverð. Minnir hann að verðið væri 75 aurar fyrir metrann af tvisttaui, 50 aurar af ljerefti og 20 krónur stranginn af Crepinu. Kveður hann ákærðu hafa sagt, að hún vissi að vörur þessar væru frá Árna Benediktssyni, og að hún hafi ekki verið í vafa um að þær væru stolnar. Ákærð hefir dregið í efa, að hún hafi keypt svona mikla álnavöru af Kristjáni, en ekki treyst sjer til að gefa neina ábyggilega skýrslu um, hve mikið hún hafi keypt.

Þá hefir ákærður Kristján haldið því fram, að kvöldið eftir innbrotið hjá Sigurði Hallssyni hafi hann farið með þýfið (3 pakka af floneli á 45 metra pakkann, einn pakka, 13 metra, af kjólataui og tvenna karlmannsskó eða stígvjel) til ákærðu og selt henni það á rúmar 100 krónur, er hann fjekk borgaðar samstundis. Ákærð hefir kannast við að hafa keypt álnavöruna og „dálitla hrúgu" af vasaklútum fyrir 180 krónur, en „geymt" stígvjelin fyrir Kristján.

Það er upplýst í málinu og játað af ákærðu, að skömmu eftir að hún hafði tekið við þessum vörum af Kristjáni hafi komið til hennar lögregluþjónn, skýrt henni frá innbrotinu hjá Sigurði Hallssyni og hverju hafi þá verið stolið og beðið hana að láta lögregluna vita, ef henni yrðu boðnar þær vörur. Neitaði ákærð því afdráttarlaust, að henni hefðu verið boðnar nokkrar grunsamlegar vörur til kaups, en lofaði að láta lögregluna vita tafarlaust, ef slíkt kæmi fyrir.

Rjett á eftir fór maður ákærðu til föður Kristjáns og sagði honum að vörur þær, er Kristján hefði selt konu sinni væru stolnar, og yrði kært yfir því til lögreglunnar, ef vörurnar yrðu ekki teknar frá henni aftur og andvirði þeirra endurgreitt. Fór Kristján þá til ákærðu, endurgreiddi henni 100 krónur af andvirði hinna seldu vara, og tók þá jafnframt stígvjelin, er ákærða

hafði geymt fyrir hann. Kveður Kristján sjer hafa virst strangarnir hafa rýrnað í vörslum ákærðu, en fyrir því er engin sönnun framkomin.

Sigurður Hallsson hefir skýrt svo frá, að flonelsmetrinn hafi kostað 2 krónur í verslun sinni, metrinn af kjólatauinu kr. 7,50. Telur hann kjólatauið muni hafa verið 35 metra, en Kristján kveðst hafa horft á það mælt af ákærðu og hafi það verið 13 metrar. Ákærða fortekur að það hafi verið 35 metrar, en gat enga ábyggilega skýslu um það gefið, hve margir metrar það voru.

Ákærða hefir játað afdráttarlaust, að hún hafi keypt vörurnar af Siggeiri og Kristjáni af því að hún hafi getað fengið þær ódýrari hjá þeim en annarsstaðar, en neitað því, að sig hafi grunað að þær væru stolnar, er hún keypti þær.

Ekki skýrði ákærða frá því í rjettinum, að lögreglan hefði sagt sjer frá innbrotinu hjá Sigurði Hallssyni, og hún neitaði að hafa orðið vör við hinar stolnu vörur þaðan, fyrri en hún var beint spurð um það og henni sýnd skýrsla lögregluþjónsins. Kveður hún aðalástæðuna til þess, að hún skýrði eigi lögreglunni frá vörukaupunum, hafa verið þá, að hún vildi hlífa móður Kristjáns við þeirri sorg, að sonur hennar kæmist í hendur lögreglunnar fyrir þjófnað, en játaði jafnframt að hún þekti hana ekkert, hefði ekki einusinni sjeð hana svo hún vissi, en hafði eftir manni sínum, að foreldrar Kristjáns ættu mörg smábörn.

Hinn skipaði talsmaður ákærðu hefir í vörn sinni fyrir hana lagt mikla áherslu á vörubrask, sem vitanlega hefir átt sjer stað hjer í bænum að undanförnu, og svo hitt, að verð það, er ákærða gaf fyrir hina stolnu muni, hafi ekki verið svo lágt, að það út af fyrir sig vekti grun um að varan væri seljandanum ófrjáls.

Það er nú að vísu svo, að það getur verið nokkru hættara við að saklausu menn hendi það, að kaupa stolna muni á braksstímum en ella, og að verðið, er varan er keypt á, getur út af fyrir sig gefið leiðbeiningu um, hvort hilming liggi fyrir eða ekki. Hinsvegar nægir ekki að vísa til þess sem sýknuástæðu, heldur verður að athuga hvert tilfelli fyrir sig og ráða að líkum um það, hvort sakborningur hafi haft vissu fyrir eða svo sterkan grun um, að munirnir væru ófrjálsir, að honum verði gefin hilming að sök, því mjög sjaldgæft er að sakborningar fáist til að kannast beinlínis við það, að þeir hafi vitað að varan var ófrjáls.

Rjetturinn fær nú ekki betur sjeð, en að framburður ákærðu

í málinu í sambandi við alt framferði hennar, bæði á undan og meðan á rannsókn málsins stóð, og við það, sem á annan hátt er upplýst í því, sje þess nægð sönnun, að hún hafi vitað, eða að minsta kosti haft svo sterkan grun á því, að vörur þær, er hún keypti af þeim Siggeiri og Kristjáni Daða, væru þeim ófrjálsar, að hún hafi gjörst sek í hilmingu.

Ákærða hefir t. a. m. kannast við, að hún hafi keypt vörurnar á kvöldin, eftir lokunartíma sölubúða, og jafnvel að hafa sagt Kristjáni, að koma á þeim tímum, er ekki var annara von. Hún hefir kannast við, að hafa sett sjálf verð á vöru þá, er hún keypti af þeim, og kveður það vana sinn, „ekki síst er hún eigi við svona bjána". Hún hefir játað, að hafa gefið 3 krónur fyrir metrann af flaueli, sem kostaði kr. 10,50 í búð Ámunda Árnasonar og Siggeir byrjaði með að setja 12 króna verð á. Þeir Siggeir og Kristján stilla svo til, að ekki fari aðrir með þeim inn til ákærðu, þótt þeim sje fylgt að húsi hennar, því þeir vita að hún vill ekki hafa votta við. Hún hefir ekki borið á móti því, að Kristján hafi stundum komið til hennar til að láta hana vita að hann kæmi síðar með vörur sama daginn. Slumpaverðið, er hún setti á vörurnar frá Kristjáni. Viðurkenning hennar á því, að hún hafi keypt vörurnar af því að hún hafi getað fengið þær ódýrari en annarsstaðar. Framkoma hennar við lögregluþjónninn eftir að hún hafði keypt þýfið frá Sigurði Hallssyni og það, að hún heimtaði þá að kaupin gengju aftur, í stað þess að skila lögreglunni hinum stolnu vörum, og loks tregða hennar á að gefa sanna og rjetta skýrslu fyrir rjettinum um viðskifti sín við þá fjelaga. Alt þetta bendir svo ótvírætt í þá átt, að hún hafi vitað að vörurnar væru þeim ófrjálsar, að rjetturinn verður að telja sannað í málinu, að hún hafi gjörst sek í hilming með kaupum sínum og meðferð á þeim.

Ákærður *Niels Petersen*, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, og ekki hefir áður, svo kunnugt sje, sætt refsingu fyrir nokkurt hegningarlagabrot, hefir játað, að hann í fyrra sumar hafi í tvö skifti keypt einn 60 metra tvisttausstranga af Siggeiri á 60 krónur hvorn. Þá hefir hann og kannast við að hafa keypt strigaskófatnað þann og vindlinga, er þeir Siggeir og Kristján Daði stálu frá Viðskiftafjelaginu, er þeir fóru þangað báðir, og segjast hafa selt honum, og fyrir það verð, er þeir skýrðu frá.

Ákærður hefir haldið því fram, að Siggeir hafi sagt sjer að hann væri að selja vörurnar fyrir „agent", og að ákærður

gæti selt þær í hverja búð, er hann vildi. Hann á 5 börn og þarf því mikils með til heimilisins; verðið, sem hann gaf fyrir vöruna, ekki heldur tiltakanlega lágt, og hann gaf þegar í rjettinum af sjálfsdáðum skýrslu um viðskiftin. Þykir því verða að byggja á þeim framburði hans, er hann hefir staðfastlega haldið fram, að hann hafi ekki vitað eða grunað að vörurnar væru ófrjálsar, og sýkna hann af ákæru rjettvísinnar í þessu máli.

Ákærður *Geir Pálsson*, sem er kominn yfir lögaldur sakamanna og ekki hefir áður verið refsað fyrir nokkurt hegningarlagabrot, er sömuleiðis sakaður um að hafa keypt stolna muni. Hann hefir játað að hafa keypt af Kristjáni Daða í júní síðastliðið sumar fyrir 60 krónur, gúmmístígvjel og peysu, er þeir Kristján og Helgi Skúlason höfðu stolið úr búð Skúla Einarssonar og síðar einn kassa af niðursoðinni mjólk á 40 krónur, er þeir Kristján og Ólafur Kristjánsson höfðu stolið frá Halldóri Eiríkssyni heildsala.

Kristján bauð ákærðum vörur þessar um hábjartan dag og í fleiri manna viðurvist.

Þá hefir ákærður og kannast við að hafa haft talsverð viðskifti við Lárus nokkurn Lárusson, sem nýlega hefir verið dæmdur til refsingar fyrir hlutdeild í þjófnaði í öðru máli. Hinsvegar hefir ákærður haldið því fram, að Lárus þessi hafi sagt sjer, að hann hefði leyst borgarabrjef og væri að byrja heildsölu, og hafi hann trúað því. Ákærður lagði sjálfur fram í rannsókninni gegn Lárusi ótilknúður reikning yfir viðskifti þeirra, og hefir um öll viðskifti sín við hann og Kristján Daða gefið sannar skýrslur tregðulaust. Verð varanna er heldur eigi tiltakanlega lágt, og viðskiftin hafa farið opinberlega fram í viðurvist annara. Verður því að taka trúanlegan framburð ákærðs um að hann hafi hvorki vitað nje grunað, að hinar umræddu vörur væru ófrjálsar, sýkna hann af ákæru rjettvísinnar í þessu máli og dæma hinum skipaða talsmanni hans, E. Claessen hrm., málsvarnarlaun af almannafje.

Ákærður *Vidar Vik* hefir kannast við að hafa keypt af samákærðum Siggeiri Siggeirssyni í fyrrasumar og fram á haust 1 dúsín af karlmannsokkum, 2 kassa af sokkaböndum, um 20 pakka af álnavöru, tvisttau og floneli, 10 pör af karlmannsnærklæðnaði og 5 stakar buxur, og voru allar þessar vörur stolnar úr vörugeymslu Árna Benediktssonar heildsala.

Ákærður vildi í fyrstu ekki kannast við að hafa keypt nema

sokkaböndin og 15—18 stranga af álnavöru af Siggeiri og álnavöruna ekki nema í tvö skifti. Rak ákærður, er viðskiftin fóru fram, verslun á Laugaveg 44 í fjelagi við Markús Einarsson kaupmann, en stýrði henni einn um þessar mundir, því Markús Einarsson var fjarverandi. Voru þeir ákærður Gústaf Sigurbjarnason og drengurinn Þorkell Ottesen í þjónustu verslunarinnar.

Kveður ákærður Siggeir hafa komið til sín í búðina og boðið sjer tvisttau til kaups; fjekk ákærður sýnishorn af því og sá strax að það var frá Árna Benediktssyni. Kveður hann Siggeir svo hafa komið með 5—6 pakka af tvisttaui og viljað selja sjer. Kveður ákærður sjer hafa þótt þetta grunsamlegt og spurt Siggeir, hvaðan hann hefði vöruna. Hafi Siggeir þá sagt, að hann stæði í sambandi við mann, sem seldi vindla og vindlinga og hefði Siggeir selt Árna Benediktsyni þess konar vörur fyrir mann þennan fyrir tvisttau, og ætti nú að koma því í peninga. Ekki kveðst ákærður hafa fengið að vita hver maður þessi var, og svo grunsamlegt fanst honum alt þetta, að hann kveðst hafa hringt í síma til Árna Benediktssonar og fengið það svar, að sjer væri óhætt að kaupa tvisttauið, og gert það því; svarið hafi slegið niður grun sínum. Ákærður segir, að Siggeir hafi viljað fá 75 aura fyrir yardinn af tauinu, en hann hafi „prúttað“ verðinu niður í $62^1/_2$ eyri pr. yard. Hjerumbil viku síðar kvað ákærður Siggeir hafa komið aftur og boðið tvisttau og flonel, og eftir að hafa fengið sýnishorn af flonelinu, er hann sá að var einnig frá Árna Benediktssyni, kveðst ákærður hafa keypt 10—12 pakka af þrenns konar tvisttaui og floneli af Siggeiri, er hafi komið með vöruna í tveim ferðum, er ekki fjellu sama daginn, og borgað mismunandi verð fyrir tvisttauið, þó ekki minna en $62^1/_2$ eyri pr. yard, og, að því er hann minnir, 75—80 aura pr. yard af flonelinu. Ákærði skýrði og sjálfur frá því, að verðið á samskonar tvisttaui og hann keypti af Siggeiri, hafi á þeim tíma verið kr 0,99—1,30 pr. yard hjá Árna Benediktssyni, en um verðið á flonelinu hjá Árna vissi hann ekki. Í síðara skiftið, er ákærður kveðst hafa átt kaupin við Siggeir, kvaðst hann ekki hafa haft svo mikla peninga, að hann hafi getað borgað Siggeiri alla vöruna í peningum, heldur kveðst hann munu hafa borgað hjer um bil helminginn í peningum, en útá hinn helminginn hafi Siggeir tekið vörur smátt og smátt í búðinni, niðursoðna ávexti, vindlinga og þess háttar. Kveður ákærður Siggeir hafa sagt að hann hefði vörur þær, er hann seldi ákærðum, úr sama stað, og því hafi

hann ekki hringt til Árna Benediktssonar í síðara skiftið, er hann átti kaupin við Siggeir.

Siggeir hefir hinsvegar haldið því stöðugt fram, að hann hafi ekki selt ákærðum minna en 25 stranga af álnavöru og aldrei meira en tvo stranga í einu og stundum ekki nema einn stranga, og aðeins einu sinni kveðst hann muna eftir því, að hann hafi farið tvær ferðir sama daginn.

Gústaf Sigurbjarnason hefir borið það, að Siggeir hafi komið 8—10 sinnum með vörur til ákærðs og selt honum, og hefir ákærður ekki treyst sjer til að bera á móti því.

Þorkell Ottesen hefir borið, að hann hafi 3—4 sinnum flutt álnavörustranga, 9—10 alls, úr Hafnarstræti, þar sem vörugeymsla Árna Benediktssonar var, heim til ákærðs fyrir Siggeir, og hefir ákærður játað það rjett vera.

Þá hafa þeir borið það fyrir rjettinum, Siggeir og Þorkell, að einu sinni hafi ákærður beðið Siggeir að láta sig fá vörur, og kveðst Siggeir hafa svarað því til, að hann nenti ekki að sækja hana. Hafi ákærður þá sagt, að þeir gætu farið í bifreið þeirri, er verslunin eða hann hafði yfir að ráða, og lagt til poka undir vöruna. Fóru þeir svo þrír í bifreiðinni, ákærður, Siggeir og Þorkell, niður að horninu á húsum Guðmundar Eiríkss heildsala við Hafnarstræti, og biðu þeir ákærður og Þorkell í bifreiðinni meðan Siggeir fór í vörugeymslu Árna Benediktssonar, og sótti þangað 3 stranga af tvisttau, óku svo allir þrír upp í verslun ákærðs með strangana og fjekk hann þá.

Ákærður hefir kannast við, að hann muni að þeir þrír, hann minni að drengurinn hafi verið með, hafi ekið í bifreiðinni niður að hinu umrædda horni, en hvert erindið hafi verið, kveðst hann ekki muna, og ekki heldur að hann hafi ekið heim vörum, er hann hafi keypt af Siggeiri, en úr því að þeir Siggeir og Þorkell muni þetta báðir, vilji hann ekki neita því, að skýrsla þeirra um þetta atriði sje rjett, en kveðst þá ekki hafa vitað að Árni Benediktsson hafði vörugeymslu í Hafnarstræti. Hann hefir og játað, að Siggeir hafi oftar en einu sinni fengið lánaða hjá sjer poka, og eins hefir hann kannast við, að hann hafi 3—4 sinnum lánað Siggeiri peninga, og hefir ekki neitað, að lánsupphæðirnar hafi verið dregnar frá andvirði vara þeirra, er Siggeir kom með næst á eftir og seldi ákærðum.

Siggeir Siggeirsson hefir neitað því statt og stöðugt, að hann hafi sagt ákærðum, að hann hafi fengið álnavöruna hjá Árna

Benediktssyni fyrir vindla og vindlinga, en játar að hafa sagt honum, að hann væri að selja vöruna fyrir annan mann. Þeir Siggeir og Kristján Daði, sem hafði stolið mestu af vöru þeirri í fjelagi við Siggeir, er Siggeir seldi ákærðum, hafa haldið því fram, að ákærður hafi vitað vel, að vörur þær, er hann keypti, væru illa fengnar og sumt af þeim tekið frá Árna Benediktssyni. Hafi hann stundum neitað að greiða þeim nokkuð fyrir það, er þeir færðu honum í það og það skiftið, nema þeir færu og sæktu meira, og stundum hafi hann hótað að klaga þá og yfirleitt greitt þeim lítið fyrir vöruna. Siggeir hefir borið, að það muni hafa verið í kringum 1000 krónur, sem hann hafi fengið hjá ákærðum fyrir vörur frá Árna Benediktssyni, en sá framburður er auðsjáanlega bygður á ágiskun. Þá hefir Kristján Daði síðar í rannsókninni borið það, að hann hafi að eins einu sinni komið inn til ákærðs meðan Siggeir seldi honum stolna vöru, og hlýtur því framburður hans um framangreind atriði að byggjast á sögusögn Siggeirs.

Ákærður hefir haldið því fram, að hann hafi ekki vitað eða sig grunað, að vörur þær, er hann keypti af Siggeiri, væru honum ófrjálsar.

Þessum framburði ákærðs verður þó að áliti rjettarins að hafna algjörlega.

Ákærður skýrði frá því þegar í fyrsta sinn, er hann mætti í rjettinum í máli þessu, að honum hafi fundist vöruframboð Siggeirs og sögusögn hans um það, hvaðan hann hafði vöruna, svo grunsamleg, að hann hafi hringt í síma vestur til Árna Benediktssonar, og fengið þær upplýsingar, að sjer væri óhætt að kaupa vörurnar. Síðar kvaðst hann hafa fengið að vita, að það hafi verið Kristján Daði Bjarnason, sem hafi svarað sjer í síma Árna, en það getur ekki hafa verið, því Kristján var þá fyrir löngu farinn úr þjónustu Árna, eftir framburði Sigurðar Snorrasonar, verslunarmanns hjá Árna. Virðist því óhætt að ganga út frá því, að þessi framburður ákærðs um hringinguna til Árna og svarið þaðan, sje uppspuni einn.

Þá kemur þeim saman um það, ákærðum og Siggeiri að Siggeir hafi sagt ákærðum, að hann væri að selja vöruna eða kom henni í peninga fyrir annan mann. En samt borgar hann Siggeir ekki nema um helminginn af þeirri vöru, er hann kveðst hafa keypt af honum í annað skiftið, er þeir áttu álnavörukaup saman, í peningum. Út á hinn helminginn tekur Siggeir smátt

og smátt sælgætis- og munaðar-vörur úr búð ákærðs, og honum þykir það ekkert grunsamlegt.

Ákærður hefur sjálfur í rjettinum skýrt frá því, að ódýrasta tvisttaustegundin, sem hann keypti af Siggeiri og vissi að var frá Árna Benediktssyni, hafi kostað í heildsölu hjá Árna 99 aura pr. yard, en honum þykir það ekki grunsamlegt, að Siggeir skul geta selt honum yardinn á $62^1/_2$ eyri, meira en þriðjungi ódýrara en Árni, sem varan á að vera keypt hjá.

Ákærður hjelt því fram í fyrra sinni, er hann mætti í rjettinum, að hann hefði aðeins tvisvar keypt álnavöru af Siggeiri. Kveðst hann þá hafa verið farinn að gruna, að Siggeir stæli vörunum frá Árna og hætt öllum viðskiftum við hann, er oft hafi komið síðar að bjóða vörur.

Síðar í sama rjettarhaldi varð ákærður að kannast við, eða treysti sjer ekki til að neita því, að sá framburður Gústafs Sigurbjarnasonar væri rjettur, að hann, o: ákærður, hefði 8—10 sinnum gjört upp við Siggeir og borgað honum peninga fyrir keyptar vörur.

Gústaf Sigurbjarnason hefir skýrt frá því, að það hafi borið í tal milli sín og ákærðs í september í fyrra, að munir þeir, er Siggeir væri að selja, myndu vera ófrjálsir. Þessu hefir ákærður ekki neitað, en sagst ekki hafa viljað trúa því, að Siggeir væri þjófur, fyrri en í fyrravetur.

Þetta, sem nú hefir verið talið, í sambandi við framburðinn um bifreiðarferð þeirra ákærðs og Siggeirs, pokalánin og peningalánin af hálfu ákærðs til Siggeirs og framburð Siggeirs og Kristjáns Daða um, að ákærðum hafi verið kunnugt um, hvernig vörur þær voru tilkomnar, sem Siggeir seldi ákærðum, er að áliti rjettarins næg sönnun þess, að ákærður hafi vitað að vörurnar væru stolnar, eða haft þann grun um, að svo væri, að hann hafi gjörst sekur í hilmingu við kaupin á þeim.

Ákærður *Siggeir Siggeirsson* er fæddur 26. september 1902 og var því ekki orðinn 18 ára, er hann framdi afbrot sín. Hann, sem ekki hefir áður sætt refsingu eða ákæru fyrir nokkurt hegningarlagabrot, var veiklaður af blóðleysi í æsku og varð af þeirri ástæðu að hætta námi um stund. Prestur sá, er bjó hann undir fermingu, hefir vottað, að hann hafi verið mjög óþroskaður andlega og að sumu leyti beinlínis „defect“. Dómarinn hefir við rannsókn málsins komist að nokkuð líkri niðurstöðu um gáfnafar ákærðs. Hann virðist mjög minnisdaufur og „apathiskur“ og ekki

hafa þá tilfinningu fyrir athæfi sínu, sem búast hefði mátt við af pilti á hans aldri. Hann kveðst oft hafa verið undir áhrifum víns, er hann framdi afbrot sín, og er það sennilegt. Hann sat í gæsluvarðhaldi frá 18.—28. ágúst þ. á.

Brot hans heyra að áliti rjettarins undir 230. gr. og 231. gr., 4. lið, sbr. að miklu leyti 55. gr., og að því er prímusvjelina snertir 45. gr. hegningarlaganna frá 25. júní 1869, og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið eftir nefndum hegningarlagagreinum, sbr. 138. gr. og með hliðsjón af 63. gr., hæfilega ákveðin fangelsi við vatn og brauð í 6×5 daga.

Ákærður *Kristján Daði Bjarnason*, sem sat í gæsluvarðhaldi frá 18. ágúst til 11. september þ. á., en hefir ekki áður sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt brot, er fæddur 31. janúar 1902 og var því ekki fullra 18 ára er hann drýgði sum framangreind brot sín. Þau heyra að áliti rjettarins undir 231. gr., 4. lið, og 230. gr., sbr. að miklu leyti 55. gr., svo og 240. gr. hegningarlaganna, og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið eftir þeim, sbr. að sumu leyti 38. gr. og með hliðsjón af 63. gr., hæfilega ákveðin betrunarhúsvinna í 12 mánuði.

Ákærður *Gústaf Sigurbjarnason*, sem sat í gæsluvarðhaldi frá 20. ágúst til 6. september þ. á., en hefir ekki áður sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt brot, er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 28. júlí 1901. Brot hans heyra að áliti rjettarins undir 231. gr., 4. lið, sbr. 55. gr., svo og 240. gr. hegningarlaganna, og þykir refsing hans, með hliðsjón af 63. gr., hæfilega ákveðin betrunarhúsvinna í 9 mánuði.

Ákærður *Jón Einarsson*, sem sat í gæsluvarðhaldi frá 20. ágúst til 6. september þ. á., en ekki hefir sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt brot, er fæddur 31. mars 1900 og því kominn yfir lögaldur sakamanna. Brot hans heyrir að áliti rjettarins undir 231. gr., 4. lið, sbr. 55. gr. laganna, og þykir refsing hans eftir þeim, sbr. 40. gr., hæfilega ákveðin fangelsi við vatn og brauð í 5×5 daga.

Ákærður *Helgi Skúlason* er fæddur 3. desember 1901 og því kominn yfir lögaldur sakamanna, er hann framdi afbrot sín. Hann hefir ekki áður sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt brot en fengið besta orð. Brot hans heyra að áliti rjettarins undir 230. gr, sbr. 55. gr., hegningarlaganna, og þykir refsing hans, með hliðsjón af 63. gr., hæfilega ákveðin fangelsi við vatn og brauð í 2×5 daga.

Akærður *Svedenborg Albert Ólafsson* hefir ekki áður sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt brot og er fæddur 18. nóvember 1899. Brot hans heyra að áliti rjettarins undir 230. gr., sbr. 55. gr. svo og 240. gr. hegningarlaganna, og þykir refsing hans, með hliðsjón af 63. gr., hæfilega ákveðin fangelsi við vatn og brauð í 3×5 daga.

Ákærður *Brynjólfur Magnús Hannesson* hefir ekki áður sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt brot og er fæddur 30. janúar 1900 Brot hans heyrir að áliti rjettarins undir 230. gr. sbr. 55. gr. hegningarlaganna, og hegningin þykir hæflega ákveðin fangelsi við vatn og brauð í 5 daga.

Ákærður *Steingrímur Klingenberg Guðmundsson* hefir hvorki sætt ákæru eða refsingu áður og er fæddur 28. september 1900. Brot hans heyrir að áliti rjettarins undir 240. gr. hegningarlaganna, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi við vatn og brauð í 3 daga.

Ákærður *Guðjón Guðmundsson* er kominn yfir lögaldur sakamanna, og hefir ekki verið refsað áður. Brot hans heyra að áliti rjettarins undir 230. gr., sbr. 55. gr., svo og 240. gr. hegningarlaganna, og þykir refsing hans, með hliðsjón af 63. gr., hæfilega ákveðin fangelsi við vatn og brauð í 3×5 daga.

Ákærður *Ólafur Magnússon* er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir eigi áður sætt ákæru eða refsingu fyrir hegningingarlagabrot. Brot hans heyrir að áliti rjettarins undir 240 gr. hegningarlaganna, og þykir refsing hæfilega ákveðin fangelsi við vatn og brauð í 5 daga.

Ákærð *Anna Lydia Steinunn Thejl* er komin yfir lögaldur sakamanna, og hefir ekki áður sætt ákæru eða refsingu svo kunnugt sje. Brot hennar heyra að áliti rjettarins undir 240. gr. hegningarlaganna, og þykir refsing hennar, með hliðsjón af 63. gr., hæfilega ákveðin fangelsi við vatn og brauð í 3×5 daga.

Ákærður *Vidar Vik* er kominn yfir lögaldur sakamanna. Hann var með landsyfirrjettardómi, uppkveðnum 23. júní 1919, sýknaður af ákæru rjettvísinnar fyrir sviksamlegt athæfi, en hefir verið sektaður 7. apríl 1919 um 500 krónur fyrir bannlagabrot og 13. mars 1920 um 20 krónur fyrir lögreglusamþyktarbrot. Fyrir önnur brot hefir hann ekki verið kærður eða honum refsað svo kunnugt sje.

Brot hans heyra að áliti rjettarins undir 240. gr. hegningar-

laganna, og þykir refsingin fyrir þau hæfilega ákveðin fangelsi við vatn og brauð í 4×5 daga.

Sakir æsku hinna ákærðu, Siggeirs Siggeirssonar, Jóns Einarssonar, Helga Skúlasonar, Svedenborgs- Albert Ólafssonar, Brynjólfs Magnúsar Hannessonar og Steingríms Klingenbergs Guðmundssonar, svo og þess, að hjer er um fyrsta brot að ræða og, að því er suma snertir, fremur smávægileg, þykir mega ákveða, að refsing þeirra sje skilorðsbundin samkvæmt lögum nr. 39 frá 16. nóvember 1907.

Iðgjaldskrafa hefir ekki komið fram í málinu frá öðrum en Sigurði kaupmanni Hallssyni. Gjörir hann kröfu til endurgjalds á krónum 587.50 fyrir það, er frá honum var stolið við innbrotið í búð hans. Á skaðabótareikningi hans eru tilfærðir 35 metrar af bláu kjólatau á kr. 7,50 pr. metra, en eftir því, sem upplýst er í málinu, verður ekki talið sannað, að í kjólatauspakkanum hafi verið meira en 13 metrar, og hinir ákærðu hafa sjerstaklega mótmælt þessum lið reikningsins. Verður því að færa upphæð reikningsins niður um 22 × kr. 7,50 = kr. 165,00 eða niður í kr. 422,50, en dæma hina ákærðu, Kristján Daða Bjarnason, Gústaf Sigurbjarnason og Jón Einarsson, sem ekki hafa getað mótmælt reikningnum að öðru leyti með rökum og sumpart beint samþykt þann, til þess in solidum að greiða Sigurði Hallssyni þessa upphæð.

Að því er til málskostnaðar kemur, þá hefir hinn skipaði talsmaður ákærðs Siggeirs Siggeirssonar ekki krafist málsvarnarlauna og verða honum því ekki dæmd þau.

Málsvarnarlaun hins skipaða talsmanns ákærðu, Tómasar Tómassonar og Geirs Pálssonar, sem eftir framanskráðu ber að greiða af almanna fje, ákveðast 50 krónur.

Ákærð Lydia Thejl greiði sjerstaklega hinum skipaða talsmanni sínum, E. Claessen hæstarjettarmálaflutningsmanni, málsvarðarlaun, er ákveðast 25 krónur.

Allan annan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað greiði hinir ákærðu, Siggeir Siggeirsson og Kristján Daði Bjarnason, in solidum að hálfu, en hinn helming kostnaðarins greiði öll hin önnur dómfeldu in solidum.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Mánudaginn 4 apríl 1921.

Nr. 2/1921. **Emil Randrup**
(Eggert Claessen)
gegn
Vidar Vik
(Enginn)

um hve víðtæk sje ábyrgðarskylda samskuldara.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. jan. þ. á: „Stefndur, Vidar Vik, greiði stefnandanum, Emil Randrup, kr. 511,18, ásamt 5½ % ársvöxtum frá 1. október f. á. til greiðsludags, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum. — Málskostnaður falli niður".

Dómur hæstarjettar.

Kröfur áfrýjanda fyrir hæstarjetti eru þær, að hinum áfrýjaða dómi verði breytt þannig, að stefndi verði dæmdur til að greiða 1022 kr. 35 a., ásamt 5½ % vöxtum frá 1. október 1920 til greiðsludags og málskostnað fyrir undirrjetti, svo og málskostnað fyrir hæstarjetti, hvorttveggja eftir mati rjettarins.

Stefndi hefir ekki mætt í hæstarjetti og enginn af hans hendi, og hefir honum þó verið löglega stefnt. Er málið því rekið samkvæmt 38. gr. hæstarjettarlaganna, tölul. 1, og dæmt samkv. N.L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Samkvæmt viðurkenningarskjali því, er stefndi og Markús Einarsson gáfu út 20. nóv. 1919, fengu þeir í sameiningu veðskuldabrjef það, er ræðir um í málinu að láni, og urðu þeir samskuldarar áfrýjanda fyrir þeirri upphæð, er innheimt var samkvæmt skuldabrjefinu En sem samskuldarar voru þeir hvor um sig skyldir til að endurgreiða skuldina að fullu, þar sem hið gagnstæða var ekki áskilið, og bar þeim

þá jafnframt að svara sömu vöxtum, sem áskildir voru í skuldabrjefinu, eða 5½ %. Áfrýjandi átti þannig rjett á að krefjast greiðslu allrar skuldarinnar af stefnda án þess áður að hafa krafið samskuldarann eða þrotabú Markúsar Einarssonar & Co um skuldina að nokkru eða öllu leyti. Það ber því að taka kröfu áfrýjanda til greina, og dæma stefnda til að greiða áfrýjanda 1022 kr. 35 a. með 5½ % ársvöxtum frá 1. okt. 1920 til greiðsludags.

Að því athuguðu, að stefndi mætti ekki fyrir sáttanefnd Reykjavíkur við sáttaumleitunina í málinu, og að öðru leyti eftir þessum úrslitum, ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað í hjeraði og einnig fyrir hæstarjetti, og ákveðst málskostnaðurinn fyrir báðum rjettum samtals 200 kr. Svo verður hann og að greiða sekt samkvæmt tilsk. 11. ágúst 1819, er ákveðst 8 kr. og rennur í ríkissjóð.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi Vidar Vik greiði áfrýjandanum Emil Randrup 1022 kr. 35 a. með 5½ % ársvöxtum 1. október 1920 til greiðsludags, og málskostnað í hjeraði og fyrir hæstarjetti með samtals 200 krónum. Enn fremur greiði hann sekt til ríkissjóðs 8 kr.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms eru þannig:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitan höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 11. nóvember f. á. af Emil Randrup í Hafnarfirði gegn kaupmanni Vidar Vik hjer í bænum,

og hefir stefnandi krafist þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sjer kr. 1022,35 ásamt $5^1/_2$ % ársvöxtum frá 1. október f. á. til greiðsludags og málskostnað eftir mati rjettarins.

Stefndur hefir krafist sýknunar að svo stöddu af kröfum stefnandans í málinu.

Málavextir eru þeir, að 20. nóvember 1919 fengu þeir Markús kaupmaður Einarsson hjer í bænum, sem nú er orðinn gjaldþrota, og stefndur að láni hjá stefnanda veðskuldabrjef, er hann átti, og framseldi Markús Einarsson það síðan til þriðja manns að þar til fenginni heimild frá stefnanda, ritaðri á skuldabrjefið sjálft, og innheimti sá 850 krónur af höfuðstól þess og kr. 172,35 sem áfallna vexti 1. október f. á. Fyrir láninu á skuldabrjefinu hjá stefnanda gáfu þeir Markús Einarssson og stefndur út viðurkenningu eða „Overenskomst" eins og skjalið er kallað í yfirskrift þess. Taka þeir fram í skjali þessu, að þeir beri fulla ábyrgð á skjalinu gagnvart stefnanda, „samt er begge Undertegnere med sit Gods og Navn ansvarlige for Forpligtelserne", eins og stendur í skjalinu. Eru það afborgun og vextir af veðskuldabrjefi þessu, sem hinn nefndi þriðji maður hefir innheimt af veðskuld stefnanda, sem stefnandi krefst dóms fyrir yfir stefndum í máli þessu.

Sýknukröfu sína byggir stefndur á því, að þar sem peningar þeir, er þeir Markús Einarsson og hann fengu fyrir veðskuldabrjef stefnanda, hafi gengið til að kaupa fyrir vörur handa verslun Markúsar Einarssonar, verði stefnandi fyrst að gjöra kröfu í þrotabú Markúsar, og kveðst hann fús á að borga mismuninn, sem ekki fáist úr því.

Það er in confesso í málinu að þeir báðir, Markús Einarsson og stefndur, hafi fengið hið umrædda veðskuldabrjef að láni hjá stefnanda í fjelagi, og þar sem eigi verður sjeð á viðurkenningarskjali því, er þeir gáfu út fyrir láninu, og sem jafnframt inniheldur skuldbindingu þeirra út af lántökunni, að ábyrgð þeirra út af henni hafi verið sjálfskuldarábyrgð, fær rjetturinn ekki sjeð, að stefnandi geti beint kröfu um greiðslu allrar hinnar umstefndu upphæðar að stefndum, og verður því að sýkna hann að henni til hálfs.

Eftir þessum úrslitum þykir rjett að málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 15. apríl 1921.

Nr. 1/1921.

Karl Nikulásson
(Eggert Claessen)
gegn
bæjarstjórn Akureyrar
(Pjetur Magnússon),

út af álagning aukaútsvars

Úrskurður fógetarjettar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar 30. desember 1920: Hin umbeðna lögtaksgjörð á að njóta framgangs.

Dómur hæstarjettar

Þess skal getið, að samningur áfrýjanda við »Hið íslenska steinolíuhlutafjelag« hefir verið lagður fram í hæstarjetti, en samkvæmt honum hafði áfrýjandinn fast kaup hjá fjelaginu fyrir sölu á olíu þess, en allur arður af sölunni rann til fjelagsins.

Að vísu er í máli þessu beinlínis nánast um útsvarshæð áfrýjanda að ræða, og það atriði heyrir ekki undir úrskurð dómstólanna. En þar sem bæjarstjórnin játar beint í forsendum úrskurðar síns, að útsvar áfrýjanda sje á hann lagt »mestmegnis . . . . í tilliti til hinnar miklu olíuumsetningar Steinolíufjelags Íslands«, og hefir lagt útsvar, er báðum var ætlað, á áfrýjanda einan, af því að það sje »álitamál, hvort beinlínis sje hægt að leggja útsvar« á fjelagið, þá er hjer um svo ólöglega álagningaraðferð að ræða, að eigi þykir verða komist hjá að dæma fógetaúrskurðinn ógildan.

Eftir þessum úrslitum þykir rjett, að hin stefnda bæjarstjórn greiði áfrýjanda málskostnað í hæstarjetti og er hann ákveðinn 150 kr.

Því dæmist rjett vera:

Fógetarjettarúrskurðurinn skal úr gildi feldur.

Stefndi, bæjarstjórn Akureyrar, greiði áfrýjanda, Karli Nikulássyni, 150 kr. málskostnað í hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Við niðurjöfnun aukaútsvara í Akureyrarbæ 1919 gjörði niðurjöfnunarnefnd Akureyrar Karli Nikulássyni, ræðismanni á Akureyri, að greiða 700 króna útsvar árið 1920. Útsvar þetta hefir hann neitað að greiða, þar sem útsvarið sje „mestmegnis lagt á olíuverslun Hins íslenska steinolíufjelags" hjer í bænum, sem hann er hjer umboðsmaður fyrir, en fjelagið eigi alls ekki að greiða útsvar af þessari sölu, þar sem hann hafi olíuna í Konsignation, og sjálfur eigi hann að eins að greiða útsvar af þeirri „prósion", kr. 2000,00, sem hann hafi eða þá hafi haft í ágóða af verslun inni með olíu fyrir fjelagið. Til vara hefir requisitus boðist til þess, að greiða af nefndri útsvarsupphæð kr. 175,00, sem sje hæfilegt útsvar lagt á sig samanborið við aðra gjaldendur í bænum, er hann hefir tekið sjer til samanburðar. Requisitus hefir á rjettum tíma kært útsvarið, og krafist á því lækkunar og leiðrjettingar hjer fyrir niðurjöfnunarnefndinni og síðar fyrir bæjarstjórn Akureyrar, en bæjarstjórnin hefir á fundi þann 17. febrúar þ. á. samþykt að útsvarið skuli óbreytt standa.

Eins og þetta mál liggur fyrir, virðist það rjett, að requisiti hafi verið gjört að greiða útsvar í Akureyrarbæ 1920, og að tillit hafi verið tekið til þess við álagningu útsvarsins, að öll hin umrædda steinolíuverslun hafi einungis gengið gegnum hendur requisiti hjer, sem að öllu leyti hefir rekið og rekur þá verslun í sínu nafni, og verður því ekki fallist á, að útsvarið sje ólöglega eða „mestmegnis" ólöglega lagt á requisitus, en það virðist ekki vera á valdi fógetarjettarins, þar sem álagningin ekki verður talin ólögleg, að breyta upphæð útsvarsins — hækka það eða lækka — þar sem fyrir liggur úrskurður bæjarstjórnarinnar um, að útsvar það, sem niðurjöfnunarnefndin lagði á requisitus fyrir árið 1920, skuli óbreytt standa. Ber því að framkvæma lögtaksgjörðina á ábyrgð gjörðarbeiðanda.

Miðvikudaginn 20. apríl 1921.

Nr. 8/1921. **Gunnlaugur Kristmundsson**
(E. Claessen)
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sig. Lýðsson),
um skilning ákvæðisins um stundarsakir í lögum nr. 75/1919 og aldursuppbót barnakennara.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. mars 1921: Stefnandanum í máli þessu, Gunnlaugi Kristmundssyni, ber úr ríkissjóði Íslands kr. 2410,67
Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Samkvæmt ákvæðinu um stundarsakir í lögum nr. 75, 28. nóvbr. 1919, samanbornu við 9. gr. laganna, átti að eins þeir kennarar, er ráðnir voru af skólanefnd eða fræðslunefnd til kenslu skólaárið 1919—1920, störfuðu fulla 6 mánuði og kendu 30 stundir á viku, kröfu til fullra launa samkvæmt nefndum lögum. Þar sem stefndi hefir samþykkt að greiða áfrýjanda laun samkvæmt lögum þessum, þótt hann að eins kendi 26 stundir á viku þetta skólaár, þá verður þegar af þeirri ástæðu að telja það rjett, enda í samræmi við 9 gr. laganna, að ákveða launin $^{26}/_{30}$ hluta af venjulegum árslaunum og reikna einnig dýrtíðaruppbótina eftir því.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti samkvæmt ástæðum þeim, sem tilgreindar eru í forsendum hins áfrýjaða dóms, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður einnig að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 150 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Áfrýjandi Gunnlaugur Kristmundsson greiði fjármálaráðherra f. h ríkissjóðs málskostnað fyrir hæstarjetti með 150 kr. að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 16. júní f. á. af Gunnlaugi Kristmundssyni, kennara við barnaskólann í Hafnarfjarðarkaupstað, gegn fjálmálaráðherra Magnúsi Guðmundssyni f h. ríkissjóðs Íslands, til greiðslu á þeim hluta launa stefnanda fyrir skólaárið 1919—1920, sem greiðast á úr ríkissjóði, svo og dýrtíðaruppbót fyrir tímabilið frá 1. janúar f. á. til loka skólaársins að upphæð samtals kr. 3351,00 og sundurliðar hann kröfu sína á þessa leið:

1.	$^1/_3$ af 1875 króna launum	kr.	625,00
2.	Launaviðbót eftir þjónustualdri	—	800,00
3.	Dýrtíðaruppbót af allri launaupphæðinni 1875 krónum og af launaviðbótinni 800 krónum, eða af samtals 2675 krónum frá $^1/_1$ f. á. til loka skólaársins, að $^9/_{15}$, eða af 1605 krónum 120 % . .	—	1926,00
		kr.	3351,00

Svo krefst stefnandi og 6 % ársvaxta af þessari upphæð frá sáttakærudegi 4 júní f. á til greiðsludags og málskostnað eftir mati rjettarins.

Stefndur telur að af launum og dýrtíðaruppbót stefnanda fyrir umrætt skólaár úr ríkissjóði hafi $^1/_4$ (fyrir mánuðina október til desember 1919) fallið til útborgunar á árinu 1919, en $^3/_4$ á árinu 1920; er því ekki mótmælt af stefnanda.

Þá telur stefndur að draga verði frá launum stefnanda umrætt skólaár, er átt hefði að vera 1875 krónur eftir þeim tíma, sem skólinn stóð, ef hann hefði kent 30 stundir á viku, $^4/_{30}$ hluta af þeirri ástæðu, að hann hefði ekki kent nema 26 stundir á viku og verði árslaunin að aldursviðbótinni fráskilinni því aðeins 1625 krónur.

Loks telur stefndur að stefnanda beri ekki nema 200 krónur í aldursuppbót.

Málspartarnir eru sammála um það, að ríkissjóði beri að greiða $^1/_3$ af launununum sjálfum.

Aldursuppbótin og $^1/_3$ af launununum, eins og stefndur telur það, er því samtals kr. 741,67, en upphæð sú, er dýrtíðaruppbótin telst af, 1825 krónur. Dýrtíðaruppbótin var 88 % af þeim fjórðungi, sem í gjalddaga fjell 1919, en 120 % af $^3/_4$ hlutunum, sem í gjalddaga fjell 1920. Sundurliðast upphæð sú, sem stefnanda ber eftir skilningi stefnds á lögunum um skipun barnakennara og laun þeirra nr. 75, 28. nóvember 1919, því, eins og hjer segir:

Árið 1919 fjell í gjalddaga:

1.	$^1/_4$ af kr. 741,67	kr.	185,42
2.	88 % af $^1/_4$ af 1825 krónum	—	401,50
	Árið 1920 fjell í gjalddaga:		
3.	$^3/_4$ af kr. 741,67	—	556,25
4.	120 % af $^3/_4$ af 1825 krónum	—	1642,50
	Af þessum samtals	kr.	2785,67
	hefir stefndur greitt	—	375,00
	og er því ekki mótmælt af stefnanda. Það eru því	kr.	2410,67

sem stefndur viðurkennir að stefnanda beri úr ríkissjóði. Þessi upphæð hefir stefnanda staðið til boða gegn fullnaðarkvittun, en hann ekki viljað þiggja, heldur höfðað mál þetta og gjört rjettarkröfur þær, er að framan greinir.

Stefndur hefir hinsvegar krafist að stefnanda verði ekki tildæmd hærri upphæð úr ríkissjóði en kr. 2410,67, en vaxtalaust, þar sem honum hafi staðið upphæðin til boða án þess til máls þyrfti að koma. Svo hefir stefndur og krafist málskostnaðar að skaðlausu hjá stefnanda.

Upphæð sú, er málspartana greinir á um, er því kr. 3351,00 $\div$2410,67=940,33, og stafar mismunurinn af því, að þeir telja hvor á sinn veg aldursuppbót og hin föstu laun stefnanda, og þar af leiðandi dýrtíðaruppbótina, sem ekki er ágreiningur um hvernig telja skuli eða greiða að öðru leyti.

Stefnandi hefir verið fastur kennari í 8 ár við barnaskóla utan kaupstaða í Gullbringusýslu og í 5 ár við barnaskólann í Hafnarfirði. Þar sem hann umrætt skólaár var fastur kennari við barnaskólann í Hafnarfjarðarkaupstað, telur hann sig hafa átt rjett á að fá 800 krónur í launaviðbót eftir þjónustualdri eftir a.-lið 12. gr. laganna um skipun barnakennara og laun þeirra.

Heldur hann því fram, að orðið „þjónustualdur" þýði í lagamálinu, sjerstaklega þá er um eftirlaunarjett er að ræða, öll þau ár, sem starfsmaður ríkisins hefir starfað í embætti, sem eftirlaunarjettur er lagður, og þá merkingu hafi það í 12. gr. framangreindra laga. Skifti það því ekki máli í hverjum hinna þriggja kennaraflokka, sem ræðir um í greininni, stefnandi hafi starfað, því aldursuppbótin eigi að teljast eftir árafjöldanum, sem hann hafi starfað sem fastur kennari og miðast við stöðu þá (kaupstaðarskólakennarastöðu), sem hann var í, er lögin komu fyrst til framkvæmda.

Af hálfu stefnds er því hinsvegar haldið fram, að þar sem kennurum sje í 12 gr. barnaskólakennaralaganna skift í 3 flokka að því er launaviðbót eftir þjónustualdri snertir, og viðbótin sje mismunandi í flokkunum, verði að skilja orðið „þjónustualdur" í byrjun greinarinnar, sem starfstíma í stöðu í ákveðnum kennaraflokki, þannig að stefnandi geti ekki átt kröfu til hærri aldursviðbótar en samsvari árafjölda þeim, er hann hefir starfað í flokki kaupstaðarskólakennara, en eftir honum eigi stefnandi ekki kröfu til launaviðbótar fyrir nema eitt hækkunartímabil eða 200 kr. Skýringu stefnanda á orðinu „þjónustualdur" er mótmælt af hálfu stefnds, og á það rjettilega bent, að í tilvitnunum þeim í lög, þessum skilningi til staðfestu, sem stefnandi tilfærir, sje jafnaðarlegast sjerstök útskýring á þýðingu orðsins í því sambandi, sem það er notað. Þá telur stefndur og liggja nær, að skýra ákvæði barnaskólakennaralaganna um aldursviðbót svo, að þau verði í samræmi við ákvæði laganna um laun embættismanna nr. 71. frá 28. nóvember 1919 um sama efni, en í samræmi við lög um svo óskylt efni sem eftirlaun.

Á þessa röksemdafærslu stefnds verður rjetturinn að fallast. Skýring stefnds á orðinu „þjónustualdur" í 12. gr. barnaskólakennaralaganna liggur eins nærri og skýring stefnanda, og það er ekkert sem bendir til þess, að löggjafinn hafi viljað veita barnakennurum greiðari aðgang að því að fá launaviðbót eftir þjónustualdri en embættismönnum ríkisins, þótt embættismannalaunalögin sjeu skýrari í þessu efni en barnaskólakennaralögin; þvert á móti verður það að teljast svo ósennilegt, að slíkt yrði að vera gefið ótvírætt til kynna í lögunum. Lögin eru bæði samþykt af Alþingi sama árið og staðfest af konungi sama dag. Nú er það ótvírætt eftir embættismannalaunalögunum, að til þess að embættismaður, sem hefir færst milli embætta, geti

lagt saman þjónustuár sín til aldursiaunaviðbótar, verður embætti það, sem hann fer úr, ekki aðeins að hafa verið í sömu stjórnargrein og hitt, er hann flyst í (o: embættin samkynja) heldur verða embættin og að vera jöfn að launum. Þar sem kaupstaðarskólakennarastöður eru hærra launaðar en barnaskólakennarastöður utan kaupstaða, getur stefnandi því eigi að áliti rjettarins fengið aldursviðbót, sem kaupstaðarskólakennari fyrir þau árin, sem hann hefir kent utan Hafnarfjarðar, og á því ekki kröfu til hærri aldursviðbótar en 200 króna, enda fjekst Alþingi 1920 ekki til að fallast á að skilningur stefnanda á hinu umrædda ákvæði barnakennaralaganna væri rjettur, þótt þess væri leitað.

Frá kröfu stefnanda verður því að draga 600 krónur, sem oftalda launaviðbót eftir þjónustualdri ásamt dýrtíðaruppbót af þeirri upphæð (88 % af kr. 150,00 + 120 % af kr. 450,00) sem nemur 672 krónum, eða samtals kr. 1372,00, en það er hærri upphæð en sú, sem ágreiningur er um í málinu, þótt laun stefnanda, að frádreginni launaviðbót eftir þjónustualdri, sjeu talin eins og hann telur þau sjálfur. Hefir það því enga þýðingu fyrir úrslit málsins, hvor málspartanna telur þau rjettar, þar sem dæma verður stefndan til að greiða upphæð þá, sem hann hefir boðið fram, og verður því ekki út í það farið hjer.

Þar sem stefnanda hefir staðið til boða upphæð sú, er rjetturinn telur hann eiga, verða honum ekki dæmdir vextir af henni. Þar sem greiðsla hennar hinsvegar var því skilyrði bundin, að stefnandi gæfi fullnaðarkvittun fyrir henni, og hefði þá útilokað sig frá að bera ágreininginn milli málspartanna undir úrlausn dómstólanna, þykir rjett að málskostnaður í máli þessu falli niður

Miðvikudaginn 27. apríl 1921.

Nr. 4/1921. **Hreppsnefnd Kjósarhrepps**
(Guðm. Ólafsson)
gegn
Jes Zimsen
(L. Fjeldsted),

um útsvarsskyldu af leigðum rjetti til laxveiði með stöng.

Úrskurður fógetarjettar Reykjavíkur 31. júlí 1920: Hið umbeðna lögtak á ekki fram að fara.

Dómur hæstarjettar.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem greindar eru í hinum áfrýjaða úrskurði, ber að staðfesta hann, og verður áfrýjandi þá að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 100 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað.

Áfrýjandi, hreppsnefnd Kjósarhrepps, greiði stefnda, Jes Zimsen konsúl, 100 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Jes Ziemsen, konsúll og kaupmaður hjer í bænum, á sumarbústað í landi jarðarinnar Laxárnes í Kjósarhreppi, og hefst hann þar við á sumrum nokkurn tíma með fjölskyldu sinni, og leigir rjett til að veiða lax á stöng í ánum Laxá og Bugðu. Vegna þessarar dvalar og laxveiðiafnotanna lagði hreppsnefnd Kjósarhrepps á nefndan kaupmann 50 króna aukaútsvar til sveitarsjóðs Kjósarhrepps haustið 1918, en hann hefir neitað að greiða þetta útsvar og telur sig alls ekki útsvarsskyldan í hreppnum vegna

þess, að umrædd laxveiði sje eigi arðsamt fyrirtæki, heldur aðeins til gamans.

Hreppsnefnd Kjósarhrepps heldur því aftur á móti fram, að laxveiði á stöng í ám þeim, sem hjer ræðir um, sje arðsöm, og útsvarið því rjettilega álagt. Hafa báðir aðiljar lagt það undir úrskurð fógetarjettarins, hvort lögtak á útsvarinu skuli fram fara.

Hreppsnefnd Kjósarhrepps telur heimild sína fyrir útsvarsálagningunni liggja í ákvæðum laga nr. 48, 3. nóvember 1915, um breytingu á lögum nr. 33, 2. nóvember 1914, um breytingu á sveitarstjórnarlögunum frá 10. nóvember 1905, en til þess að ákvæði þessara laga eigi við, verður laxveiðin að vera stunduð sem atvinna, sbr. orðin: „Þótt sú atvinna sje rekin enn styttri tíma". En eftir upplýsingum þeim, sem liggja fyrir í málinu, verður að teljast vafalaust, að laxveiði requisiti sje eigi rekin í atvinnuskyni, heldur sem gaman eða til skemtunar í sumarhvíld hans.

Samkvæmt þessu verður fógetarjetturinn að líta svo á, að útsvarsskylda fylgi ekki umræddum laxveiðiafnotum, og með því að eigi liggur heldur fyrir, svo upplýst sje, annar grundvöllur fyrir hinni umræddu útsvarsálagningu, verður að synja um framgang hins umbeðna lögtaks.

Föstudaginn 29. apríl 1921.

Nr. 31/1921. **Ólafur V. Davíðsson**
gegn
Guðmundi Ólafssyni
f. h. G. Albertssonar.

Dómur hæstarjettar

Máli þessu, er dæmt var í hjeraði 10. jan. f. á, hefir verið áfrýjað samkvæmt uppreistarleyfi dags. 23. sept. f. á., en áfrýjunarstefnan er ekki tekin út fyr en 8 vikum síðar eða þann 18. nóv. f. á. Sam-

kvæmt 28. gr. hæstarjettarlaganna fjell uppreistarleyfið úr gildi, er liðnar voru 4 vikur frá dagsetningu þess, án þess áfrýjunarstefna væri tekin út. Að þessum tíma liðnum brast því heimild til að áfrýja málinu og verður sökum þessa galla að vísa því ex officio frá rjettinum. Málskostnaðar hefir ekki verið krafist og fellur hann því niður.

Því dæmist rjett vera:

Máli þessu vísast frá hæstarjetti. Málskostnaður fyrir hæstarjetti falli niður

---

Föstudaginn 29. apríl 1921.

Nr. 34/1920. **Bjarni Sigurðsson**
gegn
Gunnari Sigurðssyni.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Bjarni Sigurðsson, sem eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Miðvikudaginn 22. júní 1921.

Nr. 13/1921. **Gísli J. Johnsen**
gegn
skiftaráðandanum í Vestmannaeyjum f. h. dánarbús Jóhanns Lárusar Stefánssonar Austmanns og Sigurði Ólafssyni, Rósu Hjartardóttur, Sigfúsi Árnasyni og Jóni Árnasyni.

Ómerkingardómur.

Úrskurður skiftarjettar Vestmanneyjakaupstaðar 12. febr. 1921: »Hin gerða ráðstöfun á eignum Jóhanns heitins Stefánssonar Austmann skal ónýt vera.

Dómur hæstarjettar.

Skiftarjettargjörðirnar sýna það eigi, að sáttatilraun hafi farið fram um ágreiningsatriðið áður en úrskurður var kveðinn upp í skiftarjettinum, eins og fyrir er skipað í skiftalögum 12. apríl 1878, 38. gr., og verður því ex officio að dæma hinn áfrýjaða skiftarjettarúrskurð ómerkan.

Málskostnaður fyrir hæstarjetti fellur niður.

Það er aðfinningarvert, að dómarinn hefir eigi sett fjarverandi erfingjum svaramann til að gæta rjettar þeirra, þegar arfleiðsluvottarnir staðfestu vottorð sín fyrir aukarjettinum, og að skiftaráðandi hefir haft málið um $8^1/_2$ mánuð til úrskurðar.

Því dæmist rjett vera:

Skiftarjettarúrskurðurinn skal vera ómerkur.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 14. okt. 1921.

Nr. 22/1921. **Valdstjórnin**
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
Guðjóni Jónssyni
(L. Fjeldsted).

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 15. desbr. 1920: Kærður Guðjón Jónsson greiði 300 króna sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Þegar slysið bar að höndum var bifreiðin á fjölförnum gatnamótum og vegur sleipur. Mátti kærði því ekki aka þar hraðara en svo, að vagninn yrði stöðvaður þegar í stað, og bar honum að stöðva bifreiðina þá þegar, er hann varð þess var, að maður var svo nærri henni, að hætta gat verið á árekstri.

Kærði gjörði þetta eigi og má álíta það sannað, að hann hafi ekki verið svo aðgætinn og sjerstaklega ekki temprað hraðan, svo sem staðhættir og kringumstæður útheimtu og þannig gjörst brotlegur gegn 1. og 3. málsgrein 6. greinar í lögum nr. 88, 14. nóv. 1917, um notkun bifreiða. Ennfremur er það upplýst, *að* ljós var ekki tendrað aftan á vagninum þegar slysið varð, *að* hraðamælir var enginn á bifreiðinni, *að* kærði ekki gaf hljóðbendingu sem skylt var, og loks, *að* kærði skýrði ekki frá nafni sínu og heimilisfangi og bauð ekki hjálp sína, þeim er slasaðist.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skýrskotun til lögreglurjettardómsins ber að dæma kærða

fyrir brot gegn 3. gr., 3. b., 6. gr., 8. gr. og 9. gr. fyrnefndra laga og ákveðst refsingin 200 kr. sekt.

Þórarni Brandssyni, er fyrir slysinu varð, verða ekki dæmdar skaðabætur í þessu máli af því hjeraðsdómarinn hefir af tilgreindum ástæðum synjað honum þess að fá skaðabótakröfu hans útkljáða jafnhliða refsimálinu og ekki dæmt um hana.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða lögreglurjettardóm, þó með áður greindri breytingu á sektarupphæðinni og sektin á að renna í ríkissjóð, þar sem málið er eingöngu höfðað fyrir brot gegn nefndum lögum um notkun bifreiða.

Kærði greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað þar með talið málflutningskaup til skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 80 kr. til hvors þeirra.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi skal óraskað að öðru en því, að sektin sje 200 kr., er renni í ríkissjóð.

Kærði greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talið málflutningskaup til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málaflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Lárusar Fjeldsted, 80 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Guðjóni bifreiðarstjóra Jónssyni, Grjótagötu nr. 10 hjer í bænum, fyrir

brot á ákvæðum laga nr. 88. frá 14. nóvember 1917 um notkun bifreiða og eru málavextir þeir er nú skal greina:

Kærður, sem stýrði vöruflutningabifreiðinni R. E. 199, eign Sveinjóns Einarssonar frá Bráðræði hjer í bænum, var föstudaginn 26. f. m. að aka fiski fyrir h. f. „Defensor" frá fiskihúsum fjelagsins fyrir innan bæinn niður á hafnarbakkann. Hefir hann skýrt svo frá að um kvöldið um 7 leytið hafi hann komið að innan niður Bankastræti og ekið hægt eins og venja sín sje. Þegar hann var kominn niður í brekkuna í Bankastræti neðarlega, sjer hann koma á móti sjer tvær vöruflutninga bifreiðar austur Austurstræti og fara upp í Bankastræti. Kveðst kærður hafa ekið á syðri (vinstri) hlið vegarins og hægt ferðina þegar bifreiðarnar komu á móti honum. Kveðst hann ekki geta sagt nákvæmlega hversu mikill hraði bifreiðarinnar hafi verið því hraðamælir vanti í hana, en hefir haldið því fram að hraðinn hafi ekki náð 8 km. á klukkustund. Þegar síðari bifreiðin, sem uppeftir ók, fór fram hjá honum.

Þegar síðari bifreiðin, sem uppeftir fór, var komin á móts við kærðan kveðst hann hafa verið staddur neðst í brekkunni, móts við Lækjargötuna. Verður hann þess þá var, að maður kemur suður yfir götuna og virtist kærðum hann stefna beint á bifreið sína og vera komin fast að henni og gekk sá áfram eins og hann ætlaði ekki eftir bifreið kærða. Kveður kærður þá hafa komið fát á sig, sig hafa snöggbeygt bifreiðina til vinstri handar, hana runnið til á hálkunni og rakst hún á manninn, er fjell niður á götuna. Kærður kveðst hafa stöðvað bifreiðina framundan búð Haraldar Árnasonar og litið við. Hann kveðst hafa vitað að bifreiðin hafi ekki farið yfir manninn og því ekki hafa álitið, að hann hafi getað meiðst mikið og heldur leiðar sinnar vestur eftir án þess að fullvissa sig um hvað manninum liði og bjóða aðstoð sína, ef með þyrfti. Kærður kveður framljós bifreiðarinnar hafa verið í ágætu standi en ekkert ljós að aftan því leiðsluna vanti og ekki kveðst hann muna til að hann gæfi hljóðmerki.

Maður sá, er fyrir bifreiðinni varð, er Þórarinn Brandsson skósmiður, 65 ára að aldri, og hefur alla æfi verið daufdumbur. Hann ætlaði af gangstjettinni neðst við Bankastræti að norðan suður yfir götuna á hornið hjá Bókaverslun Sigfúsar Fymundssonar, en fór mjög hægt, því hálka var mikil. Hann tók eftir bifreiðunum tveimur sem fóru upp Bankastræti og ætlaði að komast yfir göt-

una strax á eftir þeim, en þegar hann er kominn rúmlega yfir miðja götuna, veit hann eigi fyrri til en bifreið kærðs kemur ofan að á hlið við hann vinstra megin og svo nærri honum, að aurvarið á framhjólinu hægramegin rakst í hann og síðar framhornið á dekkinu. Kendi hann þá mikils sársauka í vinstri mjöðminni, hálfsvimaði og fjell á hægri hliðina. Komu þar að menn, er náðu í aðra bifreið og óku Þórarni upp á Landakotsspítala og kom það í ljós við læknis skoðun á honum að lærleggshálsinn var brotinn og telur læknirinn brotið stafa af byltunni í vottorði því, sem lagt hefur verið fram í málinu, en sjálfur heldur Þórarinn því fram, að aðalmeiðslið hafi hann hlotið við árekstrinn en ekki við byltuna, því árekstrinn hafi orðið á vinstri hliðina á sjer og þeim megin sje brotið, en hann hafi dottið á hægri hliðina.

Læknirinn telur meiðsl Þórarins bæði langvinnt og kvalafullt, á sjúkrahúsinu verði hann að dvelja ca. 10—12 vikur og óhaltur eða jafnfær til vinnu verði hann aldrei.

Þórarinn Brandsson hefur gjört þá kröfu til bifreiðarstjórans og eiganda bifreiðarinnar R. E. 199 í málinu, að þeir greiði allan þann kostnað, er leiði af legu hans á sjúkrahúsinu, og honum fullt lífsviðurværi meðan hann lifi, eftir að hann geti farið af sjúkrahúsinu, allt eftir mati rjettarins.

Það verður þó ekki hægt að taka þessa kröfu til greina í þessu máli. Eftir vottorði læknisins þarf Þórarinn að liggja ca. 10—12 vikur á sjúkrahúsinu og fyrri en hann er farinn þaðan er ekki hægt að ákveða sjúkrahúskostnaðinn; þá er og alsendis óvíst hvað langt kann að líða þar til læknar telja sje fært að votta um það, að hve miklu leyti Þórarinn hafi misst hæfilegleika sína til að vinna fyrir sjer. Eftir þessu þykir ekki mega draga þetta mál, en geymdur skal Þórarni rjettur hans óskertur til skaðabóta, bæði gegn kærðum og eiganda bifreiðarinnar R. E. 199.

Eftir framansögðu hefur kærður gjörst brotlegur gegn ákvæðum 6., 8. og 9. greinar framangreindra laga, og þykir refsing sú, er hann hefur til unnið með því eftir 13. gr. laganna, hæfilega ákveðin 300 króna sekt, er renni í bæjarsjóð. Svo ber kærðum að greiða allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á rekstri málsins hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 21. okt. 1921

Nr. 9/1921. **Ólafur Jóhannesson**
gegn
Einari M. Jónassyni

Dómur hæstarjettar.

I birtingarvottorði stefnuvottanna á hæstarjettarstefnunni er þess eigi getið, hvar og á hverjum tíma dags stefnan hafi verið birt stefnda, sem ekki hefir mætt í málinu fyrir hæstarjetti. Sönnun brestur þannig fyrir því, að stefnubirtingin hafi verið lögleg, og verður fyrir þá sök að vísa málinu frá hæstarjetti.

Málskostnaður fyrir hæstarjetti á að falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Máli þessu vísast frá hæstarjetti.

Málskostnaður fyrir hæstarjetti falli niður.

Mánudaginn 28. okt. 1921.

Nr. 7/1921. **Pjetur A. Ólafsson**
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
Valdemar Thorarensen
(L. Fjeldsted),

út af leigu á síldarsöltunarstöð.

Dómur gestarjettar Reykjavíkur 16. mars 1920: Svo framarlega sem stefndur, Pjetur A. Ólafsson, eftir löglegan undirbúning synjar fyrir það með eiði á varnarþingi sínu, að hann hafi samþykt að skipað yrði upp úr síldveiðiskipi

hans »Kóp« á Siglufirði sumarið 1917 og söltunarplass hjá O. Tynes, sem verið var að semja um leigu á handa honum, skyldi tekið til notkunar af fólki hans, nema því að eins að Þorsteinn kaupmaður Jónsson yrði með honum í leigunni að hálfu, á hann að greiða stefnanda, Valdemar Thorarensen, kr. 2229,50 með 6% ársvöxtum frá 4. maí 1918 til greiðsludags en málskostnaður að falla niður.

Vinni stefndur hinsvegar ekki svofeldan eið á hann að greiða stefnandanum kr. 4229,50 með vöxtum eins og að framan segir og 150 krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstarjettar með áfrýjunarleyfi dags. 18. febr. 1921

Það er eigi vefengt af áfrýjanda hálfu, að umboðsmaður hans hafi leigt af O. Tynes síldarsöltunarplass það, er ræðir um í málinu, fyrir 4000 kr., án nokkurra skilyrða um að annar maður væri með áfrýjanda um leiguna, og þareð áfrýjandi því næst tók síldarsöltunarplássið til notkunar, án þess að gjöra leigusala aðvart um að hann gjörði þannig lagað skilyrði um leiguna, hafði leigusali, O. Tynes, ástæðu til að ætla, að áfrýjandi hefði undirgengist að greiða hina umsömdu leigu.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsenda hins áfrýjaða dóms, er ekki hefir verið gagnáfrýjað, ber samkvæmt kröfu stefnda að staðfesta hann, þó þannig, að í stað Valdemars Thoarensen, sem er látinn, kemur dánarbú hans.

Í málskostnað fyrir hæstarjetti greiði áfrýjandi stefnda 150 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða gestarjettardómi skal óraskað. Í málskostnað fyrir hæstarétti greiði áfrýjandi, Pjetur A. Ólafsson, dánarbúi Valdemars Thorarensen 150 kr.

Eiðvinningin skal fram fara innan 8 vikna frá lögbirtingu dómsins, og honum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er með stefnu útgefinni 16. júlí f. á. höfðað fyrir gestarjettinum af Valdemar Thorarensen, málaflutningsmanni á Akureyri gegn Pjetri A. Ólafssyni konsúl, til heimilis í húsinu »Valhöll« hjer í bænum og hefur stefnandi krafist þess að stefndur verði dæmdur til að greiða sjer kr. 4229,50 með 6% ársvöxtum frá 4. maí 1918 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eða eftir mati rjettarins.

Stefndur hefur viðurkent að hann eigi að greiða 2000 krónur af hinni umstefndu upphæð en hefur þó krafist algjörðrar sýknunar í málinu og málskostnaðar hjá stefnanda að skaðlausu eða eftir mati rjettarins.

Málavextir eru þeir, að sumarið 1917 leigði Björn kaupmaður Guðmundsson hjer í bænum, sem þá var á Siglufirði, síldarsöltunarpláss, bryggju o. fl. af O. Tynes, kaupmanni og útgjörðarmanni á Siglufirði handa stefndum í þessu máli, og var það tekið til afnota af mönnum hans. Leigan var ákveðin 4000 krónur til síldarvertíðarloka 1917, þó skyldi síld sú, er veiddist á vertíðinni, mega liggja án sjerstaks endurgjalds á lóðinni til vors 1918.

Auk þessa greiddi O. Tynes kr. 229,50 í síldarmatslaun fyrir stefndan 12. september 1917.

Út af kröfu sinni á hendur stefndum höfðaði O. Tynes 4. maí 1918 mál á hendur honum fyrir gestarjetti Eyjafjarðarsýslu á Siglufirði en því máli var vísað frá dómi af gestarjettinum og sá dómur staðfestur af landsyfirrjetti. Framseldi þá O. Tynes

stefnanda kröfu sína á hendur stefndum og út af henni er mál þetta risið.

Stefndur neitar því ekki að svo hafi verið um samið, sem að framan er frá skýrt, nje heldur hinu, að hann hafi notfært sjer hið leigða sumarið 1917 meðan hann rak síldveiðar frá Siglufirði og átt þar síld geymda veturinn 1917—1918. Vörn sína byggir hann á því, að Björn Guðmundsson hafi farið út fyrir umboð það, sem stefndur gaf honum er hann leigði síldverkunarstöðina af O. Tynes með hinum umræddu skilmálum. Kveður hann umboð sitt til Björns hafa verið bundið því skilyrði, að Þorsteinn kaupmaður Jónsson, sem var á Austfjörðum um það leyti, er stóð á leigusamningunum við Tynes, yrði með í leigunni að hálfu. Sendi stefndur Birni símaumboð þess efnis um það leyti, sem skip hans »Kópur« kom til Siglufjarðar. Kveðst hann ekki hafa vitað betur en að Þorsteinn væri með sjer í leigunni þar til um það leyti, er síldveiðum hans á Siglufirði um sumarið var lokið og þá ekki haft neina ástæðu til að tilkynna Tynes heimildarbrest Björns til að semja, heldur hafi hann neitað að greiða meira en helming hinnar umsömdu leigu, er hennar var krafist, því Björn hafi ekki haft umboð til að skuldbinda sig frekar.

Endurgjaldskröfunni um kr. 229,50 hefur stefndur í byrjun málsins mótmælt að svo stöddu meðan ekki væri gjörð frekari grein fyrir henni en þá var gjört, en eftir að stefnandi hefur lagt fram kvittaðan reikning frá yfirsíldarmatsmanni Jakobi Björnssyni fyrir greiðslu upphæðarinnar af hálfu O. Tynes fyrir hönd stefnds, hefur hann ekki endurtekið mótmæli sín gegn henni og verður því að líta svo á, sem hann hafi fallið frá þeim.

Björn Guðmundsson hefur borið það sem vitni í máli þessu og framburður hans verið tekinn jafngildur og eiðfestur væri, að hann hafi átt símtal við stefndan frá Siglufirði að morgni hins 14. ágúst 1917, um leiguna og þá sagt stefndum, að hann hefði ekki umboð til að semja fyrir hönd Þorsteins Jónssonar. Hafi stefnandi þá í símtalinu fallið frá skilyrðinu um að Þorsteinn Jónsson yrði með í leigunni með því að samþykkja að síldverkunarstöðin yrði tekin til notkunar handa skipi hans og fólki, er kom sama dag til Siglufjarðar. Hið umrædda símskeyti frá stefndum fjekk Björn ekki fyrri en síðar sama daginn, og var stefndur þó búinn að senda það, er þeir Björn og hann áttu símtalið saman um morguninn, en Björn var búinn að semja við Tynes er hann fjekk það skeyti.

Með þessum vitnaframburði Björns telur rjetturinn svo mikl ar líkur framkomnar fyrir því, að stefndur hafi samþykt leiguna á hinni umræddu síldverkunarstöð til handa sjer enda þótt Þorsteinn Jónsson yrði ekki með í henni, að það verði að vera komið undir eiði stefnds, ef hann á að geta losnað við að greiða helming leigunnar. Hinsvegar getur rjetturinn ekki aðhyllst þá skoðun stefnanda að stefndur verði undir öllum kringumstæðum að greiða alla hina umsömdu leigu úr því að hann trygði sjer það ekki að Þorsteinn Jónsson væri með í leigunni áður en hann tók hið leigða til notkunar, því það var leigusala að gæta þess, að maður sá, er hann samdi við fyrir annan, hefði nægilegt umboð til að semja eins og gjört var.

Það verða því úrslit þessa máls hjer í rjettinum, að svo framarlega sem stefndur synjar fyrir það með eiði, að hann hafi samþykt að skipað væri upp úr síldveiðaskipi hans, „Kóp“, á Siglufirði, og hin umrædda síldarverkunarstöð tekin til notkunar í hans þarfir, nema Þorsteinn Jónsson yrði með honum í leigunni að hálfu, á hann að greiða stefnandanum helming hinnar umsömdu leigo, 2000 krónur, að viðbættum síldarmatskostnaðinum, kr. 229,50, samtals kr. 2229,50, með 6% ársvöxtum frá 4. maí 1918, en málskostnaður að falla niður. Vinni stefndur hinsvegar ekki svofeldan eið, á hann að greiða stefnandanum alla hina umstefndu upphæð með vöxtum eins og að framan greinir, og 150 krónur í málskostnað.

Mánudaginn 31. okt 1921.

Nr. 19/1921.

Sveinn Björnsson
f. h. A/S »Thore«
(Pjetur Magnússon)
gegn
Geo. Copland
(B. P. Kalman),

út af skipsleigu.

Dómur sjódóms Reykjavíkur 14. febr. 1921: Stefndur, Geo. Copland, á að vera sýkn af kröfum stefnandans, Sv. Björnssonar f. h. h/fj. eimskipafjelagsins „Thore" í þessu máli, en stefnandi fyrir hönd tjeðs umbjóðanda síns á að greiða stefndum 100 kr. í málskostnað, innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Fyrir hæstarjetti hefir áfrýjandi slept kröfunni um greiðslu á vangoldnum aukabiðdagabótum.

Eftir að málið var dæmt í sjódóminum hefir verið fenginn vitnisburður manns, er var fulltrúi stefnda, og verið tekinn gildur sem eiðfestur væri; gjörir skýrsla hans það sennilegt, að hann hafi þegar er »Geysir« kom til Reykjavíkur í aprílmánuði 1919 tjáð skipstjóra, að stefndi hefði aðeins fengið útflutningsleyfi fyrir 1000 smálestum fiskjar og að skipstjóri hafi þá talið það hæfilegan farm í skipið; en þessi skýrsla styrkir niðurstöðu þá, er sjódómurinn hefir komist að um farmgjaldskröfu áfrýjanda, og með því að fallist verður á ástæður þær, er greindar eru í dómnum, ber að staðfesta hann.

Í málskostnað fyrir hæstarjetti greiði áfrýjandi stefnda 300 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandi Sveinn Björnsson fyrir hönd A/S »Thore« greiði stefnda Geo. Copland 300 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir sjórjettinum með stefnu útgefinni 10. mars f. á. af Sveini Björnssyni hrm. hjer í bænum f. h. h./fj. eimskipafjelagsins »Thore« í Kaupmannahöfn gegn Geo. Copland, kaupmanni hjer í bænum, og hefir stefnandi krafist þess að stefndur verði dæmdur til að greiða sjer f. h. tjeðs umbjóðanda síns kr. 11200,00 sem vangoldið farmgjald og kr. 1250,00 sem vangoldnar aukabiðdagabætur, samtals kr. 12450,00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. október 1919 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eða eftir mati sjódómsins.

Stefndur hefir principaliter krafist algjörðar sýknunar af öllum kröfum stefnanda í málinu og málskostnaðar hjá honum eftir mati rjettarins. Til vara hefir stefndur krafist þess, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða 7000 krónur og til þrautavara 8750 krónur.

Málavextir eru þeir, að 17. mars 1919 gjörði umboðsmaður eimskipafjelagsins „Thore“ hjer í bænum skipsleigusamning við stefndan um leigu á skipi fjelagsins »Geysi« með fiskfarm hjeðan úr bænum og úr Hafnarfirði til Spánar og skyldi stefndur greiða 175 krónur í farmgjald fyrir hverja smálest fiskjar og 2500 krónur í aukabiðdagagjald á dag. Í samningi þessum stendur að skipið „Geysir“ fermi „hjer um bil 1200 tonn af dauðum þunga að meðtöldum kolabyrgjum, sem taka hjer um bil 200 tonn og rúmar 61,000 teningsfet af sekkjavöru“ . . . og að það »Skuli leigjast í ferð frá Reykjavík og Hafnarfirði, þar sem það á að taka fullkomið fullfermi af fiski«.

Hinn 1. maí 1919 hafði verið látið í skipið 1003 smálestir af fiski og 3 smálestir af sundmaga. Daginn eftir tjáist skipstjórinn á „Geysi“ hafa spurt stefndan að því, hvort hann gæti

ekki fengið 40-60 smálestir af fiski í viðbót í skipið, en stefndur átti að hafa svarað því til, að hann hefði ekki útflutningsleyfi fyrir meiru en 1000 smálestum af fiski.

Skipstjórinn og fyrsti stýrimaður á „Geysi" hafa síðar vottað undir eiðstilboð, að í skipinu, er það fór hjeðan 3. maí 1919, hafi enn verið rúm fyrir 64 smálestir af fiski, og þar sem stefndur eftir skipsleigusamningnum átti að láta fullfermi í skipið af fiski, hafa eigendur þess látið höfða mál þetta gegn honum og krefjast dóms fyrir farmgjaldi fyrir 64 smálestir, sem á hafi vantað, á 175 krónur smálestina eða kr. 11200,00. Auk þessa telja þeir skipið hafa tafist $^1/_2$ dag við fermingu og uppskipun umfram aukabiðdaga þá, er þeir hafa fengið borgun fyrir og hafa því krafist 1250 króna fyrir hann eða samtals kr. 12450 með vöxtum og málskostnaði eins og að framan greinir.

Eins og tekið hefir verið fram stendur í skipsleigusamningnum, að »Geysir« fermi „hjer um bil 1200 tonn af dauðum þunga að meðtöldum kolabyrgjum, sem taka hjer um bil 200 tonn". Eftir þessu mátti leigutaki skipsins, stefndur, ganga út frá því að fann fullnægði skyldu sinni eftir samningnum til þess að láta hullkomið fullfermi af fiski í skipið, er hann ljeti í það rúmar 1000 smálestir, því honum átti að vera heimilt að byggja á því, að burðarmagn þess væri rjett tilgreint í leigusamningnum og að það væri hjer um bil 1000 smálestir að kolabyrgjunum frátöldum. Rjetturinn fær því ekki sjeð, að eigendur skipsins eigi kröfu til þess, að stefndur greiði þeim áskilið farmgjald fyrir 64 smálestir af fiski, þótt gengið sje út frá því, að það í hinni umræddu ferð hefði getað tekið þær í viðbót í lestarúmið, vegna þess hve litlar kolabyrgðir það hafði þá í kolabyrgjum sínum og verður því að sýkna stefndan af kröfunni um það samkvæmt aðalkröfu hans.

Stefndur hefir heldur eigi gegn eindregnum mótmælum stefnds fært sönnur á að skipið hafi við fermingu og affermingu hins umrædda fiskifarms tafist hálfan dag umfram aukabiðdaga þá, er hann hefir fengið borgun fyrir og verður því einnig að sýkna stefndan af kröfunni um 1250 króna borgun fyrir hann.

Eftir þessum úrslitum þykir verða að tildæma stefndum málskostnað hjá stefnanda og hann hæfilega ákveðinn 100 krónur.

Miðvikudaginn 2. nóvember 1921.

Nr. 5/1921. **Sveinn Ólafsson**
(L. Fjeldsteð)
gegn
Sigurði Eiríkssyni
(Guðm. Ólafsson).

Ómerkingardómur.

Dómur sjódóms Suður-Múlasýslu 13. ág. 1920: Stefndi Sveinn Ólafsson greiði stefnanda Sigurði Eiríkssyni kr. 222,96 og eftir mati óvilhallra dómkvaddra manna bætur fyrir atvinnutjón þann tíma, sem Alpha tafðist frá veiðum vegna skemdanna, þó eigi hærri en kr. 1300,00 hvort tveggja fjárhæðina ásamt 5% vöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað kr. 221,70.

Sömuleiðis greiði stefndi Sveinn Ólafsson kr. 20,00 í sekt til fátækrasjóðs Mjóafjarðarhrepps og kr. 20,00 til ríkissjóðs.

Dómur hæstarjettar.

Með því að það sést ekki á dómsgjörðunum eða á annan hátt að sjódómsmennirnir hafi unnið drengskaparheit, sem 4. gr. laga nr. 52, 30. nóv. 1914, um sjódóma, áskilur, þá verður þegar af þeirri ástæðu ekki komist hjá að ómerkja sjórjettardóminn og alla meðferð málsins fyrir rjettinum.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti og er hann eftir atvikum ákveðinn 200 kr.

Því dæmist rjett vera:

Sjórjettardómurinn og öll meðferð málsins fyrir rjettinum á ómerk að vera.

Stefndi, Sigurður Eiríksson, greiði áfrýjanda, Sveini Ólafssyni, 200 kr. málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. nóv. 1921.

Nr. 16/1921. **Sigurjón Benediktsson**
(B. P. Kalman)
gegn
Sigtryggi Jónssyni
(L. Fjeldsted).

Ómerkingardómur.

Dómur gestarjettar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar 27. nóv. 1920: Í aðalsökinni greiði aðalstefndur járnsmiður Sigurjón Benediktsson Siglufirði aðalstefnanda Vald. Thorarensen f. h. Sigtryggs Jónssonar 3518 krónur 47 aura með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags.

Í gagnsökinni greiði gagnstefndur Vald. Thorarensen f. h. Sigtryggs Jónssonar gagnstefnanda Sigurjóni Benediktssyni 42 krónur 60 aura með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og með skuldajöfnuði við kröfu aðalstefnanda í aðalsök.

Málskostnað í aðalsök greiði aðalstefndur aðalstefnanda með 120 krónum, en málskostnaður í gagnsök falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Mál þetta, er var rekið sem aðalmál og gagnsök fyrir undirrjetti, hefir verið flutt skriflega fyrir hæstarjetti.

Þegar aðalmálið var þingfest í gestarjettinum á skrifstofu bæjarfógetans á Akureyri 1 maí 1918 mætti sækjandi, Sigtryggur Jónsson timburmeistari á Akureyri, eigi sjálfur í rjettinum, en í hans stað mætti málaflutningsmaður Valdemar Thorarensen, er sækjandi hafði falið flutning málsins. Fyrir hönd stefnda mætti málaflutningsmaður Böðvar Bjarkan. Leitaði dómarinn um sættir milli þeirra, en sættatilraunin reyndist árangurslaus.

Í tilskipun um sættastiptanir 20. jan. 1797, 25. gr., er bannað að senda málaflutningsmann í sinn

stað til að túlka mál fyrir sáttanefnd, og verður þetta fyrirmæli eftir eðli sínu að eiga jafnt við um sættatilraun fyrir gestarjetti. Með því að það nú er vitanlegt, að nefndur umboðsmaður sækjanda, Valdemar Thorarensen, hefir gjört málflutning og málaflutningsmannsstörf að aðalstarfi sínu um mörg undanfarin ár, verður í þessu efni að skoða hann sem málaflutningsmann, þó eigi hafi hann fengið skipun sem málaflutningsmaður. Sáttatilraunin verður því að teljast ólögleg.

Þegar gagnsökin var þingfest 8. júní s. á. mætti gagnstefnandi, Sigurjón Benediktsson, eigi sjálfur, en í hans stað mætti yfirrjettarmálaflutningsmaður Böðvar Bjarkan og leitaði dómarinn um sættir í gagnmálinu milli hans og umboðsmanns aðalsækjanda. Sáttatilraunin í gagnmálinu var því einnig ólögleg af sömu ástæðu og sættatilraunin í aðalmálinu, að málaflutningsmaður mætti þar fyrir hönd gagnsækjanda. Verður því ex officio að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og alla meðferð málsins í hjeraði eftir þingfesting þess, svo og fjárnámsgjörðina, er gjörð var samkvæmt dómnum hinn 31. desember f. á. — Eftir atvikum þykir rjett að málskostnaður fyrir hæstarjetti falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur og öll meðferð málsins í hjeraði eftir þingfesting þess svo og fjárnámsgjörðin 31. desember f. á. á að vera ómerk.

Málskostnaður fyrir hæstarjetti fellur niður.

Miðvikudaginn 30. nóv. 1921.

Nr. 12/1921. **Valdimar Sigurðsson**
(Pjetur Magnússon)
gegn
Sigfúsi Sveinssyni
(Jón Ásbjörnsson).

Spurning um kaup á beitusíld.

Dómur gestarjettar Suður-Múlasýslu 29. des. 1920: Svo framarlega sem stefndi Valdimar Sigurðsson, útgerðarmaður á Eskifirði, vinnur eið að því, eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu, að stefnandi kaupm. Sigfús Sveinsson á Norðfirði, hafi svarað neitandi, er stefndi pantaði 15 strokka af síld hjá honum 17. júní þ. á., eða að stefndi hafi skilið svar stefnanda sem neitandi, skal hann vera sýkn af öllum kærum og kröfum stefnanda í máli þessu, og málskostnaður falli niður, en treysti stefndi sjer ekki til að vinna svofeldan eið, á hann að greiða stefnanda Sigfúsi kaupm. Sveinssyni Norðfirði kr. 2325,00, með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað kr. 249,00.

Dóminum ber að fullnægja innan 3ja sólarhringa frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar

Aðalkrafa áfrýjanda hjer fyrir rjettinum er, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og að málinu verði vísað aftur heim í hjerað til nýrrar dómsáleggingar. Hann rökstyður kröfu þessa með því, að dómsorðið hljóði ekki á nafn hins rjetta varnaraðila í hjeraði, er hafi verið útgerðarfjelagið Valdimar Sigurðsson & Co., heldur á nafn Valdimars Sigurðssonar persónulega. En, þar sem það er nægilega ljóst af forsendum dómsins, að dæmt er um fjárkröfu á hendur útgerðarfjelaginu Valdimar Sigurðsson & Co, verður að skilja dómsorðið í samræmi við forsendurnar þannig, að með því sje nefndu útgerðarfjelagi, en ekki Valdimar Sigurðssyni persónulega, gjört að full-

nægja fjárgreiðsluákvæði dómsins ef eiðurinn yrði ekki unninn. Ómerkingar- og heimvísunarkrafa áfrýjanda verður því ekki tekin til greina.

Stefndi hefir ekki gegn neitun áfrýjanda sannað, að hann hafi í símtalinu 17. júní 1920 lofað að selja síld þá, er áfrýjandi þá falaði af honum nje að samningur um síldarkaupin hafi þá eða síðar verið fullgerður og eru heldur ekki fengnar svo sterkar líkur fyrir því, að svo hafi verið, að rjett sje að láta úrslit málsins vera komin undir synjunareiði áfrýjanda. Af þessum ástæðum verður að fella dóminn úr gildi, og sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu.

Það þykir rjett að málskostnaður í hjeraði falli niður, en stefnda ber að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 150 krónur.

Það athugast, að á dómsgjörðunum er þess ekki getið, að innheimt hafi verið hið lögákveðna gjald fyrir staðfesting og innsiglun þeirra og að ritlaunin eru sett lægri en þau eru að lögum.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandi, Valdimar Sigurðsson f. h. Valdimar Sigurðsson & Co., á sýkn að vera af kröfum stefnda, Sigfúsar Sveinssonar, í máli þessu.

Málskostnaður í hjeraði falli niður, en stefndi greiði áfrýjanda 150 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Stefnandi málsins Sigfús kaupmaður Sveinsson á Norðfirði, hefir höfðað mál þetta með gestarjettarstefnu dags. 27. ágúst þ. á. gegn Valdimar útgerðarmanni Sigurðssyni, Eskifirði, vegna út-

gerðarfjelagsins Valdimar Sigurðsson & Co. s. st. og krafist þess að stefndi Valdimar Sigurðsson vegna útgerðarfjelagsins Valdimar Sigurðsson & Co. verði dæmdur til að greiða sjer kr. 2525,00 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað kr. 249,00. Hinsvegar hefir stefndi, Valdimar Sigurðsson, neitað að greiða hina umstefndu skuld, og krafist þess, að hann vegna Valdimar Sigurðsson & Co. verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og hann dæmdur í bætur fyrir óþarfar og ástæðulausar málsýfingar.

Stefnandi Sigfús Sveinsson byggir kröfur sínar í máli þessu á því, að Valdimar Sigurðsson vegna Valdimar Sigurðsson & Co. hafi pantað hjá sjer 1500 kg. af beitusíld þ. 17. júní þ. á. fyrir kr. 2325,00 og hafi stefndi Valdimar Sigurðsson átt að veita síldinni móttöku frá skipi, er þá var væntanlegt með síldina frá Reykjavík, en stefndi hafi ekki verið viðstaddur, þegar síldin kom og enginu fyrir hans hönd. Stefnandi hafi því neyðst til þess, að láta flytja síldina á frystihús og geyma hana þar á kostnað stefnda; tilkynnt síðan stefnda þetta og krafið hann um borgun, en hann hafi hvorki borgað nje veitt síldinni móttöku. Stefndi, Valdimar Sigurðsson, hefir nú að vísu játað, að hann hafi pantað umrædda síld hjá stefnanda, en haldið því jafnframt fast fram, að stefnandi Sigfús Sveinsson hafi gefið þau svör við þessari málaleitun sinni, að síldin væri þá þegar öll pöntuð og hann gæti engu lofað. Hinsvegar hefir stefnandi haldið því fram, að Valdimar Sigurðsson hafi fengið fullkomið loforð fyrir síldinni, eins og allir aðrir Eskfirðingar og utansveitarmenn, er báðu um síld og síldarkaupin milli sín og stefnda hafi því verið fullgerð.

Það sem á milli ber í máli þessu er því þetta, hvort Sigfús Sveinsson hafi gefið stefnda ákveðið loforð fyrir síldinni þegar hann pantaði hana, eða ekki. Samkvæmt því, sem fram hefir komið í máli þessu, er það sannað, að stefnandi hafði síld á boðstólum um það leyti, sem Valdemar Sigurðsson pantaði síldina, og að stefnandi seldi ýmsum Eskfirðingum og öðrum síld um það leyti, og samkvæmt ómótmæltum vottorðum Hermanns Jónssonar Firði, Mjóafirði og vottorði Chr. Wathne, Fáskrúðsfirði, rjettarskjal nr. 17 og 18, virðist upplýst, að stefnandi hafi selt af sama síldarfarmi, jafnvel alt að mánuði seinna en stefndi talaði við stefnanda og pantaði síldina. Samkvæmt vottorði, rjettarskjali nr. 19, lýsir Sören Sörensen yfir því, að sjer sje ljóst af samta tveggja eigenda vjelbátsins Síðu-Halls, þeirra Valdimars Sigurðssonar og Óla Þorleifssonar, að þeir hafi getað fengið síld hjá

Sigfúsi Sveinssyni 20 júní þ. á. Sami maður hefir verið leiddur sem vitni í málinu og samkvæmt framburði hans, virðist hann staðfesta fyrgreint vottorð, en hinsvegar kveðst hann ekki muna ummælin, en heldur því fram, að umrætt samtal hafi átt við síldarfarm þann, sem kom 20. júní til stefnanda. Stefndi hefir aftur á móti til sönnunar því, að stefnandi hafi neitað sjer um síldina, skírskotað til rjettarskjala nr. 10, 11, 12 og 24. Á rjettarskjölum nr. 10, 11 og 24, virðist ekki verða bygt með því að vottorð þau, sem þar um getur, eru óstaðfest og auk þess gefin af meðeigendum stefnda, en rjettarskjal nr. 12 sýnir, að stefndi hefir pantað síld 20. júní hjá „Hinum sameinuðu íslensku verslunum“ á Eskifirði, en einnig þetta vottorð virðist þýðingarlítið í þessu sambandi, því það sannar ekkert um það, að síldarkaup við stefnanda hafi ekki átt sjer stað 17. júní. Eins og áður er sagt er það sannað að stefnandi Sigfús Sveinsson hafði síld á boðstólum, þegar stefndi pantaði síldina og ennfremur er upplýst, að stefnandi seldi ýmsum mönnum á Eskifirði og annarstaðar síld af umræddum síldarfarmi, bæði áður og eftir að stefndi pantaði umrædda síld; ennfremur virðist rjettarskjal nr. 19 sbr. við vitnisburð Sören Sörensen, styðja þá staðhæfingu stefnanda, að kaupin hafi verið fullgerð, og samkvæmt rjettarskjali nr. 3 virðist stefnandi hafa látið skrifa útgerðarfjelaginu Valdimar Sigurðssyni (!) úttektarmiða yfir síldina, sama dag sem síldarskipið kom, sem ætla mætti að stefnandi hefði ekki gert, ef hann hefði verið sjer þess meðvitandi, að hann hefði neitað stefnda um síldina. Þetta ásamt eftirriti af ábyrgðarbrjefi stefnanda til útgerðarfjelagsins Valdimar Sigurðsson & Co., rjettarskjal nr. 7 o. fl., virðist benda á að stefnandi hafi talið kaupin fullgerð, þegar í byrjun, og virðist því samkvæmt þeim líkum, sem fram hafa komið í málinu, bera að láta úrslit málsins vera komin undir eiði stefnda Valdimars Sigurðssonar um það, að stefnandi Sigfús Sveinsson hafi svarað neitandi, er stefndi pantaði umrædda síld 17. júní þ. á., eða að hann hafi skilið svar stefnanda sem neitandi. Vinni stefndi svofeldan eið, skal hann f. h. félags-útgerðarinnar Valdimar Sigurðsson & Co., vera sýkn af öllum kærum og kröfum stefnanda í máli þessu og málskostnaður falli niður, en treysti hann sjer ekki til að vinna svofeldan eið, virðist stefnda bera að greiða stefnanda Sigfúsi Sveinssyni umstefnda skuld kr. 2325,00 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað kr. 249,00.

Miðvikudaginn 30. nóv. 1921.

Nr. 17/1921. **Guðmundur Guðnason**
gegn
Gísla Þorbjarnarsyni.

Dómur hæstarjettar.

Með því að stefna í máli þessu fyrir hæstarjetti hefir eigi verið lögð fram, fellur málssókn þessi niður.

Áfrýjandi Guðmundur Guðnason greiði 50 kr. aukagjald í ríkissjóð áður en hann geti fengið málið tekið fyrir af nýju í hæstarjetti.

Stefndur, Gísli Þorbjarnarson, hefir sjálfur mætt í málinu og lagt fram eftirrit af stefnunni, og verður því að telja stefnuna honum birta. Því verður að dæma honum, samkvæmt kröfu hans, ómaksbætur fyrir árangurslausa þingsókn, og ákveðast bæturnar 15 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Málssókn þessi er niður fallin. Stefnandi Guðmundur Guðnason greiði stefndum Gísla Þorbjarnarsyni í ómaksbætur 15 kr., sem ber að greiða að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. des. 1921.

Nr. 14/1921. **Jón Benediktsson**
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
Pjetri Guðmundssyni,
Guðmundi Guðmundssyni
og Böðvari Þorlákssyni
(Enginn).

Landamerkjamál. Ómerkingardómur.

Dómur merkjadóms Húnavatnssýslu 27. okt. 1920: Á milli Holts og Húnstaða ræður merkjum bein lína úr fossinum í Fossgili í Efri-Strokkakeldu norður við Laxá. Af borgun til dómenda, samtals 200 kr., greiði sækjendur Pjetur Guðmundsson, Guðmundur Guðmundsson og Böðvar Þorláksson in solidum $^3/_5$ eða 120 kr, en varnaraðili Jón Benediktsson $^2/_5$ með 80 kr. Að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Dóminum að fullnægja innan 3ja sólarhringja frá lögbirtingu hans að viðlagri laga-aðför.

Dómur hæstarjettar.

Hinir stefndu hafa eigi mætt í hæstarjetti enda þó að þeim hafi verið löglega stefnt. Hefir málið því verið rekið samkv. 1. lið 38. gr. hæstarjettarlaganna og er dæmt samkv. N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Í hjeraði var málið rekið sem landamerkjamál og lauk þar með merkjadómi Húnavatnssýslu 27. okt. f. á. Hefir þeim dómi verið skotið hingað með stefnu, dags. 23. apríl þ. á., og er aðalkrafa áfrýjanda, að dómurinn verði ómerktur og málinu heimvísað og honum dæmdur málskostnaður fyrir báðum rjettum. Rökstyður áfrýjandi ómerkingarkröfuna með því, að meðdómsmenn sýslumanns hafi hvorki verið eiðfestir nje látnir vinna drengskaparheit, enda sjest það hvergi í dómsgjörðunum að svo hafi verið gjört.

Það er nú að vísu eigi beinlínis áskilið í landamerkjalögunum nr. 41, 28. nóv. 1919, að meðdómendur skuli eiðfestir eða vinna drengskaparheit, svo sem gjört var um eiðfesting þeirra í eldri landamerkjalögunum. En eiður af hendi meðdómenda hefir verið áskilinn í lögum vorum frá fornu fari, sbr. 41. kap. þingskapaþáttar Grágásar, 3. kap. þingfararbálks Jónsbókar og N. L. 1—7—2 og 1—7—5. Og það sjest á athugasemdum stjórnarinnar við 10. gr. frv. til laga nr. 41/1919, að eigi hefir verið ætlast til að eið- eða heitvinning fjelli niður í landamerkjamálum, heldur hefir nauðsyn hennar verið talin liggja í fyrirmælum 1. gr. laga nr. 29, 11. júlí 1911. Hjer við bætist, að eiður eða drengskaparheit er lögmælt í líkum tilfellum, sbr. 5. gr. laga nr. 35, 2. nóv. 1914 og 4. gr. laga nr. 52, 30. nóv. s. á, enda nokkurskonar eiður áskilinn jafnvel af hendi votta og virðingarmanna fógeta sbr. 2. mgr. 2. gr. laga nr. 19, 4. nóv. 1887.

Samkvæmt þessum almennu reglum löggjafarinnar ber að láta meðdómsmenn í landamerkjamálum vinna eið áður en þeir taka til starfa, og þar sem það sjest eigi af dómsgjörðunum að meðdómsmennirnir hafi unnið slíkan eið, verður ex officio að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins fyrir merkjadóminum, heimvísa málinu og skylda merkjadóminn til að taka málið upp að nýju.

Eftir þessum úrslitum verða hinir stefndu að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti og er hann ákveðinn 150 kr.

Því dæmist rjett vera:

Landamerkjadómurinn á að vera ómerkur og vísast málinu heim til löglegri meðferðar.

Hinir stefndu, Pjetur Guðmundsson, Guðmundur Guðmundsson og Böðvar Þorlákssón, greiði áfrýjanda, Jóni Benediktssyni, in solidum 150 kr. málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 20. des. 1921.

Nr. 28/1921. **Hreppsnefnd Gerðahrepps**
(Guðm. Ólafsson)
gegn
Lárusi Fjeldsted
(sjálfur).

Víxilmál. Ómerkingardómur.

Dómur gestarjettar Reykjavíkur 24. jan. 1921: Hinir stefndu, Guðmundur Björnsson, Einar Magnússon, Eiríkur Torfason, Halldór Þorsteinsson og Magnús sýslumaður Jónsson f. h. Gullbringusýslu eiga að vera sýknir af kröfum stefnandans, L. Fjeldsteds, í þessu máli, en hann að greiða þeim 100 krónur í málskostnað.

Stefndur sjera Friðrik J. Rafnar f. h. Gerðahrepps greiði stefnandanum 11000 krónur ásamt 6% ársvöxtum frá 7. mars f. á. til greiðsludags, 1/3% af upphæðinni í þóknun og 555 krónur í afsagnar- og málskostnað.

Hið ídæmda greiðist innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Með því að það er ljóst af skjölum, sem lögð hafa verið fram samkv. novaleyfi, dags. 12. f. m., að maður sá, er stefnt var í hjeraði f. h. Gerðahrepps, hafði, þá er hjeraðsstefnan var birt honum 1. okt. f. á., eigi að eins lagt niður oddvitastörf heldur og vikið úr hreppsnefndinni fyrir rúmum 15 mánuðum,

og eigi verður sjeð, að honum hafi á annan hátt verið falið að koma fram fyrir hönd hreppsnefndarinnar, þá verður ex officio að ómerkja dóminn og meðferð málsins, sem skotið hefir verið hingað af hendi hreppsnefndarinnar, samkv. uppreistarleyfi, dags. 27. okt. þ. á., að því er kemur til áfrýjandans, hreppsnefndarinnar í Gerðahreppi.

Samkvæmt þessum úrslitum verður stefndi að greiða áfrýjandanum málskostnað fyrir hæstarjetti og er hann ákveðinn 200 kr.

Því dæmist rjett vera:

Gestarjettardómurinn og öll meðferð málsins í hjeraði á, að því leyti er áfrýjandann, hreppsnefndina í Gerðahreppi snertir, ómerk að vera.

Stefndi, Lárus Fjeldsted málaflutningsmaður, greiði áfrýjanda 200 kr. málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir gestarjettinum með stefnu birtri 1. og 12. október f. á. af L. Fjeldsted hrm. hjer í bænum gegn sjera Friðriki J. Rafnar á Útskálum f. h. Gerðahrepps, Guðmundi Björnssyni í Gerðum, Einari Magnússyni s. st., Eiríki Torfasyni, Bakkakoti, Halldóri Þorsteinssyni í Vörum og Magnúsi Jónssyni, sýslumanni í Hafnarfirði f. h. Gullbringusýslu og hefir stefnandi krafist þess, að hinir stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sjer upphæð 11000 króna víxils, útgefins af stefndum Guðmundi 7. nóvember 1919 og samþykkts af stefndum sjera Friðriki f. h. Gerðahrepps til greiðslu í Íslandsbanka hjer í bænum 7. mars f. á. en afsagðs sökum greiðslufalls 10. s. m. og eru hinir aðrir stefndir ábekingar á víxli þessum. Auk víxilupphæðarinnar hefir stefnandi krafist dóms yfir stefndum sömuleiðis in solidum fyrir 6% ársvöxtum af henni frá gjalddaga víxilsins til greiðslu-

dags, $^1/_3$% af henni í þókuun og afsagnarkostnaði og málskostnaði að skaðlausu. Nemur hann eftir framlögðum reikningi 555 krónum.

Hinir stefndu Guðmundur Björnsson, Einar Magnússon, Eiríkur Torfason, Halldór Þorsteinsson og Magnús Jónsson hafa krafist sýknunar af kröfum stefnanda í málinu og kr. 544,79 málskostnaðar hjá honum, með skírskotum til þess, að krafan á hendur þeim væri fyrnd eftir 78. gr. víxillaga fyrir Ísland frá 13. janúar 1882.

Þessi varnarástæða þeirra er á rökum bygð og verður því að taka sýknunarkröfu þeirra til greina, að dæma þeim málskostnað hjá stefnanda en gegn mótmælum hans verður málskostnaðarupphæðin ekki ákveðin hærri en 100 krónur.

Af hálfu stefnds sjera Friðriks J. Rafnar f. h. Gerðahrepps, sem hefir látið mæta í málinu, hafa hinsvegar engar mótbárur komið fram gegn framangreindum kröfum stefnanda á hendur honum og verður því að taka þær til greina að öllu leyti.

Viðbætir.

Dómar hæstarjettar í Kaupmannahöfn í íslenskum málum, dæmdir 1921.

Mánudaginn 10. janúar 1921.

Nr. 148. **Jón kaupmaður Laxdal**
(Fenger)
gegn
Gísla Sveinssyni yfirrjettarmálaflutningsmanni f. h. C. A. Kruuse
(Enginn),

um skyldu áfrýjanda til að greiða skaðabætur vegna vanefnda farmsamnings.

Dómur sjódóms Reykjavíkur 11. maí 1918: Aðalstefnandi Gísli Sveinsson f. h. C. A. Kruuse og gagnstefnandi Jón Laxdal eiga að vera sýknir hvor af annars kröfum í þessu máli. Málskostnaður falli niður.

Dómur landsyfirrjettarins 27. júní 1919: Stefndi Jón Laxdal greiði aðaláfrýjanda **Gísla Sveinssyni** f. h. C. A. Kruuse 1400 kr. með 6 % ársvöxtum frá 10. okt. 1917 til greiðsludags. Að öðru leyti eiga málsaðilar að vera sýknir hvor af annars kröfum í máli þessu. Málskostnaður fellur niður bæði í aðalsök og gagnsök fyrir báðum rjettum.

Dómi þessum ber að fullnægja áður en 8 vikur sjeu liðnar frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hæstarjettar.

Fyrir hæstarjetti hefir áfrýjandi látið falla niður gagnkröfur þær, er hann gjörði á fyrri dómstigum.

Enda þótt áfrýjandi samkvæmt farmsamningi þeim, er um getur í hinum áfrýjaða dómi, hefði verið óheimilt að afhenda farminn, af þurrum saltfiski, í skipið í pökkum í staðinn fyrir lausan, verður þó að álíta að stefndi hafi ekki af þeirri ástæðu getað gert kröfu til skaðabóta gagnvart honum. Gegn neitun áfrýjanda hefir stefndi sem sje hvorki sannað það, að skipstjórinn hafi mótmælt að taka við fiskinum pökkuðum fyr en að fermingunni var að fullu lokið, nje fært sönnur á sitt mál um að áfrýjandi hafi áður en ferming byrjaði, ábyrgst að skipið skyldi fá fullfermi, þótt fiskurinn væri afhentur pakkaður.

Þegar af þessum ástæðum verður að sýkna áfrýjanda samkvæmt kröfu hans.

Málskostnaður fyrir öllum dómum á, eftir atvikum, að falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandi, Jón Laxdal kaupmaður, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Gísla yfirrjettarmálaflutningsmanns Sveinssonar f. h. C. A. Kruuse, í þessu máli. Málskostnaður fyrir öllum dómum falli niður.

Til dómsmálasjóðsins greiði stefndi 10 kr.

Ástæður landsyfirrjettardómsins eru prentaðar í X. bindi dómasafnsins bls. 628—724.

Föstudaginn 18. nóv. 1921.

Nr. 19. **Einar fyrv. sýslum. Benediktsson**
(I. Kondrup)
gegn
Gísla Sveinssyni
(Enginn),

um rjett áfrýjanda, sem skiftaráðanda í dánarbúi, að greiða erfðahluta manni, sem hann hafði skipað að mæta við skiftin fyrir hönd hlutaðeigandi erfingja.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. júní 1916: Stefndur, Einar Benediktsson, greiði stefnandanum, Gísla Sveinssyni f. h. dánarbús Sigurbergs Einarssonar 288 kr. ásamt 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi 18. jan. þ. á. til greiðsludags, og málskostnað með 25 krónum. Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur landsyfirrjettarins 15. janúar 1917: Bæjarþingsdóminum skal óraskað. Áfrýjandi, Einar Benediktsson greiði stefnda Gísla Sveinssyni fyrir hönd dánarbús Sigurbergs Einarssonar 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum ber að fullnægja áður en 8 vikur eru liðnar frá löglegri birtingu hans að viðlagðri laga-aðför.

Dómur hæstarjettar.

Eftir öllu því, sem liggur fyrir verður að álíta, að þessar 288 kr., er — eins og getið er í hinum áfrýjaða dómi — voru lagðar út í arf hinum fullveðja Sigurbergi Einarssyni, sem var fjarverandi við skiftin 25 janúar 1906, hafi á skiftafundinum verið greiddar Páli Pálssyni, sem áfrýjandi skipaði fjárhaldsmann Sigurbergs og til þess að mæta fyrir hans hönd. Þar sem ennfremur verður að ætla, að fyrir hendi hafi verið lögleg skilyrði fyrir þessari fjárhaldsmannskipun og að skiftarjetturinn hafi ekki haft ástæðu til að fylgja reglum ísl. opins brjefs frá

9. nóv. 1825, verður engin krafa gjörð á hendur áfrýjanda, þótt Sigurbergur hafi ekki fengið greiddan þenna arfahluta sinn hjá Páli Pálssyni. Það verður því að sýkna áfrýjanda, en rjett þykir að málskostnaður fyrir öllum dómum falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandinn, Einar fyrv. sýslumaður Benediktsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda Gísla Sveinssonar, í þessu máli.

Málskostnaður fyrir öllum dómum falli niður

Ástæður landsyfirrjettardómsins eru prentaðar í X. bindi dómasafnsins bls. 8—12.

Þriðjudaginn 29. nóv. 1921.

Nr. 20. **Bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar**
(I. Kondrup).
gegn
Ólafi Davíðssyni f. h. Leonh Tang & Söns verslunar eða gegn versiun þessari,
(Enginn),

um rjett Ísafjarðarkaupstaðar til lóðarbletts.

Dómur aukarjettar Ísafjarðarkaupstaðar 23. maí 1914: Hin umþrætta lóð á að vera eign Ísafjarðarkaupstaðar eins og byggingarnefndin ákvað hana á fundi sínum 7. apríl 1909. Málfærslumaður stefnanda Magnús bæjarfógeti Torfason

greiði 10 kr. sekt til landssjóðs. Ummælin: „Þjófur dæmir þjóf af sjer“, „að einskis er af honum örvænt“ og „málsfærslumaður mótpartsins kemst eigi hjá að sæta sekt fyrir ósannindi í málsflutningnum“, eiga að vera dauð og ómerk. Málskostnaður falli niður. Að fullnægja innan 15 daga eftir lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur landsyfirrjettarins 1. febrúar 1915: Aðaláfrýjandi Ólafur Davíðsson fyrir hönd Leonh. Tang & Söns verslunar á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar, í þessu máli. Um málskostnað, sekt fyrir ósæmilegan rithátt og ómerking framangreindra ummæla skal hinum áfrýjaða dómi óraskað, þó svo að sektin sje 10 kr. til fátækrasjóðs Ísafjarðarkaupstaðar og 10 kr. til landsjóðs. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður. Ídæmda sekt ber að greiða, áður en liðnar sjeu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar:

Samkvæmt ástæðum þeim, er greinir í hinum áfrýjaða dómi

dæmist rjett vera:

Dómur landsyfirrjettarins á að vera óraskaður. Til dómsmálasjóðsins greiði áfrýjandi, bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar, 10 krónur.

Ástæður landsyfirrjettardómsins eru prentaðar í IX. bindi dómasafnsins bls. 425—439.

Fimtudaginn 1 desbr. 1921.

Nr. 21.

Valdemar Thorarensen
f. h. Carl Sæmundsen & Co.
(Mortensen-Larsen)
gegn
Ragnari kaupmanni Ólafssyni
(Fich),

um heimild stefnda til að rifta kaupi á síld af áfrýjanda.

Dómur Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstaðar 23. sept. 1918: Stefndi á að vera sýkn af kröfu áfrýjandans í þessu máli. Áfrýjandi, Valdemar Thorarensen f. h. Carl Sæmundsen & Co., greiði stefnda, Ragnari kaupmanni Ólafssyni, málskostnað með 100 kr. Málflutningsmaður Valdemar Thorarensen og málflutninsmaður Böðvar Jónsson greiði, hinn fyrnefndi 40 kr. og hinn síðarnefndi 20 kr., sekt, sem rennur að hálfu í landssjóð en að hálfu í fátækrasjóð Akureyrarkaupstaðar. Ákvæðum dómsins um málskostnað og sektir ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur landsyfirrjettarins 8. desbr. 1919: Hinum áfrýjaða aukarjettardómi skal óraskað. Áfrýjandi, Valdemar Thorarensen f. h. Carl Sæmundsen & Co., greiði stefnda Ragnari Ólafssyni 80 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Ídæmdur málskostnaður og sektir greiðist áður liðnar sjeu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hæstarjettar.

Samkvæmt ástæðum þeim, er greindar eru í hinum áfrýjaða dómi ber eftir kröfu stefnda að staðfesta hann.

Málskostnað fyrir hæstarjetti þykir rjett að áfrýjandi greiði stefnda með 500 krónum.

Því dæmist rjett vera:

Dómur landsyfirrjettarins á að vera óraskaður.

Málskostnað fyrir hæstarjetti greiði áfrýjandi, Valdemar Thorarensen f. h. Carl Sæmundsen & Co., stefnda, Ragnari kaupmanni Ólafssyni, með 500 krónum. Svo greiði áfrýjanda og 10 krónur í dómsmálasjóð.

Ástæður landsyfirrjettardómsins eru prentaðar í X. bindi dómasafnsins, bls. 849—856.

Hæstarjettardómar

Útgefandi: Hæstarjettarritari.

III. árgangur. 1922.

Föstudaginn 27. janúar 1922.

Nr. 21/1921. **Lárus Fjeldsted f. h. eiganda mótorskipsins „Sieka IV“**
(Lárus Fjeldsted)
gegn
Magnúsi Gíslasyni f. h. kaupfjelagsins „Hekla“
(Pjetur Magnússon)
útaf vangreiddu farmgjaldi.

Dómur sjódóms Reykjavíkur 1. nóvember 1920: Aðalstefnandi Lárus Fjeldsted f. h. eiganda mótorskipsins Sieka IV, og gagnstefnandi Magnús Gíslason f. h. kaupfjelagsins „Hekla“ eiga að vera sýknir hvor af annars kröfum í máli þessu. Málskostnaður bæði í aðalsök og gagnsök falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Þegar vjel skipsins bilaði í fyrstu var viðtakandi farmsins staddur í Kaupmannahöfn, fermingarstað skipsins, og var honum og sömuleiðis farmsendara tilkynt um bilun vjelarinnar. Að liðnum 9 dögum frá því vjelin bilaði var farmurinn skoðaður af hálfu viðtakanda og þá ekki talið nauðsynlegt að taka hann úr skipinu. Nokkrum dögum síðar, er viðtakandi farmsins var farinn frá Kaupmannahöfn,

var farmsendari sem umboðsmaður farmviðtakanda aðvaraður af miðlara skipsins um að vörurnar kynnu að skemmast af því að liggja í skipinu og ráðstöfunar beiðst um hvað gjöra skyldi við farminn og var aðvörun þessi endurtekin tæpum mánuði síðar, er vjelin bilaði í annað sinn. Hvorugri þessari aðvörun var sint að neinu, og þar sem stefndi hefir ekki nægilega mótmælt því fyrir sjórjettinum, að farmsendari hafi haft umboð til að gæta hagsmuna sinna að því er ráðstöfun farmsins snertir meðan skipið lá á fermingarstaðnum, þá verður að líta svo á, að skipstjóri hafi beint aðvörunum sínum til rjetts hluteiganda.

Nú átti farmeigandi að vísu rjett á að gjört væri við vjelina svo fljótt sem kostur var á og var þessa ekki gætt, þar sem aðgerðin drógst lengur en nauðsynlegt var. En með því að umboðsmaður farmeiganda ekki hóf nein mótmæli gegn þeim ónauðsynlega drætti, og þar sem hann ekki sinti endurteknum aðvörunum miðlara skipsins um að ráðstafa farminum svo að hann ekki skemdist í skipinu, og skipstjóri virðist hinsvegar hafa annast farminn tilhlýðilega og gjört þær ráðstafanir, er við áttu, til þess að firra vörurnar skemdum með því að hafa lestina opna þegar veður leyfði, þá ber skipseigandi ekki ábyrgð á því, þótt vörurnar hefðu spilst af því að liggja í skipinu meðan það beið eftir aðgerð vjelarinnar.

Af þessum ástæðum ber, með skírskotun til málsútlistunarinnar í hinum áfrýjaða sjórjettardómi, að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í máli þessu, en dæma stefnda til að greiða áfrýjanda eftirstöðvar farmgjaldsins, 7000 kr. með 6% vöxtum frá 24. ágúst 1919 til greiðsludags.

Það þykir rjett, að málskostnaður fyrir sjódóminum falli niður, en að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 300 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi Magnús Gíslason f. h. kaupfjelagsins »Hekla« greiði áfrýjanda Lárusi Fjeldsted f. h. eiganda skipsins »Sieka IV« 7000 — sjö þúsund — krónur með 6% vöxtum frá 24. ágúst 1919 til greiðsludags.

Málskostnaður fyrir sjódóminum falli niður, en stefndi greiði áfrýjanda 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir sjódóminum með stefnu útgefinni 15. desember f. á. af Lárusi Fjeldsted hæstarjettarmálaflutningsmanni hjer í bænum f. h. eiganda hollenska mótorskipsins Sieka IV, W. Mulder gegn Magnúsi Gíslasyni stjórnarráðsfulltrúa f. h. kaupfjelagsins „Hekla" á Eyrarbakka og hefir stefnandi krafist þess, að stefndur verði f. h. stefnds kaupfjelags dæmdur til að greiða sjer f. h. tjeðs umbjóðanda síns 7000 krónur sem vangoldna leigu fyrir ofanneínt skip ásamt 6% ársvöxtum frá 21. ágúst f. á. til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu, eða eftir mati sjódómsins.

Stefndur hefir krafist sýknunar af öllum framangreindum kröfum stefnanda í málinu.

Hann hefir og með gagnstefnu útgefinni 8. febrúar þ. á. höfðað gagnsök gegn stefnanda og krafist þess í henni, að aðalstefnandi verði f. h. umbjóðanda síns dæmdur til að greiða sjer f. h. kaupfjelagsins „Hekla" með eða án skuldajafnaðar krónur 15947,00 í skaðabætur auk 6% ársvaxta af upphæðinni frá

gagnstefnudegi til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati sjódómsins.

Málavextir eru þeir, að 20. apríl f. á. gjörði forstjóri kaupfjelagsins „Hekla“ Guðm. Guðmundsson, sem þá var staddur í Danmörku, leigusamning um mótorskipið Sieka IV, sem þá lá í Kaupmannahöfn, eina ferð til Eyrarbakka og var leigan ákveðin 14000,00 krónur fyrir ferðina. Var helmingur hennar greiddur við undirskrift samningsins en hinn helmingurinn átti að greiðast „on right delivery of the cargo“. Hinn 5. maí þ. á. var skipið fullfermt og átti að leggja á stað næsta dag, en er vjelin var sett í gang brotnaði stykki í henni og við það bognaði endinn á öxlinum. Áleit skipstjóri ekki fært að leggja á stað án viðgjörðar á vjelinni. Var Guðmundi Guðmundssyni gjört aðvart um bilunina. Kom hann út í skipið og tjáði skipstjóri honum þá að viðgjörðin mundi sennilega taka vikutíma, ef endurbæta mætti hin brotnu eða skemdu stykki, að því er skipstjóri hefir borið í sjórjetti Árnessýslu. Skömmu síðar fór Guðmundur Guðmundsson heim til Íslands.

Eftir skýrslu skipstjórans á „Sieka IV“, sem lögð hefir verið fram í málinu, var sú ákvörðun tekin 13. maí að láta skipasmíðastöð Burmeister & Wain í Kaupmannahöfn gjöra við mótorbilunina, sem átti sjer stað 6. s. m., og var skipið flutt þangað og undirbúningur hafinn, en næsta dag kom símskeyti frá Hollandi þess efnis, að stykkin yrðu send frá Amsterdam og komu þau loks til Kaupmannahafnar 10. júní f. á. og 13. s. m. var vjelin komin í lag og sett í gang en þegar hún hafði gengið í 10 mínútur, brotnaði hið nýja stykki og öxullinn bognaði. Skrifaðist skipstjórinn þá á um málið, að því er sjeð verður, við vátryggjendur skipsins, fram og aftur, og fær loks 28. s. m. símskeyti um að láta aðgjörðina fara fram í Kaupmannahöfn. Sneri skipstjórinn sjer þá til áðurnefndrar skipasmíðastöðvar, var aðgjörðinni þar lokið 17. júlí og skipið lagði loks á stað 18. s. m. en kom ekki fyrri en 24. ágúst til Eyrarbakka. Daginn eftir fjekk kaupfjelagið „Hekla“ dómkvadda menn til þess að skoða vörur þær, er komu með skipinu. Reyndust þær, sjerstaklega cement, mjög skemdar og kartöflur að mestu ónýtar. Taka skoðunarmennirnir það fram, að í lestarrúminu hafi verið hiti, illt loft og rakafult. Möttu þeir skaðann á vörunum kr. 15842,00 en kostnaðurinn við skoðunina og matið nam

kr. 105,00 og eru það þessar samtals kr. 15947,00, sem gagnstefnt er fyrir í málinu.

Gagnstefnandi heldur því nú fram, að því er kröfuna í aðalmálinu snertir, að sjei beri ekki að greiða farmgjald fyrir vörur þær, sem komið hafi skemdar og að farmgjald þeirra og hið óbeina tjón, sem hann hafi beðið við það, hve seint vörurnar komu, sje meira en upphæð sú, sem stefnt er fyrir í aðalmálinu, og krefst því sýknunar af þessari ástæðu.

Í gagnsökinni heldur gagnstefnandi því fram, að hin langa töf skipsins í Kaupmannahöfn, sem skipstjóri og eigandi skipsins beri ábyrgð á, hafi valdið skemdum þeim, er á vörunum urðu, og sje skipseiganda því skylt að að bæta fyrir það.

Aðalstefnandi hefir haldið því fram, fyrst og fremst, að töfin í Kaupmannahöfn hafi stafað af óviðráðanlegum orsökum, sem skipseigandi beri ekki ábyrgð á, í öðru lagi, að gagnstefnandi eða umboðsmaður hans hafi samþykt ráðstafanir þær um viðgjörð vjelarinnar í skipinu, sem gjörðar hafi verið, og loks neitað því, að skemdir þær, er reyndust á vörunum, hafi stafað af töfinni í Kaupmannahöfn. Hann hefir því krafist sýknunar af kröfum stefnanda.

Vjelbilunin 6. maí verður nú að teljast ófyrirsjáanlegt atvik, sem skipseiganda verður ekki gefin sök á. Hinsvegar var honum skylt gagnvart leigutaka skipsins að láta bæta skaðann sem fyrst svo að sem minst töf yrði fyrir leigutakann, sem var búinn að ferma skipið og fær rjetturinn ekki sjeð, að þeirrar skyldu hafi verið gætt sem skyldi, þar sem ekki var tekin ákvörðun um aðgjörðina fyrri en viku eftir að bilunin varð og þó sjerstaklega þar sem þeirri ákvörðun var breytt daginn eftir og önnur gjörð, er fyrirsjáanlega hlaut að tefja för skipsins lengur, eins og líka kom á daginn. En óverjandi þykir rjettinum það, að er vjelin bilar aftur 13. júní f. á., að þá skyldi engin ráðstöfun vera gjörð til aðgjörðar á henni fyrri en 28. s. m. eða meira en hálfum mánuði eftir að hún átti sjer stað.

Þá fær rjetturinn heldur eigi sjeð að aðalstefnanda hafi tekist að færa sönnur á, að gagnstefnandi hafi samþykt þessar ráðstafanir. Byggir aðalstefnandi staðhæfingu sína um það á því, að firma það í Kaupmannahöfn, sem fór með umboð skipseiganda, hafi 20. maí og aftur 18. júní f. á. tilkynt firma því í Kaupmannahöfn, er sent hafði aðalvörurnar í „Sieka IV“ til kaupfjelagsins „Heklu“, hvernig komið væri og spurst fyrir um það,

hvað gjöra ætti við farminn, án þess að fá svar. Gagnstefnandi hefir neitað að hið umrædda firma hafi farið með umboð sitt í þessu máli, að öðru leyti en til þess, að senda vörurnar og þeirri skyldu hafði það fullnægt er vörurnar voru komnar í skipið á forsvaranlegan hátt, og mátti standa á sama hvað um þær varð úr því. Þótt þetta síðarnefnda firma því svaraði ekki brjefum hins firmans, þá leiðir ekki af því neinn rjettarmissi fyrir kaupfjelagið „Hekla". Skipstjórinn á „Sieka IV" átti að gæta hagsmuna kaupfjelagsins að því er farminn snerti og eigandi skipsins að bera ábyrgð á, ef vanbrestur hefir á því orðið.

Rjetturinn verður því að telja skipseiganda eiga sök á því, að töf skipsins í Kaupmannahöfn varð svo löng, sem raun varð á, og honum skylt að bæta leigutaka skipsins skaða þann, sem af því hafi hlotist.

Eins og tekið hefir verið fram, fór fram skoðun á farmi skipsins er það kom til Eyrarbakka og voru skemdirnar á vörunum metnar kr. 15742,00 og verður ekki annað sjeð á matsgjörðinni en að við matið sje gengið út frá því, að fullt farmgjald hafi verið greitt fyrir vörurnar hingað, verður hið vangoldna farmgjald því að greiðast, eða koma til frádráttar skaðabóta upphæð þeirri, er kaupfjelagið „Hekla" þykir eiga rjett á.

Rjetturinn telur nú engan vafa á því, að hin langa töf skipsins í Kaupmannahöfn, sem hann telur skipseiganda eiga að nokkru leyti sök á, hafi átt mikinn þátt í þeim skemdum, sem á farminum urðu og byggir það að nokkru leyti á skoðunargjörðinni. Hinsvegar telur rjetturinn varhugavert að slá því föstu, að skipseigandinn eigi að bæta kaupfjelaginu allan hinn metna skaða. Þykir eftir öllum atvikum rjett, að láta kröfur málsaðiljanna fallast í faðma, og sýkna þá hvorn af annars kröfum í aðalsök og gagnsök og láta málskostnað í báðum málunum falla niður.

Mánudaginn 30. jan. 1922.

Nr. 18/1921. **Sveinn Björnsson f. h. eiganda sk. „Ruthby“,**
(Pjetur Magnússon)
gegn
Geo. Copland
(Björn P. Kalman)

útaf vangreiddu farmgjaldi og aukabiðdagabótum

Dómur sjódóms Reykjavíkur 14. febr. 1921: Stefndur, Geo. Copland. á að vera sýkn af kröfum stefnandans, Sv. Björnssonar f. h. eiganda skipsins „Ruthby“, í þessu máli en stefnandi f. h. tjeðra umboðsmanna sinna að greiða stefndum 100 krónur í málskostnað, innan þriggja sólahringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Krafa áfrýjanda um vangoldið farmgjald, krónur 674,96, verður eigi tekin til greina, þegar af þeirri ástæðu að miðlari skipsins, sá hinn sami, er gjörði farmsamninginn, hefir 28. febrúar 1919 samþykt útreikning stefnda á farmgjaldinu athugasemdalaust, en þar er gjaldið miðað við 1016 kg. þunga á tonni, og verður að telja þetta samþykki nægja sönnun þess, að samningsaðiljar o: miðlari skipsins og stefndi, hafi í umræddum farmsamningi miðað farmgjaldið við enskt tonn, þótt það hafi ekki verið tekið sjerstaklega fram í samningnum.

Viðvíkjandi kröfu áfrýjanda um 12300 kr. í aukabiðdagabætur er það rjettilega tekið fram í hinum áfrýjaða dómi, að áfrýjandi hafi eigi gegn mótmælum stefnda sannað, að firmað Salinera Espanola hafi verið farmsendari þegar það fjekk tilkynningu frá skipstjóranum á »Ruthby« um að skipið væri til-

búið til að taka við farmi og þar sem skjöl þau, er lögð hafa verið fram í hæstarjetti, leiða eigi til annarar niðurstöðu, ber einnig að sýkna stefnda af þessari kröfu.

Varakrafa áfrýjanda, er hann hefir gjört hjer fyrir rjettinum um að stefndi verði dæmdur til að greiða biðdagabætur eftir mati rjettarins eða mati óvilhallra manna, og hann rökstyður með því, að ef Salinera Espanola verði ekki talin farmsendari, þá hafi stefndi vanrækt að hafa farminn til taks við komu skipsins til Ibza, verður eigi heldur tekin til greina, með því að skipstjórinn hvorki gjörði leigutaka skipsins aðvart um komu sína nje hóf nein mótmæli gegn drætti á afhendingu farmsins.

Samkvæmt framansögðu ber eftir kröfu stefnda að staðfesta sjórjettardóminn, og verður áfrýjandi eftir þessum úrslitum að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 200 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði sjórjettardómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sveinn Björnsson f. h. eiganda »Ruthby«, greiði stefnda, Geo. Copland, 200 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir sjórjetti Rvíkur með stefnu útgefinni 10. mars f. á. af Sv. Björnssyni hrm. hjer í bænum f. h. eiganda skipsins „Ruthby“ frá Rødbyhavn gegn Geo. Copland, kaupmanni hjer í bænum og hefir stefnandi krafist þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sjer f. h. tjeðra umbjóðenda sinna kr. 12300,00 í

aukabiðdagabætur og kr. 674,96 sem vangreitt farmgjald, samtals kr. 12974,96 ásamt 6% ársvöxtum frá 2. ágúst 1919 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eða eftir mati rjettarins.

Stefndur hefir af sinni hálfu krafist algjörðrar sýknunar af öllum kröfum stefnanda í málinu og málskostnaðar hjá honum eftir mati rjettarins.

Málavextir eru þeir, að með skipsleigusamningi dagsettum 18. júní 1918 milli Emil Strand, skipamiðlara hjer í bænum í umboði eiganda seglskipsins „Ruthby" frá Rødbyhavn og stefnds, leigði stefndur tjeð skip, sem þá lá hjer, til þess að fara til Ibiza á Spáni og sækja þangað saltfarm. Var farmgjaldið ákveðið 190 danskar krónur fyrir hverja afhenta smálest af salti.

Skipið kom til Ibiza 23. oktober 1918 og 25. s.m. tilkynti skipstjórinn „Salinera Espanola" að skipið væri reiðubúið að taka við farminum en fermingu skipsins var ekki lokið fyrri en 14. desember s. á. og til að afferma það í Hafnarfirði gengu 4 dagar. Í skipsleigusamningnum voru áskildir 12 dagar til fermingarinnar og affermingar og aukabiðdagagjaldið ákveðið 300 krónur á dag. Telur stefnandi því aukabiðdagana 41 og þar sem stefndur hefir ekki viljað greiða neitt aukabiðdagagjald og auk þess talið farmgjaldið 190 kr. fyrir hver 1016 kg. af salti í farminum þar sem stefnandi telur farmgjaldið eiga að miðast við 1000 kg. þunga — en sá mismunur nemur kr. 674,96 — hefir hann höfðað mál þetta og gjört rjettarkröfur þær, er að framan greinir.

Stefndur heldur því fram, að hann hafi enga vitneskju fengið um það, að skipið „Ruthby" væri komið til Ibiza og væri reiðubúið að taka við farminum fyrri en 8. desember 1918 og hafi hann þá þegar gjört ráðstafanir til þess, að saltfarmur væri í það látinn og fermingunni verið lokið 14. s. m. Hann hefir neitað því afdráttarlaust að „Salinera Espanola" hafi farið með umboð sitt til að sjá um farm í skipið fyrri en eftir að hann var búinn að fá vitneskju um komu þess til Ibiza 8. desember og hafi það fjelag því ekki verið farmsendandi 25. oktober, er skipstjórinn á „Ruthby" sendi því tilkynningu um að skipið væri reiðubúið að taka við farmi. Telur stefndur því þá tilkynningu markleysu og enga aukabiðdaga hafa fallið á við fermingu eða affermingu og mótmælir af þeirri ástæðu gjörsamlega kröfunni um aukabiðdagabætur.

Að því er farmgjaldið snertir er svo ákveðið í hinum umrædda skipsleigusamningi, sem ritaður er á enska tungu: „The freight to be paid as following: 190 kroner — say one hundred

and ninety kroner — danish kroner: pr. discharged Ton", stefnandi heldur því nú fram að venja sje að reikna danskt tonn eða 1000 kg. í saltflutningum. Stefndur heldur því hinsvegar fram að farmgjaldið í hinum umrædda samningi sje miðað við 1016 kg. þunga og í saltflutningum sje venjan að miða farmgjaldið við enskt tonn og hefir lagt fram í málinu því til sönnunar farmgjaldsreikninga fyrir tvö seglskip, er hann hefir leigt til saltflutnings um líkt leyti eða nokkru síðar en „Ruthby". Er farmgjaldið í báðum þessum reikningum miðað við tonn af 1016 kg. þunga og er síðari framgjaldsreikningurinn fyrir saltfarmi, er stefndur fekk í febrúar 1919 með skipinu „Ruthby" og viðurkendur rjettur af Emil Strand skipamiðlara, þeim hinum sama, er gjörði skipsleigusaming þann við stefndan um skipið fyrir hönd eiganda þess, sem mál þetta er risið út af.

Stefnandi hefir nú gegn mótmælum stefnds hvorki fært sönnur á, að fjelagið „Salinera Espanola" hafi verið farmsendandi þegar það fekk tilkynninguna frá skipstjóranum á „Ruthby" 25. oktober 1918 um, að skipið væri tilbúið að taka við farmi, nje, að venja sje í Ibiza að senda því fjelagi slíkar tilkynningar og verður hann því ekki talinn hafa sannað, að biðdaga skipsins hafi átt að telja frá 26. s. m. eða frá fyrri tíma, en stefndur heldur fram. Leiðir af því, að sýkna verður stefndan að áliti rjettarins af kröfunni um 12300 krónur í aukabiðdagabætur.

Þá hefir stefnandi heldur eigi fært neinar sannanir fyrir því, að venjan sje í saltflutningum að miða farmgjaldið við tonn af 1000 kg. þunga. Upplýsingar þær, er stefndur hefir komið fram með í málinu benda í gagnstæða átt, og einkennilegt væri, ef meiningin í skipsleigusamningnum fyrri um „Ruthby" hefði verið að miða farmgjaldið við danskt tonn en ekki enskt, að slíkt hefði ekki verið tekið fram berum orðum eins og um myntina, sjerstaklega þar sem samningurinn var á ensku.

Það verður því að áliti rjettarins einnig að sýkna stefndan af kröfunni um kr. 674,96 sem vangoldið farmgjald.

Eftir þessum úrslitum verður að dæma stefndum málskostnað hjá stefnanda og þykir hann hæfilega ákveðinn 100 krónur.

Mánudaginn 30. jan. 1922.

Nr. 25/1921. **Árni J. Hafstað og Jón Jónsson**
gegn
Kristni P. Briem.

Dómur hæstarjettar

Málssókn þessi fellur niður. — Áfrýjendur, Árni J. Hafstað og Jón Jónsson, er eigi mættu í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef þeir af nýju vilja fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Miðvikudaginn 15. febr. 1922.

Nr. 20/1921. **Matthías Þórðarson**
(L. Fjeldsted)
gegn
Eiríki Torfasyni, Jóni Bjarnasyni, Árna G. Þóroddssyni, Ófeigi Ófeigssyni, Eyjólfi Guðlaugssyni og Símoni Guðmundssyni.
(Enginn).

Landamerkjamál. Ómerkingardómur.

Dómur merkjadóms Gullbringu og Kjósarsýslu 21. júlí 1921: Landamerki milli jarðarinnar Keflavíkur í Keflavíkurhreppi og svo nefndra Leirujarða í Gerðahreppi í Gullbringusýslu skulu vera: Úr miðri „Grót", fyrir vestan túnið í Keflavík; þaðan bein lína til „Keflavíkurborgar"; þaðan í vörðuna „Kölku" á Háaleiti og þaðan í svo nefnda „gömlu þúfu" á Háaleiti.

Málskostnaður, samtals kr. 322,00, greiðist að helmingi af eiganda jarðarinnar Keflavíkur, en að helmingi af eigendum Leirujarða.

Dómur hæstarjettar.

Hinir stefndu hafa eigi mætt í hæstarjetti, enda þótt þeim hafi verið löglega stefnt. Hefir málið því verið rekið samkv. 1. lið 38. gr. hæstarjettarlaganna, og er dæmt samkv. N. L 1.—4.—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Málið er landamerkjamál og var dæmt í merkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu 21. júlí f. á. af sýslumanni og tilkvöddum meðdómsmönnum, en gjörðir merkjadómsins bera það eigi með sjer, að meðdómsmennirnir hafi unnið eið eða drengskaparheit áður en þeir leystu þetta dómstarf af hendi.

Það er nú að vísu engin bein fyrirmæli um það í landamerkjalögum nr. 41, 28. nóv. 1919, eins og hinum eldri landamerkjalögum frá 1882, að með dómsmenn í landamerkjamálum skuli vinna eið, en eiðtaka dómsmanna hefir frá fornu fari verið almenn regla í íslensku rjettarfari, enda sýna athugasemdir stjórnarinnar við 19. gr. frumvarps til fyrnefndra laga nr. 41 1919, að eigi hefir verið til þess ætlast að gjöra neina breytingu á hinum eldri lögum að öðru leyti en því að drengskaparheit komi í stað eiðs, sbr. 1. gr. laga nr. 29., 11. júlí 1911. Hjer við bætist, að eiður er lögmæltur í líku tilfelli, sbr. 5. gr. laga nr. 35, 2. nóv. 1914.

Samkvæmt þessum almennu reglum löggjafarinnar ber að láta meðdómsmenn í landamerkjamálum vinna eið, áður en þeir taka til starfa, og þar sem það, eins og áður segir, sjest eigi í dómsgjörðunum að meðdómsmennirnir hafi unnið slíkan eið,

verður ex officio að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins fyrir merkjadóminum, heimvísa málinu og skylda merkjadóminn til að taka málið upp að nýju.

Málskostnað fyrir hæstarjetti greiði stefndu áfrýjanda og ákveðst hann 150 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins fyrir merkjadóminum á að vera ómerk og vísast málinu heim til nýrrar og löglegrar meðferðar.

Stefndu, Eiríkur Torfason, Jón Bjarnason, Árni G. Þóroddsson, Ófeigur Ófeigsson, Eyjólfur Guðlaugsson og Símon Guðmundsson, greiði, allir fyrir einn og einn fyrir alla, áfrýjanda Matthíasi Þórðarsyni 150 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. febr. 1922.

Nr. 24/1921.

Valdstjórnin
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
Hans Hirtz
(Björn P. Kalman).

Brot á 1. og 5 gr. laga nr. 91/1917, um aðflutningsbann á áfengi

Dómur lögreglurjettar Siglufjarðarkaupstaðar 21. sept. 1921: Kærður, skipstjóri Hans Hirtz,

greiði í sekt í ríkissjóð 1000 kr. Allt áfengi, sem þýska skipið m./s. Baldur hafði meðferðis, sje upptækt og eign ríkissjóðs. Kærður Friedrich Wilhelm Wienecke greiði 1000 kr. í sekt til ríkissjóði.

Svo greiði hinir kærðu in solidum allan af rannsókn og máli þessu leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Dómi lögreglurjettarins hefir verið áfrýjað að eins að því er snertir kærða, skipstjóra Hans Hirtz.

Ný sakargögn hafa verið útvegud og þau lögð fram í hæstarjetti.

Þegar litið er til þess, *að* mjög er ósennilegt, að áfengisfarmur, er fara á frá Hamborg til Gautaborgar, og tók tiltölulega mikinn hluta af lestarrúmi skipsins, sje sendur þvert úr leið um svo langan veg sem til Íslands, *að* maður sá, er samkvæmt farmskírteininu var talinn viðtakandi farmsins í Gautaborg, fanst þar ekki, *að* farmskjölin voru ekki útbúin sem hjerlend lög mæla fyrir um farmskjöl verslunarskipa, *að* nokkuð af áfengisfarminum var falið í salttunnum, *að* meira var af spíritus í skipinu en farmskírteinið tilgreindi, *að* af tölu kassa utan af koníaki, er fundust í skipinu, má ráða, að meira hafi verið afhent af áfengisfarminum en upplýst er í prófum málsins, *að* allmikið áfengi var selt og flutt í land að næturþeli á Siglufirði, *að* kaupendur áfengis þess hafa borið það, að þeir hafi rætt um kaupin við kærða og skilið hann svo, sem við hann væri samið um þau og áfengið átt að greiðast með síld, *að* kærði hefir ekki gert fulla grein fyrir með hverju hann greiddi síld þá, er hann keypti, og *að* það *hinsvegar* er alls ósennilegt, að ferðin hafi verið gjörð

til Siglufjarðar til að kaupa síld í það lestarrúm, sem afgangs var áfengisfarminum, þá er ekkert mark takandi á farmskírteini skipsins yfir áfengið, og verður enginn trúnaður lagður á þá skýrslu kærða, að áfengið hafi átt að fara til Gautaborgar, en ekki verið ætlað til innflutnings og afhendingar hjer við land. Og er það þá nægilega sannað, að kærði hafi orðið sekur um brot gegn 1. gr. laga nr. 91, 14. nóv. 1917, enda verður ekkert tillit tekið til skýrslu kærða um að stýrimaðurinn hafi selt áfengið úr skipinu án vilja hans og vitundar.

Ennfremur er það sannað, að um leið og kærði sýndi skipsskjölin, undirritaði hann á skrifstofu lögreglustjóra ranga yfirlýsingu á dönsku þess efnis, að ekkert áfengi væri í skipinu, og leiddi þetta til þess, að áfengið var ekki innsiglað þegar eftir komu skipsins Hefir kærði með þessu gjörst brotlegur gegn 5. gr. fyrnefndra laga.

Samkvæmt framansögðu er kærði sekur um brot gegn 1. og 5. gr. laga nr. 91, 14. nóv. 1917. Hið ólöglega innflutta áfengi á upptækt að vera og eign ríkissjóðs, og þar sem álíta verður að áfengið hafi verið ætlað til sölu, ákveðst refsingin samkv. 14. og 15. gr. laganna 1000 kr. sekt til ríkissjóðs, og að auki tveggja mánaða einfalt fangelsi.

Málskostnaðarákvæði lögreglurjettardómsins verður að standa óraskað, en kærði greiði allan kostnað málsins fyrir hæstarjetti, þar með talið málflutningskaup til sækjanda og verjanda 200 kr. til hvors.

Það er aðfinningarvert við meðferð málsins í hjeraði að þrjú vitni hafa verið eiðfest tvisvar sinnum.

Því dæmist rjett vera:

Kærði Hans Hirtz greiði 1000 króna sekt í ríkissjóð og sæti auk þess einföldu fangelsi í tvo mánuði. Hið ólöglega innflutta áfengi skal upptækt og eign ríkissjóðs.

Málskostnaðarákvæði lögreglurjettardómsins skal óraskað, en kærði greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talið málflutningskaup til skipaðs sækjanda og verjanda, málflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Björns P. Kalman, 200 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er þannig vaxið, að kærðu, Hans Hirtz og Friedrich Wilhelm Wienecke, hinn fyrnefndi sem skipstjóri, hinn síðarnefndi sem stýrimaður, komu hingað á höfnina á þýsku skipi, sem heitir Baldur þ. 5 þ. m. Sama dag kemur skipstjórinn hingað á skrifstofuna til að greiða skipagjöldin og sýnir þá mælingarbrjef skipsins og er þá lagt fyrir hann að útfylla áfengisvottorð, sem var á dönsku, um áfengisbirgðir í skipinu, sem svo skipstjórinn útfyllir og gefur í því ekkert upp að hann hafi áfengi meðferðis, heldur undirritar vottorðið og útfyllir eins og hann hefði ekkert áfengi og ber vottorðið með sjer að skipið hafi ekkert áfengi meðferðis. Eins og síðar kom á daginn hafði skipið meðferðis skipsforða af áfengi og auk þess um 23 smálestir af áfengi sem farm, er samkvæmt farmskírteini skipstjórans er síðar kom fram, á að fara til August W. Jakobsson í Gautaborg, en eigi hefir vörumóttakandinn eða utanáskrift hans fyrirfundist að því er lögreglustjórinn í Gautaborg vottar; og er á farmskírteinið skráður sem sendandi að þessum farmi, firma í Hamburg, Sturm & Bülck. Eftir að skipið hafði legið hjer nokkra daga komst lögreglan eftir því, að áfengi mundi flutt frá

borði, og í prófum, sem haldin voru í málinu, hefir kærði, skipstjórinn Hans Hirtz, játað að hafa flutt frá borði og í land 6 flöskur til neytslu á privat dansleik hjer og ennfremur að hafa selt hjer á höfninni 2 flöskur, hvorttveggja af áfengisforða skipsins, en ekki af farminum. Í þessum prófum kannaðist skipstjórinn og við að hafa áfengisfarm meðferðis og skipsforða og gaf að nýju skýrslu um áfengið, sem kemur heim við farmskírteinið yfir áfengisfarminn, en við rannsókn áfengisins og flutning frá borði, sem framkvæmt var eftir úrskurði dómarans, til þess að sannprófa áfengisbirgðirnar, hefir áfengisfarmurinn í skipinu reynst 5 flöskum á 25 lítra = 125 lítrum meira en uppgefið af skipstjóra og farmskírteinið hljóðar upp á. En kærði Hans Hirtz, skipstjórinn, neitar að hafa selt af áfengisfarmi skipsins, nje að hafa vitað um það, að selt væri af farminum, en viðurkennir, að stýrimaðurinn muni hafa selt í land af áfengisfarminum. Hefir stýrimaðurinn á skipinu, meðákærði Friedrich Wilhelm Wienecke, játað að hafa selt í land af áfengisfarminum án vitundar og vilja skipstjórans Hans Hirtz.

Með lögum nr. 91, 14. nóv. (sic) sbr. einkum 5. gr. 3. málsgr. er skipstjóra, sem kemur frá útlöndum, skylt að tilkynna lögreglustjóra um leið og hann sýnir skipsskjölin hvort nokkuð áfengi sje í skipinu og hvað mikið. Þetta hefir kærði Hans Hirtz alls ekki gert og álíst hann fyrir brot á þessu ákvæði að hafa brotið tjeð lög sem sá, er skýtur áfengi undan innsiglan. Auk þess hefir kærði skrifað undir áfengisvottorð um að hafa ekki áfengi og þótt kærður haldi því fram, að hann hafi ekki skilið vottorðið, sem var á dönsku o. m. a. inniheldur orðið „spirituosa", þá verður eigi hægt að taka slíka mótbáru til greina, þareð hann verður sjálfur að bera ábyrgð á, hvað hann skrifar undir, og álíst kærði á sama hátt fyrir þetta að hafa gerst brotlegur gegn tjeðum lögum, sem sá er skýtur áfengi undan innsiglan.

Kærði Hans Hirtz skipstjóri á þýska skipinu m. s. Baldur hefir því gjörst brotlegur gegn 1. gr. og 5. gr. laga nr. 91, 14. nóv. 1917 sbr. 14. og 16. gr. sömu laga. Þykir hegningin hæfilega ákveðin 1000 kr. sekt í ríkissjóð og að áfengi það er skipið hafði meðferðis sje upptækt og eign ríkissjóðs.

Kærði Friedrich Wilhelm Wienecke hefir því gerst brotlegur gegn tjeðum lögum fyrir sölu áfengis og álíst sektin hæfilega ákveðin 1000 kr., er rennur í ríkissjóð.

Svo greiði hinir kærðu in solidum allan af rannsókn og máli þessu leiðandi kostnað.

Það vottast, að rekstur málsins í hjeraði hefir verið lögmætur.

Mánudaginn 27. febr. 1922.

Nr. 31/1921. **Valdstjórnin**
(Pjetur Magnússon)
gegn
Otto Eisenhardt
(Björn P. Kalman)

útaf broti á 1. gr. laga nr. 91/1917, um aðflutningsbann á áfengi.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 28. des. 1921: Kærður, Otto Eisenhardt, greiði 800 króna sekt. til ríkissjóðs og sæti auk þess einföldu fangelsi í 3 mánuði.

Hið ólöglega innflutta áfengi skal upptækt og eign ríkissjóðs.

Kærður greiði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Meðal nýrra skjala, sem aflað hefir verið eftir uppsögn lögreglurjettardómsins, er frumskýrsla lögreglustjórnarinnar í Hamborg frá 23. desbr. f. á. Segir þar meðal annars, að samkvæmt farmsamningi, gerðum 30. nóv. s. á., sem ekki hefir komið fram í málinu, hafi hjerumrætt skip »Wilhelm Reinhold« verið leigt »undir farm af spritti til Íslands, ca. 15--20 tonn«, gegn 120,000 marka leigu og 8000 marka viðbótarleigu fyrir hvern dag, »ef ferðin skyldi

vara lengur en 15 daga«. Er þar ennfremur hermt úr samningnum, að hann sje úr gildi genginn »er varan hefir verið afhent í nánd við Ísland eða þegar fylgdarmenn farmsins lýsa því yfir að förin sje á enda.«

Að þessu athuguðu og að öðru leyti samkvæmt ástæðum þeim, er getur í lögreglurjettardómnum og ekkert verulegt þykir athugavert við, ber að staðfesta dóminn, þó þannig, að fangelsishegningin þykir eftir atvikum hæfilega metin eins mánaðar einfalt fangelsi.

Kærði greiði allan kostnað, er leiðir af áfrýjun málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda hjer í rjetti, 200 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað, þó þannig að kærði Otto Eisenhardt, sæti einföldu fangelsi í einn mánuð.

Kærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar á meðal 200 kr. málflutningslaun hvorum, sækjanda Pjetri Magnússyni og verjanda Birni P. Kalman.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn skipstjóranum á þýska botnvörpungnum „Wilhelm Reinhold“ frá Geestemünde, Otto Eisenhardt, til heimilis í Reuterstrasse nr. 16 í Geestemünde fyrir brot á lögum nr. 91 frá 14. nóvember 1917 um aðflutningsbann á áfengi og eru málavextir þeir er nú skal greina.

Hinn 18. þ. m. kom ofannefnt skip, sem er útbúið með ís, kolum og öðru til fiskveiða, hingað inn í höfnina og var meðal skjala þess farmskírteini yfir nálægt 20 smálestir af áfengi, sem eftir því átti að fara til borgarinnar St. Johns á Newfoundlandi. Farmskírteini þetta er dagsett í Hamborg 9. þ. m. og sendandi farmsins í því talinn Chr. Schlüter en móttakandi farmsins er þar enginn nefndur, aðeins tekið fram að honum að velafstaðinni ferð skuli skilað „in St. Johns for Order". Tók lögreglan þá skýrslu af kærðum, er skýrði svo frá að útgjörðarmenn skipsins sjeu þeir C. Käempf og G. Meyer í Geestemünde og hafi það verið að botnvörpuveiðum hjer við land í sumar. Farm þann, er skipið hafi meðferðis, hafi það tekið í Hamburg og hafi útgjörðarmaðurinn G. Meyer sjeð um öll skjöl farminn áhrærandi, en ekki kærður sjálfur, gæti hann því engar frekari upplýsingar gefið um farmsendanda eða farmmóttakanda en fælust í farmskírtein nu, en hinsvegar kvaðst hann hafa vitað að ferðinni var heitið til Newfoundland, því þar hafi skipið átt að veiða í ís og fara svo með veiðina heim til Þýskalands.

Sunnudaginn 11. þ. m. kvaðst kærður hafa farið frá Hamburg og þá fengið fyrirskipun frá G. Meyer um að koma við hjer í Reykjavík og fá hjer símskeyti um framhald ferðarinnar og bjóst hann þá jafnframt við að fá nánari fyrirskipun um það hvað hann ætti að gjöra við farminn og um móttakanda hans. Kvaðst hann þá mundu bíða eftir þessu símskeyti.

Lögreglunni þótti áfengisflutningur kærðs og skýrsla hans um hann svo grunsamleg, að hún sendi málið 20. þ. m. til rjettarrannsóknar.

Þegar fyrir rjettinn kom, gaf kærður þar skýrslu, sem í öllu verulegu kom heim við skýrslu þá, er hann hafði gefið lögreglunni. Þó kvað hann þá að hann þyrfti ekki að bíða eftir símskeyti frá Þýskalandi til að halda áfram ferðinni til Newfoundland, hann gæti farið þangað og fengið þangað fyrirskipun um, hvað hann ætti að gera við farminn. Hann taldi sjer ekki skylt að svara ýmsum spurningum, sem dómarinn lagði fyrir hann og kvaðst þurfa að fara hjeðan. Leiddi það til þess, að kærður, var úrskurðaður í gæsluvarðhald 21. þ. m. sem grunaður um brot gegn 1. gr. aðflutningsbannnlaganna og hefur setið í gæsluvarðhaldi síðan.

Síðar í rjettarprófunum hefir kærður kannast við það, að

hann myndi ekki hafa haldið ferðinni áfram til Newfoundland nema hann hefði fengið fyrirskipun um það að heiman.

Kærður hefir verið nokkuð óstöðugur í framburði sínum og stundum komist í mótsögn við sjálfan sig eins og rjettarprófin sýna. Hinsvegar hefur hann stöðugt haldið því fram, að svo hafi verið um talað áður en hann fór frá Þýskalandi, að hann skyldi fara til Newfoundlands og fiska þar í ís til heimflutnings ef hann fengi ekki aðra fyrirskipun hingað.

Á þetta getur rjetturinn þó ekki lagt trúnað af ástæðum þeim, er nú skal greina.

Það verður að teljast upplýst í málinu að ekki sje venja að reka botnvörpuveiðar við Newfoundland um þetta leyti árs og að þar muni nú lítils fiskjar von.

Þá verður það og að teljast upplýst, að mjög mikill vafi er á því, að hægt sje að flytja fisk, sem veiddur er við Newfoundland óskemdan í ís til Þýskalands. Kunnugir menn þekkja þess ekki dæmi að það hafi verið gjört eða ísvarinn fiskur flutt ur svo langa leið.

Þá er vegalengdin milli þessara tveggja staða svo mikil- yfir 2500 sjómílur- að engin líkindi eru til, að fiskiveiðar reknar á þennan hátt frá Þýskalandi við Newfoundland myndu svara kostnaði.

Það mælir og mjög á móti því, að skipinu hafi verið ætlað að fara til Newfoundland, að það er látið koma við hjer, til þess eins, að því er haldið er fram, að sækja hingað fyrirskipun um framhald ferðarinnar. Það er upplýst í málinu að krókurinn hingað er yfir 400 sjómílur og alkunnugt að miklu beinna liggur við að koma við í Shetlandseyjum eða Færeyjum.

Það verður að ganga út frá því að þýskir útgerðarmenn stjórni útgerð sinni með skynsemi og hagsýni og er því ekki gott að skilja, að útgjörðarmenn „Wilhelm Reinhold" hafi ætlað sjer að láta skipið hætta nú veiðum hjer við land og fara vestur til Newfoundland til að fiska þar í ís til heimflutnings.

En við þetta bætist, að upplýst er í málinu, að aðflutningsbann á áfengi er í Newfoundland og því ólíklegt að áfengissending eins og sú, sem hjer er um að ræða, eigi að fara þangað, og að kærður hefir enn ekkert fært inn í dagbók skipsins síðan hann fór frá Hamburg og því er hvergi í dagbókinni getið um að skipið sje á ferð til Newfoundland Enn má geta þess, að matsveinninn á skipinu hefir borið það fyrir rjettinum, að hann hafi

ekki heyrt þess getið fyrri en þá, að skipið ætti að fara til Newfoundland.

Með öllu þessu þykir það nægilega sannað, að sá framburður kærðs, að skipinu hafi verið ætlað að fara til Newfoundland, er uppspuni einn og þar með, að ákvörðunarstaður farms þess, er framskírteinið hljóðar um, hefur verið settur í það út í bláinn.

Meðan á rannsókn málsins hefir staðið, hafa komið hingað 3 símskeyti frá Geestemünde um framhald ferðar kærðs, (rjettarskjöl 13, 14, og 18) og hljóða þau öll um að hann eigi að fara ekki til Newfoundland heldur til Hollands og í einu þeirra, undirskrifuðu „Kaempf" standa orðin: „Wie besprochen", enda hefir kærður ekki viljað neita því fyrir rjettinum eftir að skeytin komu, að svo hafi verið um talað milli hans og G. Meyer, að hann ætti að fara til Hollands, en kærður kveðst ekki hafa átt að fara þangað án sjerstakrar skipunar.

Kærður hefir kannast við það fyrir rjettinum, að skipshöfnin hafi á leiðinni frá Hamburg hingað drukkið úr einum líkörkassa og einum kassa með vínsýnishornum, sem á farmskírteininu (rjettarskjali 5) standa. Kveðst hann hafa haft til þessa leyfi vínverksmiðju þeirrar, sem vínið er frá og skipamiðlara þeim, sem sá um afgreiðslu varanna, og telur víst, að miðlarinn hafi haft samþykki farmeiganda til þessarar ráðstöfunar, því að öðrum kosti myndi hann ekki hafa gefið leyfið.

Ennfremur hefir kærður haldið því fram fyrir rjettinum, að skipshöfnin eigi 14 kassa af „Genever" af 19., sem á farmskírteininu standa, og hefir enga grein getað fyrir því gjört, hvernig á því standi, að þessir 14 kassar voru teknir upp á farmskírteinið, sem hljóðar um vörur, sendar af Chr. Schlüter til St. Johns for Ordre, eins og að framan er frá skýrt.

Með þessum framburði kærðs, að skipshöfnin sumpart hafi neytt nokkurs hluta af áfengi því, sem á farmskírteininu stendur, sumpart eigi nokkuð af því, í sambandi við það að ákvörðunarstaður áfengisins í farmskírteininu þykir augljóslega settur út í bláinn eftir því, sem að framan greinir, svo og það, að enginn móttakandi er nefndur í því, þykir eftir atvikum nægilega sannað, að hið umrædda farmskírteini geti ekki verið venjulegt farmskírteini, er eigi að hafa það gildi, er slík skjöl hafa að alþjóðalögum, heldur sje það eingöngu búið til, til að hafa að yfirskyni, ef á þarf að halda, til þess að láta svo líta út sem hjer sje um farmsendingu að ræða. Og að minsta kosti hefir kærður orðið

að líta svo á, sem það væri ekki skuldbindandi fyrir sig, því annars hefði hann aldrei látið viðgangast, að á það væru settar vörur, sem hann vissi að hans eigin skipshöfn átti, eða leyft að neytt væri vara, er á því stóðu, nema hann hefði trygt sjer samþykki rjettra hlutaðeigandi til þess.

Við komu sína hingað skrifaði kærður undir venjulegt drengskaparvottorð á íslensku um það, að á farmskrá skipsins væru taldar allar vörur, er í skipinu fundust, að skipsforða undanteknum og á vottorði skipsins um skipsforðann, sem undirritað er að viðlögðum drengskap af matsveininum á því, er ekkert áfengi talið. Loks útfyltu skipverjar allir að viðlögðum drengskap skrá yfir tollskyldar vörur þær, er hver þeirra um sig hefði meðferðis, og eru á þeirri skrá taldir rúmlega 20 lítrar af áfengi.

Við rannsókn 20. þ. m. á því, sem í skipinu var, kom það í ljós, að í skipinu höfðu verið við komu þess hingað 39 kassar af kognaki, 4 kassar af genever, 1 kassi af líkör og 3 kvartil með áfengi, sem ekki stóðu á farmskírteininu og ekki var getið í vottorðum þeim, sem að ofan greinir. Áfengi þetta var í netarúmi skipsins undir netunum ásamt 14 kössum af genever, er á farmskírteininu stóðu, og hafði þetta rúm ekki verið innsiglað af lögreglunni um leið og lestarrúmið og ísrúmið voru innsigluð, en í þeim var hið annað áfengi, er á farmskírteininu stóð.

Lögregluþjónn sá, sem fyrir áfengisleitinni í skipinu og innsiglaninni stóð, hefir nú borið það fyrir rjettinum, og unnið eið að þeim framburði sínum, að hann hafi með farmskírteinið í höndunum spurt kærðan að því, hvort alt það áfengi, er í farmskírteininu stæði, væri í lestarrúmi skipsins og hafi kærður svarað þeirri spurningu játandi. Jafnframt tjáist lögregluþjónninn hafa spurt að því, hvort hann vissi til að áfengi væri annarsstaðar í skipinu en í lestinni og hafi kærður svarað þeirri spurningu neitandi.

Kærður hefir eindregið mótmælt þessum framburði lögregluþjónsins. Hann kveðst þvert á móti hafa beðið um að netarúmið væri innsiglað og hefir lögregluþjónninn játað það satt vera og 1. stýrimaður á skipinu borið, að hann hafi heyrt kærðan segja lögregluþjóninum, að áfengi væri í netarúminu. Samtal kærðs og lögregluþjónsins fór fram á ensku, sem kærður kveðst kunna lítið í og er því ekki ósennilegt að misskilningur kunni að hafa átt sjer stað. Ef kærður hefði viljað skjóta áfengi því, er í netarúminu var, undan innsiglingu, hefði hann ekki beðið um að neta-

rúmið yrði innsiglað. Hann verður því ekki talinn sannur að sök um brot á 5. gr. bannlaganna þótt svo færi að netarúmið væri ekki innsiglað jafnsnemma og hin önnur rúm, sem áfengi var í.

Kærður heldur því fram að skipshöfnin eigi í fjelagi áfengi það, er í netarúminu var og hafi fengið það með þeim hætti, er nú skal greina.

Í Geestemünde hafi komið áfengissali út í skipið og spurt sig að því hve mikið áfengi hver einstakur af skipshöfninni mætti hafa með sjer. Kveðst kærður þá hafa spurt skipshöfnina að því, hve mikið áfengi hver einstakur vildi fá, og hve mikið hver gæti borgað. Hafi svo hver pantað hjá áfengissalanum það, er honum sýndist og þeir borgað honum, er fje höfðu, en hið annað hafi kærður borgað áfengissalanum sjálfur vegna skipshafnarinnar, og hafi það verið mestur hluti upphæðarinnar. Ekki kveðst mættur hafa skrifað hjá sjer hve mikið hver einstakur af skipshöfninni hafi borgað, en áfengissalinn í Geestemünde, sem þó á að vera búinn að fá alt áfengið borgað, á að hafa gjört það og lofað kærðum upplýsingum um það. Áfengið kveðst kærður ætla að skifta milli skipshafnarinnar og muni hann þá skrifa hjá þeim, sem ekki hafa borgað, hvað hver fái, en þeir segi sjálfir til hverjir hafi borgað og muni ekki skrökva að sjer. Yfirleitt er framburður kærðs um þetta svo ósennilegur, að honum verður ekki trúað.

Kærður hefir haldið því fast fram, að hann geti ekki gefið frekari upplýsingar um áfengi það, er hann telur farm í skipinu, en að framan greinir og hefir neitað því afdráttarlaust, að selja hafi átt áfengi þetta hjer. Áfengi það, er hann telur skipshöfnina eiga segir hann að hún ætli að drekka sjálf og hafi byrgt sig svo ríflega, af því að verð á áfengi í Þýskalandi muni hækka um helming um þessar mundir. Hann hefir og neitað því afdráttarlaust, að selja hafi átt áfengi þetta hjer og skifta svo hagnaðinum milli skipverja.

Það þykir nú sýnt og sannað hjer að framan, að ekkert mark sje takandi á farmskírteininu (rjettarskjali nr. 5) í þessu máli og engin sennileg skýring liggur fyrir í málinu á því, hvers vegna áfengi það, sem í því er talið, sje hingað komið. Þetta land liggur svo afskekt, að ekki er minsta ástæða til að ætla að skip sjeu send hingað til að bíða eftir fyrirskipun um það, hvert farmur sá, sem í þeim er til annara landa, eigi að fara. Sjerstaklega skal það tekið fram, að ekki getur komið til

mála að trúa því, að skip, sem flytja á farm á frá Þýskalandi til Hollands, sje sent hingað til að bíða eftir fyrirskipun um framhald ferðarinnar.

Það er því ekki hægt að gjöra sjer nokkra sennilega grein fyrir því, hvernig á því standi, að áfengi það, sem talið er farmur í „Wilhelm Reinhold", sje hingað komið, aðra en þá, að kærður hafi ætlað að selja það hjer. Þessi skoðun styrkist og mjög við það, að alt er áfengið í smá-ílátum.

Áfengi það, er kærði telur skipshöfnina eiga, nemur um 700 flöskum og auk þeirra rúmum 100 pottum. Nær ekki nokkurri átt að trúa því, að skipshöfnin — 14 manns — hafi ætlað að drekka það alt saman, heldur verður að álíta, að kærður, sem hefir játað að hafa borgað það að mestu leyti, hafi og ætlað að selja það hjer og ef til vill skifta hagnaðinum af sölunni milli skipshafnarinnar.

Þar sem kærður stöðu sinnar vegna á skipinu verður að bera alla ábyrgð á innflutningi áfengis þessa, hikar rjetturinn ekki við að telja hann saunan að sök um brot á 1. gr. aðflutningsbannlaganna bæði að því er snertir það áfengi, sem farmur hefir verið talinn og hitt, er hann kveður skipshöfnina eiga, og þykir refsing sú, er hann hefir unnið til fyrir það eftir 14. gr. laganna, hæfilega ákveðin 800 króna sekt til ríkissjóðs og auk þess einfalt fangelsi í 3 mánuði.

Hið ólöglega innflutta áfengi á að vera upptækt og eign ríkissjóð.

Kærður greiði og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á rekstri málsins hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Mánudaginn 27. febr. 1922.

Nr. 27/1921. **Ólafur V. Davíðsson**
gegn
Guðm. Helgasyni f. h. bæjarsjóðs Hafnarfjarðar.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi Ólafur V. Davíðsson, sem eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt af nýju tekið fyrir í hæstarjetti.

Mánudaginn 27. febr. 1922.

Nr. 29/1922. **Ólafur Jóhannesson**
gegn
Einari M. Jónassyni

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi Ólafur Jóhannesson, sem eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt af nýju tekið fyrir í hæstarjetti.

Föstudaginn 3. mars 1922.

Nr 21/1921. **Ásgeir Sigurðsson**
(L. Fjeldsted)
gegn
Sveini Björnssyni
f h. Damkjær Petersen,
(Guðm. Ólafson)

út af greiðslu farmgjalds.

Dómur sjórjettar Reykjavíkur, 11. júní 1921:
Stefndur, Ásgeir Sigurðsson, greiði stefnandanum, Sveini Björnssyni f. h. Damkjær Petersen, kr. 5681,19 ásamt 6% ársvöxtum frá 5. febrúar 1918 til greiðsludags og 100 kr. í málskostnað, innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða dómi, er þess getið í leigusamningnum um skip það, er ræðir um í málinu, að það beri 440 smálesta þunga dauðrar vigtar, en samkvæmt þessu hafði leigutaki skipsins, áfrýjandi þessa máls, rjett til að byggja á því, að það gæti tekið 440 smálestir af salti í þeirri ferð, er það var leigt til. Það er nú eigi ágreiningur um það milli málsaðila, að skipið hafi getað borið 440 tonn, og því er eigi heldur haldið fram af eiganda skipsins, stefnda hjer fyrir rjettinum, að áfrýjandi hafi eigi haft á reiðum höndum nægan farm í skipið. Ágreiningurinn er að eins um það, hvort skipið hafi í raun og veru fermt 440 tonn af salti í umræddri ferð. Áfrýjandi heldur því fram, að skipstjórinn hafi neitað að taka meira í skipið en 410 »metrisk tonn«, er svari til 403 tonna þunga, með því að hann telur að miðað hafi verið við enskt tonn, 1016 kilógr., í skipsleigusamningnum. Byggir áfrýjandi þetta bæði á farmskírteini skipsins, en þar

er farmurinn talinn 410 »metrisk tonn«, svo og á sölureikningi hins spanska afsendara, en þar er farmurinn einnig talinn 410 tonn. Hins vegar hefir skipstjórinn á umræddu skipi í brjefi til eiganda þess, dags. 8. sept. 1918, haldið því fram, að skipið hafi verið fullfermt og legið á sama hleðslumerki og við brottför þess frá Reykjavík sumarið 1917, en þá hafði skipið tekið fiskfarm hjeðan til Spánar um 440 tonn. Umrætt skip fórst á leiðinni frá Spáni hingað og hafa því ekki frekari upplýsingar fengist um stærð eða þunga farmsins.

Samkvæmt skipsleigusamningnum var farmgjaldið ákveðið með heildarupphæð »in a lump sum« 70000 kr. fyrir ferðina, og átti að greiðast í Kaupmannahöfn í dönskum krónum um leið og farmskírteinið væri undirritað. Eftir því sem fram hefir komið hjer fyrir rjettinum, var búið að hlaða skipið 6. okt. 1917, og hinn 12. s. m. greiddi áfrýjandi farmgjaldið með kr. 64,348,81, en hærri upphæð taldi hann sjer ekki skylt að greiða, vegna þess að 37 eða 30 tonn, eftir því hvort reiknað væri með ensku tonni eða metratonni, hefðu vantað uppá farm þann er skipinu hefði verið skylt að taka. Það er ennfremur upplýst í málinu, að skipið lagði ekki af stað frá Ibiza fyr en í janúarmán. 1918.

Með umgetnu farmskírteini og sölureikningi virðast vera fengnar líkur fyrir því, að skipstjórinn hafi ekki tekið á móti meira salti en þar er tilgreint, 410 tonnum, og þar sem skipseigandi, þrátt fyrir það að skipið lá kyrt á fermingarstaðnum um 3 mánuði eftir að hann fjekk að vita um mótmæli áfrýjanda, hirti ekki um að afla sjer upplýsinga eða sannana um það, að skipið lægi á hleðslumerki, og umsögn skipstjóra hjer að lútandi er með öllu órök-

studd, þar sem hann hvorki hefir staðfest skýrslu sína fyrir rjetti nje útdráttur úr dagbók skipsins hjer að lútandi hefir verið lagður fram í málinu, verður eftir atvikum að gera ráð fyrir að skipið hafi í raun og veru eigi tekið meiri farm en farmskírteinið greinir, enda var það eðlilegt, að skipstjóri vildi ekki sigla með jafnmikinn farm um hávetur frá Spáni eins og hjeðan til Spánar að sumri til.

Þar sem nú áfrýjandi hafði rjett til þess að byggja á því, að skipið tæki 440 tonn og heildarleiga skipsins var miðuð við það, þá hafði hann og rjett til þess að draga frá hinni umsömdu leigu tiltölulega upphæð vegna hinna vantandi 30 tonna. Samkvæmt þessu bar honum að greiða alls kr. 65,227,50 og þar sem hann að eins hefir greitt kr. 64,348,81, ber nú að dæma hann til að greiða stefnda muninn í dönskum krónum, 878 kr. 49 a. með 6% ársvöxtum frá 5. febr. 1918 til greiðsludags. Eftir atvikum þykir rjett að málskostnaður fyrir undirrjetti og hæstarjetti falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandi, Ásgeir Sigurðsson, greiði stefnanda, Sveini Björnssyni f. h. Damkjær Petersen, í dönskum krónum 878 kr. 49 a. ásamt 6% ársvöxtum frá 5. febr. 1918 til greiðsludags. Málskostnaður falli niður.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með skipsleigusamningi dagsettum hjer í bænum 12. Júlí 1917 tók Ásgeir kaupmaður Sigurðsson hér í bænum á leigu skipið „Ellen“ frá Kolding, eigandi Damkjær Petersen, til þess að

fara til Ibiza að aflokinni ferð með fisk til Barcelona og taka þar saltfarm til Hafnarfjarðar eða Reykjavíkur. Í leigusamningnum er þess getið að skipið beri 440 smálesta þunga dauðrar vigtar. Skipið tók saltfarminn í Ibiza í janúarmánuði 1918 og lagði af stað áleiðis til Íslands, en fórst á leiðinni.

Farmgjaldið var ákveðið „in a lump sum“ 70 000 krónur og átti að greiðast í Kaupmannahöfn án nokkurs aukakostnaðar eða umboðslauna um leið og farmskírteini væri undirskrifað, en þegar til greiðslu þess kom hélt leigutaki eftir af því kr. 5681,19 og færði til sem ástæðu að skipið hefði ekki haft meira en 410 smálestir meðferðis. Eftir árangurslausar tilraunir til að ná eftirstöðvunum af farmgjaldinu hjá leigutaka höfðaði hrm. Sveinn Björnsson mál þetta f. h. eiganda skipsins gegn leigutaka fyrir sjódómi Reykjavíkur með stefnu útgefinni 10. mars f. á. og hefir krafist þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sjer f. h. téðs umbjóðanda síns kr. 5681,19 með 6 % ársvöxtum frá 5 febr. 1918 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eða eftir mati rjettarins.

Stefndur hefir krafist fullrar sýknunar af kröfum stefnanda í málinu og málskostnaðar eftir mati rjettarins.

Sýknukröfur sínar byggir stefndur á því, að eiginlega hafi hann greitt meira af farmgjaldsupphæð þeirri, sem áskilin var í leigusamningnum, en sér hafi borið. Skipið hafi átt að taka 440 smálestir af salti og leigan hafi verið miðuð við það þótt ákveðin upphæð væri. Hinsvegar hafi það ekki tekið í hinni umræddu ferð meira en “410 metrisk ton„ er svari til 403 smálesta þunga en hann hafi greitt farmgjald, sem svari 410 smálestum því að hann hafi ekki vitað betur er hann greiddi farmgjaldið en að skipið hefði tekið 410 smálestir og því greitt farmgjaldið eftir því og hærra farmgjald en samsvari 403 smálesta þunga hafi sér ekki verið skylt að greiða, þar sem sagt sé í samningnum að skipið beri 440 smálestir en skipstjórinn hafi talið skipið fullfermt og ekki viljað taka meira í það, en hin umræddu 410 „metrisku ton“ af salti.

Stefnandi hefir neitað því að hann hafi tekið á sig nokkra ábyrgð á því, að »Ellen« tæki 440 smálestir í hinni umræddu ferð og þar sem farmgjaldið hafi verið ákveðið „in a lump sum “fyrir ferðina beri stefndum að greiða hina áskildu upphæð að fullu. Í leigusamningnum standi aðeins að skipið beri 440 smálestir, dauðrar vigtar og sje það satt, að svo hafi verið. Hefir hann

því til sönnunar upplýst, að þetta sama skip hafi tekið af stefndum sjálfum til flutnings til Barcelona 436 smálestir af fiski auk 5 smálesta lestarklæðningar og hefur stefndur kannast við að það væri rjett að öðru leyti en því, að lestarklæðningin hafi eigi verið meira en 3 smálestir og að flutningurinn hafi farið fram um hásumarið. Auk þessa hefir stefnandi upplýst, að úr skipinu hafi árið 1901 verið skipað 480 smálestum af kolum og það flutt 434 smálestir af salti frá Ibiza til Reykjavíkur í maí 1917. Ennfremur hefir stefnandi haldið því fram að skipið hafi í hinni umræddu ferð haft meðferðis 440 smálestr af salti þótt farmskírteinið teldi það ekki svo mikið og loks neitað því, og styðst sú neitun við framlagða yfirlýsingu frá skipstjóranum á „Ellen", að skipstjórinn hafi neitað að taka meira salt í skipið, en í því var, er það fór frá Ibiza í hina síðustu ferð sína

Rjetturinn verður nú að vera stefnanda samdóma um það, að í leigusamningnum hafi eigandi skipsins ekki tekið neina ábyrgð á því, að skipið flytti 440 smálestir af salti í ferð þeirri, er um var samið og að hann hafi ekki sagt rangt til um burðarmagn skipsins. Þar sem heildarleiga var ákveðin fyrir ferðina í hinum umræddu samningi, var það ekki skipseiganda heldur leigutaka að sjá um hvað tekið væri í skipið og hann hefir ekki gegn mótmælum stefnanda fært sönnur á, að skipið hefði ekki getað tekið 440 smálestir af salti. Stefndur hafði auk þess haft skipið á leigu áður og átti því að vera kunnugt um burðarmagn þess. Þar sem heildarleiga fyrir skipið var ákveðin í samningnum, getur stefndur að áliti rjettarins ekki komist hjá að greiða alla hina umsömdu leigu og á ekki rjett á fá neinn afslátt á henni þótt skipið hefði ekki meira meðferðis en hleðsluskjölin sýndu

Það verður því að taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti og þykir málskostnaður sá er stefndur á að greiða honum hæfilega ákveðin 100 krónur.

Föstudaginn 10. mars 1922.

Nr. 26/1921. **Sveinn Magnússon**
(Sjálfur)
gegn
Bjarna Ólafssyni, Sveini Guðmundssyni og Árna Böðvarssyni
(Guðm. Ólafsson)

Frávísunardómur.

Úrskurður fógetarjettar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 23. apríl 1921: Lögtaksgjörð sú, er hreppstjóri Ytri-Akraneshrepps framkvæmdi hjá Sveini Magnússyni á Setbergi á Akranesi, 31. f. m. skal standa óröskuð fyrir 230 kr. auk kostnaðar við lögtakið og söluna.

Dómur hæstarjettar.

Áfrýjandi hefir skotið til hæstarjettar lögtaksúrskurði fógetarjettar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu uppkveðnum 23. apríl 1921, um barnsmeðlag, með stefnu, dags. 12. okt. s. á. og var þá málskotsfrestur liðinn samkv. l. nr. 29, 16. desbr. 1865, 11. gr. sbr. l. nr. 22, 6. okt. 1919, 26. gr. Með því að áfrýjandi hefir eigi fengið uppreistarleyfi verður ex officio að vísa málinu frá hæstarjetti.

Í sambandi við lögtaksúrskurð fógetans hefir áfrýjandi skotið til hæstarjettar uppboðsgjörð hreppstjórans í Ytri-Akraneshreppi, þar sem hann seldi á opinberu uppboði fjármuni áfrýjanda þá, sem lögtak var gjört í til lúkningar meðlagskröfunni. En með því að rjettargjörðum hreppstjóra, sem eigi hafa komið undir úrskurð sýslumanns verður eigi áfrýjað til hæstarjettar, ber að vísa málinu einnig að þessu leyti frá rjettinum.

Málskostnað fyrir hæstarjetti verður áfrýjandi að greiða hinum stefndu og ákveðst hann 50 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Máli þessu vísast frá hæstarjetti.

Í málskostnað fyrir hæstarjetti greiði áfrýjandi, Sveinn Magnússon, hinum stefndu Bjarna Ólafssyni, Sveini Guðmundssyni og Árna Böðvarssyni 50 kr. að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. mars 1922.

Nr. 2/1922.

Rjettvísin
(Pjetur Magnússon)
gegn
Kristjáni Sólberg Sólbjartssyni
(L. Fjeldsted)

Innbrotsþjófnaður.

Dómur aukarjettar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 2. desbr. 1921: Ákærði Kristján Sólberg Sólbjartsson sæti 8 — átta — mánaða betrunarhússvinnu. Í iðgjöld greiði hann 130 kr. til Pjeturs Kristófers Pjeturssonar, kaupfjelagsstjóra á Sandi. Svo greiði ákærði og allan af málinu og varðhaldsvist sinni leiðandi kostnað, þar með taldar 8 kr. í málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns síns Ágústs verslunarstjóra Þórarinssonar í Stykkishólmi.

Ídæmd iðgjöld greiðist innan 15 daga frá lögbirting dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Af ástæðum þeim, sem tilgreindar eru í hinum áfrýjaða aukarjettardómi ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti 75 kr. hvorum.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardóminum skal óraskað. Ákærði Kristján Sólberg Sólbjartsson greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, hæstarjettarmálaflutningsmannanna Pjeturs Magnússonar og Lárusar Fjeldsted, 75 kr. til hvors. Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms eru svo:

Mál þetta er af hálfu rjettvísinnar höfðað gegn hinum ákærða Kristjáni Sólberg Sólbjartssyni, vinnumanni á Sandi, fyrir innbrotsþjófnað, og eru málavextir þeir, er nú skal greina:

Með eigin játningu hins ákærða og öðrum skýrslum málsins er það löglega sannað, að hann aðfaranótt 12. septbr. þ. á. framdi innbrot í búð Kaupfjelags Hellissands á Sandi með þeim hætti, að hann með vasahníf sínum losaði trjerúðu, neglda með 4 smánöglum, frá glerlausu rúðuopi neðst í glugga á herbergi innar af búðinni, klæddi sig úr jakka og vesti, setti svo báða handleggi inn í gegnum rúðugatið til þess að síðar stæði á öxlunum, og smaug svo í skakkhorn inn gegnum rúðuopið og komst þannig inn í herbergið innar af búðinni, en úr herbergi þessu var greiður gangur fram í búðina, því að læsingarlaust hurðarskrifli var milli innra herbergisins og búðarinnar. Ákærði hafði oft komið í búð kaupfjelagsins og var kunnugur húsaskipun, og hafði sjeð kaupfjelagsstjóraun Pjetur Kristófer Pjetursson handleika lítinn peningakassa, er hann hafði í búðinni og ljet í peninga þá, er komu inn fyrir seldar vörur. Fyrirfarandi dag sunnudaginn 11. septbr. þ. á, hafði ákærði gengið fram hjá húsi því á Sandi, þar sem í er búð nefnds kaupfjelags, litið inn um búðargluggann og sjeð þá peningakassann standa á borði neðan við hillurnar í búðinni, og þá vaknað hjá ákærða löngun til að stela kassanum, og sjeð að auðvelt mundi að ná honum með því að

taka að næturþeli þrjerúðuna frá neðsta rúðuopinu í herberginu innar af búðinni, smjúga þar inn, fara svo fram í búðina, taka þar kassann og fara svo út sömu leið. Ásetti hann sjer þá jafnframt að fremja innbrotið þá um nóttina.

Úr herberginu innar af búðinni fór ákærði svo fram í búðina, fann þar strax peningakassann á sama stað, er hann hafði sjeð hann fyrirfarandi dag, tók svo kassann, ljet hann út um rúðuopið og niður á jörð, sem ekki var hærra en manni í mjöðm, — og smaug svo út um rúðuopið á sama hátt og hann hafði komist þar inn, og fór að öllu sem hljóðlegast. Ekkert tók ákærði úr búðinni annað en peningakassann. Stakk hann því næst peningakassanum undir jakkalaf sitt og fór með hann upp í hraun, kippkorn upp fyrir kauptúnið, sprengdi upp kassann, sá að í honum var talsvert af silfurpeningum og dálítið af seðlum, en tók ekkert í það sinn úr kassanum, faldi svo kassann í hraungjótu og fór svo heim til sín og háttaði.

Að kveldi til nokkrum dögum síðar fór ákærði upp í hraun til að vitja um kassann og tók þá úr honum skjöl, er kaupfjelagsstjórinn geymdi í kassanum, reif þau í sundur og lagði í gjótuna undir kassanum; að skýrslu kaupfjelagsstjórans voru skjöl þessi borgarabrjef og lífsábyrgðarskírteini hans. Jafnframt tók ákærði þá úr kassanum 15 kr., er hann eyddi til sælgætiskaupa handa sjer og fleiri smáútgjalda. Nokkru síðar tók hann á ný 17 kr úr kassanum, og lánaði þar af manni á Sandi 10 kr., en 7 kr. varði hann upp í skuld, er hann stóð í á Sandi.

Sunnudagskveldið 16. oktbr. þ. á. tók hann enn úr kassanum 90 kr., og varði þar af kr 89.50 til kaupa á brjóstnál, armbandi, kapseli, úri með úrfesti og tannbakshring af ferðamanni frá Reykjavík, er kom á Sand með slíka muni til sölu, og varð þetta til að koma upp innbrotsþjófnaði ákærða, því að húsbóndi ákærða frjetti um kaupin og þóttu þau kynleg, af því að hann vissi ekki til að ákærði ætti nokkra peninga, og gekk því á ákærða um þetta, er þá meðgekk peningastuldinn úr kaupfjelagsbúðinni aðfaranótt 12. septbr. þ. á. Hafði af sýslumanni verið haldið próf á Sandi 23. septbr. þ. á. út af innbrotsþjófnaði þessum, án þess að nokkuð yrði uppvíst um, hver valdur hefði verið að verknaðinum.

Húsbóndi ákærða skýrði svo kaupfjelagsstjóranum Pjetri Kristófer Pjetursyni frá játningu ákærða, en hann aftur hreppstjóra. Vísaði ákærði svo hreppstjóra á staðinn, þar sem pen-

ingakassinn var falinn í hrauninu við Sand, og reyndist þá vera eftir í kassanum kr. 76.86, er var afhent kaupfjelagsstjóranum. Gjörir hann kröfu til þess að ákærði verði dæmdur til iðgjaldsgreiðslu 130 kr, og eru þar af 122 kr. til endurgreiðslu á peningum þeim, er ákærði samkvæmt framansögðu tók úr peningakassanum, en eftirstöðvarnar 8 kr. fyrir eyðilegging á peningakassanum og skjölum þeim, sem í kassanum voru. Hefir ákærði samþykt iðgjaldakröfu þessa.

Ákærði er fæddur 28 júní 1899 og hefir eigi áður sætt ákæru eða dómi fyrir neitt lagabrot. Afbrot hans ber að heimfæra undir 231. gr. 4 málslið hinna almennu hegningarlaga, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 8 mánaða betrunarhússvinna. Í iðgjöld greiði ákærði 130 kr. til Pjeturs Kristófers Pjeturssonar, kaupfjelagsstjóra á Sandi. Svo greiði ákærði og allan af málinu og varðhaldsvist sinni leiðandi kostnað, þar með taldar 8 kr. í málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns síns Ágústs verslunarstjóra Þórarinssonar í Stykkishólmi. Það vottast að rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Föstudaginn 31. mars 1922.

Nr. 12/1922. **Valdstjórnin**
(P. Magnússon)
gegn
Haraldi Jónssyni
(L. Fjeldsted),

sem er ákærður fyrir brot á lögum nr. 91/1917, um aðflutningsbann á áfengi.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 2. mars 1922: Kærður, Haraldur Jónsson, greiði 200 króna sekt í ríkissjóð og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Af ástæðum þeim, er tilgreindar eru í hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi, ber að staðfesta hann.

Kærði greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talið málflutningskaup til sækjanda og verjanda í hæstarjetti 40 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi skal óraskað.

Kærði, Haraldur Jónsson, greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talið málflutningskaup til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, hæstarjettarmálflutningsmannanna, Pjeturs Magnússonar og Lárusar Fjeldsted 40 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Það er löglega sannað í máli þessu, sem höfðað er af valdstjórnarinnar hálfu gegn Haraldi Jónssyni, trjesmið, Lindargötu 28, fyrir brot á lögum nr 91, 14. nóvember 1917 um aðflutningsbann á áfengi, með eigin játning kærðs, sem kemur heim við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu, að hann 5. þ. m. hafi farið út í e/s. Gullfoss, er lá hjer við hafnarbakkann, 2var sinnum og keypt af þjóninum þar eina flösku af aqva vitae í hvort skifti fyrir 25 krónur flöskuna og flutt í land. Áfengið úr flöskum þessum drakk kærður. Í þriðja skiftið, er hann fór út í skipið og ætlaði að kaupa meira áfengi, fjekk hann það ekki vegna þess, að hann hafði ekki næga peninga meðferðis. Gerði hann þá tollþjóninum aðvart um hina ólöglegu sölu og kærði hana síðan fyrir lögreglunni.

Þjónn sá, er hefur viðurkent að hafa selt kærðum umrætt áfengi, hefir undirgengist sektagreiðslu fyrir lögreglustjóranum,

en kærður hefir neitað að greiða sekt vegna þess að hann hafi komið upp þessari ólögmætu áfengissölu frá skipinu.

Með þessu framferði hefir kærður gjörst brotlegur gegn 7. og 8. gr. áðurnefndra laga og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið hæfilega ákveðin 200 króna sekt, er renni í ríkissjóð.

Svo greiði kærður og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 5. apríl 1922.

Nr. 3/1922.

Rjettvísin
(P. Magnússon)
gegn
Ólafi Lárussyni Fjeldsted,
Sturlaugi Lárussyni Fjeldsted
(Jón Ásbjörnsson)
og Gunnari Sigurðssyni
(B. P. Kalman),

sem ákærðir eru um brot gegn 24.—26. kap. hegningarlaganna.

Dómur aukarjettar Reykjavíkur 14. desbr 1921: Hinir ákærðu: Ólafur Hannes Lárusson Fjeldsted, Sturlaugur Lárusson Fjeldsted og Gunnar Sigurðsson, eiga að vera sýknir af ákæru rjettvísinnar í þessu máli.

Allur af málinu löglega leiddur og leiðandi kostnaður þar á meðal 25 krónur í málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns ákærðs Sturlaugs, Gunnars E. Benediktssonar, lögfræðings, greiðist af almannafje.

Dómur hæstarjettar.

Með þeirri athugasemd, að próf þau, er farið hafa fram eftir uppsögn hjeraðsdómsins, skera eigi fremur en aðalprófin, úr um sekt hinna ákærðu Ól-

afs L Fjeldsted og Gunnars Sigurðssonar, þá verður að staðfesta aukarjettardóminn að því er þá báða snertir af þeim ástæðum, er greinir í forsendum dómsins.

Hinsvegar þykir eftir öllum atvikum mega telja það sannað, að egg þau, er ákærði, Sturlaugur L Fjeldsted, flutti Birni nokkrum Halldórssyni 29. apríl f. á., hafi verið úr eggjakassa þeim, er mál þetta er höfðað útaf og fara átti til H. J. Hansen bakara, en aldrei kom til skila og þar sem Sturlaugur daginn áður en hann flutti Birni eggin, hafði verið til yfirheyrslu hjá lögreglunni útaf vanskilum á kassanum, sem hann eða meðákærður Ólafur hafði tekið til flutnings í afgreiðslu Sameinaða gufuskipafjelagsins 18. eða 19. apríl, þá þykir ennfremur mega ætla, að Sturlaugur hafi vitað eða hlotið að gruna, að eggin, er hann flutti Birni, voru úr oftnefndum kassa, og þá ólöglega fengin. Hefir Sturlaugur því með flutningnum á eggjunum til Björns, gerst brotlegur gegn 250 gr. hegningarlaganna, og þykir hegning sú, er hann hefir til unnið, hæfilega metin 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð.

Gæsluvarðhaldskostnað sinn og málsvarnarlaun í hjeraði á Sturlaugur að greiða að fullu, varnarlaun verjanda síns og Ólafs í hæstarjetti að helmingi, en annan málskostnað í hjeraði en fyr var nefndur, sóknarlaun sækjanda hjer í rjetti og annan áfrýjunarkostnað að þriðjungi. Að öðru leyti á málskostnaður í hæstarjetti að greiðast af almannafje.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardóminum skal óraskað, að því er snertir hina ákærðu Ólaf L. Fjeldsted og

Gunnar Sigurðsson, en ákærði Sturlaugur L. Fjeldsted sæti 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð.

Svo greiði Sturlaugur gæsluvarðhaldskostnað sinn og málsvarnarlaun verjanda síns í hjeraði, cand jur. Gunnars E Benediktssonar, 25 kr., að fullu, varnarlaun verjanda síns og Ólafs í hæstarjetti, Jóns málaflutningsmanns Ásbjörnssonar, 75 kr., að helmingi, en annan málskostnað í hjeraði, sóknarlaun sækjanda málsins hjer í rjetti, Pjeturs hæstarjettarmálflutningsmanns Magnússonar, 120 kr, og annan áfrýjunarkostnað að þriðjungi. Annar áfrýjunarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun verjanda Gunnars, Björns málaflutningsmanns P. Kalman, 60 kr, greiðist af almannafje.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af rjettvísinnar hálfu gegn þeim Ólafi Hannesi Lárussyni Fjeldsted, ökumanni, til heimilis í Hverfisgötu 93, bróður hans, Sturlaugi Lárussyni Fjeldsted ökumanni, til heimilis í Freyjugötu 3 og Gunnari Sigurðssyni kaupmanni, til heimilis á Laugavegi 55, fyrir brot á ákvæðum 24.—26. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Ákærður Ólafur er fæddur 23. maí 1883 og var með aukarjettardómi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, uppkveðnum 10. janúar 1906, dæmdur samkvæmt 250. gr. hegningarlaganna til 2×5 daga fangelsisrefsingar við vatn og brauð og aftur með aukarjettardómi sömu sýslu uppkveðnum 10. október 1914 samkvæmt 231. gr. 1. málsl. og 240. gr. sömu laga til 12 mánaða betrunarhússvinnu. Hann sat í gæsluvarðhaldi frá 15.—19. f. m.

Ákærður Sturlaugur er fæddur 10. nóvember 1888 og var

með aukarjettardómi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, uppkveðnum 10. janúar 1906 dæmdur samkvæmt 250. gr. hegningarlaganna, sbr. 48. gr. 2. málsgr. og 38. og 22. gr. til fangelsisrefsingar við venjulegt fangaviðurværi í 8 daga. Hann sat í gæsluvarðhaldi frá 15.—21. f. m.

Ákærður Gunnar er fæddur 2. febrúar 1885 og var með landsyfirrjettardómi uppkveðnum 26. apríl 1915 dæmdur í 2ja ára betrunarhússvinnu fyrir brot á 266. gr. sbr. 48. gr. hegningarlaganna; auk þess hefir hann verið sektaður nokkrum sinnum fyrir lögreglubrot. Hann sat í gæsluvarðhaldi frá 15.—21. f. m.

Málavextir eru þeir, að með e/s »Island« 18. apríl í ár komu 11 heilkassar með eggjum til afgreiðslu Sameinaða gufuskipafjelagsins og voru látnir þar inn í vörugeymsluhús. Áttu 10 kassarnir að fara í Smjörhúsið hjer í bænum en sá ellefti til Hansens bakara og var hann merktur öðruvísi en hinir. Kvittaði ákærður Sturlaugur, sem ók vörum heim til Smjörhússins, fyrir móttöku á 8 kössum hjá afgreiðslunni 18. apríl og ákærður Ólafur, sem einnig ók vörum til Smjörhússins, fyrir móttöku á 3 kössum daginn eftir. Daginn eftir að þeir bræður höfðu ekið kössunum kom maður frá Hansen bakara til að sækja kassa þann, er til hans átti að fara, en hann fanst þá ekki í vörugeymsluhúsinu, voru þá kvittanirnar athugaðar og kom í ljós að þeir bræður höfðu kvittað fyrir móttöku á samtals 11 kössum. Ljet afgreiðslan þá rannsaka kostgæfilega alla eggjakassa, fulla og tóma, í Smjörhúsinu, en kassi Hansens fanst þar ekki og þangað höfðu ekki komið nema 10 kassar, en þeir Ólafur og Sturlaugur staðhæfðu að þeir hefðu ekið öllum eggjakössunum, er þeir hefðu kvittað fyrir, í Smjörhúsið og gátu engar upplýsingar gefið um hvað orðið hefði um kassann til Hansens. Var þá hvarf kassa þessa kært fyrir lögreglunni, en það bar engan árangur fyrri en í haust að lögreglan komst á snoðir um, að um líkt leyti og eggjakassi Hansens hvarf, hefði ákærður Sturlaugur átt að aka miklu af eggjum heim til Björns Halldórssonar, Barónsstíg 22. Var þá lögregluransókn hafin á ný og síðar rjettarransókn með þeim árangri, er nú skal greina.

Hjónin Björn Halldórsson, verkamaður og kona hans, Ágústa Margrjet Aradóttir, hafa borið fyrir rjettinum og unnið eið að þeim framburði sínum, að dag einn seint í apríl í ár hafi ákærður Sturlaugur komið heim til þeirra með 4 kassa með útlendum hænueggjum í á handvagni og sagt að ákærður Gunnar bæði

Björn að geyma eggin og voru kassarnir látnir þar inn í geymsluskúr. Síðan kveða hjónin ákærðan Sturlaug hafa sagt þeim, að dag einn hefðu þeir bræður í misgripum ekið heilum eggjakassa inn til ákærðs Gunnars með vörum, er þeir voru að aka fyrir hann og ætlað að aka kassanum aftur niður í bæ, en þá hafi Gunnar sagt, að þeir skyldu láta sig hafa kassann, hann skyldi þá borga þeim 100 krónur hvorum, er hann væri búinn að selja úr honum og hafi það orðið úr, að Gunnar fjekk kassann. Konan Ágústa Margrjet Aradóttir, heldur því og fram að hún hafi átt tal við ákærðan Ólaf um málið úti á götu og skilið hann svo, sem hann staðfesti frásögn Sturlaugs. Bæði kveðast hjónin hafa átt tal um eggjakassa þessa við ákærðan Gunnar og að hann hafi neitað að hafa sent Sturlaug með kassana eða beðið fyrir geymslu á þeim, en þau bera að Gunnar hafi sagst hafa geymt eggjakassa fyrir þá bræður, Ólaf og Sturlaug, í porti sínu. Björn Halldórsson ber að Sturlaugur hafi sagt þeim hjónunum báðum saman söguna inni í íbúð þeirra en konan að þau Sturlaugur og hún hafi verið tvö ein inni í stofu hennar, er hann sagði henni söguna.

Allir hinir ákærðu neita því afdráttarlaust og eindregið að þeir geti gefið nokkrar upplýsingar um, hvað orðið hafi af eggjakassa Hansens bakara. Bræðurnir kveðast helst álíta að hann hafi lent í Smjörhúsinu. Sturlaugur neitar því afdráttarlaust að nokkuð sje hæft í því, að hann hafi sagt þeim hjónunum Birni og Ágústu Margrjeti sögu þá, er þau hafa eftir honum og Ólafur neitar því jafn eindregið að kona Björns Halldórssonar og hann hafi nokkru sinni átt tal saman um þessa eggjakassa. Hinsvegar kveður ákærður Sturlaugur það satt vera, að hann seint í apríl í ár hafi ekið í handvagni, að því er hann minnir frekast, tveimur eggjakössum eftir beiðni ákærðs Gunnars inn til Björns Halldórssonar á Barónsstíg 22 og beðið Björn frá Gunnari að geyma kassana. Staðhæfir hann að Gunnar hafi beðið sig að aka kössum þessum og afhent sjer þá í búð sinni.

Ákærður Gunnar neitar því jafn eindregið, að hann hafi beðið Sturlaug fyrir nokkur egg til Björns og að Björn Halldórsson og kona hans hafi nokkru sinni minst á þau við sig eða að hann hafi sagt þeim, að hann hafi geymt eggjakassa fyrir þá bræður. Eini fóturinn, sem fyrir þessu sje, að kona Björns hafi einu sinni spurt sig hvort hann ætti nokkuð geymt hjá manni sínum og hafi hann svarað því neitandi. Þá hefir hann og þver-

neitað því að hafa feng'ð nokkur egg hjá þeim bræðrum eða fyrir tilstilli þeirra. Hann kveðst hafa selt mikið af eggjum, útlendum og innlendum og stundum fengið heilkassa af eggjum frá útlöndum, en þverneitar því, að hann hafi í ár fengið nokkurn slíkan kassa svo snemma sem í apríl eða að slíkur kassi hafi verið í húsum sínum á þeim tíma en þó hefir búðarmaður hans, Árni Þorsteinn Árnason, borið sem vitni í málinu og unnið eið að, að eggjakassi, eins og sá, sem hjer er um að ræða, hafi verið í vörugeymsluhúsi Gunnars seint í apríl í vor og þeir báðir, Gunnar og hann sótt egg í hann fram í búðina, en kassinn verið horfinn þaðan 29. apríl þ. á. er lögreglan framkvæmdi áfengisleit hjá Gunnari og veit vitnið ekki hvaðan kassi þessi kom eða hvað af honum varð og var þó mikið í honum er vitnið tótti síðast egg í kassann.

Þrátt fyrir vitnaframburði þá og líkur, sem fram er komið í máli þessu, svo og fortíð ákærðu, verður að áliti rjettarins þó eigi talið nægilega sannað í því að ákærðir hafi slegið eign sinni á eða hagnýtt sjer eggjakassa þann, sem til Hansens bakara átti að fara. Verður því að sýkna þá af ákæru rjettvísinnar í málinu og dæma málskostnaðinn af almanna fé.

Hinn skipaði talsmaður ákærðs Sturlaugs hefir krafist þess, að skjólstæðing sínum verði eftir mati rjettarins dæmdar bætur fyrir gæsluvarðhald hans og fullur málskostnaður. Krafan um bætur fyrir gæsluvarðhaldið verður ekki tekin til álita í þessu máli. Hinsvegar þykir mega skilja kröfuna um málskostnað svo, sem talsmaðurinn gjöri kröfu til málsvarnarlauna handa sjer og þykir rjett að taka þá kröfu til greina og tildæma honum málsvarnarlaun, 25 krónur, af almanna fje.

Á rekstri málsins hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

Laugardaginn 8. apríl 1922.

Nr. 5/1922.

Rjettvísin
(L. Fjeldsted)
gegn
Bjarna Gíslasyni
(Guðm. Ólafsson),

sem ákærður er fyrir þjófnað.

Dómur aukarjettar Siglufjarðarkaupstaðar 6. oktbr. 1921: Ákærði skal sæta refsingu 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Hann greiði Jóni Jónssyni Steinaflötum iðgjöld kr. 214,00 og allan kostnað, er leiðir af málinu.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Með eigin játningu ákærða, sem með dómi aukarjettar Eyjafjarðarsýslu 5. júní 1915 hefir verið dæmdur fyrir einfaldan þjófnað, og með öðrum gögnum í málinu, er það sannað, að í lok ágústmánaðar f. á. fór ákærði seint um kvöld eða fyrri hluta nætur í hjall á Steinaflötum í Siglufirði, sprengdi upp hjallloftið, er var læst, og braut þar upp læsta kistu og stal úr henni 214 krónum í peningum, er átti Jón Jónsson á Steinaflötum. En af peningum þessum hefir eigandinn aftur fengið 10 krónur. — Ennfremur er það sannað, að ákærði hefir áður sama sumarið stolið trjávið, 10 borðum, 2 trjám og 1 planka, frá öðrum manni á Siglufirði, og hefir þessi trjáviður verið metinn 55 kr. 50 a., en iðgjalda fyrir hann hefir ekki verið krafist.

Þessi afbrot ákærða heyra undir 231. gr. 4. lið og 232. gr. sbr. 63. gr. hinna almennu hegningarlaga og þykir refsingin hæfilega ákveðin betrunarhúsvinna í tíu mánuði. Ákærða ber að greiða Jóni Jónssyni á Steinaflötum iðgjöld eftir kröfu hans með

204 krónum, og ennfremur allan af máli þessu leiðandi kostnað bæði í hjeraði og fyrir hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda 80 kr. til hvors.

Við meðferð málsins í hjeraði er það aðfinsluvert, *að* ákærði hefir ekki verið krafinn sagna um æfiferil sinn, *að* meðal málsskjalanna er ekki eftirrit af fyrnefndum aukarjettardómi Eyjafjarðarsýslu, *að* hegningarvottorð ákærða úr Siglufjarðarkaupstað vantar, og *að* prófun málsins er ónákvæm.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði Bjarni Gíslason sæti betrunarhúsvinnu í tíu mánuði.

Hann greiði Jóni Jónssyni á Steinaflötum 204 krónur í iðgjöld og ennfremur greiði hann allan af málinu leiðandi kostnað í hjeraði og fyrir hæstarjetti þar með talin málflutningslaun til sækjanda hæstarjettarmálaflutningsmanns Lárusar Fjeldsted og verjanda málaflutningsmanns Guðmundar Ólafssonar 80 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með eigin játningu ákærða, Bjarna Gíslasonar og öðrum gögnum hefir það sannast, að Bjarni Gíslason hefir aðfaranótt þ. 28. ágúst s. l. farið inn í hjall á Steinaflötum. Hafi hjallurinn verið ólæstur og hafi ákærði sprengt upp hjallloftið, sem var læst og kistu upp á hjallloftinu, sem líka var læst, án þess þó að sprengja læsingarnar upp með stingtóli heldur með spýtu, sem hann fann fyrir sjer á vjettvangi; hafi kærði tekið úr kistunni þá peninga sem í henni voru án þess að telja þá, en sem full ástæða er til að ætla að hafi verið 214 krónur eftir fram-

b»rði Jóns Jónssonar. Hefir ákærði eytt nokkru af þessum peningum en nokkuð fól hann tjeða nótt, en þykist eigi muna hvar hann fól peningana og hefir ekki orðið uppvíst um þá peninga. Ennfremur er það sannað með eigin játningu ákærða, að hann hafi í júnímánuði s. l. stolið 10 borðum, 2 trjám og 1 planka, samtals virt á kr. 55,50, en ekki hefir eigandi þeirra hluta krafist iðgjalda fyrir.

Ákærði heldur því fram, að hann hafi verið ölvaður er hann gerði sig sekan í peningaþjófnaðinum. Enda þótt ekki sje full ástæða til þess að rengja slíkan framburð kærða er þó engin sönnun framkomin fyrir að slíkt hafi haft áhrif á sakhæfi hans. Ákærði heldur því ennfremur fram, að hafa tekið timbrið af því að hann ætti inni hjá eiganda timbursins og fengi ekki inneign sína á annan hátt, en ekki getur slíl. ástæða heldur sýknað ákærða.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir 5. júní 1915 verið dæmdur skilorðsbundnum dómi fyrir endurtekinn þjófnað í 3×5 daga fangelsi við vatn og brauð.

Afbrot ákærða heyrir undir 230. gr. hegningarlaga 25. júní 1869 og þykir refsingin hæfilega ákveðin 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð.

Kærði greiði til Jóns Jónssonar Steinaflötum hina stolnu peningaupphæð kr. 214,00, en eigandi hins stolna timburs hefir eigi krafist iðgjalda fyrir timbrið.

Svo greiði hinn ákærði allan af málinu leiðandi kostnað.

Það vottast að málsmeðferðin í hjeraði hefir verið lögmæt.

Mánudaginn 1. maí 1922.

Nr. 10/1922.

Rjettvísin
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
Ólafi Friðrikssyni, Henðrik Jóni Siemsen Ottóssyni, Markúsi Jónssyni, Reimari Eyjólfssyni, Jónasi Magnússyni og Ásgeiri M. Guðjónssyni
(Lárus Fjeldsted),

sem ákærðir eru um brot gegn 12. kap. hegningarlaganna.

Dómur aukarjettar Reykjavíkur 4. febr. 1921: Kærður Ásgeir Möller Guðjónsson á að vera sýkn af ákæru rjettvísinnar í þessu máli.

Hinir ákærðu Ólafur Friðriksson Möller, Hendrik Jón Siemsen Ottósson, Markús Jónsson, Reimar Eyjólfsson og Jónas Magnússon sæti fangelsi við vatn og brauð, Ólafur í 6×5 daga, Hendrik í 4×5 daga en þeir Markús, Reimar og Jónas í 3×5 daga hver.

Allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað þar með taldar 50 krónur í málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns ákærðu Markúsar og Jónasar, fyrverandi sýslumanns Sigurðar Þórðarsonar, greiði ákærður Ólafur að hálfu og hinn helminginn allir hinir dómfeldu, einn fyrir alla og allir fyrir einn.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar:

Eftir hinum ófullkomnu upplýsingum, sem fengist hafa í málinu og samkvæmt ástæðum þeim, er greindar eru í hinum áfrýjaða dómi, og ekkert verulegt þykir athugavert við, verður að staðfesta hann, þó þannig, að brot Ólafs Friðrikssonar heimfærist undir 104. gr. 1. lið og 53. gr. sbr. 99. gr. hegningarlaganna og ákveðst refsingin fyrir hann 8 mánaða

betrunarhúsvinna, og að refsing hinna ákærðu Markúsar Jónssonar, Reimars Eyjólfssonar og Jónasar Magnússonar ákveðst 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð og að málskostnaðarákvæði dómsins breytist að því leyti, að hinir ákærðu Markús og Jónas greiði einir in solidum málsvarnarlaun talsmanns þeirra í hjeraði.

Allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir hæstarjetti, 120 kr. til hvors, greiði hinir ákærðu Ólafur, Hendrik, Markús, Reimar og Jónas sem síðar segir.

Hegningarvottorð úr Norður-Múlasýslu fyrir ákærða Jónas Magnússon hefir ekki verið fengið.

Því dæmist rjett vera:

Refsing ákærða Olafs Friðrikssonar ákveðst 8 mánaða betrunarhúsvinna og hinna ákærðu Markúsar Jónssonar, Reimars Eyjólfssonar og Jónasar Magnússonar 2×5 daga fangelsi við vatn og brauð fyrir hvern þeirra. Hinir ákærðu Markús Jónsson og Jónas Magnússon greiði einir in solidum málsvarnarlaun sín í hjeraði. Að öðru leyti skal aukarjettardómurinn vera óraskaður.

Allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir hæstarjetti, málflutningsmanns Jóns Ásbjörnssonar og hæstarjettarmálaflutningsmanns Lárusar Fjeldsted, 120 kr. til hvors, greiði ákærði Ólafur Friðriksson að helmingi, en hinn

helminginn greiði hann in solidum með ákærðum Hendrik Ottóssyni, Markúsi Jónssyni, Reimari Eyjólfssyni og Jónasi Magnússyni.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af rjettvísinnar hálfu gegn þeim 1) Ólafi Friðrikssyni Möller, ritstjóra, Suðurgötu 14, fæddum 16. ágúst, 1886, 2) Hendrik Jóni Siemsen Ottóssyni, stúdent, Vesturgötu 29 fæddum 8. október 1897, 3) Markúsi Jónssyni, bryta, Bergþórugötu 10, fædddum 24. febrúar 1891, 4) Reimari Eyjólfssyni, verkamanni, Vesturgötu 12, fæddum 14. janúar 1886, 5) Jónasi Magnússyni, rafvirkja, Brekkustíg 15, fæddum 29. ágúst 1895 og 6) Ásgeiri Möller Guðjónssyni, sjómanni, Bakkastíg 5, fæddum 4 maí 1901, fyrir brot á ákvæðum 12. kapitula almennra hegningarlaga frá 25 júní 1869.

Enginn hinna ákærðu hefir áður svo upplýst eða sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt brot nema Reimar Eyjólfsson, er var sektaður 4. júlí 1916 um 20 krónur fyrir brot á ákvæðum brunamálalöggjafarinnar.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Síðastliðið haust fluttist hingað til landsins rússneskur piltur, Nathan Friedmann að nafni, 15 ára að aldri, á vegum ákærðs Ólafs Friðrikssonar ritstjóra, kom það skömmu síðar í ljós, að piltur þessi var haldinn af næmum og illkynjuðum augnasjúkdómi (trachoma), sem eftir skýrslu augnlæknis þess, er leitað var til, er eigi hjer í landinu. Lagði þá landlæknir til við Stjórnarráðið, að fengnum tillögum augnlækna bæjarins, að piltinum yrði bannað að dvelja hjer á landi. Stjórnarráðið skipaði þá 14. nóvember f. á. samkvæmt heimild í lögum nr. 10 frá 18. maí 1920, um eftirlit með útlendingum, svo fyrir, að rússneski pilturinn skyldi fara af landi burt eigi síðar en með gufuskipinu „Botnia", er fara átti föstudaginn 18. s. m. og lagði fyrir lögreglustjóra að birta það fyrir piltinum og ákærðum Ólafi og sjá um, að þessari fyrirskipun yrði hlýtt.

Þegar ákærður Ólafur fjekk frá lögreglustjóra tilkynningu um, að senda ætti rússneska piltinn af landi burt, fór hann að

semja við Stjórnarráðið um styrk handa piltinum næstu árin, en þær samningaumleitanir leiddu ekki til samkomulags.

Föstudaginn 18. nóvember f. á. sendi lögreglustjóri því yfirlögregluþjóninn og tvo lögregluþjóna heim til ákærðs Ólafs í Suðurgötu 14 til þess að sækja piltinn, því þann dag átti e.s. „Botnia“ að fara. Fundu þeir Ólaf að máli, en hann tjáði þeim að pilturinn væri ekki hjá sjer og að hann vissi ekkert um, hvar hann væri. Jafnframt bauð Ólafur lögregluþjónunum að leita í húsinu, en því boði virðist ekki hafa verið tekið. Hinsvegar símaði yfirlögregluþjónninn á lögreglustöðina, að margir menn væru saman komnir hjá Ólafi og að hindra mundi eiga lögregluna með valdi í því að ná piltinum, enda hafði ákærður Ólafur lýst því yfir í blaði því, sem hann er ritstjóri að, að pilturinn yrði ekki látinn fara.

Lögreglustjóri bað þá A. V. Tulinius forstjóra og slökkviliðsstjóra að safna að sjer mönnum eftir því sem hægt væri og aðstoða lögregluna við að ná rússneska piltinum ef með þyrfti. Brugðust þeir vel við og safnaði hinn fyrnefndi að sjer um 50 mönnum en hinn síðarnefndi um 15 mönnum og voru þeir með menn þessa á Suðurgötunni og í nánd við bústað Ólafs Friðrikssonar, en eftir því sem þeir Tulinius og slökkviliðsstjórinn hafa borið fyrir rjetti, fengu þeir aldrei neina skipun eða beiðni frá lögreglunni um neina ákveðna aðstoð og áttu því lítinn eða engan þátt í því, er síðar fór fram.

Síðan fór lögreglustjóri í broddi lögreglunnar heim að bústað Ólafs Friðrikssonar og hafði meðferðis rjettarúrskurð fyrir því, að gjöra mætti þar húsleit eftir rússneska piltinum. Hitti lögreglustjóri Ólaf í forstofunni og tjáði honum það erindi sitt að sækja piltinn. Svaraði Ólafur því sama og yfirlögregluþjóninum, að pilturinn væri þar ekki og að Ólafur vissi ekki hvar hann væri. Las lögreglustjóri þá upp húsleitarúrskurðinn og bauð honum að opna stofuhurðirnar fram í forstofuna, sem voru aflæstar, en Ólafur neitaði að hlýða því boði. Bauð lögreglustjóri þá mönnum þeim, er inni í stofunum voru, að opna hurðirnar, en þeir sinntu heldur ekki því boði og svöruðu að húsráðandi (o: Ólafur) rjeði því hvort hurðirnar yrðu opnaðar. Ljet lögreglustjóri þá sækja verkfæri og brjóta upp hurðina milli forstofunnar og svefnherbergis Ólafs og var fyrir innan hana stór skápur, er dreginn hafði verið fyrir hurðina.

Inni í stofunum voru 17 menn, er safnast höfðu til Ólafs.

Bauð lögreglustjóri mönnum þessum að ganga út og hlýddu þeir því möglunarlítið, verður rjetturinn því að telja þá vítalausa samkvæmt niðurlagi 104 gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869, þar sem þeir skipuðust við fyrirmæli lögreglustjóra og fóru út án þess að gjöra óskunda á mönnum eða fjármunum manna, aðra en ákærðan Ólaf Friðriksson, sem telja verður forgöngumann þeirra.

Hóf lögreglan þá leit í íbúðinni eftir rússneska piltinum og fann hann eftir all-langan tíma í fylgsni, sem er bak við rúmgafl hjónanna, og liggur þar undir stiga.

Á íbúð ákærðs Ólafs eru þrennar útidyr. Aðaldyr til norðurs og fór lögreglan inn um þær dyr, þá liggja og dyr út á tröppur við suðausturenda hússins og loks eldhúsdyr vestan á húsinu.

Þegar lögreglan var búin að finna rússneska piltinn fór Ólafur Friðriksson út á tröppurnar við suðausturdyrnar, en þar fyrir utan hafði safnast að múgur og margmenni, og kallaði upp: „Nú eru þeir búnir að finna rússneska piltinn og koma bráðum með hann grátandi, en við látum hann ekki fara“. Um líkt leyti fór og ákærður Hendrik Ottósson út úr íbúð Ólafs, en þeir tveir virðast hafa verið þar inni meðan stóð á leitinni eftir rússneska piltinum, að minsta kosti öðru hvoru, og ljet orð falla um, að ekki ætti að líða lögreglunni að fara með piltinn og að: „við (o: hann og þeir, sem honum væru fylgjandi) metum mannúðina meira en hegningarlögin“.

Rjett á eftir kom Sæmundur Gíslason lögregluþjónn út á tröppurnar við suðausturdyrnar með rússneska piltinn undir vinstri handleggnum en lögreglukylfu í hægri hendi og gengu yfirlögregluþjóninn og lögreglufulltrúinn rjett á eftir honum. Hafði þá ekki verið rudd braut gegnum mannfjöldann niður á Suðurgötu eins og lögreglufulltrúinn hafði falið einum af lögregluþjónunum að sjá um að gjört yrði, heldur stóð mannfjöldinn í þyrpingu fast við tröppurnar og niður undir götu.

Þegar Sæmundur kom niður í tröppuna með piltinn, kveður hann hafa verið þrifið í fætur sjer af tveim mönnum, er stóðu sínu megin hvor við tröppuna og var tekið svo fast sjerstaklega í vinstri fót honum, að hann varð að styðja sig með hægri hendinni við handriðið á tröppunni til að verjast falli. Missti hann þá rússneska piltinn og lögreglukylfan var þrifin af honum af manni, er stóð sunnan við tröppurnar, og hann barinn með henni

og sömuleiðis yfirlögregluþjónninn, sem næstur honum gekk. Lenti þarna í all-miklum ryskingum um stund og meðan á þeim stóð fór kona ákærðs Ólafs, er staðið hafði út í mannþrönginni, eftir fyrirlagi manns síns inn í húsið aftur með rússneska piltinn um sömu dyrnar og út með hann var komið um, og Ólafur á eftir og fáeinir menn aðrir með honum. Gjörði þá lögreglufulltrúinn og tveir lögregluþjónar með honum tilraun til þess að komast á eftir þeim inn í húsið aftur um sömu dyrnar til að sækja piltinn, en var varnað þess af þeim, er inn voru komnir á undan þeim og lágu á hurðinni. Kom annar lögregluþjónninn fæti á milli hurðarinnar og karmsins en þá barði ákærður Ólafur á fótinn á honum með steini, er kastað hafði verið að utan inn um glugga, svo lögregluþjónninn varð að draga fótinn til sín og lögreglan frá að hverfa. Eftir skýrslu lögreglufulltrúans reyndi lögreglan þar á eftir að komast inn um norðurdyr hússins og og bakdyrnar, en þá var búið að aflæsa þeim dyrum að innan og hvarf svo lögreglan frá tilraunum sínum til að ná rússneska piltinum í það sinn.

Það hefir ekki orðið upplýst í málinu hverjir það voru, sem kipptu í fætur Sæmundar lögregluþjóns, er hann kom niður í tröppuna með rússneska piltinn, nje hver það var, er þreif kylfu hans og barði hann og yfirlögregluþjóninn. Yfirleitt þekti lögreglan ekki aðra af þeim, sem veittust að henni úti, en ákærðu Ólaf og Hendrik, sem og báðir hafa játað að þeir hafi ætlað að ráðast á lögregluna og viljað bæði sjálfir og fá aðra í lið með sjer til þess að taka rússneska piltinn af henni með valdi, en eftir upplýsingum þeim, sem fyrir liggja í málinu, var þeim varnað þess að ná til Sæmundar lögregluþjóns og yfirlögregluþjónsins og Hindrik var tekinn og farið með hann niður á lögreglustöð, en Ólafur fór inn í húsið aftur eins og að framan greinir.

Við ryskingar þær, sem skýrt er frá hjer að framan hlaut enginn neitt alvarlegt meiðsli.

Ákærður Ólafur ritstjóri Friðriksson hefir skýrt svo frá, að það hafi verið meining sín að hafa piltinn Nathan Friedmann ekki á heimili sínu 18. nóvember f. á. þegar „Botnia“ átti að fara, heldur fela hann einhverstaðar annarsstaðar en vera sjálfur heima og hafa menn hjá sjer til að villa lögreglunni sýn. En svo fór, að hann fann engan stað, er hann vildi láta piltinn í og varð hann því heima, en ákærður kveðst hafa treyst því, að hann

myndi ekki finnast þar sem hann var falinn. Hann kveðst ekki geta um það sagt eða munað hvort hann hafi nokkru sinni hugsað sjer að hindra brottför piltsins með valdi fyrri en lögreglan var búin að finna hann 18. nóvember.

Eftir 18. nóv. 1921 hafði ákærður Ólafur Friðriksson vörð manna í húsi sínu dag og nótt. Voru það aðallega menn, er komu til hans af sjálfsdáðum og hjetu liðsinni sínu til þess að varna töku rússneska piltsins. Aðrir menn reyndu að koma á sættum milli Ólafs og stjórnarvaldanna og fá Ólaf til að láta rússneska piltinn fara með góðu, en það reyndist árangurslaust.

Þriðjudaginn 22. nóvember skipaði Stjórnarráðið skipstjórann á björgunarskipinu „Þór", Jóhann P. Jónsson, áður sjóliðsforingja, aðstoðarlögreglustjóra hjer í bænum og fól honum sjerstaklega að bæla niður mótþróa þann gegn lögregluvaldinu, sem því hafði sýndur verið. Kvaddi hann marga borgara bæjarins sjer til aðstoðar sem varalögreglulið og fór í broddi lögregluliðsins og varalögregluliðs þessa miðvikudaginn 23. nóvember f. á. heim til ákærðs Ólafs ritstjóra Friðrikssonar, sem var heima og hafði vörð rúmlega 20 manna um sig. Var hús Ólafs lokað er aðstoðarlögreglustjórinn kom þar, en Ólafur í forstofunni og nokkrir menn með honum og höfðu spýtur í höndunum að vopni. Skýrði aðstoðarlögreglustjórinn Ólafi þá frá því, að hann væri kominn til að taka hann fastan og skoraði á hann að gefa sig lögreglunni á vald og á menn þá, er með Ólafi voru, að ganga út, en Ólafur neitaði að gefa sig á vald lögreglunni og að opna húsið. Tjáði aðstoðarlögreglustjóri Ólafi þá, að hann bæri alla ábyrgð á því, sem af því leiddi, að óhlýðnast þessari skipun og ljet síðan sprengja upp hurðina og fór inn með mönnum sínum. Varð því ekkert af mótstöðu af hálfu þeirra, sem inni voru, heldur skipuðust þeir við fortölur lögreglunnar og ljetu taka sig fasta án þess að gjöra sig seka um óskunda á mönnum eða munum. Verður rjetturinn því einnig að telja menn þessa vítalausa samkvæmt hinni tilvitnuðu hegningarlagagrein, aðra en ákærðan Ólaf Friðriksson, sem einnig þá var forgöngumaður þess að varna lögreglunni að ná í rússneska piltinn.

Rússneski pilturinn var 23. nóvember 1921 uppi á lofti í húsinu nr. 14 við Suðurgötu. Var hann tekinn þar og hafður í sóttvarnarhaldi þar til hann skömmu síðar var sendur af landi burt.

Menn þeir, er teknir voru fastir í húsi Ólafs ritstjóra Frið-

rikssonar 23. nóvember voru fluttir í fangelsi, en slept flestum að lokinni lögregluyfirheyrslu. Í gæsluvarðhald voru aðeins úrskurðaðir hinir ákærðu Ólafur og Hendrik Ottósson og sátu þeir í gæsluvarðhaldi frá 26. nóvember f. á. hinn fyrnefndi til 30. s. m. en hinn síðarnefndi til 29. s. m.

Ákærður Ólafur Friðriksson, ritstjóri hefir haldið því fram, að vegna sáttaboða, er hann tjáist hafa fengið frá stjórninni 23. nóvember 1921, hafi hann ekki búist við því, að yfirvöldin myndu hlutast frekara til um að taka Nathan Friedmann með valdi og því ekki búist við heimsókn af lögreglunnar hálfu í því skyni. Hins vegar kveðst hann hafa heyrt, að liðsafnaður væri í bænum í því skyni að pilturinn færi af landi burt og við heimsókn af því liði kveðst hann hafa búist og því haft vörð í húsi sínu nótt og dag eftir 18. nóvember. Hann hefir þó kannast við, að hann hafi ekki viljað gefast upp 23. nóvember f. á. þótt hann sæi, að það var lögreglan og aðstoðarlið hennar, sem kom þann dag til að sækja piltinn, þótt lítið yrði úr vörn bæði af hans hálfu og manna hans. Hann hefir og óskað bókað eftir sjer, að hann telji alla mótspyrnu gegn og ofbeldi við lögregluna í þessu máli sjer að kenna og að án sinna aðgjörða myndi henni engin mótþrói hafa verið sýndur í því.

Hinir ákærðu Markús Jónsson, Reimar Eyjólfsson og Jónas Magnússon hafa kannast við það, að þeir hafi farið inn í íbúð ákærðs Ólafs Friðrikssonar 18. nóvember eftir að lögreglan var búin að missa rússneska piltinn og hann var komin inn í íbúðina aftur og hjálpað Ólafi til þess að varna lögreglunni inngöngu með því að liggja á og ýta á hurð þá, er lögreglan var að reyna að komast inn um. Auk þess hefir ákærður Markús kannast við að hafa svarað áskorun lögreglunnar til borgaranna um aðstoð við hana á þá leið, að enginn alþýðumaður aðstoðaði lögregluna í þessu máli. Hins vegar er það ekki upplýst, að menn þessir hafi átt nokkurn þátt í ryskingum þeim, sem úti urðu þann dag og að framan er frá skýrt.

Ákærður Ásgeir M. Guðjónsson hefir skýrt svo frá, að hann hafi staðið í mannþrönginni fram af tröppunni við suðausturdyr hússins nr. 14 við Suðurgötu þegar Sæmundur lögregluþjónn kom út með rússneska piltinn og kveðst hafa tekið piltinn er Sæmundur var að missa hann, en í því fengið mikið högg í höfuðið. Kveðst hann þá hafa fengið manni þar í þvögunni og og hann vissi ekki hvort var með Ólafi Friðrikssyni eða lögregl-

unni og áttust þeir við þangað til búið var að fara með piltinn aftur inn í húsið. Kveðst ákærður hafa verið blóðugur í andliti, með kúlur á höfði og skitug föt er viðureigninni lauk og því farið bakdyramegin inn í íbúð Ólafs til að ræsta sig, en neitar því fastlega, að hann hafi átt nokkurn þátt í því að varna lögreglunni inngöngu í húsið eða sýnt henni annan mótþróa, og er það ekki sannað gegn neitun hans.

Hinir ákærðu hafa haldið því fram, að þeim hafi þótt rússneska piltinum órjettur gjör með því að meina honum landvist hjer og að það hafi verið af meðaumkvun með honum, að þeir vildu hindra, að hann væri tekinn og fluttur af landi burt.

Það þykir ekki sannað gegn neitun ákærðs Ásgeirs M. Guðjónssonar, að hann hafi gjört sig sekan í refsiverðum mótþróa gegn lögreglunni og þykir því verða að sýkna hann af ákæru rjettvísinnar í þessu máli.

Framangreind brot Ólafs ritstjóra Friðrikssonar heyra að áliti rjettarins undir 104 gr. og 99. gr. sbr. 53. gr. hegningarlaganna og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið eftir þeim með hliðsjón af 63. gr., hæfilega ákveðin fangelsi við vatn og brauð í 6×5 daga.

Framangreint brot ákærðs Hendriks Ottóssonar heyrir að áliti rjettarins undir 99. gr. sbr. og 53. gr. hegningarlaganna og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið fyrir það hæfilega ákveðin fangelsi við vatn og brauð í 4×5 daga.

Brot ákærðu Markúsar Jónssonar, Reimars Eyjólfssonar og Jónasar Magnússonar heyrir að áliti rjettarins undir 99. gr. hegningarlaganna og þykir refsing þeirra, hvers um sig, hæfilega ákveðin fangelsi við vatn og brauð í 3×5 daga.

Af áföllnum og áfallandi kostnaði í máli þessu, þar meðtöldum málsvarnarlaunum til hins skipaða talsmanns ákærðu Markúsar og Jónasar, sem ákveðst 50 krónur, þykir rjett að ákærður Ólafur Friðriksson greiði helminginn en hann og hinir ákærðu Hendrik, Markús, Reimar og Jónas hinn helminginn in solidum.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Föstudaginn 5. maí 1922.

Nr. 16/1922. **Valdstjórnin**
(Guðmundur Ólafsson)
gegn
Guerrant, Charles Arthur Joseph.
(B. P. Kalman.)

Ólöglegar botnvörpuveiðar.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 1. apríl 1922: Kærður, Guerrant, Charles Arthur Joseph, greiði 10000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands. Öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í botnvörpungnum »Cap Fagnet« frá Fecamp skulu upptæk og eign sama sjóðs. — Kærður greiði auk þess allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað. — Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Eftir að hinn áfrýjaði lögreglurjettardómur var uppkveðinn hefir farið fram rjettaryfirheyrsla yfir ýmsum mönnum frá botnvörpungnum »Cap Fagnet«. Jafnframt hefir verið lögð fram ný skýrsla frá yfirmanni varðskipsins »Islands Falk« og uppdráttur af hjerumræddu sjávarsvæði með árituðum athugunum varðskipsins.

Þessi nýu rjettarpróf hafa eigi leitt nýtt í ljós, er haft geti áhrif á úrslit málsins. Hins vegar skýrir sjerstaklega uppdrátturinn athuganir varðskipsins svo, að telja verður vafalaust, samkvæmt miðunum þeim og mælingum, sem varðskipið gerði, eftir miðanir við fleiri staði á landi samtímis, þar sem miðanir þær, er gerðar voru frá botnvörpungnum styðjast eigi við önnur landmið en Dyrhólaeyjarvita einan, að botnvörpungurinn hafi, þá er varðskipið varð hans vart og tók hann, verið innan við landhelgi,

svo sem hún var á hjerumræddu svæði fyrir Kötluhlaupið 1918, og þá því fremur innan landhelgi miðaðrar við landaukann eftir hlaupið.

Verður því með skírskotun til forsenda lögregluríettardómsins, sem ekkert verulegt þykir athugavert við, að staðfesta dóminn að öllu leyti og þá jafnframt að skylda kærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað, þar á meðal málflutningslaun til sækjanda og verjanda hjer í rjetti, 120 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardóminum skal óraskað. — Kærði, Charles A. J. Guerrant, greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir hæstarjetti, málflutningsmannanna Guðmundar Ólafssonar og Björns P. Kalman, 120 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Það er upplýst í máli þessu, sem höfðað er af valdstjórnarinnar hálfu gegn skipstjóranum á botnvörpungnum „Cap Fagnet“ frá Fècamp, Guerrant, Charles Arthur Joseph frá Fècamp, fyrir brot á lögum nr. 5 frá 18. maí 1920, með skýrslu frá yfirforingjanum á varðskipinu Islands Falk til dómarans, dagsettri í dag, að nefndur botnvörpungur var tekinn aðfaranótt fimtudagsins 30. f. m. um kl. 1 eftir miðnætti, misv. S. V. af Hjörleifshöfða, með stjórnborðsbotnvörpu úti og var farið með botnvörpunginn hingað.

Staður sá, er botnvörpungurinn var tekinn á var ákveðinn svo af varðskipinu:

Dyrhólaeyjarvitinn í N 73 W.
Hægri kantur Hjörleifshöfða í N 25 E.
Bæði miðin rjettvísandi. Dýpi 92 metrar.

Hornin:

Dyrhólaeyjarviti til efst í Höttu 25° 55'

Efst á Höttu til hægri kantsins á Hjörleifshöfða 72° 12′ Hafursey litlu innar en vinstri kantur Hjörleifshöfða.

Reynist þá staður sá, er botnvörpungurinn var tekin á, að vera o: $^1/_2$ sjómílu innan landhelgislínunnar eins og hún var ákveðin á sjókortinu fyrir Kötluhlaupin síðustu.

Kærður hefir ekki viljað mótmæla því, að mælingar þær, sem gerðar voru af varðskipinu, geti verið rjettar og hafi verið framkvæmdar með þeirri nákvæmni, sem unt var. Hins vegar kveðst hann vera þeirrar skoðunar, að vegna þess, að dimt var, er botnvörpungurinn var tekinn, þá geti miðanirnar við Hjörleifshöfða og Portland verið svo ónákvæmar, að munað geti því, að staðurinn sje talinn innan landhelgislínunnar eða um 0,4 sjómílu, og botnvörpungurinn því verið tekinn á henni eða utan hennar. Að því er hornmælingarnar snertir þá er það viðurkent í málinu, að þær voru ekki gjörðar fyr en bjart var orðið á fimtudagsmorguninn og að varðskipið hafði vikið sjer frá, frá því að miðin voru tekin um nóttina. Telur kærður það því mjög hæpið, að varðskipið hafi fundið aftur nákvæmlega þann sama stað, er miðin voru tekin frá og hornamælingarnar verið gjörðar frá honum.

Gegn þessum vjefengingum hefir yfirforinginn á varðskipinu upplýst, að miðin í Dyrhólaeyjarvita og hægri kant Hjörleifshöfða, er sje þverhnýptur, með nálega lóðrjettum kanti og því mjög auðsær og ekki sje hægt að villast á, hafi verið tekin hvað eftir annað. Til enn frekari tryggingar því, að staðurinn hafi verið rjett og nákvæmlega ákveðinn kveðst yfirforinginn um morguninn hafa leitað uppi stað þann, er botnvörpungurinn var tekinn á og miðað var frá um nóttina, svo nákvæmlega sem unt var tekið hornamælingarnar þaðan og sannfært sig enn betur um, að miðanirnar (Pejlingerne) væru rjettar.

Þá hefir kærður haldið því fram, að hann, er foringinn frá varðskipinu kom um borð í botnvörpunginn, hafi óskað eftir að varpað væri akkeri á staðnum og legið þar til bjart væri orðið svo mælingarnar yrðu framkvæmdar við dagsbirtu og er því hafi verið neitað, kveðst kærður hafa boðið að kasta út hraðamæli og sigla beint á land til að sjá hve langt hann kæmist, en því hafi heldur ekki verið sint. Hann kveðst kl. milli $12^1/_2$ og 1 umrædda nótt hafa tekið mið af Portlandi N 68 V, dýpi 95 metrar, og eftir þeirri miðan átt að vera utan landhelginnar er hann byrjaði að kasta út vörpu sinni, er hann hafði dregið upp þar

og hafi ekki verið búinn að kasta meiru en svo, að o: 20 metrar af henni hafi verið komnir í sjó er varðskipið kom að.

Hlutaðeigandi foringi hefir hins vegar skýrt svo frá, að sjer hafi ekki skilist að kærður færi fram á að varpa akkeri og liggja til morguns eða setja út hraðamæli og sigla á land. Hins vegar hafi kærður talað um það hvað eftir annað á leiðinni hingað, að rjettara hefði verið að liggja þar til bjart hafi verið orðið. Foringinn kveðst að tilhlutun kærðs hafa verið við dýptarmælingu, er fram fór á botnvörpungnum þegar eftir að hann kom um borð í hann og reyndist dýpið 92 metrar. Ásamt kærðum framkvæmdi foringinn og miðun frá botnvörpungnum til Dyrhólaeyjarvita, sem var rjettvísandi N 70 V. Er þá staður skipsins eftir þeirri miðun og dýpinu rjett fyrir innan landhelgislínuna eins og hún var ákveðin fyrir síðustu Kötluhlaupin. Þessu hefir kærður ekki borið á móti.

Rjetturinn fær nú ekki sjeð, að vjefengingar kærðs geti hnekt skýrslu yfirforingjans á varðskipinu eða staðarákvörðunum hans, sjerstaklega þegar þess er gætt, að vjefengingarnar eru bygðar á miðun kærðs, er fram fór í sömu dimmunni og miðanir varðskipsins, sem vjefengdar eru, en staðfestar með hornamælingum morguninn eftir og til þess, að miðanir þær, er kærður framkvæmdi ásamt foringjanum frá varðskipinu leiddu til þeirrar sömu niðurstöðu og ákvarðanir varðskipsins, að staðurinn væri innan landhelginnar, en því hefir kærður ekki mótmælt eins og að framan greinir. Þá er og þess að gæta, að staðarákvarðanir varðskipsins eru gjörðar af þaulæfðum mönnum og með hinum fullkomnustu og bestu tækjum.

Við þetta bætist, að landhelgislínan er ekki nein föst eða ákveðin lína á sjónum heldur breytist hún eftir því sem land eykst fram í sjóinn eða brýtur upp. Nú er það alkunna, að við síðustu Kötlugosin færðist land á þessu svæði um eina sjómílu út í sjóinn svo að landhelgislínan færðist jafnmikið út við það, sbr. Notices to Mariners $^1/_1$ 1922 bls. 144.

Rjetturinn telur því fullsannað í málinu, að staður sá, er „Cap Fagnet“ var tekinn á, hafi verið langsamlega innan landhelginnar og að kærður með því að veiða þar með botnvörpu hafi gjörst sekur um brot á 1. grein áðurnefndra laga og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið fyrir það, eftir 3. grein, hæfilega ákveðin 10000 króna sekt, er renni í Landhelgissjóð. Svo skulu og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir og afli inn-

anborðs í botnvörpungnum »Cap Fagnet«, upptæk og andvirði þess renna í sama sjóð. Loks greiði kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn ónauðsynlegur dráttur orðið.

Mánudaginn 8. maí 1922.

Nr. 13/1922.

Rjettvísin
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
Bjarna Jónssyni
(B. P. Kalman),

sem er ákærður fyrir þjófnað.

Dómur aukarjettar Reykjavíkur 6. mars 1922: Ákærður, Bjarni Jónsson, sæti eins árs betrunarhúsvinnu og greiði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar

Samkvæmt ástæðum þeim, er tilgreindar eru í hinum áfrýjaða aukarjettardómi og ekkert er við að athuga, ber að staðfesta hann.

Ákærða ber að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir hæstarjetti, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða aukarjettardómi skal óraskað. Ákærði, Bjarni Jónsson, greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin mál-

flutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málflutningsmannanna, Jóns Ásbjörnssonar og Björns P. Kalman, 60 kr. til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms eru svo:

Það er löglega sannað í máli þessu, sem höfðað er af hálfu rjettvísinnar gegn Bjarna Jónssyni frá Húsavík við Steingrímsfjörð, með eigin játningu ákærðs, sem kemur heim við það, sem á annan hátt hefir verið upplýst í málinu, að hann hafi gjört sig sekan í athæfi því, sem nú skal greina.

I. Sumarið 1917 var ákærður sendur til Árna sál. læknis Gíslasonar, sem þá þjónaði á Hólmavík, til að sækja meðul. Á meðan læknirinn brá sjer frá tók ákærður 25 eða 50 krónur, man ekki hvort heldur, úr ólæstri skrifborðsskúffu, sem var í herbergi því, er hann beið í, og sló eign sinni á.

II. Veturinn 1918 hefir ákærður játað að hafa í eitt skifti farið inn um op á kolakjallara hjá R. P. Riisverslun á Borðeyri og var ókrókuð lúga fyrir. Op þetta er 20 þumlungar á hæð og notað til að láta kol inn um. Þegar inn í kjallarann var komið komst hann óhindrað upp á pakkhúsloft, sem var áfast við búðarloftið og ólæst hurð á milli loftanna. Fór hann síðan niður í búðina og tók 10 pd. af suðusúkkulaði, 24 rúllur af tvinna, nokkuð af höggnum melis, fáeina lausa penna, 5—6 legg af pappír og 20 eða 40 krónur í peningum úr ólæstri peningaskúffu, sem þar var. Þýfi þetta hagnýtti hann sjer.

Í rjettarprófi, sem haldið hefir verið í Strandasýslu út af þjófnaði þessum, skýrir þáverandi verslunarstjóri, núverandi meðeigandi R. P. Riisverslunar frá því, að þjófnaðar þessa hafi ekki orðið vart, en þar fyrir sje ekki útilokað að skýrsla ákærðs sje rjett og sje rjett skýrt frá húsaskipun verslunarinnar af ákærðum.

Ekki verður sjeð að eigandi verslunarinnar hafi gert skaðabótakröfu í tilefni af þjófnaði þessum.

III. Í sumar er leið stundaði ákærður sjó á fiskiskipinu „Svend“ frá Ísafirði. Hefir hann kannast við að hafa eitt skifti, er hann var í landi, tekið og slegið eign sinni á 3 mansjettskyrtur við verslunarhús Lofts Gunnarssonar kaupmanns þar.

IV. Föstudagskvöldið 16. desember síðastl. kl. um 11 hefir ákærður kannast við að hafa tekið og slegið eign sinni á bláan karlmannsklæðnað, er hjekk á snúru við „Doktorshúsið“ við Vesturgötu hjer í bænum.

Föt þessi eru eign Sveins Sveinssonar sjómanns og voru til viðgerðar hjá unnustu hans, sem býr í nefndu húsi.

Hafa fötin, sem fundust í vörslum ákærðs og virt hafa verið á kr. 70,00, verið afhent eigandanum.

V. 22. desember s. l. kannast ákærður við að hafa tekið af snúrum milli Skólavörðustígs og Njálsgötu hvítt lak og hvítt rúmteppi og slegið eign sinni á.

Lak þetta, sem vottarnir hafa virt á kr. 3,00 er eign frú Halldóru Ólafsdóttur, Skólavörðustíg 25 og hefir henni verið afhent það. Rúmteppið á frú Rasmusína Ingimundardóttir s. st. Hefir það verið virt á kr. 12,00 og henni afhent það.

VI. Síðast er e.s. „Ísland“ kom hingað til lands í desembermánuði s. l. kveðst ákærður hafa verið farþegi með skipinu frá Vestmannaeyjum til Reykjavíkur og dag einn hafa farið inn til þjónsins á II. farrými — hurðin stóð opin og var enginn maður inni —. Hjekk úr þar á veggnum og tók ákærður það niður og fór að skoða það, og stakk því síðar á sig. Varð þjónninn var við, að úrið var horfið og hafði orð á því, kveðst ákærður þá hafa kallað á hann á eintal og afhent honum úrið. Talaði skipstjórinn svo við ákærðan út af þessu, en síðan var málið látið falla niður.

VII. Þriðjudagskvöldið 20. desember s. l. kom ákærður heim til Kaabers bankastjóra til að biðja um að lána sjer peninga. Á meðan hann beið fram í forstofunni eftir að frú Kaaber kæmi fram, sá hann hvar kvenntaska úr leðri stóð upp úr vasa á kápu, sem hjekk þar. Tók hann töskuna stakk henni í innri frakkavasa sinn og hafði hana á brott með sjer er hann hafði lokið erindi sínu við frú Kaaber.

Í töskunni voru auk kaupbætisseðla, lyklar og um 200 krónur í peningum, 3 50 króna seðlar, 2 eða 3 10 krónu seðlar, 3 5 krónu seðlar og 5 1 krónu seðlar. Kveðst ákærður hafa fleygt töskunni með öðru innihaldi en peningunum og lyklunum inn í port í austurbænum, og lyklunum hjá Gróðrarstöðinni. Hefir hvorki taskan nje lyklarnir fundist.

Af peningunum kveðst hann hafa notað aðra seðla en 50 króna seðlana, en þeim hafi hann fleigt í sjóinn hjá Kveldúlfs-

bryggjunni af ótta við að þjófnaðurinn kæmist upp er hann framvísaði svo stórum seðlum.

Eigandi töskunnar, fröken Elna Bentzen, hefir fallið frá skaðabótakröfu út af þjófnaðinum.

Ákærður, sem er fæddur 4. júní 1896, hefir með aukarjettardómi Strandasýslu uppkveðnum 9. nóvember 1918 verið dæmdur í 8 mánaða betrunarhússvinnu fyrir brot gegn 230. og 231. gr. sbr. 63. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869. Dómur þessi var staðfestur í yfirrjetti 10. febrúar 1919 með þeirri breytingu, að refsingin var hækkuð upp í 9 mánaða betrunarhúsvinnu og hefir ákærður afplánað þá refsingu.

Brot ákærðs sub. nr. I er eftir frásögn hans drýgt áður en málssókn sú var hafin gegn honum, er leiddi til fyrnefndra dóma, en brotið sub. nr. II. meðan á áfrýjun aukarjettardómsins stóð.

Ákærður hefir borið það fram í rjettarrannsókninni, að þjófnaðurinn sje sjer ósjálfráður og að hann muni líða af stelsýki og hefir hann því verið athugaður af geðveikralækninum. Geðveikralæknirinn hefir þó vottað, að ákærður sje ekki geðveikur og að hann hafi ekki fundið hjá honum nein ábyggileg einkenni, er bendi til stelsýki.

Framantalin brot ákærðs heyra að áliti rjettarins undir 230. sbr. 65. gr. og 232. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869 og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið, með tilliti til 63. gr. sömu laga, hæfilega ákveðin eins árs betrunarhússvinna.

Svo greiði hann og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 15. maí 1922.

Nr. 9/1922. **Þórður J. Thoroddsen**
(Björn P. Kalman)
gegn
Þorleifi Guðmundssyni
(Jón Ásbjörnsson),

út af persónulegri ábyrgð á veðskuld.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. febr. 1921: Stefndur, Þórður J. Thoroddsen, greiði stefnandanum, Þorleifi Guðmundssyni, 3562 kr. 43 au. með 6% ársvöxtum frá frá 5. febrúar 1919 til borgunardags og 100 kr. í málskostnað.

Dóminum að fullnægja áður 15 dagar sjeu liðnir frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir verið áfrýjað til hæstarjettar samkv. uppreistarleyfi dags. 2. febr. þ. á.

Áfrýjandi hefir viðurkent undir rekstri málsins, að er hann hafi keypt húseignina nr. 8 við Bergstaðastræti af stefnda og fjekk hana afhenta til eignar og umráða, hafi hann tekið að sjer að greiða veðskuld þá, er ræðir um í málinu í stað jafnmikils hluta af kaupverðinu, og hvílir þá sönnunarskyldan á áfrýjanda fyrir því, að þetta greiðsluloforð hans hafi verið því skilyrði eða þeirri takmörkun bundið, að hann bæri ekki ábyrgð á greiðslu skuldarinnar umfram það, er veðið hrykki til eftir að það var komið úr eigu hans. En alla sönnun brestur fyrir því, að þetta greiðsluloforð áfrýjanda hafi verið þannig takmarkað.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti samkvæmt ástæðum hins áfrýjaða bæjarþingsdóms, ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 150 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Bæjarþingsdóminum skal óraskað. Áfrýjandi, Þórður J. Thoroddsen, greiði stefnda, Þorleifi Guðmundssyni, 150 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþinginu, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, með stefnu, útgefinni 31. mars 1919, af Þorleifi Guðmundssyni alþingismanni í Þorlákshöfn, gegn Þórði J. Thoroddsen lækni hjer í bænum, og hefir stefnandi krafist þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sjer kr. 3562,43 með 6 % ársvöxtum frá 5. febr. 1919 til borgunardags, og málskostnað eftir mati rjettarins.

Aftur á móti hefir stefndur gert þær rjettarkröfur, að hann verði algerlega sýknaður og sjer dæmdur hæfilegur málskostnaður.

Hin umstefnda skuld er þannig til orðin, að hinn 12. apríl 1913 seldi stefnandi stefndum húseignina nr. 8. við Bergstaðastræti hjer í bænum, og hvíldi þá á húsi þessu meðal annars skuld, að upphæð kr. 3768,55, auk vaxta, við firmað O. Johnson & Kaaber, sem umboðsmenn ýmsra erlendra firmna. Húseign þessa seldi stefndur svo 2. janúar 1914, og nokkru síðar var hún seld á nauðungaruppboði með þeim úrslitum, að ekki greiddust upp í umrædda skuld, sem hvíldi á eigninni með öðrum veðrjetti, nema kr. 1188,21, auk vaxta, svo að eftirstöðvarnar urðu kr. 2580,34, og eru það eftirstöðvar þessar að viðbættnm kr. 982,09 í vöxtu, eða samtals kr. 3562,43, sem um er stefnt. Stefnandi heldur því fram, að stefndur hafi, er hann keypti áðurnefnda húseign tekið á sig persónulega ábyrgð á greiðslu skuldar þessarar, en þessu neitar stefndur mjög ákveðið og segir samningana milli sín og stefnanda um skuld þessa hafa verið þannig, að

stefndur ábyrgðist skuldina aðeins að svo miklu leyti, sem húseignin hrykki, en persónulega ábyrgð hafi hann enga á sig tekið.

Til styrktar sínu máli hefir stefnandi lagt fram afsalsbrjef til stefnds, fyrir áðurnefndri húseign, og heldur hann því fram, að þetta sje afsal það, er hann hafi afhent stefndum, er kaupin fóru fram, en í afsali þessu er það tekið fram, að stefndur taki að sér hina umstefndu skuld, sem sína eigin skuld.

Stefndur neitar því að þetta sje það afsal, sem hann fjekk hjá stefnanda en ekki hefir hann samt lagt annað afsal fram, þótt stefnandi hafi á hann skorað. Hins vegar hefir stefndur til styrktar sínu máli sannað það, að á skuldabrjef, sem hann gaf stefnanda um leið og kaupin fóru fram, ritaði stefnandi yfirlýsingu um, að ef stefndur seldi oftnefnda húseign, skyldi stefnandi skyldur að taka kaupandann gildan sem greiðslumann skuldarinnar, ef hann væri fullveðja, fjárráður og tæki að sjer skuldina. Telur stefndur að með þessu hafi hann sýnt, að hann vildi eigi standa í persónulegri ábyrgð út af kaupum þessum, og að stefnandi hafi gengið að þessu.

Rjetturinn verður nú að líta svo á, að eigi sje annað fært en að leggja hið framlagða afsal til grundvallar dómi í málinu og leiðir þar af, að dæma verður stefndan til að greiða hina umstefndu skuld með vöxtum. Byggist þetta meðal annars á því, að það er svo óvanalegt að kaupandi taki eigi á sig persónulega greiðslu á skuldum þeim, er hvíla á eignum, er hann kaupir, að kaupandi, sem þannig er ástatt um, verður að bíða skaðann af, ef hann tryggir sjer eigi sönnun fyrir þessu, enda hefði stefndum verið þetta innan handar með því að láta þinglesa afsal sitt eða taka yfirlýsingu af stefnanda í svipaða átt og hann gerði um skuldabrjef það, er áður er nefnt, auk þess, sem varkárni hans í þessu efni gefur grun um, að hann mundi einnig hafa trygt sér sönnun fyrir því, að hann væri eigi persónulega ábyrgur fyrir umstefndri skuld, hefði svo verið um samið.

Skuldabrjefið fyrir láni því, er hjer ræðir um, hefir verið lagt fram kvittað í málinu og er það afmáð af folio tjeðrar húseignar í veðskrám Reykjavíkur.

Samkvæmt þessu þykir hæfilegt að stefndur greiði stefnanda 100 krónur í málskostnað.

Miðvikudaginn 17. maí 1922.

Nr. 1/1922. **Ólafur Jóhannesson**
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
Einari M. Jónassyni
(Enginn).

Ómerkingardómur.

Úrskurður fógetarjettar Barðastrandarsýslu 10. jan. 1921: Lögtak á vangreiddum togaragjöldum, kr. 160,00 frá f. ári, af hálfu kaupm. Ó. Jóhannessonar Vatneyri, á fram að fara.

Dómur hæstarjettar.

Stefndi hefir ekki mætt í hæstarjetti, þó að honum sje löglega birt stefnan. Er málið því flutt skriflega samkv. 38. gr., 1. lið, hæstarjettarlaganna og dæmt samkv. N. L. 1—4—32. og tilsk. 3. júní 1796 2. gr.

Máli þessu var upphaflega áfrýjað til hæstarjettar með stefnu dags. 12. mars f. á., en var þá frávísað með dómi rjettarins, uppkveðnum 21. okt. f. ár. Nú hefir því aftur verið áfrýjað til hæstarjettar með stefnu, dags. 3. jan. þ. á. Með stefnu þessari skýtur áfrýjandi til hæstarjettar úrskurði uppkveðnum 8. febr. f. á. í fógetarjetti Barðastrandarsýslu af stefnda Einari sýslumanni M. Jónassyni á þá leið, að lögtak skuli fram fara hjá áfrýjanda á vangreiddum togaragjöldum frá f. á. (1920) kr. 160,00. Krefst áfrýjandi þess, að úrskurðurinn verði ómerktur og málinu vísað frá fógetarjettinum.

Eins og skýrslur málsins bera með sjer, er krafa stefnda, lögtakskrafan, þannig til komin, að áfrýjandi hafði í umboði hans á hendi innheimtu af-

greiðslugjalda frá botnvörpuskipum, er komu til Patreksfjarðar, og að stefndi telur áfrýjanda eiga sjer vangoldnar kr. 160,00 af því innheimtufje.

Hvort sem þessi krafa stefnda yrði talin rjett eða eigi, er það bert að henni fylgir eigi lögtaksrjettur gagnvart áfrýjanda, og brast stefnda því algerlega lagaheimild til að taka hana lögtaki hjá honum. Fyrir því ber samkvæmt kröfu áfrýjanda að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð og vísa málinu frá fógetarjettinum.

Með því að lögtakskrafa stefnda þannig var rakalaus, þykir rjett, samkv. l. nr. 29, 16. des. 1885, 13. gr. i. f., að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda að skaðlausu málskostnað fyrir hæstarjetti.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera ómerkur og vísast málinu frá fógetarjettinum. Stefndi, Einar M. sýslumaður Jónasson, greiði áfrýjanda, Ólafi kaupmanni Jóhannessyni, málskostnað fyrir hæstarjetti að skaðlausu.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 12. júní 1922.

Nr. 15/1922. **Valdstjórnin**
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
Eiríki Kjerulf
(Pjetur Magnússon),

útaf broti á aðflutningsbannslögum nr. 91/1917.

Dómur lögreglurjettar Ísafjarðarkaupstaðar 5. nóv. 1921: Kærði Eiríkur Kjerulf á að vera sýkn af kærum valdstjórnarinnar í máli þessu. — Kostnaður sakarinnar greiðist af almannafje.

Dómur hæstarjettar.

Það er sannað með útskrift úr áfengisbók lyfjabúðarinnar á Ísafirði, með skrám gjörðum eftir áfengislyfseðlum kærða, Eiríks aukalæknis Kjerulfs á Ísafirði, með framburði sjálfs hans og öðrum skýrslum, að kærði hefir, á tímabilinu frá 1. maí 1919 til 30. apríl 1920, látið út um 2500 áfengisseðla til um 845 manna, þar með talinn sjálfur hann.

Áfengið, sem út var látið á nefndu tímabili gegn áfengisseðlum kærða, nam um 1028 lítrum af spiritus concentratus, um 694 l. af koníakki, um 58 l. af portvíni og sherry og um 6 l. af rauðvíni.

Áfengisseðlarnir voru látnir út nálega daglega, ekki ósjaldan 20—30 á dag, en af öðrum lyfseðlum hafa lyfjabúðinni borist um 20 seðlar á dag frá báðum læknunum í læknishjeraðinu. 29 menn hafa fengið frá 12—25 áfengisseðla hjá kærða. Sjálfum sjer hefir kærði gefið 88 áfengisávísanir.

Venjulegur ávísanaskamtur kærða af spiritus concentratus nam 400—800 gr. Að eins 13 sinnum var skamturinn 200 gr. eða minni. En hæstur var

hann 2200 gr. og var hann handa kærða sjálfum. Af koníakki var smæsti skamtur (einu sinni) 1/4 lítra, venjulegur 3/4—1 l., en hæstur 10 l., auk 13 flaskna á 3/4 l. tvisvar og 9 l. einu sinni; hefir kærði ávísað sjer sjálfum alla þessa háu skamta, á einum mánuði yfir 30 l. af koníakki gegn 4 áfengisseðlum, auk annars áfengis. Af portvíni, sherry og rauðvíni hefir verið ávísað í einu frá 3/4 l. upp í 2 l., og hefir kærði ávísað sjer hæsta skamta einnig af þeim tegundum.

Alt áfengið tjáist kærði hafa ávísað sem læknismeðal, enda hafa rannsakað áfengisbeiðendur sem aðra vitjendur, og yfirleitt tekið af þeim sömu borgun og fyrir aðrar ráðleggingar. Vitni hafa þó borið, að kærði hafi tekið 2—5 kr. fyrir hvern áfengisseðil.

Kvillarnir, sem kærði hefir ávísað áfengi við, eru, að framburði nokkurra vitna, sem við áfenginu tóku: meltingarkvillar, matarólyst, kalda, svefnleysi, sjóveiki og hjartveiki.

Af því sem hjer er greint, þykir það bert, að kærða hafi hlotið að vera það ljóst, að áfengi það, er hann ávísaði sjálfum sjer og öðrum hafi oft átt að nota til nautnar eða í öðru skyni en til lækninga, enda er það sannað, að sumir þeirra, sem áfengi fengu samkv. ávísun kærða, hafi orðið sumpart druknir og sumpart hreifir af því. Hefir kærði því gjörst brotlegur gegn 18. gr. bannlaganna nr. 91, 14. nóv. 1917. Og verður þannig að fella algjörlega úr gildi lögreglurjettardóminn, sem Páll Jónsson cand. juris kvað upp sem setudómari á Ísafirði 5. nóv. f. á., enda eru forsendur dómsins að miklu leyti fjarri sanni.

Kærði hefir með landsyfirrjettardómi 16. júlí

1917 verið dæmdur, samkv. 17. gr. þágildandi bannlaga nr. 44/1909, í 200 kr. sekt til landssjóðs. Er því hjer um endurtekið brot af hendi kærða að ræða á tilsvarandi grein, 18. gr. núgildandi bannlaga nr. 91/1917, og þykir kærða eftir öllum atvikum hæfilega refsað með 600 kr. sekt til ríkissjóðs.

Eftir þessum úrslitum verður kærði að greiða allan kostnað sakarinnar, bæði í hjeraði og hjer í rjetti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, er ákveðast 200 kr. fyrir hinn fyrnefnda og 120 kr. fyrir hinn síðarnefnda.

Það athugast, að rannsókninni er að ýmsu leyti ábótavant. Og aðfinsluvert er, að vitni hefir verið eiðfest án þess það sjáist, að kærða hafi verið gefinn kostur á að gæta rjettar síns við eiðfestinguna.

Því dæmist rjett vera:

Kærði, Eiríkur aukalæknir Kjerúlf, sæti 600 kr. sekt, er renni í ríkissjóð.

Svo ber honum og að greiða allan kostnað sakarinnar, bæði í hjeraði og í hæstarjetti, þar á meðal málflutningslaun til sækjanda og verjanda, málflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Pjeturs Magnússonar, 200 kr. hinum fyrnefnda, og 120 kr. hinum síðarnefnda.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur lögreglurjettardómsins hljóða svo:

Með brjefi stjórnarráðsins, dags 23. júní 1920, var lagt fyrir bæjarfógetann á Ísafirði að hefja rjettarrannsókn til þess að komast fyrir það, hvort kærði í máli þessu, Eiríkur Kjerúlf aukalæknir hafi gert sig seka gegn bannlögunum.

Í brjefinu er eigi gerð önnur grein fyrir skipun þessari en sú, að hún sje „í tilefni af brjefi“ bæjarfógetans, en þetta brjef hans hefir eigi komið fram í málinu og ekkert verið upplýst um innhald þess eða efni. Verður því eigi sjeð hvort til grundvallar fyrir þessu brjefi bæjarfógetans liggi sjálfkrafa eigin athugun hans sem lögreglustjóra, bending heilbrigðisstjórnarinnar eða kær ur einstakra manna eða fjelaga.

Samkvæmt fyr greindu brjefi stjórnarráðins var því næst rjettarrannsókn hafin gegn kærða og var fyrst rannsakað hve mikið hafði verið látið úti af áfengi í lyfjabúðinni á Ísafirði gegn ávísunum kærða á tímabilinu 1. maí 1919 til 30. apríl 1920 að báðum þeim dögum meðtöldum. Sýnir sú rannsókn að kærði eigi á þessu tímabili að hafa gefið út 2464 ávísanir á áfengislyf. Og eru þá taldar þær ávísanir, er hann fjekk áfengi út á handa sjálfum sjer ad usum poprium sem læknir svo og afhendingar frá lyfjabúðinni á áfengi, sem í áfengisbók lyfjabúðarinnar eru taldar eftir ávísun kærða, en lyfseðlar fundust eigi fyrir við rannsóknina.

Þessar 2464 afhendingar eru taldar að nema $1029^1/_2$ lítra vínanda blandaðs og óblandaðs og $698^1/_8$ lítra cognacs og vína.

Að því er næst verður komist voru ávísanir þessar á áfengislyf gefnar ca. 790 mönnum, en rannsókninni hefir eigi verið beint að því að finna tölu sjúklinganna, heldur sérstaklega að því að finna áfengismagnið, sem á umræddu tímabili var afhent samkvæmt ávísunum kærða og hve mikið hafi verið látið úti til einstakra manna.

Í því efni var lögð fram skrá yfir áfengi látið úti til notkunar nokkurra manna eftir lyfseðlum frá kærða á tímabilinu, sem rannsóknin tekur yfir og eru þar auk kærða sjálfs tilgreindir 14 menn, er fengið hafa frá 12 upp í 28 sinnum lyfseðil um áfengi hjá kærða á þessu tímabili og eiga þeir að hafa fengið út á ávísanir þessar frá ca. 5 lítra vínanda og $1^1/_3$ lítra cognacs upp í ca. 20 lítra vínanda og 1 lítra cognacs.

Þá var við rannsóknina lögð fram skrá yfir nokkra menn, er lögreglustjóri telur að ekki sje trúandi fyrir áfengi í stórskömtum sem læknislyfi og loks var lagður fram útdráttur úr dómsmálabók Ísafjarðar, er sýnir að á tímabilinu 27. janúar 1916 til 21. september 1920 hafa átta menn sætt sektum 19 sinnum fyrir lögreglubrot, framin er þeir voru undir áhrifum víns. Að loknum samanburði á áfengisbók lyfjabúðarinnar og lyfseðlum kærða

var rannsókninni beint að yfirheyrslu vitna. Voru 16 þeirra manna, er áfengislyfseðla höfðu fengið hjá kærða á þessu tímabili látnir bera vitni í málinu og tvö önnur vitni voru látin gefa umsögn um þá 37 menn, er taldir voru upp á skránni yfir þá menn, er lögreglustjóri taldi eigi trúandi fyrir áfengi í stórskömtum sem læknislyfi. Þegar rannsókn málsins var lokið, var hún send stjórnarráðinu og var svo fyrirskipuð málshöfðun með brjefi stjórnarráðsins, dags. 15. júlí 1921 og stefna gefin út í málinu 30. s. mán.

Undir rekstri málsins var eftir kröfu kærða tekin ítarlegri skýrsla af nokkrum þeirra vitna, sem yfirheyrð höfðu verið við rannsóknina og nokkur vitni voru leidd, sem eigi höfðu áður gefið skýrslu í málinu.

Í varnarskjali, sem kærði hefir sjálfur samið og lagt var fram í rjettinum, hefir hann haldið því fram, að hann hefði eigi heimild til að láta stjórnmálastefnur eða skoðanir ráða neinu um störf sín og skoðanir sem læknis og í því sambandi tekið fram, að meðan áfengi er á lyfjaskrá, yrði hann að haga áfengislyfjagjöfum sem öðrum lyfjagjöfum eftir þekkingu sinni og reynslu á nytsemi lyfsins án tillits til stjórnmálaskoðana einstakra manna, fjelaga og flokka. Enn fremur hefir hann bent á að á því tímabili, sem rannsóknin nær yfir, hafi enginn einn maður fengið svo mikið áfengismagn út á lyfseðla frá honum, að eigi hefði verið heimilt að láta $^1/_3$ hluta meira áfengismagn til þess manns, sem mest áfengi hefir fengið út á ávísanir frá honum, samkvæmt reglum um sölu lyfja sem áfengi er í frá 15. apríl 1920, sem voru í undirbúningi á þeim tíma, sem rannsóknin í málinu tekur til. Þá heldur kærði því fram að, ef allir starfandi læknar á landinu hefðu á þessu tímabili látið úti jafnmikið áfengismagn og hann, hefðu átt að flytjast til landsins ca. 36000 lítrar af 8 gráðu vínblöndu, en samkvæmt hagskýrslum hafi innflutningurinn numið 116000 lítrum. Hann upplýsir og að á þessu tímabili hafi verið notaðir ca. 100 lítrar af þessari blöndu til iðnþarfa hjer í umdæminu og áætlar samkvæmt því að til iðnþarfa hafi á öllu landinu verið notaðir ca. 40000. Verður þá afgangs ca. 40000, sem hljóti að hafa verið notaðir til lyfja, og dregur hann af þessu þá ályktun, að aðrir læknar að meðaltali hljóti að hafa fyrirskipað hálfu meira áfengi til lyfja en hann á umræddu tímabili.

Loks upplýsir kærði að tveir læknar í umdæminu hafi á

greindu tímabili fylgt þeirri meginreglu að fyrirskipa eigi áfengi sem lyf og stafi af því, að allir sjúklingar úr þeim hjeruðum, sem áfengislyfs þarfnist, leiti til hans, og að umdæmi hans, að því er þetta lyf snertir, þannig svari til umdæmis með 6000—8000 íbúum.

Kærði hefir gert þá aðalkröfu, að málinu verði vísað frá dómi sökum ónákvæmrar og óábyggilegrar rannsóknar og ólöglegrar meðferðar við rannsóknina. Í öðru lagi, ef málinu yrði eigi vísað frá dómi, hefir hann krafist algerðrar sýknunar af kærum valdstjórnarinnar í málinu.

Það verður nú að fallast á það, að rannsóknin í málinu hefir eigi verið eins formleg og vera átti. Þannig þykir kærði eigi aðeins eiga rjett á að fá vitnesku um sakagiftir heldur og hvaðan þær eru runnar. Þá verður að telja það beint brot á reglum um meðferð lögreglumála, að vitni hefir verið eiðfest án þess að kærða væri gefinn kostur á að mæta eða láta mæta við eiðfestinguna. Eins verður að fallast á það, að rannsókn málsins er að ýmsu leyti ónákvæm og óábyggileg og má þar tiltaka, að eigi virðist nægilega kostað kapps um að finna til hlítar hve mikið áfengismagn þeir menn raunverulega hafa fengið, sem mest áfengi hefir verið afhent út á lyfseðla frá kærða. Í rjettarhaldinu 18. septemher 1920 gerir rannsóknardómarinn þá athugasemd, að sökum nafnlíkingar sjeu lyfseðlar og áfengisbók ekki ábyggilegur grundvöllur fyrir rannsókn í málinu, og er það rjett. Þannig sjest á útskrift úr áfengisbókinni, sem lögð hefir verið fram í málinu, að víða er ekkert heimilisfang viðtakenda tilgreint og stundum er heimilisfangið »hjer« sett við nöfn manna, sem vitanlegt er um að heimili eiga utan kaupstaðarins. Af þessu leiðir meðal annars að einatt getur verið um fleiri samnefnda menn að ræða þótt áfengisbók upplýsi eigi um að fleiri sjeu en einn. Það er t. d. vitanlegt, að á umræddu tímabili eða köflum úr því voru heimilisfastir í hjeraðinu þrír menn að nafni Pjetur Jónssou og þrír menn að nafni Páll Jónsson, auk þess sem ferðamenn með þeim nöfnum kunna að hafa leitað læknis hjer. Þegar svo á það er litið, að fornöfn viðtakenda einatt eru skammstöfuð á lyfseðlunum, en þó stundum færð fullum stöfum inn í áfengisbókina, er það ljóst að víxlun getur hafa átt sjer stað og að áfengisbókin getur eigi verið ábyggilegur grundvöllur til þess að aðgreina einn viðtakanda frá öðrum. Samkvæmt þessu virðist eigi aðeins óábyggilegt heldur jafnvel óleyfilegt að tileinka einum og

sama manni alla eða flesta þá lyfseðla, sem hljóða á nafn hans eða upphafsstaf að fornafni hans og föðurnafn eins og gert hefir verið á einu rjettarskjali, sem lagt var fram við rannsóknina og eigi sjest að tilraun hafi verið gerð til að leiðrjetta síðar. Ágalla verður og að telja það á rannsókninni, að flest vitnin sem látin voru gefa skýrslu við rannsóknina, næst því að staðfesta að þau hefðu fengið lyfseðla um áfengi hjá kærða, en það var þegar upplýst með samhljóða lyfseðlum kærða og áfengisbók, eru krafin um skýrslu, sem einvörðungu varðar þau sjálf, nefnilega hvort þau hefðu misbrúkað það áfengi, er þau fengu út á lyfseðla frá kærða, en engra upplýsinga leitað um atriði sem þó virðast að þýðingu hefðu getað haft fyrir málið, eins og t. d. það, hvort kærði hefði sjerstaklega rannsakað heilsufar þeirra áður en hann fyriskipaði þeim lyfið.

Þótt skrá sú yfir nokkra menn, er lögreglustjóri telur að ekki sje trúandi fyrir áfengi í stórskömtum sem læknislyfi, sem lögð var fram við rannsóknina, að vísu telji upp menn, sem á umræddu tímabili hafa fengið lyfseðla um áfengi hjá kærða — tveir þeirra hafa aðeins sinn lyfseðilinn hvor — þá verður eigi sjeð hvað hún eigi að upplýsa eða sanna í málinu. Að byggja áfellisdóm yfir kærða á henni fyrir þá sök, að hann hefir látið af hendi áfengislyfseðla til þessara manna, getur eigi komið til mála þar eð persónuleg skoðun lögreglustjóra vissulega getur eigi raskað dómi kærða sem læknis um nytsemi eða nauðsyn lyfsins. Og sem mælisnúra fyrir framtíðarbreytni kærða, sem þó ekki gæti verkað á úrslit þessa máls — getur skrá þessi ekki verið meint, þar sem inn á hana er tekinn maður, sem beinlíns er sagt um að sje dáinn.

Útdrátturinn úr dómsmálabók Ísafjarðar yfir menn, sem lögreglubrot hafa framið undir áhrifum víns, verður einnig að telja óþarfan og þýðingarlausan fyrir málið því að, þótt þarnefndir menn hafi fengið áfengislyfseðla hjá kærða — útdrátturinn sýnir að menn þessir tvisvar sinnum, löngu fyrir það tímabil, sem rannsóknin í málinu nær yfir, höfðu orðið ölvaðir af áfengi, sem þeir fengu út á lyfseðil frá kærða — og svo væri álitið að lögreglubrot þeirra hefðu átt að aðvara kærða um að láta þeim eigi áfengi í tje, þá er fyrst á það að líta, að ekkert er upplýst um að kærði hafi fengið vitneskju um brotin eða orsök þeirra og á hinn bóginn enda þótt svo hefði verið, þá gat slíkt eigi

raskað skoðun hans eða athöfnum sem læknis um nytsemi eða nauðsyn lyfsins í hverju einstöku tilfelli.

Þótt rannsóknin í málinu verði þannig að ýmsu leyti að teljast gölluð, finst ekkert því til fyrirstöðu, að efnisdómur gangi um málið eins og það er upplýst og kemur þar sjerstaklega til greina, að valdstjórnin hefir fyrirskipað málshöfðun en eigi ítarlegri rannsókn og þannig virðist æskja efnisdóms á grundvelli fyrirliggjandi rannsóknar. Frávísunarkrafa kærða verður því eigi tekin til greina. Með landsyfirrjettardómi 16. júlí 1917 hefir kærði verið dæmdur í 200 kr. sekt og sakarkostnað fyrir brot á 17. gr. laga um aðflutningsbann á áfengi 30. júli 1909.

Eins og að framan greinir gefur rannsóknin í málinu í skyn, að kærði hafi á tímabilinu 1. maí 1919 til 30. apríl 1920 gefið 2464 ávísanir á áfengi til ca. 790 manna, hljóðandi um í alt $1029^1/_2$ lítra vínanda og $698^1/_8$ lítra cognacs og vína, og er kærða gefið það að sök, að áfengisútlát þessi hafi verið svo mikil, að honum hljóti að hafa verið ljóst, að sumt af áfenginu hafi verið fengið til nautnar en eigi sem læknislyf.

Í málinu er það upplýst, að enginn einn maður hefur á umræddu tímabili fengið lyfseðla hjá kærða fyrir meira áfengi en sem svarar 21 lítra vínanda, að sjálfum honum undanteknum, en heimild virðist skorta til að taka til íhugunar, hversu mikinn lyfjaforða löggiltur læknir tekur handa sjálfum sjer ad usum proprium sem læknir.

Með skýrslum vitna þeirra, sem yfirheyrð voru undir rekstri málsins, verður það að teljast sannað í málinu, að kærði hafi gert sjer far um að sporna við því, að áfengi það, sem hann hefir gefið lyfseðla um, yrði misbrúkað, og er í því sambandi rjett að taka fram, að eigi virðist rjett eða heimilt að láta lækni sæta ábyrgð fyrir að lyf þau, er hann fyrirskipar við sjúkdómum og kvillum sjeu misbrúkuð þvert ofan í reglur hans. Í prófunum hefir kærði gefið þá skýrslu, að hann taki aldrei gjald fyrir lyfseðla sjerstaklega, heldur taki hann gjald fyrir viðtöl eftir efnum og ástæðum manna. Þessari skýrslu hans verður eigi talið hnekt með vitnisburði tveggja vitna, sem borið hafa, annað þeirra að það hafi greitt 5 kr. og hitt 2 kr. fyrir lyfseðil, þar eð vitnin eðlilega hafa eigi gert greinarmun á, hvort þau greiddu gjaldið fyrir lyfseðilinn eða viðtalið. Það verður því að minsta kosti að teljast ósannað í málinu, að kærði hafi gert sjer áfengislyfseðlagjafir að fjeþúfu.

Heldur er ekkert fram komið í málinu, er hnekt geti skýrslu kærða um, að hann hafi fylgt reynslu, þekkingu og sannfæringu sinni, er hann fyrirskipaði áfengislyf við kvillum og sjúkdómum, enda styrkist sú skýrsla hans verulega við framburð þeirra vitna, sem undir rekstri málsins hafa borið, að hann þegar löngu áður en bannlögin gengu í gildi, meðan öllum var frjálst að afla sjer áfengis án læknisseðils, hafi fyrirskipað þeim áfengi sem lyf í líkum mæli og síðan.

Enda þótt samanburður á landsyfirrjettardómnum frá 16. júlí 1917 við rannsóknina í máli þessu sýni, að áfengislyfseðlaútlát kærða hafi bæði að tölu og áfengismagni verið hlutfallslega miklum mun meiri á því tímabili, sem rannsóknin tekur til, en á tilsvarandi tímabili, sem dómurinn fjallar um, og það þótt lögð sje til grundvallar skýrsla kærða um að umdæmi það, sem áfengislyfseðlaútlát hans ná til, svari til umdæmis með 6—8000 íbúum, þá virðist þó eigi að síður hjer vera að ræða um takmarkalínur í algerlega sjerfræðislegu efni, sem er næsta ísjárvert fyrir almenna dómstóla að setja. Og þegar svo stendur á, virðist þegar fyrirfram að setningin in dubio pro reo eigi að gilda.

En það, sem ráða hlýtur útslitum í máli þessu, er það, að reglur um sölu lyfja, sem áfengi er í, frá 15. apríl 1920, sem telja ber, svo langt sem þær ná, autentiska lögskýringu á lögum nr. 91, frá 14. nóvember 1917 — en þar sem þau lög eru yngri en landsyfirrjettardómurinn frá 16. júlí 1917 upphefja þau að sjálfsögðu verkanir hans — heimila áfengisútlát til einstakra manna, að minsta kosti fjórðungi meira en nokkur einstakur maður hefir fengið ávísun á hjá kærða. Þegar fyrir þá sök þykir verða að sýkna kærða af kærum valdstjórnarinnar í mál þessu, og er þá eigi þörf að taka aðrar sýkunarástæður kærða til íhugunar. —

Eftir þessum úrslitum verður kærði eigi dæmdur til að greiða sakarkostnað, og ber því að greiða hann af almannafje.

Það vottast, að rekstur málsins og meðferð hefir verið lögmæt. —

Föstudaginn 16. júní 1922.

Nr. 7/1922. **Ísak Bjarnason**
(Pjetur Magnússon)
gegn
Sigurði Magnússyni
f. h. kirkjustjórnar Íslands
(Enginn).

Ómerkingardómur. Landmerkjamál.

Dómur merkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 5. sept. 1921: Landamerki á milli kirkjujarðarinnar Vífilsstaða í Garðahreppi annarvegar og jarðarinnar Fífuhvamms, áður Hvammkots, í Seltjarnarnesshreppi hinsvegar, skulu vera: Úr Dýjakrók sunnan Arnarnesslækjar beina línu í grasgróna þúfu (Hnoðra) á Hnoðraholti, þaðan beina línu yfir Leirdal í markastein í Vatnsendahvarfi suðvestanverðu.

Málskostnaður, samtals kr. 163,00, greiðist að helmingi af eiganda eða umráðanda kirkjujarðarinnar Vífilsstaða, en að helmingi af eiganda jarðarinnar Fífuhvamms.

Dómur hæstarjettar.

Stefndi hefir eigi mætt í hæstarjetti, þótt honum hafi verðið löglega stefnt. Málið hefir því verið rekið samkv. 1. lið 38. gr. hæstarjettarlaganna, og er dæmt samkv. N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Málið er landamerkjamál og var dæmt í merkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu 5. sept. f. á. af sýslumanni og tilkvöddum meðdómsmönnum, en gjörðir merkjadómsins bera það eigi með sjer, að meðdómsmennirnir hafi unnið eið eða drengskaparheit áður en þeir leystu þetta dómstarf af hendi.

Það eru nú að vísu engin bein fyrirmæli um það í landamerkjalögum nr. 41, 28. nóv. 1919, eins og í hinum eldri landamerkjalögum frá 1882, að með-

dómsmenn í landamerkjamálum skuli vinna eið, en eiðtaka dómsmanna hefir frá fornu fari verið almenn regla í íslensku rjettarfari, enda sýna athugasemdir stjórnarinnar við 10. gr. frumvarps til fyrnefndra laga 28. nóv. 1919, að eigi hefir verið til þess ætlast að gjöra neina breytingu á hinum eldri lögum að öðru leyti en því, að drengskaparheit komi í stað eiðs, sbr. 1. gr. laga nr. 29, 11. júlí 1911. Hjer við bætist, að eiður er lögmæltur í líku tilfelli í 5. gr. laga nr. 35, 2. nóv. 1914.

Samkv. þessum almennu reglum löggjafarinnar ber að láta meðdómsmenn í landamerkjamálum vinna eið, áður en þeir taka til starfa, og þar sem það, eins og áður segir, sjest eigi í dómsgjörðunum að meðdómsmennirnir hafi unnið slíkan eið, verður ex officio að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins fyrir merkjadóminum, heimvísa málinu og skylda merkjadóminn til að taka málið upp að nýju,

Upp í málskostnað fyrir hæstarjetti greiði stefndi áfrýjanda 100 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins fyrir merkjadóminum á að vera ómerk og vísast málinu heim til nýrrar og löglegrar meðferðar.

Stefndi, Sigurður Magnússon f. h. kirkjustjórnarinnar, greiði áfrýjanda, Ísak Bjarnasyni, 100 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 21. júní 1922.

Nr. 17/1922. **Bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar**
(Guðm. Ólafsson)
gegn
Pjetri A. Ólafssyni
(Björn P. Kalman),

útaf útsvarsskyldu.

Úrskurður fógetarjettar Reykjavíkur 7. janúar 1922: „Hið umbeðna lögtak á ekki fram að fara".

Dómur hæstarjettar.

Áfrýjandi hefir lagt fram í hæstarjetti nokkur skjöl til stuðnings skýrslu sinni um síldarsölu stefnda á Siglufirði sumarið 1920, og sýna þau, *að* stefndi hefir 16. júlí 1920 gjört sumning í Reykjavík við tvo menn þar um að selja þeim 500 máltunnur af herpinótasíld veiddri á mótorskipið Reaper, er stefndi hjelt úti frá Reykjavík á síldveiðum við Norður- og Vesturland þá um samarið og skyldi færa síldina í land á bryggju á Siglufirði, *að* stefndi hefir ennfremur símleiðis samið við mann á Akureyri um sölu á 400 máltunnum af nýrri síld af sama skipi, er einnig skyldi skilað á Siglufirði, og loksins *að* stefndi hefir selt hlutafjelagi á Siglufirði, einnig símleiðis, bræðslusíld fyrir 1904 kr.

Reaper kom nokkrum sinnum á Siglufjörð á tímabilinu frá 8.—19. ágúst og skilaði hinum umsamda afla að mestu leyti, eða alls $867^1/_2$ máltunnu, auk bræðslusíldarinnar.

Útsvarsálögu þá, er um er deilt í máli þessu, byggir stefndi á l. nr. 58, 28. nóv. 1919 um breytingu á l. nr. 30, 22. nóv. 1918 um bæjarstjórn á

Siglufirði, 19. gr., en þar segir í 3. málsgr., að leggja megi útsvar meðal annars á síldarkaup og síldarsölu, þótt sú atvinna sje rekin enn styttri tíma, o: en 8 vikur. Eftir því verður því að eins lagt útsvar á kaup og sölu síldar á Siglufirði, að kaupin gjörist þar, og sjeu þannig vaxin, að þau verði talin atvinna. En nú er það, eins og fyr getur, upplýst, að stefndi hafi sumpart með skriflegum samningi og sumpart símleiðis selt frá Reykjavík síld þá alla, er Reaper flutti til Siglufjarðar, en það eitt, að skipið skilaði síldinni á Siglufirði, verður út af fyrir sig eigi talið kaup og sala. Það verður því eigi litið svo á, að umgetin síldarsala heimili útsvarsálagningu á stefnda á Siglufirði, og verður samkv. því að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Málskostnað þykir áfrýjandi eiga að greiða stefnda og ákveðst hann 150 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða úrskurði skal óraskað. Áfrýjandi, bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar, greiði stefnda, Pjetri A. Ólafssyni, 150 kr. í málskostnað, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Í máli þessu hefir bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar krafist lögtaks á 225 króna aukaútsvari, er lagt hefir verið á Pjetur A. Ólafsson konsúl, til heimilis hjer í bænum, í tjeðum kaupstað fyrir árið 1920. Byggir bæjarstjórnin heimildina til útsvarsálagningar þessarar á því, að gjörðarþoli hafi veitt, saltað og selt síld á Siglufirði sumarið 1920.

Gjörðarþoli hefir neitað því afdráttarlaust, að hann hafi saltað síld á Siglufirði umrætt ár, og er þeirri neitun hans ekki hnekt.

Hinsvegar hefir gjörðarþoli kannast við að hafa gjört m./k. „Reaper“ út á síldveiðar hjeðan úr bænum sumarið 1920 og hafi skipið veitt við Vesturland og Norðurland og komið nokkrum sinnum inn á Siglufjörð á tímabilinu frá 8.—19. ágúst til þess að skila afla sínum, er hann hafi selt þangað hjeðan gegnum símann. Auk þess kannast gjörðarþoli við að hafa selt til Siglufjarðar 1—2 síldarfarma, er hann átti á Vestfjörðum, en þessa starfsemi sína kveður hann ekki hafa bakað sjer útsvarsskyldu á Siglufirði.

Því er ekki einu sinni haldið fram í málinu, að m./k. „Reaper“ hafi verið haldið út frá Siglufirði, eða að skipið hafi gjört þar annað eða meira en skila síld þeirri, er gjörðarþoli hefir skýrt frá, að hann hafi selt þangað, eða að gjörðarþoli eða annar maður í umboði hans hafi komið á Siglufjörð árið 1920 til þess að reka þar atvinnu, og yfirleitt verður að byggja á skýrslu gjörðarþola um atvinnurekstur hans á Siglufirði umrætt ár, þar sem ekkert er upplýst í málinu, er ósanni hana.

Rjetturinn fær því ekki sjeð, að upplýst sje í málinu, að gjörðarþoli hafi rekið í Siglufjarðarkaupstað á árinu 1920 nokkra þá atvinnu, er hafi bakað honum útsvarsskyldu þar eftir 19. gr. laga nr. 58 frá 28. nóv. 1919 um breytingu á lögum nr. 30 frá 22. nóvember 1918 um bæjarstjórn á Siglufirði, sem gjörðarbeiðandi hefir skírskotað til, nje öðrum lögum. Verður útsvarsálagning sú, sem hjer er um að ræða, því að teljast óheimil að lögum og útsvarið ekki tekið lögtaki.

Föstudaginn 23. júní 1922.

Nr. 4/1922. **Þorleifur Jónsson**
(Björn P. Kalman)
gegn
Ólafi Blöndal
f. h. Tang & Riis
(Pjetur Magnússon),

útaf vanefndum á greiðslu fyrir kjöt.

Dómur gestarjettar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 15. sept. 1921: Stefndi, Þorleifur Jónsson, bóndi á Hömrum í Hraunhreppi, greiði stefnanda Ólafi verlunarstjóra Blöndal í Skógarnesi fyrir hönd Tang & Riis s. st. 666 kr. 34 aur. með 5% ársvöxtum frá 1. jan. þ. á. til borgunardags og 40 kr. í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 3 sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Aðalágreiningsefnið milli aðilja eins og málið liggur fyrir hæstarjetti, er það, hvort stefndi hafi haft heimild til að láta áfrýjanda ógreiddan fimta hluta þess verðs, er áfrýjandi telur stefnda hafa lofað viðskiftamönnum sínum fyrir sláturafurðir haustið 1919, og nemur sá hluti 668 kr. 10 aur. fyrir áfrýjanda. En rjett sinn til þess byggir stefndi á því, að hann hafi að eins lofað viðskiftamönnum sínum sama verði og Sláturhúsið í Borgarnesi gæfi, og þar sem Sláturhúsið hafi eigi greitt viðskiftamönnum sínum fimta hlutann af upphaflega tilteknu verði þess, þá geti hann heldur ekki verið skyldur til frekari greiðslu. Áfrýjandi heldur því hins vegar fram, að stefndi hafi lofað Borgarnesverði eða hæsta verði, er þar fengist, og að þó að loforð stefnda ætti að miðast við verð Sláturhússins, þá hafi stefnda þó brostið

heimild til nefnds frádráttar, þar sem loforð hans hafi verið án allrar takmörkunar.

Það er sannað í málinu, aðallega með verðauglýsingum stefnda, að stefndi hafi, án nokkurrar takmörkunar, lofað viðskiftamönnum sínum sama verði — tilteknu verði eftir flokkum — fyrir slátrafurðir nefnt haust og Sláturhúsið í Borgarnesi ljet uppi þá um haustið fyrir kjötkauptíð. Mátti áfrýjandi því líta svo á, að stefndi hefði lofað verði Sláturhússins, enda hafa kjötkaupmenn bæði í Borgarnesi og Stykkishólmi borgað það verð, án nokkurs frádráttar. Þessari ályktun getur það ekki raskað, þó að Sláturhúsið, sem er í sameign fjelagsmanna sinna, samvinnufjelag, samkv. heimild í fjelagslögum sínum, ljeti *fjelögum* sínum ógreiddan fimtung upphaflega tiltekins verðs síns. Ætti áfrýjandi því í rauninni heimtingu á endurgreiðslu nefnds mismunar, 668 kr. 10 aur., af hendi stefnda. En þar sem áfrýjandi hefir einvörðungu áfrýjað gestarjettardóminum sjer til sýknu og hann með dóminum, auk vaxta og málskostnaðar, var að eins dæmdur til að greiða stefnda 666 kr. 34 aura, þá getur hærri krafa en dómsupphæðin ekki komið hjer til greina, en fyrir henni ber að sýkna áfrýjanda, og þarf þá eigi að rannsaka aðrar varnarástæður hans.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti, og ákveðst hann 300 kr., en málskostnaður í hjeraði þykir eftir atvikum mega falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandinn, Þorleifur Jónsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Ólafs Blöndal f. h. verslunar Tang & Riis í Skógarnesi.

Málskostnaður í hjeraði falli niður, en málskostnað fyrir hæstarjetti greiði stefndi áfrýjanda með 300 kr., að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með stefnu dags 8. apríl þ. á. hefir Ólafur verslunarstjóri Blöndal í Skógarnesi fyrir hönd verslunar Tang & Riis s. st. höfðað mál þetta fyrir gestarjetti sýslunnar gegn Þorleifi Jónssyni bónda á Hömrum í Hraunhreppi og hefir stefnandi gjört þær rjettarkröfur, að stefndi verði dæmdur til greiðslu á verslunskuld kr. 712.98 ásamt 7% ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags og málskostnað að skaðlausu eða eftir mati rjettarins.

Mál þetta er risið út af verslunarviðskiftum stefnda við verslun Tang & Riis í Skógarnesi árin 1919 og 1920. Stefndi heldur því fram, að stefnandi hafi lofað því að stefndi fengi allar útteknar vörur við verslunina með sama verði og verslun Jóns Björnssonar & Co. í Borgarnesi, seldi sömu vörutegundir, en þetta loforð hafi stefnandi ekki efnt, heldur fært útteknar vörur með hærra verðlagi, ennfremur hafi stefnandi ekki fært stefnda til tekna $^1/_5$ hluta verðs sláturfjárafurða frá haustinu 1919 en hafi þó lofað að borga sama verð fyrir þær og verslun Jóns Björnssonar & Co. í Borgarnesi, og sú verslun hafi borgað út tjeðan fimta hluta verðsins; loks mótmælir stefndi því, að stefnandi leggur 7% ársvexti á skuld stefnda eins og hún er talin við árslok 1920 og á ný 7% í gestarjettarstefnunni 8. apríl þ. á. Í frumvörn sinni krefst stefndi sýknunar að fullu og auk þess málskostnaðar greiðslu af hálfu stefnanda, en síðar undir rekstri málsins hefir hann að höfðaðri gagnsök sundurliðað kröfur sínar þannig, að hann krefst að sjer verði í viðskiftum við verslunina færðar til tekna eftirgreindar upphæðir:

1.	Offært verð úttekinnar vöru 1919 miðað við Borgarnesverð	kr.	61.40
2.	Offært verð úttekinnar vöru 1920 miðað við Borgarnesverð	—	37.72
3.	$^1/_5$ verðs sláturfjárafurða frá haustinu 1919. . .	—	668.10
4.	8% vextir af upphæðum þessum samtals kr. 767.22	—	61.38
		Samtals kr.	828.60

Stefnandi hefir mótmælt kröfum stefnda og krafist dóms samkvæmt stefnunni. Stefndi hefir ekki neitað því, að vörumagn úttekinnar og innlagðrar vöru í viðskifttum hans við verslunina þessi ár sje rjett talið, og er því ekki ágreiningur um það, heldur um verðlagið á vörunum.

Til stuðnings kröfum sínum um lækkun á verði úttekinnar vöru 1919 og 1920 niður í verð við verslun Jóns Björnssonar & Co. í Borgarnesi, hefir stefndi lagt fram vottorð dags 12. mai þ. á. frá 3 bændum í Staðarsveit, þeim Jóni G. Sigurðssyni, Ásmundi Jónssyni og Eiríki Sigurðssyni um að stefnandi hafi lýst því yfir á fundi í Hofgörðum haustið 1920, að sama verð yrði á útteknum vörum í Skógarnesi það ár og hjá versluu Jóns Björnssonar & Co. í Borgarnesi, og er vottorð þetta staðfest fyrir rjetti af 2 hinum fyrstnefndu vottorðsgefendanna undir rekstri málsins með þeirri athugasemd, að þeir hafi skilið þetta svo, að verðlag þetta ætti að minsta kosti að gilda aðalvörurnar. Ennfremur hefir stefndi lagt fram vottorð stefnanda dags 30. desbr. 1919 um að Þorsteini Einarssyni í Litluþúfu sje lofað verðlagi þessu á matvöru, kaffi og sykri, og einnig vottorð frá Lífgjarni Hallgrímssyni á Rauðamel dags 20. mai þ. á. um að hann hafi fengið samskonar afslátt hjá stefnanda samkvæmt loforðum hans; ennfremur brjef stefnanda dags. 13. júlí f. á. til sjera Jóns N. Johannessens á Staðastað, innihaldandi tilboð um sama verð á útteknum nauðsynjavörum og hjá verslun Jóns Björnssonar & Co. í Borgarnesi, svo og vottorð Hjörleifs Björnssonar og Halldórs Erlendssonar dags. 21. júní þ. á. um að stefnandi hafi í viðtali í febrúar 1919 í stofunni á Hjarðarfelli sagt, að sama verðlag yrði á útlendri og innlendri vöru og hjá Jónunum í Borgarnesi, og er vottorð þetta staðfest fyrir rjetti í máli þessu.

Að því er snertir vottorð þeirra Staðarsveitinganna athugast, að fyrst og fremst nær það aðeins til viðskifta við verslunina árið 1920 en ekki árið 1919, og að því sleptu verður ekki álitið að stefndi, er árið 1920 bjó á Höfða í Eyjarhreppi, geti bygt rjett til vöruverðs á ummælum stefnanda á fundi í annari sveit. Og þótt nokkrum mönnum hafi verið lofað Borgarnesverði á útteknum vörum, verður ekki þaraf leiddur almennur rjettur viðskiftamanna verslunarinnar, þar á meðal stefnda, til slíks verðlags. Ummæli stefnda í stofunni á Hjarðarfelli við þá Hjörleif Björnsson og Halldór Erlendsson um verðlag hjá stefnanda, geta eigi heldur sem lauslegt tal í viðræðu haft skuldbindandi verkun

fyrir stefnanda, sem alment loforð til viðskiftamanna, er stefndi geti bygt á kröfu um verðlag á útteknum eða innlögðum vörum.

Stefnandi hefir neitað því að hafa lofað stefnda Borgarnesverði á útteknum vörum, og þar sem stefndi hefir eigi gegn neitun stefnanda sannað, að sér hafi verið lofað öðru verði en í reikningnum greinir, geta athugasemdir hans við verð á úttekinni vöru við verslun stefnanda í Skógarnesi eigi orðið teknar til greina.

Þá hefir stefndi haldið því fram, að sjer beri rjettur til ógoldins fimtahluta af verði sláturfjárafurða þeirra, er hann haustið 1919 hafi lagt inn við verslun stefnanda í Skógarnesi og telur hann tjeðan fimta hluta nema að verðhæð kr. 668.10.

Stefndi heldur því fyrst og fremst fram, að stefnandi hafi lofað sér sama verði fyrir sláturfjárafurðir þetta haust, sem borgað yrði af verslun Jóns Björnssonar & Co. í Borgarnesi, en því hefir stefnandi neitað og stefndi eigi gegn neitun stefnanda sannað að svo hafi verið.

Um þetta atriði er upplýst í málinu, að verslun Jóns Björnssonar & Co. og Kaupfjelag Borgfirðinga í Borgarnesi borguðu út tjeðan fimtahluta, svo og kaupm. Sæm. Halldórsson í Stykkishólmi, að því er snertir viðskifti hans sunnanfjalls eða í Hnappadalssýslu, en að aftur á móti Sláturhúsið í Borgarnesi, er hafði aðalfjártökuna þar þetta haust og rjeð þar verðlaginu, borgaði ekki út fimtahlutann.

Úrlausn þessa atriðis verður því að vera undir því komin, hvaða sláturafurðaverð verslunin hafi lofað viðskiftamönnum sínum yfirleitt haustið 1919. Um þetta er upplýst í málinu með framburði Guðbjarts óðalsbónda Kristjánssonar á Hjarðarfelli, að stefnandi ljet hann birta í Staðarsveit þetta haust áætlunarverð á sláturfjárafurðum við Skógarnesverslun, sem átti að vera sama og hjá Sláturhúsinu í Borgarnesi.

Ennfremur segir svo í brjefi frá stefnanda til Jóns G. Sigurðssonar óðalsbónda í Hofgörðum, dags. 6. 1919, framlögðu í málinu af stefnda: „Verslunin hjer ætlar sjer að gefa sama verð fyrir sláturafurðir í haust og Sláturhúsið í Borgarnesi, og treystum við yður til að láta það berast„ Þetta staðfestist og af 2 brjefum frá nefndum Jóni G. Sigurðssyni til stefnanda framlögðum í málinu, dags. 7. sept. og 11. des. 1919, þar sem skýrskotað er til fyrnefnds brjefs stefnanda dags. 6. sept. 1919 um að Skógarnesverslun borgi sláturafurðir haustið 1919 með sama

verði og Sláturhúsið í Borgarnesi, og einnig af framburði Jóns G. Sigurðssonar sem vitnis í málinu, er jafnframt skýrði frá, að verð á kjöti og gærum 1919 og 1920 hafi hjá Skógarnesverslun verið í samræmi við verð Sláturhússins í Borgarnesi.

Um birtingar verslunarinnar haustið 1919 á verði sláturafurða það haust í öðrum hreppum en Staðarsveit, er ekki upplýs í málinu.

En þar sem þær verðtilkynningar, er fyrirliggja upplýsingar um, miðast við Sláturhúsið í Borgarnesi og upplýst er, að nefnt Sláturhús borgaði ekki viðskiftamönnum sínum tjeðan fimta part verðs sláturafurðanna frá haustinu 1919, þykir ekki unt að skylda verslunina til að færa stefnda til tekna tjeðan fimta hluta.

Stefnandi hefir á verslunarreikningi stefnda pr. 31. desbr. 1920 skuldað stefnda fyrir 7% vöxtum af skuld hans með kr. 46.64, þótt reikningur stefnda sýni, að hann var skuldlaus í ársbyrjun.

Í gestarjettarstefnunni í málinu svo og í sókn sinni hefir stefnandi ennfremur krafist 7% ársvaxta frá stefnudegi til borgunardags.

Með þessu móti krefst stefnandi tvöfaldra vaxta, og með því að lánsviðskifti við verslunina eru miðuð við greiðslu fyrir árslok, þykir stefnandi aðeins eiga kröfu til vaxta frá ársbyrjun 1921.

Frá kröfu stefnanda	kr.	712.98
ber því að draga umrædda vexti	—	46.64
Eftir verða þá	kr.	666.34

og ber að skylda stefnda til að greiða stefnanda upphæð þessa kr. 666 34 ásamt 5% ársvöxtum, sbr. almenn viðskiftalög nr. 31, 11. júlí 1911, 38. gr., frá 1. jan. þ. á. til borgunardags.

Svo ber stefnda og að greiða stefnanda málskostnað er ákveðst 40 kr.

Föstudaginn 23. júní 1922.

Nr. 6/1922. **Gísli Hjálmarsson**
gegn
Hannesi Thorarensen
f. h. Sláturfjelags Suðurlands
(Pjetur Magnússon).

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gísli Hjálmarsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti. — Svo greiði hann og stefnda, Hannesi Thorarensen, f. h. Sláturfjelags Suðurlands, er hefir látið mæta í málinu, 50 kr. í ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 27. sept. 1922.

Nr. 30/1921. **Hreppsnefnd**
Sauðárkrókshrepps
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
Kaupfjelagi Skagfirðinga
(Pjetur Magnússon),

útaf útsvari kaupfjelagsins.

Urskurður fógetarjettar Skagafjarðarsýslu 4. júní 1921: Hið umbeðna lögtak á ekki fram að fara.

Dómur hæstarjettar.

Haustið 1920 gerði hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps Kaupfjelagi Skagfirðinga að greiða 5695

króna aukaútsvar til hreppsins. Eftir að kaupfjelagsstjórinn hafði árangurslaust krafist, að hreppsnefndin lækkaði útsvarið, kærði hann það fyrir sýslunefnd Skagafjarðarsýslu, er á aðalfundi f. á. færði það niður í 1371 krónu.

Samt sem áður krafðist hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps þess, að allt útsvarið, er hreppsnefndin hafði gert kaupfjelaginu að greiða, yrði tekið lögtaki. Kaupfjelagið greiddi í fógetarjettinum upphæð þá, er sýslunefndin hafði ákveðið, eða 1371 kr., en áleit sjer ekki skylt að greiða meira, og skaut ágreiningnum undir úrskurð fógeta. Gekk um þetta úrskurður í fógetarjetti Skagafjarðarsýslu 4. júní f. á. á þá leið, að lögtakið ætti ekki fram að fara.

Úrskurði þessum hefir hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps, að fenginni gjafsókn og með skipuðum málaflutningsmanni, áfrýjað til hæstarjettar með stefnu, dags. 3. des. f. á. og krafist þess, að úrskurðurinn verði úr gildi feldur og að lagt verði fyrir fógetann að framkvæma hið umbeðna lögtak, og að hið stefnda kaupfjelag verði dæmt til að greiða hæfilegan málskostnað, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Kaupfjelagið hefir hins vegar krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað eftir mati rjettarins.

Þar sem í máli þessu eigi er ágreiningur um að hið stefnda kaupfjelag hafi rekið útsvarsskylda atvinnu umrætt ár, heldur um það, hve hátt útsvar sje hæfilegt að það greiði, verður að telja að fullnaðarlyktir sjeu orðnar á málinu með úrskurði sýslunefndar Skagafjarðarsýslu, og að eigi verði leitað úrlausnar dómstólanna um það. Verður því að fallast á það, að fógetinn synjaði um lögtakið og staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 150 krónur.

Hinum skipaða sækjanda, málaflutningsmanni Jóni Ásbjörnssyni, ber málflutningskaup úr ríkissjóði og ákveðst það 120 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða fógetarjettarúrskurði skal óraskað.

Hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps greiði Kaupfjelagi Skagfirðinga 150 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Skipuðum málflutningsmanni áfrýjanda, Jóni Ásbjörnssyni, greiðist 120 kr. í málsóknarlaun úr ríkissjóði.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Það er upplýst í máli þessu, að útsvar það, sem krafist er lögtaks á, var kært til hlutaðeigandi sýslunefndar, sem breytti úrskurði hreppsnefndar, og er lagður fram úrskurður sýslunefndar, er gjörðarþoli hefir fullnægt.

Með því að nefndur úrskurður er í lögmætu formi, verður að telja að fógetarjetturinn sje ekki bær að dæma um gildi hans að öðru leyti (sbr. lög 4. nóv. 1887, 4. gr., hliðstæð þessu) og samkvæmt því úrskurðast:

Föstudaginn 29. sept. 1922.

Nr. 39/1922.

Valdstjórnin
(Pjetur Magnússon)
gegn
Pjetri Hoffmann
(Jón Ásbjörnsson).

Brot á aðflutningsbannslögum á áfengi.

Dómur lögreglurjettar Ísafjarðar 3. júní 1922: Kærði Pjetur Hoffmann greiði 250 kr. sekt í ríkissjóð, og sæti auk þess 4 daga einföldu fangelsi. Framangreint áfengi skal vera upptækt og eign ríkissjóðs.

Allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað, þar með talinn varðhaldskostnaður, greiði kærður.

Dóminum að fullnægja innan 3 sólarhringa frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Brot kærða ber að heimfæra undir 8. gr. og 15. gr., 2. málsgr. laga nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi, og þykir refsing hans hæfilega metin samkvæmt nefndum lagagreinum, sbr. 17. gr. laganna, 250 kr. sekt til ríkissjóðs. Áfengi það, er umræðir í dómnum, með umbúðum, skal upptækt og eign ríkissjóðs.

Allan kostnað sakarinnar í hjeraði og fyrir hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda, 50 kr. til hvors, ber kærða að greiða.

Því dæmist rjett vera:

Kærði, Pjetur Hoffmann, greiði 250 króna sekt í ríkissjóð og allan kostnað sakarinnar í hjeraði og fyrir hæstarjetti, þar með talin mál-

flutningslaun til sækjanda og verjanda, málaflutningsmannanna Pjeturs Magnússonar og Jóns Ásbjörnssonar, 50 kr. til hvors. — Framannefnt áfengi með umbúðum skal upptækt vera og eign ríkissjóðs.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Að kvöldi 21. apríl þ. á. fengu lögregluþjónar bæjarins grun um, að kærði Pjetur Hoffmann hjer í bænum, hefði um hönd ólöglega sölu á áfengi. Til þess nú að ganga úr skugga um þetta, fór Hermann nokkur Erlendsson, sjómaður hjer í bænum, heim til kærða, að fyrirlagi annars lögregluþjónsins, fyrst kl. 10 um kvöldið og keypti $^1/_2$ flösku af brennivíni hjá kærða og borgaði honum 7 kr. 50 au, fyrir $^1/_2$ flöskuna. Nokkru síðar sama kvöldið fór tjeður Hermann Erlendsson aftur heim til kærða, pantaði hjá honum heilflösku af brennivíni, fjekk á flöskuna að vörmu spori hjá kærða og borgaði honum 15 kr. fyrir áfengið, en glerið lagði Hermann sjálfur til.

Kærði hefir kannast við þessi viðskifti. Ennfremur er það sannað með játningu kærða og öðrum gögnum, að þetta sama kvöld seldi hann Jónasi Sigurðssyni og Alfons Hannessyni, sjómönnum hjer í bænum, sína hálfflöskuna hvorum af brennivíni, og borguðu þeir honum, Alfons Hannesson 7 kr. fyrir flöskuna en Jónas Sigurðsson 7 kr. 50 aur.

Þetta umrædda kvöld var gjörð húsleit hjá kærða og fundust hjá honum pjáturdunkur með á að giska 2—3 lítrum af ómenguðum spíritus og 1 fl. kognak. Tók lögreglan áfengið í sínar vörslur. Kærði hefir gefið þá skýrslu fyrir rjettinum, að áfengið hafi hann keypt af manni í Reykjavík, er hann áleit að væri þýskur, þar eð hann talaði á eigi góðri dönsku og kvaðst vera á þýskum togara. Kveðst kærði hafa borgað 15 kr. fyrir spíritusinn, en 6 kr. fyrir kognaksflöskuna.

Eftir framburði kærða keypti hann áfengi þetta meðan hann dvaldi í Reykjavík í vetur, en þangað fór hann í mars, en kom hingað aftur 9. apríl.

Kærði hefir eigi áður sætt hegningu fyrir neitt lagabrot, en

hann hefir orðið 4 sinnum sekur um brot á lögreglusamþyktum Reykjavíkur og Ísafjarðar, í öll skiftin fyrir að hafa verið drukkinn á almannafæri, sem sje í Reykjavík tvisvar, árið 1920 og 21, og fjekk 70 kr. sekt í fyrra skiftið en 50 kr. sekt í síðara skiftið, á Ísafirði 50 kr. sekt 1921 og 100 kr. sekt 1922.

Með framangreindum aðgerðum hefir kærði orðið brotlegur við lög nr. 91, 14. nóv. 1917 um aðflutningsbann á áfengi, þar sem hann á ólöglegan hátt hefir keypt áfengi, er hann eigi hefir sagt til, og verður þá, samkvæmt 11. gr. þeirra, að líta svo á, að hann hafi gjörst brotlegur gegn 1. gr. laganna, og þykir refsing sú, er hann hefir unnið til, hæfilega ákveðin eftir 14. gr. þeirra 250 kr. sekt til ríkissjóðs, og þar sem það er sannað, að kærði hefir selt áfengi til framangreindra 3 manna, þykir hann ennfremur eiga að sæta fangelsisrefsingu, er ákveðst 4 daga einfalt fangelsi samkvæmt 14 gr. tjeðra laga. Allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað, þar með talinn varðhaldskostnaður, greiði kærði. Framangreint áfengi dæmist upptækt og verður eign ríkissjóðs.

Málinu hefir verið hraðað tilhlýðilega og meðferð þess vítalaus.

Föstudaginn 29. sept. 1922.

Nr. 33/1922. **Bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar**
gegn
Theodor Jakobssyni.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar, er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hún af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Mánudaginn 2. okt. 1922.

Nr. 30/1922.

Einar Viðar
(Björn P. Kalman)
gegn
Ólafi Jóhannssyni
(P. Magnússon).

Víxilmál.

Dómur gestarjettar Reykjavíkur 3. júní 1922: Stefndir Þorsteinn J. Sigurðsson og Einar Viðar greiði, báðir fyrir annan og annar fyrir báða, stefnandanum Ólafi Jóhannssyni 4000 krónur ásamt 6% ársvöxtum frá 10. janúar þ. á. til greiðsludags, 1/3 % af upphæðinni í þóknun og kr. 19,50 í afsagnarkostnað. Auk þess greiði stefndur Þorsteinn stefnanda kr. 460,50 í málskostnað. — Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Með því að víxill sá, er ræðir um í hinum áfrýjaða dómi, var afsagður sökum greiðslufalls á heimili stefnda, Hverfisgötu 74, en þar var eigi, samkvæmt víxlinum, heimild til að láta afsögn fara fram, er víxilrjettur glataður gegn áfrýjanda, og verður því að fella gestarjettardóminn úr gildi að því er til áfrýjanda tekur, og sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda í þessu máli. Í málskostnað fyrir gestarjettinum og hæstarjetti þykir rjett, að stefndi greiði áfrýjanda 200 kr.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandinn, Einar Viðar, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Ólafs Jóhannssonar, í þessu máli. Stefndi greiði áfrýjanda 200 kr. í máls-

kostnað fyrir gestarjetti og hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir gestarjettinum með stefnu birtri 15. maí þ. á., af Ólafi Jóhannssyni skipstjóra, gegn kaupmönnunum Þorsteini J. Sigurðssyni, Hverfisgötu 32, er rekur verslun í Austurstræti 12, og Einari Viðar, Laufásveg 35, til greiðslu á 4000 króna eftirstöðvum af 8000 króna víxli, útgefnum 10. nóvember f. á. af stefndum Einari Viðar og samþyktum af stefndum Þorsteini til greiðslu til stefnanda 10. janúar þ. á., en afsögðum vegna greiðslufalls 12. s. m. Hefir stefnandi krafist þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sjer framangreindar 4000 krónur ásamt 6 % ársvöxtum frá 10. janúar þ. á til greiðsludags, $^1/_3$ % af upphæðinni í þóknun, kr. 19,50 í afsagnarkostnað og málskostnað að skaðlausu. Nemur hann eftir framlögðum reikningi, sem kemur heim við lágmarksgjaldskrá málaflutningsmannafjelagsins, kr. 460,50.

Stefndur Þorsteinn J. Sigurðsson hefir hvorki mætt nje mæta látið og er honum þó löglega stefnt. Verður því að því er hann snertir eftir N.L. 1—4—32 og tilsk. júní 1796 2. gr., sbr tilsk. 15. ágúst 1832, 8. gr., að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem stefnandi hefir lagt fram í málinu hinn umrædda víxil ásamt afsagnargjörð, verða kröfur hans gegn stefndum Þorsteini teknar til greina að öllu leyti.

Stefndur Einar Viðar hefir látið mæta í málinu og haldið því fram, að hinn framlagði víxill sje ekki vistaður víxill. Hann hafi átt að greiða og þar af leiðandi að afsegja í Austurstræti 12, og þar sem afsögnin hafi eigi farið fram þar, heldur í Hverfisgötu 74, sje hún ólögleg og víxilrjettur á hendur sjer glataður. Hefir hann því krafist sýknunar af kröfum stefnanda í málinu og 400 króna málskostnaðar hjá honum.

Rjetturinn telur það nú vafalaust, að meining hlutaðeigenda, og þá einnig stefnds Einars Viðars, með því að setja klausuna »Víxillinn greiðist til hr. Ólafs Jóhannssonar skipstjóra« í víxilinn, hafi verið sú, að vista hann á heimili Ólafs, þótt ákvæðið sje ekki sem höndulegast orðað.

Ef hlutaðeigendur hefðu ekki viljað hafa víxilinn vistaðan, þurftu þeir ekki annað en að strika með öllu út orðin: »Víxillinn

greiðist í Landsbankanum«, sem í eyðublaðinu hafa staðið. Það getur heldur ekki hafa verið meining þeirra með hinni umræddu klausu, að hún ætti að skiljast sem framsal á víxilupphæðinni fra Viðar til Ólafs, eins og stefndur hefir haldið fram, því slíkt framsal felst í eyðuframsali því, er Viðar ritaði aftan á víxilinn í sambandi við afhendingu víxilsins til Ólafs.

Þar sem afsögnin fór fram á lögmæltum tíma á heimili Ólafs Jóhannssonar, verður rjetturinn að telja hana lögmæta, og hefir stefnandi þá einnig varðveitt víxilrjett sinn á hendur stefndum Einari Viðar, og verður þá einnig að því er Einar Viðar snertir að taka kröfur stefnanda til greina, að öðru leyti en því, að rjett þykir að málskostnaður falli niður að því er hann snertir.

Miðvikudaginn 4. okt. 1922.

Nr. 8/1922.

Jón L. Hansson
(P. Magnússon)
gegn
Snæbirni Kristjánssyni
(L. Fjeldsted)
og
Einari M. Jónassyni, sýslumanni
(Enginn).

Útaf rjetti áfrýjanda til ábýlisjarðar sinnar.

Dómur aukarjettar Barðastrandarsýslu 10. okt. 1921: Stefnandi Jón L. Hansson hefir afsalað sjer ábúðarrjetti á jörðinni Hlíð í Þorskafirði, sem þannig er lokið. Hann greiði í eftirgjald eftir nefnda ábúðarjörð sína frá fardögum 1914 til brottfarar, gildandi árlegt verðlag á smjöri og ám með lömbum, og bæti stefndum þannig upp árlegt þegar greitt eftirgjald. Við brottför af jörðinni svari hann til álags, eftir mati úttektarmanna hreppsins, með fullri hliðsjón af umbót-

um lögum samkvæmt, svo greiði hann og í kostnað af málsókn þessari stefndum 150 krónur.

Dóminum að fullnægja með 15 daga fyrirvara frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hæstarjettar.

Aðalkrafa áfrýjanda hjer fyrir rjettinum er, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og að málinu verði vísað heim aftur til nýrrar og löglegrar dómsáleggingar. En til vara krefst hann, að dóminum verði hrundið og breytt á þá leið, að stefndi Snæbjörn Kristjánsson verði dæmdur til að gefa áfrýjanda afsalsbrjef fyrir jörðinni Hlíð í Þorskafirði gegn 2600 króna endurgjaldi, og til þrautavara, að með dómi hæstarjettar verði viðurkendur lífstíðarábúðarrjettur áfrýjanda á jörðinni Hlíð gegn 130 kr. árlegu eftirgjaldi. Þá krefst hann og að stefndu verði báðir in solidum eða hvor í sínu lagi í því hlutfalli, sem rjetturinn ákveður, dæmdir til að greiða málskostnað fyrir hæstarjetti að skaðlausu, svo og málskostnað fyrir undirrjetti eftir mati rjettarins. Loks krefst hann, að hjeraðsdómarinn verði látinn sæta sektum eða til vara aðfinslu fyrir ólöglega meðferð málsins.

Hjeraðsdómarinn, Einar M. Jónasson, sem stefnt hefir verið til ábyrgðar í málinu, hefir hvorki mætt nje mæta látið í rjettinum, og hefir þó stefnan verið löglega birt honum. En stefndi Snæbjörn Kristjánsson hefir látið mæta, mótmælt ómerkingar- og heimvísunarkröfu áfrýjanda og krafist að verða sýknaður og að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur með þeirri breytingu, að eftirgjaldið eftir jörðina Hlíð teljist frá fardögum 1915. Og til vara krefst hann að vera algjörlega sýknaður af vara- og þrautavarakröfu

áfrýjanda. Loks krefst hann einnig málskostnaðar fyrir hæstarjetti eftir mati rjettarins.

Með því að ekki var leitað sátta um gagnkröfur þær, er stefndi setti fram í varnarskjali sínu fyrir undirrjettinum, og ekki var stefnt til að fá dóm fyrir þeim, brast hjeraðsdómarann alla lagaheimild til að dæma um kröfur þessar að efni til, og verður því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm að þessu leyti.

Hinsvegar er það tekið fram í forsendum aukarjettardómsins, að kröfur áfrýjanda á hendur stefnda verði ekki teknar til greina, og verður því að líta svo á, að dæmt hafi verið um kröfur þessar í hjeraði, þótt þess sje ekki getið í dómsorðinu, og er því heimild til að leggja dóm á þessi atriði hjer fyrir rjettinum.

Áfrýjandi hefir leitt vitni í málinu eftir að dómur var kveðinn upp í hjeraði. En sönnun er enn ekki fengin fyrir því, að stefndi hafi bundið það fastmælum við áfrýjanda, að selja honum jörðina Hlíð í Þorskafirði, nje lofað honum lífstíðarábúð á jörðinni gegn 130 króna árlegu eftirgjaldi. Ber því að sýkna stefnda bæði af varakröfu og þrautavarakröfu áfrýjanda.

Ákvæði undirrjettardómsins um málskostnað í hjeraði standi óbreytt.

Það er ekki næg ástæða til að sekta undirdómarann fyrir ólöglega meðferð málsins. En með því að hann án allrar lagaheimildar kvað upp efnisdóm um gagnkröfur stefnda, og áfrýjandi gat ekki fengið dóminn feldan úr gildi að þessu leyti, nema með því að áfrýja honum, þá þykir rjett að skylda hjeraðsdómarann til að greiða áfrýjanda málskostnað

fyrir hæstarjetti, er ákveðst 400 kr. Að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi, Snæbjörn Kristjánsson, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda í þessu máli.

Áfrýjandi, Jón L. Hansson, greiði stefnda, Snæbirni Kristjánssyni, 150 kr. í málskostnað í hjeraði.

Að öðru leyti skal hinn áfrýjaði aukarjettardómur ómerkur vera.

Sýslumaður Einar M. Jónasson greiði áfrýjanda 400 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, en að öðru leyti fellur málskostnaður í hæstarjetti niður.

Málskostnaðarákvæðum dómsins skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með stefnu dagsettri 7. maí 1921 hefir Árni Árnason frá Höfðahólum, sýslunefndarmaður, fyrir hönd Jóns L. Hanssonar í Hlíð í Þorkafirði höfðað mál þetta, fyrir aukarjetti Barðastrandarsýslu hinn 9. júní þ. á., gegn Snæbirni hreppstjóra Kristjánssyni í Hergilsey, og gjört þessar kröfur fyrir hönd umbjóðanda síns: 1. að stefndur gefi umbjóðanda hans Jóni L. Hanssyni afsal fyrir jörðinni Hlíð í Þorskafirði frá fardögum 1921, gegn 2600 króna greiðslu fyrir hana. 2. til vara, að stefndur gefi Jóni L. Hanssyni lífstíðarábúð á jörðinni, gegn 130 króna árlegu eftirgjaldi, og að stefnanda að síðustu við burtför sína frá jörðinni verði greiddur mismunurinn á virðingu jarðarinnar, eins og hún þá verður, og söluverði hennar 2600 krónum. Að síðustu krefst hann málskostnaðar út í ystu æsar, og ekki undir 500 kr. til sáttakærudags 18. okt. 1920, eftir reikningi eða mati, eða hvorutveggja.

Stefndur í málinu, Snæbjörn hrstj. Kristjánsson í Hergilsey, hefir aftur á móti krafist sýknunar af öllum kærum og kröfum stefnanda, og ennfremur samkvæmt framlagðri gestarjettarsátt milli aðilja frá 3. júní þ. á. gjört þessar kröfur: 1. að stefnandi verði dæmdur að hafa fyrirgjört rjetti sínum kaupa sem ábúðar á jörðinni Hlíð. 2. að hann greiði til sín eftirgjald eftir jörðina Hlíð eftir gildandi árlegri verðlagsskrá á smjöri og ám með lömbum. 3. að hann svari til fulls ofanálags á jörðina þá hann frá henni fer. 4. að hann greiði sjer allan kostnað af málssóknini eftir mati rjettarins.

Að því er sjeð verður, eru tildrög málsins þessi, að vorið 1914 kom til tals milli aðilja um kaup og sölu á jörðinni Hlíð í Þorskafirði, sem er eignarjörð stefnds; var verðið ráðgjört 2600 krónur, að því er stefnandi hermir, og flutti stefnandi Jón L. Hansson þá um vorið á jörðina, en ekkert gjörðist endanlegt milli þeirri um kaupin í það sinn, enda fól stefnandi þriðja manni að fastgjöra þau fyrir sína hönd, að því er honum segist frá, sem ótvírætt bendir til, að kaupin ekki voru fastráðin í þetta sinn. Að öðru leyti hefir ekkert komið fram í málinu, er upplýsi um, að þriðji maður sá, er falið var að gjöra út um kaupin, hafi framkvæmt það, eða á nokkurn hátt gengið frá því máli, hvorki munnlega eða skriflega, og þá heldur ekki tilkynt stefnanda neitt í þá átt, að hann hefði fest kaup á jörðinni fyrir hans hönd, svo stefnandi geti bygt kröfu á því til handa sjer, og heldur ekki hefir stefnanda tekist með vitnaframburði, eða á annan hátt, að færa rök að því, að honum hafi verið lofuð jörðin, hvað þá heldur seld, enda því tvímælalaust neitað af stefndum. Ekki virðist hægt að gefa stefndum heldur sök á því, að umboðsmaður stefnanda ekki hefir rækt starfið eins og til var ætlast af honum, að sögn stefnanda. Af framangreindum ástæðum verður aðalkrafa stefnanda ekki tekin til greina, um að skylda stefndan að gefa umbjóðanda hans, Jóni L. Hanssyni, Hlíð, afsal fyrir tjeðri jörð.

Aftur á móti, að því er varakröfur stefnanda snertir, virðist ekki ástæða að taka þær sjerstaklega til athugunar, með því sætt sú, er aðiljar gjörðu milli sín fyrir gestarjetti Barðastrandarsýslu að Stað 3. júní s. l., framlagt rjskj. 6 í málinu, sem umboðsmaður stefnanda ekki hefir sjerstaklega vjefengt eða mótmælt sem ólögmætri, eða komandi í bága við umboð hans frá 9. sept. 1920, verður að teljast koma í bága við þær kröfur, og útiloka þær, og geta þær þegar af þeim ástæðum ekki orðið teknar til greina, enda virð-

ast þær þess eðlis, að þær standi og eða falli með aðalkröfu stefnanda, eftir því sem á hana yrði litið.

Þar sem þannig hvorki aðal- eða varakröfur stefnanda verða til greina teknar, virðist ekki hjá því komist, eftir málsfærslunni hjer fyrir rjettinum, að leggja gestarjettarsátt aðilja frá 3. júní s. l. til grundvallar fyrir úrslitum þessa máls, og ber því: 1. að skylda stefnanda, Jón L. Hansson, að fara skilyrðis- og útburðarlaust af jörðinni Hlíð í Þorskafirði, og þannig að hafa fyrirgjört ábúðarrjetti sínum. 2. að hann greiði stefndum mismun á eftirgjaldi eftir jörðina Hlíð, er svari til árlegs greidds eftirgjalds, og þess, er greiða bar eftir verðlagsskrá hvert ár, í smjöri og ám með lömbum, allan þann tíma, er hann fyrst fluttist á jörðina, til þess tíma hann frá henni fer. 3. að hann svari til álags á jörðina eftir mati úttektarmanna, lögum samkvæmt. (Umboðsmaður stefnanda hjer fyrir rjettinum hefir ekki sjerstaklega mótmælt því, að þessar kröfur fælust í sættinni). 4. og að hann greiði stefnda kostnað hans af máli þessu, er ákveðst 150 krónur.

Miðvikudaginn 18. okt. 1922.

Nr. 19/1922.

Árni J. Hafstað,
Þórarinn Sigurjónsson
og Jón Jónsson
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
Kr. P. Briem
(Enginn).

Landamerkjamál. Ómerkingardómur.

Dómur merkjadóms Skagafjarðarsýslu 31. maí 1921: Landamerki milli Grænhóls í Skarðshreppi annarsvegar og Víkur og Glæsibæjar í Staðarhreppi hinsvegar (Glæsibæjar að því leyti, sem sú jörð á óskift beitiland með Vík) skulu vera þessi:

Bein lína úr miðjum Ferjuhamarskletti, sem er austan Hjeraðsvatna fast við Hjeraðsvötn (skagar út í þau) niður frá bæjartóttunum á eyðibýlinu Ferjuhamri, og lítið eitt norðar en þær, vestur í Tröllhöfða, þar sem merkin milli Víkur og Hólkots eru á honum.

Merkjavörðu á miðjum Ferjuhamskletti skulu aðilar hlaða, og fer um það eftir lögum nr. 41, 28. nóv. 1919, 1. gr.

Dagkaup dómenda skal vera 15 kr. á dag og að auki 5 kr. á dag í ferðakostnað, þegar um það er að ræða.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hæstarjettar.

Mál þessu hefir verið skotið til hæstarjettar með áfrýjunarleyfi, dags. 12. apríl 1922.

Í hæstarjetti hefir aðeins verið mætt af hálfu áfrýjandans Jóns Jónssonar, og stefndi hefir eigi mætt þó að honum hafi verið löglega stefnt. Málið hefir því verið flutt skriflega samkvæmt 38. gr. hæstarjettarlaganna og er dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Málið er landamerkjamál og lauk því í hjeraði með dómi kveðnum upp í landamerkjadómi Skagafjarðarsýslu 31. maí 1921, af sýslumanni og tveimur meðdómsmönnum, en hjeraðsdómsgjörðirnar bera það ekki með sjer, að meðdómsmennirnir hafi unnið eið eða drengskaparheit áður en þeir leystu dómstarf þetta af hendi.

Að vísu eru engin bein fyrirmæli um það í landamerkjalögum nr. 41, 28. nóv. 1919, eins og í hinum eldri landamerkjalögum 17. mars 1882, að meðdómsmenn í landamerkjamálum skuli vinna eið, en eiðtaka dómsmanna hefir frá fornu fari verið almenn regla í íslensku rjettarfari, enda sjest það af athugasemdum stjórnarinnar við 10. gr. frumvarps

til fyrnefndra laga nr. 41, 28. nóv. 1919, að eigi var ætlast til þess að gjöra neina breytingu á eldri lögum í þessu efni, að öðru en því, að drengskaparheit komi í stað eiðs, sbr. 1. gr. laga nr. 29, 11. júlí 1911. Hjer við bætist að eiður er lögmæltur í líku tilfelli, sbr. 5. gr. laga nr. 35, 2. nóv. 1914.

Samkvæmt þessum almennu reglum löggjafarinnar ber að láta meðdómsmenn í landamerkjmálum vinna eið, áður en þeir taka til starfa, og með því að, eins og áður segir, eigi sjest af dómsgjörðunum að slík eiðfesting hafi farið fram í þessu máli, verður ex officio að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins fyrir merkjadóminum, heimvísa málinu og skylda merkjadóminn til að taka málið upp að nýju.

Málskostnað fyrir hæstarjetti greiði stefndi áfrýjanda Jóni Jónssyni og ákveðst hann 150 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur og meðferð málsins fyrir merkjadóminum á að vera ómerk, og vísast málinu heim til nýrrar og löglegrar meðferðar.

Stefndi, Kristinn P. Briem, greiði áfrýjanda Jóni Jónssyni 150 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 18. okt. 1922.

Nr. 31/1922. **Guðm Jóhsnnsson**
(B. P. Kalman)
gegn
Pjetri M. Bjarnarson
(Enginn).

Víxilmál. Spurning um löglega afsögn víxils.

Dómur gestarjettar Reykjavíkur 13. júní 1921: Stefndir, G. Eiríkss og G. Jóhannsson, greiði, annar fyrir báða og báðir fyrir annan, stefnandanum Pétri M. Bjarnarson, 2500 krónur ásamt 6% ársvöxtum frá 15. marz þ. á. til greiðsludags, kr. 10,50 í afsagnarkostnað og 250 krónur í málskostnað, alt innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Mál þetta hefir verið rekið samkv. 1. lið 2. málsgr. 38. gr. hæstarjettarlaganna og er dæmt samkv. N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Þar sem útgefandi víxilsins, áfrýjandi þessa máls, hafði ekki ákveðið annan greiðslustað en heimili samþykkjanda, var samþykkjanda eftir því sem á stóð, samkvæmt 89. gr. víxillaganna heimilt að ákveða eða semja svo um við stefnda, að greiðslustaður víxilsins skyldi vera á heimili hans, Laugaveg 49. Með þessari athugasemd og að öðru leyti samkvæmt ástæðum snertandi áfrýjanda, sem tilgreindar eru í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta hann að því leyti sem honum er áfrýjað.

Stefndi hefir hvoki mætt nje látið mæta í málinu. Verður því, samkv. þessum úrslitum, hvorugur aðili dæmdur til þess að greiða hinum málskostnað hjer í rjetti.

Því dæmist rjett vera:

Gestarjettardóminum skal óraskað, að því leyti sem honum hefir verið áfrýjað.

Málskostnaður í hæstarjetti fellur niður.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir gestarjettinum með stefnu birtri 19. apríl þ. á. af Pjetri M. Bjarnarson, kaupmanni, gegn Guðmundi Eiríkss heildsala og Guðmundi Jóhannssyni skipstjóra, báðum til heimilis hjer í bænum, og hefir stefnandi krafist þess, að að stefndir verði dæmdir in solidum til að greiða sjer upphæð 2500 króna víxils, útgefins af stefndum Guðmundi Jóhannssyni 15. desember f. á. og samþykts af stefndum G. Eiríkss til greiðslu 15. mars þ. á., en afsagðs sökum greiðslufalls 17. s. m. ásamt vöxtum, þóknun, afsagnarkostnaði og öðrum kostnaði, alt eftir víxillögum 13. janúar 1882, svo og málskostnað að skaðlausu samkvæmt reikningi að upphæð 250 krónur.

Stefndur Guðm. Eiríkss hefir látið mæta í málinu, en engum mótmælum hreyft gegn framangreindum kröfum stefnanda. Af hálfu stefnds Guðm. Jóhannssonar hefir hinsvegar verið krafist sýknunar af kröfum stefnanda á hendur honum og málskostnaðar hjá stefnanda.

Sýknukröfu sýna byggir stefndur G. Jóhannsson á því, að þegar hann hafi gefið út víxilinn, hafi meiningin verið að hann væri vistaður í Landsbankanum og notaður til framlengingar öðrum víxli, sem hann hafi staðið sem útgefandi á en G. Eiríkss sem samþykkjandi. Að því er vistun snerti, hafi ekki staðið á víxlinum, er hann gaf hann út, annað en orðin: „Víxillinn greiðist“ . . . sem eru prentuð á hann, en síðar hafi verið bætt við orðunum: „P. M. Bjarnarson Laugaveg 49“. Þessa viðbót beri því að skoða sem fölsun á víxlinum, er gjöri það að verkum, að honum sje með öllu óskylt að svara til fjárhæðar víxilsins.

Til vara hefir stefndur G. Jóhannsson haldið fram, að víxillinn geti ekki talist vistaður á Laugavegi 49 og sje afsögnin, er fór fram þar, því ólögleg.

Rjetturinn verður nú að vera stefnanda samdóma um það, að í því að stefndur G. Jóhannsson fjekk samþykkjanda til ráðstöfunar víxilinn með orðunum: „Víxillinn greiðist . . .“, án þess að ákveða sjálfur greiðslustaðinn, felist nægilegt umboð frá honum til handa samþykkjanda til að ákveða greiðslustaðinn, svo að stefndur geti eigi eftir á komið fram með þá mótbáru gegn stefnanda, sem eignaðist víxilinn síðar, að víxillinn hafi átt að greiðast á öðrum stað, en hann tilgreindi. Sömuleiðis verður rjetturinn að fallast á, að vistun víxilsins á Laugavegi nr. 49 sje nægilega skýr, og víxillinn því rjettilega afsagður þar. Sýknunarkrafa stefnds G. Jóhannssonar verður því ekki tekin til greina, heldur verður að taka kröfur stefnanda að öllu leyti til greina með því að málskostnaðarreikningur hans er í samræmi við lágmarksgjaldskrá málaflutningsmannafjelagsins.

Föstudaginn 20. okt. 1922.

Nr. 11/1922.

Íslandsbanki
(L. Fjeldsted)
gegn
Jóni Dúasyni
og
gagnsök
(P. Magnússon)

Um skaðabætur út af synjun bankans um innlausn seðla hans í gulli.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. maí 1921: Stjórn h/f. Íslandsbanki, Reyjavík, greiði stefnanda Jóni Dúasyni skaðabætur eftir mati dómkvaddra, óvilhallra og skynbærra manna, þó eigi yfir 6250 kr. Málskostnaður fellur niður. — Dóminnm ber að fullnægja áður 15 dagar eru liðnir frá löglegri birtingu hans og upphæðar skaðabótanna, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstarjettar af hálfu Íslandsbanka með stefnu dags. 28. febrúar þ. á., að fengnu uppreistarleyfi dags. 8. s m., og krefst bankinn algerðrar sýknunar af kröfum stefnda, svo og málskostnaðar fyrir undirrjetti og hæstarjetti. Stefndi hefir frá sinni hálfu gagnáfrýjað málinu með stefnu útgefinni 31. maí þ. á., sömuleiðis að fengnu uppreistarleyfi dags. 22. s. m. Hefir hann hjer fyrir rjettinum fært aðalkröfu sína niður í 24612 kr. 3 a., en til vara krefst hann að bankinn verði dæmdur til að greiða honum 11744 kr. 65 a. og til þrautavara hefir hann krafist staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi, þó þannig, að hámarksákvæði skaðabótanna verði felt burtu úr dómnum. Loks krefst hann málskostnaðar fyrir báðum rjettum.

Gagnáfrýjandi hefir lagt fram í hæstarjetti nokkur ný skjöl, en skjöl þessi geta ekki leitt til annarar niðurstöðu en þeirrar, er komist hefir verið að í hinum áfrýjaða dómi, og ber því samkvæmt ástæðum þeim, sem fram eru teknar í dómnum, að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rjett að málskostnaður í hæstarjetti í aðalsök og gagnsök falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað. Málskostnaður í hæstarjetti í aðalsök og gagnsök fellur niður.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Cand. polit. Jón Dúason hefir, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun höfðað mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 2. mars f. á., gegn stjórn h./f. Íslandsbanka í Reykjavík, og krafist þess, að bankinn verði dæmdur til að greiða sjer kr. 43,624,80 í skaðabætur með 5 % ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, og málskostnað að skaðlausu.

Stefndur hefir aftur á móti krafist þess, að hann verði algerlega sýknaður í málinu og að málskostnaður verði dæmdur honum eftir rjettarins mati, svo og að stefnandi verði dæmdur í sekt fyrir óþarfa þrætu, en hina síðastnefndu kröfu þykir ekki ástæða til að taka til greina.

Eftir þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, er málið þannig vaxið, að hinn 12. des. 1919 sendi stefnandi mann í bankann með 25,000 kr. í seðlum hans til þess að fá þeim skift fyrir gull, en bankinn færðist undan að láta gullið og næsta dag sendi stefnandi enn með 24,000 kr. í seðlum og bað bankann skifta á þeim og gulli, en fjekk afsvar. Bankinn er samkvæmt lögum nr. 66, 10. nóv. 1905 skyldur til að leysa seðla sína inn með gulli og telur því stefnandi að bankinn hafi með þessu atferli gert sjer skaða, er hann sje skyldur að bæta. Skaðabótakröfu sína miðar stefnandi við dollar-gengi, hið hæsta, sem hjer hefir orðið frá 12. des. 1919 til 11. mars 1920, sem hann tjáir vera 7 kr. og 5 au. og er því ekki mótmælt af stefndum. Og með því að ganga út frá að hann hefði getað fengið hjer um bil 13,140 dollara fyrir nefndar 49,000 kr., og þannig grætt 3 kr. 32 au. á hverjum dollar, miðað við venjulegt gengi hans gagnvart krónunni, fær stefnandi út hina nefndu skaðabótafjárhæð.

Stefndur hefir ekki mótmælt innlausnarskyldu sinni á seðlunum, en heldur því fram, að lögleg krafa um skifti á gulli og seðlum hafi eigi verið gjörð, og auk þess hefir hann haldið því fram, að gull bankans hafi verið innsiglað af ríkisstjórninni, svo að hann hafi ekki getað látið neitt af því af hendi. Þessi síðasta varnarástæða er þó eigi nægilega sönnuð og auk þess of seint fram komin í málinu. Og rjetturinn verður ennfremur að líta svo á, eftir því sem fram er komið í málinu, að krafan um innlausn seðlanna hafi verið löglega fram sett bæði hinn 12. og 13. des. 1919.

Með vitnaleiðslu í málinu er það upplýst, að seðlar þeir, er stefnandi beiddist innlausnar á með gulli síðari daginn voru hinir

sömu og hann hafði beiðst innlausnar á daginn áður, að því undanskildu að síðari daginn var framvísað 1000 kr. minna af seðlunum, en af því leiðir að stefnandi getur alls engar bætur fengið fyrir synjun um gullinnlausn þeirra 24 000 kr., er hann sendi í bankann seinni daginn, auk þess sem einmitt þann dag komu í gildi lög, er leystu bankann frá skyldu til að innleysa seðla sína með gulli, og virðist verða að telja gildi þeirra laga frá byrjun þess dags.

Um þær 25,000 kr., sem innlausnar var beiðst á hinn 12. des. 1919, verður aftur á móti að álíta, að bankinn hafi verið skyldur til að láta gull fyrir þær, og á þá stefnandi rjett til bóta fyrir þann skaða, sem hann kann að hafa haft af að því var synjað. Hins vegar verður skaði þessi ekki metinn eftir gengi dollara hjer á landi, því að hinn 15. des. 1919 var bannaður útflutningur á gulli úr landinu, og alls engar líkur á að stefnandi hefði á þessum skamma tíma komið gullinu úr landi, þegar á það er litið, að stefnandi hafði fyrir 12. des 1919 fengið skift í gull í bankanum 12,000 kr. í seðlum, sem hann seldi síðar að einhverju leyti hjer innanlands, en sendi ekkert af til útlanda. Og í málinu eru alls engar líkur færðar að því, að stefnandi mundi hafa undið bráðari bug að útflutningi þess gulls, sem hann hefði fengið hinn 12. des. 1919, ef beiðni hans hefði verið tekin til greina, en þess gulls, sem hann hafði áður fengið. Skaðabæturnar verða því að miðast við sölu gullsins hjer á landi. Í þessu efni er það upplýst í málinu, að stefnandi hefir selt hjer innanlands nokkuð af þeim 12,000 kr. í gulli, er hann hafði fengið hjá bankanum fyrir 12. des. 1919, með 25 % hagnaði, og eftir að það var upplýst í málinu, hefir stefnandi til vara krafist þess, að sjer verði dæmdar 12,500 kr. í skaðabætur, sem er 25 % af 50,000 kr., en virðist hafa átt að vera 25 % af 49,000 kr. eða kr. 12250,00 og til þrautavara, að sjer verði dæmdar 25 % af 24,000 kr. eða 6,000 kr. í skaðabætur, en hefði átt að vera 25 % af 25,000 kr. eða kr. 6250,00. Að öðru leyti liggja alls engar upplýsingar í málinu fyrir rjettinum um hversu mikill markaður sje fyrir gull hjer á landi, þegar ekki má flytja það úr landi og þegar eigi er tilætlunin að setja það í umferð sem peninga, eigi heldur neitt ábyggilegt um verðið, þegar svo mikið var um að ræða, sem hjer. Verður ekki eingöngu á því bygt, þótt nokkur hluti hinna umræddu 12,000 kr. væri seldur með nefndum hagnaði, þar sem ekkert er upplýst um, hvers vegna ekki var meira selt af þessu

gulli með því verði. Aðalmarkaðurinn virðist undir þeim kringumstæðum, sem hjer liggja fyrir, hljóta að vera til smíða, en markaðurinn hjá gullsmiðum hjer virðist hljóta að vera mjög þröngur, og mundi stefnandi sennilega hafa orðið að geyma gullið hjer alllengi, ef til þessa eins skyldi notað, og hefði þetta valdið vaxtamissi og ef til vill sölukostnaði. En eins og þegar er tekið fram, liggja alls engar upplýsingar fyrir rjettinum í þessum efnum, og treystist hann því eigi til að ákveða bæturnar, en verður að láta ákvörðun þeirra koma undir mat dómkvaddra, óvilhallra, þar um skynbærra manna, þó þannig, að þær fari eigi fram úr 6250 kr.

Eftir þessum úrslitum þykir málskostnaður eiga að falla niður.

Í tilefni af, að dregist hefir viku lengur en lögmætt er að kveða upp dóm þennan, er þess getið, að ástæðan til þess er annríki dómarans, enda hefir hann síðan mál þetta var tekið undir dóm, kveðið upp 50 aðra dóma, auk annara starfa.

Mánudaginn 30. okt. 1922.

Nr. 37/1922. **Stjórn Landsbankans**
gegn
Guðm. Kr. Guðmundssyni.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, stjórn Landsbankans, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hún af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Mánudaginn 13. nóv. 1922.

Nr. 36/1922. **Jóhannes Davíðsson**
f. h. h/f. Sill
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
Steingrími Torfasyni
(L. Fjeldsted),

útaf endurgreiðslu á ofborguðu kaupverði vegna vanefnda sölusamnings.

Dómur gestarjettar Eyjafjarðarsýslu 20. mars 1922: Löghaldsgerð sú, er framkvæmd var í Hrísey 13. ágúst 1920 í ýmsum eignum tilheyrandi hlutafjelaginu Sill í Gautaborg, á sem löglega gerð óröskuð að standa. — Aðalstefndi, Jóhannes Davíðsson í Hrísey, fyrir hönd hlutafjelagsins Sill í Gautaborg, greiði aðalstefnanda, Steingrími Torfasyni í Hafnarfirði, 5270 kr. 40 aura, ásamt 6 % vöxtum pr. anno af þeirri upphæð frá 1. ágúst 1917 að telja, þar til greitt er. Svo ber honum og að greiða aðalstefnandanum 150 krónur í málskostnað. — Gagnstefndur, Steingrímur Torfason, á að vera sýkn af öllum kærum og kröfum gagnstefnanda í máli þessu. — Hið áfrýjaða dæmda að greiða innan þriggja sólarhringa frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Það er viðurkent í mál þessu, að R. Tiljander hafi haft umboð áfrýjanda til að senda Ásgeiri Pjeturssyni símskeytið 4. júlí 1917, og verður að líta svo á, að með símskeyti þessu hafi Ásgeir öðlast næga heimild til að selja vörur þær, er getur um í skeytinu, og til þess að semja svo sem hann gjörði við stefnda um kaup á tunnum og salti, er áfrýjandi átti í Hrísey.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti samkvæmt ástæðum hins áfrýjaða dóms, sem í öllu verulegu verður fallist á, ber að staðfesta hann.

Málskostnað fyrir hæstarjetti er rjett að áfrýjandi greiði stefnda, og ákveðst hann 300 krónur.

Það athugast, að mál þetta, sem er gestarjettarmál, hefir dómarinn haft 8 vikur undir dómi, án þess að greindar sjeu ástæður fyrir þessum drætti.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Áfrýjandi, Jóhannes Davíðsson fyrir hönd h/f. Sill, greiði stefnda, Steingrími Torfasyni, 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Tildrög máls þessa, sem er hafið með kyrsetningargjörð framkvæmdri 13. ágúst 1920 í Hrísey í eignum h.f „Sill" frá Gautaborg, eru þannig:

Hlutafjelagið „Sill" í Gautaborg hafði sumarið 1916 síldarstöð í Hrísey og átti þar því síldartunnur, salt og kol, er síldveiðar byrjuðu sumarið 1917, en það ár hafði fjelagið enga útgerð eða síldarkaup á eynni, og vildi því selja þessar vörur. Það það þá mann í Gautaborg, er var kunnugur hjer á landi, um að útvega sjer kaupanda að þeim. Hinn 4. júlí 1917 sendir maður þessi kaupmanni Ásgeiri Pjeturssyni á Akureyri svohljóðandi símskeyti:

> „Munduð þjer eða aðrir vilja kaupa ca. 1000 tómtunnar, ca. 500 salttunnur, 25 tonn kol. Verð á hverju fyrir sig sænskar krónur 20 — 40 — 250. Geymt í Hrísey. Símsvar óskast".

Símskeyti þessu svaraði Ásgeir Pjetursson daginn eftir þannig:

> „Hefi selt Steingrími Torfasyni, Hafnarfirði, tunnur og salt, geymt í Hrísey, samkv. skilmálum yðar. Tunnur og salt verða að vera í góðu ásigkomulagi".

Símskeyti þessu svarar umboðsmaður aðalstefnda, að því er næst verður komist 10. júlí, þannig:

„Togarahlutafjelagið Sill staðfestir sölu á tómtunnum, salttunnum, kolum og ca. 300—400 botnum, verð á hverju fyrir sig 20 — 40 — 250 — 1 sænskar krónur, ómögulegt lægra. Símsendið strax 30000 krónur. Afgangur greiðist við móttöku í síðasta lagi $^1/_8$ 1917. Salt og tunnur verða seldar eins og þær fyrirfinnast í geymslu í Hrísey Íslandi. Símsendið peningana strax".

Þessu síðasta skeyti svarar svo Ásgeir Pjetursson 14. s. m. þannig:

„Peningarnir sendast á mánudag".

Öll hin tilfærðu símskeyti voru rituð á sænsku, en eru hjer tilfærð í íslenskri þýðingu eftir varnarskjali umboðsmanns aðalstefnda, rjettarskjal 6. Samkvæmt þessu sendir Ásgeir Pjetursson fyrir hönd Steingríms Torfasonar umboðsmanni aðalstefnda með símaávísun 32400 danskar krónur, er jafngilda 30000 sænskum krónum, og lætur aðalstefnandinn síðan taka tunnurnar og saltið í Hrísey 28. og 31. júlí 1917. Afhendir umboðsmaður h.f. Sill í Hrísey honum 488 saltfyltar tunnur og 280 tómar tunnur. Meira fjekk aðalstefnandi ekki, enda telur hann, að meira hafi eigi verið gjaldgeng verslunarvara af tunnum fjelagsins í Hrísey.

Samkvæmt kanptilboðinu voru hinar mótteknu tunnur ásamt saltinu 27129 kr. 60 aura virði í dönskum peningum, en greitt hafði aðalstefnandi 32400 danskar krónur eða 5270 kr. 40 aurum meira en hann hafði fengið vörur fyrir. Hefir hann því höfðað mál þetta til þess, að fá þá upphæð endurgreidda, og krefst, að kyrsetningargjörðin frá 13. ágúst 1920 (sjá rjettarskjal nr. 2) verði staðfest og sjer tildæmdar þessar kr. 5270,40, ásamt 6 % vöxtum pr. anno af þeirri upphæð frá 1. ágúst 1917 að telja til greiðsludags. Ennfremur krefst hann, að aðalstefndi verði dæmdur til að greiða sjer málskostnað að skaðlausu eða eftir mati rjettarins, þar með talinn kostnaður við kyrsetningargjörðina.

Þessar dómkröfur sínar rökstyður hann sjerstaklega með því að hann hafi keypt af aðalstefnda, hlutafjelaginu Sill, umræddar síldartunnur og salt fyrir það verð, sem tilgreint er í símskeyti 4. júlí og fyrir milligöngu Ásgeirs kaupmanns Pjeturssonar. Hafi hann samkvæmt símskeyti frá umboðsmanni fjelagsins í Svíþjóð greitt fyrirfram megnið af áætluðu kaupverði eða danskar krónur 32400 af kr. 43200, sem honum bar að greiða,

ef hann hefði fengið 1500 tunnur, þar af 500 saltfyltar, eins og umsamið var. En þegar til kom, afhenti umboðsmaður fjelagsins í Hrísey aðeins 488 saltfyltar tunnur og 280 tómar tunnur, enda hafi það komið í ljós, að fleiri nothæfar tunnur eða sem talist gátu gjaldgeng vara, átti fjelagið ekki í Hrísey þegar afhendingin átti að fara fram. Leggur hann fram þessu til sönnunar skoðunargjörð tveggja dómkvaddra manna (rjettarskjal 8) á tunnum þeim, er aðalstefndi átti í Hrísey 2. ágúst 1917. Þá heldur hann því fast fram, að hann hafi haft fylsta rjett til að telja Ásgeir kaupmann Pjetursson fullgildan umboðsmann aðalstefnda við kaup þessi.

Málsfærslumaður aðalstefnda mótmælir því ákveðið, að umbjóðandi hans skuldi eða hafi nokkru sinni skuldað aðalstefnandat nokkurn eyri. Krefst hann því, að löghaldsgjörðin frá 13. ágús 1920 verði upphafin sem ólöglega álögð og umbjóðandi hans sýknaður af öllum kærum og kröfum aðalstefnanda í máli þessu. Jafnframt hefir hann gagnstefnt aðalstefnandanum og krefst að hann verði dæmdur til að greiða sjer fyrir hönd umbjóðanda síns 8000 króna bætur fyrir löghald að ófyrirsynju, eða aðra hæfilega upphæð eftir ákvörðun dómarans, en til vara, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða bætur eftir mati óvilhallra, dómkvaddra manna. Ennfremur krefst hann, að umbjóðanda hans verði tildæmdur málskostnaður bæði í gagnsök og aðalsök eftir mati dómarans. Loks krefst hann, að aðalstefnda eða honum fyrir hans hönd verði tildæmdur rjettur til að fá fullnægingu á skaðabótum og málskostnaði af verðmæti því, er „requirentinn" hefir sett til tryggingar við löghaldsgjörðina, svo langt sem það hrekkur.

Þessar dómkröfur sínar rökstyður málsfærslumaður aðalstefnda og gagnstefnanda með því að umbjóðandi hans, h.f Sill í Gautaborg, hafi aldrei selt Steingrími Torfasyni í Hafnarfirði salt og tunnur, heldur hafi hann selt Ásgeiri Pjetursyni salt, tunnur og kol, þ. e. allar vörubirgðir fjelagsins í Hrísey. En skilmálar hafi verið þeir, að kaupandi keypti allar vörur aðalstefnda í Hrísey í því ástandi, sem þær voru, og greiddi 30000 krónur af kaupverðinu fyrirfram, en afganginn við móttöku varanna, en þær átti kaupandinn að taka ekki síðar en 1. ágúst. Þessum skilyrðum hafi hvorki Ásgeir Pjetursson nje aðalstefnandinn fullnægt, og geti hinn síðarnefndi því ekki, þótt hann væri rjettur aðili málsins, átt kröfu á hendur aðalstefnda um endurborgun á nokkru af fje því, sem hann hefir greitt. Ef hann eigi rjett til

endurborgunar á þessum kr. 5270.40 samkvæmt samningum þeim, er hann hefir gert við Ásgeir Pjetursson, þá eigi hann líka aðganginn að honum. Sjerstaklega leggur umboðsmaður aðalstefnda áherslu á það, að umbjóðandi hans hafi aðeins viljað selja allar hinar framboðnu vörur í einu og í því ástandi, sem þær voru, en að öðrum kosti ekkert. Þá mótmælir hann matsgjörðinni (rjettarskjal 8) fyrir það, að matsmennirnir hafi ekki verið löglega útnefndir og að hún sje óstaðfest. Loks mótmælir hann því, að Ásgeir Pjetursson hafi haft umboð til að selja hinar framboðnu vörur; hann hafi aðeins verið spurður að, hvort hann vildi kaupa þær, og beðinn að grenslast eftir, hvort aðrir vildu kaupa.

Af málsfærslunni og hinum framlögðu skjölum virðist mega ráða, að sú fullyrðing aðalstefnandans í máli þessu sje rjett, að hann hafi samið við kaupmann Ásgeir Pjetursson um kaup á ca. 500 saltfyltum síldartunnum og ca. 1000 tómum tunnum, er aðalstefndi, hlutafjelagið Sill í Gautaborg, átti í Hrísey, og að það hafi verið áskilið í samningnum, að tunnurnar væru í gildu og góðu standi. Ennfremur verður rjetturinn að taka þá fullyrðing hans fullgilda, að hann aðeins hafi veitt móttöku 488 saltfyltum tunnum og 280 tómum tunnum, er samkvæmt samningnum kostuðu 27129 $^{60}/_{100}$ danskar krónur. Þá er það viðurkent, að aðalstefnandinn hafi greitt aðalstefnda fyrir milligöngu Ásgeirs Pjeturssonar 32400 danskar krónur, er jafngiltu 30000 sænskum krónum. Loks verður rjetturinn að telja það sumpart sannað og sumpart viðurkent, þrátt fyrir mótmæli umboðsmanns aðalstefnda gegn matsgerðinni (rjettarskjal 8), að tunnur þær, sem aðalstefndi átti eftir 2. ágúst 1917, hafi eigi verið góð og gild vara, sem fullnægði skilyrðum þeim, er sett voru í samningnum milli aðalstefnandans og Ásgeirs Pjeturssonar, og að eigi hafi verið færð fullnægjandi rök fyrir því, að aðalstefndi hafi átt kost á, eða gjört ráðstafanir til, að útvega fullgildar tunnur í þeirra stað.

Úrslit þessa máls velta á því, hvernig líta beri á afstöðu Ásgeirs kaupmanns Pjeturssonar gagnvart aðalstefnda, hvort hann hafi verið bær til þess að gera bindandi samning við aðalstefnandann um sölu á tunnum þeim og salti, er aðalstefndi átti í Hrísey sumarið 1917 og mál þetta snýst um. Það er nú að vísu rjett, að í símskeyti því, er umboðsmaður aðalstefnda í Svíþjóð sendi Ásgeiri Pjeturssyni 4. júlí 1917, felst eigi umboð til hans. En samkvæmt því gerir hann samning eða undirbýr samning við aðalstefnandann, Steingrím Torfason, er hann tilkynnir með sím-

skeyti næsta dag. Þessu símskeyti svarar aðalstefndi gegnum umboðsmann sinn í Svíþjóð með símskeyti nokkrum dögum síðar. Byrjar það með orðunum: „Togarahlutafjelagið Sill staðfestir sölu á tómtunnum, salttunnum, kolum . . . .“ Síðan eru sett ýms skilyrði fyrir sölunni, þar á meðal að greiða beri 30000 sænskar krónur fyrirfram af kaupverðinu og að tunnurnar verði seldar eins og þær fyrirfinnast í Hrísey. Þetta orðalag í upphafi skeytisins, samanborið við skeytin 4. og 5. júlí, verður rjetturinn að skilja svo, að með því sje Ásgeiri Pjetursssyni fyrst og fremst veitt umboð til að fullgjöra samning þann, er hann hafði undirbúið við aðalstefnandann, Steingrím Torfason, og skýrt er frá í símskeyti 5. júlí, því um aðra sölu var ekki að ræða, eftir því sem sjeð verður af skjölum málsins, enda fullgjörir Ásgeir Pjetursson nú samninginn við aðalstefnandann og greiðir hann þegar þær 30000 sænskar krónur, sem greiða bar fyrirfram. Um kol hafði aldrei verið talað í samningum hans við Ásgeir Pjetursson og skilyrðið um, að tunnurnar seljist „eins og þær fyrirfinnist í Hrísey“, verður naumast skilið svo, að kaupandinn eigi að greiða 20 sænskar krónur fyrir hverja tóma tunnu, hve gölluð eða ljeleg sem hún er, því 20 sænskar krónur = 21,60 danskar krónur fyrir tóma síldartunnu var mjög hátt verð sumarið 1917, þó um nýjar og fullgildar tunnur væri að ræða. En af þessu leiðir að rjettarins áliti, að aðalstefndi var í öllum greinum bundinn við samninginn, án tillits til þess, hvernig sambandi hans og viðskiftum við Ásgeir Pjetursson var háttað.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta kyrsetningargjörð þá, sem gjörð var í Hrísey 13. ágúst 1920 í eignum hlutafjelagsins Sill í Gautaborg. Ennfremur ber að dæma aðalstefnda til að greiða aðalstefnandanum 5270 kr. 40 aura með 6 % ársvöxtum pr. anno af þeirri upphæð frá 1. ágúst 1917 að telja til greiðsludags. Þá ber og að dæma gagnstefnda sýknan af öllum kærum og kröfum gagnstefnandans í máli þessu. Loks ber að dæma aðalstefnda til að greiða málskostnað, sem eftir atvikum virðist hæfilega metinn 150 krónur.

Miðvikudaginn 15. nóv. 1922.

Nr. 35/1922. **Lárus Fjeldsted f. h. Íslandsbanka**
(L. Fjeldsted)
gegn
Uppboðsráðandanum og skiftaráðandanum í Reykjavík
(Magnús Guðmundsson),
um rjett ófullnægðs veðhafa í skipi að fá það sem hæstbjóðandi útlagt til eignar.

Úrskurður uppboðsráðanda Reykjavíkur 7. júlí 1921: Krafa Lárusar Fjeldsted hrmflm. f. h. Íslandsbanka um að fá mótorskipið Víking R. E. 31 útlagt fyrir hæsta boð, verður ekki tekin til greina.

Dómur hæstarjettar.

Málinu hefir verið áfrýjað til hæstarjettar samkvæmt áfrýjunarleyfi dags. 5. júlí þ. á.

Hjer fyrir rjettinum hefir það verið upplýst, að eignir hlutafjelagsins »Mar«, er var eigandi þilskipsins Víkingur R E. 31, voru teknar til skifta sem þrotabú, eftir að fjárnámið var gjört í skipinu en áður en nauðungaruppboðin fóru fram. Nú hefir að vísu hlutafjelaginu »Mar« ekki verið stefnt, en þar sem skiftaráðandanum í þrotabúinu hefir verið stefnt, og mætt hefir verið fyrir hans hönd, þykir ekki fyrir þessa sök ástæða til að frávísa málinu.

Það er engum vafa undirorpið, og er viðurkent af málsaðilum, að ef um fasteignarveð hefði verið að ræða, voru öll skilyrði fyrir hendi til þess að veðhafi hefði getað fengið veðið útlagt sjer til eignar, og með því að álíta verður, að reglunni um útlagnign veðsins til eignar, verði jafn vel við komið um

skrásett þilskip sem fasteign, þá átti áfrýjandi samkvæmt siglingalögunum 30. nóv. 1914, 5. gr. 1. málsgr., rjett á að fá skipið útlagt sjer til eignar fyrir það verð, er hæst var boðið á uppboðinu.

Verður því að fella úrskurð uppboðsráðanda úr gildi og skylda skiftaráðandann í þrotabúi hlutafjelagsins »Mar« til að leggja áfrýjanda skipið út til eignar fyrir hæsta boð, 75000 krónur.

Áfrýjandi hefir ekki krafist málskostnaðar fyrir hæstarjetti og fellur hann því niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði uppboðsrjettarúrskurður er feldur úr gildi og ber skiftaráðandanum í Reykjavík að leggja hæstarjettarmálaflutningsmanni Lárusi Fjeldsted f. h. Íslandsbanka þilskipið Víkingur R. E. 31 út til eignar fyrir 75000 krónur.

Málskostnaður fyrir hæstarjetti fellur niður.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Í máli þessu hefir hrjmfím. Lárus Fjeldsted krafist þess fyrir hönd Íslandsbanka, að bankanum verði lagt út til eignar mótorskipið Víkingur R E. 31 fyrir hæsta boð, samkvæmt reglum þeim, sem gilda um fasteignarveð, þegar veðhafi fær ekki fulla greiðslu veðskuldar sinnar.

Í 5. gr. siglingalaganna nr. 56, 30. nóv. 1914 er svo ákveðið, að um stofnun og vernd eignarrjettar og eignarhafta á skrásettu skipi eða skipshluta, skuli farið eftir reglunum um fasteignir að svo miklu leyti sem þeim verði komið við. Þó er sjólánsveð undanþegið þessu ákvæði, og að öðru leyti gilda sömu reglur um sjálfsvörsluveðrjett í skipi og í öðru lausafje.

Það þarf nú væntanlega eigi að leiða rök að því, að reglurnar um, að fasteign eða arðið útlögð veðhafa, sem ekki fær

fulla greiðslu skuldar sinnar af andvirði veðsins, snerta hvorki stofnun nje vernd veðrjettarins, heldur innihald hans. En einnig spurningunni um það, hvort reglur þessar snerti eigi stofnun eignarrjettarins, verður að áliti uppboðsrjettarins, að svara neitandi. Þegar fasteign er lögð út, er uppboðinu hætt sem árangurslausu og veðhafinn fær engan eignarrjett yfir veðinu við uppboðið. Réttur slíks veðhafa til þess að fá veðið útlagt á því verði, sem hæst er boðið, byggist því á innihaldi veðrjettarins í fasteign, en um innihald veðrjettarins í skipinu gilda, eins og tekið hefir verið fram, reglurnar um innihald veðrjettar í lausafje, en veðrjettur í því heimilar veðhafa engan frekari rjett til að verða eigandi veðsins, en hverjum öðrum, sem á uppboði býður í það.

Rjetturinn fær því ekki sjeð, að veðhafi í skipum eigi rjett á að fá þau útlögð eftir sömu reglum og gilda um veðhafa í fasteignum að því er þær snertir, og verður framangreind krafa Lárusar Fjeldsted hrmflm. f. h. Íslandsbanka því ekki tekin til greina.

Mánudaginn 27. nóv. 1922.

Nr. 46/1922.

Rjettvísin
(Sigurður Sigurðsson)
gegn
Lárusi Óskari Frímannssyni
(Jón Ásbjörnsson)
og
Gunnlaugi Friðrik Sigurðssyni
(L. Fjeldsted).

Sauðaþjófnaðarmál.

Dómur aukarjettar Húnavatnssýslu 3. júní 1922: Ákærði Lárus Óskar Frímannsson sæti 15 — fimtán — mánaða betrunarhúsvinnu. — Ákærði Gunnlaugur Friðrik Sig-

urðsson sæti 10 — tíu — mánaða betrunarhúsvinnu. — Ákærði Lárus greiði, auk varðhaldskostnaðar síns, $^3/_5$ hluta af öllum af málinu leiðandi kostnaði og $^2/_5$ hluta af sama kostnaði in solidum með ákærða Gunnlaugi Friðrik Sigurðssyni, svo og 20 kr. í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Jóns prests Pálssonar. — Ákærði Gunnlaugur greiði, auk varðhaldskostnaðar síns, $^2/_5$ hluta af öllum af málinu leiðandi kostnaði in solidum með Lárusi og 20 kr. í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Björns hreppstjóra Árnasonar. — Svo greiði ákærðu in solidum iðgjöld þessum mönnum: Jónínu Jónsdóttur frá Höfnum 38 kr., Árna Á. Guðmundssyni, bónda í Víkum, 81 kr., Karli Árnasyni, Víkum, 38 kr., Guðmundi Árnasyni, Víkum, 55 kr., Gunnari Eggertssyni, Hafragili, 65 kr., Ragnari Guðmundssyni, Flankastöðum, 26 kr., Símoni Klemenssyni, Kambakoti, 50 kr., Pjetri Jónssyni, Hofi, 81 kr. Sigurði Árnasyni, Höfnum, 25 kr. og Carl Berndsen, Spákonufelli, 65 kr.

Hið áfrýjaða ber að greiða innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, og dóminum að öðru leyti að fullnægja undir aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Samkvæmt prófunum hefir ákærði Lárus Frímannsson verið einn um það, að kasta eign sinni á gimbur Ásmundar Árnasonar í Ásbúðum og dilká Ingibjargar Friðriksdóttur í Ytriey. Um dilkána er þess getið, að hún hafi »komið fyrir í fje« ákærða í fjárhúsi hans, og hafi hann þá afmarkað ána. Verður að skilja þetta orðalag svo, sem sú tiltekt ákærða heyri undir 250, gr. hegningarlaganna. Hinsvegar er ekkert upplýst um það, hvernig gimbur Ásmundar hefir komist í vörslur ákærða, og verður því, eins og á stóð, einnig að heimfæra það brot ákærða undir sömu grein.

Að öðru leyti má telja það sannað, að ákærði Lárus Frímannsson og ákærði Gunnlaugur Sigurðsson, þáverandi vinnumaður Lárusar, hafi, eftir fyrirfram samanteknu ráði og í sameiginlegu hagsmunaskyni,

kastað eign sinni á kindur þær allar, 18 að tölu, sem ræðir um í prófunum, enda báðir unnið saman að hinum saknæma verknaði. En verknaði ákærðu og aðstæðum er í prófunum lýst á þá leið, að kindur þessar hafi allar »komið fyrir í fje« ákærða Lárusar Frímannssonar, sumpart í fjárhúsum hans og sumpart annarstaðar, og ákærðu báðir þá jafnframt eða upp úr því afmarkað kindurnar, ýmist undir mark annars eða hins. En að svo vöxnu máli verður, samkvæmt því sem áður segir, og að heimfæra þessi brot hinna ákærðu undir fyrnefnda grein hegningarlaganna, sbr. 55. gr.

Hegning hvors um sig þykir eftir öllum atvikum hæfilega metin, svo sem gjört er í aukarjettardóminum, 15 mánaða betrunarhússvinna fyrir Lárus og 10 mánaða betrunarhússvinna fyrir Gunnlaug.

Um málskostnað í hjeraði og iðgjöld á aukarjettardómurinn að vera óraskaður, að því undanteknu, að iðgjöld Gunnars Eggertssonar á Hafragili eiga að falla niður, með því að ekki sjest, að þeirra hafi verið krafist.

Málskostnað fyrir hæstarjetti eiga hinir ákærðu að greiða annar fyrir báða og báðir fyrir annan, þar með talin 200 kr. sóknarlaun til sækjanda og 100 kr. varnarlaun til hvors verjanda.

Um meðferð dómarans á rannsókninni er það aðfinningarvert, að eiður hefir að ófyrirsynju verið tekinn af þeim Ingibjörgu Friðriksdóttur, Sveinbirni Guðmundssyni og Guðmundi Júlíussyni, enda þótt Lárus hefði þá játað það brot, er eiður nefndra vitna átti við. Að öðru leyti athugast, að rannsóknin er sumstaðar eigi nægilega ítarleg og að hún hefir framan af eigi verið verið rekin með nægilegum hraða.

Því dæmist rjett vera:

Akærði Lárus Frímannsson sæti 15 mánaða og ákærði Gunnlaugur Sigurðsson 10 mánaða betrunarhússvinnu. Um málskostnað í hjeraði og iðgjöld á aukarjettardómurinn að vera óraskaður, að því undan skildu, að iðgjöld til Gunnars Eggertssonar falli niður.

Málskostnað fyrir hæstarjetti greiði hinir ákærðu annar fyrir báða og báðir fyrir annan, þar með talin 200 kr. til sækjanda, Sigurðar kand. juris Sigurðssonar, og 100 kr. til hvors verjanda, málaflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Lárusar Fjeldsted.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hjóða svo:

Í máli þessu, sem af rjettvísinnar hálfu er höfðað gegn Lárusi Óskari Frímannssyni, bónda á Tjörn, og Gunnlaugi Friðrik Sigurðssyni í Finnstaðanesi, er það með eigin játningu hinna ákærðu og öðrum skýrslum, sem fengnar hafa verið, löglega sannað, að þeir hafa í fjelagsskap gert sig seka í afbrotum þeim, er nú skal greina:

Seint í júní f. á. tóku hinir ákærðu að ófrjálsu hvíta, veturgamla gimbur, eign ekkjufrú Jónínu Jónsdóttur frá Höfnum. — Kom kind þessi fyrir í smalamensku á Tjörn, heimili Lárusar, og var þá af ákærðu afmörkuð undir mark Gunnlaugs. — Var kindinni slátrað í Kálfshamarsnesi síðastl. haust og lögð þar inn í reikning Gunnlaugs. Fyrir kind þessa, sem virt hefir verið á 38 kr., hefir verið krafist iðgjalds.

Skömmu síðar tóku ákærðu að ófrjálsu hvíta, veturgamla gimbur, sem kom fyrir í smalamensku á Tjörn, tilheyrandi Jónatan Guðmundssyni, Spákonufelli, og afmörkuðu hana undir mark

Gunnlaugs. Kind þessari hefir verið skilað aftur eigandanum, sem ekki hefir gjört kröfu til skaðabóta. — Í sama mund tóku ákærðu einnig að ófrjálsu hvítan, veturgamlan hrút, tilheyrandi Árna Á. Guðmundssyni, Víkum, og hvíta, veturgamla gimbur, eign Karls Árnasonnar, sama bæ, en báðar þessar kindur höfðu komið fyrir í smalamensku á Tjörn um leið og kind Jónatans. Afmörkuðu ákærðu kindur þessar undir mark Lárusar. Var þeim báðum slátrað af ákærðu á Tjörn síðastl. haust og hagnýtti Lárus sjer afurðir þeirra. — Kindur þessar hafa hvor um sig verið virtar á 38 kr., og hafa eigendurnir krafist iðgjalda. — Um líkt leyti og ákærðu tileinkuðu sjer síðastnefndar 3 kindur, tóku þeir að ófrjálsu og afmörkuðu undir mark Lárusar hvíta á með lambi, er kom fyrir í smalamensku á Tjörn og sem var eign Guðmundar Árnasonar Víkum. Fjell ærin og lambið í hluta Lárusar og slátraði hann ánni heima á Tjörn síðastl. haust með aðstoð Gunnlaugs og hagnýtti sjer hana, en lambið afhenti hann Gunnlaugi í skiftum fyrir annað lamb, og var því slátrað sama haust á Skagaströnd og afurðir þess lagðar inn í reikning Gunnlaugs þar. Hefir ærin með lambinu verið virt á 55 kr. og iðgjalda krafist af eigandanum.

Nokkru síðar, að því er virðist, tóku ákærðu að ófrjálsu hvíta á með lambi, er kom fyrir í smalamensku á Tjörn, og sem var eign Gunnars Eggertssonar á Selnesi í Skagafjarðarsýslu. Afmörkuðu þeir ána undir mark Lárusar, enda slátraði hann henni heima hjá sjer síðastl. haust með aðstoð Gunnlaugs og hagnýtti sjer afurðir hennar, en lambið, sem ákærðu afmörkuðu undir mark Gunnlaugs, hagnýtti Gunnlaugur sjer og ljet sama haust slátra í Kálfshamarsnesi. Rúði Lárus ána og hagnýtti sjer ullina af henni. Hefir ærin verið virt á 42 kr., en lambið á 23 kr.

Um síðastl. vorgöngur tóku ákærðu að ófrjálsu og afmörkuðu undir mark Lárusar 2 hvít lömb, eign Ragnars Guðmundssonar á Flankastöðum. Komu lömb þessi fyrir í smalamensku á Tjörn. Slátraði Lárus lömbunum heima á Tjörn síðastl. haust með aðstoð Gunnlaugs og hagnýtti sjer afurðir þeirra. Bæði lömbin hafa verið virt á 26 kr. og hefir iðgjalda verið krafist.

Í ágúst f. á. tóku ákærðu ennfremur að ófrjálsu á og lamb, er hafði komið fyrir í smalamensku á Tjörn, og sem var eign Símonar Klemenssonar, Kambakoti. Slátruðu þeir kindum þessum, er þeir hagnýttu sjer, að minsta kosti að miklu leyti, en hins vegar er ekki fyllilega upplýst, hve mikið hvor þeirra fjekk

af afurðum þeirra. Hefir ærin verið virt á 30 kr. en lambið á 20 kr., og hefir iðgjalda verið krafist. — Síðastl. haust tóku ákærðu sömul. að ófrjálsu hvíta geldá, sem kom fyrir á Tjörn, og sem var eign Árna Guðmundssonar, Víkum. Slátruðu þeir ánni heima á Tjörn um haustið og hagnýtti Lárus sjer hana. Kind þessi hefir verið virt á 43 kr. og iðgjalda verið krafist. — Um líkt leyti tóku ákærðu ennfremur að ófrjálsu veturgamla gimbur, er kom fyrir á Tjörn, og lóguðu henni þar heima. — Kind þessi, sem hefir verið virt á 38 kr., var eign Pjeturs Jónssonar á Hofi. — Í sama mund tóku þeir einnig að ófrjálsu frá sama kollótta á, er var slátrað heima á Tjörn. Hefir ærin verið virt á 43 kr. Ákærðu hagnýttu sjer kindur þessar og hefir iðgjalda verið krafist fyrir þær. — Þá tóku ákærðu og að ófrjálsu um haustið hvítt lamb, tilheyrandi Sigurði Árnasyni í Höfnum og hvíta á með lambi, tilheyrandi Carl Berndsen, Spákonufelli. Komu þessar kindur fyrir á Tjörn. Slátruðu ákærðu kindunum heima á Tjörn og hagnýttu sjer. Lamb Sigurðar hefir verið virt á 25 kr., en ær Carls ásamt lambinu á 65 kr. Hefir iðgjalda verið krafist.

Allar hinar ofangreindu kindur hafa ákærðu tekið að ófrjálsu og lógað eða látið lóga. Það verður að teljast upplýst, að þeir hafi þegar í upphafi komið sjer saman um, að skifta afurðum kindanna eða andvirði þeirra jafnt milli sín, en Lárus virðist þó hafa fengið meira en Gunnlaugur.

Það er með eigin játningu Lárusar og öðrum skýrslum er fengnar hafa verið í málinu, löglega sannað, að hann haustið 1920 hefir tekið að ófrjálsu mórauða, veturgamla gimbur, eign Ingibjargar Friðriksdóttur, Ytriey. Hafði kind þessi komið fyrir í smalamensku á Tjörn og Lárus afmarkað hana, að minsta kosti að nokkru leyti. Kind þessari hefir verið skilað aftur eigandanum, sem ekki hefir gjört kröfu til skaðabóta. — Þá er ákærður Lárus ennfremur sakaður um það, að hafa vorið eða sumarið 1920 tekið að ófrjálsu og afmarkað undir sitt mark hvíta, veturgamla gimbur, tilheyrandi Ásmundi bónda Árnasyni í Ásbúðum. Ákærði hefir þó ekki viljað játa á sig afbrot þetta. En samkv. þeim skýrslum, sem fengnar hafa verið í málinu um þetta atriði, þar á meðal eiðfestum framburði tveggja vitna, virðist ekki verða komist hjá því að líta svo á, að lögfull sönnun sje fengin fyrir því, að Lárus hafi tekið tjeða kind að ófrjálsu og afmarkað sjer hana. Kind þessari hefir verið skilað aftur eiganda hennar, sem ekki hefir gjört kröfu til skaðabóta.

Ákærði Lárus Oskar Frímannsson er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir eigi áður sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt afbrot. Afbrot þau, er ákærði hefir gert sig sekan í, virðast heyra undir 231. gr. 1. málsl. og 250. gr. hegningarlaganna, sbr. við 48. gr. og 55. gr., og þykir refsingin fyrir þau með hliðsjón til 58. og 63. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 15 mánaða betrunarhússvinna. Svo greiði ákærði, auk varðhaldskostnaðar síns, $^3/_5$ hluta af öllum af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnaði og $^2/_5$ af sama kostnaði in solidum með Gunnlaugi Friðrik Sigurðssyni, svo og 20 kr í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Jóns prests Pálssonar.

Ákærði Gunnlaugur Friðrik Sigurðsson er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefir eigi áður sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt afbrot. Afbrot þau, er hann hefir gjört sig sekan í, virðast heyra undir 250 gr. hegningarlaganna, sbr. við 48. og 55. gr., og þykir refsingin fyrir þau með hliðsjón til 58. gr. og 63. gr. sömu laga hæfilega ákveðin 10 mánaða betrunarhúsvinna. Svo greiði ákærði, auk varðhaldskostnaðar síns, $^2/_5$ hluta alls af málinu löglega leiddan og leiðandi kostnaðar in solidum með Lárusi Óskari Frímannssyni, og 20 kr. í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Björns hreppstjóra Árnasonar.

Svo greiði ákærðu in solidum iðgjöld þessum mönnum: Jónínu Jónsdóttur, ekkjufrú frá Höfnum, 38 kr., Árna Á. Guðmundssyni, bónda í Víkum, 81 kr., Karli Árnasyni, Víkum, 38 kr., Guðmundi Árnasyni, Víkum, 55 kr., Gunnari Eggertssyni, Hafragili, 65 kr., Ragnari Guðmundssyni, Flankastöðum, 26 kr., Símoni Klemenssyni, Kambakoti, 50 kr., Pjetri Jónssyni, Hofi, 81 kr., Sigurði Árnasyni, Höfnum, 25 kr. og Carl Berndsen, Spákonufelli, 65 kr. — Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Miðvikudaginn 29. nóv. 1922.

Nr. 28/1922. **Hans Magnús Torfason**
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
Karli Olgeirssyni
(B. P. Kalman).

Meiðyrðamál.

Dómur gestarjettar Ísafjarðar 12. jan. 1922:
Framangreind ummæli eiga að vera dauð og ómerk.
Stefndur Hans Magnús Torfason greiði sekt í ríkissjóð 60 kr., eða sæti 10 daga einföldu fangelsi ef sektin er eigi greidd í tæka tíð.
Stefndur greiði stefnanda Karl Olgeirssyni 40 kr. í málskostnað.
Dómi þessum ber að fullnægja innan 3 sólarhringa frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hæstarjettar.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða dómi, er mál þetta risið útaf því, að áfrýjandi, Magnús sýslumaður Torfason, lagði fram í lögreglurjetti Ísafjarðarkaupstaðar 5. okt. 1920, við rannsókn útaf broti á 18. gr. laga 14. nóvbr. 1917 um aðflutningsbann á áfengi, er hann hafði með höndum sem rannsóknardómari, skjal nokkurt með yfirskriftinni: »Skrá yfir nokkra menn, er lögreglustjóri telur að ekki sje trúandi fyrir áfengi í stórskömtum sem læknislyfi«.

Á þessari skrá stóð meðal annars nafn stefnda, og þareð hann taldi þetta freklega meiðandi og móðgandi fyrir sig, höfðaði hann meiðyrðamál þetta.

Þegar þess er gætt, að læknir, sem lætur af hendi áfengi sem læknislyf, verður að sjálfsögðu að gæta meiri varúðar í útlátum sínum á áfengi til vínhneigðra manna en annara, þá verður að álíta að

það hafi verið eðlilegt að áfrýjandi í umræddri rjettarrannsókn rannsakaði þetta atriði sjerstaklega, en í þeirri rannsókn var hin umrædda skrá að áliti rannsóknardómarans einn liður. Þar sem ennfremur álit lögreglustjórans um að taka nafn stefnda á umrædda skrá styðst við framburð tveggja vitna, er leidd hafa verið í málinu, verður það eigi talið með öllu ástæðulaust, að áfrýjandi tók nafn stefnda á skrána, og verður því ekki álitið, að hann hafi með þessu farið út fyrir þau takmörk, sem honum voru sett sem rannsóknardómara í umgetinni rannsókn, og er þá eigi heimild til þess, að dæma hann til hegningar eða taka ómerkingarkröfu stefnda til greina.

Það ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda.

Eftir atvikum þykir rjett að málskostnaður fyrir undirrjetti falli niður, en málskostnað fyrir hæstarjetti greiði stefndi áfrýjanda með 150 kr.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandi, sýslumaður Hans Magnús Torfason, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Karls Olgeirssonar, í máli þessu. Málskostnaður fyrir undirrjetti fellur niður, en málskostnað fyrir hæstarjetti greiði stefndi áfrýjanda með 150 kr. að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Tildrög máls þessa eru á þá leið, að 5. október 1920 lagði stefndur, Hans Magnús Torfason sýslumaður í Árnessýslu, sem þá var bæjarfógeti á Ísafirði, fram í lögreglurjetti Ísafjarðarkaup-

staðar við rannsókn í málinu um brot á lögum um aðflutningsbann á áfengi 14. nóvbr. 1917, skjal undirritað af honum sjálfum sem bæjarfógeta, er hann sýndi vitnum sem hann yfirheyrði, og var yfirskrift skjals þessa: »Skrá yfir nokkura menn, er lögreglustjóri telur að ekki sje trúandi fyrir áfengi í stórskömtum sem læknislyfi«. En á skrá þessari er stefnandi, Karl Olgeirsson kaupmaður á Ísafirði, talinn nr. 8. Tjáist stefnandi hafa sjeð nafn sitt á skránni, og telur hann aðdróttanir þær og orðin sjálf, er hin ofangreinda, tilvitnaða fyrirsögn hefir inni að halda, ærumeiðandi fyrir sig.

Með stefnu útgefinni 9. ágúst f. á. hefir stefnandi því höfðað mál þetta fyrir gestarjetti Ísafjarðar samkvæmt N. L. 1—2—16, gegn stefndum fyrir ærumeiðandi orð og aðdróttanir, og krafist þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sekt fyrir ofangreind orð og aðdróttanir, að orðin verði að því er stefnanda snertir, dæmd dauð og ómerk, og að stefndur verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að skaðlausu samkvæmt reikningi eða til vara eftir mati dómarans.

Stefndur krefst þess hinsvegar, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, þar á meðal ómerkingarkröfu, og að stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu eftir mati rjettarins.

Eins og fyr segir, telur stefnandi hin átöldu ummæli freklega meiðandi fyrir sig, með því að í þeim felist aðdróttun um óráðvendni, eða aðdróttun um það, að sem sjúkling sje honum eigi trúandi fyrir áfengislyfjum sjálfs hans vegna, eða þess vegna, að hann noti áfengið í bága við bannlögin — jafnvel öðrum til skaðræðis — og ennfremur, að ummælin sjeu framkomin í því skyni að hnekkja virðingu hans og trausti.

Aftur á móti heldur stefndur því fram, að það sje fjarri sanni, að í ummælunum felist nokkur aðdróttun um óráðvendni. Skráin, sem ummælin standi í, sje einn þáttur í rannsókn, og miði að því að fá nánari vitneskju um áfengi, sem fengið hafi verið úr einni af lyfjabúðum landsins, að rannsókn þessi hafi eigi verið hafin til þess að grenslast eftir áfengisskömtum til sjúklinga, heldur til ósjúkra manna, að ekkert hafi verið fjær stefndum en að drótta því að stefnanda, að hann hafi drukkið lyfseðlaáfengið í bága við bannlögin, og yfirleitt sje ekkert jafn langt frá sannleikanum og það, að hin umstefndu ummæli sjeu framkomin í því skyni, að hnekkja virðingu og trausti stefnanda. En auk

þess sem ummælin sjeu ósaknæm í sjálfu sjer, verði þau fyllilega rjettlætt — fyrst og fremst með útdrætti úr áfengisskamtaskrá, og í öðru lagi með framburði 2 vitna, er hafi borið það fyrir lögreglurjetti, að þau telji stefnanda »alkunnan óreglumann«.

Loks heldur stefndur því fram, að nefnd skrá sje til orðin og fram komin eftir dómi stefnds og bestu samvisku, sem sjálfsagður og nauðsynlegur liður í starfi hans sem embættismanns við rannsókn í bannlagamáli, er honum hafi verið skipað að framkvæma af stjórnarráði Íslands.

Að því nú hin átöldu ummæli snertir, verður því eigi neitað, að þau út af fyrir sig eru freklega meiðandi fyrir stefnanda, með því að í þeim felst aðdróttun um, að stefnandi hafi eigi sama trúverðugleik og aðrir. En spurning er um það, hvort ummælin sjeu rjettlætt með því, er stefndur færir sjer til afsökunar.

Eins og áður segir, heldur stefndur því fram, að skráin, sem ummælin standi í, sje þáttur í rannsókn, er miði að því að fá nánari vitneskju um áfengi, er fengið hafi verið í einni af lyfjabúðum landsins.

En skráin gefur engar upplýsingar um það. Heldur eigi er neitt framkomið í málinu, er sýni, að skráin sje þáttur í eftirgrenslan eftir áfengisskömtum til ósjúkra en eigi sjúklinga.

Þá hefir stefndur lagt fram útdrátt úr skrá yfir áfengi, látið úti til notkunar nokkurra manna eftir lyfseðlum frá löggiltum lækni. En lög nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi, heimila, að lyfsalar selji mönnum áfengi eftir lyfseðli frá löggiltum lækni, og þar sem ekkert er fram komið í máli þessu til upplýsingar því, að hjer sje um annað en löglega sölu að ræða, virðist útdráttur þessi þýðingarlaus fyrir málið.

Að því svo snertir það atriði, að tvö vitni hafi borið það fyrir lögreglurjetti, að þau teldu stefnanda alkunnan óreglumann, þá hafa tvö vitni að sönnu borið það fyrir lögreglurjetti Ísafjarðar, að þau teldu engan af þeim mönnum, sem á umræddri skrá standa, reglumann, þar á meðal stefnanda, og annað vitnanna borið það, að það teldi hann alkunnan óreglumann, en hvorugt vitnanna hefir staðfest framburð sinn með eiði, og hefir honum þó verið mótmælt sem röngum. Framburður þessi virðist því þýðingarlaus fyrir þetta mál.

Samkvæmt framanskrifuðu hefir stefndur því eigi rjettlætt hin átöldu ummæli eða sýnt að þau sjeu fram komin sem sjálfsagður og nauðsynlegur liður í starfi stefnds sem embættismanns

við fyrirskipaða rannsókn. Það ber því, eftir kröfu stefnanda, að dæma hin átöldu ummæli dauð og ómerk, sbr. 220. gr. hinna alm. hegningarlaga 25. júní 1869, svo ber og að dæma stefnda í sekt fyrir þau, sbr. 219. gr. fyrnefndra laga, og þykir sektin hæfilega ákveðin 60 krónur, og komi 10 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún er eigi greidd á rjettum tíma.

Eftir þessum úrslitum virðist rjett, að stefndur greiði stefnanda málskostnað fyrir undirrjetti, er ákveðst 40 krónur

Hvortveggi málsaðilja hafa krafist ómerkingar og sekta fyrir nokkur ummæli í sóknar- og varnar-skjölum málsins, en eftir atvikum virðist ekki næg ástæða til að taka kröfur þessar til greina.

Föstudaginn 1. desbr. 1922.

Nr. 29/1922. **Geo. Copland & Co. h. f.**
(B. P. Kalman)
gegn
L. Fjeldsted vegna A. Ross f. h. eigenda skonnert »Jenny«
(L. Fjeldsted).

Útaf endurgreiðslu farmgjalds.

Dómur sjórjettar Reykjavíkur 4. júní 1921: Stefndi, Axel Ross f. h. eigenda Sk. „Jenny", á að vera sýkn af kröfum stefnda Geo. Copland & Co. h. f. í þessu máli.

Í málskostnað greiði stefnandi stefndum 100 krónur.

Dóminum ber að fullnægja áður 3 sólarhringar eru liðnir frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Hjer fyrir rjettinum er það viðurkent — en því var neitað fyrir sjódóminum — að viðgerð á skipinu »Jenny« hafi verið lokið í Lissabon 26. jan. 1919,

og að skipið við skoðunargjörð daginn eftir, 27. jan., hafi verið talið í góðu og viðunanlegu standi, fært um að halda áfram ferð sinni til Íslands. En skipið fór þó ekki frá Lissabon fyr en 30. maí s. á., og verður að telja þessa töf skipsins brot á skipsleigusamningnum 8. febr. 1918, álítst hún útaf fyrir sig, þó að ekkert tillit sje tekið til dvalar skipsins í Færeyjum síðar í sömu ferð, eiga að varða stefnda bótum til áfrýjanda fyrir það tjón, er hann kann að hafa beðið vegna tafarinnar. Þetta tjón metur áfrýjandi kr. 13415,83, er hann krefst að fá sjer dæmdar, og sundurliðar þannig: 1. verðfall á salti kr. 125,00 á smálest fyrir 85 smálestir 572 kíló, sem reyndust vera í skipinu, þegar það kom hingað, kr. 10696,50; 2. vexti af fyrirfram greiddu farmgjaldi, salti og vátryggingu, samtals af kr. 27105,67, frá 1. febr. 1919 til 20. júli 1920, kr. 2394,33; og 3. kostnað við afsagnargjörð og símskeyti, kr. 325,00.

Fyrsta lið kröfunnar byggir áfrýjandi á því, að verð á salti hjer hafi verið 260 kr. á smálest til 1. mars 1819, og að nefnt skip, ef það hefði farið frá Lissabon þegar er viðgerð þess var lokið, mundi hafa getað náð hingað nógu tímanlega til þess að hann hefði getað selt saltið þessu verði. En eftir nefndan dag hafi salt fallið í verði, svo að hann, þegar skipið löngu síðar kom, hafi eigi getað fengið meira en kr. 135,00 fyrir smálestina.

Það verður þó eigi gjört ráð fyrir, að skipið, þó að það hefði haldið ferðinni áfram tafarlaust eftir viðgerðina, mundi, eins og áfrýjandi ætlar, hafa gengið ferðin svo greiðlega, að það hefði komist hingað fyrir 1. mars 1919, og verður því eigi miðað við saltverðið fyrir þann dag.

En hinsvegar er það upplýst í málinu, að verð

á salti, affermdu í Reykjavík, hafi verið 240 kr. á smálest frá 1. mars til 15. maí s. á., og með því að ætla verður, að skipið hefði komist til Reykjavíkur fyrir síðarnefndan dag, ef það hefði eigi tafist í Lissabon eftir viðgerðina, og að áfrýjandi þá hefði getað fengið þetta verð, 240 kr., fyrir hverja smálest saltsins, þykir rjett, að um þennan lið kröfunnar sje farið eftir því verði, þó þannig, að frá sje dreginn mismunur á verði saltsins í skipinu hingað komnu og verði þess landfluttu, en sá mismunur telst, eftir því sem stefndi ómótmælt heldur fram, 35 kr. á smálest, og verða eftir þessu bætur þær, sem áfrýjandi þykir eiga tilkall til fyrir verðfall á saltinu 70 kr. á hverri smálest, kr. 5990,04.

2. lið kröfunnar, vexti, sem þar eru taldir, þykir eigi, eins og málið liggur fyrir, ástæða til að taka til greina, en hinsvegar telst rjett, að samþykkja kostnaðinn, kr. 325,00, sem getur um í 3. tölulið, og ber eftir þessu að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda kr. 5990,04+kr. 325,00, samtals kr. 6315,04 með 6 % ársvöxtum frá 20. júlí 1920 til greiðsludags.

Málskostnaður fyrir sjódóminum á að falla niður, en rjett þykir að stefndi greiði áfrýjanda 200 kr. upp í málskostnað fyrir hæstarjetti.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi, L. Fjeldsted vegna A. Ross f. h. eigenda skipsins »Jenny«, greiði áfrýjanda, Geo. Copland & Co h. f., 6315 kr. 4 a. með 6 % ársvöxtum frá 20. júlí 1920 til greiðsludags. Málskostnaður fyrir sjódóminum falli niður. Upp í

málskostnað fyrir hæstarjetti greiði stefndi áfrýjanda 200 kr.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með skipsleigusamningi, dags. 8. febrúar 1918, leigði Geo. Copland kaupmaður skonnortuna „Jenny“ frá Danmörku, til þess að flytja saltfarm frá Spáni til Íslands, og er h. f. Geo. Copland & Co. var stofnað um árslokin 1919 gengu rjettindi og skyldur samkvæmt samningi þessum yfir á hlutafjelag þetta. Skipið tók svo saltfarminn í Cadiz og fór þaðan af stað hinn 10. okt. 1918, en varð að leita hafnar í Lissabon 6. nóv. s. á. vegna leka á skipinu. Var skipið tekið þar til aðgerðar og fór þaðan eigi fyr en 30. mai 1919, og hjelt ferðinni áfram, en varð að leita hafnar í Færeyjum hinn 24. júlí s. á. vegna þess að stórsiglutrjeð var brotið. Í Færeyjum lá skipið svo til 25. mai 1920 er það lagði af stað til Íslands og komst til Reykjavíkur í byrjun júní f. á. Saltfarmurinn átti að fara til Stokkeyrar, en þangað komst skipið ekki vegna óveðurs og leka.

Farmur skipsins var seldur til Stokkseyrar fyrir 260 kr. smálestin, en sú sala riftaðist vegna tafa skipsins og saltverðið var, er skipið kom, fallið mjög mikið.

Leigutakar skipsins litu svo á, að eigendur þess ættu sök á drætti þeim, er varð á komu þess hingað, þannig að þeir væru skaðabótaskyldir, og hafa þeir því höfðað mál þetta fyrir sjódómi Reykjavíkur gegn skipstjóranum Axel Ross f. h. eigenda „Jenny“ með stefnu útgefinni 3. ágúst f. á. og krafist þess, að skipstjórinn verði f. h. eigenda skipsins dæmdur til að greiða sjer kr. 13415,83 með 6 % ársvöxtum frá 20. júlí f. á. til borgunardags auk málskostnaðar eftir mati sjódómsins.

Stefndur hefir aftur á móti krafist algerðrar sýknunar í málinu og málskostnaðar eftir mati sjódómsins.

Stefnandi byggir kröfu sína eingöngu á því, að eigendur skipsins hafi með atferli sínu valdið því að það kom svo seint hingað, og getur því að eins verið að ræða um legu skipsins í Færeyjum og Lissabon.

Um hina löngu dvöl í Færeyjum er það upplýst í málinu, að stórsiglan var brotin er skipið kom þangað, og að hvorki var hægt að fá nýtt siglutrje í Færeyjum nje fá það flutt þangað frá Danmörku, og beið því skipið þangað til það fjekk siglutrje úr skipi, er strandaði í Færeyjum.

Að þannig vöxnu máli verður ekki sjeð, að eigendur skipsins beri ábyrgð á drættinum í Færeyjum, og telst hann því eigi varða skaðabótum.

Um dvöl skipsins í Lissabon, sem, eins og áður er tekið fram, stóð yfir frá 6. nóv. 1918 til 30. maí 1919, heldur stefnandi því ákveðið fram, að hún hafi verið óþarflega löng, og hafi viðgerð skipsins verið lokið 27. jan. 1919, en brottför þess dregist vegna þess, að eigendur skipsins hafi ekki greitt viðgerðarkostnaðinn fyr en um það bil sem skipið fór frá Lissabon, og til sönnunar þessu vísar stefnandi til mótmælagjörðar, sem hann ljet umboðsmann sinn í Lissabon fá framkvæmda af yfirvöldum þar 21. apríl 1919. Stefndi andmælir því, að mótmælagjörð þessi hafi nokkurt sönnunargildi, því að þótt hún eftir á hafi verið birt skipstjóra, sje hún ekki annað en einhliða yfirlýsing umboðsmanns stefnanda. Heldur stefndur því fram, að viðgerðinni hafi ekki verið lokið fyr en um það bil sem mótmælagjörðin fór fram, en viðurkennir, að lítilsháttar dráttur hafi orðið á að koma peningum til greiðslu aðgerðarinnar frá Danmörku til Lissabon sökum erfiðleika á yfirfærslu peninga.

Eftir því sem fyrir liggur í málinu getur það eigi talist sannað, að drátturinn á brottför skipsins frá Lissabon eftir að aðgerðinni var lokið, hafi verið svo mikill, að hann hafi valdið stefnanda skaða, sjerstaklega þegar þess er gætt, sem síðar kom fram og olli töf skipsins í Færeyjum, og þykir því rjett að sýkna stefnda, og ber stefnanda eftir þessum úrslitum að greiða stefnda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 100 kr.

Miðvikudaginn 6. desbr. 1922.

Nr. 27 og 58/1922.

Rjettvísin
(Björn P. Kalman)
gegn
Guðmundi Þorlákssyni
(L. Fjeldsted)
og
Birni Gunnlaugssyni
(Guðm. Ólafsson).

Svik og skjalafals, og hlutdeild síðarnefnds manns í svikum.

Dómur aukarjettar Gullbringu- og Kjósarsýslu 15. apríl 1922:

Ákærði Björn Gunnlaugsson á að vera sýkn af ákæru rjettvísinnar í máli þessu.

Ákærði Guðmundur Þorláksson sæti betrunarhússvinnu í 15 mánuði.

Af sakarkostnaðinum ber ákærða Birni Gunnlaugssyni að greiða $^1/_3$ hluta, svo og varðhaldskostnað hans og ennfremur málsvarnarlaun, 70 kr., til skipaðs talsmanns hans, cand. juris Sveinbjarnar Jónssonar í Reykjavík. — Hinn ákærði Guðmundur Þorláksson greiði $^2/_3$ hluta sakarkostnaðarins, svo og varðhaldskostnað hans og einnig málsvarnarlaun, 70 krónur, til skipaðs talsmanns hans, cand. juris Steindórs Gunnlaugssonar í Reykjavík.

Loks ber hinum ákærðu, Birni Gunnlaugssyni og Guðmundi Þorlákssyni, in solidum, að greiða til kæranda þessa máls, Þórarins Þorvarðssonar í Reykjavík, kr. 3500,00, ásamt 8 % ársvöxtum af upphæð þessari frá 3. janúar þ. á. til greiðsludags.

Dóminum, að því er ídæmda hegningu snertir, að fullnægja lögum samkvæmt, að viðlagðri lagaaðför; að því er ídæmdar bætur snertir innan 14 daga frá lögbirtingu dómsins, að viðlagðri lagaaðför.

Dómur aukarjettar Gullbringu- og Kjósarsýslu 28. okt. 1922:

Guðmundur Þorláksson á Korpúlfsstöðum í Mosfellshreppi

sæti þriggja mánaða betrunarhússvinnu, sem hegningarauka. — Ennfremur greiði hann allan sakarkostnað.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Mál þetta var dæmt í aukarjetti Gullbringu- og Kjósarsýslu 15. aprílmánaðar þ. á. og áfrýjað til hæstarjettar með stefnu dags. 11. maí þ. á. Var málinu samkvæmt ósk sækjanda í hæstarjetti frestað til þess að fá ítarlegri próf og ný sakargögn. I framhaldsprófunum játaði ákærði, Guðmundur Þorlákssson, á sig ný afbrot, sem ekki komu undir dóm í hjeraði, en höfðu verið framin áður en dómur gekk. Var því annað mál höfðað gegn honum fyrir þessi afbrot og hann dæmdur í aukarjetti Gullbringu- og Kjósarsýslu 28. okt. þ. á. í viðbótarhegningu fyrir þau samkvæmt 65. gr. hegningarlaganna. Þessum dómi hefir einnig verið skotið til hæstarjettar með stefnu dags. 6. f. m., og hafa bæði málin verið rekin hjer fyrir rjettinum sem eitt mál væri.

Það er sannað í málinu, *að* ákærði Guðmundur Þorlákssson hefir með blekkingum þeim og svikum, sem lýst er í aukarjettardóminum 15. apríl þ. á., fengið þáverandi kaupamann sinn, Þórarinn Þorvarðsson, til þess að lána sjer 3000 krónur í viðbót við 4500 kr., er hann áður hafði fengið að láni hjá honum, þótt hann hlyti að sjá, að hann hefði engin úrræði til að endurgreiða það, *að* hann hefir veðsett fleirum en einum sömu gripi, *að* hann hefir selt öðrum en veðhafa veðsetta lausafjármuni, þannig, að veðhafar misstu veðið, en fengu ekkert af andvirðinu, og *að* hann hefir selt fjármuni, er hann hafði umráð yfir, en voru ekki eign hans og honum því óheimilt að selja. Andvirðið fyrir þessa seldu fjár-

muni, svo og lánsfje það, er hann fjekk hjá Þórarni, greiddi ákærði að mestu nokkrum skuldheimtumönnum sínum öðrum fremur á þeim tíma, er hann hlaut að sjá fyrir, að gjaldþrot vofðu yfir honum. Þá er það og upplýst, að ákærði fjekk tvo menn sem útgefanda og ábeking á 3000 kr. víxil með honum sem samþykkjanda og fjekk hann síðan þessum víxli skift fyrir tvo aðra víxla að upphæð 1200 kr. og 1000 krónur. En í stað þess að skila aftur 3000 króna víxlinum eða ónýta hann, eins og áskilið hafði verið, seldi ákærði víxilinn, og urðu ábyrgðarmennirnir að innleysa hann. Þá er það loks sannað, að ákærði hafi ritað í heimildarleysi nafn annars manns á 700 króna víxil og nöfn tveggja manna á 500 króna víxil. Ákærði var samþykkjandi beggja þessara víxla og greiddi sjálfur 500 króna víxilinn.

Þessi afbrot ákærða heyra undir 253., 255., 263. og 271. gr. hinna almennu hegningarlaga og þykir refsing hans hæfilega ákveðin tveggja ára betrunarhússvinna.

Að því undanteknu, að álíta má upplýst, að ákærði Björn Gunnlaugsson hafi að eins í eitt skifti átt tal við meðákærða Guðmund Þorlaksson og Þórarinn Þorvarðsson báða saman í húsinu nr. 58 við Laugaveg, er afbroti Björns og atvikum, er að því lúta, rjett lýst í aukarjettardóminum 15. apríl þ. á. og verður að líta svo á, að hann hafi gjörst meðsekur í broti Guðmundar, er hann skýrði ekki Þórarni Þorvarðssyni frá hver hann væri eftir að hann fjekk fulla vitneskju um, að Þórarni hafði verið talin trú um, að hann væri bankastjóri og með þeirri blekkingu átti að hafa fje af Þórarni. Þetta brot ákærða Björns heyrir undir 253. gr. sbr. 49. gr. hegningarlaganna og þykir refsingin fyrir það, með hliðsjón

af 51. gr. 2. málsgrein, hæfilega ákveðin fjörutíu daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. En þar sem ákærði gerði ítrekaðar tilraunir til að fá meðákærða til þess að hætta við að fremja afbrotið, fjekk loforð hans fyrir því og fjekk engan hagnað, er brotið var síðar framið, og með því að hann áður hefir hegðað sjer vel, játað brot sitt tregðulaust og boðið fram skaðabætur undir rekstri málsins í hjeraði, þykir mega ákveða samkvæmt 1. gr. laga nr. 39, 16. nóv. 1907, að hegningunni skuli frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dómsins, ef ákærði fullnægir lögmæltum skilyrðum og greiðir skaðabætur samkvæmt ákvæði þessa dóms.

Þá verður og að dæma ákærða Guðmund Þorlaksson til að greiða Þórarni Þorvarðssyni í skaðabætur 7500 krónur með 5 % vöxtum frá dagsetningu veðbrjefs hans fyrir skuldinni eða frá 23. júlí f. á., og ákærða Björn Gunnlaugsson til þess að greiða in solidum með Guðmundi 3000 krónur af upphæðinni með sömu vöxtum.

Hinir ákærðu greiði allan sakarkostnað í hjeraði og fyrir hæstarjetti sem síðar segir.

Það athugast, að fullnægjufrestur skaðabóta í aukarjettardóminum er ákveðinn 14 dagar í stað 15 dagar.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði Guðmundur Þorlaksson sæti tveggja ára betrunarhússvinnu. Ákærði Björn Gunnlaugsson sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í fjörutíu daga, en fullnustu hegningar hans skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef hann heldur skilorð

laga nr. 39, 16. nóv. 1907 og greiðir skaðabætur samkvæmt ákvæði dóms þessa.

Ákærði Guðmundur Þorlákssson greiði skaðabætur Þórarni Þorvarðssyni 7500 krónur með 5 % vöxtum frá 23. júlí f. á., og af þeirri upphæð greiði meðákærði Björn Gunnlaugsson in solidum með honum 3000 krónur með sömu vöxtum.

Ákærði Guðmundur Þorlákssson greiði varðhaldskostnað sinn og málsvarnarlaun til talsmanns síns í hjeraði, cand. jur. Steindórs Gunnlaugssonar, 70 krónur, og til verjanda síns í hæstarjetti, Lárusar Fjeldsted málaflutningsmanns, 100 kr.

Ákærði Björn Gunnlaugsson greiði varðhaldskostnað sinn og málsvarnarlaun til talsmanns síns í hjeraði, cand. jur. Sveinbjarnar Jónssonar, 70 kr., og til verjanda síns í hæstarjetti, málaflutningsmanns Guðmundar Ólafssonar, 100 krónur.

Allan annan kostnað sakarinnar í hjeraði og í hæstarjetti, þar með talin sóknarlaun, 250 krónur, til skipaðs sækjanda í hæstarjetti, málaflutningsmanns Björns P. Kalman, greiði ákærði Guðmundur Þorlákssson, þó þannig, að ákærði Björn Gunnlaugsson greiði 1/4 hluta hans in solidum með Guðmundi.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur dómsins 15. apríl hljóða svo:

Með eigin játningu hinna ákærðu, Guðmundar Þorlákssonar, bústjóra á Korpúlfsstöðum í Mosfellshreppi, og Björns Gunnlaugssonar, kaupmanns, til heimilis í Reykjavík, sem báðir eru komnir yfir lögaldur sakamanna, og eigi áður hafa sætt ákæru eða hegningu fyrir neitt brot gegn hinum almennu hegningarlögum, svo og skýrslu kæranda þessa máls, Þórarins Þorvarðssonar frá Vesturheimi, er þá var kaupamaður ákærða Guðmundar Þorlákssonar, og öðrum gögnum í málinu, virðist það vera nægilega sannað, að meðákærði Björn Gunnlaugsson hafi um eða eftir miðjan júlímánuð f. á., eftir beiðni ákærða Guðmundar Þorlákssonar, komið upp í húseignina nr. 58 B. við Laugaveg í Reykjavík, hvar ákærði Guðmundur Þorláksson þá hjelt til hjá systur sinni, og hafi þá Guðmundur í viðurvist fyrnefnds Þórarins, sem meðákærði eigi þá kveðst hafa þekt fyrir annan, minst á að hann þyrfti að fá reikningslán að upphæð alt að 10 þúsund krónur; gaf þá meðákærði Björn Gunnlaugsson sig ekkert inn á tal um þetta, fyr en ákærði Guðmundur spyr hann um það, hvort sjer muni takast að fá lán þetta í Landsbankanum, að meðákærði ljet í ljós það álit sitt, að honum fyndist það líklegt, ef nægileg trygging væri fyrir láninu, og fór svo út. En litlu síðar þann sama dag kom svo ákærði Guðmundur til hans og segir honum frá því, að hann hafi sagt hinum ókunna manni, er fyr greinir, og sem ætlaði að lána honum peninga, að meðákærði væri bankastjóri Magnús Sigurðsson, og biður hann að vera sjer hjálplegur í þessu tilliti og koma aftur upp í húseignina nr. 50 B við Laugaveg, og varð það úr, að meðákærði fór þangað aftur, og fór þá ákærði Guðmundur Þorláksson þegar að minnast á fyrumgetna reikningslántöku í Landsbankanum, án þess þó að kynna meðákærða fyrir Þórarni sem bankastjóra í þeirra viðurvist, og upp á fyrirspurn ákærða Guðmundar Þorlákssonar þá um það, hvort lánið mundi vera fáanlegt, svaraði meðákærði, að hann hjeldi það, ef trygging væri nægileg fyrir láninu, og er Þórarinn beiddist skriflegrar yfirlýsingar um að lánið fengist, svaraði meðákærði því, að sögn Þórarins, að það væri sjálfsagt, og fór hann síðan frá þeim Guðmundi og Þórarni. En næsta dag hittust menn þessir aftur, að fyrirlagi ákærða Guðmundar Þorlákssonar, á kaffisöluhúsi í Reykjavík, og tók ákærði Guðmundur þegar að ræða um fyrumgetna u, án þess þó að beina nokkurri spurningu til meðákærða, sem aðeins blustaði á útskýringar ákærða um lántökuna. Fór

svo velnefndur Þórarinn Þorvarðsson frá þeim ákærðu í þeim tilgangi að sækja 3000 krónur í Landsbankann af inneign hans þar, er hann ætlaði að lána ákærða Guðmundi Þorlákssyni, en er maður þessi var farinn, tók meðákærður þegar að sýna ákærða Guðmundi fram á, eins og hann þegar í fyrstu hafði gjört, að það væri glæpsamlegt af honum að taka við peningum af manni þessum á þennan hátt, og reyndi að fá hann til þess að falla frá þessu áformi sínu, og fór svo út af kaffisölustaðnum frá Guðmundi, en í dyrunum mætir hann Þórarni, sem segist vera með peningana, og ávarpar meðákærða eitthvað frekar út af því, en hann kveðst þá verða að flýta sjer vegna þess að hann yrði að fara heim til sín Virðist svo sem Þórarinn eigi hafi viljað afhenda Guðmundi lánsfje þetta nema í viðurvist meðákærða, eða eigi nema hann fengi skriflega yfirlýsingu hins svonefnda bankastjóra um að reikningslánið fengist, og fóru þeir því, Guðmundur og Þórarinn, að leita meðákærða uppi, og spurði Guðmundur nokkrum sinnum eftir Birni í húseigninni nr. 15 í Þingholtsstræti, en var jafnan svarað, að hann væri þar eigi, en Guðmundur hafði sagt Þórarni, að hinn svonefndi bankastjóri Magnús Sigurðsson byggi í húseign þessari. Hjeldu þeir svo upp á Skólavörðustíg til Runólfs „nokkurs Stefánssonar; hringir Guðmundur þar í talsíma og segir þeim, er hann talar við, að það sje bankastjóri Magnús Sigurðsson, en sá, er hann ávarpaði, var meðákærði Björn Gunnlaugsson, sem spyr Guðmund að því, hvort hann sje alveg vitlaus, en í því rjettir Guðmundur heyrnartólið að Þórarni, sem spyr, hvort eigi sje víst að lánið fáist, og mun Björn hafa borið við annríki, en að sögn Þórarins þó talið víst að lánið fengist. Það er svo fyrst eftir 2—3 daga, að Þórarinn lætur tilleiðast að lána ákærða Guðmundi Þorlákssyni umræddar 3000 krónur í viðbót við áður lánaðar 4500 krónur, og var um það gjörður samningur hjá Stefáni nokkrum Loðmfjörð, er Guðmundur sagði Þórarni að væri lögmaður, og undirskrifuðu þeir Þórarinn og Guðmundur báðir skjal þetta hjá fyrnefndum manni, án vitundarvotta, en brjefið ritaði fyrnefndur Stefán Loðmfjörð að mestu leyti eftir uppkasti, er Guðmundur fjekk honum, og Guðmundur hafði áður sýnt Þórarni heim á Korpúlfsstöðum. Er skjal það, er þeir undirskrifuðu, dagsett 23. júlí f. á., að upphæð 8300 krónur, með veði í öllum eignum ákærða, föstum og lausum, og gjalddagi brjefsins 31. júlí f. á.

Að kvöldi dags þess, er Þórarinn tók út í bankanum fyr-

greindar 3000 krónur, kom Guðmundur Þorlákssón til meðákærða Björns Gunnlaugssonar í sölubúð hans, og sýndi hann þá Guðmundi enn á ný fram á, að það væri glæpsamlegt af honum að fá fyrgreinda peninga að láni hjá Þórarni með þeim hætti, er fyr greinir, og varð það úr, að Guðmundur lofaði meðákærða, að hann eigi skyldi taka að láni fje þetta, og daginn eftir, er meðákærði eftir beiðni Guðmundar var staddur hjá honum í húseigninni nr. 58 B við Laugaveg, lýsti hann því yfir að nýju, að hann væri fallinn frá lántöku þessari, og væri ánægður yfir því, að hann hefði hætt við það. Hefir ákærði Guðmundur Þorlákssón undir rannsókn málsins kannast við þetta, og játað að hann hafi svikið þetta loforð sitt vegna þess að hann hafi orðið að fá lán þetta. Nokkru eftir að lánið er fallið í gjalddaga, er Þórarinn kallaður í talsíma á Korpúlfsstöðum, og kveðst sá, er símaði, vera bankastjóri Magnús Sigurðsson, og spyr Þórarinn að því, hvort hann eigi ekki að taka á móti láni Guðmundar Þorlákssonar, en lætur þess um leið getið, að bankinn eigi geti veitt lán þetta fyr en „ríkislánið“ sje fengið, og verði hann að bíða rólegur þangað til. Hefir ákærði Guðmundur Þorlákssón kannast við, að hann sjálfur hafi gjört þetta, en eigi meðákærði Björn Gunnlaugsson, en þá að eins skýrt Þórarni frá því, að umrætt reikningslán eigi fengist fyr en „ríkislánið“ væri tekið, en Þórarinn hugði þetta vera sama mann og Guðmundur hafði sagt honum vera bankastjóra Magnús Sigurðsson. Hefir meðákærði Björn Gunnlaugsson að vísu kannast við, að oftnefndur Þórarinn Þorvarðsson hafi sótt umrætt fje, 3000 krónur, í bankann eingöngu af því, að Þórarinn hafi haldið hann vera bankastjóra og í trausti þess, að Guðmundur fengi reikningslánið, en þar sem hann á hinn bóginn hafi, áður en Þórarinn lánaði Guðmundi fje þetta, verið búinn að fá loforð Guðmundar um að veita því eigi móttöku, og einnig gengið út frá því sem gefnu, að Þórarinn eigi ljeti það af hendi við Guðmund nema að fenginni skriflegri yfirlýsingu hans um það, að reikningslánið fengist; hafi hann verið fullviss um að þessi aðstoð hans, sem fyr greinir, engan árangur gæti haft, enda neitar hann nokkurntíma að hafa gefið Þórarni fulla vissu um það, að reikningslánið fengist.

Að gefnu tilefni af hálfu talsmanns ákærða Björns Gunnlaugssonar hefir rannsókn framfarið um það, hvort oftnefndur Þórarinn Þorvarðsson hafi áður en þetta átti sjer stað, þekt ákærða fyrir annan, og virðist það upplýst vera, að Þórarinn

þessi hafi komið í sölubúð ákærða í erindum fyrir þáverandi húsbónda sinn, en af því verður eigi með neinni vissu ráðið, að Þórarinn hafi þekt ákærða fyrir annan á öðrum stað, þótt hann hafi sjeð hann þar í búðinni, og sjálfur fortekur hann að svo hafi verið, en á hinn bóginn kveðst ákærði Björn Gunnlaugsson áður hafa þekt Þórarinn fyrir annan eða sjeð hann í sölubúð sinni, en eigi munað eftir því, er hann hitti hann hjá Guðmundi. Vottorð geðveikralæknis liggur fyrir um það, að Þórarinn þessi hafi lengi þjáðst af geðveiki svo greinilegri, „að flestir, sem umgengust hann, gátu naumast komist hjá því að verða veikinnar mjög brátt varir". Hefur ákærði Guðmundur Þorlákssón kannast við að honum hafi þótt maður þessi frábrugðinn öðrum mönnum í umgengni og framkomu, og einnig að hann hafi notfært sjer þetta, er hann lánaði hjá honum fje það, er fyr greinir, og vísvitandi blekt hann með því að veðsetja honum eignir sínar, sem veðsettar hafi verið áður. Meðákærði Björn Gunnlaugsson kveðst þar á móti eigi hafa neitt um geðveiki manns þessa vitað — virst hann vera stiltur og hæglátur maður. Það hefir eigi sannast, að meðákærði Björn Gunnlausson hafi aðstoðað ákærða Guðmund Þorlákssón í eigin hagsmuna skyni.

Ákærði Guðmundur Þorlákssón hefir, auk þess er fyr greinir, einnig kannast við að hafa veðsett fleirum en einum sama hlutinn til tryggingar lánum, er hann hafi fengið, þannig, að veðsetningar þessar hafi komið í bága hver við aðra, og loks hefir hann játað, að hann í heimildarleysi hafi ritað nafn Sveins bónda Gíslasonar í Leirvogstungu í Mosfellshreppi á víxil útgefinn af föður ákærða, Þorláki Sigurðssyni, 1. maí f. á., og selt víxil þennan, að upphæð 700 kr., til Kaupfjelags Reykjavíkur upp í skuldaviðskifti hans við greint kaupfjelag. Kveðst ákærður að vísu þá rjett áður hafa haft í höndum víxil sömu upphæðar og í sama gjalddaga, útgefinn af föður hans og samþyktan af honum sjálfum, og með eiginhandar nafni fyrnefnds Sveins Gíslasonar sem ábekings á víxli þessum, en víxill þessi segir hann að eyðilagst hafi í veski hans af „kopí"-bleki, er áður hafi komist í veskið, og hann því kastað honum eða eyðilagt hann, en í trausti til væntanlegs samþykkis fyrnefnds Sveins Gíslasonar ritað svo nafn hans á hinn nýja víxil, sem hann svo hafi ætlað að tilkynna honum, en það farist fyrir, en því hefir oftnefndur Sveinn Gíslason neitað eindregið, að hann um þessar mundir hafi nokkurntíma verið á víxli með ákærða Guðmundi Þorlákssyni,

þrátt fyrir það þótt ákærði hafi tilgreint nánar stað og stund, er þetta hafi átt að eiga sjer stað.

Með brjefi stjórnarráðsins, dags. 10. desbr. f. á., er fyrirskipað, að sakamál skuli höfðað gegn þeim Guðmundi Þorlákssyni og Birni Gunnlaugssyni.

Virðist brot hins fyrnefnda heyra undir 253., 255. og 271. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, og hegning sú, er hann hefir tilunnið fyrir afbrot þessi hæfileg, eftir atvikum 15 mánaða betrunarhússvinna.

Afbrot meðákærða Björns Gunnlaugssonar, eða verknaður hans, virðast heyra undir 253. gr. hinna almennu hegningarlaga, sbr. 49. gr. sömu laga, en þar sem hann samkvæmt framansögðu af sjálfsdáðum hefir fengið ítrekað loforð forgöngumanns afbrotsins, um að falla frá lántöku þeirri, er fyr um ræðir, og lánveitingin fer fram á annan hátt, en hann gat búist við í fyrstu, og honum óafvitandi, virðist eftir atvikum mega telja hann vítalausan vera samkvæmt 51. gr. hinna almennu hegningarlaga, og ber því að sýkna hann fyrir ákæru af hálfu rjettvísinnar í máli þessu, en málskostnaður að $^1/_3$ hl., og auk þess málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns hans, er teljast hæfileg 70 krónur, virðist eftir atvikum rjett vera að greiðist af ákærða Birni Gunnlaugssyni, og ennfremur varðhaldskostnaður hans.

Ákærði Guðmundur Þorláksson greiði $^2/_3$ hl. kostnaðar af málinu, og að auki málsvarnarlaun, 70 kr., til skipaðs talsmanns hans í málinu, svo og varðhaldskostnað hans.

Þá hefir fyrnefndur Þórarinn Þorvarðsson eða umboðsmaður hans, B. P. Kalman í Reykjavík, gjört þá kröfu í málinu, að hinir ákærðu, Guðmundur Þorláksson og Björn Gunnlaugsson, verði in solidum dæmdir til að greiða honum kr. 7500,00 ásamt 8 % ársvöxtum af kr. 3000,00 frá 1. júní f. á., af kr. 1500,00 frá 9. júní s. á., og af kr. 3000,00 frá 23. júlí s. á., alt til greiðsludags, og að honum ennfremur verði dæmdar skaðabætur fyrir atvinnutjón það og kostnað, sem hann hafi haft af máli þessu, minst 1000 krónur, eða aðra upphæð eftir mati dómarans.

Að því er ákærða Guðmund Þorláksson snertir, er það vafalaust, að honum ber að greiða að fullu lán þau, þrjú að tölu, samtals kr. 7500,00, er fyr um getur, enda hefir hann eigi undir rekstri máls þessa hreyft neinum mótmælum gegn greiðslu upphæðar þessarar nje umkrafðra vaxta af henni, en að því er ákærða Björn Gunnlaugsson snertir, þá verður eigi álitið, að

honum beri nein lagaleg skylda til að endurgreiða lán þau, samtals kr. 4500,00, er Þórarinn veitti ákærða Guðmundi Þorlákssyni 1. og 9. júní f. á., sem hann eigi að neinu leyti var við riðinn, og heldur eigi af lánveitanda eða umboðmanni hans færð næg rök fyrir því, að ákærði Björn Gunnlaugsson með síðari framkomu sinni hafi orsakað það, að lánveitandinn eigi hefir fengið upphæð þessa greidda. Að öðru leyti eru hin tvö fyrstgreindu lán máli þessu óviðkomandi.

Á hinn bóginn virðist rjett vera, að ákærði Björn Gunnlaugsson gjaldi óvarkárni sinnar að tilkynna eigi lánveitanda Þórarni Þorvarðssyni, er hann með framkomu sinni sem bankastjóri hafði vakið hjá að vísu óvissa von um reikningslán til handa Guðmundi Þorlákssyni, að Guðmundur þessi gagnvart honum hefði bundist loforðum um að taka eigi að láni þær 3000 krónur, er hann fjekk hjá lánveitanda 23. júlí f. á., og sem hann einnig á sínum tíma hefir boðið lánveitanda greiðslu á, ásamt 500 kr. í skaðabætur, og virðist því rjett vera, að skylda ákærðu Björn Gunnlaugsson og Guðmund Þorláksson in solidum að greiða fyrnefndum Þórarni Þorvarðssyni þessar samtals kr. 3500,00, með 8 % ársvöxtum frá 3. janúar þ. á., eða stefnudegi, að telja, til greiðsludags, eða einn fyrir báða og báðir fyrir einn.

Það vottast, að rekstur málsins í hjeraði hafi verið lögmætur.

Forsendur dóms 28. okt. hljóða þannig:

Með aukrjettardómi Gullbringu- og Kjósarsýslu 15. apríl þ. á. í málinu: Rjettvísin gegn Guðmundi Þorlákssyni og Birni Gunnlaugssyni, sem áfrýjað hefir verið til hæstarjettar, en þar eigi útkljáð enn þá, er fyrnefndur Guðmundur Þorláksson, auk málskostnaðar og skaðabóta, dæmdur í 15 mánaða betrunarhússvinnu fyrir svik og skjalafölsun, en við framhaldsrannsókn, er haldin hefir verið að tilhlutun sækjanda máls þessa í hæstarjetti, hefir maður þessi játað, að hann á síðastliðnu ári, eða áður en dómur gekk í hjeraði, hafi, auk áður ídæmdra afbrota, í heimildarleysi ritað nöfn þeirra Ársæls bóksala Árnasonar og Jóns Ólafssonar, bifreiðarstjóra í Reykjavík, á 500 kr. víxil, er hann svo seldi manni í Reykjavík, sem, þegar víxillinn fjell í gjalddaga, krafðist innlausnar á honum hjá fyrnefndum mönnum, en þeir neituðu greiðslu á honum, þar þeir eigi hefðu ritað nöfn sín á víxil þennan.

Ennfremur hefir ákærði undir fyrumgetinni framhalds-

rannsókn kannast við að hafa selt 3000 kr. víxil með eiginnöfnum fyrnefndra manna eftir að samkomulag hefði orðið á milli hans og þeirra, eftir hans eigin tilmælum, að víxlar að upphæð 1000 kr. og 1200 kr. yrðu útgefnir í stað fyrgreinds víxils, er þá yrði eyðilagður, og sem þá var í vörslum ákærða, en sem svo seldi víxil þennan ásamt hinum tveimur, eins og fyr greinir.

Hafa fyrnefndir menn að vísu kannast við, að þeir hvor um sig hafi látið uppi við ákærða, er hann kannaðist við afbrot sitt, að því er hinn falsaða víxil snertir, að þeir eigi fyrir sitt leyti myndu telja honum þetta til sakar, ef hann greiddi víxilupphæðina sjálfur, sem hann og gjörði. Ennfremur er það upplýst, að menn þessir hafi framlengt fyrgreindan 3000 kr. víxil með ákærða sem samþykkjanda.

Þessi afbrot ákærða virðast heyra undir ákvæði 255. og 271. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júni 1869, og virðist viðbótarhegning sú, er hann fyrir þau hafi tilunnið, eftir atvikum, og með hliðsjón af 65. gr. hegningarlaganna, hæfileg, betrunarhússvinna í 3 mánuði, svo ber og að dæma ákærða til þess að greiða sakarkostnað allan. Skaðabóta hefir eigi verið krafist undir rekstri málsins.

Það vottast, að rekstur málsins í hjeraði hafi verið lögmætur.

Mánudaginn 11. desbr. 1922.

Nr. 22/1922. **Ólafur Friðriksson**
(P. Magnússon)
gegn
Stjórn Íslandsbanka
(L. Fjeldsted).

Meiðyrðamál.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. mars 1922:

Framantalin meiðandi og móðgandi ummæli um stefnanda, stjórn Íslandsbanka, eiga að vera dauð og ómerk

Stefndur, Ólafur ritstjóri Friðriksson, greiði 60 króna sekt í ríkissjóð eða sæti 12 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd á ákveðnum tíma. Hann greiði og stefnanda 20000 krónur í skaðabætur og 75 krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Samkvæmt ástæðum þeim, er fram eru teknar í hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 200 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandi, Ólafur Friðriksson, greiði stefndu, stjórn Íslandsbanka, 200 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 26. október 1920, af stjórn Íslandsbanka hjer í bænum, gegn ritstjóra blaðsins „Alþýðublaðið", Ólafi Friðrikssyni, til heimilis hjer í bænum, út af nafnlausri grein í 182. tölublaði nefnds blaðs, er út kom 12. ágúst 1920, með yfirskriftinni: „Flotið sofandi að feigðarósi", er stefnandi telur mjög meiðandi fyrir sig, miða að því að spilla áliti bankans og veikja traust hans utanlands og innan og hafa valdið bankanum stórkostlegs fjártjóns og álitstjóns.

Ummæli þau í hinni umstefndu grein, er stefnandi átelur sjerstaklega, eru þessi:

1. Fyrirsögnin: „Flotið sofandi að feigðarósi".
2. Undirfyrirsögnin: „Á Íslandsbanki að draga landið með sjer á höfuðið?"
3. 1. málsgrein hinnar umstefndu greinar: „Svo að segja með hverjum degi sem líður, ágerist peningakreppa sú, er Íslandsbanki hefir sett landið í, aðallega með því að lána Fiskhringnum innstæðufje almennings til þess að braska með".
4. Þessi ummæli síðar í greininni: „Síðan erfiðleikarnir byrjuðu — erfiðleikarnir, sem allir vita að eru óviturlegum og óverjandi ráðstöfunum Íslandsbanka að kenna, hefir bankastjórnin framið þau axarsköft, að fyllilega er ljóst, að hún er með öllu ráðþrota".

Hefir stefnandi gjört þær rjettarkröfur í málinu, að framangreind ummæli verði dæmd dauð og ómerk og stefndur dæmdur í hina þyngstu refsingu, er lög frekast leyfa, fyrir þau, og að hann verði dæmdur til að borga stefnanda 100,000 krónur í skaðabætur og málskostnað fyrir undirrjetti.

Stefndur hefir krafist algjörðrar sýknunar af kröfum stefnanda í málinu, hann sektaðan fyrir óþarfa málsýfingu og dæmdan til að greiða sjer allan málskostnað að skaðlausu.

Kröfur sínar í málinu rökstyður stefndur með því, að þar sem Íslandsbanki sje önnur aðalpeningastofnun landsins, er hafi seðlaútgáfurjett og ávaxti innlánsfje landsmanna, þá sjeu fjármálaráðstafanir bankastjórnarinnar og umræður um þær þjóðmál. Sje það rjettur og skylda ekki síst blaðamanna að vera þar á verði og víta það, sem aðfinsluvert þyki. Sje eitthvað ranghermt í greinum blaðanna um þessi mál, taki þau leiðrjettingar á því, en þess hafi stefnandi ekki farið á leit við „Alþýðublaðið", heldur höfðað 5 mál gegn ritstjóranum.

Þá hefir stefndur og bent á það, að önnur blöð hafi fundið að aðgjörðum stefnanda, og hafi blaðagreinar veikt traust Íslandsbanka og bakað honum fjárhagslegt tjón, þá eigi fleiri sök á því en stefndur einn.

Ummælin í fyrirsögn hinnar umstefndu greinar og undirfyrirsögninni vill stefndur rjettlæta með því, að blaðamenn noti oft eggjandi og ginnandi yfirskriftir yfir greinum sínum til að fá sem flesta til að lesa þær. Það sje ekki rjett, að ummælunum um ráðþrot og að flotið sje sofandi að feigðarósi sje beint til

stefnanda, heldur sje þeim beint til landsstjórnarinnar. Í undirfyrirsögninni sje aðeins varpað fram þeirri spurningu, hvort Íslandsbanki sje að fara á höfuðið, og til þess hafi verið ástæða, þar sem bankinn hafi stórtapað á útlánum, sjerstaklega til „Fiskhringsins“, og sje því hin átalda 1. málsgrein sannleikanum samkvæm og ósaknæm. Loks telur stefndur það fjarstæðu, að greinar sínar hafi skaðað bankann erlendis, og að sú ráðstöfun bankastjórnarinnar, er hún ljet hætta að leysa inn seðla bankans erlendis, rjettlæti ummælin í hinni síðustu af hinum átöldu klausum.

Það er auðvitað rjett, að stjórn Íslandsbanka, hagur hans og umræður um það, eru þjóðmál, en einmitt þess vegna verða þeir, sem um það rita, að stilla orðum sínum og ummælum við hóf, og mega ekki mála með of dökkum litum eða slengja fram órökstuddum ásökunum og aðdróttunum, er hljóta að skaða bankann og þjóðina mjög mikið.

Þessa hefir stefndur ekki gætt í hinni umstefndu grein. Í fyrirsögn hennar er gefið í skyn, að látið sje reka á reiðanum, ekki einasta af bankastjórn, heldur og af landsstjórninni, eftir því sem í greininni stendur. Í undirfyrirsögninni er gengið út frá því sem gefnu, að bankinn fari á höfuðið, spurningin er aðeins um það, hvort hann eigi að draga landið með sjer. Í fyrstu málsgreininni er það sagt berum orðum, að fjárkreppan sje bankanum að kenna, og að hann hafi lánað innstæðufje landsmanna til að braska með. Í síðustu klausunni, sem átalin er, er það árjettað, að fjárkreppan sje bankanum að kenna, og sagt að bankastjórnin hafi framið þau axarsköft, að fyllilega sje ljóst að hún sje með öllu ráðþrota. Fyrir engu af þessu hefir stefnandi fært nokkur rök. Þótt tap hafi orðið eða verði á láninu til „Fiskhringsins“, þá er það engin sönnun þess, að sú lánveiting hafi verið óforsvaranleg eða óráðleg þegar hún fór fram, og stefndur hefir enga tilraun gjört til að færa sönnur á, að stöðvun á innlausn seðlanna erlendis hafi verið misráðin.

Hin átöldu ummæli eru mjög meiðandi og móðgandi fyrir stefnanda og verður því að taka til greina kröfu hans um ómerkingu þeirra og sekt á hendur stefndum fyrir þau eftir 219. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, og þykir, með með hliðsjón af því að stefnandi hefir höfðað 4 önnur mál gegn stefndum fyrir meiðyrði, eftir grundvallarreglu þeirri, er kemur fram í 63. gr. hegningarlaganna, mega ákveða hana 60 krónur í

ríkissjóð, eða til vara 12 daga einfalt fangelsi, ef sektin er eigi greidd á ákveðnum tíma.

Til sönnunar því, að Íslandsbanki hafi beðið mikið fjárhagslegt tjón og álitsmissi við hina umstefndu grein og hinar aðrar 4 greinar stefnds, sem stefnandi hefir lögsótt stefndan fyrir, hefir stefnandi lagt fram skilríki fyrir því, að í ágústmánuði 1920 — mánuði þeim, er hinar umstefndu greinar birtast í — hafi verið tæmdar viðskiftabækur við bankann, er nemi samtals kr. 202,093,79, en í sama mánuði árinu áður hafi upphæðir tæmdra viðskiftabóka aðeins numið kr. 19,044,24, og að í ágústmánuði 1920 hafi verið teknar út úr viðskiftabókum og af innlánsskírteinum fram yfir innlög kr. 1,571,878,86, en aðeins kr. 181,669,38 í ágústmánuði 1919. Þá hefir stefnandi og haldið því fram, að erlend viðskifti hafi og verið dregin í hópum frá bankanum af sömu ástæðu.

Hinar aðrar 4. greinar, sem stefnandi hefir stefnt stefndum fyrir og gjört sömu rjettarkröfurnar í málum út af, eru birtar í Alþýðublaðinu 13., 14., 17. og 18. ágúst 1920. Þær eru framhald af grein þeirri, sem hjer ræðir um, og í þeim endurteknar sakargiftir hennar á hendur stefnanda og lýsing á hag Íslandsbanka og afleiðingum þess. Þær eru allar, eins og grein sú, er hjer ræðir um, kærðar fyrir sáttanefnd sama daginn (27. ágúst 1920), öllum málunum stefnt fyrir dóm sama daginn (26. okt. 1920), í öllum málunum hafa báðir málspartarnir vísað til sömu sóknar og varnargagna, og dómur í öllum 5 málunum verður kveðinn upp sama daginn. Þykir því mega og verða að skoða allar greinarnar sem eina heild að því er snertir áhrif þeirra á hag Íslandsbanka og skaðabótaskyldu stefnds gagnvart stefnanda, því erfitt er að dæma um, hver áhrif hver einstök þeirra út af fyrir sig hefir haft á hag bankans.

Það virðist nú liggja í augum uppi, að sakargiftir eins og þær, sem felast í hinum umstefndu greinum á stjórnendur Íslandsbanka og ummælin um hag bankans, hljóti að hafa bakað bankanum fjárhaglegt tjón og spilt áliti hans og lánstrausti, að öðrum kosti yrði að ganga út frá því, að blað það, sem greinarnar birtust í, væri með öllu áhrifalaust.

Þegar hins vegar á að tiltaka skaðabótaupphæðina, verður að taka tillit til þess, sem stefndur hefir haldið fram, að í öðrum blöðum hafa og birst greinar, er vítt hafa rekstur Íslandsbanka og eflaust átt sinn þátt í að veikja traustið til bankans

Að öllu þessu athuguðu þykir mega ákveða skaðabætur þær, er stefndur á að greiða stefnanda fyrir fjárhagstjón það, er hinar umstefndu greinar álítast hafa bakað Íslandsbanka, 20000 krónur. svo ber stefndum og að greiða stefnanda málskostnað, og ákveðst hann 75 krónur.

Miðvikudaginn 13. desbr. 1922.

Nr. 54/1922. **Valdstjórnin**
(Guðm. Ólafsson)
gegn
Jóni Gunnari Jónssyni
(B. P. Kalman).

Brot á bifreiðarlögunum.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 20. sept. 1922:

Kærði, Jón Gunnar Jónsson, greiði 200 króna sekt í ríkissjóð og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi, er það viðurkent af kærða, að hann hafi ekið mikið af leiðinni ljósalaust; kveðst hann að vísu hafa kveikt tvisvar á luktum bifreiðarinnar, en slökt þær aftur af því að honum hafi fundist »að ljósið verkaði eins og villuljós«. Þar sem dimt var orðið, er kærði var á ferðinni, var það skylda hans að hafa ljós tendrað, og afsökun hans hjer að lútandi verður ekki tekin til greina.

Hann hefir þannig auk brots þess á 6. gr. laga nr. 88, 14. nóv. 1917, er hann er dæmdur fyrir, einnig gjörst brotlegur gegn 3. gr. sömu laga.

Með þessari athugasemd, og að öðru leyti samkvæmt ástæðum þeim, er greindar eru í hinum áfrýjaða dómi, þykir refsing sú, er kærði hefir til unnið, samkvæmt 13. gr. nefndra laga, hæfilega ákveðin í dómnum 200 kr. sekt, og þykir því mega staðfesta hann.

Kærði greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talið málflutningskaup til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi skal óraskað.

Kærði, Jón Gunnar Jónsson, greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, hæstrjettarmálaflutningsmannanna Guðmundar Ólafssonar og Björns P. Kalman, 60 kr til hvors.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Það er löglega sannað í máli þessu, sem höfðað er af valdstjórnarinnar hálfu gegn Jóni Gunnari Jónssyni, bifreiðarstjóra, til heimilis í Grettisgötu nr. 44 hjer í bæ, fyrir brot á lögum nr 88, 14. nóvember 1917, að hann hafi gjört sig sekan í athæfi því, er nú skal greina:

Að kvöldi hins 2. ágúst s. l., kl. á 11. tímanum, fór kærði

með bifreið þá, R. E. 185, er hann stýrði, frá Arbæ til Reykjavíkur með 4 farþega, sem hann hafði boðið far með sjer, en bifreiðin R. E. 185 er eign Gísla J. Johnsen, konsúls, er notar hana til aksturs fyrir sjálfan sig.

Gekk ferðin vel þar til bifreiðin kom að trjebrú, sem er á veginum í svonefndum Sogum innanvert við bæinn. Vegurinn er þar 5 metrar á breidd, en trjebrúin 4,20 metrar, og er þannig dálítið bil milli enda brúarinnar beggja megin og vegkantanna. Á vinstri vegkanti — rjett út við brúnina — stóð bifreið, sem bilað hafði um daginn, og var hún í ca. 2,20 metra fjarlægð frá brúnni.

Eftir samhljóða framburði kærða og vitnanna, ók hann fremur hægt þar til hann kom að brekkunni fyrir utan Elliðaár (nær bænum). Herti hann þá á ferðinni, en kveðst þó aldrei hafa ekið með meiri hraða en 35 km. á klukkustund. Dimt var nokkuð um kvöldið, en kærði ók ljósalaust. Kveðst hann tvívegis hafa kveikt á luktum bifreiðarinnar, en slökt í bæði skiftin, þar sem sjer hefði virst ljósin „vera villuljós".

Þegar kærði kom í nánd við brúna, ók hann á vinstri vegkanti. Kveðst hann þá hafa farið út á miðjan veginn, þar sem hann hafi munað eftir að brúin var ekki eins breið og vegurinn og síðan stýrt til hægri til að komast fram hjá bifreið þeirri, sem stóð á veginum. En þá hafi hann lent út í lausan vegkant og því snúið aftur til vinstri, en við það rakst vinstri öxullinn á framhjóli kærða á bifreið þá, er stóð á veginum, en við árekstrinn snerist stýrishjólið í höndum kærða til vinstri og lenti bifreiðin í sömu svipan út af vinstri vegkantinum. Eftir mælingum þeim, er lögreglan ljet fram fara fáum dögum seinna, reyndist vegalengdin frá því, sem bilaða bifreiðin stóð og þangað, sem bifreið kærða lenti út af veginum, að vera 20 metrar.

Tveir af farþegum þeim, sem í bifreiðinni voru, meiddust allmikið, svo og bifreiðarstjórinn, en hvorugur farþeganna hefir krafist skaðabóta fyrir meiðsli sín.

Kærði, sem ekki er upplýst að hafi verið undir áhrifum áfengis við aksturinn, hefir haldið því fram, að hann hafi keyrt með lögleyfðum hraða, þ. e. minna en 35 km. á klukkustund, og telur að slys þetta verði að telja hendingu, sem sjer verði ekki gefin sök á.

Á þetta getur rjetturinn ekki fallist. Þó hægt væri að telja að slysið hefði ekki orðið, ef bilaða bifreiðin hefði

ekki staðið á götunni, er það aðgætandi, að kærða, sem vissi af henni, bar skylda til að haga keyrslu sinni svo, að hann gæti klaklaust komist fram hjá henni, eins og fjöldi annara bifreiðarstjóra gerði þann dag, bæði á undan og eftir, þar sem óvenjuleg umferð var þarna um veginn vegna hátíðar, sem haldin var þann dag á Árbæ. Og bifreiðarstjóri hefir því að eins rjett til að keyra með 35 km. hraða á klukkustund, að hann alt að einu geti fullnægt öllum skyldum sínum, og í myrkri, eins og var þegar slysið átti sjer stað, má ekki keyra með meiri hraða en 15 km. á klukkustund. Framburður vitnisins Ásgeirs Ásgeirssonar bendir og til að hraði bifreiðar kærða hafi verið óforsvaranlegur, þar sem hann fann ástæðu til að skorða sig og aðra stúlkuna, sem hjá honum sat, áður en slysið vildi til, og komst þannig hjá að þau meiddust, og til hins sama bendir vegalengd sú, er bifreiðin rann frá því að hún rakst á biluðu bifreiðina og þar til hún rann út af veginum.

Framantalið afbrot kærða, sem 14. maí síðastl. hefir undirgengist fyrir lögreglustjóra, að greiða 150 króna sekt fyrir að aka bifreið ölvaður, heyrir að áliti rjettarins undir 6. gr. laga nr. 88, 14. nóvember 1917, og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið, með tilliti til 13. gr. sömu laga, hæfilega ákveðin 200 kr. sekt, er renni í ríkissjóð.

Svo greiði kærði og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 18. desbr. 1922.

Nr. 60/1922.

Rjettvísin
(Magnús Guðmundsson)
gegn
Ingvari Lárussyni
og
Einari Aðalsteini Bæringssyni
(P. Magnússon),

út af skjal- og víxlafölsun.

Dómur aukarjettar Reykjavíkur 3. nóv. 1922:

Ákærðu, Ingvar Lárusson og Einar Aðalsteinn Bæringsson, sæti betrunarhússvinnu, hinn fyrnefndi í 15 mánuði en hinn síðarnefndi í eitt ár.

Svo greiði þeir og, annar fyrir báða og báðir fyrir annan, allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Refsingu ákærða Ingvars Lárussonar fyrir að rita heimildarlaust nafn Maríu Ásmundsdóttur undir brjefið til Sæmundar kaupmanns Halldórssonar, ber að ákveða eftir 270. gr. hinna almennu hegningarlaga, og fyrir fölsun víxlanna eftir 271. gr. og að nokkru leyti 277. gr. sbr. 271. gr. laganna.

Að öðru leyti verður að fallast á ástæður aukarjettardómsins með þeirri athugasemd, að því er snertir refsingu ákærða Ingvars Lárussonar, að tillit verður að taka til gæsluvarðhalds hans og má þannig staðfesta dóminn.

Ákærði Ingvar Lárusson greiði varðhaldskostnað sinn. Allan áfrýjunarkostnað málsins greiði hinir ákærðu in solidum, þar með talin málflutningslaun

sækjanda og verjanda fyrir hæstarjetti, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Ákærði Ingvar Lárusson greiði varðhaldskostnað sinn. Allan áfrýjunarkostnað málsins greiði hann og ákærði Einar Aðalsteinn Bæringsson in solidum, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir hæstarjetti, málflutningsmannanna Magnúsar Guðmundssonar og Pjeturs Magnússonar, 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Það er löglega sannað í máli þessu, sem höfðað er af rjettvísinnar hálfu gegn sjómönnunum Ingvari Lárussyni og Einari Aðalsteini Bæringssyni, báðum til heimilis í Garðastræti 4 hjer í bæ, með eigin játningu ákærðu, sem kemur heim við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu, að þeir hafi gjört sig seka í athæfi því, sem nú skal greina:

I. Í nóvembermánuði f. á. átti ákærði Ingvar heima í Tjarnargötu 6 hjer í bæ. Ritaði hann þá 22. s. m. Sæmundi Halldórssyni, kaupmanni í Stykkishólmi, brjef í nafni Maríu Ásmundsdóttur frá Krossum í Staðarsveit, þess efnis, að hún bað Sæmund um að senda sjer 500 krónur út í reikning föður hennar, og kvaðst hafa heimild hans til þessa. Jafnframt var í brjefinu tekið fram, að adressa hennar væri í Tjarnargötu 6 hjer í bæ. Brjef þetta var ritað í algjörðu heimildarleysi Maríu, sem ákærði aðeins þekti að nafni. Bjóst hann við því, að Sæmundur mundu senda peningana til Tjarnargötu 6 og æt'aði þá að komast yfir þá og hagnýta sjer. Sæmundur sendi ekki peningana, en ritaði Maríu um þetta, og er ákærði í september síðastl. ritaði systur hennar brjef, athuguðu þær að rithöndin á því brjefi var

sú sama og á brjefinu til Sæmundar, og komst þannig upp hver skrifað hafði það brjef.

II. Í októbermánuði s. l. hefir ákærði Ingvar verið til heimilis í Garðastræti 4 hjer í bæ. 7. þess mánaðar kom þangað í fæði meðákærði Einar Aðalsteinn Bæringsson frá Ísafirði og höfðu þeir ekki kynst fyr. Ákærði Ingvar átti, er þetta skeði, peninga og útistandandi skuldir um 200 krónur, en ákærði Einar var með öllu fjelaus og var ákærða Ingvari kunnugt um það.

3 dögum eftir að ákærði Einar kom í Garðastræti 4, áttu þeir tal saman, Ingvar og hann, og stakk Ingvar þá upp á því að þeir öfluðu sjer peninga í fjelagi á þann hátt, að falsa víxla og selja þá og skifta milli sín andvirðinu. Var Einar ófús til þessa í fyrstu, en sama kvöldið varð það að samkomulagi milli þeirra, að framkvæma verknaðinn.

Fengu þeir sjer nú víxileyðublað og fengu mann til að útfylla það með 500 króna upphæð, en um gjalddaga hefur ekki orðið upplýst, og er víxill þessi glataður. Síðan ritaði ákærði Ingvar að ákærða Einari viðstöddum nafnið Pjetur Hoffmann á víxil þennan sem samþykkjanda, og nafnið Carl Proppé sem útgefanda. Rjeð ákærði Ingvar nöfnunum og hafði í huga Pjetur Hoffmann, sjómann á Ísafirði, og Carl Proppé, stórkaupmann hjer í bæ.

Fengu þeir síðan mann, er bjó í húsinu, til að fara með víxilinn niður í Íslandsbanka og reyna að selja hann, en biðu sjálfir fyrir utan á meðan.

Bankinn vildi ekki kaupa víxilinn og er hann nú glataður, svo sem fyr segir.

III. Þegar þetta mistókst, kom ákærðum saman um að búa til nýjan víxil. Var víxill sá að upphæð kr. 1200,00, útgefinn 20. október síðastl. og með gjalddaga 20. febrúar 1923. Sem útgefanda að víxli þessum ritaði ákærði Ingvar nafnið Carl Proppé og nafnið Guðmundur Magnússon, Laugaveg 52, sem samþykkjanda og ennfremur nafnið Geir Sigurðsson, Vesturgötu 26, sem ábekings. Á Laugavegi 52 er enginn maður til með nafninu Guðmundur Magnússon, og kveðst ákærði Ingvar við engan sjerstakan mann hafa átt með því nafni, en með hinum nöfnunum við Carl Proppé þann, sem fyr er nefndur og Geir Sigurðsson skipstjóra, Vesturgötu 26 A. Kveðst hann hafa vitað, hvernig þeir rituðu nöfn sín, og er nafn Geirs nokkuð svipað því, sem hann ritar það venjulega, en nafn Proppé mjög ólíkt því, sem hann

ritar venjulega nafn sitt. Ákærði Einar var viðstaddur, er ákærði Ingvar ritaði nöfn þessi á víxilinn, en Ingvar réð hvaða nöfn þeir notuðu. Með víxil þennan fóru þeir, eftir því sem frekast verður upplýst, til Péturs M. Bjarnarson, kaupmanns hjer í bæ, og ætluðu að reyna að selja honum hann, en hittu hann ekki heima. Laugardaginn 21. október fóru þeir síðan með víxilinn til Sigurðar Berndsen kaupmanns, Bergstaðastræti 36, og buðu honum hann til kaups fyrir 800 krónur. Berndsen hefir verið fjarverandi, og því ekki hægt að leiða hann sem vitni í málinu, en eftir því sem upplýst er með samhljóða framburði ákærðu, tók Berndsen víxilinn til sín og bað þá að koma aftur um kvöldið. Um kvöldið, er þeir komu, kvaðst Berndsen ætla að eiga tal við Proppé áður en hann keypti víxilinn, og bað ákærðu að koma aftur næsta dag. Urðu þeir þá hræddir um að fölsunin kæmist upp og komu ekki aftur. Átti Berndsen síðan tal við Proppé, sem sagði honum að nafn sitt væri falsað, og afhenti Berndsen þá víxilinn á lögreglustöðina 26. f. m.

Ákærðu eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna, ákærði Ingvar fæddur 12. október 1889, og ákærði Einar Aðalsteinn 5. nóvember 1899, og hafa þeir ekki áður sætt ákæru eða refsingu fyrir nokkurt brot.

Framantalin brot ákærða Ingvars heyra að áliti rjettarins undir 272. gr. og 271. gr. sbr. 55. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1969, og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið, með tilliti til 63. gr. sömu laga, hæfilega ákveðin 15 mánaða betrunarhússvinna. Framantalin brot ákærða Einars Aðalsteins heyra að áliti rjettarins undir 271. gr. sbr. 55. gr. hegningarlaganna, og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið, með tilliti til 63. gr. sömu laga, hæfilega ákveðin betrunarhússvinna í eitt ár.

Svo greiði ákærðu og in solidum allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 20. desbr. 1922.

Nr. 55/1922. **Valdstjórnin**
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
Guðmundi Jónssyni
(B. P. Kalman),
út af broti á 8. gr. lögreglusamþyktar Reykjavíkur.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 10. okt. 1922:

Kærði, Guðmundur Jónsson, greiði 75 króna sekt í bæjarsjóð og allan af máli þessu leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Það er sannað í máli þessu með játningu kærða og skýrslum vitna, að kærði var kvöld eitt í síðastliðnum septembermánuði drukkinn á götum bæjarins, og hafði ill orð í frammi við lögregluþjón. Þetta er brot gegn 8. gr. lögreglusamþyktar Reyjavíkur 19. apríl 1919, og með því að fallist verður á refsi- og málskostnaðarákvæði lögreglurjettardómsins, ber að staðfesta hann.

Kærði greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarjetti, 60 kr. hvorum.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardóminum skal óraskað. Kærði, Guðmundur Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málaflutn-

mannanna Jóns Asbjörnssonar og Björns P. Kalman, 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Það er löglega sannað í máli þessu, sem höfðað er af valdstjórnarinnar hálfu gegn Guðmundi Jónssyni frá Helgastöðum, verkamanni til heimilis í Hverfisgötu 83 hjer í bæ, fyrir brot á 8. gr., 2. mgr., lögreglusamþyktar fyrir Reykjavík, nr. 48, 19. apríl 1919, sumpart með eigin játningu kærða, sumpart með framburði þeirra vitna, er leidd hafa verið í málinu, að hann hafi gjörst sekur um athæfi það, sem nú skal greina.

Laugardagskvöldið 16. september síðastl., kl. um 12, komu lögregluþjónarnir Sæmundur Gíslason og Guðlaugur Jónsson inn í „Litla kaffihúsið" við Laugaveg til þess að hafa umsjón með því að lokað yrði. Sat kærði þar fyrir ásamt fleiri mönnum og var, eftir samhljóða framburði 4 vitna, sem leidd hafa verið, áberandi drukkinn.

Lögregluþjónarnir buðu gestunum að hafa sig á braut, og varð þá kærði fyrir svörum og kvaðst mundi drekka kaffi sitt fyrst og „fá sjer út í". Hafði hann þar flösku með áfengi og helti í bolla sinn og annars manns, sem hjá honum sat, en annar lögregluþjónninn tók af honum flöskuna.

Síðar um nóttina hitti hann aftur sömu lögregluþjónana og komu þeir honum þá í geymslu yfir nóttina í hegningarhúsinu vegna ofstopa, sem hann hafði í frammi að þeirra áliti.

Kærði hefir kannast við, að hafa þetta kvöld drukkið ca. 2 flöskur af malaga frá áfengisversluninni. Kveðst hann ekki hafa smakkað vín, er neinu nemi, í meira en 2 ár, og hafi áfengið því haft meiri áhrif á sig en ella.

Þegar litið er til framburðar vitnanna um álit þeirra, að kærði hafi verið áberandi drukkinn umrætt kvöld, og þess gætt, hversu mikið áfengi hann kannast við að hafa drukkið, fær rjetturinn ekki betur sjeð, en að það sje nægilega upplýst, að kærði hafi gjörst brotlegur við 8. gr., 2. mgr., lögreglusamþyktar fyrir Reykjavík, nr. 48, 19. apríl 1919, og þykir refsing sú, er hann

hefir til unnið, hæfilega ákveðin 75 króna sekt, er renni í bæjarsjóð.

Svo greiði kærði og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 20. desbr. 1922.

Nr. 42/1922.

Sveinn Magnússon
gegn
Guðmundi Björnsson.

Útivistardómur.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sveinn Magnússon, sem eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Efnisskrá.

		Dómur.	Bls.
1.	Lárus Fjeldsted f. h. eiganda m/s „Sieka IV“ gegn Magnúsi Gíslasyni f. h. kaupfjelagsins „Hekla“, útaf vangreiddu farmgjaldi	27/1	231
2.	Sveinn Björnsson f. h. eiganda sk. „Ruthby“ gegn Geo. Copland, útaf vangreiddu farmgjaldi og aukadagabótum	30/1	237
3.	Árni J. Hafstað og Jón Jónsson gegn Kristni P. Briem. Útivistardómur	30/1	241
4.	Matthías Þórðarson gegn Eiríki Torfasyni o. fl. Landamerkjamál. Ómerkingardómur	15/2	242
5.	Valdstjórnin gegn Hans Hirtz. Brot á 1. og 5. gr. laga nr. 91/1917, um aðflutningsbann á áfengi	22/2	243
6.	Valdstjórnin gegn Otto Eisenhardt, út af broti á 1. gr. laga. nr. 91/1917, um aðflutningsbann á áfengi	27/2	248
7.	Ólafur V. Davíðsson gegn Guðm. Helgasyni f. h. bæjarsjóðs Hafnarfjarðar. Útivistardómur	27/2	256
8.	Ólafur Jóhannesson gegn Einari M. Jónassyni. Útivistardómur	27/2	256
9.	Ásgeir Sigurðsson gegn Sveini Björnssyni f. h. Damkjær Petersen, útaf greiðslu farmgjalds	3/3	257
10.	Sveinn Magnússon gegn Bjarna Ólafssyni o. fl. Frávísunardómur	10/3	262
11.	Rjettvísin gegn Kristjáni Sólberg Sólbjartssyni. Innbrotsþjófnaður	20/3	263
12.	Valdstjórnin gegn Haraldi Jónssyni, útaf broti á lögum nr. 91/1917, um aðflutningsbann á áfengi	31/3	266
13.	Rjettvísin gegn Ólafi og Sturlaugi Lárussonum Fjeldsted og Gunnari Sigurðssyni. Ákærðir um brot á 24.—26. kap. hegningarlaganna	5/4	268
14.	Rjettvísin gegn Bjarna Gíslasyni, útaf þjófnaði	8/4	274
15.	Rjettvísin gegn Ólafi Friðrikssyni o. fl., útaf broti gegn 12. kap. hegningarlaganna	1/5	277
16.	Valdstjórnin gegn Guerrant, Ch. A. J. Ólöglegar botnvörpuveiðar	5/5	286
17.	Rjettvísin gegn Bjarna Jónssyni. Þjófnaður	8/5	290

		Dómur.	Bls.
18.	Þórður J. Thoroddsen gegn Þorleifi Guðmundssyni, útaf persónulegri ábyrgð á veðskuld	15/5	294
19.	Ólafur Jóhannesson gegn Einari M. Jónassyni. Ómerkingardómur	17/5	297
20.	Valdstjórnin gegn Eiríki Kjerulf, útaf broti á aðflutningsbannslögum nr. 91/1917	12/6	299
21.	Ísak Bjarnason gegn Sigurði Magnússyni f. h. kirkjustjórnar Íslands. Ómerkingardómur. Landamerkjamál	16/6	308
22.	Bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar gegn Pjetri A. Ólafssyni, útaf útsvarsskyldu	21/6	310
23.	Þorleifur Jónsson gegn Ólafi Blöndal f. h. Tang & Riis, útaf vanefndum á greiðslu fyrir kjöt	23/6	313
24.	Gísli Hjálmarsson gegn Hannesi Thorarensen f. h. Sláturfjelags Suðurlands. Útivistardómur	28/6	319
25.	Hreppsnefnd Sauðárkrókshrepps gegn Kaupfjelagi Skagfirðinga, útaf aukaútsvari	27/9	319
26.	Valdstjórnin gegn Pjetri Hoffmann. Brot á aðflutningsbannslögum á áfengi	29/9	322
27.	Bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar gegn Theodor Jakobssyni. Útivistardómur	29/9	324
28.	Einar Viðar gegn Ólafi Jóhannssyni. Víxilmál . .	2/10	325
29.	Jón L. Hansson gegn Snæbirni Kristjánssyni og Einari M. Jónassyni. Útaf rjetti áfrýjanda til ábýlisjarðar sinnar	4/10	327
30.	Árni J. Hafstað o. fl. gegn Kr. P. Briem. Landamerkjamál. Ómerkingardómur	18/10	332
31.	Guðm. Jóhannsson gegn Pjetri M. Bjarnarson. Víxilmál	18/10	335
32.	Íslandsbanki gegn Jóni Dúasyni. Skaðabótamál. .	20/10	337
33.	Stjórn Landsbankans gegn Guðm. Kr. Guðmundssyni. Útivistardómur	30/10	341
34.	Jóhannes Davíðsson f. h. h/f. Sill gegn Steingrími Torfasyni. Útaf endurgreiðslu vegna vanefnda sölusamnings	13/11	342
35.	Lárus Fjeldsted f. h. Íslandsbanka gegn uppboðsráðandanum og skiftaráðandanum í Reykjavík, um rjett ófullnægðs veðhafa í skipi til að fá það útlagt fyrir hæsta boð	15/11	348
36.	Rjettvísin gegn Lárusi Ó. Frímannssyni og Gunnlaugi Tr. Sigurðssyni. Sauðaþjófnaður	27/11	350

		Dómur.	Bls.
37.	Hans Magnús Torfason gegn Karli Ólgeirssyni. Meiðyrðamál	29/11	357
38.	Geo. Copland & Co. h/f. gegn L. Fjeldsted vegna A. Ross f. h. eigenda skonnert „Jenny“, út af endurgreiðslu farmgjalds	1/12	361
39.	Rjettvísin gegn Guðmundi Þorlákssyni og Birni Gunnlaugssyni, útaf svikum og skjalafalsi	6/12	366
40.	Ólafur Friðriksson gegn stjórn Íslandsbanka. Meiðyrða- og skaðabótamál	11/12	377
41.	Valdstjórnin gegn Jóni Gunnari Jónssyni. Brot á bifreiðarlögunum	13/12	382
42.	Rjettvísin gegn Ingvari Lárussyni og Einari Aðalsteini Bæringssyni. Víxilfals	18/12	386
43.	Valdstjórnin gegn Guðmundi Jónssyni. Brot á lögreglusamþykt Reykjavíkur	20/12	390
44.	Sveinn Magnússon gegn Guðmundi Björnsson. Útivistardómur	20/12	392

Hæstarjettardómar

Útgefandi: Hæstarjettarritari.

IU. árgangur. 1923.

Miðvikudaginn 10. jan. 1923.

Nr. 41/1922 **Ragnhildur Pjetursdóttir**
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
Stefáni Thorarensen
(Magnús Guðmundsson).

Móðgandi og óvirðandi atferli samkv. 219. gr. hegningarlaganna

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 10. ág. 1922:
Aðalstefndur og gagnstefnd eiga að vera sýkn hvort af annars kröfum bæði í aðalsök og gagnsök.
Málskostnaður falli niður bæði í aðalsök og gagnsök.

Dómur hæstarjettar.

Af ástæðum þeim, er fram eru teknar í hinum áfrýjaða dómi, verður eigi álitið að verknaður stefnda falli undir 212. eða 213. gr. hinna almennu hegningarlaga, en hins vegar verður að telja að atferli stefnda, að negla aftur hurð þvottahússins meðan áfrýjandi var þar inni, sje móðgandi fyrir hana og lýsi megnri óvirðingu. Verður að dæma stefnda í sekt fyrir það samkvæmt 219. gr. hegningarlaganna og þykir sektin eftir öllum málavöxtum hæfilega ákveðin 150 kr. og komi 15 daga einfalt fangelsi í

stað sektarinnar, ef hún er eigi greidd á rjettum tíma

Eftir þessum úrslitum þykir rjett, að stefndi greiði áfrýjanda málskostnað fyrir undirrjetti og hæstarjetti, er ákveðst 400 kr.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi, Stefán Thorarensen lyfsali, greiði 150 kr. sekt í ríkissjóð eða sæti 15 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd í tæka tíð.

Stefndi greiði áfrýjanda, frú Ragnhildi Pjetursdóttur, málskostnað fyrir undirrjetti og hæstarjetti með 400 kr.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Að undangenginni árangurslausri sáttatilraun hefir frú Ragnhildur Pjetursdóttir, Laugaveg 18 A hjer í bænum, höfðað mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 4. mars 1920 gegn Stefáni Thorarensen, lyfsala s. st., og krafist þess, að hann verði dæmdur í þá hegningu, sem lög frekast leyfa, fyrir það, að hann hafi, er hún var inni í þvottaherbergi í húsi því, er hún bjó í og hann hefir í lyfabúð sína, neglt aftur hurðina á herbergi þessu og haldið henni innibyrgðri þar ásamt öðrum kvenmanni, uns þær náðu í mannhjálp. Ennfremur hefir stefnandi krafist þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða hæfilegar bætur eftir mati rjettarins fyrir þá smán og óþægindi, sem hann olli með þessu, svo og málskostnað að skaðlausu eftir mati rjettarins.

Stefndi hefir krafist algerðrar sýknunar í málinu, og að sjer verði dæmdur málskostnaður eftir mati rjettarins. Ennfremur hefir hann gagnstefnt stefnanda með stefnu útgefinni 24. febr.

þ. á., og krafist þess, að aðalstefnandi verði dæmdur í sekt fyrir ójöfnuð þann, yfirgang og móðganir, er hann hafi haft í frammi við aðalstefnda út af notkun tjeðs þvottahúss, svo og til að greiða málskostnað.

Í gagnsökinni hefir aðalstefnandi krafist sýknunar og að sjer verði dæmdur málskostnaður, svo og að aðalstefndi verði dæmdur í sekt fyrir óþarfa þrætu.

Tildrög málsins eru þau, að síðla dags hinn 26. jan. 1922, var aðalstefnandi ásamt þvottakonu staddur í þvottaherbergi því í kjallara hússins nr. 18 A við Laugaveg, sem aðiljar þessa máls hafa afnot af sem leigutakar, og var tilætlun aðalstefnanda og þvottakonunnar, að leggja þvott í bleyti, vegna þess að næsta dag skyldi þvo. Aðalstefndi hafði áður hitt þvottakonuna og bannað henni að nota þvottahúsið, þar sem hún væri með þvott, sem eigi væri eign íbúa hússins, en þá sneri þvottakonan sjer til aðalstefnanda, og fór hann síðan með henni í þvottaherbergið og tók að leggja þvottinn í bleyti. Þá kom aðalstefndi að og virðist hafa farið fram á að aðalstefnandi og þvottakonan hættu þessu, þar sem það væri óheimilt samkvæmt leigusamningi hans, en þær neituðu því. Kvaðst aðalstefndi þá mundi negla aftur þvottaherbergishurðina, þar sem eigi væri hægt að læsa henni, og spurði þvottakonuna og aðalstefnanda, hvort þær vildu ekki fara út áður, en þær skeyttu því eigi, og negldi aðalstefndi þá hurðina aftur. Aðalstefnandi og þvottakonan virðast eigi hafa reynt að hrinda upp hurðinni, heldur biðu þær þar til þær gátu kallað á krakka út um glugga, og var þá smiður sóttur og dró hann naglana út, sem hurðin var negld með, og sluppu þær þannig út, og höfðu þá verið inni nær 3 stundarfjórðunga.

Eftir þeim upplýsingum, sem liggja fyrir í málinu, verður að álíta, að aðalstefndi hafi neglt hurðina aftur með 5 nöglum, er voru $2^1/_2$ þuml. á lengd. 4 af nöglum þessum voru reknir í dyraumgerðina gegnt framhlið hurðarinnar og síðan beygðir útaf á hurðina, þannig, að aðeins $^1/_3$ hvers nagla var rekin í trje. 5. naglinn var rekinn í gegnum sjálfa hurðina og dyrakarminn, en virðist hafa sprengt, svo að hann hafði lítið hald.

Aðalstefnandi heldur því fram, að með þessu hafi aðalstefndi orðið brotlegur gegn 212. eða 213. gr. hinna alm. hegningarlaga frá 25. júní 1869, og auk þess gegn 219. gr. sömu laga. Aðalstefndi telur aftur á móti að verknaður sinn geti alls eigi fallið undir nein ákvæði hegningarlaganna, því að aðalstefn-

andi hefði vel getað farið út úr þvottaherberginu, hefði hann reynt og kært sig um, annaðhvort um glugga eða með því að hrinda upp hurð þeirri, sem negld var aftur.

Rjetturinn verður að telja það nægilega upplýst í málinu með álitsgjörð þar til útnefndra manna og tilraunum, sem gjörðar hafa verið, að það hafi verið auðvelt fyrir aðalstefnanda og þvottakonuna, að hrinda upp hurð þeirri, sem aðalstefndi negldi aftur, en af þessu leiðir að verknaður hans þykir ekki geta fallið undir 212. eða 213. gr. hinna alm. hegningarlaga, þar sem aðalstefnandi var eigi neyddur til að vera inni í þvottahúsinu, heldur gat hrundið dyrunum upp, ef hann hefði viljað og reynt til þess. Atferli aðalstefnda virðist eigi heldur falla undir 219. gr. tjeðra laga og ber því að sýkna aðalstefnda af kröfum aðalstefnanda í aðalmálinu.

Eins og vikið er að áður, hefir gagnstefnandi krafist þess í gagnmálinu, að gagnstefnda verði dæmd í sekt fyrir ójöfnuð, yfirgang og móðganir, er hún hafi sýnt sjer þennan umrædda dag, að því er virðist með því að nota þvottahúsið án leyfis hans. En jafnvel þótt svo sje litið á, sem notkun þess hafi verið óheimil, getur það alls eigi varðað sektum, en hins vegar þykir ekki alveg næg ástæða til að sekta gagnstefnanda fyrir óþarfa málsýfingu. Kröfur gagnstefnanda í gagnmálinu verða því eigi teknar til greina.

Eftir þessum úrslitum þykir rjett að málskostnaður í gagnsök og aðalsök falli niður.

Miðvikudaginn 10. jan. 1923.

Nr. 45/1922. **Ragnhildur Sigurðardóttir.**
(Björn P. Kalman)
gegn
Andreu Filippusdóttur.
(Enginn).

Skemdir á reykháf við niðurrif nágrannareykháfs.

Dómur aukarjettar Ísafjarðarkaupstaðar 31. mars 1922:

Framangreint lögbann verður eigi staðfest. Stefnandi, frú Ragnhildur Sigurðardóttir, greiði stefndu, frú Andreu Filippusdóttur, 150 krónur í skaðabætur og 50 krónur í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Mál þetta hefir verið rekið skriflega fyrir hæstarjetti samkv. 1. lið 38. greinar hæstarjettarlaganna.

Málið var vettvangsmál í hjeraði, en þar sem með þessi mál á að fara eins og með landamerkjamál og það hefir verið ófrávíkjanleg rjettarfarsregla, að dómarar skuli eiðfestir sbr. t.d. 5. gr. laga nr. 35/1914, en það sjest ekki að meðdómararnir í þessu máli hafi verið eiðfestir, þá verður eigi komist hjá ex officio að ómerkja dóminn og vísa málinu, samkv. kröfu áfrýjanda, heim til löglegri meðferðar.

Samkv. þessum úrslitum verður stefnda að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti og ákveðst hann 100 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og og vísast málinu heim til löglegri meðferðar.

Stefnda Andrea Filippusdóttir greiði áfrýjanda, Ragnhildi Sigurðardóttur, 100 króna málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með brjefi dags. 26. septbr. 1921 tilkynnti stefnandi þessa máls, frú Ragnhildur Sigurðardóttir, hjer í bænum, fógeta, að verið væri að rífa niður skorstein í húsi hennar, nr. 22 við Aðalstræti, hjer, og að fyrir því rjeði stefnda, frú Andrea Filippusdóttir, til heimilis hjer í bænum, en stefnda á sambygt hús umræddu húsi stefnanda. Krafðist stefnandi þess, að fógeti yrði sjer fylgjandi að því að leggja lögbann á, að stefnda eða nokkur fyrir hennar hönd hreyfði við nefndum skorsteini. Daginn eftir lagði fógeti lögbann á, að stefnda hreyfði við nefndum skorsteini, eða ljeti gjöra það fyrir sig, enda hafði stefnandi sett tryggingu fyrir afleiðingum gjörðarinnar.

Með stefnu útgefinni 4. október f. á. hefir stefnandi höfðað mál þetta fyrir aukarjetti Ísafjarðar, og krafist þess, að tjeð lögbannsgjörð verði staðfest sem löglega gjörð og rjettlætt, að stefnda verði dæmd til að setja skorsteininn í húsi stefnanda, nr. 22 við Aðalstræti, að viðlögðum dagsektum, í sama ástand, sem hann var í 26. septbr. f. á., en þann dag hafi stefnda látið rífa bakhlið hans niður, að stefnda verði dæmd til að greiða 1000 kr. í skaðabætur fyrir spjöll og skemdir á greindri húseign vegna niðurrifs skorsteinsins, og að stefnda verði dæmd til að greiða málskostnað að skaðlausu.

Stefnda krefst þess aftur á móti, að lögbannið verði eigi staðfest, að henni verði tildæmdur málskostnaður eftir mati rjettarins, og að henni verði tildæmdar skaðabætur fyrir lögbannsgjörðina.

Eins og áður segir, er hús aðilja sambygt, þannig, að stefnandi á norðurpartinn en stefnda suðurpartinn. Um takmörk suðurparts við norðurpart segir í kaupbrjefi stefndu, dags. 21. desember 1864, að þau sjeu „uppi og niðri eins og nyrðri brún skorsteinsins ræður", og þar sem stefnandi hefir eigi lagt fram sitt kaupbrjef eða á annan hátt vefengt brjefið, verða takmörk milli syðri og norður parts að miðast við „norðurbrún skorsteinsins".

Í málinu er engin þræta um það, að skorsteinninn í hús-

hluta stefndu er eldri en skorsteinninn í norðurhluta þess, heldur eigi um það, að skorsteinninn í norðurhluta er bygður við suðurskorsteininn. En þrætan er um það, hvort stefnda, er reif skorstein sinn og bygði nýjan í staðinn, hafi um leið rifið bakhliðina, það er að segja suðurhliðina í skorsteini stefnanda. Það er nú viðurkent í málinu, að þá er stefnda reif niður skorstein sinn, kom gat mikið á skorstein stefnanda á allri neðri hæðinni. En við skoðun dómenda á þrætustaðnum sáust greinileg merki þess, að skorsteinn stefnanda hafði verið bygður þannig við skorstein stefndu, að norðurhlið hans var jafnframt notuð sem suðurhlið norðurskorsteinsins, þannig, að hliðar hans voru bundnar við suðurskorsteininn með steinlímdum múrsteinum, er greyptir höfðu verið inn í suðurskorsteininn kringum tvær tommur. Þegar því stefnda reif skorstein sinn, opnaðist suðurhlið nyrðri skorsteinsins á neðri hæðinni, eins og áður segir. En er upp fyrir neðri hæð er komið, skiljast skorsteinarnir og halda sjer úr því hvor um sig, enda var þar beygja allmikil á suðurskorsteininum til suðurs, er norðurskorsteinninn reyndar fylgir að nokkru leyti.

Það er einnig viðurkent í málinu, að skorsteinn stefndu var orðinn ónýtur, og að henni af brunamálastjóra bæjarins hafði verið skipað að byggja nýjan skorstein. Stefnda var því knúð til að rífa gamla skorsteininn, og með því að ekkert er upplýst í málinu um það, að við byggingu norðurskorsteinsins hafi lagst sú kvöð á eiganda suðurskorsteinsins, að hann mætti eigi rífa niður nema með samþykki eiganda norðurskorsteinsins, verður eigi álitið, að stefndu hafi brostið heimild til að rífa skorstein sinn eins og hún gerði, eða ætlaði að gera.

Með því nú að lögbannið byggist á því, að gengið hafi verið á rjett stefnanda of hálfu stefndu, að því leyti sem hún hafi rifið niður nokkurn hluta af skorsteini hennar (stefnanda), þá er þetta samkvæmt framansögðu eigi á rökum bygt, og ber því að telja lögbannið ólöglegt og synja um staðfesting þess; svo ber og að sýkna stefndu af hinum öðrum rjettarkröfum stefnanda í málinu.

Eftir þessum úrslitum kemst stefnandi eigi hjá því, að greiða stefndu skaðabætur fyrir miska og óþægindi við hina ólöglegu lögbannsgjörð, er ákveðst 150 krónur. Svo ber og stefnanda að greiða stefndu málskostnað, er ákveðst 50 krónur.

Föstudaginn 12. jan. 1923.

Nr. 32/1922. **Geo. Copland & Co.**
(Björn P. Kalman)
gegn
Pjetri Magnússyni
f. h. eigenda m/sk. Anna Kirstine
(Pjetur Magnússon),

út af biðdagabótum.

Dómur sjódóms Reykjavíkur 7. janúar 1922:

Hið stefnda firma, Geo. Copland & Co., greiði stefnandanum, Pjetri Magnússyni f. h. eigenda m/sk. „Anna Kirstine" frá Rudköbing, kr. 19750,00 ásamt 6 % ársvöxtum frá 5. ágúst 1920 til greiðsludags, innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Áður en áfrýjandi ritaði undir leigusamninginn um »Anna Kirstine«, 1. maí 1920, hafði hann, eins og skýrt er frá í dómnum, og milligöngumaður aðila um skipsleiguna, Peacock brakún í Glasgow, fyrir hans hönd skifst á allmörgum símskeytum um leiguskilmálana við stefnda; stóð það einkum á milli, að áfrýjandi vildi láta telja biðdaga og aukabiðdaga skipsins frá þeim degi, er það kæmist að til fermingar í venjulegri röð (usual eða regular turn) þeirra skipa, er biðu eftir afgreiðslu, en stefndi vildi að talið yrði frá þeim degi, er skipið eftir tilkynningu frá skipstjóra væri tilbúið að taka á móti farminum. Stefndi var lengi tregur til að ganga að ákvæðinu um að bið skipsins eftir venjulegri röð kæmi eigi til greina við reikning biðdaga og aukabiðdaga, en svo lauk þó, að hann samþykti þetta ákvæði með símskeyti til Peacock 27. apríl 1920.

Af símskeytunum sjest það, að nefnt ákvæði var af hálfu áfrýjanda mjög verulegt atriði í samningsgerðinni, og að á því valt það, hvort hann semdi um leigu á skipinu eða eigi. Þetta vissi stefndi, og honum gat því eigi dulist, að þar sem gagnstætt ákvæði var tekið upp í samninginn, þá hlaut það að hafa orðið fyrir misskilning þeirra, er frá samningnum gengu, og að áfrýjandi hefði af vangá ritað undir hann, án þess að leiðrjetta þetta. Það verður eftir þessu eigi sjeð, að stefnandi hafi haft rjettmæta ástæðu til að gjöra sjer von um, að honum, við undirskrift áfrýjanda undir skipsleigusamninginn, ykist rjettur, að því er umrætt atriði snertir, fram yfir það, sem umsamið var með símskeytunum. Þar sem það eigi er sannað, að neitt annað hafi tafið skipið í Ibiza en bið þess eftir að komast í venjulega röð, og skipið síðan var fermt á einum degi, þykir ekki eiga að taka til greina kröfu stefnda um aukabiðdagabætur í Ibiza, og verður þá að sýkna áfrýjanda af þeirri kröfu.

Svo sem fram er tekið í forsendum dómsins, sem ekki er gagnáfrýjað af stefnda, var skipið eigi komið á tiltekinn affermingarstað í Reykjavík fyr en að kveldi hins 21. júlí 1920, og að morgni hins 22. júli var byrjað að skipa upp farminum, en um hádegi stöðvaði skipstjórinn uppskipunina, sökum þess að áfrýjandi vildi ekki greiða umræddar aukabiðdagabætur, og stóð sú stöðvun til 28. s. m. En svo sem þegar er sagt, átti sú krafa eigi við rök að styðjast, svo að óheimilt var af þeirri ástæðu að stöðva afferminguna, og verða því engar aukabiðdagabætur dæmdar fyrir þá daga. Nefndan dag um kl. 1 byrjaði uppskipun af nýju, og var henni lokið 5. ág. að kveldi, eftir $8^1/_2$ dag. Þar frá ganga 31.

júlí, er skipið fjekk skipun um að fara frá hafnarbakkanum, og 1. ágúst, sem var sunnudagur. Hafa þá til uppskipunarinnar gengið $6^1/_2$ dagur, og á þá áfrýjandi að greiða stefnda aukabiðdagabætur fyrir $1^1/_2$ dag eða 750 kr. með 6 % ársvöxtum frá 5. ág. 1920, er greiðist í dönskum krónum samkvæmt ákvæði skipsleigusamningsins.

Málskostnaður fyrir hæstarjetti þykir eftir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandi, Geo. Copland & Co., greiði stefnda, Pjetri Magnússyni fyrir hönd m/sk. Anna Kirstine, 750 kr. með 6 % ársvöxtum frá 5. ág. 1920 til greiðsludags.

Málskostnaður fyrir hæstarjetti falli niður.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir sjórjettinum með stefnu, útgefinni 23. september 1920 af Pjetri Magnússyni hæstarjettarmálaflutningsmanni f. h. eigenda m/sk. „Anna Kirstine“ frá Rudkøbing gegn firmanu Geo. Copland & Co. hjer í bænum, og hefir stefnandi krafist þess, að hið stefnda firma verði dæmt til að greiða sjer f. h. tjeðs umbjóðanda síns kr. 31775,00 í biðdagabætur ásamt 6 % ársvöxtum frá 5. ágúst 1920 til greiðsludags, og málskostnað eftir mati rjettarins.

Stefndi hefir aðallega krafist algjörðrar sýknunar af öllum kröfum stefnanda í málinu. Til vara hefir hann krafist þess, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða biðdagabætur fyrir hálfan dag með 250 krónum.

Málavextir eru þeir, að um mánaðamótin apríl og maí 1920

gjörði hið stefnda firma skipsleigusamning við umboðsmann eigenda m/sk. „Anna Kirstine“ fra Rudköbing, firmað J. C. Peacock & Co. í Glasgow, um leigu á nefndu skipi fyrir saltfarm frá Ibiza hingað til lands gegn 110 króna farmgjaldi fyrir hverja smálest. Er svo ákveðið í samningi þessum: „Ferma skal skipið á fimm virkum dögum eftir að skipstjóri á vinnutíma hefir gefið tilkynningu um, að skipið sje í skipalægi, tilbúið til að taka farm. Afferming skal ske á fimm virkum dögum, ef veður leyfir, eftir að skipstjóri hefir tilkynt móttakendum, að skipið sje á tilteknum affermingarstað, tilbúið til að afferma“. Aukabiðdagagjaldið var ákveðið 500 krónur á dag fyrir 10 aukabiðdaga, en það, sem þar kynni að vera fram yfir, er ósamningsbundið. Skipsleigusamningurinn er undirskrifaður í Glasgow 28. apríl 1920 af umboðsmanni stefnanda, en í Edinburg 1. maí 1920 af George Copland f. h. stefnda.

Skip þetta kom 15. maí 1920 til Ibiza, og sama dag tilkynti skipstjóri farmsendanda, að skipið væri reiðubúið til að taka á móti farminum. 20. maí tilkynti skipstjóri að biðdagar væru liðnir, og að hann myndi krefjast aukabiðdagagjalds samkvæmt skipsleigusamningnum. 30. s. m. tilkynti skipstjórinn enn að aukabiðdagar enduðu 31. s. m. á hádegi, og 1. júní s. á. að hann mundi krefjast 850 króna fyrir hvern dag, er skipið liggi þar fram yfir. Skipið var ekki fullfermt fyr en að kvöldi 23. júní 1920.

Til þess að afferma skipið hjer telur stefnandi hafa gengið alls 13 daga, eða 8 dögum meira en ákveðið var í skipsleigusamningnum.

Kröfur þær, er stefnandi telur sig eiga á hendur stefnda til biðdagabóta, eru því þessar:

1. Aukabiðdagar í Ibiza frá 21. til 31. s. m., 10 dagar, samkvæmt samningi 500 krónur á dag . kr. 5000,00
2. Aukabiðdagar s. st. frá $^{31}/_{5}$ á hádegi til $^{23}/_{6}$ kl. 6 e. h., $23^{1}/_{2}$ dagur á 850 krónur. . . . . — 19975,00
3. Aukabiðdagar í Reykjavík frá 29. júlí til 5. ágúst að báðum dögum meðtöldum, 8 dagar á 850 kr. — 6800,00

Kemur þannig út hin umstefnda upphæð kr. 31775,00

Sýknukröfu sína byggir hið stefnda firma á því, að svo hafi í raun og veru verið umsamið milli sín og firmans J. C. Peacock & Co., sem umboðsmanns eigenda „Anna Kirstine“, að skipið skyldi taka farm sinn í venjulegri röð (usual turn), og eigi

því engar biðdagabætur að fá fyrir bið sína í Ibiza, og til fermingar þess hafi ekki gengið nema hinir umsömdu 5 dagar. Ákvæðið í skipsleigusamningnum um það, að ferma skuli skipið á fimm virkum dögum eftir að tilkynt hafi verið að það sje tilbúið að taka farminn, sje komið inn í samninginn af vangá og brjóti algjörlega í bág við það, sem Peacock með samþykki skipseiganda hafi samið um við stefnda, er hafi undirritað skipsleigusamninginn í grandaleysi, og í trausti þess, að hann væri í samræmi við það, sem um hafði verið samið, og ekki athugað fermingarskilyrðin í honum fyrri en skipstjórinn fór að krefja hann um aukabiðdagabætur eftir komu skipsins hingað.

Það er upplýst í málinu, að talsvert þjark átti sjer stað, sjerstaklega um fermingarskilyrðin, áður en skipleigusamningur var gjörður, og að því af hálfu stefnda var haldið stöðugt fram, að skipið ætti að taka farminn í venjulegri röð, og að eigandi skipsins stritaðist gegn því að ganga að þessu skilyrði, þar til hann í símskeyti til Peacocks 27. apríl 1920 gekk að því, að semja mætti um, að skipið tæki farminn í venjulegri röð.

Það verður þó að áliti rjettarins að fara eftir ákvæðum hins endanlega skipsleigusamnings (rjettarskjal nr. 2), þegar gjöra á út um það, með hverjum skilmálum „Anna Kirstine" hafi verið leigð, sjerstaklega af því, að símskeytasendingar þær, er fóru fram um þá, voru á milli eigenda skipsins og Peacocks, umboðsmanns hans, en ekki milli eigenda og stefnda eða umboðsmanns hans, og svo af því, að skipseiganda var sendur skipsleigusamningurinn eins og hann er úr garði gjörður, án þess þá væri tekið fram við hann, að samningurinn væri í raun og veru öðruvísi, en um hafði verið samið, enda hefir skipseigandi svarað svo yfirlýsingu Peacocks eftir á um það, að að svo miklu leyti sem samningurinn brjóti í bág við símskeytin milli þeirra, þá stafi það af ritvillum, og að hann haldi sjer að samningnum. Í hinu prentaða eyðublaði, sem notað hefir verið undir samninginn, og umboðsmenn málsaðilja hafa undirskrifað, eru orðin um fermingu skipsins: „regular colliery turn" yfirstrikuð, og í þeirra stað rituð með ritvjel orðin: „five working days", og er erfitt að skilja, að hjer geti verið um ritvillu að ræða.

Stefndi hefir ekkert haft við það að athuga, hvernig stefnandi telur aukabiðdagana í Ibiza, og verður stefnandi því eftir skipsleigusamningnum að teljast eiga bætur fyrir $33^1/_2$ biðdag þar. Hinsvegar hefir stefndi haldið því fram, að ef um aukabið-

dagabætur sje að ræða í máli þessu, verði þær að teljast 500 kr. á dag, eins og ákveðið er í samningnum fyrir þá 10 daga, sem þar er talað um, og verður rjetturinn að fallast á það, með því að engar upplýsingar liggja fyrir um það í málinu, að það sjeu ekki nægar bætur, og stefnandi getur ekki sett aukabiðdagagjaldið eftir eigin geðþótta, án samþykkis stefnda, en það verður ekki álitið liggja fyrir.

Stefnandi heldur því fram, að skipið hafi komið hingað 18. júlí 1920, og að skipstjórinn hafi daginn eftir tilkynt að hann væri tilbúinn að láta farminn af hendi. 22. júlí kannast stefnandi við að uppskipun hafi verið stöðvuð vegna vanskila á biðdagabótum, og 28. júlí hafi verið byrjað aftur að afferma og affermingunni hafi verið lokið 5. ágúst, en á tímabilinu hafi verið 2 rigningardagar. Telur stefnandi að til affermingarinnar hafi gengið 13 verkdagar, þar af 8 aukabiðdagar, og gjörir kröfu til 850 króna aukabiðdagabóta fyrir hvern þeirra. Telur hann rjettmætt, að affermingin hafi verið stöðvuð vegna neitunar á greiðslu aukabiðdagabótanna frá Ibiza, eða á, að trygging væri sett fyrir greiðslu þeirra, og verður rjetturinn að vera sömu skoðunar á því og hann.

Stefndi hefir hins vegar haldið því fram, að skipið hafi ekki verið komið á tiltekinn affermingarstað í höfninni fyrri en að kvöldi hins 21. júlí 1920, og kemur sú staðhæfing heim við útdrátt þann úr dagbók „Anna Kirstine", sem stefnandi hefir lagt fram í málinu. Byrja biðdagarnir þá fyrst 22. júlí 1920, og þangað til affermingunni er lokið, 5. ágúst, eru alls 15. dagar. Á þessu tímabili eru 2 sunnudagar (25. júlí og 1. ágúst), og stefnandi hefir sjálfur viðurkent, að ekki hafi orðið skipað upp í 2 daga á því sakir regns. Verkdagar hafa því aðeins verið 11, þar af 5 biðdagar, sem ekki átti að borga fyrir, og 6 aukabiðdagar, sem dæma ber stefnda til að greiða aukabiðdagabætur fyrir eftir framansögðu.

Það verður því niðurstaða þessa máls hjer í rjettinum, að dæma beri stefnda til að greiða stefnanda 500 króna aukabiðdagabætur á dag fyrir $33^1/_2 + 6 = 39^1/_2$ aukabiðdag, eða kr. 19750,00 með vöxtum eins og krafist er, en eftir öllum málavöxtum þykir rjett að málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 15. jan. 1923.

Nr. 47/1923. **Guðmundur Daníelsson**
(Pjetur Magnússon)
gegn
Hreppsnefnd Stafholtstungnahrepps
(Magnús Guðmundsson),

útaf aukaútsvari.

Úrskurður fógetarjettar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 7. ág. 1922:

Lögtaksgjörð sú, er hreppstjóri Borgarhrepps framkvæmdi 17. f. m. hjá Guðmundi Daníelssyni, Svignaskarði, staðfestist hjer með.

Dómur hæstarjettar.

Í 1. gr. laga nr. 50/1919 er komist svo að orði, að leggja megi útsvar á . . . leiguliðaafnot af jörð »svo sem slægjuafnot«, þótt engin ábúð fylgi . . . Samkv. þessu þóttist stefnda, hreppsnefnd Stafholtstungnahrepps, hafa heimild til að leggja á áfrýjanda, Guðmund bónda Daníelsson í Svignaskarði í Borgarhreppi, útsvar fyrir afnot hans af svokölluðu Sigmundarnesi, engjastykki í Stafholtstungnahreppi, enda lagði hún útsvar á Guðmund haustið 1921.

Eftir greinargerð flutningsmanns frumvarps til ofannefndra laga á alþingi 1919, var tilgangur hans með nýmæli frumvarpsins, að girða betur, en gert þótti með eldri lögum, fyrir það, að kaupstaðarbúar og lausamenn gætu leigt slægjur hjá sveitabændum, án þess að hlutaðeigandi hreppur fengi nokkrar tekjur af slíkri slægnaleigu. Og af nefndarálitum beggja deilda, sjerstaklega efri deildar, má

ráða, að þingnefndirnar hafi litið líkt á tilgang nýmælisins.

Eftir því sem málið hefir verið flutt hjer í rjetti, má telja rjett og afnot áfrýjanda yfir Sigmundarnesi, er hann hefir girt, gamalt ítak Svignaskarðs í Haugaland í Stafholtstungum. En með því að álíta verður, bæði eftir orðum hjeraðlútandi laga og eftir greindum tilgangi þeirra, að sama eigi ekki að gilda um ítaksrjett, sem um venjulega slægnaleigu búlauss utansveitarmanns, þá brast stefndu heimild til að leggja útsvar á áfrýjanda. Ber því að fella fógetarjettarúrskurðinn úr gildi og sýkna áfrýjanda af kröfum stefndu.

Eftir þessum úrslitum þykir rjett að stefnda greiði áfrýjanda málskostnað í hæstarjetti, og ákveðst hann 150 kr. Svo bera málflutningsmanni stefndu, sem fengið hefir gjafvörn hjer í rjetti, 80 kr. í málsvarnarlaun úr ríkissjóði.

Því dæmist rjett vera:

Fógetarjettarúrskurðurinn er feldur úr gildi.

Skipuðum málflutningsmanni stefndu, Magnúsi Guðmundssyni, bera 80 kr. málsvarnarlaun úr ríkissjóði.

Stefnda, hreppsnefndin í Stafholtstungnahreppi, greiði áfrýjanda, Guðmundi Daníelssyni, 150 króna málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Síðastliðið haust lagði hreppsnefnd Stafholtstungnahrepps 40 kr. aukaútsvar á Guðmund bónda Daníelsson í Svignaskarði

fyrir afnot, er hann hefir af engjastykki á Sigmundarnesi, en Guðmundur neitaði að greiða, og var því úrskurðað, að taka mætti upphæðina lögtaki 27. júní þ. á. og lögtakið framkvæmt af hreppstjóra Borgarhrepps 17. f. m.

Gjörðarþoli hefir ekki mótmælt upphæð útsvarsins, en mótmælt því að hann væri útsvarsskyldur, og byggir hann mótmæli sín á því, að nes þetta sje metið með Svignaskarði og verði því að telja það tilheyrandi Borgarhreppi.

Í lögum nr. 50, 28. nóv. 1919, er svo að orði kveðið: að leggja megi útvar á „leiguliðaafnot af jörð, svo sem slægjuafnot, þótt engin ábúð fylgi" og þar sem ummæli þessi eru svo skýr, ákveðin og víðtæk, virðist mál þetta aðeins geta oltið á því, hvort slægjublettur þessi liggi í Borgarhreppi eða Stafholtstungum, og verður ekki sjeð að það geti haft nokkur áhrif á úrslit þessa máls, hvort hann er metinn með heimalandi Svignaskarðs eða ekki, því ákvæði laganna eru svo skýr, að það útaf fyrir sig gæti ekki nægt til að undanþiggja slægjuafnot þessi útsvarsskyldu.

Það er kunnugt, að nes þetta liggur við Norðurá, og umlukt af löndum jarða, er tilheyra Stafholtstungnahreppi, og verður því ekki sjeð að nokkur vafi geti leikið á því, að engjastykki þetta liggi í Stafholtstungnahreppi, og verður því að líta svo á, sem hreppsnefnd Stafholtstungnahrepps hafi í nefndri lagagrein haft heimild til að leggja útsvar á slægjuafnotin.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta lögtaksgjörðina.

Nr. 50/1922. **Eigendur og vátryggjendur m/sk. Dronning Agnes**
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
Sigurði Sigurðssyni f. h. bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar, útgerðar m/b. Ísleifur og útgerðar m/b. Kveldúlfur
(Sigurður Sigurðsson),
um upphæð björgunarlauna.

Dómur sjódóms Ísafjarðarkaupstaðar 7. júlí 1922:

Hin framkvæmda löghaldsgjörð staðfestist.

Stefndi, Rasmus Henrik Friis, skipstjóri f. h. útgerðar m/sk. Dronning Agnes og vátryggjenda skips og farms, greiði stefnanda, Sigurði Sigurðssyni f. h. bæjarstjórnar Ísafjarðar, útgerðar m/b. Ísleifs og útgerðar m/b. Kveldúlfs, 57000 — fimmtíu og sjö þúsund — krónur með 6 % ársvöxtum frá 30. september 1921 til greiðsludags. Svo staðfestist og veðrjettur sá, er stiftaðist með löghaldsgjörðinni 30. september 1921, að því snertir hina tildæmdu fjárhæð með vöxtum og kostnaði, og sje stefnanda heimilt að gjöra fjárnám í skipinu m/sk. Dronning Agnes og greindum farmi þess, og selja það við opinbert uppboð til lúkningar hjer greindri kröfu hans með áföllnum og áfallandi vöxtum og kostnaði. Málskostnað greiði stefndi stefnanda með 800 krónum.

Dómi þessum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Af ástæðum þeim, er greinir í sjórjettardóminum, meðal annars vegna framburðar skipstjóra og stýrimanns og fleiri manna á »Dronning Agnes«, sem og vegna framburðar annara sjónarvotta um eldsmagn í og brunaskemdir á tjeðu skipi og farmi, og af lýsingu útnefndra matsmanna á skemdum á

hvorutveggja, þykir bert, að skipið hafi verið statt í neyð, þá er vjelbátarnir »Ísleifur« og »Kveldúlfur« vitjuðu þess í Bolungarvík, að beiðni skipstjóra, laugardagsmorguninn 3. sept. 1921.

Og þar sem hættu þeirri, sem dráttur tjeðra vjelbáta á nefndu skipi til Ísafjarðar miðaði til að leysa skip og farm úr, ljetti eigi fyr en eldurinn var slöktur, meðal annars fyrir liðveitslu slökkviliðsins á Ísafirði, þá þykir eiga að dæma stefnda bjarglaun f. h. útgerða nefndra vjelbáta og bæjarstjórnar Ísafjarðar.

En þar sem björgunin tók skamman tíma og engin veruleg vandkvæði virðast hafa verið henni samfara, nje veruleg hætta fyrir bjargendur, báta eða slökkviáhöld, þá þykja bjarglaunin öllum bjargendum til handa hæfilega ákveðin í einu lagi 20000 krónur með 6 % ársvöxtum frá 4. sept. 1921 til greiðsludags, enda staðfestist lögbaldsgjörðin fyrir nefndri upphæð.

Málskostnaður í hjeraði og hæstarjetti þykir eftir öllum atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandinn, eigendur og vátryggjendur m/sk. »Dronning Agnes«, greiði stefnda, Sigurði Sigurðssyni f. h. útgerða vjelbátanna »Ísleifs« og »Kveldúlfs« frá Ísafirði« og bæjarstjórnar Ísafjarðarkaupstaðar, 20000 krónur með 6 % ársvöxtum frá 4. sept. 1921.

Málskostnaður í hjeraði og hæstarjetti falli niður.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Hinn 3. september 1921 á áttundu stundu fyrir hádegi, voru skipstjórarnir á m/b. Ísleifi og m/b. Kveldúlfi beðnir um að bregða við og fara út í Ísafjarðardjúp fram undan Bolungarvík, og draga þaðan inn til Ísafjarðar skip, sem væri að brenna. Beiðnin kom frá umboðsmanni þeirra, er umboð höfðu fyrir skipseigendur að undirlagi stýrimannsins á skipinu. Tveir skipstjórar brugðu þegar við og hjeldu út á Djúpið, og komu að hinu brennandi skipi, sem reyndist að vera m/sk. Dronning Agnes frá kaupmannahöfn, kl. c. 9 f. h. Var festum komið úr skipinu yfir í mótorbátana, og drógu þeir það síðan inn til Ísafjarðar, inn undir svo kölluð Mjósund, og var skipið sett þar á grunn.

Um bruna skipsins er þetta upplýst í sjóprófunum, sem hófust 5. september f. á.:

Skipið hafði legið á Önundarfirði (Flateyri) og lestaði þar þurfisk. Átti það því næst að halda til Ísafjarðar, til þess að taka þar viðbót við farminn. Hinn 2. september kl. $4^3/_4$ e. h. lagði skipið á stað og hjelt út Önundarfjörð og kom inn á Ísafjarðardjúp á níundu stundu. Kl. $9^1/_2$ sáust hafnarljósin á Ísafirði og samstundis varð einn skipverja var við reyk í skipinu. Gjörði hann vjelstjóra aðvart og spurði, hvort eldur væri í vjelarúminu, en vjelstjóri kvað það eigi vera, en var strax farið að rannsaka, hvar eldur væri í skipinu. Eftir 10 mínútna leit fanst eldur brenna í skilrúminu milli afturlestarinnar og vjelarúmsins, og kom brátt í ljós, að eldurinn einnig var kominn í íbúð skipstjóra, sem var fyrir aftan vjelarúmið. Var vjel skipsins þá stöðvuð og tekið til slökkviáhaldanna, og jafnframt ausið vatni í eldinn með fötum, þangað til slökkvidælan gat farið að vinna.

Eftir stundarkorn var búið að lægja eldinn, þar sem hans varð fyrst vart, en hann hjelt áfram að jeta sig aftur eftir skipinu og einnig fram eftir undir dekkinu, alt fram undir aftara lestaropið. Var nú vjel skipsins aftur sett í gang, til þess að komast inn til Ísafjarðar, en stöðva varð hana aftur eftir 10 mínútur, sökum þess að eldurinn æstist við gang hennar. Voru

þá dregin upp segl til þess að forðast að skipið ræki á land, en síðan var ákveðið að halda undir land, þar sem hægt væri að varpa akkerum, en næsti staður var Bolungarvík. Þótti óverjandi að eiga á hættu, að skipið ræki brennandi til hafs. Kl. 2 að morgni hins 3. september lagðist skipið svo fyrir akkeri undan Bolungarvík á 15 faðma dýpi. Fór stýrimaður þegar í land til þess að leita aðstoðar við að slökkva eldinn, en með því að engin slökkviáhöld var að fá í Bolungarvík, og heldur engin tæki til þess að draga skipið inn til Ísafjarðar, fór stýrimaðurinn inn til Ísafjarðar, til þess að fá hjálp þaðan, og kom þangað á áttundu stundu eins og áður segir.

Eins og fram er tekið, drógu mótorbátarnir Ísleifur og Kveldúlfur skipið inn til Ísafjarðar, og var kl. nálega 12 á hádegi þegar því var lagt til grunns. Brann eldurinn áfram og unnu skipverjar látlaust að því að slökkva hann.

Kl. ca. $1^1/_2$ e. h. bað skipstjórinn á hinu brennandi skipi um aðstoð slökkviliðs bæjarins og slökkvidælu, enda var skipshöfn hans þá að þrotum komin af svefnleysi og þreytu. Fór slökkviliðsstjóri þá um borð í skipið við 5. mann með slökkidælu bæjarins, og var henni komið fyrir á þilfari m/b. Ísleifur.

Að slökkvuninni unnu, auk slökkviliðsins úr landi, skipshöfn m/b. Ísleifs og þeir, sem unnið gátu af skipshöfn hins brennandi skips, og hafði tekist að vinna bug á eldinum um kl. 5. e. h. Dróg m/b. Ísleifur þá skipið inn á Poll, og var því lagt við bryggju h/f. Hinar sam. ísl. verslanir, og tveir menn úr brunaliðinu skipaðir á vörð, ef eldurinn kynni að blossa upp aftur.

Bæjarstjórn Ísafjarðar f. h. slökkviliðs og slökkvitækja bæjarins og útgerðir mótorbátanna Ísleifur og Kveldúlfur f. h. eigenda og skipshafna þeirra, hjeldu því nú fram, að aðstoð sú, er Dronning Agnes þannig var veitt, fjelli undir ákvæði siglingalaganna um björgun, og gjörðu því kröfu til björgunarlauna, og þegar skipstjórinn á m/sk. Dronning Agnes hvorki þóttist geta viðurkent slíka kröfu nje heldur geta greitt neitt fyrir þá hjálp, sem veitt hafði verið, kröfðust bjargendur þess, að löghald væri lagt á skipið og farm þess til tryggingar björgunarlaununum, og var löghaldsgjörðin framkvæmd 29. og 30. sept. 1921.

Með stefnu, dags. 30. sept. f. á., hefir stefnandi svo höfðað mál þetta, og eftir árangurslausa sáttatilraun krafist þess, *að* greind löghaldsgjörð verði staðfest, *að* honum sem umboðsmanni

bjargendanna, sem komið hafa sjer saman um að sækja málið í sækjendasamlagi, hjá stefnda, skipstjóra Rasmus Henrik Friis f. h. útgerðar m/sk. Dronning Agnes og vátryggjenda skips og farms, verði tildæmdar 100000 kr. í björgunarlaun eða þóknun eftir mati rjettarins með 6 % ársvöxtum frá 3. september f. á., eða til vara, frá stefnudegi, enn fremur *að* honum verði tildæmdur allur kostnaður við löghaldsgjörðina og rekstur málsins að skaðlausu, *að* með dómi sjódómsins verði viðurkent, að bjargendur eigi veðrjett í hinu bjargaða verðmæti fyrir kröfu þeirra með vöxtum og kostnaði, eins og hún verði metin af sjódóminum, og *að* rjettur bjargenda til að gera fjárnám í því, sem bjargað var, og selja það við opinbert uppboð til lúkningar kröfum þeirra, verði staðfestur af sjódóminum.

Stefndu hafa krafist sýknunar í málinu gegn því, að þeim væri gjört að skyldu að greiða stefnanda hæfilega þóknun eftir mati rjettarins fyrir aðstoð þá, er veitt var m/sk. Dronning Agnes um leið og þeir halda því fram, að um björgun sje alls eigi að ræða, heldur aðeins verðmæta aðstoð. Svo krefjast þeir og að löghaldsgjörðinni verði synjað um staðfestingu, og ennfremur krefjast þeir málskostnaðar eftir mati rjettarins. Fyrir rjettinum liggur því fyrst að athuga, hvort um björgun sje að ræða í skilningi siglingalaganna, eða aðeins um verðmæta aðstoð.

Í sjóprófunum er upplýst, að stöðva hafi orðið vél skipsins þegar eldsins varð vart, sökum þess að eldurinn æstist við gang hennar. Ennfremur hafa skipstjóri, stýrimaður, bátsmaður og einn háseta á skipinu skýrt svo frá í prófunum, að að þeirra áliti hafi skipshöfninni verið ómögulegt að slökkva eldinn án aðstoðar.

Þar sem skipið gat þannig eigi af eigin rammleik haldið ferðinni áfram, og skipshöfnin eigi megnaði á eigin spýtur að slökkva eldinn, verður rjetturinn að líta svo á, að það hafi verið „statt í neyð“ í skilningi siglingalaganna, þegar mótorbátarnir Ísleifur og Kveldúlfur komu á vettvang. Þar að auki er upplýst í sjóprófunum, að eldurinn hafi leikið um olíugeyma skipsins, en á þeim voru um 14 smálestir af olíu, og jafnvel einn þeirra verið orðinn laskaður af eldsmagninu. Er því sýnilegt, að yfirvofandi hætta hefir verið á, að sprenging yrði í skipinu, enda höfðu björgunarbátarnir verið settir á sjó, og farangur skipverja borinn á þilfar upp, með því að þeir bjuggust við að verða að yfirgefa skipið á svipstundu, einmitt fyrir þá sök, að sprenging yrði í olíugeymunum. Rjetturinn lítur því svo á, að starf mótorbátanna

Ísleifs og Kveldúlfs heyri undir ákvæði 229. gr. siglingalaganna.

Á hinn bóginn verður að álíta, að hinu eiginlega björgunarstarfi hafi verið lokið, þegar skipið var komið á grunn á Ísafirði, því að enda þótt eldurinn hjeldi áfram að eyða skipinu og eigi yrði ráðið við hann án hjálpar úr landi, verður þó að telja neyðarástandinu ljett, þegar skipinu er ráðið til grunns. Aðstaða þess eftir það virðist sambærilegust aðstöðu húss á þurru landi.

Það verður því eigi fallist á þá skoðun stefnanda, að vinnu slökkviliðs bæjarins og notkun slökkvidælu hans beri að skoða sem björgunarráðstafanir, heldur verður að skoða það sem eftirfarandi verðmæta aðstoð. Fyrir úrslit málsins hefir það þó enga þýðingu, hvernig litið er á aðstoð þá, sem bæjarfjelagið veitti, þar sem það er í sækjendasamlagi við bjargendurna, en í máli þessu er eigi um að ræða skiftingu björgunarlauna eða þóknunar fyrir veitta aðstoð milli þátttakenda.

Við ákvörðun björgunarlaunanna athugast:

Með virðingargjörð, dags 15. sept. f. á. er hið bjargaða skip virt á 25000 kr. í því ástandi, sem það var eftir brunann, en í málinu er ekkert upplýst um verðmæti þess fyrir brunann, nje heldur um það, fyrir hvaða fjárhæð það hefir verið vátrygt.

Með virðingargjörð dags. 16. september f. á. er farmur skipsins metinn á 378,195 kr. fyrir brunann, en á 253560 kr. eftir brunann, og verður verðmæti það, sem bjargað var þannig 278560 kr.

Samkvæmt framlögðum virðingargjörðum hefir verðmæti mótorbátanna, er björgunina framkvæmdu, numið 137700 kr. samtals.

Björgunarstarfið hefir verið framkvæmt með atorku og kappi, en virðist á hinn bóginn eigi hafa verið neinum sjerlegum erfiðleikum bundið, enda þótt mótorbátarnir hefðu engan sjerstakan útbúnað sem björgunarskip. Tíminn, sem björgunarstarfið tók, hefir numið ca. 3 klukkustundum, en stefnandi hefir ómótmælt tilfært, að bjargendurnir hafi tafist heilan dag frá veiðum, og að meðalafli hafi á þeim tíma numið ca. 1500 kr. á samskonar báta og hjer um ræðir. Enn er á það að líta, að það fær eigi dulist, að ærin hætta var á að tjón gæti orðið á skipum, mönnum og útbúnaði bjargenda, ef sprenging hefði orðið í skipinu.

Þegar á alt þetta er litið, finnur rjetturinn að björgunarlaun og þóknun fyrir veitta aðstoð sje hæfilega ákveðin 57000 kr.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta hina framkvæmdu lögbaldsgjörð og að öðru leyti taka kröfur stefnanda til greina, þó þannig, að vextir af hinni tildæmdu fjárhæð reiknist frá stefnudegi, og að veðrjettur stefnanda í hinum lögbundnu munum takmarkist við hina tildæmdu upphæð með vöxtum og kostnaði.

Stefnandi hefir ómótmælt tilfært, að hann, áður en til málshöfðunar kom, hafi skorað á stefndu að bjóða fram þóknun, er þeir teldu hæfilega fyrir hina veittu aðstoð, en til þess hafi þeir eigi verið fáanlegir. Fyrir því verður að telja stefndu eiga sök á að til málshöfðunar þurfti að koma, og þegar þar við bætist, að eigi þykir rjett að þeir hafa fært málið á þeim grundvelli, að að eigi væri um björgun að ræða, finnur rjetturinn að stefndu beri að greiða stefnanda málskostnað, sem og kostnað við lögbaldsgjörðina, sem í einu lagi ákveðst 800 kr.

Föstudaginn 19. jan. 1923.

Nr. 61/1922.

Jón Jónsson
(Bjarni Þ. Johnson)
gegn
Kolbeini Þorsteinssyni
(Jón Ásbjörnsson),

útaf skilagrein fyrir greiðslu skulda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. okt. 1922:

Svo framarlega sem stefnandinn, Jón Jónsson, eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu synjar fyrir það með eiði, að skuldir þær, er hvíldu á m/b. „Gammurinn“, er hann var seldur í apríl 1919, hafi numið kr. 2101,40, á stefndur Kolbeinn Þorsteinsson að greiða honum kr. 417,67 með 5 % ársvöxtum frá 25. apríl 1919 til greiðsludags. Vinni stefnandinn ekki svofeldan eið á stefndur að greiða honum 225 krónur með vöxtum eins og að framan greinir.

Málskostnaður falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Í máli þessu, sem skotið er til hæstarjettar af hendi beggja aðila, verður, svo sem gjört er í hinum áfrýjaða dómi, að telja það sannað, að upphæð skulda þeirra, er á útgerð mótorbátsins »Gammur« hvíldu, og taldar voru á lista þeim, er aðaláfrýjandi hafði sjálfur samið og afhent Einari Einarssyni fisksala, hafi verið um 200 krónum hærri, en áfrýjandi hefir kannast við, og ber því að færa niður kröfu hans um $^2/_3$ af þeirri upphæð, eða um kr. 133,33.

Í öðru lagi verður að álíta, að stefndi hafi, eftir því sem fyrir lá, haft ástæðu til þess að líta svo á, að nefndum Einari Einarssyni, sem hafði umboð áfrýjanda til þess að afsala og taka á móti peningum fyrir mótorbátinn og annast um hann sem sína eign, bæri þóknun frá áfrýjanda fyrir störf hans viðvíkjandi bátnum, eftir að áfrýjandi fór af landi burt 12. apríl 1919 til þess, er sala fór fram 23. s. m., svo og fyrir útborganir skulda þeirra, er á bátsútgerðinni hvíldu, og af brjefi áfrýjanda, dags. 21. apríl 1919, er lagt hefir verið fram í hæstarjetti, má og ráða það, að áfrýjandi hefir þá litið svo á, að Einari bæri borgun fyrir þetta, auk þeirra 160 kr., er hann hafði greitt honum fyrir að selja bátinn. Það verður því að álíta, að stefndi hafi haft heimild til þess að greiða honum þóknun í þessu skyni, en eftir því sem upplýst er í málsfærslunni um fyrirhöfn Einars hjer að lútandi, þykir sú þóknun hæfilega sett 100 kr.

Hins vegar þykir það upplýst, að sú upphæð,

42 kr. 70 au, er greidd hefir verið B. Kr. Guðmundssyni, hafi ekki staðið á lista áfrýjanda, og hafði stefndi því ekki næga heimild til að greiða honum þá upphæð, og verður hún því ekki dregin frá dómkröfu áfrýjanda.

Samkvæmt framansögðu ber frá dómkröfu áfrýjanda, 551 kr. 20 a., að draga framangreindar 133 kr. 33 a. og 100 kr., en eftirstöðvarnar, kr. 317,87, er stefndi hefir ekki gjört áfrýjanda skil fyrir, verður að dæma hann til að greiða, ásamt 5 % ársvöxtum frá sáttakærudegi 12. jan. 1922 til greiðsludags.

Eftir öllum málavöxtum þykir rjett að málskostnaður fyrir undirrjetti og hæstarjetti falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi, Kolbeinn Þorsteinsson, greiði áfrýjanda, Jóni Jónssyni, 317 kr. 87 a. með 5 % ársvöxtum frá 12. jan 1922 til greiðsludags.

Málskostnaður fyrir undirrjetti og hæstarjetti fellur niður.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 17. janúar þ. á. af Jóni Jónssyni, fisksala, Grettisgötu 39 B, gegn Kolbeini Þorsteinssyni, trjesmið, Skólavörðustíg nr. 4, og hefir stefnandi krafist þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sjer kr. 551,20 ásamt 6 % ársvöxtum frá 25. apríl 1919 til þess er greitt verði og máls kostnað út í æsar að skaðlausu, eða eftir mati rjettarins.

Stefndi hefir krafist algörðrar sýknunar af kröfum stefnanda í málinu og málskostnaðar hjá honum.

Málavextir eru þeir, að stefnandi átti $^2/_3$ hluta í mótorbátnum „Gamminum", en Sæmundur nokkur Skaftason $^1/_3$ hluta í bátnum. Seldu þeir mótorbátinn vorið 1919 og var nokkur hluti kaupverðsins greiddur við undirskrift kaupsamnings um hann, en hitt átti að greiðast síðar, og skyldi þá gefa út afsal fyrir bátnum, en áður en að því kæmi, fór stefnandi til Ameríku, og fal þá Einari Einarssyni, fisksala hjer í bænum, að annast söluna, en stefndi í þessu máli hafði boðið stefnanda og hann þegið, að stefndi skyldi taka við eftirstöðvum kaupverðsins fyrir bátinn, borga skuldir bátsins og senda stefnanda hans hluta af nettó-andvirðinu þegar hann óskaði þess. Gáfu þeir Einar og Sæmundur síðan út afsal fyrir bátnum og fengu þá greiddar 5300 krónur, og afhenti Einar stefnda þær og jafnframt lista með rithönd stefnanda, yfir skuldir þær, er greiðast áttu af bátsverðinu. Listi þessi kvað hafa glatast úr vörslum Einars Einarssonar, er hafði veitt peningum viðtöku hjá stefnda til að greiða með skuldir þær, er á listanum stóðu, en um upphæð þeirra er ágreiningur í málinu. Stefnandi heldur því fram, að skuldir þessar hafi ekki numið meiru en kr. 1612,10, hafi þá verið eftir af bátsverðinu kr. 3687,30, þar af hafi Sæmundi borið $^1/_3$ eða kr. 1229,10, en sjer $^2/_3$ eða kr. 2458,20. Af þeim hafi stefndi aðeins afhent sjer við heimkomu sína frá Ameríku kr. 1307,00 en engin fullnægjandi skil gjört sjer fyrir þeim kr. 551,20, sem þá eru eftir, og hefir hann því höfðað mál þetta og gjört rjettarkröfur þær, er að framan greinir.

Stefndi heldur því hinsvegar fram, að upphæð sú, er hann afhenti Einari til greiðslu skulda þeirra, er á bátnum hvíldu, hafi verið kr. 2101,40, og hafi þá komið til skifta milli eigenda bátsins kr. 3198,60. Af þeim hafi hann greitt Sæmundi þriðjunginn, kr. 1066,20. Hafi þá komið í hlut stefnanda kr. 3132,40, og hafi hann greitt Einari Einarssyni af þeim 225 krónur fyrir ómök hans við sölu bátsins og greiðslu skulda þeirra, er á honum hvíldu, en 1907 krónur hafi hann lagt inn í viðskiftabók við Íslandsbanka með nafni stefnanda, og eru þær sú upphæð, sem stefnandi viðurkennir að sjer hafi verið staðin skil á.

Stefnandi hefir neitað því afdráttarlaust, að stefndi hafi haft nokkra heimild til þess að greiða Einari Einarssyni nokkur ómakslaun, því hann hafi sjálfur verið búinn að því áður en hann fór til Ameríku, og þar sem stefnandi samdi sjálfur við Einar um sölu á mótorbátnum og stefndi hafði sjálfur boðist til að borga

fyrir stefnanda skuldir þær, er á bátnum hvíldu, án þess að áskilja sjer ómakslaun, og hefir ekki fært sönnur á að stefnandi hafi samþykt þessa greiðslu til Einars, því framburður Einars um það atriði, er snertir hann svo mjög sjálfan, verður ekki tekinn til greina, verður að áliti rjettarins að dæma stefnda til að greiða stefnanda þessa upphæð með 5 % ársvöxtum frá því salan á mótorbátnum fór fram, 25. apríl 1919, til greiðsludags.

Um þær kr. 326,20, sem málspörtunum ber á milli, er það áður tekið fram, að stefndi kveður þær hafa gengið til greiðslu á skuldum, sem að parti stefnanda hvíldu á m/b. „Gammur", en stefnandi neitar því, að á bátnum hafi hvílt meiri skuldir en hann hefir frá skýrt. Það er þó sannað í málinu með vitnisburði þeirra Einars Einarssonar og Sæmundar Skaftasonar að upphæð skuldanna, sem á bátnum hvíldu, hafi verið yfir 1800 krónur, eða um 200 krónum meiri, en stefnandi kannast við. Verður því að sýkna stefnda af kröfu stefnanda um greiðslu á kr. 133,33 af upphæð þeirri, er á milli ber. Að því er loks snertir þær kr. 192,87 af hinni umstefndu upphæð, sem þá eru eftir, þykir eftir öllum málavöxtum rjett að dæma stefnda til að greiða stefnanda þá upphæð, með vöxtum eins og að framan greinir, svo framarlega sem stefnandi synjar fyrir það með eiði, að skuldir þær, er hvíldu á m/b. „Gammurinn", er salan fór fram á honum í apríl 1919, hafi numið þeirri upphæð, sem stefndur heldur fram.

Málskostnaður þykir rjett að falli niður.

Miðvikudaginn 24. jan. 1923.

Nr. 62/1922.

Valdstjórnin
(Bjarni Þ. Johnson)
gegn
Stefáni Thorarensen
(L. Fjeldsted).

Brot á bifreiðalögunum.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 30. nóv. 1922:

Kærði, Stefán Thorarensen, greiði 50 króna sekt til ríkissjóðs og greiði allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Auk þess greiði hann vegagjörð ríkissjóðs kr. 442,65 í skaðabætur.

Ídæmdar skaðbætur greiðist innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, og dóminum og að öðru leyti að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Með vitnisburðum, sem fengnir hafa verið í málinu, verður að telja það sannað, að kærði hafi orðið brotlegur gegn 7. gr. laga nr. 88, 14. nóvember 1917, um notkun bifreiða, og þykir sekt hans fyrir það hæfilega ákveðin 100 kr. Með þessari breytingu, og að öðru leyti samkvæmt ástæðum hins áfrýjaða dóms, sem ekkert verulegt þykir athugavert við, má staðfesta hann.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarjetti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Kærði, Stefán Thorarensen, greiði 100 kr. sekt til ríkissjóðs. Að öðru leyti skal lögreglu-

rjettardóminum óraskað. Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarjetti, málaflutningsmannanna Bjarna Þ. Johnson og Lárusar Fjeldsted, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir verið höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Stefáni Thorarensen, lyfsala hjer í bæ, fyrir brot á lögum nr. 88, 14. nóvember 1917 um notkun bifreiða.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina, og byggjast sumpart á eigin játningu kærða og sumpart á framburði vitna þeirra, sem leidd hafa verið í málinu.

Sunnudaginn 3. september síðastl., kl. um 6 e. h., rákust mannflutningabifreiðin R. E. 165, eign Guðlaugar Þorsteinsdóttur, sem kærði stjórnaði, og vöruflutningsbifreið ríkissjóðs, R. E. 142, bifreiðarstjóri Jón Ármann Jónsson, á á þjóðveginum, sem liggur upp frá Reykjavík, rjett fyrir innan Lækjarhvamm. Vegurinn er þar 5,70 metra breiður, en breidd hvorrar bifreiðar ca. 160 cm., svo nóg rúm var fyrir þær að mætast þar. Var bifreiðin R. E. 142 á leið austur eftir (upp veginn), en bifreið kærða á leið í áttina til Reyjavíkur. Dumbungsveður var, en sá þó til sólar.

Bifreiðarnar skemdust báðar nokkuð, sjerstaklega vöruflutningsbifreiðin. Brotnaði hægra framhjól hennar og fjell hún útaf vegkantinum að hálfu og vinstra framhjólið út fyrir veginn.

Auk bifreiðarstjóra vöruflutningsbifreiðarinnar voru 3 farþegar með bifreiðinni. Hafa þeir allir verið leiddir sem vitni í málinu. Í bifreið kærða voru einnig 4 farþegar. En bifreiðin var lokuð, og gátu þeir því ekki sjeð og ekki um það borið, á hvern hátt árekstur inn hafi atvikast.

Bifreiðarstjóri R. E. 142 áleit alla sök árekstursins liggja hjá kærða, og hefir umboðsmaður vegamálastjóra því kært hann til sekta og skaðabóta, en þær nema eftir matsgerð, sem framkvæmd var af þar til dómkvöddum mönnum, kr. 407,65, auk kostnaðar við matið kr. 35,00, eða samtals kr. 442,65.

Kærði heldur því hinsvegar fram, að sökin liggi öll á herðum bifreiðarstjóra R. E. 142, og hefir komið fram með skaðabótakröfu á hendur vegagerðinni að upphæð kr. 501,00.

Það er upplýst í málinu, að rjett áður en árekstrinn varð, mætti bifreiðin R. E. 102 2 gangandi mönnum, er gengu samsíða í áttina til Reykjavíkur yst á vegkantinum hægra megin, sjeð til Reykjavíkur. Heldur kærði því fram, að bifreiðarstjóri R. E. 142 hafi keyrt þannig, að vinstri hjól bifreiðar hans hafi verið alt að 2 metrum frá vinstra vegkanti, er árekstrinn varð, og hún haft á þann hátt ca. 3,60 m. vegpláss, eða mun meira en hans bifreið. Þetta kveðst hann byggja á mælingum hjólfara bifreiðarinnar, þegar árekstrinn varð, og svo á mælingum, er hann hafði framkvæmt sjálfur ásamt vitnunum Stefáni Þorlákssyni og Gunnari Ólafssyni, bifreiðarstjórum, á förum í veginum daginn eftir, er þeir álitu vera hjólför eftir bifreið R. E. 142.

Bifreiðarstjóri R. E. 142 kveðst altaf hafa ekið svo langt úti á vinstra vegkanti, sem hann áleit forsvaranlegt. Þegar hann mætti fyrgreindum gangandi mönnum, kveðst hann hafa beygt eilítið fyrir þá, en verið kominn fullkomlega fram hjá þeim og aftur út á vegkantinn, er árekstrinn varð.

Árekstrinn varð þannig, að hægra framhjól bifreiðarinnar R. E. 165 (sjeð í áttina til Reykjavíkur) rakst innanvert við hægra framhjól R. E. 142 (sjeð frá Reykjavík), og brotnaði það hjól þannig, að ásinn, sem hjólið er fest við, tók niðri, og markaði djúpa skoru í veginn, sem stefnir skáhalt í áttina út á vegkantinn.

Lögreglan ljet framkvæma mælingar á veginum sama daginn og árekstrinn varð, og eru þær miðaðar við farið í veginum þar sem hjólásinn tók niðri, og reyndist við þá mælingu að bifreiðin R. E. 142 hafi haft yfir að ráða 2 metrum af veginum, en bifreiðin R. E. 165 3,70 metrum.

Kærði hefir ekki neitað því, að mæling þessi sje rjett. hann hefir hinsvegar haldið því fram, að staður sá, sem hjólásinn tók niðri, sje ekki sá staður, sem árekstrinn hafi orðið á, og muni bifreiðin hafa runnið 1—$1^1/_2$ til 2 lengdir sínan meðan pílárarnir í hjólinu voru að brotna og þar til ásinn tók niður, og í áttina út af vegkantinum.

Það er upplýst í málinu, að bifreiðin R. E. 142 hefir runnið nokkuð frá því að árekstrinn varð og þar til hjólásinn tók niður. Um bradа bifreiðarinnar er það upplýst, að kærði muni

hafa ekið með ca. 25 km. hraða á klukkustund, en bifreiðarstjóri R. E. 142 kveðst hafa ekið með ca. 15—18 km. hraða. Kærði hefir látið það álit í ljós, að hraði bifreiðar R. E. 142 muni hafa verið miklu meiri en hraði bifreiðar sinnar. En það er upplýst, að bifreiðin R. E. 142 hafði meðferðis, auk 4 manna, 1 tonn af vörum, og hefir bifreiðarstjóri R. E. 142 haldið því fram. að ekki sje hægt að láta bifreiðina fara hraðara en 25—30 km. á klukkustund með þeim þunga. Auk þess kveðst bifreiðarstjórinn hafa verið að draga af bensíngjöf og setja vélina á 1. gír rjett um það leyti er áreksturinn varð.

Lögregluþjónn sá, er framkvæmdi fyrumgetna mælingu, og Egill Vilhjálmsson bifreiðarstjóri, sem báðir hafa verið leiddir sem vitni í málinu, hafa látið það álit sitt í ljós, að ekki hafi verið hægt að greina með vissu förin eftir bifreiðina R. E. 142, er þeir framkvæmdu mælingu sína samdægurs og áreksturinn varð, og hefir þá því síður verið hægt að byggja nákvæma mælingu á þeim næsta dag, þegar kærði, Stefán Þorláksson og Gunnar Ólafsson, framkvæmdu mælingu sína.

Af framanskráðu verður að álíta, að niðurstaðan um það, hvor bifreiðin hafi hatt meira vegpláss í því augabliki, er áreksturinn varð, verði ekki bygð á mælingum þeim, sem fram hafa farið, og verður þá að fara eftir framburði sjónarvottanna að árekstrinum, en það eru, auk kærða og bifreiðarstjórans á R. E. 142, farþegar þeir, sem með þeirri bifreið voru, og hafa þeir allir verið leiddir sem vitni og staðfest framburð sinn með eiði.

Vitnið *Ágúst Kr. Guðmundsson* kveður bifreiðarstjóra R. E. 142 hafa keyrt „á vegkanti, eins tæpt og vitnið álítur forsvaranlegt“, og hafi hann, sem sat uppi á bifreiðinni, búist við að bifreiðin mundi steypast yfir sig út fyrir veginn við áreksturinn, og verið viðbúinn að henda sjer út af bifreiðinni hinummegin.

Kveður hann þá hafa athugað hjólför bifreiðar kærða þá samtímis, og komist að þeirri niðurstöðu, að bifreið hefði getað farið fram hjá henni hægramegin (miðað frá Reykjavík), svo langt hafi hún verið inn á veginum.

Vitnið *Þórður Jónsson* hefir borið það, að bifreiðin R. E. 142 hafi verið komin útá vinstri vegkant aftur, eftir að hafa beygt hjá hinum gangandi mönnum, og hafi hún að hans áliti verið eins nálægt vegkantinum, eins og hún gat verið, án þess að þess að velta út af veginum, er árekturinn varð. Kveður hann

vafalaust, að bifreiðin R. E. 165 hafi haft miklu meira vegpláss, en bifreiðin R. E. 142, er árekstrinn varð.

Vitnið *Magnús Guðjónsson* hefir borið, að bifreiðin R. E. 142 hafi ekið mjög utarlega á veginum, og hafi nýlega verið búin að aka fram hjá hinum gangandi mönnum. Kveðst hann ekki skilja í þeirri óaðgætni kærða, að aka á bifreiðina R. E. 142, en hann hafi ekið með miklum hraða og sagt, að hann hafi ekki sjeð bifreiðina R. E. 142.

Kærði hefir líka kannast við að hafa ekki sjeð bifreiðina R. E. 142 fyr en rjett í því augnabliki að árekstrinn varð. Kveðst hann ekki hafa verið búinn að opna glerrúðuna framan á bifreið sinni nema til hálfs, og hafi verið móða á henni.

Að öllu þessu athuguðu, og að því viðbættu, að vegurinn er beinn þar sem árekstrinn varð, og nægilegt útsýni yfir hann, þykir mega telja sannað, að kærði hafi ekki haldið sjer nægilega utarlega á veginum með bifreið sína, og með því, eins og hinu, að hafa ekki nægilega opna glerrúðuna, svo hann hefði nægilegt útsýni yfir veginn, orðið orsök í árekstrinum, því það verður ekki, eins og ásatt var, talið bifreiðarstjóra R. E. 142 til lasts, þótt hann gæfi ekki hljóðmerki, er hann sá bifreið kærða, og það gjörði kærði ekki heldur.

Verður eftir vitnaframburðum þessum ekki komist hjá því, að telja kærða sekan um brot á 6. gr. og 7. gr. laga nr. 88, 14. nóvember 1917, og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið fyrir það eftir 13. gr. þeirra, hæfilega ákveðin 50 króna sekt, er renni í ríkissjóð.

Eins og að framan getur, hefir vegagerð ríkisins krafist þess, að kærði verði dæmdur til að bæta vegagerðinni tjón það, er hún beið við árekstrinn, og verður, samkvæmt 14. gr. áðurgreindra laga, að taka þá kröfu til greina í þessu máli. Kærði hefir að vísu mótmælt hinni framlögðu matsgjörð, en svo óákveðið, að mótmælin verða ekki tekin til greina, og þar sem hann verður að teljast valdur að tjóninu, verður að dæma hann til að bæta það að fullu, og greiða vegagerð ríkissjóðs alla hina umkröfðu upphæð.

Á rekstri málsins hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 26. jan. 1923.

Nr. 62/1922. **Þorleifur Jónsson**
(Sig. Sigurðsson)
gegn
Jónatan Þorsteinssyni
(Pjetur Magnússon),

útaf upphæð stundavinnukaups.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. júní 1922:

Stefndur, Jónatan Þorsteinsson, greiði stefnandanum, Þorleifi Jónssyni, kr. 40,50 með 4 % ársvöxtum frá 23. febrúar 1921 til borgunardags, en sje að öðru leyti laus við kröfur hans í þessu máli.

Málskostnaður fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja áður liðnir eru 15 dagar frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða dómi, er ágreiningurinn milli málsaðila í því fólginn, að áfrýjandi heldur því fram, að ekkert hafi um kaup verið samið, og hafi hann þá talið það sjálfsagt, að hann fengi kaup það, er fulltrúar verkmannafjelagsins Dagsbrún og fulltrúar fjelags atvinnurekenda hjer í bænum höfðu komið sjer saman um, kr. 1,48 á klukkustund, en stefnandi heldur því hinsvegar fram, að hann hafi sagt áfrýjanda, er hann falaðist eftir vinnunni hjá honum, að hann vildi ekki borga meira en 1 kr. um kl.stund, og hafi áfrýjandi ekki hreyft mótmælum gegn því.

Þar sem nú skýrsla stefnda um kaupið styðst við það, að sama daginn og áfrýjandi rjeðst til vinnunnar, rjeðust að minsta kosti 4 menn aðrir til hinnar sömu vinnu fyrir 1 kr. um kl.stund, og stefndi hefir auk þess ómótmælt haldið því fram, að honum

um þetta leyti hafi boðist nógir menn til hinnar umræddu vinnu, er var í því fólgin að laga lóðina kringum hús hans, fyrir umgetið kaup, þykir rjett, samkvæmt varakröfu stefnda, að láta úrslit máls þessa velta á eiði áfrýjanda, þannig, að ef hann neitar því með eiði, að stefndi hafi, áður en hann byrjaði vinnuna, sagt honum að hann vildi ekki greiða hærra kaup en 1 kr. um kl.stund, þá ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda 59 kr. 94 a. með 5 % ársvöxtum frá 23. febr. 1921 til greiðsludags, og fellur þá málskostnaður niður, með því að áfrýjandi hefir fallið frá kröfu um málskostnað, en vinni áfrýjandi ekki svofeldan eið, greiði stefndi, svo sem ákveðið er í hinum áfrýjaða dómi, kr. 40,50 með vöxtum, og á þá málskostnaður í undirrjetti að falla niður, en málskostnað fyrir hæstarjetti greiði áfrýjandi með 100 kr.

Því dæmist rjett vera:

Ef áfrýjandi, Þorleifur Jónsson, eftir löglegan undirbúning neitar því með eiði, að stefndi, Jónatan Þorsteinsson, hafi, áður en áfrýjandi byrjaði vinnuna, látið í ljósi, að hann vildi ekki greiða hærra kaup en 1 kr. um klukkustund, þá greiði stefndi áfrýjanda 59 kr. 94 a. með 5 % ársvöxtum frá 23. febr. 1921 til greiðsludags og fellur þá málskostnaður niður bæði í undirrjetti og hæstarjetti, en vinni áfrýjandi ekki eiðinn, greiði stefndi honum 40 kr. 50 a. með 5 % ársvöxtum frá 23. febr. 1921 til greiðsludags, og fellur þá málskostnaður í undirrjetti

niður, en málskostnað fyrir hæstarjetti greiði áfrýjandi stefnda með 100 kr.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með stefnu útgefinni 10. nóv. f. á. hefur Þorleifur Jónsson, verkamaður, Bjargarstíg 17, hjer í bænum, höfðað mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, gegn Jónatan Þorsteinssyni, kaupmanni, til heimilis á Sólvöllum hjer í bæ og hefur stefnandi krafist þess að stefndur verði dæmdur til að greiða sjer kr. 59,94 fyrir vinnu, með 6 % ársvöxtum frá 23. febrúar 1921 til borgunardags og málskostnað eftir reikningi eða mati rjettarins.

Stefndur hefur viðurkent að sjer beri að greiða stefnanda kr. 40,50 og kveðst jafnan hafa verið reiðubúinn að borga þá fjárhæð. Að öðru leyti hefur hann krafist sýknunar og að sjer verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu eða eftir mati rjettarins.

Hin umstefnda skuld er sprottin af því, að í febrúar f. á. vann stefnandi 40½ klst. hjá stefndum við hús hans á Sólvöllum. Heldur stefnandi því fram, að ekkert hafi um kaupið verið samið, en hann hafi gengið út frá því sem gefnu, að hann fengi það kaup, sem þá var ákveðið af verkamannafjelaginu „Dagsbrún" en það var þá kr. 1,48 á kl.st. og við það er krafa hans miðuð.

Stefndur heldur því aftur á móti fram, að hann hafi sagt stefnanda, er þeir ræddu um vinnuna, að hann vildi ekki borga nema 1 kr. um kl.st. hverja og hafi stefnandi ekki hreyft mótmælum gegn því, heldur farið í vinnuna.

En þegar greiða átti kaupið hafi stefnandi neitað að taka við þessu kaupi og heimtað kr. 1,48 með því að hann væri í tjeðu verkamannafjelagi og gæti því eigi unnið fyrir lægra kaup.

Það er upplýst í málinu, að stefndur hafi ekki borgað öðrum mönnum er samskonar vinnu unnu á sama tíma nema 1 kr. um kl.st. hverja og virðast því líkur á, að hann hafi ekki ætlast til að stefnandi fengi hærra kaup, enda ekkert í málinu sem bendi á að hann hefði átt að geta sjeð, að stefnandi vildi eigi vinna fyrir svo lágt kaup um þetta leyti árs þegar venjulega er fremur

lítið um vinnu. Og með því að stefnandi hefur eigi sannað það, að stefndur hafi vakið hjá honum rjettmæta von um hærra kaup en samverkamenn hans fengu, sjer rjetturinn ekki fært að taka kröfur hans til greina og ber því að eins að dæma stefndan til að greiða þær 40 kr 50 au., sem hann hefur boðið fram með 4 % ársvöxtum frá 23. febr. 1921 til borgunardags.

Málskostnaður þykir eftir atvikum rjett að falli niður.

Mánudaginn 5. febr. 1923.

Nr. 38/1922. **Tanke Hjemgaard**
(Magnús Guðmundsson
gegn
Halldóri Jónssyni
(Jón Ásbjörnsson).

Ómerkingardómur. Of stuttur stefnufrestur.

Dómur aukarjettar Seyðisfjarðarkaupstaðar 11. febr. 1922: Tanke Hjemgaard, kaupmaður í Haugesund, greiði Halldóri Jónssyni, kaupmanni á Seyðisfirði, kr. 5886,70 með 6 % ársvöxtum frá sáttakærudegi til greiðsludags og kr. 15,00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstarjettar samkvæmt uppreistarleyfi dags. 31. ágúst f. á. og hefir áfrýjandi krafist þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá undirrjettinum.

Það er upplýst hjer fyrir rjettinum, að áfrýjandi átti lögheimili bæði á Seyðisfirði og í Haugesund í Noregi þegar stefnan til hjeraðsdómsins var

gefin út og birt. Var stefnda samkvæmt 8. gr. í lögum nr. 63, 14. nóv. 1917, um stefnubirtingar, heimilt að kjósa um á hvorum staðnum hann ljet birta stefnuna og kaus hann að láta birta áfrýjanda hana á heimili hans í Haugesund og bar þá að miða stefnufrestinn við þann stað eða heimili og telja hann að minsta kosti þrjá mánuði samkvæmt 4. gr. í lögum nr. 62, 14. nóv. 1917, um stefnufrest til íslenskra dómstóla. Með því nú að ekki liðu fullir þrír almanaksmánuðir frá því stefnan var birt til dómfestingar í hjeraði og áfrýjandi hvorki mætti nje ljet mæta þar, þá verður samkvæmt kröfu hans að ómerkja dóminn og alla meðferð málsins í hjeraði og vísa málinu frá undirrjettinum.

Svo ber og samkvæmt kröfu áfrýjanda að dæma stefnda til að greiða málskostnað fyrir hæstarjetti og ákveðst hann 100 krónur.

Það athugast, *að* stefnufrestur er ekki ákveðinn í stefnu hjeraðsdómarans, *að* hann hefir haft málið undir dómi í 10 vikur án þess að dráttur þessi sje rjettlættur og *að* dómsgjörðirnar eru ekki stimplaðar.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og vísast málinu frá undirrjettinum.

Stefndi, Halldór Jónsson, greiði áfrýjanda, Tanke Hjemgaard, 100 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 7. febr. 1923.

Nr. 66/1923.

Ágúst Jónsson
(Bjarni Þ. Johnson)
gegn
Helgu Jónasdóttur
(L. Fjeldsted),

útaf rjetti til riftingar kaupa á bifreið.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. febr. 1922: Stefnandanum Helgu Jónasdóttur er rjett að rifta kaupum þeim á hálfri bifreiðinni R.E. 45, er hún gjörði við stefndan, Ágúst Jónsson 27. júní 1919. Stefndur greiði stefnandanum 2000 krónur með 6 % ársvöxtum frá 23. janúar 1920 til greiðsludags og 100 krónur í málskostnað gegn því að stefnandi sleppi öllu tilkalli til hins umrædda bifreiðarhelmings. Hið ídæmda greiðist innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar:

Samkvæmt ástæðum hins áfrýjaða dóms og með því að nýjar skýrslur, sem lagðar eru fram í hæstarjetti, geta eigi breytt niðurstöðu dómsins ber að staðfesta hann.

Málskostnað fyrir hæstarjetti ber áfrýjanda að greiða stefndu og ákveðst hann 200 kr.

Það er aðfinsluvert, að málflutningsmanni stefnanda í hjeraði hafa verið veittir 10 framhaldsfrestir í málinu, samfleytt rúmlega 7 mánuði, án þess að sjeð verði, að nokkur þörf hafi verið fyrir þennan langa frest, enda dómaranum engin grein gjörð fyrir nauðsyn hans.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandi, Ágúst Jónsson, greiði stefndu, Helgu

Jónasdóttur, 200 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er að undangenginni árangurslausri sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 6. febrúar f. á. af Helgu Jónasdóttur, hjer í bæ gegn Ágústi Jónssyni veggfóðrara, til heimilis í Mjóstræti 10 hjer í bæ. Hefir stefnandi krafist þess að henni verði dæmdur rjettur til að rifta kaupum á $^1/_2$ bifreið, er hún keypti af stefndum 27. júní 1919 og að stefndur verði dæmdur til endurgreiðslu á kaupverði hennar kr. 2000,00, er hún hafði greitt, með 6 % ársvöxtum frá 27. júní 1919 til greiðsludags og til að greiða kr. 300,00 í skaðabætur fyrir samningsrof svo og málskostnað eftir mati rjettarins.

Stefndur hefir krafist sýknunar í málinu og að stefnandi verði dæmd til að greiða sjer málskostnað að skaðlausu eftir mati rjettarins.

Málavextir eru þeir, að með afsalsbrjefi dags. 27. júní 1919 afsalaði stefndur stefnanda hálfa bifreiðina R.E. 45, sem hann átti að helmingi móti Sigmundi Jónssyni bifreiðarstjóra, fyrir umsamið kaupverð kr. 2000,00, sem var samstundis greitt. Er svo tekið fram í afsalsbrjefinu, að bifreiðinni skuli fylgja öll „vara-stykki, sem okkur hefir komið saman um og eru kr. 600 — sexhundruð króna — virði að óvilhallra manna mati“ og ennfremur tekið svo til orða: „Engin veðbönd hvíla á tjeðri bifreið . . . . .“

Seinna kom það í ljós, að meðeigandi bifreiðarinnar hafði veðsett með brjefi dags. 20. maí s. á. óstefndum mönnum „bifreið mína R.E. 45, með fyrsta veðrjetti . . . .“ til tryggingar 2400,00 króna víxilskuld og er veðskuldabrjef þetta þinglesið 22. maí s. á.

Varð þetta til þess eftir því sem sjeð verður, að gengið var að bifreiðinni af skuldareigendum, er eigi var staðið í skilum með greiðslu skuldarinnar.

Ennfremur heldur stefnandi því fram, að vara-stykki þau, er fylgdu bifreiðarhlutu þeim, er hún keypti hafi að eins verið kr. 108,50 virði í stað kr. 600,00. Telur hún þetta svo veruleg-

ar vanefndir að hún hafi rjett til að rifta kaupunum á bifreiðarhelmingnum og hefir gjört rjettarkröfur þær, er fyr getur.

Stefndur hefir haldið því fram, að tilgreind orð í afsali hans um veðsetning bifreiðarinnar hafi að eins átt við hluta hans í henni og hafi hann verið veðbandalaus, því sameigandi sinn hafi fyrst og fremst ekki ætlað að veðsetja nema sinn hluta bifreiðarinnar með framannefndu veðsetningarskjali, en þótt svo væri ekki, hefði hann brostið heimild til að veðsetja sinn hluta (stefnanda) og veðrjetturinn því verið ógildur að því er til hans tæki.

Spurningin um gildi veðrjettarins á hluta stefnds í bifreiðinni R.E. 45 verður ekki afgjörð í þessu máli þar sem veðhöfunum hefir ekki verið stefnt í því. Hitt virðist ljóst að hvort sem hann er gildur eða ógildur hefir hann haft í för með sjer óþægindi fyrir stefnanda og þar sem beint er tekið fram í afsalinu að *bifreiðin* sje óveðsett og það gat skift stefnanda máli fjárhagslega þótt veðrjetturinn næði ekki nema til hluta meðeigenda hennar, verður að álítast að stefndur hafi tekið ábyrgð á að bifreiðin væri óveðsett.

Stefndur hefir mótmælt því að stefnandi hafi ekki fengið vara-stykki þau, er bifreiðinni átti að fylgja eftir afsalinu. Stefnd hefir lagt fram skoðunar- og matsgjörð tveggja dómkvaddra manna, þar sem þeir lýsa því yfir, að þeir hafi metið vara-stykki þau, „sem okkur voru sýnd af báðum málspörtum tilheyrandi allri bifreiðinni R.E. 45“ og hafa þeir metið þau á samtals kr. 217,00.

Þykir því þar sem matsgjörð þessari hefir ekki verið mótmælt með nægilegum rökum, mega ganga út frá því að vantað hafi á, að afsalið hafi verið uppfylt að þessu leyti.

Af framansögðu þykir svo miklar vanefndir hafa orðið á umræddum bifreiðarkaupum af hálfu stefnds, að stefnandi eigi rjett á að rifta þeim og verður að dæma stefndan til að endurgreiða stefnanda kaupverð bifreiðarinnar kr. 2000,00. Þar sem upplýst er í málinu að stefnandi hefir haft not bifreiðarinnar einhvern tíma, verða henni ekki tildæmdar skaðabætur þær er hún hefir krafist og vexti af tildæmdri upphæð að eins frá sáttakærudegi 23. janúar 1920.

Málskostnað þykir stefndur eiga að greiða stefnanda með kr. 100,00.

Föstudaginn 9. febr. 1923.

Nr. 6/1923. **Ólafur Thors f. h. h/f. „Kveldúlfur“**
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Sigurður Sigurðsson),

útaf greiðslu stimpilgjalds.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. júní 1922: Stefndur, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Ólafs Thors f. h. h/f. „Kveldúlfur“ í þessu máli, en stefnandi að greiða stefndum 300 krónur í málskostnað, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar:

Að því athuguðu, að lög nr. 2/1920 lögleiða, enda þótt þau nefnist viðaukalög við stimpilgjaldslögin frá 1918 og gjaldið samkvæmt þeim stimpilgjald, í rauninni verðtoll af öllum innfluttum vörum öðrum en þeim, sem þau beint undanskilja, og að öðru leyti af ástæðum þeim, sem greindar eru í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta dóminn.

Samkvæmt þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti, og ákveðst hann 300 kr.

Því dæmist rjett vera:

Bæjarþingsdóminum skal óraskað.

Áfrýjandi, Ólafur Thors f. h. hlutafjelagsins Kveldúlfs, greiði stefnda, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, 300 kr. málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitan höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 26. október f. á. af Ólafi Thors, framkvæmdarstjóra f. h. h/fj. „Kveldúlfur" hjer í bænum gegn fjármálaráðherra Íslands f. h. ríkissjóðs til endurgreiðslu á samtals 13000 krónum, sem nefnt hlutafjelag greiddi í stimpilgjald og viðskiftanefndargjald árið 1920, ásamt 6 % ársvöxtum af upphæðinni frá 25. september 1920 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar í þessu máli að skaðlausu, eftir mati rjettarins.

Stefndur hefir krafist algjörðrar sýknunar af kröfum stefnanda í málinu og málskostnaðar hjá honum að skaðlausu samkvæmt mati rjettarins.

Málavextir eru þeir, að 18. mars og 10. apríl 1920 komu hingað til bæjarins frá Bretlandi 2 botnvörpuskip er h/fj. „Kveldúlfur" hafði látið smíða þar. Krafði lögreglustjórinn hjer í bænum fjelagið um stimpilgjald, 1 % af andvirði skipanna, sem kostað höfðu bæði 1040000 krónur, samkvæmt lögum nr. 2 frá 15. mars 1920 og ¼ % í viðskiftanefndargjald samkvæmt reglugjörð 12. mars s. á. sbr. lög nr. 1 frá 8. mars 1920 og bráðabirgðalög nr. 3 frá 15. apríl s. á. Nam stimpilgjaldið af báðum botnvörpuskipunum kr. 10400,00 en viðskiftanefndargjaldið kr. 2600,00. Hlutafjelagið „Kveldúlfur" taldi sjer nú ekki skylt að greiða gjöld þessi en til þess að fá frjáls umráð yfir skipunum og þau skrásett hjer, greiddi fjelagið hin umkröfðu gjöld, samtals 13000 krónur, með fyrirvara, höfðaði síðan mál þetta og hefir gjört rjettarkröfur þær, er að framan greinir.

Endurgreiðslukröfu sína byggir stefnandi á því, að hin umræddu gjöld sjeu að eins lögð á „vörur" en skip sjeu ekki „vara" að minsta kosti ekki þegar þau sjeu flutt inn, ekki til sölu, heldur til útgjörðar á eigin kostnað, eins og hjer hafi átt sjer stað. Máli sínu til sönnunar hefir hann lagt fram vottorð frá kennara í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands, Sigurði Nordal, prófessor, þess efnis að það mundi ekki vera í samræmi við daglega málvenju að telja, að sá maður, sem keypti sjer eitt skip til þess að gera það út til veiða eða flutninga, væri að flytja vöru til landsins, en prófessorinn tekur það beint fram í vottorði sínu, að hann vilji ekkert um það segja, hvernig orðið *vara* muni vera notað í íslensku lagamáli, eða hvort því kunni að hafa verið gefin þar rýmri eða þrengri merking en í venjulegu máli.

Þá heldur stefnandi því og fram, að ákvæðið í 1. gr. lag-

anna nr. 2 frá 1920 um að stimpilgjaldið skuli reiknað eftir innkaupsverði varanna: „kominna um borð í skip, er flytja vörurnar hingað til lands", sýni, að í lögunum sje að eins átt við vörur í venjulegri merkingu orðsins og að gjaldið geti ekki náð til skipa, sem keypt eru frá útlöndum og siglt hingað.

Stefndur heldur því hinsvegar fram, að í íslensku lagamáli, sjerstaklega í viðskiftalögunum og í skattalöggjöfinni hafi orðið vörur, víðtækari merkingu en í daglegu máli og í skattalöggjöfinni svo víðtæka, að enginn vafi sje í því, að skip falli inn undir hugtakið „vörur" í skatta- og tollmálum.

Á þessa skoðun stefnds verður rjetturinn að fallast.

Í viðskiftalögum nr. 31 frá 11. júlí 1911, er orðið „vara" sumstaðar haft í sömu merkingunni og danska orðið „Genstand" í viðskiftalögunum dönsku (sjá t. a. m. 27. gr. og 30. gr. íslensku viðskiftalaganna).

Í 1. gr. vörutollslaganna nr. 30. frá 22. október 1912 er lagður tollur á „vörur", sem fluttar eru til Íslands og orðið notað þar í svo rúmri merkingu, að það innifelur í sjer bæði skip og báta, venjulegan farangur ferðamanna o. fl. sem ekki er kallað „vara" í daglegu máli, sjá undantekningarákvæðið í sömu grein. Sömu rúmu merkinguna hefir orðið „vara" eða „vörur" í lögum nr. 22 frá 20. október 1913, nr. 45 frá 2. nóvember 1914 og nr. 38 frá 27. júní 1921.

Það virðist nú ástæðulaust að ætla að hugtökin „vara" og „varningur" sjeu notuð í annari og þrengri merkingu í lagaákvæðum þeim, sem á veltur í þessu máli, en í hinum tilvitnuðu lagaákvæðum, þar sem um náskyld efni er að ræða og hin tilvitnuðu lagaákvæði eru bæði eldri og yngri en hin.

Það verður heldur eigi bygt á ákvæðinu í 1. gr. laganna nr. 2 frá 1920 um, að stimpilgjaldið skuli miðað við innkaupsverð varanna, „kominna um borð í skip, er flytja vörur hingað til lands" að hugtakið vörur sje þar notað í hinni daglegu þrengri merkingu orðsins, því það ákvæði er miðað við venjulegan flutning til landsins og aðallega sett til þess að skýra, að eigi megi leggja flutningsgjaldið við innkaupsverð varanna þegar stimilgjaldið er ákveðið. Þvert á móti sýnir undantekningarákvæðið í sömu grein um venjulegan farangur ferðamanna, að orðið vörur í þeim lögum er notað í rýmri merkingunni því að öðrum kosti væri það ákvæði beint óþarft og villandi.

Rjetturinn verður því að vera þeirrar skoðunar að stimpil-

gjaldið og viðskiftanefndargjaldið fyrir skip h/fj. „Kveldúlfur" hafi verið krafin að lögum og að sýkna verði stefndan af kröfunni um endurgreiðslu á þeim og eftir þeim úrslitum þykir verða að taka til greina málskostnaðarkröfu stefnds og dæma stefnanda til að greiða honum málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 300 krónur.

Miðvikudaginn 14. febr. 1923.

Nr. 67/1922. **O Ellingsen**
(L. Fjeldsted)
gegn
lögreglustjóra Reykjavíkur
f. h. ríkissjóðs
(Bjarni Þ. Johnson),

útaf tekjuskatti. Frávísunardómur.

Úrskurður fógetarjettar Reykjavíkur 2. maí 1922: Hin framkomnu mótmæli verða eigi tekin til greina og á lögtaksgjörðin fram að fara á ábyrgð gjörðarbeiðanda.

Dómur hæstarjettar.

Mál þetta er risið útaf tekjuskatti og dýrtíðar- og gróðaskatti, sem áfrýjanda var gjört að greiða á manntalsþingi 1921, að upphæð 5920 kr. Af upphæð þessari greiddi áfrýjandi 2320 kr., en þareð hann neitaði að greiða eftirstöðvar skattsins, 3600 kr., krafðist lögreglustjórinn í Reykjavík að þær væru teknar lögtaki hjá honum. Um þessa kröfu kvað fógetarjettur Reykjavíkur hinn 2. maí f. á. upp þann úrskurð, að hin framkomnu mótmæli yrðu ekki tekin til greina og að lögtaksgjörðin ætti fram að fara.

Þessum úrskurði hefir áfrýjandi að fengnu uppreistarleyfi útgefnu 29. des. f. á., skotið til hæsta-

rjettar með stefnu dags s. d. og síðan með nýrri stefnu dags. 25. f. m., en með því að uppreistarleyfið hefir verið gefið út eftir að liðinn var missirisfrestur sá, er ákveðinn er í 11. gr. í lögum nr. 29, 16. des. 1885, en lagaákvæði þetta stendur óhaggað af hæstarjettarlögunum, brast heimild til að veita uppreist til áfrýjunarinnar, og verður því ex officio að vísa málinu frá rjettinum.

Málskostnaðar hefir ekki verið krafist af stefnda hálfu og fellur hann því niður.

Því dæmist rjett vera:

Máli þessu vísast frá hæstarjetti. Málskostnaður falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Á skrá yfir eigna- og atvinnutekjur í Reykjavík 1919 og tekjuskatt 1921 var O. Ellingsen, kaupmaður hjer í bænum, settur með 50000 króna atvinnutekjur árið 1919 og var honum gjört að greiða af þeim tekjum á manntalsþingi 1921 kr. 5320,00 í tekjuskatt samkvæmt tekjuskattslögunum og í dýrtíðar- og gróðaskatt kr. 600,00 eftir lögum nr. 20 frá 5. október 1918.

Þar sem O. Ellingsen neitaði að greiða nema 2320 krónur af tekjuskattinum og allan dýrtíðar- og gróðaskattinn hefir lögreglustjórinn í Reykjavík sem innheimtumaður skatta þessara krafist lögtaks hjá honum fyrir 3000 krónum af tekjuskattinum og öllum dýrtíðar- og gróðskattinum, 600 krónum, samtals kr. 3600,00 ásamt kostnaði við lögtakið og venjulegum sölukostnaði.

Gjörðarþoli hefir nú mótmælt því að lögtakskrafan nái fram að ganga af þeirri ástæðu, að tekju-upphæð sín árið 1919 sje af vangá sett 50000 krónur í tekjuskattsskrána fyrir 30000 krónur. Hafi skattanefndin gjört sjer þá upphæð í tekur en hún misritast í skrána. Af 30000 króna atvinnutekjum sje tekjuskatturinn ekki nema 2320 krónur og af ekki meiri tekjum eigi engan dýrtíðar- og gróðaskatt að greiða eftir áðurnefndum lögum.

Gjörðarþoli hefir kannast við það, að hann hafi ekki sjálfur gefið skattanefndinni upp atvinnutekjur sínar umrætt ár og að hann hafi ekki athugað skattaskrána meðan hún lá frammi lögum samkvæmt nje kært yfir misrituninni en kveður ástæðuna til þess hafa verið þá, að einn af skattanefndarmönnunum hafi sagt sjer að skattanefndin hefði sett hann í skatt af 30000 krónum enda nemi sú upphæð fyllilega tekjum sínum árið 1919. Hann hefir lagt fram í málinu vottorð frá skattanefndinni þess efnis, að við niðurröðun hinnar umræddu skattaskrár hafi komist inn villa að því er gjörðarþola snerti, þannig, að honum sjeu gjörðar 50000 króna tekjur í stað þess að það eigi að vera 30000 króna tekjur og skattur samkvæmt því. Skattaskráin er undirrituð af skattanefndinni 18. janúar 1921, og vottorðið um framlagningu hennar og leiðrjettingar eftir úrskurðum um framkomnar kærur 15. apríl s. á., en framan nefnt vottorð er dags. 6. október og 2. desember 1921 og eftir því, sem upplýst er í málinu, bygt á minni tveggja skattanefndarmannanna. Formaður nefndarinnar var veikur og fjarverandi úr nefndinni er tekjur gjörðarþola voru áætlaðar af henni.

Það er ekki véfengt af gjörðarþola að hinn umkrafði tekjuskattur og dýrtíðar- og gróðaskattur sjeu rjett krafðir af honum eftir skattaskránni eins og frá henni var gengið af hálfu skattanefndar og yfirskattanefndar og þykir verða að fara eftir skránni við innheimtu skattanna, enda eru engar sönnur á það færðar í málinu, að atvinnutekjur gjörðarþola hafi ekki numið 50000 krónum árið 1919. Hann hefir játað það, að hann hafi enga stattusbók fært og geti því ekki gefið upp atvinnutekjur sínar umrætt ár svo sem á hann hefir verið skorað en órökstudd staðhæfing hans eftir á um það, að þær hafi ekki farið fram úr 30000 krónum, er engin sönnun í því efni. Þá hefir hann heldur eigi gegn mótmælum gjörðarbeiðanda fært neinar sönnur á, að ástæðan til þess, að hann athugaði ekki skattaskrána meðan hún lá frammi, hafi verið sú, er hann hefir tilgreint, ekki einu sinni vottorð skattanefndarmanns þess, er á að hafa sagt honum frá tekjuskattsupphæð hans. Við þetta bætist, að ef taka ætti til greina vottorð undirskattanefnda, gefin eftir minni löngu eftir að þeir hafa gengið frá skattaskránum fyrir sitt leyti og sent þær frá sjer, þá væri mjög svo dregið úr því valdi, sem skattanefndum er fengið í 20. grein tekjuskattslaganna nr. 23 frá 14. desember 1877 sbr. landshöfðingjabrjef frá 12. apríl 1890 og 6. gr. tekjuskattslaga nr. 54 frá 26. október 1917 að því er skattskrárnar snertir.

Fógetarjetturinn fær því eigi sjeð, að hægt sje að taka hin framkomnu mótmæli gegn framgangi lögtaksgjörðar þessarar til greina.

Mánudaginn 19. febr. 1923.

Nr. 34/1922. **Geo. Copland**
(Björn P. Kalman)
gegn
Haraldi Böðvarssyni f. h. firmans Haraldur Böðvarsson & Co.
(Jón Ásbjörnsson),
útaf rifting fiskkaupa.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 8. júní 1922:
Ef stefnandi, Haraldur Böðvarsson, eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu synjar fyrir það með eiði, að stefndur, Geo. Copland, hafi áskilið sjer í samningi þeirra um fiskkaupin í marsmánuði 1918, að honum (Copland) væri frjálst að rifta samningnum ef útflutningur á fiski yrði af einhverjum ástæðum stöðvaður, á stefndur að greiða honum f. h. firmans „Haraldur Böðvarsson & Co.“ kr. 111974,75 með 6 % ársvöxtum frá 26. september 1918 til greiðsludags og 1200 krónur í málskostnað.

Vinni stefnandi hins vegar ekki svofeldan eið á stefndur að vera sýkn af kröfum hans f. h. nefnds firma í þessu máli og málskostnaður að falla niður.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirting hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Það verður að telja vafalaust, að hinn umsamdi fiskur, sem ágreiningur er um í þessu máli, hafi af aðaláfrýjanda verið ætlaður beint til útflutnings og að gagnáfrýjanda hafi verið þetta ljóst, þar sem hann skuldbatt sig til að skila fiskinum fob á Akranesi,

En þessari skuldbindingu gat gagnáfrýjandi eigi fullnægt. Þegar ráðstafanir stjórnarinnar um útflutning á íslenskum afurðum ársins 1918 hófust var gagnáfrýjandi eigandi og umráðamaður hins umsamda fiskjar eða þess af honum, sem hann þá hafði aflað, og var honum því skylt samkvæmt reglugjörð 11. júní 1918 að bjóða fiskinn útflutningsnefndinni, sem hafði rjett til að kaupa hann handa bandamönnum og taka hann eignarnámi, ef eigi gekk saman um verð og söluskilmála við seljanda. Með þessum ráðstöfunum var gagnáfrýjanda bannað að fullgjöra kaupin við aðaláfrýjanda, og voru samningsslit af þeirri ástæðu báðum aðilum ábyrgðarlaus, aðaláfrýjanda jafnt fyrir það, þótt hinn umþrætti fyrirvari hefði eigi verið gjörður í samningnum. Eftir þessu verður að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í málinu.

Málskostnaður fyrir bæjarþinginu þykir rjett að falli niður, en málskostnað fyrir hæstarjetti verður gagnáfrýjandi að greiða aðaláfrýjanda og ákveðst hann 500 kr.

Á rekstri málsins hefir staðið óhæfilega lengi í bæjarþinginu, hátt á 4. ár; hafa málaflutni gsmenn aðila fengið marga og langa fresti og eigi verið látnir tilgreina, til hvers þá ætti að nota, og að síðustu voru málflutningsmanni gagnáfrýjanda veittir 19 frestir samfleytt í 370 daga, er hann þó eigi notaði en lagði málið í dóm við svo búið. Þessi meðferð málsins, bæði af hendi hjeraðsdómara og málflutningsmanna er mjög aðfinsluverð.

Því dæmist rjett vera:

Aðaláfrýjandi Geo. Copland á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda Haraldar Böðvarssonar

fyrir hönd firmans Haraldur Böðvarsson & Co. — Málskostnaður fyrir bæjarþinginu falli niður, en gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda 500 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Haraldur Böðvarsson kaupmaður hjer í bænum hefir f. h. firmans Haraldur Böðvarsson & Co. sama staðar að undangenginni árangurslausri sáttatilraun höfðað mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu útgefinni 7. október 1918 gegn stórkaupmanni George Copland, hjer í bænum og krafist þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sjer fyrir hönd tjeðs firma kr. 170998,25 með 6 % ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags og málskostnað eftir mati rjettarins.

Stefndur hefir krafist algjörðrar sýknunar í málinu og málskostnaðar eftir mati rjettarins.

Á hinni umstefndu fjárhæð stendur þannig, að stefnandi gerði í mars 1918 samning við stefndan um að selja honum 2000 skpd. af fiski frá því ári og nam andvirði þess fiskjar 472700 krónum, en stefndur riftaði þessum samningi vegna útflutningstálmana á fiskframleiðslu 1918 og fjekk stefnandi þá eigi fyrir fiskinn nema 301701 kr. 75 au. Mismunurinn á þessum fjárhæðum er hin umstefnda upphæð og telur stefnandi stefndan skyldan að greiða sjer hana, þar sem hann hafi riftað áðurnefndum samningi án lögmætra ástæðna.

Aðiljar eru sammála um það, að í mars 1918 hafi þeir gert munnlega samning um áðurnefnd kaup og um kaupverðið er eigi heldur neinn ágreiningur. Eftir að mál þetta hófst hefir stefnandi fengið uppbætur á umræddan fisk, er nema samtals kr. 59023,50, sem aðiljar virðast sammála um að draga megi frá dómkröfunni, sem þá verður kr. 111974,75. Stefndur hefir engum athugasemdum hreyft um útreikning kröfunnar og ekki heldur haldið því fram, að stefnandi hafi fengið eða hefði getað fengið meira fyrir fiskinn. Ágreiningurinn í málinu er eingöngu um það hvort stefnda hafi verið heimilt að rifta kaupsamningnum um fiskinn, en það atriði veltur aftur á innihaldi samningsins, sem aðiljar eru ósammála um.

Í málinu hefir verið lagt fram samningsuppkast, sem stefndur heldur fram að sje samhljóða hinum munnlega samningi, sem fyr er nefndur. Síðasta málsgrein þessa uppkasts er svohljóðandi: „Ef það kemur fyrir, að útflutningur á fiski verði stöðvaður hjeðan af einhverjum ástæðum, er það á valdi kaupanda hvort hann vill upphefja samninginn eða halda honum áfram“. Nú fór það svo, að með reglugjörð 22. apríl 1918, sbr. auglýsing 24. maí s. á. var heftur útflutningur á afurðum landsins, framleiddum á því ári og notaði stefndur þetta til að rifta hinum gerða samningi.

Stefnandi heldur því aftur á móti fram, að stefndur hafi eigi í hinum munnlega samningi orðað neitt um fyrirvara þann eða skilyrði, er felst í niðurlagi því í samningsuppkastinu, sem tilfært er hjer að framan og hann heldur því ennfremur fram, að ef slíkt skilyrði hefði verið sett mundi sjer aldrei hafa dottið í hug að selja stefnda fiskinn, því að sjer hafi verið innan handar að selja hann öðrum skilyrðislaust fyrir svipað verð, og því til sönnunar hefir hann lagt fram fiskkaupaskýrslu ýmsra manna og fjelaga hjer í bænum, sem keyptu fisk í stærri stíl fyrri hluta ársins 1918 og ennfremur útdrátt úr símskeyti og brjefi til fjelaga sinna í Bergen, þar sem söluverðið samkvæmt samningnum við stefndan er tilgreint án þess að nokkurt skilyrði sje nefnt. Ennfremur hefir hann lagt fram tvo sölusamninga um fisk, er hann seldi stefndum í febrúar og apríl 1918, án þess að umræddra skilyrða sje getið, en þeir sanna ekkert í þessu efni, því þeir eru um fisk frá árinu 1917, en tjeðar sölutálmanir náðu eigi nema til framleiðslu ársins 1918.

Stefndur hefir aftur á móti lagt fram tvo samninga um fiskkaup sín, dagsetta í jan. 1918, þar sem svipað skilyrði er sett því, sem hann heldur fram gagnvart stefnanda, en með vitnaleiðslu sem fram hefir farið í málinu að tilhlutun stefnanda hefir mjög rýrnað sönnunargildi þessara samninga, því að fyrverandi fjelagi stefnds hefir borið það sem vitni, að hann hafi sett þetta ákvæði í umræddu samninga vegna útflutningsörðugleika, sem voru liðnir hjá er umþrættur samningur var gerður. Ennfremur hefir sama vitni borið það, að það telji það ólíklegt að stefndur hafi í mars 1918 sett umrætt skilyrði við stefnanda og kveðst það þó hafa verið í fjelagi við stefndan til 1. júlí 1918.

Stefndur hefir einnig leitt vitni um það, að hann hafi fyrripart ársins 1918 átt tal um það við aðra, að útflutningshömlur á

fiski væru ef til vill væntanlegar, en vitnisburður þessi sannar lítið, þar sem það er ekki tilgreint hvenær samtöl þessi fóru fram.

Eftir því tilefni, sem málsskjölin gefa, þykir rjett að taka það fram, að stefnandi virðist hafa hlotið að ganga út frá því, að hinn umræddi fiskur væri ætlaður til útflutnings, en hinsvegar er ekkert sem sýnir að hann hafi átt að vita það að stefndur legði mikla áherslu á að flytja hann út sjálfur fyrir eigin reikning.

Samkvæmt hinu framanskráða hefir stefndur eigi sannað það, að oftnefnt skilyrði hafi verið sett í umræddan fiskkaupasamning og stefnandi eigi ósannað það. Um þetta atriði liggja því eigi fyrir nægar sannanir í málinu. En einmitt á þessu atriði velta úrslitin, þar sem fiskútflutningur var aðeins stöðvaður um stundarsakir og því eigi hægt að álíta, að stefnandi hafi hlotið að sjá það fyrir, ef skilyrðið væri eigi sett, að stefndur vildi eigi vera bundinn við samninga, þótt bráðabirgðaútflutningsteppa kæmi.

Með því nú að enginn skriflegur samningur liggur fyrir milli málspartanna eins og tekið hefir verið fram og rjetturinn fær eigi sjeð, að sönnunarbyrðin um það, að hið umrædda skilyrði hafi *ekki* verið í hinum munnlega samningi, eigi að hvíla á stefnanda, þá þykir eftir dómvenju þeirri, sem myndast hefir, þegar líkt hefir staðið á og hjer, heimilt og rjett að leggja það undir eið stefnanda, hvort hið margnefnda skilyrði var sett eða eigi, þannig ef að stefnandi synjar fyrir það með eiði sínum, að skilyrðið hafi verið sett, þá eigi stefndur að greiða honum kr. 111974,75 með 6 % ársvöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og 1200 krónur í málskostnað en vinni hann ekki eiðinn, sje stefndur sýkn af kröfum stefnanda í málinu og málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 28. febr. 1923.

Nr. 59/1922. **Eigandi Valdarárss með Valdarásseli og umboðsmaður jarðarinnar Króka, Gunnar Kristófersson**
(Magnús Guðmundsson)
gegn
eigendum Víðidalstungu með hjáleigum, Teiti Teitssyni og Þórði Guðmundssyni sem umboðsmanni hálfrar jarðarinnar
(Pjetur Magnússon).

Landamerkjamál.

Dómur landamerkjadóms Húnavatnssýslu 22. maí 1922: Landamerki milli jarðanna Víðidalstungu með hjáleigum og Valdarárss með Valdarásseli og Krókum skulu vera þessi: Úr Hesti við Fitjaá beina línu í Steinaborg, úr henni beina línu upp í Tunguás í stein merktan L., þaðan sömu línu 50 metra upp ásinn, þaðan beina línu suður ásbrúnirnar í miðjuna á kringlóttu móaholti rjett fyrir vestan Rústar eða Tungukotstún, þaðan beina línu í norðvestur jaðar Sauðholts, þar til hún sker beina línu, sem dregin er um Hesthól frá vestri til austurs.

Af borgun til dómenda, samtals 300 kr., greiði sækjendur Teitur Teitsson og Þórður Guðmundsson in solidum 100 kr., en varnaraðili Gunnar Kristófersson 200 krónur. Að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hæstarjettar.

Með þeirri athugasemd, að framlögðum uppdrætti, sem ekki er gerður samkvæmt 17 gr. landamerkjalaganna nr. 41, 28. nóv. 1919, hefir verið mótmælt og að ekki verður bygt á framburði þeirra vitna, sem leidd hafa verið eftir uppkvaðningu merkjadómsins, án þess stefndu væri gefinn kostur á

að gæta rjettar síns við vitnaleiðsluna og með því að áfrýjandi hefir ekki að öðru leyti upplýst hjer fyrir rjettinum, að neinar þær ástæður sjeu fyrir hendi, er heimili að fella hinn áfrýjaða landamerkjadóm úr gildi samkvæmt 15. gr. landamerkjalaganna, ber að staðfesta dóminn.

Áfrýjanda ber að greiða hinum stefndu málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 250 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Landamerkjadóminum skal óraskað. Áfrýjandi Gunnar Kristófersson, greiði hinum stefndu Teiti Teitssyni og Þórði Guðmundssyni 250 krónur í málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hafa höfðað Teitur Teitsson, eigandi hálflendunnar Víðidalstungu og tilheyrandi hjáleigna, og Þórður Guðmundsson umboðsmaður hins helmings nefndrar jarðeignar, gegn Gunnari Kristóferssyni, kaupmanni og fyrverandi hreppstjóra, eiganda jarðarinnar Valdaráss með Valdarásseli og umboðsmanni jarðarinnar Króka, allra liggjandi í Þorkelshólshreppi.

Hafa sóknaraðiljar gjört þær rjettarkröfur, að landamerkin milli Víðidalstungu með hjáleigum og Valdaráss með Valdarásseli og Krókum verði ákveðin þannig: Frá Hestkletti við Fitjaá beint upp í Steinaborg; þaðan upp í Tunguás þar til sjer heim að Valdarási, og svo suður eftir Tunguási sem sjer heiman frá Valdarási um móaholt fyrir vestan Rúst, eins og merkin hafa verið haldin frá ómunatíð og í vestanvert Sauðholt, þar sem það nær lengst vestur og þar í það, sem mætist holtið og fláin.

Varnaraðili hefir hins vegar gjört þá rjettarkröfu, að landamerkin milli Víðidalstungu með hjáleigum og Valdaráss með Valdarásseli og Krókum verði ákveðin þannig: Frá Hestkletti við Fitjaá, þaðan til austurs í Steinaborg; úr Steinaborginni suð-

úr og upp í vörðuna, sem er norðantil á há Tunguási; frá þeirri vörðu eptir sama ás til suðurs sem sjest heiman frá Valdarási; þaðan beina línu sjónhending í vestanvert Sauðholt.

Báðir málsaðiljar hafa auk þess gjört málskostnaðarkröfu.

Í landamerkjaskrá fyrir Víðidalstungu með hjáleigum, dags. 23. mars 1890 (rskj. nr. 6.), eru merkin milli nefndra jarða og Valdarass (með Valdarásseli og Krókum) talin úr Hesti beint í Steinaborg; þaðan upp í Tunguás þar til sjer heim að Valdarási, og svo suður eftir Tunguás, sem sjer heiman að frá Valdarási, og þaðan rjettsýnis í vestanvert Sauðholt.

Í landamerkjabrjefi fyrir Valdarási (með Valdarásseli og Krókum) dags. 28. júlí 1890, rskj. nr. 13, eru landamerkin milli þessara jarða og Víðidalstungu með hjáleigum talin úr Hesti til austurs í Steinaborg; úr Steinaborginni suður og upp í vörðuna, sem er norðantil á há Tunguási, frá þeirri vörðu eftir sama ás til suðurs, sem sjest heiman frá Valdarási; þaðan beina línu sjónhending í vestanvert Sauðholt.

Dómendurnir hafa ásamt málsaðiljum skoðað staðháttu, og og gjört hina lögboðnu áreið á merkjalínuna, sem er afarlöng. Undir áreiðinni kom málsaðiljum saman um merkið Hest, og sömuleiðis um það, að merkið í Steinaborginni, sje hinn hæsti og ummálsmesti klettur á borginni. — Ennfremur kom málsaðiljum saman um það, að merki það í Sauðholti, sem nefnt er í rskj. nr. 6 og 13 skyldi vera eða væri í norðvestur jaðri Sauðholts, fyrir utan og neðan Sauðholtsgren. — Hinsvegar hafa dómendurnir ekki getað fundið vörðu þá, sem rskj. nr. 13 talar um að sje norðantil á há Tunguási, með því, að rjetturinn getur ekki fallist á það, að varða sú uppi á ásnum, er varnaraðili benti á undir áreiðinni geti verið hin umrædda merkjavarða, þareð ekki sjest heim að Valdarási frá henni, nje hún sjáanleg frá Valdarási. Hin rjetta merkjavarða fyrir finst því ekki og virðist aldrei hafa verið hlaðin, en samkvæmt sáttagjörningi milli eigenda umræddra jarða á rkskj. nr. 3, virðist merkjavarðan hafa átt að standa vestan til á Tunguási, skamt fyrir ofan og austan Ytri Langholtsenda. Spursmálið verður því hvar vestan á ásnum varðan átti eða ætti að standa. Rskj. nr. 3, 6 og 13 bera það með sjer, að merkjalínan milli jarðanna frá umræddri vörðu eigi að fylgja ásbrúnum svo langt suður, sem til þeirra sjest heiman að frá Valdarási. Rjetturinn hefir því samkvæmt þessu komist að þeirri niðurstöðu, að til þess að ná beinni línu eftir tjeðum ás-

brúnum, sem næst því, sem sjest heiman að frá Valdarási, ætti umrædd varða að standa 50 metra fyrir ofan stein þann, er dómendurnir undir áreiðinni hafa merkt með L. og sem stendur uppundan Ytri Langholtsenda.

Samkvæmt ofanrituðu verður rjetturinn, að komast að þeirri niðurstöðu, að landamerkin milli áðurgreindra jarða, sjeu úr Hesti í Steinaborg; úr henni beina línu upp í Tunguás í stein merktan L, þaðan sömu línu 50 metra upp ásinn; þaðan beina línu suður ásbrúnirnar í miðjuna á kringlóttu móaholti rjett fyrir vestan Rústar- eða Tungukotstún, þaðan beina línu í norðvestur jaðar Sauðholts þar til hún sker beina línu sem dregin er um Hesthól frá vestri til austurs. — Samkvæmt staðháttum og hinum framlögðu skjölum verður hin umrædda merkjalína, eða merki, að vera sem að ofangreinir, með sjerstöku tilliti til þess, að ekki verður annað sjeð, en að eyðibýlið Rúst eða Tungukot hafi frá ómunatíð tilheyrt Víðidalstungu eigninni, og að áðurnefnt landamerkjabrjef fyrir Valdarási frá 1890 rskj. nr. 13, sem sóknaraðili heldur fram, að aðeins sje undirritað af öðrum umboðsmanni eða umráðanda Víðidalstungu eignarinnar, hafi ekki gjört neina breytingu á þessu.

Eftir þessum úrslitum þykir rjett, að borgun til dómenda, sem sje 110 kr. til sýslumanns Boga Brynjólfssonar, 110 kr. til dómarans Jónasar B. Bjarnasonar og 80 kr. til dómarans Magnúsar Jónssonar, eða samtals 300 krónur, greiðist að $^1/_3$ hluta eða með 100 kr. af sóknaraðiljum, en að $^2/_3$ eða með 200 kr. af varnaraðila. Að öðru leyti falli málskostaður niður.

Miðvikudaginn 28. febr. 1923.

Nr. 57/1922. **Eigandi Orrahóls, Matthías Ólafsson.**
(Enginn)
gegn
Eiganda Svínaskógs og Þorsteini Þorsteinssyni sýslumanni
(Jón Ásbjörnsson).

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Matthías Ólafsson, sem eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti. — Svo greiði hann og stefnda, Þorsteini Þorsteinssyni, er látið hefir mæta í málinu 50 kr. í ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 7. mars 1923.

Nr. 13/1923. **Rjettvísin**
(Magnús Guðmundsson)
gegn
Magnúsi Veturliða Jónssyni
(L. Fjeldsted).

Þjófnaður.

Dómur aukarjettar Ísafjarðarsýslu 23. okt. 1922: Ákærður Magnús Veturliði Jónsson sæti 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð; svo ber honum og að greiða allan af málinu og varðhaldi sínu leiðandi kostnað, þar með talin máls-

varnarlaun hins skipaða talsmanns síns Páls yfirdómslögmanns Jónssonar, 20 kr.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Með dómi aukarjettar Ísafjarðarsýslu uppkveðnum 20. jan. 1915 hefir ákærði verið dæmdur samkvæmt 231. og 230. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869 fyrir innbrotsþjófnað og einfaldan þjófnað, en með tilliti til þess að andlegur þroski ákærða virtist mjög lítill, var svo ákveðið í dóminum, að gæsluvarðhaldsvist hans skyldi koma í stað hegningar.

Þar sem ákærði hefir nú á ný gjört sig sekan í innbrotsþjófnaði og einföldum þjófnaði heyrir brot hans undir 232. gr. hegningarlaganna, en með tilliti til þeirra upplýsinga, sem fram eru komnar í málinu um andlegan þroska ákærða, þykir með tilliti til 40. gr. sömu laga rjett að ákveða hegningu hans 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Málskostnaðarákvæði undirdómsins staðfestist.

Ákærði greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talið málflutningskaup til sækjanda og verjanda, 60 kr. til hvors.

Við meðferð málsins í hjeraði er það að athuga, *að* undirdómarinn hefir gefið vottorð um að ákærði hafi ekki áður sætt ákæru eða hegningu fyrir nokkurt lagabrot, þótt hann, svo sem að framan er sagt, hafi áður sætt dómi í Ísafjarðarsýslu fyrir innbrotsþjófnað og einfaldan þjófnað, *að* undirdómarinn hefir vanrækt að láta birta ákærða undirrjettardóminn og *að* vottorð stefnuvottanna um birtingu hæstarjettarstefn-

unnar er ritað á laust blað en ekki á hæstarjettarstefnuna sjálfa.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði Magnús Veturliði Jónsson á að sæta 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð.

Ákvæði undirrjettardómsins um málskostnað staðfestist. Svo greiði ákærði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, hæstarjettarmálaflutningsmannanna Magnúsar Guðmundssonar og Lárusar Fjeldsted, 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af rjettvísinnar hálfu höfðað gegn ákærðum, Magnúsi Veturliða Jónssyni í Bolungavík fyrir þjófnað og stórþjófnað.

Samkvæmt eigin játningu ákærðs og öðrum gögnum eru tildrög og atvik málsins þannig:

Aðfaranótt laugardags 12. ágúst þ. á. fór ákærður inn í búð Odds Guðmundssonar, kaupmanns í Bolungavík, með þeim hætti, að hann skreið inn um glugga á búðinni, en glugganum náði hann úr á þann hátt, að hann með vasahníf sínum beygði upp naglana, er hjeldu aftur glugganum og smeygði honum svo úr. Er ákærður var kominn inn í búðina, tók hann úr peningaskúffunni, sem eigi var læst, 2 fimmkrónu seðla, 6 einnar krónu seðla og 8 tuttugu og fimmeyringa, eða samtals 18 kr. Auk þess 1 pund súkkulaði, 4 rauðleita karlmannsvasaklúta, 1 kvenslifsi, 5 vöndla af cigarettum, nokkra vindla, og lítilháttar af brjóstsykri í brjefi. Að því búnu fór ákærður aftur út um gluggann og ljet hann í samt lag aftur.

Ennfremur er það sannað, að rjett fyrir hátíðarnar í vetur, sem leið, átti ákærður tal við fyrnefndan kaupmann, fyrir innan búðarborðið hjá honum og sá hann sjer þá færi að taka frá honum að ófrjálsu 1 rjólbita, er kostaði 11 kr.

Ofantöldum munum, nema rjólbitanum, hefir ákærður skilað eigandanum aftur, og 10 kr. af peningunum, en ógreiddar eru 8 kr. af þjófnaðinum frá því í sumar og 11 kr. fyrir rjólbitann. En iðgjalda hefir eigi verið krafist.

Ákærður hefir eigi sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt lagabrot, en hefir þó 3 sinnum áður gjört sig sekan í innbrotsþjófnaði, sem sje í búð Guðmundar Sveinssonar í Hnífsdal 1912, í búð Ásgeirs Ásgeirssonar á Flateyri 1913 og í búð sama á Ísafirði 1914. En vegna andlegs vanþroska, var ákærður eigi talinn sakhæfur með því að hann hefir hvorki sætt ákæru nje refsingu fyrir brot þessi, eins og áður segir.

Afbrot ákærðs í þessu máli ber því að skoða sem framin í fyrsta sinn.

Við rannsókn málsins hefir dómaranum að sönnu virst ákærður nokkru sljógari og minnislausari en alment gerist. En hinsvegar var ákærður í fyrstu tregur til að meðganga, eða reyndi til að dylja atvik, er hann sýnilega áleit að myndu skaða málstað hans.

Hann virtist þá vera sjer þess meðvitandi, að verknaður hans væri ólöglegur. Að tilhlutun dómarans, hefir ennfremur læknir athugað ákærðan, og lætur hann í ljósi það álit á honum, að vegna meðfæddrar gáfnatregðu og lítilfjörlegrar uppfræðslu í sameiningu, sje hann svo sljógur, að honum verði tæplega gefin sök á athæfi sínu „á sama hátt og fullorðnum mönnum og heilum á sálu". En hinsvegar geti hann eigi talið hann skorta svo mjög þennan sálarhæfileika, að hann geti komist hjá allri refsingu.

Samkvæmt framansögðu ber því að telja ákærðan sakhæfan.

Afbrot ákærða, sem er kominn langt yfir lögaldur sakamanna, ber að heimfæra undir 231. og 230, gr. hinna almennu hegningarlaga sbr. 63. og 40. gr. tjeðra laga og þykir hegningin hæfilega metin 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo ber og ákærðum að greiða allan af málinu og varðhaldsvist sinni leiðandi kostnað; þar með talin málsvarnarlaun hins skipaða talsmanns síns, er ákveðst 20 kr.

Það vottast að málinu hefir verið hraðað lögum samkvæmt og meðferð þess vítalaus.

Föstudaginn 9. mars 1923.

Nr. 5/1923. **Valdstjórnin**
(Guðm. Ólafsson)
gegn
Magnúsi Þorsteinssyni.
(Björn P. Kalman).

Brot á samþykt nr. 124/1918 um lokunartíma sölubúða í Reykjavík.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 30. nóv. 1922: Kærður Magnús Þorsteinsson greiði 30 króna sekt í bæjarsjóð og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Með því að búð kærða, sem hefir á boðstólum vörur, sem verslunarleyfi þarf til að versla með, hefir verið opin fram yfir lögleyfðan tíma, hefir kærði gjörst brotlegur gegn samþykt nr. 124/1918 og með því að sekt sú, sem honum er gjörð fyrir þetta í lögreglurjettardóminum, þykir hæfilega metin, þá ber að staðfesta dóminn.

Eftir þessum úrslitum verður kærði að greiða kostnað sakarinnar fyrir hæstarjetti, þar á meðal sóknar- og varnarlaun til sækjanda og verjanda, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardóminum skal óraskað. Kærði, Magnús Þorsteinsson, greiði málskostnað fyrir hæstarjetti, þar á meðal sóknarlaun til málflutningsmanns Guðm. Ólafssonar og varnarlaun til

málflutningsmanns Björns P. Kalman, 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn Magnúsi Þorsteinssyni, kaupmanni, Vesturgötu 20 hjer í bænum fyrir brot á samþykt nr. 124, 22. október 1918 um lokunartíma sölubúða í Reykjavík.

Það er löglega sannað í málinu með eigin játning kærðs að hann ásamt Brynjólfi Árnasyni kaupmanni hafi opna sælgætisverslun í Austurstræti nr. 5 hjer í bæ og hafi kærður umsjón með versluninni. Verslun þessi hefir aðallega til sölu innlent konfekt og súkkulaði frá súkkulaði- og konfektgerðinni „Freyja“ hjer í bæ, en auk þess nokkuð af erlendu konfekt og súkkulaði og kveðst hann ekki vita til að af hinni erlendu vöru sje selt eftir kl. 7 á kvöldin, því hann hafi gefið búðarstúlkunni skipun um að gjöra það ekki. Hinsvegar er það til sýnis í búðinni þar til henni er lokað, sem er kl. 11 á kvöldin. Álítur hann sig ekki hafa brotið umrædda samþykt af þessum ástæðum.

Eftir íslenskum rjetti verður að telja að verslunarleyfi þurfi til að hafa opna sölubúð til að versla með erlendan varning. En samkvæmt 1. gr. nefndrar samþyktar ber að loka slíkum búðum kl. 7 að kveldi virka daga, og þetta boð tekur til allra verslana í Reykjavík, sem versla með vörur þær, er verslunarleyfi þarf til að selja, sbr. 4. gr. samþyktarinnar.

Spurningin er því að eins sú, hvort kaupmaður með því að hafa einnig til sölu íslenskar afurðir eða varning, sem þarf ekki verslunarleyfi til að selja, geti með því að stansa sölu útlenda varningsins haft búðina opna lengur en tilskilið er í samþyktinni.

En á það getur rjetturinn ekki fallist. Með því móti væri ómögulegt að hafa eftirlit með að samþyktinni væri fylgt, því ekki þyrfti annað en versla með eina íslenska vörutegund til að mega hafa sölubúðir opnar í bág við ákvæði samþyktarinnar. Að áliti rjettarins er um tvent að velja, annaðhvort að selja bæði innlendar og erlendar vörur eftir verslunarleyfi og fylgja þá lokunarákvæði samþyktarinnar eða selja eingöngu innlendar afurðir og nær samþyktin þá ekki til slíkrar „verslunar“.

Að áliti rjettarins hefir kærður því brotið 1. gr. samþyktar nr. 124, 22. október 1918 og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið eftir 7. gr. hennar hæfilega ákveðinn 30 króna sekt er renni í bæjarsjóð.

Svo greiði kærður og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 19. mars 1923.

Nr. 20/1922. **Hjálmar Guðjónsson**
(Björn P. Kalman)
gegn
Pjetri Guðmundssyni, Sigbirn Björnssyni, Sigríði Eiríksdóttur, Vilborgu Stefánsdóttur, Bjarna Þ. S. Skaptfell og Halldóri Jónssyni (Jón Ásbjörnsson),

um forkaupsrjett að húseign og skaðabætur út af sölu hennar.

Dómur aukarjettar Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstaðar, 14. nóv. 1921: Stefndu, Pjetur Guðmundsson, Bjarni Þ. S. Skaptfell, Sigbjörn Björnsson, Sigríður Eiríksdóttir, Vilborg Stefánsdóttir og Halldór Jónsson, eiga að vera sýkn af kröfum sækjandans, Hjálmars Guðjónssonar, í máli þessu. — Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Mál þetta var í fyrstu dæmt í hjeraði 8. ágúst 1919, en sá dómur var með dómi hæstarjettar 18. júní 1920 ómerktur og málinu vísað frá undirrjettinum.

Var málið síðan dæmt á ný í aukarjetti Norður-Múlasýslu 14. nóv. 1921 og hefir nú þessum dómi verið skotið til hæstarjettar með áfrýjunarstefnu 13. maí f. á. og málið flutt skriflega samkvæmt leyfi rjettarins.

Út af því, að einn hinna stefndu, Bjarni Þ. S. Skaptfell, sem hvorki hefir mætt nje látið mæta hjer fyrir rjetti, mætti í málinu í hjeraði og hreyfði þar engum mótmælum fyrir sitt leyti, er þess getið, að með því að áfrýjandi hefir engum sjerkröfum hreyft gegn Bjarna, fremur hjer en þar, heldur beint kröfum sínum á hendur öllum hinum stefndu in solidum, þá kemur sjerstaða Bjarna í hjeraði hjer ekki frekar til álita.

Eins og segir í hinum áfrýjaða aukarjettardómi var að vísu umboð eigenda hússins »Skaptfell« til Stefáns Runólfssonar 3. okt. 1911 að eins umsjónar- og leiguumboð og fólst ekki í því heimild honum til handa, til þess að veita leigutaka hússins forkaupsrjett að því. En með því að telja verður nægilega upplýst í málinu, að tveir af eigendum hússins, þeir er út á við höfðu ráðstöfun þess á hendi, hafi samþykt, að forkaupsrjettarákvæðið mætti setja í húsaleigusamning Sigurðar Arngrímssonar og að hinir sameigendurnir eða að minsta kosti sumir þeirra hafi síðar fengið vitneskju um það og látið það afskiftalaust, þá verður að álíta, að Sigurður Arngrímsson hafi samkvæmt húsaleigusamningi sínum átt forkaupsrjett að húsinu næst eftir hvern sameigandann.

Hinsvegar brast Sigurð Arngrímsson heimild til að framselja öðrum forkaupsrjettinn, nema samþykki húseigenda kæmi til. Og með því að engin sönnun er framkomin fyrir því gegn neitun stefndu,

að húseigendur hafi samþykt að Sigurður mætti framselja forkaupsrjettinn Hjálmari Guðjónssyni, áfrýjanda þessa máls, verður ekki álitið, að *hann* hafi átt forkaupsrjett að húsinu þegar það var selt Halldóri Jónssyni, enda hafði Sigurður afsalað sjer forkaupsrjettinum áður.

Af þessum ástæðum ber að sýkna hina stefndu af kröfum áfrýjanda og staðfesta aukarjettardóminn, sem ekki hefir verið gagnáfrýjað.

Áfrýjanda ber að greiða hinum stefndu, að undanskildum Bjarna Þ. S. Skaptfell, málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 300 krónur.

Við meðferð málsins í hjeraði athugast, að 10 vikur hafa liðið frá dómsupptekt til dómsuppsagnar án þess greint sje frá, hvað valdið hafi þeim drætti.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða aukarjettardómi skal óraskað. Áfrýjandi, Hjálmar Guðjónsson, greiði stefndu, Pjetri Guðmundssyni, Sigbirni Björnssyni, Sigríði Eiríksdóttur, Vilborgu Stefánsdóttur og Halldóri Jónssyni 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarjetti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir aukarjetti Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstaðar af Hjálmari Guðjónssyni á Seyðisfirði með stefnu útgefinni 2. september 1920 gegn Pjetri Guðmundssyni á Haukstöðum, Bjarna Þ. S. Skaptfell á Seyðisfirði, Sigbirni Björnssyni á Ekkjufelli, Sigríði Eiríksdóttur í Bót, Vilborgu Stefánsdóttur á Litlabakka og Halldóri Jónssyni á Seyðisfirði.

Sækjandi krefst þess *aðallega* að sala á húsinu Skaptfell í Seyðisfjarðarkaupstað til Halldórs Jónssonar verði dæmd ógild,

stefndu Pjetur Guðmundsson, Bjarni Þ. S. Skaptfell, Sigbjörn Björnsson, Sigríður Eiríksdóttir og Vilborg Stefánsdóttir dæmd til að selja honum húseignina Skaptfell ásamt lóðarrjettindum á því verði og með öllum sömu skilmálum, sem hún var seld Halldóri Jónssyni 13. febr. 1918, og Halldór Jónsson dæmdur til að þola það og samþykkja, ennfremur að fyrst nefnd stefndu verði dæmd eitt fyrir öll, og öll fyrir eitt til að greiða honum fullar skaðabætur að skaðlausu eftir reikningi eða mati dómkvaddra manna, fyrir óþægindi og tjón það alt, sem hann hefir beðið og kann að bíða út af tjeðri hússölu, en til *vara* að fyrst nefnd stefndu verði dæmd eitt fyrir öll og öll fyrir eitt til að greiða sjer skaðabætur, sem að framan segir og auk þess bætur fyrir missi hússins, ef dómurinn tekur ekki aðalkröfuna til greina, þær bætur einnig eftir reikningi eða mati dómkvaddra manna. Svo krefst hann og málskostnaðar.

Stefndu, Pjetur Guðmundsson, Sigbjörn Björnsson, Sigríður Eiríksdóttir og Vilborg Stefánsdóttir krefjast þess að verða dæmd sýkn af kröfum sækjanda og hann dæmdur til að greiða þeim allan af málinu leiðandi kostnað að skaðlausu.

Stefndur Bjarni Þ. S. Skaptfell gerir engar rjettarkröfur í málinu.

Stefndur Halldór Jónsson krefst sýknunar og málskostnaðar eftir reikningi eða mati rjettarins.

Málavextir eru þessir:

Hinn 28. maí 1910, var húsið Skaftfell selt á opinberu uppboði og varð Pjetur Guðmundsson á Hauksstöðum, stefndur í þessu máli, hæðstbjóðandi að því. Sama dag gjöra stefndu, að Halldóri Jónssyni undanskildum, með sjer samning um, að húseignin skuli vera sameign þeirra allra, og ákveða jafnframt, að maður skuli valinn af sameigendum til að sjá um húsið. Hinn 3. október 1911, gefa eigendur hússins Stefáni Runólfssyni á Seyðisfirði skriflegt umboð „til að sjá um hús vort Skaptfell í Seyðisfjarðarkaupstað, til þess að leigja út húsið, hvort sem er alt í einu lagi eða hin einstöku herbergi, segja upp leigjendum og innkalla allar leigur og yfir höfuð að hafa húsið algjörlega til meðferðar eins og það sje hans eign". Með samningi 30. apríl 1915 selur svo nefndur Stefán Runólfsson Sigurði Arngrímssyni húsið á leigu til 5 ára og er svo ákveðið í 11. grein leigusamningsins að leigutaki skuli hafa forkaupsrjett að húsinu ef það yrði selt á leigutímanum. Hinn 13. maí 1916 tekur Hjálmar Guðjónsson sækjandi

í máli þessu við húsinu af Sigurði Arngrímssyni með samþykki umsjónarmanns hússins, Stefáns Runólfssonar. Hinn 13. febrúar 1918 selja og afsala eigendurnir Halldóri Jónssyni húsið. Sækjandi heldur því fram, að allar skyldur og rjettindi Sigurðar Arngrímssonar, samkvæmt húsaleigusamningnum 30. apríl 1915, þar á meðal forkaupsrjettur að húsinu, hafi færst yfir á sig, er hann tók við húsinu 1916 og hafi því þessi rjettur verið brotinn á sjer, er stefndu seldu Halldóri Jónssyni húseignina án þess að bjóða honum hana áður á sama verði og hún var seld fyrir.

Stefndu, að undanskildum Bjarna Þ. S. Skaptfell, sem hefir ekki fært fram vörn í málinu, og Halldóri Jónssyni, halda því hinsvegar fram, að umsjónarmaður hússins hafi farið út yfir umboð sitt, er hann veitti Sigurði Arngrímssyni forkaupsrjett að húsinu, og sje því ákvæði 11. gr. framangreinds leigusamnings ekki bindandi fyrir þá. En af því leiði það, að þeim hafi verið óskilt að bjóða sækjanda húseignina til kaups eða sinna boði hans í hana, er þeir seldu Halldóri Jónssyni hana.

Sækjandi álítur að orðin „hafa húsið algerlega til meðferðar eins og það sje hans eign", í framangreindu umboði 3. okt. 1911, sjeu svo víðtæk, að umsjónarmanni hússins hafi verið heimilt að veita leigjendum forkaupsrjett að því. Á þetta verður ekki fallist. Hin tilvitnuðu orð sýna það að vísu, að umsjónarmaðurinn megi gera fleira en leigja út húsið, innkalla leigur og segja upp leigjendum. En svo víðtækan skilning á umboðinu að umsjónarmaðurinn hafi mátt ráðstafa húsinu sem sinni eign, selja, veðsetja, veita forkaupsrjett að því o. s. frv. er ekki hægt að aðhyllast, nema ekki verði hjá því komist. Önnur skýring á umboðinu liggur nær. Umsjónarmanninum er falið með umboðinu að sjá um húsið og sem dæmi upp á umsjónina nefnir umboðið útleigu, innköllun húsaleigu og uppsögn leigurjettar. En fleira getur talist til umsjónar með húsinu, t. d. viðhald á því. Og í stað þess að telja alt þess konar upp, sem og var lítt mögulegt, er sú leið farin að tákna með almennum orðum hvað til umsjónar með húsinu teljist. Eftir umboðinu hefir þá umboðsmaður eigenda hússins aðeins umsjón með húsinu, en ekki rjett til að ráðstafa því án samþykkis umbjóðanda sinna. Meira en þetta hafði umsjónarmaðurinn, og þeir er við hann skiftu sem slíkan, ekki ástæðu til að álíta fólgið í umboðinu. Önnur atriði í málinu benda ótvírætt til þess, að þessi skilningur á umboðinu sje rjettur. Má þar til nefna:

1. Áritun umsjónarmannsins á umboðið, þar sem hann tekur að sjer að sjá um húsið, er í fullu samræmi við skilning þann á umboðinu, sem hjer er haldið fram.
2. Í 4. grein ofannefnds samnings sameigendanna 28. maí 1910 segir svo: „Undirritaðir velja sjer umsjónarmann . . . . . til þess . . . . að sjá um, að húsið sje sem oftast að hægt er leigt til íbúðar eða annara afnota, og skal hann ábyrgjast mánaðarlega greiðslu á húsaleigunni . . . . Leiguskilmála ákveða fjelagsmenn í heild sinni . . . .“ Og í 5. grein sama samnings segir svo: „. . . Allar smærri aðgerðir á húsinu (viðhald) annast umboðsmaður fyrir fjelagsins hönd . . . . Samningur þessi sýnir það, að sameigendur hafa ætlast til þess, að umsjónarmaðurinn hefði takmarkað umboð, enda er umboðið í samræmi við samning þenna.
3. Hinn 13. október 1916 gáfu eigendur Skaptfells umsjónarmanninum umboð til að selja húseignina. En þess var eigi þörf, ef söluheimild hefði falist í umboðinu, 3. október 1911.
4. Loks hefir maður sá, sem samdi umboðið, borið það fyrir rjetti, að hann hafi ekki meint annað með orðunum: „hafa húsið algjörlega til meðferðar sem sína eign“, en að umsjónarmanninum bæri, auk þess, sem nefnt er í umboðinu, að hafa nauðsynlega umsjón með húsinu til viðhalds og aðgjörða eftir því, sem með kynni að þurfa, greiða af því skatta og skyldur o. s. frv.

Þá er að athuga hvort eigendur Skaptfells hafi berum orðum eða með þögn sinni samþykt forkaupsrjettar ákvæðið í 11. grein húsaleigusamningsins við Sigurð Arngrímsson. Sækjandi heldur því fram, að tveir af eigendum Skaptfells, Pjetur Guðmundsson og Bjarni Skaptfell, hafi samþykt það, að forkaupsrjettarákvæðið væri sett í húsaleigusamning Sigurðar Arngrímssonar, og hafi þeir þá einnig komið fram fyrir hönd annara sameigenda að húsinu. Tvö vitni, Sigurður Arngrímsson og Stefán Runólfsson hafa borið það, að Pjetur hafi gefið samþykki sitt til þess. Pjetur Guðmundsson hefir mótmælt þessu, og vitnin eru svo riðin við málið, að framburður þeirra telst ekki fullgildur, enda gat enginn einn sameigenda, svo gilt væri gagnvart öllum eigendum hússins, gjört þá ákvörðun.

Eigendur Skaptfells hafa lýst því yfir, að sumir þeirra hafi orðið þess áskynja að umsjónarmaður hússins hafi veitt Sigurði Arngrímssyni forkaupsrjett að því, en að þeir hafi álitið sjer það

óviðkomandi og þýðingarlaust. Þar sem það sjest ekki á málsskjölunum, að þeim hafi verið gefið tilefni til þess að lýsa yfir því, hvort þeir væru forkaupsrjettinum samþykkir, þá verður þögn þeirra í þessu efni, ekki álitin hafa sömu þýðingu sem samþykki berum orðum gefið.

Af framanrituðum ástæðum hefir Sigurður Arngrímsson ekki öðlast forkaupsrjett að Skaptfelli með húsaleigusamningnum 30. apríl 1915, og þar sem sækjandi þessa máls leiðir rjett sinn frá rjetti Sigurðar þá gat hann ekki öðlast meiri rjett gagnvart eigendum hússins en Sigurður hafði, og hefir þannig ekki fengið forkaupsrjett að Skaptfelli, er hann tók við því af Sigurði Arngrímssyni 1916.

Það verður því að sýkna stefndu af kröfum sækjanda. Kröfur aðilja um sekt fyrir ósæmilegan rithátt og um ómerking ummæla á málsskjölunum þykir ekki næg ástæða að taka til greina. Málskostnaður þykir eftir atvikum rjett að falli niður.

Miðvikudaginn 11. apríl 1923.

Nr. 48/1922. **Sigurður Sigurðsson f. h. Porter Brothers** (Pjetur Magnússon) gegn **Jóni S. Edvald.** (Enginn).

Frávísunardómur ómerktur.

Dómur aukarjettar Ísafjarðarkaupstaðar 3. júlí 1922: Firmað Karl & Jóhann sýknast af kærum og kröfum stefnanda í málinu. Málskostnaðar eigi krafist. — Málinu gegn aukstefndum Jóni S. Edvald frávísast ex officio. Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Í máli þessu er aukarjettardómi Ísafjarðarsýslu og kaupstaðar, uppkveðnum 3. júlí 1922, áfrýjað að

því leyti, er hann kemur við stefnda, en hann hefir eigi mætt eða látið mæta fyrir hæstarjetti, og er því málið flutt þar skriflega. Hefir áfrýjandi krafist þess að dómur þessi verði dæmdur ómerkur að því er stefnda snertir og undirdómarinn skyldaður til að taka málið upp á ný til dómsálagningar að efni til.

Í hæstarjetti hafa verið lagðar fram þýðingar af tveimur umboðsskjölum, dags. 23. sept. og 22. okt. 1922, rituðum á ensku til Sigurgeirs kaupmanns Einarssonar til að innheimta skuld þá, er ræðir um í dómnum; er Sigurgeiri með skjölum þessum falið að ganga eftir skuldinni með lögsókn, ef á þurfi að halda, hjá firmanu Karl & Jóhann á Ísafirði, en þar eð firma þetta neitaði því gagngjört í upphafi málssóknarinnar að hafa pantað eða látið panta vöruna, sótti umboðsmaður áfrýjanda með tilkvaðningarstefnu, dags. 11. mars 1921, stefnda Jón S. Edvald til að greiða skuldina ef dómur fengist eigi yfir aðalstefnda.

Umgetin umboð veita að vísu eigi beinlínis heimild til málssóknar gegn öðrum en firmanu Karl & Jóhann, en þar sem stefndi bygði heimild sína til þess að panta umrædda vöru í nafni firmans Karl & Jóhann á því, að samvinna stæði til milli hans og firmans, þykir eðlilegt að skilja umboðið svo, að í því lægi einnig heimild til þess að beina málssókninni gegn stefnda, og þar sem framkvæmdarstjóri áfrýjandans auk þess hefir undir rekstri málsins lýst því yfir um annað umboðið, en þau lúta bæði að hinni sömu vörusendingu og það er auðsýnilega af vangá að hitt umboðið er eigi einnig nefnt í yfirlýsingunni, að það nái einnig til hvers þess, er ætti að greiða skuld þá, er ræðir um í málinu þá

þykir vera framkomin nægileg sönnun fyrir því, að umboðsmaður áfrýjandans hafi haft heimild til að beina málssókninni gegn stefnda.

Að svo vöxnu máli þykir verða að ómerkja aukarjettardóminn, að svo miklu leyti, sem honum hefir verið áfrýjað, heimvísa málinu og gjöra hjeraðsdómaranum að taka það upp af nýju að sama skapi og leggja dóm á það að efni til.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi að greiða áfrýjandanum málskostnað í hæstarjetti og er hann ákveðinn 150 kr.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardómurinn á, að því leyti sem honum er áfrýjað, að vera ómerkur. Heimvísast málinu og ber hjeraðsdómaranum að leggja dóm á málið að efni til.

Stefndi, Jón S. Edvald, greiði áfrýjandanum, Sigurði Sigurðssyni f. h. Porter Brothers, 150 kr. málskostnað fyrir hæstarjetti að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 13. apríl 1923.

Nr. 19/1923. **Rjettvísin**
(Sigurður Sigurðsson)
gegn
Axel Peder Christjan Herskind.
(L. Fjeldsted).

Spurning um brot á 18. kap. hegningarlaganna.

Dómur aukarjettar Reykjavíkur 27. desbr. 1922: Ákærður, Axel Peder Christjan Herskind, á að vera sýkn af ákæru rjettvísinnar í þessu máli. — Málskostnaður greiðist af almannafje.

Dómur hæstarjettar.

Af ástæðum þeim, er tilgreindar eru í hinum áfrýjaða aukarjettardómi, ber að staðfesta hann.

Allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað ber að greiða af almannafje, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarjetti, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða aukarjettardómi skal óraskað. Áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda, málflutningsmannanna Sigurðar Sigurðssonar og Lárusar Fjeldsted, 60 kr. til hvors, skal greiða af almannafje.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af rjettvísinnar hálfu gegn Axel Peder Christjan Herskind, cand. pharm. til heimilis í Vonarstræti 12 hjer í bænum, fæddum 4. október 1896, fyrir brot á ákvæðum

18. kapítula almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869, og eru málavextir þeir, sem nú skal greina.

Laugardaginn 4. f. m. klukkan milli 3 og 4 síðdegis kom Þórður nokkur Þórðarson frá Ráðagerði drukkinn inn í lyfjabúðina nr. 19 við Laugaveg og ljet lyfsalinn, Stefán Thorarensen, hann út úr lyfjabúðinni og var Þórður þá svo drukkinn, að lyfsalinn varð að styðja hann niður tröppurnar frá lyfjabúðinni, því hann treysti honum ekki til að ganga þær niður hjálparlaust. Þegar út úr lyfjabúðinni kom gekk Þórður upp með henni að vestanverðu og inn í portið og þar inn í skúr og hitti þar stúlku, sem hann var að biðja um að selja sjer eitthvað á glas en fjekk ekki eftir því sem vitnið Kristján Þorgrímsson Hoffmann hefir borið. Fór Þórður þá inn um bakdyr lyfjabúðarinnar á vinnustofu (laboratorium) sem þar er og ákærður vinnur í, og var þar með drykkjulæti. Bað ákærður Þórð þá að fara út og gegndi hann því, en með þrjósku. Fylgdi ákærður á eftir Þórði út í portið, en þar fór Þórður að kasta af sjer vatni. Fór ákærður þá til Þórðar og vildi fá hann út úr portinu. Varð hann að ýta Þórði á undan sjer því hann hálfþrjóskaðist við að fara. Þegar úr porthliðinu kom tók ákærður í herðar Þórði og ýtti eða hrynti Þórði út úr portinu á götuna. Slangraði Þórður þá út á götuna, en hún var hál af bleytu, svo Þórður misti fótanna og fjell á rennusteinsbarminn með höfuðið, því hann kom ekki höndunum fyrir sig, og fjekk hann 5—6 centímetra langt blæðandi sár fyrir ofan vinstra augað. Gekk það inn að beini og var með talsvert tánum sárabörmum. Komu þá menn þar að, hjálpuðu Þórði á fætur, fóru með hann fyrst inn í lyfjabúðina og svo til læknis og er sár hans nú gróið. Þórður hefir krafist 200 króna af ákærðum í sára- og skaðabætur.

Þórður hefir kannast við, að hann hafi verið nokkuð undir áhrifum víns við hið umrædda tækifæri, en ekki mikið drukkinn, en þó, að hann muni ekki að hann hafi farið inn í portið eða yfirleitt eftir sjer frá því að honum var fylgt út úr aðaldyrum lyfjabúðarinnar og hann gekk upp með henni að vestan og þar til hann var reistur við á götunni eftir fallið.

Það er upplýst í málinu, að Þórður þessi hefir þráfaldlega komið drukkinn inn í lyfjabúð þessa og vakið þar óróa og að lyfsalinn hefir gefið starfsmönnum sínum þá fyrirskipun að láta Þórð út, þegar hann kæmi þar inn drukkinn.

Ákærður, sem ekki hefir áður sætt ákæru fyrir nokkurt

brot og fær besta orð fyrir prúðmensku, hefir neitað því eindregið, að hann hafi ætlað sjer að meiða Þórð eða beitt hann harðari tökum en nauðsynlegt var til þess að fá hann út úr portinu og ekkert er komið fram í málinu, er ósanni þann framburð hans.

Rjetturinn verður nú að vera þeirrar skoðunar, að ákærður hafi verið í sínum fulla rjetti er hann setti Þórð út úr portinu eftir það, sem á undan var gengið, og að meiðsli Þórðar hafi stafað af því, hve drukkinn hann var við hið umrædda tækifæri. Verður því að sýkna ákærðan af ákæru rjettvísinnar í þessu máli og málskostnaðurinn að greiðast af almannafje. Eftir þeim úrslitum kemur skaðabótakrafa Þórðar Þórðarsonar ekki til álita.

Á rekstri málsins hefir enginn óþarfur dráttur orðið

Mánudaginn 16. apríl 1923.

Nr. 18/1923.

Rjettvísin
(Pjetur Magnússon)
gegn
Jakobi Sigurðssyni
(Magnús Guðmundsson).

Spurning um brot á 18. kap. hegningarlaganna.

Dómur aukarjettar Reykjavíkur 22. desbr. 1922: Ákærður, Jakob Sigurðsson, á að vera sýkn af ákærum rjettvísinnar í máli þessu. Málskostnaður greiðist af almannafje.

Dómur hæstarjettar.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem greindar eru í hinum áfrýjaða aukarjettardómi, ber að staðfesta dóminn, með þeirri athugasemd að í dóminum er skirskotað til 40. gr. hegningarlaganna í stað 41. gr.

Allan áfrýjunarkostnað, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, 60 kr. til hvors, ber að greiða af almannafje.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardóminum skal óraskað.

Allur áfrýjunarkostnaður, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málflutningsmannanna Pjeturs Magnússonar og Magnúsar Guðmundssonar, 60 kr. til hvors, greiðist af almannafje.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Það er löglega sannað í máli þessu, sem höfðað er af rjettvísinnar hálfu gegn Jakobi Sigurðssyni afgreiðslumanni, Lækjargötu 4 hjer í bæ, fyrir brot á 18. kapítula almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869, með eigin játning ákærðs, sem kemur heim við það, sem á annan hátt er upplýst í málinu, að hann hafi gjört sig sekan í athæfi því, sem nú skal greina.

29. september síðastl. kl. milli 4 og 6 síðdegis kom Helgi Þórðarson Steinberg, verkamaður, Skólavörðustíg 41, niður í „Nýju bifreiðarstöðina“ við Lækjartorg. Var hann drukkinn og var erindið að skamma ákærðan, sem starfar á stöðinni, fyrir það, að hann hafi verið svikinn um bílfar austur að Ölfusá.

Skýrir Helgi svo frá að hann hafi þann sama dag pantað bílfar með einni af bifreiðum þeim, sem ganga frá „Nýju bifreiðarstöðinni“ til Ölfusár. Hafi hann átt við Jakob um þetta og greitt honum fyrirfram fyrir farið kr. 15,00. Nokkru áður en bifreiðin átti að fara af stað, kveðst hann hafa hringt ákærðan upp og beðið hann að biðja bifreiðarstjórann að taka sig heima hjá sjer. Gjörði bifreiðarstjórinn það og var mjög þröngt í bifreiðinni. Þegar niður á Njálsgötu kom þurfti Helgi að skreppa í búð og bað bifreiðarstjórann að bíða á meðan og skildi eftir pakka, er hann hafði meðferðis, í bifreiðinni á meðan. Þegar hann kom aftur út úr búðinni að lítilli stundu liðinni, kveður

hann bifreiðina hafa verið farna og mann staðið á götunni með böggul sinn. Rann honum þá í skap og fór niður á bifreiðarstöð til að „skamma Jakob fyrir svikin“ og heimta peninga sína endurgreidda. Lenti þar í skömmum með þeim og ýtti ákærður honum út úr stöðinni svo hann fjell út af gangstjettarbrúninni og fótbrotnaði þannig að önnur pípan á hægra fæti brotnaði. Helgi hefir kannast við að hafa verið drukkinn er þetta skeði. Kveðst hann hafa keypt heilflösku af brennivíni hjá ákærðum kl. milli 3 og 4 um daginn og hafi hann drukkið einn úr henni svo aðeins hafi verið eftir lögg í henni, er hann var fluttur heim eftir fótbrotið.

Ákærður hefir neitað því, að Helgi hafi samið við sig um farið austur. Þeir hafi engin önnur viðskifti átt saman, en að Helgi hafi hringt til sín og beðið sig að skila til bifreiðarstjórans að taka sig heima, sem hann og hafi gjört. Hann hefir eindregið neitað því að hafa tekið á móti nokkrum peningum frá Helga upp í bílfarið og eins hinu að hann hafi selt honum brennivín í þetta skifti, fyr eða síðar, og er ekkert af þessu sannað gegn neitun hans.

Kveður hann Helga hafa komið með rosta miklum niður á bifreiðarstöð og verið mikið drukkinn og skammað sig fyrir svik. Hafi hann fyrst svarað honum og ýtt honum út úr bifreiðarstöðinni er Helgi myndaði sig til að slá hann. En þar sem Helgi hafi verið mjög drukkinn hafi hann ekki þolað þetta og fallið niður af gangstjettinni og fótbrotnað. Hann kveðst alls ekki hafa sýnt Helga nokkurn fantaskap heldur stjakað honum út af neyðarvörn og geti hann ekki borið ábyrgð á því hvernig fór. Hann hefir því neitað að greiða skaðabætur til Helga, en hann gjörði skaðabótakröfu undir lögreglusókninni, sem hann þó fjell frá í rjettinum, þar sem hann taldi sig ekki orðinn svo heilbrigðan að hægt væri að meta læknishjálp sína og atvinnutjón.

Vitni þau, er sáu atburð þennan, hafa borið það, að Helgi hafi verið mikið drukkinn að þeirra áliti er þetta skeði. Vitnið Torfi Jónsson hefir staðfest þann framburð með eiði, að Helgi hafi þrifið í axlirnar á ákærðum og farið að hrista hann til áður en ákærður ýtti við honum og vitnið Ingólfur Guðmundsson hefir borið, að sig minni „að Helgi hafi steytt hnefann framan í Jakob áður en Jakob ýtti við honum svo hann datt“. Helgi hefir sagt um þetta, „að hann muni ekki hvort hann þreif til Jakobs . . . .“.

Rjetturinn verður nú að vera þeirrar skoðunar eftir því sem fram hefir komið í málinu, að ákærður hafi eigi verið harðhentari við Helga, en honum var heimilt eftir 40. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869, er hann ýtti honum út úr bifreiðarstöðinni og þótt svo mikið sýnt hafi orðið af því, sem raun er á orðin, verður að telja að það hafi hlotist af framferði Helga sjálfs og ástandi hans.

Verður því að sýkna ákærðan, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, fæddur 15. október 1883, og ekki hefir áður sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt hegningarlagabrot, af ákærum rjettvísinnar í þessu máli.

Allur af máli þessu löglega leiddur og leiðandi kostnaður greiðist af almannafje.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 20. apríl 1923.

Nr. 49/1922. **Landsbanki Íslands**
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
Guðmundi Kr. Guðmundssyni
(Pjetur Magnússon),

um skyldu áfrýjanda til að greiða af hendi tryggingarfje.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. apríl 1922: Landsbanki Íslands greiði stefnanda Guðm. Kr. Guðmundssyni 26500 danskar krónur með 6 % ársvöxtum frá 7. júlí 1921 og 300 krónur í málskostnað. — Dóminum ber að fullnægja áður en liðnir eru 15 dagar frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Það er upplýst hjer fyrir rjettinum að gufuskipið Marie Louise, er flytja átti kol þau, er ræðir

um í málinu, varð fyrir sjóhrakningum og gat ekki haldið ferð sinni áfram, en í stað þess útvegaði J. Malandain nýtt skip og sendi með því nýjan kolafarm til skipa sinna, er stunduðu fiskiveiðar hjer við land. Skip þetta kom til Seyðisfjarðar 4. júní 1921 og ætlaði þá nefndur Malandain, að því er virðist, að senda skipið til Reykjavíkur með kol til stefnda, en af því varð þó eigi, með því að stefndi neitaði að taka á móti kolunum. Heldur áfrýjandi því nú fram, að með þessu kolaframboði hafi ábyrgð bankans fallið niður.

Á þetta verður eigi fallist. Í ábyrgðarskjali bankans er að vísu eigi tekið fram innan hvers tíma kolin eigi að afhendast, en með því að þar er tekið fram að skip það, er átti að skila kolunum, hafi lagt af stað frá Englandi 23. mars 1921 og niðurfall bankaábyrgðarinnar er miðað við komu skipins til Reykjavíkur, verður að skilja ábyrgðarskuldbindingu bankans svo, að þar sje gjört ráð fyrir að kolaskipið kæmi næstu daga eða innan hæfilegs tíma, enda hafði stefndi með símskeyti 13. apríl 1921 beðið J. Malandain að síma bankanum að greiða tryggingarfjeð, ef kolaskip hans yrði eigi komið 1. maí, og gat Malandain samkvæmt þessu eigi búist við að kolunum yrði veitt móttaka eftir þann tíma.

Þar sem kolin voru eigi boðin fram í tæka tíð og þar sem hinsvegar verður að fallast á þá skoðun undirdómarans, að greiðsluskylda bankans hafi ekki verið því skilyrði bundin að stefndi fengi dóm yfir Malandain og ennfremur að því athuguðu að líta verður svo á, að stefndi í viðskiftum þeim, er hjer ræðir um, hafi haft rjett til að reikna sjer 6 % ársvexti af fje því, er hann lagði út fyrir J. Malandain, ber að staðfesta hinn áfrýjaða

dóm, þó með þeirri breytingu, er leiðir af því, að stefndi hefir hjer fyrir rjettinum fært kröfur sínar niður í 27085 kr. 73 a. í íslenskum krónum með 6 % ársvöxtum frá 1. jan. 1922 að telja.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 500 kr.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandi Landsbanki Íslands greiði stefnda Guðmundi Kr. Guðmundssyni 27085 kr. 73 a. með 6 % ársvöxtum frá 1. jan. 1922 til greiðsludags.

Ákvæði undirdómsins um málskostnað staðfestist. Svo greiði áfrýjandi stefnda 500 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Að undangenginni árangurslausri sáttatilraun hefir Guðmundur Kr. Guðmundsson skipamiðlari hjer í bænum höfðað mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 15. okt. f. á. gegn Landsbanka Íslands og krafist þess, að hann verði dæmdur til að greiða sjer 26500 kr. danskar með 6 % ársvöxtum frá 7. júlí s. á. til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndur hefir krafist sýknunar í málinu og málskostnaðar eftir mati rjettarins.

Á hinni stefndu upphæð stendur þannig, að stefndur tilkynti stefnanda með brjefi dags. 15. apríl f. á., að hann eftir beiðni Landmandsbanken í Kaupmannahöfn tækist á hendur ábyrgð á 26500 dönskum krónum vegna Jerome Malandain, Fécamp. Á ábyrgð þessari stóð þannig, að þegar hún var gefin, voru hjer stödd 2 botnvörpuskip, sem voru eign eða undir umsjón nefnds-

Malandains. Höfðu skip hans fengið hjer 150 smálestir af kolum að tilhlutun stefnanda, og skyldi kolaskuld þessi greiðast með jafnmiklu af kolum, en með því að greiðslan drógst lengur en um samið var, ætlaði stefnandi, sem varð að greiða andvirði kolanna, þeim sem hann hafði fengið þau hjá, að kyrsetja skip Malandains til þess að ná borguninni með málssókn hjer. En til að fyrirbyggja kyrsetninguna útvegaði Malandain sjer tryggingu þessa og ljet stefnandi sjer það nægja og slepti skipunum. Ábyrgð þessi var þó þeim skilyrðum bundin að hún fjelli niður, ef stefnandi og Malandain semdu sín á milli um kolaskuld þessa eða kolin kæmu í gufuskipinu Marie Louise, sem virðist hafa lagt af stað eða átt að leggja af stað frá Englandi hingað 23. mars f. á., en ókomið þegar ábyrgðin var sett um miðjan apríl s. á. Svo líður og bíður þar til 1. júlí s. á. að skip þetta kemur ekki með kolin og sá stefnandi sjer þá ekki fært að bíða lengur og lagði málið til sátta, með því að Landsbankinn vildi ekki greiða hina umstefndu fjárhæð án dóms.

Ástæður þankans fyrir þessari undanfærslu eru þær, að hann telur ábyrgð sína ekki sjálfskuldarábyrgð og þurfi stefnandi því, áður en hann geti krafist greiðslu á ábyrgðarupphæðinni hjá bankanum, að fá dóm yfir Malandain og sanna á þann veg, að skuldin sje rjettmætt og ennfremur að sanna, að hann (ɔ: stefnandi) geti ekki fengið greiðslu hjá Malandain þótt dómur liggi fyrir um rjettmæti skuldarinnar.

Stefnandi lítur aftur á móti þannig á, að bankinn hafi með nefndu brjefi sínu tekist á hendur sjálfstæða skyldu til að greiða hina umþrættu skuld ef hvorugt hinna nefndu skilyrða yrði uppfylt.

Eins og vikið er að áður hafði Landsbankinn ábyrgst stefnanda greiðslu hinnar umstefndu upphæðar, ef honum yrðu ekki afhent 150 smál. af kolum in natura, úr skipi, sem hlaðið var til ferðar hingað um 23. mars f. á. eða ef samkomulag yrði ekki að öðru leyti milli stefnanda og Malandain. Að öðru leyti en þessu virðist greiðsluskylda bankans skilyrðislaus með öllu. Nú er það in confesso í málinu, að hvorugt hinna nefndu skilyrða hafi uppfylst og verður rjetturinn því að líta svo á, að bankanum sje skylt að greiða hina umstefndu upphæð með umkröfðum vöxtum, enda er svo að sjá af símskeyti Malandains til stefnanda frá 23. apríl f. á. (rskj. nr. 15) að hann líti þannig á ábyrgðina, því að í skeyti þessu tilkynnir hann stefnanda, að Landsbankinn

muni greiða gegn afhendingu kvittana. Auk þess virðist stefnandi með rjettu hafa getað gengið út frá því, er hann fjekk tryggingu bankans og slepti með því kyrsetningarvarnarþinginu hjer á landi, að ábyrgðin væri þess eðlis sem hjer er gengið út frá, því að ella átti hann á hættu ærinn kostnað og drátt, en ábyrgðarupphæðin var ekki hærri en svaraði verði kolanna.

Ennfremur verður að dæma bankann til að greiða málskostnað er ákveðst 500 krónur.

Mánudaginn 30. apríl 1923.

Nr. 4/1923. **Árni Böðvarsson**
gegn
Sigfúsi Vormssyni og Snæbirni Bjarnasyni.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Árni Böðvarsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Mánudaginn 30. apríl 1923.

Nr. 9/1923. **Tómas Jónsson og Ólafur Ólafsson**
gegn
Pjetri M. Bjarnarson
(sjálfur).

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Tómas Jónsson og Ólafur Ólafsson, er eigi mæta í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til

ríkissjóðs, ef þeir af nýju vilja fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti. — Svo greiði þeir og in solidum stefnda, Pjetri M. Bjarnarson, er hefir mætt í málinu, 15 kr. í ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 11. maí 1923.

Nr. 21/1923.

Valdstjórnin
(Bjarni Þ. Johnson)
gegn
Herluf Clausen
(Jón Ásbjörnsson).

Brot á lögum nr. 43/1903, um skrásetning vörumerkja.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 3. febr. 1923: Kærður, Herluf Clausen, greiði 100 króna sekt í ríkissjóð og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Kærðum er óheimilt að hafa á boðstólum rafmagnsvörutegundir þær, sem upp eru taldar í vörumerkjaskrásetning nr. 18 frá 1922 og auðkendar eru með orðinu „Therma".

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Af ástæðum þeim, sem tilgreindar eru í hinum áfrýjaða lögreglurjettardómi og með því að skýrslur þær, er útvegaðar hafa verið í málinu eftir að dómur var kveðinn upp í hjeraði og lagðar hafa verið fyrir hæstarjett, geta ekki breytt niðurstöðu dómsins, ber að staðfesta hann.

Kærði greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir hæstarjetti, 60 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardóminum skal óraskað. Kærði, Herluf Clausen, greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda málflutningsmannanna Bjarna Þ. Johnson og Jóns Ásbjörnssonar, 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu eftir kröfu firmans Halldór Guðmundsson & Co. gegn Herluf Clausen, kaupmanni, til heimilis á Kirkjutorgi nr. 4 hjer í bæ fyrir brot á lögum nr. 43 frá 13. nóvember 1903 og er það, sem nú skal greina löglega sannað á málinu með eigin játningu kærðs, sem kemur heim við það, sem á annan hátt er upplýst í því.

Firmað Halldór Guðmundsson & Co. er einkasali á Íslandi fyrir rafmagnstækjaverksmiðjuna „Therma" í Sviss. — Hefir firmað jafnframt fengið leyfi til að láta skrásetja í *eigin nafni* hjer á landi vörumerki hennar „Therma" fyrir ýms rafmagnstæki. — Skrásetning þessi fór fram kl. 4 síðdegis 12. ágúst f. á. og var birt í Lögbirtingablaðinu 7. september s. á.

Í dagblaðinu „Vísi" 23. og 28. september s. l. auglýsti kærður að hann hefði til sölu nokkra „Therma" rafmagnsofna. Ofnar þessir eru frá sömu verksmiðju og firmað Halldór Guðmundsson & Co. hefir einkasöluumboð fyrir hjer á landi og, eftir því sem upplýst er, fengnir fyrir milligöngu umboðsmanns verksmiðjunnar í Noregi.

Áleit firmað „Halldór Guðmundsson & Co." kærðan með þessum auglýsingum og sölu ofnanna hafa brotið rjett þann, er skrásetning vörumerkisins hefir veitt því, þar sem hún væri í eigin nafni þess og verksmiðjan sjálf hefði ekki rjett til að selja hjer öðruvísi en fyrir milligöngu þess þær vörur, sem merkið er skrásett fyrir, en það eru meðal annars allskonar rafmagnsofnar.

Það hefir því krafist þess, að kærður verði sektaður fyrir þetta tiltæki og honum dæmt óheimilt eftirleiðis að hafa á boðstólum vörur þær með þessu merki, sem taldar eru upp í skrásetningarauglýsingunni.

Kærður hefir mótmælt þessu og haldið því fram að skrásetning vörumerkisins á nafn firmans Halldór Guðmundsson & Co. geti ekki útilokað menn frá að selja vörur með því merki frá sömu verksmiðjunni og framleiðir vörur þessar handa firmanu.

Rjetturinn verður nú að vera þeirrar skoðunar, að úr því að firmað Halldór Guðmundsson & Co. hafði fengið skrásett umrætt vörumerki í eigin nafni og þessi skrásetning hefir verið auglýst á tilhlýðilegan hátt, sje öðrum óheimilt að selja vörur þær, sem auðkendar eru á þennan hátt, þótt þær sjeu frá sömu verksmiðju, sem framleiðir fyrir það firma, og engu lakari en þær vörur, sem það selur. Og þar sem kærður hefir auglýst og selt slíkar vörur eftir að Lögbirtingablaðið 7. september s. l. kom út, og telja verður eftir því sem upplýst er í málinu að honum hafi verið kunnugur einkarjettur firmans „Halldór Guðmundsson & Co." til að selja framangreindar vörutegundir, sem auðkendar eru á þennan hátt, að minsta kosti áður en hann setti síðari auglýsinguna í dagblaðið Vísi, verður ekki hjá því komist að álíta að kærður hafi brotið 13. gr. 2 mgr. sbr. 17. gr. framangreindra laga og þykir refsing sú er hann hefir tilunnið hæfilega ákveðin 100 króna sekt í ríkissjóð. Kærðum er óheimilt eftirleiðis að selja vörutegundir þær, sem getur í framangetinni auglýsingu í Lögbirtingablaðinu og auðkendar eru með orðinu „Therma".

Svo greiði kærður og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 14. maí 1923.

Nr. 16/1923. **Íslandsbanki**
(L. Fjeldsted)
gegn
Pjetri Magnússyni f. h. C. Olesen A/s.
(Pjetur Magnússon),

um skyldu bankans til að greiða í dönskum krónum fje, sem hann hafði innheimt fyrir stefnda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. jan. 1923: Stefnd stjórn Íslandsbanka f. h. bankans greiði stefnandanum, Pjetri Magnússyni f. h. firmans C. Olesen A/s., danskar kr. 68933,56 ásamt 5 % ársvöxtum af kr. 67616,76 frá 1. janúar 1921, af kr. 1248,00 frá 8. febrúar s. á. og af 68,80 frá 1. mars s. á. til greiðsludags og 500 íslenskar krónur í málskostnað, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Samkvæmt skilagrein áfrýjanda til stefnda, dags. 28. okt. 1921, hafði áfrýjandi fyrir árslok 1920 innheimt 67616 kr. 76 a. af upphæð þeirri, sem mál þetta snýst um og hún var fullheimt 13. febr. 1921. En þá var enginn gengismunur viðurkendur í bönkunum á íslenskri og danskri krónu. Gengismunur sá, sem síðar varð, verður því að bitna á áfrýjanda, með því að hann stóð ekki stefnda skil á innheimtufjenu í tækan tíma.

Að þessu athuguðu, og að öðru leyti með skírskotun til ástæðna þeirra, sem greinir í hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi, ber að staðfesta dóminn. Og verður áfrýjandi þá að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti, og þykir hann hæfilega ákveðinn 500 kr.

Því dæmist rjett vera:

Bæjarþingsdóminum skal óraskað.

Stjórn Íslandsbanka f. h. bankans, greiði stefnda, Pjetri Magnússyni f. h. C. Olesen A/s., 500 kr. málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitan höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 16. febrúar f. á. af Pjetri Magnússyni hrjm. hjer í bænum f. h. firmans C. Olesen A/s. í Kaupmannahöfn, gegn stjórn Íslandsbanka og hefir stefnandi krafist þess, að stefnd verði f. h. bankans dæmd til að greiða sjer danskar krónur 68933,56 ásamt 6 % ársvöxtum, af kr. 67616,76 frá 1. janúar 1921, af kr. 1248,00 frá 8. febrúar s. á. og af kr. 68,80 frá 1. mars s. á. til greiðsludags svo og innheimtu- og málskostnað að skaðlausu.

Stefndur hefir krafist sýknunar af öllum kröfum stefnanda gegn því að greiða hina umstefndu upphæð í íslenskum krónum með 5 % ársvöxtum af upphæðinni eins og krafist er og málskostnaðar hjá stefnanda eftir mati rjettarins.

Málavextir eru þeir, að firmað C. Olesen A/s. hafði um langan tíma haft viðskiftasamband við Íslandsbanka á þann hátt, að það sendi bankanum til innheimtu allar ávísanir og víxla á hjerlenda viðskiftamenn sína. Bankinn innheimti upphæðirnar hjer og greiddi firmanu þær aftur jafnharðan í Danmörku. Þannig standa sakir þar til 30. september 1920. Þann dag sendir bankinn firmanu skilagrein fyrir tveimur innheimtum og skýrir frá því í brjefinu, að hann sakir skorts á erlendum gjaldeyri, sjái sjer því miður ekki fært að senda borgun strax, en voni að ekki líði á löngu áður en hann geti sent því innieign sína að viðbættum 5 % ársvöxtum. Sýnir viðskiftareikningur firmans og bankans, sem fram hefir verið lagður í málinu, að bankinn var þá búinn að innheimta fyrir firmað frá því í júlí s. á. en ekki búinn að yfirfæra rúmar 33 þúsund krónur, eða nálega helming

hinnar umstefndu upphæðar. Hinn 10. desember 1920 skrifar firmað bankanum og spyrst fyrir um það, hvenær það geti vænst borgunar og svo aftur 5. febrúar 1921, en með brjefi dags. 21. janúar 1921 hafði bankinn endursent firmanu 3 innheimtur á kaupmann einn hjer í bænum af því, að hann hafi ekki viljað borga bankanum nema bankinn gæti þá þegar yfirfært upphæðina til firmans í dönskum krónum, en þess kvaðst bankinn ekki megnugur í svipinn (i Öjeblikket). Í brjefi dags. 9. febrúar 1921 bendir firmað bankanum á, að það geti ekki látið jafnstórar upphæðir og endursendar voru standa utan við verslunarveltu (uproduktive) þótt bankinn geti ekki útvegað gjaldeyri og spyrst fyrir um það hvernig það eigi að skilja endursendinguna. Jafnframt kveðst firmað óska að fá upphæðir þær greiddar, er bankinn hafi að undanförnu innheimt fyrir það. Firmað endurnýjar svo kröfur sínar um greiðslu við og við en árangurslaust. Bankinn ber við getuleysi sínu, er komi af skorti á útlendum gjaldeyri, en hvergi verður sjeð, að hann hafi talið sjer skylt að greiða innieign firmans í dönskum gjaldeyri eða boðið fram greiðslu í íslenskum krónum. Jafnvel svo seint sem í símskeyti 9. apríl 1921 eftir að gengismunur þó var opinberlega viðurkendur af bönkunum hjer minnist bankinn ekki á gengismun, og ekki heldur í brjefi sínu til danska sendiherrans hjer um málið dags. 30. maí s. á.

Stefndur heldur því nú fram, að bankinn hafi heimt inn íslenskar en ekki danskar krónur fyrir firmað, þar sem ávísanir þær og víxlar, er til innheimtu var sent, hafi átt að greiðast hjer og hann því ekki getað neitað borgun í íslenskum krónum, en af því leiði aftur, að bankanum beri engin skylda til þess að greiða í dönskum krónum nema hann þá fái bættan gengismun þann, sem sje á íslenskum og dönskum krónum. Það sje algild banka venja að yfirfæra ekki upphæðir án þess að taka gengismun og þeirri venju hafi bankinn einnig fylgt undanfarið í viðskiftum sínum við firmað og jafnan fært því til útgjalda „agio“ í skilagreinum sínum fyrir innheimtum fyrir það, þessu til sönnunar hafa verið lögð fram 9 afrit af slíkum skilagreinum frá bankanum til firmans frá árunum 1916—1918 að því er sjeð verður.

Að áliti rjettarins verður á það að líta í þessu máli, að um áframhaldandi viðskifti er að ræða milli firmans C. Olesen A/s. og Íslandsbanka. Bankinn hafði árum saman innheimt fyrir firmað kröfur þess á hjerlenda viðskiftamenn þess og jafnan og jafnóðum skilað upphæðunum í ávísunum á danska banka án nokkurra

verulegra affalla. Það verður ekki sjeð að bankinn hafi haft nokkurn fyrirvara um innheimtur þær, sem hjer er spurning um endurgreiðslu á og mátti firmað því við því búast, að um þær færi sem um hinar fyrri. Þegar bankinn heimti þær inn var enginn gengismunur viðurkendur hjer á íslenskum og dönskum krónum, að minsta kosti ekki af bönkunum og skiftir það því ekki máli þótt innheimtuupphæðirnar mætti greiða í bankanum í íslenskum krónum. Svo mun og hafa verið með upphæðir þær, er bankinn hafði áður heimt inn fyrir firmað og greitt honum affallalítið í dönskum gjaldeyri.

Að því er snertir gjald það, er bankinn kallar „agio" í skilagreinum sínum og er jafnan í þeim slegið saman við burðargjald (Porto), þá er það svo lágt, 1—2 %, að það getur ekki hafa verið gengismunur enda þektist ekki gengismunur á dönskum og íslenskum krónum árin 1916—1918. Það verður því að skoða það eins og venjulegt yfirfærslugjald (Provision) og verður ekki álitið að firmað hafi samþykt að greiða gengismun ef til kæmi þótt það borgaði það gjald umyrðalaust.

Rjetturinn verður nú að líta svo á, að Íslandsbanki hafi með allri framkomu sinni gagnvart firmanu C. Olesen A/s. vakið þá öruggu von og trú hjá firmanu, að hann myndi standa því skil á innheimtum þeim, sem mál þetta er risið út af, með ekki meiri afföllum, en áður höfðu átt sjer stað um innheimtur fyrir það, og verði þegar af þeirri ástæðu að taka til greina kröfu firmans um dóm fyrir þeim í dönskum krónum. Það var og vegna getuleysis bankans, sem firmað átti engan þátt í, að innheimturnar voru ekki yfirfærðar jafnóðum og þær voru greiddar bankanum hjer, eins og verið hafði áður og virðist það eigi geta komið til mála að firmað eigi að bera hallann við það, með því að greiða gengismismun þann, sem nú er orðinn á danskri og íslenskri krónu og enginn var, að minsta kosti ekki hjá bönkunum, á þeim tíma, sem yfirfærslan átti að eiga sjer stað og firmað hefði helst kosið.

Að því er hinsvegar snertir vaxtahæð þá, sem bankinn á að svara firmanu af hinni umstefndu upphæð, þá verður rjetturinn að líta svo á, að firmað hafi samþykt að bankinn greiddi aðeins 5 % p. a. af fje því, er það ætti innistandandi í honum, með því að gjöra engan fyrirvara um tilkynninguna um það í brjefi bankans til þess, dagsettu 30. september 1920, sem að framan getur, að inneign þess yrði ávöxtuð með þeirri vaxtahæð.

Það verða því úrslit þessa máls hjer í rjettinum að taka til greina kröfu stefnanda um dóm yfir stefndum fyrir hinni umstefndu upphæð í dönskum krónum ásamt vöxtum eins og krafist er, með þeirri breytingu, að vaxtahæðin sje 5 % og eftir þeim úrslitum verður auk þess að dæma stefndan til að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 500 íslenskar krónur.

Miðvikudaginn 16. maí 1923.

Nr. 7/1923. **Hans Magnús Torfason**
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
Páli Stefánssyni
(B. P. Kalman).

Meiðyrðamál.

Dómur gestarjettar Ísafjarðar 12. jan. 1922: Framangreind ummæli eiga að vera dauð og ómerk.

Stefndur, Hans Magnús Torfason, greiði sekt í ríkissjóð 60 kr., eða sæti 10 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd í tæka tíð.

Stefndur greiði stefnanda Páli Stefánssyni 40 kr. í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 3 sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagri lagaaðför.

Dómur hæstarjettar.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða dómi, sem skotið hefir verið til hæstarjettar samkvæmt uppreistarleyfi, dags. 10. jan. þ. á., er mál þetta risið útaf því, að áfrýjandi Magnús sýslumaður Torfason, lagði fram í lögreglurjetti Ísafjarðarkaupstaðar 5. okt. 1920, við rannsókn útaf broti á 18. gr. laga 14. nóvbr.

1917 um aðflutningsbann á áfengi, er hann hafði með höndum sem rannsóknardómari, skjal nokkurt með yfirskriftinni: »Skrá yfir nokkra menn, er lögreglustjóri telur að ekki sje trúandi fyrir áfengi í stórskömtum sem læknislyfi«. Á skrá þessari stóð meðal annara nafn stefnda, og þar eð hann taldi þetta meiðandi og móðgandi fyrir sig, höfðaði hann meiðyrðamál þetta.

Þegar þess er gætt, að læknir, sem lætur af hendi áfengi sem læknislyf, verður að sjálfsögðu að gæta meiri varúðar í útlátum sínum á áfengi til vinhneigðra manna en annara, þá verður að álíta að það hafi verið eðlilegt að áfrýjandi í umgetinni rjettarrannsókn rannsakaði þetta atriði sjerstaklega, en í þeirri rannsókn var hin umrædda skrá að áliti rannsóknardómarans einn liður. Þar sem álit lögreglustjórans um að taka nafn stefnda á nefnda skrá styðst við framburð tveggja vitna, er leidd hafa verið í málinu, verður það eigi talið ástæðulaust, að áfrýjandi tók nafn stefnda á skrána, og verður þá ekki álitið að hann hafi með þessu farið út fyrir þau takmörk, sem honum voru sett sem rannsóknardómara í umgetinni rannsókn, og er þá eigi heimild til þess, að dæma hann til hegningar eða taka ómerkingarkröfu stefnda til greina.

Það ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda. Eftir atvikum þykir rjett að málskostnaður fyrir undirrjetti falli niður, en málskostnað fyrir hæstarjetti greiði stefndi áfrýjanda með 150 kr.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandi, Hans Magnús Torfason, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Páls Stefánssonar, í þessu

máli. Málskostnaður fyrir undirrjetti fellur niður, en málskostnað fyrir hæstarjetti greiði stefndi áfrýjanda með 150 kr. að viðlagri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Tildrög máls þessa eru á þá leið, að 5. október 1920 lagði stefndur, Hans Magnús Torfason sýslumaður í Árnessýslu, sem þá var bæjarfógeti á Ísafirði, fram í lögreglurjetti Ísafjarðarkaupstaðar, við rannsókn í máli um brot á lögum um aðflutningsbann á áfengi 14. nóv.br. 1917, skjal, undirritað af honum sjálfum sem bæjarfógeta, er hann sýndi vitaunum, er hann yfirheyrði, og var yfirskrift skjals þessa: „Skrá yfir nokkra menn, er lögreglustjóri telur að ekki sje trúandi fyrir áfengi í stórskömtum sem læknislyfi". En á skrá þessari er stefnandi, Páll Stefánsson, talinn nr. 4.

Tjáist stefnandi hafa sjeð nafn sitt á skránni og telur hann aðdróttanir þær og orðin sjálf, er hin ofangreinda tilvitnaða fyrirsögn hefir inni að halda ærumeiðandi fyrir sig.

Með stefnu útgefinni 9. ágúst f. á. hefir stefnandi því höfðað mál þetta fyrir gestarjetti Ísafjarðar samkvæmt N. L. 1—2—16 gegn stefndum fyrir ærumeiðandi orð og aðdróttanir, og krefst þess, *að* stefndur verði dæmdur til að greiða sekt fyrir ofangreind orð og aðdróttanir, *að* orðin verði, að því er stefnanda snertir, dæmd dauð og ómerk og *að* stefndur verði dæmdur til þess að greiða honum málskostnað að skaðlausu samkvæmt reikningi, eða til vara eftir mati dómarans.

Stefndur krefst þess hinsvegar, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, þar á meðal ómerkingarkröfu, og að stefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu eftir mati rjettarins.

Eins og fyr segir telur stefnandi hin átöldu ummæli freklega meiðandi fyrir sig með því að í þeim felist aðdróttun um óráðvendni eða aðdróttun um það, að sem sjúklingi sje honum eigi trúandi fyrir áfengislyfjum sjálfs hans vegna, eða þess vegna, að hann noti áfengið í bága við bannlögin jafnvel öðrum til skaðræðis, og ennfremur að ummælin sjeu fram komin í því skyni að hnekkja virðingu hans og trausti.

Aftur á móti heldur stefndur því fram, að það sje fjarri sanni að í ummælunum felist nokkur aðdróttun um óráðvendni. Skráin, sem ummælin standi í, sje einn þáttur í rannsókn, og miði að því, að fá nánari vitneskju um áfengi, sem fengið hefir verið úr einni af lyfjabúðum landsins, að rannsókn þessi hafi eigi verið hafin til að grenslast eftir áfengisskömtum til sjúklinga heldur til ósjúkra manna, *að* ekkert hafi verið fjær stefndum en að drótta því að stefnanda að hann hafi drukkið lyfseðlaáfengið í bága við bannlögin, og yfirleitt sje ekkert jafn langt frá sannleikanum og það, að hin umstefndu ummæli sjeu framkomin í því skyni að hnekkja heiðri og trausti stefnanda. En auk þess sem ummælin sjeu ósaknæm í sjálfu sjer, verði þau fyllilega rjettlætt, fyrst og fremst með útdrætti úr áfengisskamtaskrá og í öðru lagi með framburði tveggja vitna, er hafi borið það fyrir lögregluretti, að þeir telji stefnanda „alkunnan óreglumann". Loks heldur stefndur því fram, að nefnd skrá sje til orðin og fram komin eftir dómi stefnds og bestu samvisku, sem sjálfsagður og nauðsynlegur liður í starfi hans sem embættismanns, við rannsókn í bannlagamáli, er honum hafði verið skipað að framkvæma af stjórnarráði Íslands.

Að því nú hin átöldu ummæli snertir verður því eigi neitað, að þau útaf fyrir sig eru freklega móðgandi fyrir stefnanda, með því að í þeim felst aðdróttun um, að stefnamdi hafi eigi sama trúverðugleik og aðrir. En spurningin er um það hvort ummælin sjeu rjettlætt með því, er stefndur færir sjer til afsökunar.

Eins og áður segir, heldur stefndur því fram, að skráin, sem ummælin standa í sje þáttur í rannsókn, er miði að því að fá nánari vitneskju um áfengi, er fengið hefir verið í einni af lyfjabúðum landsins. En skráin gefur engar upplýsingar um það. Heldur eigi er neitt fram komið í málinu er sýni, að skráin sje þáttur í eftirgrenslan eftir áfengisskömtum til ósjúkra, en eigi til sjúklinga. Þá hefir stefndur, lagt fram útdrátt úr skrá yfir áfengi látið úti til notkunar nokkurra manna eftir lyfseðli frá löggiltum lækni. En lög nr. 91, 14. nóv. 1917 um aðflutningsbann á áfengi heimila að lyfsalar selji mönnum áfengi eftir lyfseðli frá löggiltum lækni og þar sem ekkert er fram komið í máli þessu til upplýsingar því, að hjer sje um annað en löglega sölu að ræða, virðist útdráttur þessi þýðingarlaus fyrir málið. Að því nú snertir það atriði, að 2 vitni hafi borið það fyrir lögreglurjetti, að þau teldu stefnanda alkunnan óreglumann, þá hafa 2 vitni að

sönnu borið það fyrir lögreglurjetti Ísafjarðar, að þau teldu engan af þeim mönnum sem á umræddri skrá standa reglumann, þar á meðal stefnanda, og annað vitnanna borið það, að það teldi hann alkunnan óreglumann, en hvorugt vitnanna hefir staðfest framburð sinn með eiði, og hefir honum þó verið mótmælt sem röngum. Framburður þessi virðist því þýðingarlaus fyrir þetta mál.

Samkvæmt framanskráðu hefir stefndur því eigi rjettlætt hin átöldu ummæli eða sýnt að þau sjeu fram komin sem sjálfsagður og nauðsynlegur liður í starfi stefnda sem embættismanns við skipaða rannsókn. Það ber því eftir kröfu stefnanda að dæma hin átöldu ummæli dauð og ómerk sbr. 220. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, svo ber og að dæma stefndan í sekt fyrir þau samkvæmt 219. gr. fyrnefndra laga og þykir sektin hæfilega ákveðin 60 kr. og komi 10 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún er eigi greidd á rjettum tíma.

Eftir þessum úrslitum virðist rjett að stefndur greiði stefnanda málskostnað fyrir undirrjetti, er ákveðst 40 kr.

Hvortveggi málsaðila hafa krafist ómerkingar og sekta fyrir nokkur ummæli í sóknar- og varnarskjölum málsins, en eftir atvikum virðist eigi næg ástæða til að taka kröfu þessa til greina.

Föstudaginn 18. maí 1923.

Nr. 11/1923. **Gunnar E. Benediktsson**
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
Eyvindi Þórarinssyni og Karli bæjarfógeta Einarssyni. (Enginn).

Frávísunardómur í víxilmáli ómerktur.

Dómur gestarjettar Vestmannaeyjákaupstaðar 24. ágúst 1922: Máli þessu vísast frá dómi.

Stefnandi Gunnar E. Benediktsson greiði stefnda Eyvindi Þórarinssyni málskostnað krónur 60,00.

Að því er snertir málskostnað ber dóminum að fullnægja innan 3ja sólarhringa frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Mál þetta er flutt skriflega fyrir hæstarjetti með því að stefndi hefir eigi mætt þar.

Með gestarjettardómi Vestmannaeyjakaupstaðar, uppkveðnum 24. ágúst 1922, var málinu vísað frá dómi fyrir þá sök, að það væri ranglega höfðað sem víxilmál, en áfrýjandi hefir hjer fyrir rjettinum krafist þess, að dómurinn verði ómerktur og málinu vísað heim til dómsáleggingar að efni til.

Með því að eigi verður fallist á ofangreinda ástæðu hjeraðsdómarans til frávísunar málsins, en telja verður samkvæmt lögum nr. 2, 13. jan. 1882 um víxilmál og víxilafsagnir 1. gr., að full heimild hafi verið til að höfða málið sem víxilmál, ber að taka til greina kröfu áfrýjanda um ómerking dómsins og heimvísun málsins.

Eftir atvikum þykir eigi vera næg ástæða til þess að samþykkja kröfu áfrýjanda um málskostnaðargreiðslu á hendur hjeraðsdómaranum, en samkvæmt kröfu hans ber að dæma stefnda Eyvind Þórarinsson til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarjetti, sem ákveðst 100 kr.

Það er aðfinningarvert, að hjeraðsdómarinn hefir haft víxilmál þetta undir dómi í nær fullar 8 vikur án þess að afsaka það á nokkurn veg.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og vísast málinu heim til dómsáleggingar að efni til. Karl bæjarfógeti Einarsson á að vera sýkn af málskostnaðarkröfu áfrýjanda, Gunnars E. Benediktssonar, en stefndi Eyvindur Þórarins-

son greiði honum 100 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir stefnandinn Gunnar E. Benediktsson málafærslumaður frá Reykjavík höfðað gegn stefndum, sjómanni Eyvindi Þórarinssyni á Strandbergi hjer, sem víxilmál með stefnu útgefinni 1. apríl 1922 til greiðslu á eftirstöðvum af víxli að upphæð 1500 kr. útgefnum af Eyvindi Þórarinssyni 10. september 1920 til greiðslu í Útbúi Íslandsbanka hjer 10. október 1920, ásamt 6 % ársvöxtum frá forfallsdegi til greiðsludags og málskostnað eftir reikningi kr. 140,00.

Stefndur heldur því fram, að víxill þessi hafi verið greiddur í viðskiftareikning sinn við verslunina Skjaldborg hjer 10. október 1921, þar sem víxilupphæðin þá var færð honum til útgjalda við tjeða verslun, en við það hafi hann einmitt, eftir reikningnum, orðið skuldugur versluninni um kr. 1063,30, sem er hin umstefnda upphæð, og heldur hann því fram, að reikningsviðskifti sín við verslunina Skjaldborg beri að leggja til grundvallar í þessu máli. En eftir þeim reikningum skuldar stefndur hina umstefndu upphæð kr. 1063,30, en þessum reikningi segist stefndur ekki vera samþykkur, og hefir lagt fram í málinu því til sönnunar rjettarskjöl nr. 7 og 8, innlagsseðil fyrir 2000 kílógröm af þorski, sem hann reiknar sjer á kr. 1400,00 og kr. 800,00 fyrir ferð til Stokkseyrar 1918 fyrir tjeða verslun, en hvorug þessi upphæð er tilfærð í reikningnum frá versluninni og beri því að telja honum til góða í þessu máli, samtals kr. 2200,00 og sem hann nú heldur fram að eigi að jafnast við hina umstefndu upphæð, að geymdum rjetti til að krefjast þess, sem umfram er, síðar meir.

Rjetturinn verður, að líta svo á, að enda þótt þetta mál hafi verið höfðað sem víxilmál, og bæði málsaðilar og dómari hafi að nokkru leyti litið svo á að svo væri, enda rjett þar sem málshöfðunin byggist á víxli að nafninu til.

Rjetturinn getur ekki fallist á kröfu stefnanda í málinu, sjerstaklega þar sem víxillinn er færður inn í viðskiftareikning stefnds við verslunina Skjaldborg og upphæðin færð honum þar til skuldar, þannig einmitt við þá innfærslu hefir stefndur orðið skuldugur versluninni um hina umstefndu upphæð.

Þar sem eftir þessu að mál þetta virðist ranglega höfðað sem víxilmál, þá sjer rjetturinn sjer ekki annað fært en að vísa máli þessu frá dómi, og þar sem hvorki hefir verið stefnt til sátta nje sátt í því reynd koma ekki málsástæður til greina á þessu stigi málsins. Eftir úrslitum málsins virðist stefnandi eiga að greiða stefnda hæfilegan málskostnað, sem ákveðst kr. 60,00.

Föstudaginn 18. maí 1923.

Nr. 27/1923.

Valdstjórnin
(Lárus Fjeldsted)
gegn
William Browning
(Guðm. Ólafsson).

Úrskurður:

Áður en mál þetta verður dæmt í hæstarjetti, ber að útvega fyrir rjetti skýrslur um eftirgreind atriði:

1. hve lengi skipið G. Y. 928 Sethon hafi legið á skipalegu Vestmannaeyja áður en varðskipið kom,
2. hvort veður og sjór hafi verið svo mikið, daginn sem skipið kom, að eigi hafi verið fært að búlka veiðarfæri áður en skipið tók höfn.

Ber rannsóknardómaranum að útvega skýrslur þessar og aðrar upplýsingar, er framhaldsrannsóknin kann að gefa tilefni til að leita.

Því úrskurðast:

Rannsóknardómaranum ber að útvega framangreindar skýrslur og upplýsingar svo fljótt sem verða má.

Föstudaginn 25. maí 1923.

Nr. 65/1922. **Rjettvísin**
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
Guðmundi Þorsteinssyni
(Pjetur Magnússon).

Brot gegn 136. sbr. 145. gr., 253., 270. og 263. gr. hegningarlaganna.

Dómur aukarjettar Barðastrandarsýslu 13. nóv. 1922: Ákærður Guðmundur Þorsteinsson fyrv. póstafgreiðslumaður Geirseyri sæti betrunarhússvinnu, er ákveðst 3 ár.

Svo greiði hann og allan af sökinni löglega leiðandi kostnað að skaðlausu.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Eftir að dómur gekk í hjeraði hafa framhaldspróf verið tekin og nýjar skýrslur útvegaðar og er það sannað, að ákærði, er var póstafgreiðslumaður á Patreksfirði frá því í maí 1918 þar til honum var vikið frá í aprílmánuði 1922, hafi á tímabili þessu dregið sjer fje úr póstsjóði, er hann hafði undir höndum og bar ábyrgð á. Samkvæmt reikningsuppgjörð póststjórnarinnar, sem ákærði hefir viðurkent, nemur sjóðþurðurinn um 27000 kr. og eru þá ekki taldar með 2700 kr., er aðalpósthúsið í Reykjavík, hefir neitað að greiða samkvæmt póstávísunum ákærða en hann heldur því fram, að hafi verið innborgaðar í póstsjóðinn á Patreksfirði og beri að telja með sjóðþurðinum.

Ákærði hefir kannast við að hafa byrjað að eyða fje úr póstsjóðnum í sínar þarfir þegar á fyrsta ári eftir að hann tók við póstafgreiðslunni og að hann

hafi verið sjer þess meðvitandi, að sjóðþurðurinn hafi í maímánuði 1921 verið orðinn að minsta kosti 7000 krónur en megnið af sjóðþurðinum virðist hafa myndast eftir þann tíma. Ákærði hefir varið nokkru af sjóðfjenu til byggingar íbúðarhúss og lánað öðrum nokkrar upphæðir, en að öðru leyti hefir ekki fengist ábyggilega upplýst hvað af sjóðfjenu hafi orðið.

Ákærði leyndi sjóðþurðinum í fyrstu þannig, að hann færði ekki innborgaðar póstávísanir og póstkröfur inn í póstbækurnar jafnóðum og þær voru greiddar heldur seinna og sendi ekki mánaðarreikningana, er dagsettir voru um mánaðamót hver, frá sjer fyr en hann á næsta mánuði hafði fengið nokkurt fje innborgað til greiðslu sjóðþurðarins fyrir liðinn tíma. En er sjóðþurðurinn var orðinn svo mikill, að ákærði þóttist ekki geta leynt honum með þessu móti tók hann það ráð, að skrifa póstávísanir til manna í Reykjavík, án þess nokkur innborgun á Patreksfirði ætti sjer stað fyrir þeim og fengu viðtakendur þær útborgaðar á pósthúsinu í Reykjavík, en greiddu svo annaðhvort sjálfir eða gegnum milliliði upphæðirnar aftur til pósthússins þar í reikning ákærða. Á þessum póstávísunum tilgreindi ákærði sem sendendur menn búsetta á Patreksfirði eða tilbúin nöfn og færði hann svo ávísanirnar inn í póstbækurnar sem innborgaðar á næsta mánuði eftir að þær voru sendar. Alls gaf ákærði þannig út 24 rangar póstávísanir að upphæð 22990 krónur og var öll sú upphæð greidd pósthúsinu aftur nema 370 kr. 76 a., er gengu til eigin þarfa ákærða.

Þá er það og sannað, að ákærði hefir heimildarlaust ritað nafn kaupmanns á Patreksfirði undir 5000 kr. ávísun til sín sjálfs, er hann sendi með árituðu framsali sínu upp í viðskifti sín við aðal-

pósthúsið í Reykjavík einum þeirra manna, er hann hafði sent rangar póstávísanir.

Loks hefir ákærði veðsett manni á Patreksfirði íbúðarhús sitt vitandi það, að hann þá átti ekki fyrir skuldum og að gjaldþrot vofði yfir enda var hann lýstur gjaldþrota skömmu síðar.

Framangreind afbrot ákærða heyra undir 136. sbr. 145. gr., 253., 270., og 263. gr. hinna almennu hegningarlaga og þykir refsingin fyrir þau hæfilega ákveðin betrunarhússvinna í tvö ár og sex mánuði. Iðgjalda hefir ekki verið krafist og verða þau því ekki dæmd í þessu máli.

Ákærða ber að greiða allan af málinu leiðandi kostnað bæði í hjeraði og hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda fyrir hæstarjetti, 300 kr., og verjanda 100 kr.

Það athugast, að aldursvottorð ákærða og hegningarvottorð úr Barðastrandarsýslu hefir ekki verið framlagt.

Það er aðfinningarvert, að ákæruefnið er í aukarjettarstefnunni eigi nægilega ákveðið, þar sem ákærða er stefnt fyrir að hafa »gjörst brotlegur við ýmsar greinir hinna almennu hegningarlaga, þar á meðal« nokkrar þar sjerstaklega tilgreindar. Loks athugast, að rannsókn og meðferð málsins hjá undirdómaranum er mjög ábótavant.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði, Guðmundur Þorsteinsson, sæti betrunarhússvinnu í tvö ár og sex mánuði.

Svo greiði hann og allan af málinu leiðandi kostnað bæði í hjeraði og hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda í hæstarjetti,

málflutningsmanns Jóns Ásbjörnssonar, 300 kr., og verjanda, málflutningsmanns Pjeturs Magnússonar, 100 kr.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir af hálfu rjettvísinnar verið höfðað gegn fyrv. póstafgreiðslumanni Guðmundi Þorsteinssyni Geirseyri, sem gegnt hefir sýslan þeirri frá 1. maí 1918 til aprílmánaðar þ. á að honum var vikið frá sýslaninni.

Við bráðabirgðarannsókn hjá kærðum, er póststjórnin ljet fara fram hjá honum, skömmu áður en honum var vikið frá sýslaninni, reyndist sjóðþurð hjá honum kr. 26505,34 til 29205,34, með því vafi leikur á um ávísanir, að upphæð kr. 2700,00 útgefnar 2. apríl, sem póststjórnin stöðvaði útborgun á, er gjaldkeri hennar var vakinn, að kærður hefði gefið út á hana falskar ávísanir.

Kærður hefir tregðulaust, er rannsókn var hafin í málinu, játað á sig brot útaf sjóðvöntuninni, og ennfremur játað á sig, að hafa gefið út falskar ávísanir samtals fyrir kr. 22990, á tímabilinu frá 2. febrúar 1922 til 20. mars. Þá eru síðustu ávísanirnar gefnar út, að upphæð kr. 2840,00. Brúkaði hann til þessa gerfinöfn, en sem gátu átt við verslunarrekendur hjer á staðnum, eða í grend, og hefir kærður játað að þetta væri gert í því skyni „að villa póststjórninni sýn".

Aftur á móti liggur ekki fyrir ábyggileg játning, fyrir ástæðum þeim, er sjóðþurð þessi á rót sína að rekja til, en hún hefir að því er sjeð verður aðallega myndast á tvennan hátt:

1. Með því að gefa út falskar ávísanir, sem póststjórnin greiddi út, sem verulegt innborgað fje þar vestra, en sem aldrei hafði innborgast þar, endurgreiðslur á fje þessu gat því aldrei orðið annað en skyngreiðsla, því í eðli sínu var það ekki annað, en skilað aftur láni.
2. Með því að stinga póstkröfum undir stól, og leyna þannig greiðslum þeirra.

Þar sem ekki fjekst ábyggilegur framburður í þessu efni, voru fengnir óvilhallir menn, að semja lista yfir inn- og útborgað

fje til póstafreiðslunnar á tímabilinu frá 1. jan. 1921 til 10. apríl 1922, og fylgja listar þessir rannsóknargjörðunum, sem nr. 3, nr. 5, 6 og 7 með því umframgreiðslur reyndust á tímabilinu frá 10. október 1921 til 10. apríl 1922 kr. 26239,40, eða sem svaraði sem næst til sjóðþurðarinnar, og fyrir 1. okt. gat aðeins hafa verið sjóðþurð í póstkröfum — er skotið hafði verið undan — þær kröfur, er gátu hafa borist póstafgreiðslunni innan þess tíma, en við athugun á þeim, virðist hverfandi lítill hluti þeirra, geta verið greiddur innan 1. okt. eða sem svarar mest 1—2000 krónum, og getur sjóðþurð 1. okt. 1921 þannig, ekki hafa numið að neinum mun meira, að því er ætla verður eftir skjölunum, en um 5000 krónur, og væri skýrsla kærðs um að hafa þurft að brúka októberpeninga til greiðslu á ágúst- og september-reikningum tekin trúanleg, hefði sjóðþurð á nýári ekki átt að vera hærri, en sem svaraði 10 þúsund krónum, og hinar fölsku 9000 krónur, að nægja að mestu til að greiða þá vöntun, og janúarpeningar vera óeyddir.

Listi nr. 6 sýnir að frá 1. okt. 1921 til 10. apríl 1922 hafa mánaðarlegar umframgreiðslur verið frá kr. 2103,37 í október, til 5977,43 í mars, er þær komast hæst, en á mánuðunum mars og apríl, eru innfærðar kröfur þær, er skotið hafði verið undan, og því eru umframgreiðslur þá mánuði ekki ábyggilegar, geta verið komnar inn fyrir þann tíma. Það sem gjörir skýrslu kærðs tortryggilega, að sjóðþurðin hafi vaxið honum yfir höfuð, „að hann af þeirri ástæðu hafi dregið í lengstu lög að senda reikningana“ o. s. frv. eru janúar og febrúargreiðslur hans. Það er sannað og viðurkent, að ekki einasta hundruð heldur og þúsundir króna komu inn, á mánuðunum janúar og febrúar, en allar greiðslur kærðs til hins opinbera á þessu tímabili, nema krónum kr. 1737,62, þar af febrúarpeningar krónum 332,03, og til þess að geta greitt þessa upphæð, heldur kærður fram, að hafa ekki getað sent þessa reikninga, fyr en 30. mars. Ennfremur er það sannað og viðurkent, að kærður hefir fengið greiddar frá póststofunni í Reykjavík í byrjun marsmánaðar reikningslega sjeð, 22000,00 krónur í fölskum ávísunum, en kröfur sem kærður hafði skotið undan, eru fyrst innfærðar, og koma póstsjóði til tekna í mars eða aprílmánuði, og þar af leiðandi gat ekkert af þá útgefnum ávísunum gengið til greiðslu þeirrar sjóðþurðar, er slíkar ávísanir þegar höfðu myndað. Þykir því nægilega færðar sönnur á með þessu, að kærður af ásettu ráði hafi dregið að senda reikningana, til að

komast yfir sem mest fje ríkissjóðs, og að hann hafi notað stöðu sína sem póstafgreiðslumaður í þessu skyni sjer sjálfum til eiginhagsmuna, og að hann á þennan hátt hafi gjörst brotlegur við 230. grein hegningarlaganna frá 1869 síðari hluta. Að því er hinsvegar snertir hinar fölsuðu ávísanir samtals 22990,00 krónur, sem kærður hefir viðurkent rangar að efni, og útbúnar með gerfinöfnum, verður ekki á það fallist, að heimfæra beri það brot undir fyrirmæli 136. gr. Þar sem hjer er að ræða um efnisfölsun sjerstakra skjala, óviðkomandi bókfærslunni, auk þess löggiltan gjaldmiðil, heldur beri að heimfæra það brot undir ákvæði 276. ásamt 277. gr. sbr. 270. gr. hegningarlaganna. Þar sem bú kærðs hefir verið tekið til skiftameðferðar, sem þrotabú, og ekki útlit fyrir að eignir þær, er komu fram, greiði nema brot af sjóðþurðinni, eða þá að hún greiðist á annan hátt, verður að telja rjett, að heimfæra brotið undir 136. sbr. 145. gr. hinna almennu hegningarlaga, og með hliðsjón af því, hvernig brotið er framið, og allri framkomu kærðs, tilfæra það undir þyngri ákvæði nefndrar lagagreinar.

Kærður telur sig fæddan í Reykjavík 23. febrúar 1893, og er þannig kominn yfir lögaldur sakamanna, hefir ekki sætt dómi eða hegningu fyr. Var í hans tíð sem póstafgreiðslumanns, í mars 1919, framinn stór póstþjófnaður úr gufuskipinu Geysir hjeðan frá Patreksfirði, en ekkert sannast um þann þjófnað, ennfremur var rannsókn hafin gegn kærðum hjer í sýslu hinn 29. nóv. f. á. fyrir drykkjuskaparóreglu, en það mál fjell niður, þar eð sannaðist að neytt hafði verið áfengisvökva að læknisráði eftir lyfseðli, en þeir sem athugað hafa reikninga kærðs og bókfærslu, telja hana yfirleitt í góðu lagi, og ekkert sjerstakt athugavert. Frá áramótum 1922 hafði kærður einungis póstafgreiðsluna á hendi, en aðalsjóðþurðin virðist einmitt stafa frá þeim tíma, uppúr áramótunum. Að því er brigður á launaloforðum frá póststjórnarinnar hálfu snertir, hefir aðalpóstmeistari í brjefi framlögðu í rjettinum, neitað slíkum áburði. Verður ekki álitið að neinar af þessum ástæðum geti að verulegu leyti haft áhrif á dómsúrslit.

Brot kærðs verður þannig að heimfæra undir 136. gr. sbr. 145. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 1869, 230. gr. sömu laga og 276. gr. ásamt 277. gr. sbr. 270., en ekki hefir þótt ástæða að taka sjerstaklega til greina 256. gr., en hegninguna fyrir öll brot

þessi, ber að ákveða með hliðsjón af fyrirmælum 63. gr. og þykir hún hæfilega metin 3ja ára betrunarhússvinna.

Þá ber og að skylda kærðan til að greiða allan sakarinnar kostnað að skaðlausu.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Miðvikudaginn 30. maí 1923.

Nr. 20/1923. **Fjármálaráðherra f. h. Vífilsstaðabúsins**
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
hreppsnefnd Garðahrepps.
(L. Fjeldsted),

útaf útsvarsskyldu Vífilsstaðabúsins.

Úrskurður fógetarjettar Gullbringu- og Kjósarsýslu 15. jan. 1923: Hið umbeðna lögtak fyrir aukaútsvari lögðu á Vífilsstaðabúið á Vífilsstöðum fyrir fardagaárið 1921 til 1922 til sveitarsjóðs Garðahrepps, að upphæð kr. 1200,00, svo og kostnaði við innheimtu þess, á fram að fara á þann hátt, sem mælt er fyrir í þar að lútandi úrskurði 8. apríl f. á., rituðu á lögtaksbeiðni hreppsnefndar Garðahrepps, dags. 25. mars f. á., birtum 22. apríl s. á. og samkvæmt 9. gr. laga 16. des. 1885.

Dómur hæstarjettar.

Að vísu telur reikningur Heilsuhælisins á Vífilsstöðum 1921, sem framlagður er í málinu, tekjur og gjöld af búi hælisins sem sjerstaka tekju- og gjaldaliði og tekjurnar allmiklu meiri en gjöldin. En það er in confesso í málinu, að allur afrakstur búsins

gengur til hælisins, enda sjest það á sjálfum reikningnum, að búið er einn þáttur í rekstri hælisins. En á slíka starfsemi, sem með engu móti verður kölluð atvinna, var hvorki heimilt að leggja útsvar samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 50/1919, nje heldur samkv. 2. mgr. nefndrar lagagreinar, sem ræðir um lagningu útsvars á atvinnurekstur utansveitarmanna, meðal annars fyrir jarðarafnot.

Verður því að ógilda fógetarjettarúrskurðinn og þá jafnframt að skylda stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti, og þykir hann eftir atvikum hæfilega metinn 150 kr.

Því dæmist rjett vera:

Fógetarjettarúrskurðurinn er feldur úr gildi.

Stefndi, hreppsnefnd Garðahrepps, greiði áfrýjanda, fjármálaráðherra f. h. Heilsuhælisins á Vífilsstöðum 150 kr. málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Hreppsnefndin í Garðahreppi í Gullbringusýslu hefir haustið 1921 lagt 1200 kr. aukaútsvar á afnot Vífilsstaðabúsins eða ábúð þess á þjóðjörðinni Vífilsstöðum í greindum hreppi, en umráðamaður Heilsuhælisstofnunarinnar læknir Sigurður Magnússon, hefir neitað að greiða útsvar þetta vegna þess, að stofnun þessi, sem rekin sje á kostnað ríkissjóðs, eigi sje arðberandi fyrirtæki heldur líknarstofnun fyrir alt landið, og að ábúðin, sem útsvarið sje lagt á, sje orðinn einn liður í rekstri stofnunarinnar, er sje eign ríkissjóðs og rekstur jarðarinnar sje kostaður af ríkissjóði, og fyrgreint aukaútsvar sje því í raun og veru lagt á Heilsuhælið sem slíkt eða ríkissjóð sem eiganda þess, en um útsvarsskyldu þegar svo sje ástatt, geti eigi verið að ræða. Af hálfu gjörðarbeiðanda er því á hinn bóginn haldið fram, að enginn greinarmunur sje á því gjörður í 36. gr. sveitarstjórnarlaganna, sem álagning fyr-

greinds aukaútsvars styðjist við, hver ábúandi jarða sje, eða hvert arður af búskap lendi, heldur fortakslaust heimilað að leggja á slíkan atvinnurekstur, og búskapur sá, er hjer um ræðir, sje sannanlega rekinn með góðum hagnaði — Vífilsstaðabúið.

Með því að fyr um rætt aukaútsvar, lagt á Vífilsstaðabúið fyrir fardagaárið 1921 til 1922, eingöngu virðist miðað við ábúð Vífilsstaðahælisins á þjóðjörðinni Vífilsstöðum svo og þjóðjörðinni Hagakoti í greindum hreppi, sem það vitanlega einnig hefir til ábúðar, eða afnot og afrakstur af jörðum þessum, en eigi lagt á rekstur Heilsuhælisins í heild sinni, og á hinn bóginn engin kæra hefir framkomið, hvorki til hlutaðeigandi hreppsnefndar eða sýslunefndar, um að hið álagða aukaútsvar eftir atvikum sje of hátt ákveðið í samanburði við útsvör lögð á ábúð annara jarða í hreppnum, eða aukaútsvör lögð á aðra gjaldendur hreppsins, og loks enginn greinarmunur er gjörður á því í hinni tilvitnuðu lagagrein, hver ábúandi sje eða hvert arður eða afrakstur af jarðarábúðinni lendi, virðist rjett vera að umræddur gjaldandi greiði hið álagða aukaútsvar, kr. 1200,00, til sveitarsjóðs Garðahrepps. Hefir hreppstjóranum í Garðahreppi með úrskurði sýslumanns dags. 8. apríl f. á. verið falið að framkvæma lögtak fyrir útsvarinu, en hann eigi með lögtaksgjörð 5. f. mán. lögformlega fullnægt því, samkvæmt 9. gr. laga 16. desbr. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, með yfirlýsing sinni um að þar uppskrifaðir gripir sjeu lögteknir til fullnægingar aukaútsvarinu og kostnaði við lögtakið.

Föstudaginn 8. júní 1923.

Nr. 53/1922. **Eigendur Búðar í Eyrarhreppi**
(B. P. Kalman)
gegn
eigendum Hnífsdals neðri
(Jón Ásbjörnsson)
og Oddi Gíslasyni sýslumanni. (Enginn,

útaf skifting lands milli þessara jarða.

Dómur aukarjettar Ísafjarðarsýslu 5. júlí 1922: Framangreind landskifti eru ógild.

Hina stefndu, Halldór Pálsson, Pál Pálsson, Hjört Guðmundsson, Valdimar Þorvaldsson, Guðmund Sveinsson og Kjartan B. Guðmundsson, ber að sýkna af kærum og kröfum stefnandans Hálfdáns Hálfdánssonar og Sigríðar Össursdóttur. Stefnandi greiði stefndum 200 kr. í málskostnað.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Fyrir hæstarjetti hafa áfrýjendurnir gjört þær rjettarkröfur, að ákvæði hins áfrýjaða dóms um ógildingu landskiftagjörðar þeirrar, er ræðir um í málinu, verði staðfest, og að vísað verði frá undirrjetti kröfu áfrýjendanna um að jörðinni Búð verði dæmd sem einkalandareign allt svæðið frá túni jarðarinnar og allt út að Skarfaskeri niður til stórstraumsflæðarmáls. Loks hafa þeir krafist málskostnaðar fyrir undirrjetti og hæstarjetti.

Þar sem dóminum hefir eigi verið áfrýjað af hálfu hinna stefndu verður engin breyting gjörð á ákvæði dómsins um ógilding landskiftagjörðarinnar, og ber því að staðfesta dóminn að þessu leyti samkvæmt kröfu áfrýjenda.

Um hitt atriði málsins, um landareign jarðarinnar Búðar, er það að athuga, að málsaðila greinir á um það, hvort landsvæði það, er deilt er um í málinu, sje einkaeign Búðar eða hvort jörðin eigi aðeins slægnaitak á landspildu þessari, sem sje sameiginlegt land jarðanna Búðar og Hnífsdals neðri, svo og um takmörk landspildu þessarar, en þessi ágreiningur er í eðli sínu landaþræta og á undir landamerkjadóm. Verður því ex officio að ómerkja aukarjettardóminn að þessu leyti og vísa kröfunni frá undirrjettinum.

Eins og málatilbúnaðinum hefir verið hagað af áfrýjenda hálfu þykir rjett að málskostnaður í hjeraði og hæstarjetti falli niður.

Áfrýjendur hafa stefnt undirdómaranum Oddi sýslumanni Gíslasyni og krafist þess að hann verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar fyrir hæstarjetti annaðhvort in solidum með stefndu eða út af fyrir sig, en þareð engin ástæða var til þess að stefna undirdómaranum til ábyrgðar, verður krafa þessi eigi tekin til greina, en um málskostnaðargreiðslu til undirdómarans er eigi að ræða, með því að hann hefir eigi mætt eða mæta látið í rjettinum.

Því dæmist rjett vera:

Ákvæði aukarjettardómsins um ógilding landskiftagjörðarinnar staðfestist. Að því er snertir kröfu áfrýjendanna um að jörðinni Búð verði dæmt sem einkalandareign allt svæðið frá túni jarðarinnar og allt út að Skarfaskeri niður til stórstraumsflæðarmáls, ómerkist dómurinn og vísast málinu að því leyti frá undirrjetti.

Málskostnaður fellur niður bæði í hjeraði og í hæstarjetti.

Sýslumaður Oddur Gíslason sýknast af málskostnaðarkröfu áfrýjenda.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með skjali dags. 20. mars 1919 kröfðust eigendur Hnífsdals neðri (Heimabæjar) þeir Guðmundur Sveinsson, Valdimar Þorvarðsson, Kjartan B. Guðmundsson, Halldór Pálsson, Páll Pálsson, Hjörtur Guðmundsson og Guðmundur Sveinsson, sem einnig var eigandi $^1/_2$ jarðarinnar Búðar í Hnífsdal, að látin væri fara fram landsskifti á allri fjörulóðinni fyrir neðan götu, innan frá Hnífsdalsá og út að svokölluðu Skarfaskeri. Samkvæmt því skipaði sýslumaður 3 menn og einn fyrir oddamann til þess að framkvæma landsskifti á umræddu svæði. Framkvæmdu landsskiftamenn síðan skiftin, og undirskrifuðu gjörðabók því viðvíkjandi 21. júlí 1920. Yfirmats hefir eigi verið krafist.

Með stefnu útgefinni 22. október f. á., krefst stefnandinn, Hálfdán Hálfdánsson og ekkjan Sigríður Össursdóttir, bæði til heimilis í Búð, Hnífsdal, að umrædd landsskiftagjörð verði dæmd ógild, en með landsskiftagjörð þessari sje skift landi milli eigenda og ábúenda Hnífsdals neðri (Heimabæjar) og jarðarinnar Búðar, að jörðinni Búð verði dæmd sem einkalandareign alt svæðið frá túni jarðarinnar og út að Skarfaskeri, niður til stórstraumsflæðarmáls, og að stefndir verði dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað eftir mati rjettarins.

Stefndir eigendur Hnífsdals neðri, öðru nafni Heimabæjar, þeir Halldór Pálsson, Páll Pálsson, Hjörtur Guðmundsson, Valdimar Þórðarson, Guðmundur Sveinsson og Kjartan B. Guðmundsson, krefjast þess aftur á móti að þeir verði sýknaðir af kærum og kröfum stefnanda, og hann verði dæmdur í málskostnað með sjerstöku tilliti til þess að málshöfðunin hefði við engin rök að styðjast.

Eins og áður er sagt hafa farið fram landsskifti á svæði því, sem um er stefnt í málinu og verður því að athuga hvort mál þetta verði tekið til meðferðar af rjettinum, eða því beri að frávísa, sem rjettinum óviðkomandi sakir þess að landsskifti hafi

framfarið, er eigi hefir verið hrundið á þann hátt, sem landsskiftalögin mæla fyrir, með yfirmati.

Rjetturinn lítur svo á, að fyrir dómsstólana megi leggja spurninguna um það, hvort meðferð skiftanna að formi til hafi verið lögleg, og ber því að athuga það.

Stefnandi heldur því fram, að ofannefnd landsskifti hafi verið framkvæmd án þess að hann væri boðaður til að vera við skiftin, er hann álítur að hafi farið fram þann 27. júní 1920, því þá hafi hann, án þess að hafa fengið nokkra vitneskju um það, sjeð landsskiftamennina vera að setja niður merkjapolla, enda kvaðst stefnandi þá hafa gengið til þeirra, og int þá eftir hvert erindi þeirra væri, og er þeir þá tjáðu honum að þeir væru að framkvæma landsskifti, kvaðst hann hafa bannað þeim það. Þá hafa og stefndir mótmælt landsskiftum sakir þess að rjettindi jarðarinnar Hrauns, sem er uppsátur fyrir einn bát í Neðri-Hnífsdal (Heimabæ), sje fært úr svonefndri Heimabæjarvör, inn á „Sand" að málsaðilum óaðspurðum, sökum þessa og eins vegna þess að árflúðirnar sjeu teknar með í lendingarmáli verði lendingarsvæðið oflítið í hlutfalli við aðra hlutaðeigendur.

Að því nú er landsskiftagjörðina snertir, þá sýnir hún að landsskiftamenn boða eigendur og ábúendur jarðarinnar Neðri-Hnífsdals og Búðar á fund, sunnudaginn 6. júlí 1919, á nánar tilteknum stað í Hnífsdal til þess að ræða væntanleg landsskifti á fjörulóð tjeðra jarða. Í landsskiftagjörðinni er þess eigi beint getið hvort allir hlutaðeigendur hafi mætt á fundinum en hinsvegar segir þar, að landsskiftamenn hafi haldið fund, með eigendum og ábúendum greindra jarða og þeir hafi lagt fyrir þá uppkast af skiftagjörð og frumteikningu að landi því er skifta skyldi og að skiftin sjeu framkvæmd samkvæmt því með litlum breytingum eftir samhljóða óskum gjörðarbeiðanda.

Hinsvegar segir ekkert um það í gjörðinni að eigendur og ábúendur hafi verið boðaðir til þess að vera við sjálf skiftin og virðist það eigi hafa verið gjört. En í landsskiftalögunum er beinlínis fyrirskipað að boða skuli eigendur og ábúendur til þess að vera við landsskifti og þar sem að hvortveggja málsaðila telja landsskiftin hafa farið fram að þeim óspurðum, stefnandi yfirleitt og stefndir að minsta kosti að því er snertir það atriði skiftanna, sem þeir samkvæmt áðursögðu mótmæla, lítur rjetturinn svo á að landsskiftin hafi eigi við lög að styðjast að þessu leyti og að

því beri að dæma gjörðina ógilda eftir kröfu stefnanda sbr. lög nr. 43 $^{10}/_{11}$ 1913, 4. gr. um landsskifti.

Næst er þá sú rjettarkrafa stefnda að jörðinni Búð verði dæmd sem einkalandareign alt svæðið frá túni jarðarinnar út að Skarfaskeri niður til stórstraumsflæðarmáls, sbr. landamerkjaskrá, dags. 26. maí 1886.

Að því athuguðu að samkvæmt rjettarkröfu stefnanda og skjölum málsins virðist einungis að ræða um lögskýringu á landamerkjaskrá jarðarinnar Búðar, lítur rjetturinn svo á, að eigi sje ástæða til þess að frávísa málinu ex officio fyrir þá sök, að það heyri undir landamerkjadóm, og af sömu ástæðu virðist heldur eigi ástæða til að dæma málið með meðdómsmönnum sbr. 16. gr. laga nr. 41, $^{28}/_{11}$ 1919 um landamerki og fl.

Eins og fyr segir, byggir stefnandi kröfu sína á landamerkjaskrá Búðar dags. 26. maí 1886. En sama ár og dag er landamerkjaskrá Neðri-Hnífsdals (Heimabæjar) samin og hafa báðar þessar skrár verið framlagðar í málinu.

Í landamerkjaskrá Búðar stendur: „Jörðinni Búð heyrir til frá túni og að Skarfaskeri, sem slægjur eiga að heita“ . . . . . „Slægjur heyra nú eigi jörðinni meiri til, en beit og öll önnur hlunnindi á hún jafnt Heimabæ“. Í landamerkjaskrá Heimabæjar segir um þetta atriði: „að frátöldu Búðartúni og slægjum frá því og út að Skarfaskeri“ . . . . „$^1/_5$ af ofangreindu haglendi og fjöru tilheyrir Búð“.

Í málinu er það upplýst að jörðin Búð var lögð til sem hjálenda frá höfuðbýlinu Hnífsdal neðri (Heimabæ) og er það þá æði ósennilegt að hjálendan hafi öðlast fjörurjettindi í langtum stærri mæli en hlutfallslega við höfuðbýlið. Fyrir slíku þyrfti að vera óyggjandi sannanir í málinu. — Í hinum tilvitnuðu orðum landamerkjaskránna virðist eigi geta falist annað en orðin hljóða um, að jörðin Búð hafi land þetta til slægna, en hefir hinsvegar engan einkarjett yfir fjörulóðinni eða þeim hluta landsins, sem eigi er til slægna öðruvísi en í sameign og í rjettu hlutfalli við stærð beggja jarðanna. Enda virðist þessi skilningur koma enn þá tvímælalausara fram í síðari málsgrein landamerkjaskrár Búðar, þar sem segir: „Slægjur heyra nú eigi jörðinni meiri til, en beit og öll önnur hlunnindi á hún að tiltölu jafnt Heimabæ“. Í landamerkjaskrá Neðri-Hnífsdals (Heimabæjar) segir hjer um: „$^1/_5$ af ofangreindu haglendi og fjöru tilheyrir Búð“.

Orðanna hljóðan um þetta virðist því eigi geta verið öllu

ljósari. Að sjálfsögðu ber því að sýkna hina stefndu af þessari kröfu stefnanda. Eftir þessum úrslitum getur stefnandi eigi komist hjá að greiða stefndu málskostnað er ákveðst 200 krónur.

Mánudaginn 11. júní 1923.

Nr. 2/1923. **Geir Sigurðsson f. h. h/f. Hákon**
(L. Fjeldsted)
gegn
Sigurjóni Pjetursyni
f. h. h/f. Stefnir
(B. P. Kalman),

útaf skaðabótum.

Dómur sjódóms Reykjavíkur 11. febr. 1922: Stefndur Sigurjón Pjetursson f. h. h/f. Stefnis á að vera sýkn af kröfum stefnandans Geirs Sigurðssonar f. h. h/f. Hákonar í þessu máli, en stefnandi að greiða stefndum 100 krónur í málskostnað, innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstarjettar samkvæmt uppreistarleyfi 18. des. f. á.

Að vísu verður að telja það mjög varhugaverða ráðstöfun að leggja stærra skipi, sem Walpole var, fast við ytra borð skipsins Hákon að kvöldi dags á þeim árstíma, sem allra veðra er von (lok septembermánaðar) og án þess að svo væri um festar og legufæri búið, að flytja mætti skipið í skjótri svipan ef veður breyttist, en þar sem veður var gott þegar skipinu var lagt þannig með leyfi hafnarstjórnar án

þess nokkur mótmæli kæmu fram gegn því af hálfu skipverja á Hákon og skipshöfnin á Walpole var ekki neitt aðvöruð og vissi því ekki að hætta var á ferðum, enda hafði öðrum botnvörpung einnig með leyfi hafnarstjórnar verið lagt utan á Walpole, svo að hann gat ekki hreyft sig úr stað, og að öðru leyti samkvæmt ástæðum sjórjettardómsins ber að sýkna stefnda og staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum þykir rjett að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda upp í málskostnað fyrir hæstarjetti 100 kr.

Því dæmist rjett vera:

Sjórjettardóminum skal óraskað. Áfrýjandi, Geir Sigurðsson f. h. h/f. Hákon, greiði stefnda, Sigurjóni Pjeturssyni f. h. h/f. Stefnir 100 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir sjódóminum með stefnu útgefinni 4. apríl f. á. af Geir Sigurðssyni, útgerðarstjóra f. h. h/fj. „Hákonar“ hjer í bænum gegn Sigurjóni Pjeturssyni framkvæmdarstjóra f. h. h/fj. „Stefnis“ sömuleiðis hjer í bænum og hefir stefnandi krafist þess að stefndur f. h. h/fj. „Stefnis“ verði dæmdur til að greiða sjer f. h. h/fj. „Hákonar“ 1875 krónur í skaðabætur með 6 % ársvöxtum frá 29. september 1920 til greiðsludags og málskostnað eftir mati sjódómsins.

Stefndur hefir krafist sýknunar af öllum kröfum stefnanda í málinu og málskostnaðar hjá honum eftir mati sjódómsins.

Málavextir eru þeir, að 28. september 1920 var m/k. „Hákoni“, eign h/fj. „Hákonar“, lagt upp að m/k. „Skaftfellingi“ er lá hjer við hafnaruppfyllinguna, með leyfi hafnarstjóra og skipstjórans á „Skaftfellingi“ og þá jafnframt settar 3 síðuhlífar

milli skipanna. Var svo farið að flytja síld úr „Hákoni“ yfir í „Skaftfelling“. Kl. 4½ síðdegis sama dag kom botnvörpungurinn „Walpole“ eign h/fj. „Stefnis“ og lagðist með leyfi hafnarstjóra utan á síðuna á „Hákoni“, og setti festar á land bæði að framan og aftan. Skipstjórinn á „Hákoni“ var þá ekki á skipinu, en engum mótmælum var þá eða síðar hreyft af hálfu „Hákonar“ gegn því að „Walpole“ legðist eða lægi eins og hann gjörði. Litlu síðar kom botnvörpungurinn „Ingólfur Arnarson“ og lagðist utan á síðuna á „Walpole“ og setti einnig festar í land bæði að framan og aftan.

Veður var gott 28. september 1920 þar til á miðnætti að vindur fór að vaxa. Kl. 4 að morgni 29. september var tekið eftir því á „Hákoni“ að fremsta hlífin milli „Hákonar“ og „Skaftfellings“ kom eigi að notum sökum þess að skipin, sem hreyfðust töluvert mikið fram og aftur, höfðu færst þannig til, að „Hákon“ lá nú nokkru framar á „Skaftfellingi“ en áður. Reyndi skipstjórinn á „Hákoni“ og annar maður á því skipi, sem vakti um nóttina til skiftis við skipstjóra, þá með aðstoð vökumannsins á „Skaftfellingi“, að færa fremstu hlífina milli skipanna fyrir framan framsiglureiða, en gátu aðeins komið hlífinni niður milli öldustokka skipanna. Stuttu síðar breyttist vindstaðan og lægði að mun vindinn. Eftir hádegið daginn eftir, er búið var að losa úr „Hákon“, var farið með skipið út á höfn og því lagt þar. Kom þá í ljós, að á stjórnborðssíðu skipsins höfðu orðið talsverðar skemdir. Fjekk stefnandi 1. október 1920 dómkvadda 2 menn til að meta skaðann og möttu þeir hann á 1875 krónur. Telur stefnandi b/v. „Walpole“ vera valdan að skaða þessum þar sem „Hákon“ hafi ekki getað hreyft sig frá „Skaftfellingi“ vegna þess að „Walpole“ lá við hliðina á honum og hefir því höfðað mál þetta og gjört rjettarkröfur þær, er að framan greinir.

Stefndur hefir nú viljað vjefengja að „Hákon“ hafi beðið hinn umrædda skaða nóttina milli 28. og 29. september 1920, en það verður að teljast nægilega upplýst í málinu að svo hafi verið, sbr. sjerstaklega framburð vitnisins Guðmundar Jónssonar 9. nóvember f. á. í sambandi við önnur atvik málsins.

Þá hefir stefndur mótmælt því að eigendur „Walpole“ beri nokkra ábyrgð á hinum umrædda skaða þó hann væri beðinn hina umræddu nótt. Kveður hann það hafa verið í alla staði rjettmæta og forsvaranlega ráðstöfun að leggja „Walpole“ utan á „Hákon“ 28. nóvember, enda hafi það verið gjört eftir tilvísun

hafnarfógeta, veður verið hið besta og skipstjórnarmenn á „Hákoni“ engum mótmælum hreyft gegn henni og ekki aðvarað þá, sem um borð voru í „Walpole“ nóttina milli 28. og 29. september þegar hvessa fór, um að hætta væri á ferðum eða beiðst aðstoðar þeirra og hafði „Walpole“ þó „damp uppi“.

Í hafnarreglugjörð Reykjavíkur 22. nóvember 1917, 22. gr. er gjört ráð fyrir því, að leggja megi skipum, jafnvel til fermingar og affermingar, hverju við hliðina á öðru við bólvirki hafnarinnar og verður það því ekki talin óforsvaranleg ráðstöfun af skipstjóranum á „Walpole“ að leggja skipinu utan á „Hákon“ enda skeði það með samþykki hafnarstjóra og án mótmæla af hálfu „Hákonar“. Þá hefir stefnanda heldur eigi tekist að færa sönnur á, að mönnum þeim, sem voru um borð í „Walpole“ nóttina milli 28. og 29. september 1920, — en það voru stýrimaður, 2. vjelstjóri og varðmaður, hafi verið gjört viðvart um, eða þeir vitað, að nokkur hætta væri á ferðum, því vitnaframburður áðurnefnds Guðmundar Jónssonar í þá átt kemur algjörlega í bág við framburð vitnisins Brynjólfs Jóns Einarssonar, sem hjelt vörð í „Walpole“ frá kl. 12 um nóttina til kl. 8 um morguninn og tjáist ekki hafa átt tal við aðra skipsmenn á „Hákoni“ en skipstjóranu, er þar um aðspurður hafi svarað, að „Hákoni“ stafaði ekki hætta af „Walpole“ af því að vindurinn stæði af landi. Auk þessa hefir vitni þetta borið, að ekki hafi aðrir menn á „Walpole“ en það verið á þilfari um nóttina meðan það var á verði.

Skaði sá, er „Hákon“ beið, virðist hafa stafað af því, að ekki voru nægar hlífar milli þess skips og „Skaftfellings“, en á því átti „Walpole“ eða eigendur hans enga sök.

Það þykir því verða að sýkna stefndan af kröfum stefnanda í málinu og dæma stefnanda til að greiða stefndum málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 100 krónur.

Miðvikudaginn 13. júní 1923.

Nr. 14/1923. **Eigendur Sólheimatungu með Norðurkoti og Suðurkoti**
(M. Guðmundsson)
gegn
eigendum Svignaskarðs með Fróðhúsum
(Pjetur Magnússon).

Landamerkjamál.

Dómur landamerkjadóms Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 31. ágúst 1922: Svignaskarði með Fróðhúsum tilheyri öll laxveiði í Gljúfurá frá því að Hópið fellur í hana og alla leið fyrir Sólheimatungu landi alt þar til lönd Sólheimatungu og Hauga mætast. Dagpeningar, fæðis- og ferðakostnaður dómendanna ákveðst 20 kr. á dag. Kostnað af dómþingi þessu kr. 97,00 greiði eigendur Sólheimatungu með Norðurkoti og Suðurkoti, Jónas E. Jónsson, Jón Björnsson frá Bæ, Jón Björnsson frá Svarfhóli og Jósef Björnsson in solidum. Að öðru leyti falli málskostnaður niður. Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Með því að merki það, Gróf eða Græfralækur, sem áfrýjendurnir lögðu eitt undir álit landamerkjadómsins sem takmark fyrir einkalaxveiðirjetti stefnda í Gljúfurá að neðanverðu, ekki getur komið til greina og með því að laxveiði hefir, samkvæmt framburði vitna, um langt skeið fram á síðustu ár, verið notuð frá Svignaskarði og Fróðhúsum alla leið niður að Hópi, þá brestur heimild til að hrinda merkjadóminum.

Verður því að staðfesta dóminn og þá jafnframt skylda áfrýjendur til að greiða stefnda málskostnað

fyrir hæstarjetti, og þykir hann hæfilega ákveðinn 150 kr.

Því dæmist rjett vera:

Merkjadóminum skal óraskað. Áfrýjendurnir, Jónas E. Jónsson, Jón Björnsson frá Bæ, Jón Björnsson frá Svarfhóli og Jósef Björnsson, greiði stefnda, Guðmundi Daníelssyni, f. h. eigenda Svignaskarðs og Fróðhúsa, einn fyrir alla og allir fyrir einn, 150 króna málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er risið út af ágreiningi um laxveiði í Gljúfurá milli jarðanna Svignaskarðs með Fróðhúsum og Sólheimatungu með Norðurkoti og Suðurkoti.

Eigendur Svignaskarðs með Fróðhúsum hafa gjört þær kröfur, að þeim verði tildæmd öll veiði í Gjúfurá frá því að Hópið fellur í hana og alla leið fyrir Sólheimatungu landi alt þar til er lönd Hauga og Sólheimatungu mætast og að þeim auk þess verði tildæmdur allur kostnaður, er af málinu leiðir.

Eigendur Sólheimatungu með Norðurkoti og Suðurkoti hafa hinsvegar gjört þær kröfur, að málinu verði vísað frá og eigendur Svignaskarðs með Fróðhúsum sektaðir fyrir óþarfa málsýfingu og að þeim auk þess verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu, en til vara hafa þeir krafist þess að þeir verði sýknaðir af kröfu eigenda Svignaskarðs með Fróðhúsum um rjett til veiði í Gljúfurá.

Hvað frávísunarkröfu Sólheimatungu- Norðurkots- og Suðurkotseigenda snertir, þá verður hún ekki tekin til greina þar sem mál þetta rjettilega heyrir undir úrskurð landamerkjadóms.

Í máldaga Stefáns biskups á rskj. 4 b, máldaga Gísla biskups á rskj. 5 og máldaga Vilchins biskups á rskj. 6, segir svo, að hálfkirkjan í Svignaskaði eigi laxveiði í Gljúfurá frá Kjarkalæk og Kiðamúlaós og þaðan hálfa veiði til Djúpavaðs.

Ennfremur segir í máldaganum á rskj. 4 b, að Svignaskarðskirkja eigi og kerstöðu í greindri Gljúfurá og alla veiði í keri eða teinum.

Máldögum þessum hefir ekki verið mótmælt, enda eru þeir löggiltir, að minsta kosti máldagarnir á rskj. 5 og 6, og verður því að leggja þá til grundvallar fyrir úrslitum málsins og verður ekki talið að lögfesta sú fyrir Sólheimatungu landi á rskj. 20, er lögð hefir verið fram, haggi ákvæðum þeirra.

Hinsvegar greinir aðila á um hvar hinn svonefndi Kjarkalækur sje.

Svignaskarðseigendur halda því fram að það sem nú er kallað Hóp og rennan úr því yfir í Gljúfurá sje ósar hins forna Kjarkalækjar, en Hópið er myndað af tveim lækjum og á annar þeirra (sem kendur er við Laxholt, Galtarholt og Eskiholt) upptök sín nálægt svonefndum Kjarka- eða Karkamúla og halda Svignaskarðseigendur því fram að eitthvert samband sje milli múlans og hins samnefnda forna Kjarkalækjar.

Sólheimatungueigendur neita því hinsvegar að þetta sje hinn forni Kjarkalækur, en hafa bent á gróf í melbarði, skamt fyrir neðan Kiðamúlaós, sem þeir telja líklegt, að sje Kjarkalækur og styðja þá skoðun sína ennfremur við það, að það sje tekið fram í máldaga Stefáns biskups að Svignaskarð eigi kerstöðu í Gljúfurá og alla veiði í keri, en slíkt ákvæði hafi verið óþarft ef Svignaskarð ætti alla veiði yfir ána og hljóti því Kjarkalækur að hafa fallið í Gljúfurá ofar en kerveiðin hafi verið stunduð, en það hafi hann ekki gjört ef hann hafi fallið eins og Svignaskarðseigendur hafa haldið fram. Halda þeir því þess vegna fram að mál þetta sje þeim óviðkomandi þar sem gröfin, er þeir benda á sem Kjarkalæk, sje ofar en land þeirra nær eða í landi Hauga. En á þetta verður ekki fallist. Gröf sú er Sólheimatungueigendur hafa bent á sem Kjarkalæk er ekki unt að álíta að hafi nokkurn tíma verið lækur og því aldrei hafi getað borið nafnið Kjarkalækur. Einnig er á það að líta, að spölurinn frá gröf þessari upp að Kiðamúla er svo stuttur að lítt hugsanlegt er að nokkrum hafi dottið í hug að fara að leggja alla veiðina undir Svignaskarð á svo stuttum spöl og það því síður sem áin virðist lítt fallin til veiða á þeim kafla. Hvað hinu atriðinu viðvíkur um kerstöðuna þá þurfti að taka hana sjerstaklega fram í máldaganum enda þótt Svignaskarð ætti alla veiði í ánni á þeim stöðvum, því að öðrum kosti hefði ótakmörkuð kerveiði verið óheimil, þar sem veiðin í Gljúfurá

tilheyrir öðrum ofar. Samkvæmt þessu er það því samhuga álit dómendanna að Kjarkalækur verði að teljast að hafa fallið í Gljúfurá þar sem Hópið rennur í Gljúfurá.

Af þessum ástæðum, sem ennfremur eru styrktar með framburði vitna og öðrum gögnum, sem fram hafa komið af hendi Svignaskarðseigenda, að veiðin hafi fram á síðustu ár að eins verið stunduð frá Svignaskarði, verða dómendurnir að fallast á kröfur Svignaskarðseigenda um að öll laxveiði í Gljúfurá frá því að Hópið fellur í hana og alla leið að Sólheimatungu landi alt þar til er lönd Sólheimatungu og Hauga mætast, tilheyri Svignaskarði með Fróðhúsum.

Krafa eigenda Sólheimatungu með Norðurkoti og Suðurkoti um að eigendur Svignaskarðs með Fróðhúsum verði sektaðir fyrir óþarfa málsýfingu verður ekki tekin til greina. Dagpeningar, fæðis- og ferðakostnaður dómenda ákveðst 20 kr. á dag.

Kostnað af dómþingi þessu kr. 97,00 greiði eigendur Sólheimatungu með Norðurkoti og Suðurkoti Jónas E. Jónsson, Jón Björnsson frá Bæ, Jón Björnsson frá Svarfhóli og Jósep Björnsson in solidum. Að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Mánudaginn 18. júní 1923.

Nr. 52/1922. **Gestur Guðmundsson**
(Björn P. Kalman)
gegn
Ólafi Blöndal f. h. verslunar Tang & Riis, Skógarnesi
(Pjetur Magnússon),

útaf verðlagi á útlendum nauðsynjavörum hjá versluninni árin 1919 og 1920 og uppbót á verðinu þau árin.

Dómur gestarjettar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 15. sept. 1921: Stefndi, Gestur Guðmundsson, bóndi á Rauðamel ytri í Eyjahreppi, greiði stefnanda, Ólafi versl-

unarstjóra Blöndal í Skógarnesi fyrir hönd verslunar Tang & Riis s. st., 2077 kr. 76 aura með 5 % ársvöxtum frá 1. janúar þ. á. til borgunardags og 50 krónur í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 3ja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Í máli þessu, sem skotið er til hæstarjettar samkvæmt uppreistarleyfi dags. 14. sept. f. á., hefir áfrýjandi gjört þær kröfur, að frá upphæð þeirri, er hann hefir verið dæmdur til að greiða, verði dregið:

1.	ógreiddur $^1/_5$ hluti af verði sláturfjárafurða 1919	kr.	417,10
2.	verðmunur á útteknum vörum 1919 miðað við Borgarnesverð	—	165,73
3.	5 % af viðskiftareikningi áfrýjanda s. á.	—	138,50
4.	verðmunur á útteknum vörum 1920 miðað við Borgarnesverð	—	224,64
		Samtals kr.	945,97

Stefndi hefir hjer fyrir rjettinum samþykt að dómkrafan færist niður um hina fyrstnefndu upphæð kr. 417,10.

Um 2. og 3. lið er þess að geta, að stefndi hefir hinn 31. des. 1919 fært áfrýjanda til tekna uppbót á reikningi hans í Skógarnesi kr. 162,88, og þar sem álíta verður eftir því, sem fyrir liggur, að uppbót þessi sje uppbót á verði útlendrar vöru árið 1919 og uppbót þessi er að telja má hin sama og áfrýjandi gjörir kröfu til, verður að álíta að hann hafi þegar fengið greiddan umræddan verðmun. Hinsvegar hefir áfrýjandi eigi fært nein rök fyrir því, að hann eigi kröfu til frekari ívilnunar það ár, þótt

verslun Jóns Björnssonar & Co. í Borgarnesi hafi ef til vill gefið skuldlausum viðskiftamönnum sínum afslátt af ákveðnu vöruverði.

Hvað loks viðvíkur 4. kröfuliðnum verður að telja það sannað með vitnisburðum 2ja manna, að verslunarstjórinn í Skógarnesi hafi á fundi í Hofgörðum haustið 1920 lýst því yfir í áheyrn alls þingheims að sama verð yrði á útteknum vörum í Skógarnesi árið 1920 sem hjá verslun Jóns Björnssonar & Co. í Borgarnesi, og hafa vitnin í þessu sambandi borið, að þau hafi skilið yfirlýsingu verslunarstjórans svo, að sama verð ætti að vera að minsta kosti á allri nauðsynjavöru. Það verður nú að líta svo á, að yfirlýsing þessi sje bindandi fyrir verslunina ekki að eins gagnvart þeim viðskiftamönnum, er staddir voru á fundinum eða búsettir voru í Staðarsveit, heldur einnig alment gagnvart öðrum viðskiftamönnum verslunarinnar, þar á meðal áfrýjanda, enda væri það lítt skiljanlegt að annað verðlag hefði átt að gilda gagnvart viðskiftamönnum verslunarinnar í nágrannasveitum.

Þar sem nú stefndi hefir eigi hreyft mótmælum gegn útreikningi áfrýjanda á þessum verðmun að því er úttekt hans snertir, ber að taka til greina kröfu hans um frádrátt á umræddum kr. 224,64.

Samkvæmt framansögðu færist þá hin tildæmda upphæð niður um kr. 417,10,+224,64 eða alls kr. 641,74 og ber þá að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 1436 kr. 2 aura með vöxtum eins og segir í dómnum.

Eftir atvikum þykir rjett, að málskostnaður falli niður bæði í hjeraði og hæstarjetti.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandi, Gestur Guðmundsson, greiði stefnda, Ólafi verslunarstjóra Blöndal fyrir hönd verslunar Tang & Riis í Skógarnesi, 1436 kr. 2 aura með 5 % ársvöxtum frá 1. jan. 1921 til borgunardags.

Málskostnaður í hjeraði og hæstarjetti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með stefnu dags. 17. febrúar þ. á. hefir Ólafur verslunarstjóri Blöndal í Skógarnesi fyrir hönd verslunar Tang & Riis s. st. höfðað mál þetta fyrir gestarjetti sýslunnar gegn Gesti Guðmundssyni bónda á Rauðamel ytri í Eyjahreppi, og hefir stefnandi gjört þær rjettarkröfur, að stefndi verði dæmdur til greiðslu á verslunarskuld kr. 2226,00 ásamt 7 % ársvöxtum frá stefnudegi til borgunardags og málskostnaði að skaðlausu eða eftir mati rjettarins.

Mál þetta er risið út af verslunarviðskiftum stefnda við verslun Tang & Riis í Skógarnesi árin 1919 og 1920. Stefndi heldur því fram, að stefnandi hafi lofað því að stefndi fengi allar útteknar vörur við verslunina með sama verði og verslun Jóns Björnssonar & Co. í Borgarnesi seldi sömu vörutegundir, en þetta loforð hafi stefnandi ekki efnt, heldur fært útteknar vörur til reiknings með hærra verðlagi; ennfremur hafi stefnandi ekki fært stefnda til tekna $^1/_5$ hluta verðs sláturfjárafurða frá haustinu 1919, en hafi þó lofað að borga sama verð fyrir þær og verslun Jóns Björnssonar & Co. í Borgarnesi, og sú verslun hafi borgað út tjeðan fimta hluta verðsins; loks mótmælir stefndi því, að stefnandi leggur 7 % ársvexti á skuld stefnda eins og hún er talin við árslok 1920 og á ný 7 % í gestarjettarstefnunni 17. febr. þ. á. Í frumvörn sinni krefst stefndi þess, að honum verði bættur upp fimti hluti sláturfjárafurða frá haustinu 1919 og verðmismunur á

útteknum vörum 1919 og 1920 miðað við verð í verslun Jóns Björnssonar & Co. í Borgarnesi, að vaxtakrafa stefnanda falli niður og að stefnandi svo „gefi út nýjan viðskiftareikning stefnda með þeim breytingum sem krafist er, að viðbættum 8 % vöxtum af fimta partinum frá áramótum 1920 til greiðsludags", svo og að stefnandi verði dæmdur til málskostnaðargreiðslu. Síðar undir rekstri málsins hefir stefndi að höfðaðri gagnsök nánar tilgreint kröfur sínar þannig, að honum verði í viðskiftum við stefnanda færðar til tekna eftirgreindar upphæðir:

1.	Verðmismunur á útteknum vörum 1919 miðað við Borgarnesverð . . . . . kr.	165,73
2.	5 % af viðskiftareikningi kr. 2777,30 . . . . —	138,50
3.	7 % vextir frá 1. jan. 1920 til 1. júlí 1921 . . —	32,99
	Þessar upphæðir samanlagðar nema kr. 337,22, en stefndi telur þær . . . . . kr.	327,17
4.	Verðmismunur á útteknum vörum 1920 . . . —	224,64
5.	1/5 sláturfjárafurða . . . . . —	417,10
6.	7 % af kr. 417,10 fyrir árið 1920 . . . . . —	29,19
7.	7 % vextir af kr. 1007,10 . . . . . —	70,49
	Samtals kr.	1077,59

Stefnandi hefir mótmælt kröfum þessum og krafist dóms samkvæmt stefnunni.

Stefndi hefir ekki neitað því að vörumagn úttekinnar og innlagðrar vöru í viðskiftum sínum við verslunina þessi ár sje rjett talið, og er því ekki ágreiningur um það, heldur um verðlagið á vörunum. Til stuðnings kröfum sínum um lækkun á verði úttekinnar vöru 1919 og 1920 niður í verð við verslun Jóns Björnsson & Co. í Borgarnesi hefir stefndi lagt fram vottorð dags. 12. maí þ. á. frá 3 bændum í Staðarsveit, þeim Jóni G. Sigurðssyni, Ásmundi Jónssyni og Eiríki Sigurðssyni um að stefnandi hafi lýst því yfir á fundi í Hofgörðum haustið 1920, að sama verð yrði á útteknum vörum í Skógarnesi það ár og hjá verslun Jóns Björnssonar & Co. í Borgarnesi, og er vottorð þetta staðfest fyrir rjetti af 2 hinum fyrstnefndu vottorðsgefendanna undir rekstri málsins með þeirri athugasemd, að þeir hafi skilið það svo sem verðlag þetta ætti að minsta kosti að gilda aðalvörurnar. Ennfremur hefir stefndi lagt fram vottorð stefnanda, dags. 30. des. 1919, um að Þorsteini Einarssyni á Litlu-Þúfu sje lofað verðlag þetta á matvöru, kaffi og sykri, og einnig vottorð frá Lífgjarni Hallgrímssyni á Rauðamel syðri, dags. 20. maí þ. á. um að hann

hafi fengið samskonar afslátt hjá stefnanda samkvæmt loforðum hans; ennfremur brjef stefnanda, dags. 13. júlí f. á., til síra Jóns N. Jóhannessens á Staðastað innihaldandi tilboð um sama verð á útteknum nauðsynjavörum og hjá verslun Jóns Björnsson & Co. í Borgarnesi, svo og vottorð Hjörleifs Björnssonar og Halldórs Erlendssonar, dags. 21. júní þ. á. um að stefnandi hafi í viðtali í febrúar 1919 í stofunni á Hjarðarfelli sagt, að sama verðlag yrði á útlendri og innlendri vöru og hjá Jónunum í Borgarnesi, og er vottorð þetta staðfest fyrir rjetti í máli þessu.

Að því er snertir vottorð þeirra Staðsveitinganna athugast, að fyrst og fremst nær það að eins til viðskifta við verslunina 1920 en ekki árið 1919, og að því sleptu verður ekki álitið að stefndi, sem er búsettur í Eyjahreppi, geti bygt rjett til vöruverðs á ummælum stefnanda á fundi í Staðarsveit. Og þótt nokkrum mönnum hafi verið lofað Borgarnesverð á útteknum vörum, verður ekki þaraf leiddur almennur rjettur viðskiftamanna verslunarinnar, þar á meðal stefnda, til slíks verðlags. Ummæli stefnanda í stofunni á Hjarðarfelli við þá Hjörleif Björnsson og Halldór Erlendsson um verðlag hjá stefnanda geta eigi heldur sem lauslegt tal í viðræðu haft skuldbindandi verkun fyrir stefnanda sem almennt loforð til viðskiftamanna, er stefndi geti bygt á kröfu um verðlag á útteknum vörum. Stefnandi hefir neitað því að hafa lofað stefnda Borgarnesverði á útteknum vörum, og þar sem stefndi hefir eigi gegn þessari neitun stefnanda sannað, að sjer hafi verið lofað öðru verði en í reikningnum greinir, geta athugasemdir hans við verð á úttekinni vöru við verslun stefnanda í Skógarnesi eigi orðið teknar til greina.

Þá hefir stefndi haldið því fram, að sjer beri rjettur til ógoldins fimta hluta af verði sláturfjárafurða þeirra, er hann haustið 1919 hafi lagt inn við verslun stefnanda í Skógarnesi, og telur hann tjeðan fimta hluta nema að verðhæð kr. 417,10. Stefndi heldur því fyrst og fremst fram, að stefnandi hafi lofað sjer sama verði fyrir sláturfjárafurðir þetta haust sem borgað yrði af verslun Jóns Björnssonar & Co. í Borgarnesi, en því hefir stefnandi neitað og stefndi eigi gegn neitun stefnanda fært sönnur á að svo hafi verið. Um þetta atriði er upplýst í málinu, að verslun Jóns Björnssonar & Co. og Kaupfjelag Borgfirðinga í Borgarnesi borguðu út tjeðan fimta hluta, svo og kaupmaður Sæm. Halldórsson í Stykkishólmi að því er snertir viðskifti hans sunnanfjalls eða í Hnappadalssýslu, en að aftur á móti Sláturhúsið í

Borgarnesi, er hafði aðalfjártökuna þar og rjeð þar verðlaginu, borgaði ekki út fimta hlutann. Úrlausn þessa atriðis verður því að vera undir því komin hvaða sláturafurðaverð verslunin hafi lofað viðskiftamönnum sínum yfirleitt haustið 1919. Um þetta er upplýst í málinu með framburði Guðbjarts óðalsbónda Kristjánssonar á Hjarðarfelli, að stefnandi ljet hann birta í Staðarsveit þetta haust áætlunarverð á sláturfjárafurðum við Skógarnesverslun, sem átti að vera sama og hjá Sláturhúsinu í Borgarnesi. Ennfremur segir svo í brjefi frá stefnanda til Jóns G. Sigurðssonar óðalsbónda í Hofgörðum, dags. 6. sept.br. 1919, framlögðu í málinu af stefnda: „Verslunin hjer ætlar sjer að gefa sama verð fyrir sláturafurðir í haust og Sláturhúsið í Borgarnesi, og treystum við yður til að láta það berast". Þetta staðfestist og af 2 brjefum frá nefndum Jóni G. Sigurðssyni til stefnanda, framlögðum í málinu, dags. 7. sept.br. og 11. des.br. 1919, þar sem skírskotað er til fyrnefnds brjefs stefnanda, dags. 6. sept.br. 1919, um að Skógarnesverslun borgi sláturafurðir haustið 1919 með sama verði og Sláturhúsið í Borgarnesi, og einnig af framburði Jóns G. Sigurðssonar sem vitnis í málinu, er jafnframt skýrði frá, að verð á kjöti og gærum 1919 og 1920 hafi hjá Skógarnesverslun verið í samræmi við verð Sláturhússins í Borgarnesi. Um birtingar verslunarinnar haustið 1919 á verði sláturafurða það haust í öðrum hreppum en Staðarsveit, er ekki upplýst í málinu. En þar sem þær verðtilkynningar, er fyrir liggja upplýsingar um, miðast við Sláturhúsið í Borgarnesi, og upplýst er að nefnt sláturhús borgaði ekki viðskiftamönnum sínum tjeðan fimta part verðs sláturafurðanna frá haustinu 1919, þykir ekki unt að skylda verslunina til að færa stefnda til tekna nefndan fimta hluta.

Stefnandi hefir á verslunarreikningi stefnda pr. 31. des.br. 1920 skuldað stefnda fyrir 7 % vöxtum af skuld hans með kr. 148,24, þótt reikningur stefnda sýni, að hann var skuldlaus í ársbyrjun. Í gestarjettarstefnunni í málinu svo og í sókn sinni hefir stefnandi ennfremur krafist 7 % ársvaxta frá stefnudegi til borgunardags. Með þessu móti krefst stefnandi tvöfaldra vaxta, og með því að lánsviðskifti við verslanir eru miðuð við árslok, þykir stefnandi að eins eiga kröfu til vaxta frá ársbyrjun 1921.

Frá kröfu stefnanda	kr. 2226,00
ber því að draga umrædda vexti	— 148,24
Eftir verða þá	kr. 2077,76

og ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda upphæð þessa

kr. 2077,76 ásamt 5 % ársvöxtum, sbr. almenn viðskiftalög nr. 21, 11. júlí 1911, 38. gr., frá 1. jan. þ. á. til borgunardags. Svo ber stefnda og að greiða stefnanda málskostnað, er ákveðst 50 kr.

Miðvikudaginn 20. júní 1923.

Nr. 31/1923.

Stefán Loðmfjörð
(Björn P. Kalman)
gegn
Júlíusi Björnssyni.
(Enginn).

Víxilmál.

Dómur gestarjettar Reykjavíkur 10. mars 1923: Stefndur, Stefán Loðmfjörð, greiði stefnandanum, Júlíusi Björnssyni, kr. 757,50 ásamt 6 % ársvöxtum frá 15 f. m. til greiðsludags, $^1/_3$ % upphæðarinnar í þóknun og kr. 122,25 í málskostnað, allt innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Samkvæmt ástæðum þeim, sem greindar eru í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta hann.

Mál þetta hefir verið flutt skriflega, með því að stefndi sótti eigi dómþing í hæstarjetti, og á því málskostnaður þar að falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Málskostnaður falli niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir gestarjettinum með stefnu birtri 19. f. m. af Júlíusi Björnssyni kaupmanni hjer í bænum gegn Stefáni

Loðmfjörð, Grettisgötu nr. 2, til greiðslu víxils, að upphæð kr. 757,50, útgefins af stefnanda 15. desember f. á. og samþykts af stefndum til greiðslu í Íslandsbanka hjer í bænum 15. f. m. ásamt 6 % ársvöxtum af víxil upphæðinni frá gjalddaga víxilsins til greiðslsudags, $^1/_3$ % af henni í þóknun og málskostnaðar að skaðlausu. Nemur hann eftir framlögðum reikningi, sem er í samræmi við aukatekjulögin og lágmarksgjaldskrá málaflutningsmannafjelagsins, kr. 122,25.

Stefndur hefir krafist frávísunar málsins frá rjettinum og 100 króna málskostnaðar hjá stefnanda.

Frávísunarkröfu sína byggir stefndur á því, að lög nr. 33/1911 taki ekki til annara víxla en þeirra, „þar sem greiðandi (samþykkjandi) á annað varnarþing en þar sem greiðslustaðurinn er". Þetta er þó að áliti rjettarins ekki rjett, því lögin taka fram berum orðum, hver stefnufrestur varnaraðila beri, ef heimili hans sje innan sama lögsagnarumdæmis og fyrirtökustaður málsins og kveða það vera hinn venjulega stefnufrest, án þess að gjöra nokkra undantekningu að því er það tilfelli snertir, að heimili varnaraðila sje í sömu þinghánni og fyrirtökustaður málsins, en svo hefði orðið að vera, ef lögunum hefði ekki verið ætlað að ná einnnig til þeirra víxilmála, þar sem varnaraðili er búsettur innan dómþinghár fyrirtökustaðarins.

Það er og alkunnugt að með greindum lögum vildi löggjafarvaldið gjöra víxileiganda það mögulegt að lögsækja í einu máli alla skuldunauta eftir víxli, þótt þeir ættu heima í ýmsum dómþinghám, en þeim tilgangi yrði ekki náð, ef skilningur stefnds á þeim væri rjettur, svo framarlega sem einn af víxilskuldurunum og víxileigandi ættu heima innan dómþinghár fyrirtökustaðarins, því þá yrði að sækja málið gegn þeim víxilskuldara fyrir hinum venjulega undirrjetti í dómþinghá hans, en hinum víxilskuldurunum yrði að stefna fyrir gestarjettinn, þar sem lögin gjöra engan greinarmun á því, hvort víxilskuldara, sem á heima í sömu dómþinghá og fyrirtökustaðurinn er, er stefnt einum eða ásamt öðrum víxilskuldurum.

Loks er og það, að skilningur stefnds á lögum nr. 33/1911 kemur algjörlega í bág við dómvenju þá, sem hefir myndast síðan þau gengu í gildi, að minsta kosti hjer í Reykjavík.

Frávísunarkrafa stefnds verður því ekki tekin til greina og þar sem stefndur hefir engum andmælum hreyft að því er snertir efni málsins verða kröfur stefnanda teknar til greina að öllu leyti.

Föstudaginn 22. júní 1923.

Nr. 35/1923. **Rjettvísin**
(Björn P. Kalman)
gegn
Marínó Norðkvist Jónssyni
(Jón Ásbjörnsson).

Brot gegn 205. gr. hegningarlaganna.

Dómur aukarjettar Ísafjarðarsýslu 11. des. br. 1922: Ákærður Marínó Norðkvist Jónsson sæti 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi.

Hann greiði og allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað þar með talin málsvarnarlaun hins skipaða talsmanns síns, Sigurðar skólastjóra Jónssonar, 20 kr.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá löglegri birtingu hans að viðlagri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Afbrot ákærða heyrir undir 205. gr. hinna almennu hegningarlaga og ákveðst refsingin með tilliti til þess að ofbeldisverkið var ekki framið af fyrirhuguðu ráði, 100 króna sekt til ríkissjóðs eða 15 daga einfalt fangelsi, ef sektin er ekki greidd í tækan tíma.

Hjeraðsdómarinn hefir að vísu ekki rannsakað einstaka liði í skaðabótareikningi Ólafs Einarssonar, er fyrir áverkanum varð, en með því ákærði hefir undir rannsókn málsins tjáð sig fúsan til að greiða honum allt að 100 krónur fyrir atvinnumissi og þjáningar, þykir mega dæma ákærða samkvæmt 303. gr. hegningarlaganna til að greiða Ólafi þessa upphæð í skaðabætur.

Um málskostnað í hjeraði á aukarjettardóminum að vera óraskað. Auk þess greiði ákærði allan kostnað af áfrýjun málsins til hæstarjettar, þar með

talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda, 60 krónur til hvors.

Það athugast, að rannsókn málsins er yfirleitt mjög ófullkomin.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði, Marínó Norðkvist Jónsson, greiði 100 króna sekt í ríkissjóð, sæti ella 15 daga einföldu fangelsi. Svo greiði hann og Ólafi Einarssyni, sjómanni í Hafnarfirði, 100 krónur í skaðabætur.

Um málskostnað í hjeraði skal aukarjettardóminum óraskað. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir hæstarjetti, málflutningsmannanna Björns P. Kalman og Jóns Ásbjörnssonar, 60 krónur hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af rjettvísinnar hálfu höfðað fyrir aukarjetti Ísafjarðarsýslu gegn ákærðum Marínó Norðkvist Jónssyni, sjómanni í Bolungavík, fyrir líkamlegt ofbeldi og líkamlega meiðingu.

Með eigin játningu ákærðs og öðrum gögnum er það sannað að tildrög og atvik málsins eru þannig:

Sunnudagskvöldið 20. ágúst þ. á. var ákærður ásamt 4 öðrum mönnum staddur inni á kaffihúsinu Ísafjörður hjer í bænum; kl. $11^1/_2$ um kvöldið fór hann þaðan út ásamt fjelögum sínum. Inni á kaffihúsinu var einnig staddur Ólafur Einarsson, sjómaður frá Hafnarfirði, og fór hann út um líkt leyti, og kveðst hafa átt einhver orðaskifti við ákærðan í anddyri hússins um leið og hann

fór út, en ákærður minnist þess eigi, kveðst eigi hafa tekið eftir Ólafi inni á kaffihúsinu eða þegar hann fór þaðan.

Þá er ákærður var kominn út af kaffihúsinu, gekk hann yfir Silfurgötu og fram hjá bókaverslun Jónasar Tómassonar. Kom þá maður til hans og tók ljett í öxl ákærðs án þess að hann ávarpaði hann, en ákærður þekti ekki manninn strax, með því að dimt var. Nam ákærður þá staðar, og spurði mann þennan, sem var fyrnefndur Ólafur Einarsson, hvað hann vildi sjer, og kveðst um leið hafa kreft hnefana, en Ólafur krosslagði hendur sínar á brjóstinu og svaraði eigi.

Ákærður ljet þá í ljósi að þetta þýddi að hann bæðist vægðar, en Olafur hafi þá sagt að hann fyrirliti hann og vildi eigi leggja hendur á hann. Ólafur Einarsson minnist þess hinsvegar eigi að hann hafi haft þessi ummæli og er það eigi sannað í málinu. Ákærður þreif þá í jakkauppslög Ólafs að framan, brá fæti fyrir hann, og feldi hann til jarðar með allmiklu afli. Fjell Ólafur á andlitið á götuna, fjekk töluverðan áverka og varð auk þess illa útverkaður á fötum með því að gatan var blaut og óhrein. Áverkanum er lýst svo af lækni, er skoðaði Ólaf á eftir, að hann hafi haft áverka á hægri hendi og andliti. Á hendinni voru 3 flumbrur á þumalfingursvöðvanum á stærð ca. $^1/_2$ ctm. Á enninu er þroti og 4 flumbrur 3—4 m.m. að þvermáli. Nefið er þrútið og á nefliðnum hefir húðin höggvist sundur þannig að myndast hefir sár, sem er eins og þríhyrningur í lögun, oddur hans veit upp og húðflipinn er fastur við grunnlínuna. Varirnar þrútnar, sprungið fyrir á efri vör að innanverðu. Hakan lítið eitt þrútin.

Báðir, þeir ákærður og Ólafur, voru töluvert ölvaðir er þetta gerðist, en þó eigi svo, að þeir vissu eigi hvað þeir gerðu, og væri færir ferða sinna.

Framangreindur verknaður ákærðs, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna og hefir á þessu ári verið sektaður fyrir brot á áfengislöggjöfinni, en annars eigi sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt lagabrot, verður að teljast honum til ábyrgðar, sem viljandi ofbeldisverk, og verður hann að sæta refsingu fyrir verknaðinn, samkvæmt 205. gr. hinna almennu hegningarlaga, er þykir hæfilega metin 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi; svo ber og ákærðum að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns síns, er ákveðast 20 kr.

Ólafur Einarsson hefir gert reikning til skaðabóta hjá ákærðum fyrir atvinnumissi og endurgjaldi fyrir læknishjálp. En skaðabætur fyrir þetta verða eigi dæmdar Ólafi í þessu máli með því að nauðsynlegar skýrslur, eftir hverjum ákveða mætti upphæðina, vanta. En Ólafi Einarssyni geymist óskertur rjettur til skaðabóta hjá ákærðum.

Það vottast að málinu hefir verið hraðað lögum samkvæmt og meðferð þess vítalaus.

Föstudaginn 22. júní 1923.

Nr. 17/1923. **Hálfdán Hálfdánsson**
(Björn P. Kalman)
gegn
Oddi Gíslasyni bæjarfógeta
(Enginn),

útaf rjettarneitun.

Dómur hæstarjettar.

Mál þetta er höfðað af stefnanda fyrir hæstarjetti samkv. N. L. 1.—6.—17. gegn stefnda fyrir rjettarneitun, og með því að stefndi mætti eigi í rjettinum þótt honum væri löglega stefnt, hefir það verið flutt skriflega og verður dæmt eftir skýrslum þeim, er stefnandi hefir lagt fram.

Með brjefi, dags. 3. nóv. f. á., beiddist stefnandi aðstoðar stefnda sem fógeta (á Ísafirði) til þess að ná úr vörslu vjelasmiðju hlutafjelagsins »Hæstikaupstaður« á Ísafirði og fá sjer í hendur vjelarhluta nokkra úr vjelbátnum »Eggert Ólafsson«, eign stefnanda, tekna til aðgjörðar í vjelasmiðjunni. Var í þessu skyni fógetagjörð haldin á skrifstofu stefnda 6. s. m., en þar var því af hálfu vjelasmiðjunnar

eða hlutafjelagsins haldið fram, að það ætti haldsrjett í umgetnum vjelarhlutum og neitað að framselja þá, nema full trygging væri sett fyrir upphæðum, samtals kr. 3006,89 er stefnandi var talinn skulda hlutafjelaginu fyrir aðgerðir á vjelum »Eggerts Ólafssonar« það ár (1922) eftir reikningum, sem fram voru lagðir, en samkvæmt þeim höfðu aðgerðir á vjelinni farið fram 5 fyrstu mánuði ársins svo og aftur í september- og októbermánuðum. Stefnandi mótmælti því, að haldsrjettur hlutafjelagsins næði til viðgerðarkostnaðar fyrri hluta ársins, en hjelt því fram, að full greiðsla eða trygging hefði verið boðin fram fyrir hina síðari aðgerð. Um þenna ágreining gekk úrskurður stefnda 2 dögum síðar, 8. nóv., á þá leið, að gjörðin skyldi eigi fram fara.

Næsta dag, 9. nóv., ritaði stefnandi stefnda brjef og sendi yfirlýsingu útbús Íslandsbanka á Ísafirði, um að bankinn ábyrgðist skilvísa greiðslu á allt að kr. 3006,59, sem stefnandi kynni að verða dæmdur til að greiða verslunarfjelaginu »Hæstikaupstaður« fyrir viðgerð á vjel bátsins »Eggert Ólafsson« og með því að stefnandi skyldi svo úrskurðinn, að hann væri bygður á því, að ónóg trygging væri framboðin, beiddist hann þess, að stefndi tæki fógetagjörðina upp af nýju, þar sem hann nú byði fram fulla tryggingu fyrir kröfum hlutafjelagsins, en stefndi taldi sig eigi geta tekið málið fyrir af nýju vegna áður gengins úrskurðar um það og reit hann 10. nóv. synjun á brjef stefnanda.

Út af þessu hefir stefnandi höfðað þetta mál, og krefst hann þess að stefndi verði dæmdur fyrir rjettarneitun í sekt og til að greiða sjer skaðabætur fyrir tjón það, er hann hafi beðið fyrir rjettarneitunina, allt að 4266 kr. svo og málskostnað fyrir hæstarjetti

kr. 335,00. Gjörir stefnandi þá skýringu á skaðabótakröfunni, að eftir að synjað var um afhendingu vjelarhlutanna hafi »Eggert Ólafsson« orðið að liggja á Ísafjarðarhöfn með ónothæfa vjel og hafi hann þá við árekstur á annað skip orðið fyrir skemdum, sem metnar hafi verið á kr. 2266,00, en aflatjón bátsins frá 10. nóv. til 12. des. — en þann dag varð báturinn búinn til veiða, eftir að stefnandi hafði fengið vjelarhlutana afhenta með því að fullnægja kröfum h/f »Hæstakaupstaðar« — metur stefnandi kr. 2000,00.

Að vísu verður eigi fallist á þá skoðun stefnda, að úrskurðurinn 8. nóv. hafi verið því til fyrirstöðu, að fógetagjörðin yrði tekin upp aftur, en það verður að líta svo á, að stefnandi hafi eins og atvik voru til átt rjett á því, að svo væri gjört. En þegar af þeirri ástæðu, að stefnandi á eigi sókn til refsingar á hendur stefnda út af áminstri synjun, verður að sýkna hann af refsikröfu stefnanda.

Svo sem þegar er sagt, heldur stefnandi því fram, að rjettarneitun stefnda hafi valdið tjóni því, er hann beið við árekstur bátsins og tafir frá veiðiskap; tekur hann fram, að ef fógetagjörðin hefði verið tekin upp aftur með hinni framboðnu tryggingu, þá hefði allt fallið í ljúfa löð, vjelasmiðjan afhent hlutina og báturinn, ef allt hefði farið með feldu, komist á stað á veiðar. En ef svo er, þá má ætla, að vjelasmiðjan hefði og án fógetagjörðar afhent hlutina, ef henni hefði verið boðin umgetin trygging, en það verður eigi sjeð í skýrslum málsins, að stefnandi hafi gjört það. Og hefði vjelasmiðjan engu að síður neitað að framselja hlutina, gat stefnandi tekið það ráð, er hann tók mánuði síðar, að greiða hlutafjelaginu — með fyrirvara um

endurgreiðslu þess, er ofgreitt væri, ef svo sýndist — þær upphæðir, er það þóttist eiga hjá honum og miðaði haldsrjett sinn við. Það verður eftir þessu eigi ætlað, að stefnandi hafi neytt þeirra ráða, sem fyrir hendi voru, til að verjast tjóninu, og verður því eigi fallist á, að undanfærsla stefnda að taka upp aftur fógetagjörðina hafi verið orsök tjónsins þann veg, að hún hafi bakað honum skaðabótaskyldu, og ber því að sýkna hann af þeirri kröfu stefnanda.

Málskostnaður fyrir hæstarjetti á að falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi, Oddur bæjarfógeti Gíslason, á að vera sýkn af kröfu stefnanda, Hálfdáns Hálfdánssonar, í þessu máli.

Málskostnaður fyrir hæstarjetti falli niður.

Laugardaginn 23. júní 1923.

Nr. 8/1923. **Hans Magnús Torfason**
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
Þórhalli Gunnlaugssyni
(B. P. Kalman).

Meiðyrðamál.

Dómur gestarjettar Ísafjarðar 12. jan. 1922: Framangreind ummæli eiga að vera dauð og ómerk.

Stefndur, Hans Magnús Torfason, greiði sekt í ríkissjóð 60 kr., eða sæti 10 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd í tæka tíð.

Stefndur greiði stefnanda Þórhalli Gunnlaugssyni 40 kr. í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 3 sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hæstarjettar.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða dómi, sem skotið hefir verið til hæstarjettar samkvæmt uppreistarleyfi, dags. 10. jan. þ. á., er mál þetta risið útaf því, að áfrýjandi Magnús sýslumaður Torfason, lagði fram í lögreglurjetti Ísafjarðarkaupstaðar 5. okt. 1920, við rannsókn útaf broti á 18. gr. laga 14. nóvbr. 1917 um aðflutningsbann á áfengi, sem hann hafði með höndum sem rannsóknardómari, skjal nokkurt með yfirskriftinni: »Skrá yfir nokkra menn, er lögreglustjóri telur að ekki sje trúandi fyrir áfengi í stórskömtum sem læknislyfi«. Á skrá þessari stóð meðal annara nafn stefnda, og þar eð hann taldi þetta meiðandi fyrir sig, höfðaði hann meiðyrðamál þetta.

Þegar þess er gætt, að læknir, sem lætur af hendi áfengi sem læknislyf, verður að sjálfsögðu að gæta meiri varúðar í útlátum sínum á áfengi til vínhneigðra manna en annara, þá verður að álíta að það hafi verið eðlilegt, að áfrýjandi í umgetinni rjettarrannsókn rannsakaði þetta atriði sjerstaklega, en í þeirri rannsókn var hin umrædda skrá að áliti rannsóknardómarans einn liður. Þar sem ennfremur álit lögreglustjórans um að taka nafn stefnda á umrædda skrá styðst við framburð tveggja vitna er leidd hafa verið í málinu, verður það eigi talið með öllu ástæðulaust, að áfrýjandi tók nafn stefnda á skrána, og verður því ekki álitið, að hann hafi með þessu farið út fyrir þau takmörk, sem honum voru

sett sem rannsóknardómara í umgetinni rannsókn, og er þá eigi heimild til þess, að dæma hann til hegningar eða taka ómerkingarkröfu hans til greina. Það ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda.

Eftir atvikum þykir rjett að málskostnaður í hjeraði falli niður, en málskostnað fyrir hæstarjetti greiði stefndi áfrýjanda með 100 kr.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandi, sýslumaður Hans Magnús Torfason, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Þórhalls Gunnlaugssonar, í máli þessu. Málskostnaður í undirrjetti fellur niður, en málskostnað fyrir hæstarjetti greiði stefndi áfrýjanda með 100 kr. að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms eru samhljóða forsendum undirrjettardómsins í málinu nr. 7/1923, sem prentaðar eru á bls. 482—484 hjer að framan, nema orðin „og annað vitnanna borið það, að það teldi hann alkunnan óreglumann“ standa ekki í forsendum undirjettardómsins í málinu nr. 8/1923.

Miðvikudaginn 26. sept. 1923.

Nr. 15/1923. **Sveinn Árnason**
(Magnús Guðmundsson)
gegn
Guðmundi Hannessyni
(Jón Ásbjörnsson).

Meiðyrðamál.

Dómur gestarjettar Skagafjarðarsýslu 26. okt. 1922: Stefndur Sveinn Árnason á að greiða 60 kr. sekt í ríkissjóð eða sæta ella eins mánaðar einföldu fangelsi. Umstefnd ummæli: „Hlýt jeg því að álíta, að dómarinn hafi ekki lesið stefnuna og með því vanrækt dómaraskyldu sína svo mikið, að hann hljóti fyrir það að sæta ábyrgð, sem jeg hjer með krefst, og læt mjer nægja, að stjórnarráðið gefi honum alvarlega ráðningu eða á minningu“ og ennfremur: „Vona jeg þess vegna, að stjórnarráðið verði við kröfu minni og láti þennan dómara sjá, að hann þarf að lesa betur þau mál er hann dæmir“, eiga að vera dauð og ómerk. — Að öðru leyti sje stefndur sýkn af kröfum stefnanda í þessu máli. — Í málskostnað greiði stefndur stefnanda 70 krónur, en að öðru leyti falli hann niður. Dóminum að fallnægja innan þriggja sólarhringa frá löglegri birtingu hans að viðlagri lagaaðför.

Dómur hæstarjettar.

Tildrög máls þessa eru þau, að árið 1920 átti áfrýjandi í skuldamáli við mann einn fyrir gestarjetti Sigufjarðarkaupstaðar. Í dómi þeim, er hinn stefndi bæjarfógeti kvað upp í málinu, vísaði hann einum kröfulið áfrýjanda frá rjetti fyrir þá sök, að krafa þessi hefði ekki verið framsett í gestarjettarstefnunni sem dómkrafa. En þar sem áfrýjandi hinsvegar taldi kröfu þessa fólgna í dómkröfu sinni, ritaði hann stjórnarráðinu kæru þá, er ræðir um í þessu máli.

Þótt nú svo yrði litið á, að umgetin krafa hafi

verið innifalin í dómkröfu áfrýjanda og þv ekki rjett að vísa henni frá dómi, þá hafði áfrýjandi ekki heimild til þess að fara þeim orðum um stefnda, sem rjettilega eru vítt í hinum áfrýjaða gestarjettardómi sem lítilsvirðandi og móðgandi fyrir stefnda.

Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til gestarjettardómsins, sem ekki hefir verið gagnáfrýjað, ber að staðfesta hann þó með þeirri breytingu, að sektin ákveðst 50 krónur og vararefsingin 10 daga einfalt fangelsi.

Eftir atvikum þykir rjett að áfrýjandi greiði stefnda 100 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða gestarjettardómi skal óraskað, þó þannig að sektin ákveðst 50 kr. og áfrýjandi skal sæta 10 daga einföldu fangelsi ef sektin ekki er greidd á rjettum tíma.

Áfrýjandi, Sveinn Árnason, greiði stefnda, Guðmundi Hannessyni, 100 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með utanrjettarstefnu útgefinni 7. ágúst þ. á. og árituðu fyrirkalli dómarans 26. september þ. á., höfðaði Guðmundur Hannesson bæjarfógeti á Siglufirði mál þetta gegn Sveini Árnasyni hreppstjóra í Felli í Fellshreppi út af meiðyrðum, er hann taldi Svein hafa haft um sig í brjefi til Stjórnarráðs Íslands, dags. 27. ágúst 1921. En ummælin eru þessi:

„Hlýt jeg því að álíta að dómarinn hafi ekki lesið stefnuna og með því vanrækt dómaraskyldu sína svo mikið, að hann hljóti

fyrir það að sæta ábyrgð, sem jeg hjer með krefst, og læt mjer nægja að stjórnarráðið gefi honum alvarlega ráðningu eða áminningu".

Og ennfremur:

„. . . . Aftur á móti finst mjer að vel eigi við að slíkt sje ekki látið óátalið af því opinbera, þar sem dómarar annars geta komist hjá að láta nokkurn mann ná rjetti sínum, með því að segjast ekki sjá í stefnunum það sem stendur þar með skýrum stöfum og allir aðrir geta sjeð nema dómarinn sjálfur. Vona jeg þess vegna að stjórnarráðið verði við kröfu minni og láti þennan dómara sjá að hann þarf að lesa betur þau mál er hann dæmir".

Stefnandi krefst þess, að stefndur sje dæmdur til refsingar fyrir þessi ummæli, þau dæmd dauð og ómerk og sjer tildæmdur málskostnaður að skaðlausu samkvæmt framlögðum reikningi.

Stefndur hefir aftur á móti krafist að vera sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að hann verði dæmdur til að greiða sjer allan kostnað þessa máls. Um sættir var leitað en árangurslaust.

Sem sýknunarástæður heldur stefndur fram:

1. að með orðunum „hlýt jeg því að álíta að dómarinn hafi ekki lesið stefnuna o. s. frv." sje átt við að dómarinn (stefnandi í þessu máli) hafi lesið stefnuna svo athyglislaust að það fyrir dómara væri sama og enginn lestur. En að stefnandi hafi lesið stefnuna með svo litilli athygli vill stefndur síðan sanna með samanburði á stefnu og dómi í máli því, sem ræðir um í nefndu brjefi stefnds til Stjórnarráðs Íslands og ummæli stefnds eru risin af.
2. að klausan: „Aftur á móti . . . . . lesa þær ekki", eigi ekki við stefnanda heldur sje almenns eðlis.

Það verður um síðarnefnt atriðið að fallast á það með stefndum að orðunum í umræddri klausu sje ekki beint til stefnanda heldur koma þau fram sem rökstuðningur á því að stefndur ætlast til að Stjórnarráð Íslands gefi stefnanda áminning, sem sje vegna þeirra afleiðinga, er stefndur telur geta orðið af því ef „slíkt" „sje látið óátalið", (þ. e. a. s. það sem þar á undan er borið stefnanda á brýn), sbr. orðin „dómarar annars" í upphafi klausunnar.

Kröfur stefnanda um refsing og ómerking vegna þessara ummæla geta því ekki orðið teknar til greina.

Þá verður að taka það fram um fyrra atriðið að þar eð skýring þeirri á nefndum orðum, er stefndur heldur fram er ekki

mótmælt af stefnanda og hún er í sjálfu sjer eðlileg, þá verður hún lögð til grundvallar við athugun á saknæmi ummæla þessara. En eðlilegur verður sá skilningur að teljast þar eð stefndur segir svo á öðrum stað í brjefi sínu til Stjórnarráðs Íslands, að stefnandi hafi ekki tekið til greina einn lið af dómskröfu sinni í stefnunni, og með því virðist gefa í skyn að stefnandi hafi a. m. k. lesið hina aðra liði, er stefnan taki fram.

Stefndur hefir ekki mótmælt að umstefnd orð „hlýt jeg því að álíta að dómarinn“ o. s. frv., þó að þannig sje skilin, sje móðgandi fyrir stefnanda, enda verður að telja að svo sje. En um hitt hvort ástæða hafi verið af hálfu stefnds til þessara ummæla getur þessi dómstóll ekki dæmt. Að þeirri niðurstöðu gæti hann ekki komist nema með því að slá föstu að dómur hliðstæðs dómstóls væri rangur, sem hann ekki er bær um, því að stefnandi hefir mótmælt staðhæfingum stefnds um þetta og fullyrt að ummælin væri ástæðulaus.

Að þessu leyti verður því að taka kröfu stefnanda til greina og dæma stefndan til refsingar fyrir hin nefndu meiðandi ummæli. Þykir rjett að ákveða hana eftir 219. gr. almennra hegningarlaga $^{25}/_{6}$ 1869 og telst hún hæfileg 60 kr. til ríkissjóðs eða til vara eins mánaðar einfalt fangelsi og er þá tekið tillit til þess að hinum meiðandi ummælum var ekki ætluð útbreiðsla.

Eftir þessum úrslitum þykir rjett að stefndur greiði stefnanda 70 kr. í málskostnað, en að hann falli að öðru leyti niður.

Hin umstefndu ummæli: „Hlýt jeg því“ . . . „ráðningu eða áminningu“ og „vona jeg . . . er hann dæmir“, eiga að vera dauð og ómerk.

Miðvikudaginn 3. okt. 1923.

Nr. 34/1923.

H/f. Kári
(Pjetur Magnússon)
gegn
Stefáni Th. Jónssyni
(Magnús Guðmundsson),

útaf kaupum á bleytusnjó og spurningu um aðild áfrýjanda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. mars 1923: Stefndur Páll Ólafsson f. h. fiskiveiðafjelagsins „Kára“

greiði stefnandanum, Stefáni Th. Jónssyni, 3500 krónur ásamt 6 % ársvöxtum frá 30. júní 1920 til greiðsludags, og 326 krónur í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Þar sem líta verður svo á, að áfrýjandi hafi með símsvarskeyti sínu 30. sept. 1920 við símfyrirspurn stefnda 28. s. m. gengist við því, að bleytusnjór sá, sem þar um ræðir og pantaður hafði verið hjá stefnda í júní s. á., hafi verið keyptur fyrir hönd áfrýjanda, þá er málið rjettilega höfðað gegn honum.

Og þar sem kröfuupphæð stefnda fyrir vanefndir kaupsamningsins var ekki mótmælt í hjeraði, verður varakrafa áfrýjanda hjer í rjetti um lækkun kröfunnar ekki tekin til greina gegn mótmælum stefnda. Af sömu ástæðu verða vextir ekki miðaðir við sáttakærudag, svo sem áfrýjandi og hefir farið fram á til vara hjer í rjetti.

Að þessu athuguðu ber að staðfesta bæjarþingsdóminn, þó með þeirri breytingu, að vextir eiga að teljast frá 30. sept. 1920, með því að báðum aðiljum kemur saman um, að orðin »30. júní« í dómsorðinu sje ritvilla.

Samkvæmt þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti og þykir hann hæfilega ákveðinn 200 kr.

Því dæmist rjett vera:

Bæjarþingsdóminum skal óraskað, þó þannig að telja ber vextina frá 30. sept. 1920.

Málskostnað fyrir hæstarjetti greiði áfrýjandi, Páll Ólafsson fyrir hönd h.f. »Kára«, stefnda, Stefáni Th. Jónssyni, með 200 kr.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitan höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 29. apríl f. á. af Stefáni Th. Jónssyni, konsúl á Seyðisfirði, gegn framkvæmdarstjóra fiskiveiðahlutafjelagsins „Kára“ hjer í bænum, Páli Ólafssyni, fyrir fjelagsins hönd, til greiðslu á kr. 3500,00, fyrir 100 smálestir af frosnum bleytusnjó, með 6 % ársvöxtum af upphæðinni frá 30. september 1920 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu með kr. 326,00.

Stefndur hefir krafist sýknunar af kröfum stefnda í málinu og hæfilegs málskostnaðar eftir mati rjettarins.

Málavextir eru þeir, að 18. júní 1920 sendi þáverandi framkvæmdarstjóri fiskiveiðahlutafjelagsins „Kára“, sem þá var nýstofnað, Þorsteinn kaupmaður Jónsson hjer í bænum, stefnandanum svohljóðandi símskeyti undirritað með skrásettu símnefni hans sjálfs „Thorst“: „Geturðu selt okkur 200 tonn ís eða minna. Hvaða verð?“. Þessu símskeyti svaraði stefnandi daginn eftir á þessa leið: „Thorst, Reykjavík. Get selt ykkur ef strax umsemst 200 tonn frosinn bleytusnjó, sem að áliti ensku trollaranna, sem keypt hafa hann, er eins góður. Verðið 30—35 krónur eftir því hvað mikið verður tekið“. Daginn eftir sendi framkvæmdarstjórinn stefnanda svohljóðandi símskeyti undirritað með símnefni hans: „Viljum kaupa 100 tonn frosinn snjó ef brúklegur“. Verður tekinn ágúst, september. Staðfestið. Var salan staðfest sama daginn af stefnanda. Nú leið og beið og snjórinn var ekki tekinn. Sendi stefnandi þá enn 28. september 1920 svohljóðandi símskeyti: „Thorst, Reykjavík. „Hvenær verða þessi 100 tonn snjó tekin?“ „Þau áttu takast ágúst, september. Símsvar“. Þessu símskeyti svaraði framkvæmdarstjórinn 30. s. m. og undirritaði það símskeyti með nafni fjelagsins, „Kári“: „Höfum frjett snjórinn óbrúklegur, látum samt skoða hann hið fyrsta“. Það varð þó ekki af því að snjórinn yrði skoðaður eða tekinn og bráðnaði hann niður en stefndi höfðaði mál þetta og hefir í því gjört framangreindar rjettarkröfur.

Sýknukröfu sína rökstyður stefndur með því, að fiskiveiðahlutafjelagið „Kári“ sje ekki rjettur varnaraðili í málinu, heldur

hafi framkvæmdarstjóri fjelagsins keypt snjóinn handa sjálfum sjer og fyrir sinn reikning, en ekki fjelagsins og byggir þetta á því einu, að hans símnefni er undir skeytunum til stefnanda frá 18. og 20. júní 1920, því það hefir komið skýrt fram í vitnaframburði framkvæmdarstjórans í málinu að hann hafi keypt hinn umrædda snjó fyrir hönd fjelagsins og ekki haft afskifti af útgerð annara fjelaga um þær mundir, og hefir sá framburður verið tekinn jafngildur og eiðfestur væri, þótt honum hafi verið mótmælt af því, að málið varðaði hann sjálfan persónulega. Framkvæmdarstjórinn hefir og upplýst, að fjelagið hafi ekki verið búið að fá neitt símnefni skrásett í júní 1920 og hann þráfaldlega notað sitt símnefni á skeytum fjelagsins, og í málinu er það sannað, að framkvæmdarstjórinn notaði á víxl símnefni sitt og nafn fjelagsins í öðru máli, við stefnanda, sem enginn vafi getur leikið á, að varðaði fjelagið en ekki framkvæmdarstjórann sjálfan. Þá hefir stefndur enga grein getað fyrir því gjört hvorki hvers vegna framkvæmdarstjórinn hefði átt að nota orðin „okkur“ og „viljum“ í skeytunum frá 18. til 20. júní í stað orðanna „mjer“ og „vil“ ef skeytin hefðu ekki verið send fyrir fjelagsins hönd, nje hinu, að fjelagið fór að svara símskeyti stefnanda frá 28. september 1920 ef það skeyti var því óviðkomandi.

Umboðsmaður stefnds hefir í vörn sinni dagsettri 7. september f. á. til vara mótmælt því, að hinn umræddi snjór hafi verið nothæf vara, en bæði er það, að þau mótmæli eru of seint fram komin og svo hitt, að engin tilraun hefir verið gjörð til að færa sönnur á þau gegn mótmælum stefnanda.

Það verður því ekki hægt að taka neitt tillit til hinna framkomnu ummæla og þar sem hinni umstefndu upphæð eða vaxtakröfunni hefir ekki verið mótmælt sjerstaklega, verður að taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti.

Mánudaginn 8. okt. 1923.

Nr. 24/1923. **Lögreglustjóri Reykjavíkur f. h. ríkissjóðs**
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
Magnúsi Th. S. Blöndahl
(M. Guðmundsson),

útaf skatti til ríkissjóðs af atvinnutekjum.

Úrskurður fógetarjettar Reykjavíkur 30. jan. 1923: Hin umbeðna lögtaksgjörð á ekki fram að fara.

Dómur hæstarjettar.

Í hinum áfrýjaða fógetarjettarúrskurði er það rjettilega tekið fram, að ágreiningurinn í máli þessu, um það hvort stefndi hafi átt rjett á að draga tap á útistandandi verslunarskuldum frá skattskyldum atvinnutekjum árið 1921, heyri undir úrslit dómstólanna.

Það sjest af skjölum málsins, að stefndi hefir krafist þess í kæru til skattstjórans að frá skattskyldum atvinnutekjum hans árið 1921 væru dregnar kr. 6958,96, sem hann taldi að hann hefði tapað á árinu af útistandandi skuldum tilheyrandi atvinnurekstri hans, og er sú kæra reyndist árangurslaus sneri hann sjer til yfirskattanefndarinnar og sendi henni jafnframt lista yfir skuldir þessar. Tók nefndin kæru hans til greina að því leyti að hún dró 620 kr. af umgetnum skuldum frá atvinnutekjum hans og færði skattinn niður samkvæmt því.

Áfrýjandi vefengir það nú ekki, að stefndi hafi haft rjett til að draga frá atvinnutekjum sínum 1921 tap á útistandandi verslunarskuldum það ár, en

ágreiningurinn hjer fyrir rjettinum er að eins um það hve mikið tap þetta hefir verið. Áfrýjandi mótmælir því að tap þetta hafi numið meiru en þeim 620 kr., er yfirskattanefndin hefir tekið til greina. Stefndi heldur því hins vegar fram að tap hans hafi numið þeim kr. 6958,96, er hann hefir nánar greint í kæru sinni. Heldur hann því fram, að í fógetarjettinum hafi því ekki verið mótmælt, að hann (stefndi) hafi árið 1921 tapað þessari upphæð, og með því hafi gjörðarbeiðandi óbeinlínis viðurkent þetta og geti nú ekki komið fram með mótmæli eða vefengingar á þessu atriði. Á þetta verður ekki fallist. Fulltrúi lögreglustjórans, er mætti í fógetarjettinum, mótmælti varnarskjali því, er stefndi lagði þar fram, svo og öðrum varnargögnum hans að svo miklu leyti, sem þau kæmu í bága við lögtakskröfuna, og með tilliti til þess, að gera verður ráð fyrir að lögreglustjóranum eða fulltrúa hans hafi verið ókunnugt um á hverju yfirskattanefndin bygði úrskurð sinn, þykja þessi mótmæli nægilega ákveðin.

Hin framkomnu mótmæli þykja því ekki ofseint framkomin, og þar sem stefndi hefir eigi gegn þeim fært sönnur á að tap hans 1921 hafi numið meiru en yfirskattanefndin hefir tekið tillit til, verða mótmæli hans gegn lögtakinu eigi tekin til greina.

Það verður því samkvæmt kröfu áfrýjanda að fella hinn áfrýjaða lögtaksúrskurð úr gildi og skylda fógetann til þess að framkvæma hið umbeðna lögtak.

Með tilliti til þess, að ekki hefir verið tekið fram í úrskurði yfirskattanefndar af hvaða ástæðum frádráttarkröfu stefnda hefir verið synjað og þetta hefir heldur eigi komið fram í fógetarjettinum, þykir rjett að málskostnaður í hæstarjetti falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði lögtaksúrskurður skal úr gildi feldur og ber fógetanum að framkvæma hið umbeðna lögtak.

Málskostnaður í hæstarjetti fellur niður.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Við ákvörðun tekju- og eignaskatts hjer í Reykjavík árið 1922 var gjörðarþola Magnúsi Th. S. Blöndahl, verksmiðjueiganda hjer í bæ, gjört að greiða kr. 4982,00 í skatt. Hann hefir talið sjer skylt að greiða kr. 4220,00 og greitt þær, en mótmælt að greiða afganginn kr. 762,00, og hefir lögreglustjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs því krafist lögtaks fyrir þeirri upphæð ásamt kostnaði við lögtakið og eftirfarandi uppboð.

Upphæð sú, sem ágreiningurinn er risinn útaf, er þannig tilkominn, að gjörðarþoli dró frá atvinnutekjum sínum árið 1921 í skattaframtali sínu kr. 6958,96, sem hann hafði tapað á árinu af útistandandi skuldum tilheyrandi atvinnurekstri hans. Skattstjórinn vildi ekki taka þennan frádrátt til greina þrátt fyrir kæru gjörðarþola, og á sömu leið fór, er hann sendi kæru til yfirskattanefndar, en í málinu er ekkert upplýst um það, af hverjum ástæðum það hafi verið.

Fógetarjetturinn verður að telja það eðlilegt og í samræmi við tekjuskattslögin nr. 74/1921, að draga megi frá skattskyldum atvinnutekjum manna skuldir þær, sem sannanlega hafa tapast á árinu og stafa beint frá atvinnurekstrinum, enda verður ekki betur sjeð af eftirriti af brjefi frá fjármálaráðuneytinu dags. 24. maí f. á., sem lagt hefir verið fram í málinu, en að bæði þessi stjórnarvöld sjeu þeirrar skoðunar, að skattalögin heimili þetta.

Því hefir ekki af hálfu gjörðarbeiðanda verið nægilega mótmælt, að gjörðarþoli hafi tapað á útistandandi verslunarskuldum árið 1921 kr. 6958,96, og engin grein fyrir því gjörð, hvers vegna honum var synjað um frádráttinn á tapi þessu frá skattskyldum tekjum hans s. á.

Fógetarjetturinn verður nú að vera þeirrar skoðunar, að ágreiningurinn í þessu máli um það, hvort gjörðarþoli hafi átt rjett á að draga umrætt tap frá skattskyldum tekjum sínum, heyri

undir úrlausn dómstólanna, en sje ekki sem mat, sem yfirskattanefnd hefir fullnaðar-úrskurðarvald um eftir greindum lögum, úr því telja verður in confesso, að tapið sje í raun og veru beðið á árinu 1921. Þar sem fógetarjetturinn ennfremur, eins og að framan greinir, verður að vera gjörðarþola samdóma um það, að hann hafi átt rjett á frádrættinum, verður að taka til greina mótmæli hans gegn framgangi gjörðar þessarar.

Miðvikudaginn 10. okt. 1923.

Nr. 54/1923.

Valdstjórnin
(Magnús Guðmundsson)
gegn
Guðfinni Jónssyni
(Bjarni Þ. Johnson),

útaf gangnavanskilum.

Dómur lögreglurjettar Seyðisfjarðarkaupstaðar 13. okt. 1922: Kærði Guðfinnur Jónsson, Seyðisfirði, greiði 50 — fimmtíu — króna sekt í bæjarsjóð Seyðisfjarðarkaupstaðar. Svo greiði og kærði málskostnað í máli þessu 7 — sjö — krónur.

Dóminum ber að fullnægja innan 3 sólarhringa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Það er upplýst í málinu að kærði, er samkvæmt ákvörðun gangnastjóra Seyðisfjarðarkaupstaðar bar að leggja til einn mann í þriðju fjallgöngur haustið 1922, sendi engan mann af sinni hálfu í göngurnar og hafði hann þó fengið löglega tilkynningu um þær. Með þessu hefir kærði gjörst brotlegur gegn 13. gr. reglugjörðar um fjallskil og refaveiðar í Norður-

Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað 5. júlí 1918 og þykir refsing hans fyrir það brot hæfilega metin, samkvæmt 36. gr. reglugjörðarinnar, 50 kr. er renni í bæjarsjóð Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Allan kostnað sakarinnar í hjeraði og fyrir hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda 50 kr. og til verjanda 40 kr., ber kærða að greiða.

Það er aðfinsluvert að undirdómarinn hefir tiltekið málskostnaðarupphæðina í lögreglurjettardóminum og að óhæfilega langur dráttur hefir orðið á áfrýjun málsins, þar sem lögreglurjettardómurinn er kveðinn upp og birtur kærða 13. október 1922 en vottorð dómarans um að kærði óski málinu áfrýjað er dagsett 17. maí 1923 og hæstarjettarstefnan dagsett 19. júní 1923.

Því dæmist rjett vera:

Kærði, Guðfinnur Jónsson, greiði 50 króna sekt er renni í bæjarsjóð Seyðisfjarðarkaupstaðar. Svo greiði kærði og allan kostnað sakarinnar í hjeraði og fyrir hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda, málaflutningsmanns Magnúsar Guðmundssonar, 50 krónur og til verjanda, málaflutningsmanns Bjarna Þ. Johnson, 40 krónur.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórninni gegn Guðfinni Jónssyni, Seyðisfirði, fyrir brot gegn 13. gr. fjallskilareglugjörðar

Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstaðar, sakaður um að hafa skorast undan að leggja til mann í 3. fjallgöngur á þessu hausti, á Seyðisfirði. — Það sem komið er fram í máli þessu, ber það með sjer, að ákærða hafi borið að leggja til einn mann í 3. fjallgöngur, en skorast undan því, og engan mann lagt til í 3. fjallgöngurnar. Færir ákærði þær ástæður til varnar sjer að gangnaseðillinn hafi komið ofseint til sín og annað það, að hann hafi ekki fengið mann til að fara í fjallgöngurnar fyrir sig, en sjálfur geti hann ekki heilsunnar vegna farið í fjallgöngur.

Hvað fyrri ástæðunni viðvíkur, þá viðurkennir ákærði að hafa fengið gangnaseðilinn 1. október en 3. göngur áttu fram að fara 9. október og virðist átta daga fyrirvari vera í fylsta máta nægilegur tími og með því sje fullnægt skilyrðinu í 10. gr. fjallskilareglugjörðarinnar, að gangnaseðillinn hafi komið til ákærða nógu snemma fyrirfram fyrir 3. göngur; því útaf vanrækslu með að leggja til mann í 3. göngur er ákærði kærður; þess vegna koma þessu máli ekki við 2. eða 1. göngur, hvort þær hafi verið tilkyntar nógu snemma eða ekki. Þessi ástæða ákærða virðist því ekki hafa við neitt að styðjast, úr því fyrirvarinn var nægilegur með tilliti til 3. gangna. Verður því ekki hægt að taka þessa ástæðu ákærða til greina. Hvað viðvíkur hinni ástæðunni að hann hafi ekki sjálfur getað farið í fjallgöngur eða fengið mann fyrir sig, þá viðurkennir ákærði sjálfur, að hann hafi að eins nefnt við tvo menn að fara í göngurnar fyrir sig, annan sem ekki var fær um það heilsunnar vegna, hinn sem að eins hefir þá ástæðu að sig vanti skóklæði; virðist það vera lítil ástæða ef nefnt hefir verið við manninn að fara í göngurnar fyr en á síðustu stundu, því naumast hefði þurft margra daga fyrirvara til þess að undirbúa skóklæði og lítur því út fyrir að ákærði hefði getað fengið þennan mann í göngurnar fyrir sig, ef hann hefði undirbúið hann nógu snemma með skóklæðin, og virðist því vera ákærða sök að undirbúa ekki manninn og vanræksla ákærða, að láta hann ekki fara í göngurnar. Þar að auki er það óafsakanlega lítilfjörleg tilraun til þess að útvega mann fyrir sig í göngurnar, að nefna það að eins við tvo menn í öllum Seyðisfjarðarkaupstað og getur það ekki skoðast að neinu leyti fullnægjandi viðleitni til að gjöra skyldu sína um gangnaskil. Reyndar getur ákærður þess, að hann hafi beðið gangnastjóra að útvega mann, en hvorutveggja er, að gangnastjóri var ekki skyldugur að útvega manninn og engin ástæða fyrir ákærða til þess að komast undan

fjallskilaskyldu, að tilfæra það, að hann hafi beðið annan mann um hjálp til gangnaskila.

Tilraunir ákærða til þess, að útvega manninn fyrir sig í fjallgöngurnar hafa verið svo lítilfjörlegar og ófullnægjandi, að þær geta ekki að neinu leyti afsakað vanrækslu ákærða með gangnaskil. Verður því ekki hægt að taka þessa ástæðu ákærða til greina. Þar sem ákærði ekki getur tilfært neinar aðrar ástæður til afsökunar vanrækslu sinni um fjallskil, en framan er tilgreint, og ekki er hægt að taka til greina, þá verður að álítast, að ákærði hafi án nægilegra ástæðna skorast undan að inna fjallskil af hendi, eins og honum bar, og er þetta brot hans ásamt annara er skoruðust undan fjallskilum því tilfinnanlegra þar sem gangnafall varð að gjöra af þeim ástæðum hjer á Seyðisfirði við 3. göngur í haust sbr. þingskj. nr. 1. — Brot ákærða heyrir undir 13. gr. fjallskilareglugjörðar Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstaðar frá 5. júlí 1918 og þykir refsing sú er hann hefir til unnið hæfilega ákveðin 50 — fimmtíu — króna sekt er renni í bæjarsjóð Seyðisfjarðarkaupstaðar.

Svo greiði og ákærði í málskostnað af máli þessu 7 — sjö — krónur. — Á rekstri málsins hefir enginn ónauðsynlegur dráttur orðið.

Föstudaginn 12. okt. 1923.

Nr. 25/1923. **Lögreglustjórinn í Reykjavík f. h. ríkissjóðs.**
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
R. P. Leví
(M. Guðmundsson),
útaf frádrætti skulda frá atvinnutekjum.

Úrskurður fógetarjettar Reykjavíkur 30. jan. 1923: Hin umbeðna lögtaksgjörð á ekki fram að fara.

Dómur hæstarjettar.

Í skattframtali sínu fyrir árið 1921 taldi stefndi til frádráttar atvinnutekjum sínum ýmsar upphæðir,

er alls námu kr. 74718,00, en hvorki skattstjórinn nje yfirskattanefnd, er stefndi síðar kærði skatt sinn fyrir, tók þann frádrátt til greina. Eftir því sem málið liggur fyrir við hæstarjett er að eins spurning um rjett stefnda til að draga frá atvinnutekjum sínum 1921 tvo liði af upphæðum þessum, tapaðar verslunarskuldir, kr. 1745,40 og tap á útgerð m/b Blika, kr. 44997,64, en þessar tvær upphæðir eru samanlagðar hærri en atvinnutekjur þær, er skattstjóri og yfirskattanefnd höfðu gjört stefnda að greiða skatt af. Áfrýjandi vefengir það nú eigi að stefndi hafi átt rjett á að draga frá atvinnutekjum sínum 1921 tap á útistandandi verslunarskuldum það ár, nje heldur að honum hafi verið rjett að draga tap á útgerð m/b Blika það ár frá gróða á öðrum atvinnutekjum sínum. Ágreiningurinn hjer fyrir rjettinum er að eins um það hvort nokkuð tap hafi orðið og þá hve mikið. Mótmælir áfrýjandi því, að stefndi hafi árið 1921 tapað verslunarskuldum þeim, sem að framan eru nefndar, svo og að hann það ár hafi tapað á útgerð m/b Blika. Gegn þessu heldur stefndi því fyrst og fremst fram, að í fógetarjettinum hafi því ekki verið mótmælt, að hann (stefndi) hafi árið 1921 tapað þessum upphæðum, og með því hafi gjörðarbeiðandi óbeinlínis viðurkent þetta og geti nú ekki komið fram með mótmæli eða vefengingar á þessu atriði. Á þetta verður ekki fallist. Fulltrúi lögreglustjórans, er mætti í fógetarjettinum, mótmælti varnarskjali því, er stefndi lagði þar fram, svo og öðrum varnargögnum hans, að svo miklu leyti sem þau kæmu í bága við lögtakskröfuna og með tilliti til þess, að gjöra verður ráð fyrir, að lögreglustjóranum eða fulltrúa hans, hafi verið ókunnugt um á hverju yfir-

skattanefndin bygði úrskurð sinn, þykja þessi mótmæli nægilega ákveðin.

Hin framkomnu mótmæli þykja því ekki ofseint framkomin, og þar sem stefndi hefir eigi gegn þeim fært sönnur á að hann hafi tapað umgetnum verslunarskuldum árið 1921 nje að hann það ár hafi tapað á útgerð m/b Blika áðurnefndri upphæð, enda hafa engir reikningar fyrir útgerðina verið lagðir fram í málinu, verða mótmæli hans gegn lögtakinu eigi tekin til greina.

Það verður því samkvæmt kröfu áfrýjanda að fella hinn áfrýjaða lögtaksúrskurð úr gildi og skylda fógetann til þess að framkvæma hið umbeðna lögtak.

Með tilliti til þess, að ekki hefir verið tekið fram í úrskurði yfirskattanefndar af hvaða ástæðum frádráttarkröfu stefnda hefir verið synjað og þetta hefir heldur eigi komið fram í fógetarjettinum, þykir rjett að málskostnaður í hæstarjetti falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði lögtaksúrskurður skal úr gildi feldur og ber fógetanum að framkvæma hið umbeðna lögtak.

Málskostnaður í hæstarjetti fellur niður.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Við ákvörðun tekju- og eignaskatts hjer í Reykjavík árið 1922 var gjörðarþola Ragnari P. Leví kaupmanni hjer í bæ gjört að greiða kr. 1649,50 í tekju- og eignaskatt. Gjörðarþoli taldi sjer ekki skylt að greiða neinn tekjuskatt og að eins kr. 173,00 eignaskatt, og hefir hann greitt þær. Hefir lögreglustjórinn krafist þess f. h. ríkissjóðs, að lögtak fari fram fyrir mismuninum

kr. 1476,50 auk kostnaðar við lögtakið og eftirfarandi uppboð, en þessu er mótmælt af gjörðarþola.

Gjörðarþoli gaf sjálfur upp tekjur sínar og eignir, og dró þá frá tekjum þeim, sem hann hafði á árinu af verslun sinni tapaðar útistandandi skuldir á árinu, að upphæð kr. 1745,40, og ennfremur tap, sem hann hafði beðið á árinu á rekstri mótorbátsins Blika að upphæð kr. 44997,40. Skattstjórinn vildi ekki taka frádrátt þennan til greina og á sömu leið fór, er gjörðarþoli kærði fyrir yfirskattanefnd, en í málinu er ekkert upplýst um það, af hverjum ástæðum það hafi verið.

Fógetarjetturinn verður að telja það eðlilegt og í samræmi við tekjuskattslögin nr. 44/1921, bæði að maður, sem rekur tvær atvinnugreinar, þar sem önnur hefir tap í för með sjer, en hin gróða á sama ári, megi draga tapið af annari atvinnugreininni frá gróðanum á hinni, er hann gefur upp tekjur sínar til skatts, á sama hátt og honum ber að greiða skatt af tekjum þeim samanlögðum, sem báðar atvinnugreinarnar gefa af sjer, ef vel gengur; og eins hitt, að draga megi frá skuldir þær, sem sannanlega tapast á árinu á atvinnurekstrinum, enda verður ekki betur sjeð af eftirriti af brjefi frá fjármálaráðuneytinu til skattstjóra dagsettu 24. maí f. á., sem lagt hefir verið fram í málinu, en að bæði þessi stjórnarvöld sjeu þeirrar skoðunar, að skattalögin heimili þetta hvorttveggja.

Því hefir nú ekki af hálfu gjörðarbeiðanda verið nægilega mótmælt, að gjörðarþoli hafi á árinn 1921 tapað á útistandandi verslunarskuldum kr. 1745,40 og, á mótorbátaútgerð kr. 44997,40, og engin grein verið gjörð fyrir því, hvers vegna honum var synjað um frádrátt á tapi þessu frá skattskyldum tekjum hans s. á.

Fógetarjetturinn verður nú að vera þeirrar skoðunar, að ágreiningurinn í þessu máli um það, hvort gjörðarþoli hafi átt rjett á að draga ummælt tap frá skattskyldum tekjum sínum, heyri undir úrlausn dómstólanna, en sje ekki um mat, sem yfirskattanefnd hefir fullnaðar-úrskurðarvald um eftir greindum lögum, úr því telja verður in confesso, að tapið sje í raun og veru beðið á árinu 1921. Þar sem fógetarjetturinn ennfremur, eins og að framan greinir, verður að vera gjörðarþola samdóma um það, að hann hafi átt rjett á frádrættinum, verður að taka til greina mótmæli hans gegn framgangi gjörðar þessarar.

Miðvikudaginn 17. okt. 1923.

Nr. 51/1922. **Jón Sigurðsson og Þórður Ásmundsson** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Ólafi B. Björnssyni og Níels Kristmannssyni (Lárus Fjeldsted),
útaf skaðabótum vegna árekstur vjelbáta.

Dómur sjódóms Reykjavíkur 15. apríl 1922: Stefndir, Ólafur B. Björnsson og Níels Kristmannsson, eiga að vera sýknir af kröfum stefnendanna, Jóns Sigurðssonar og Þórðar Ásmundssonar, í þessu máli. — Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Að vísu má ætla, að vb. »Þorbjörn«, sem er 11,86 smál. brúttó og lá nær vindi og sjó en vb. »Sigurfari«, hafi rekið aðfaranótt 20. des. 1919 og þá brotið »Sigurfara« meira eða minna. En þar sem fastir skoðunarmenn Vjelbátaábyrgðarfjelags Akurnesinga hafa vottað það 3. jan. þ. á. og síðan staðfest það vottorð í öllum aðalatriðum fyrir rjetti, að »Þorbjörn« hafi haft »örugg« legufæri, og það er auðsætt af vitnaspurningum áfrýjanda til skoðunarmannanna og svörum þeirra, að þeir áttu við legufæri þau, er báturinn átti í sjó á Lambhúsasundi, enda báturinn tekinn í ábyrgð fjelagsins frá 1. jan. 1920 samkvæmt vottorði skoðunarmanna 15. des. 1919 um að báturinn væri í »ágætu lagi« og endurtrygður í Samábyrgðinni, þá þykir bresta sönnun fyrir því, að þau legufæri, sem sjórjetturinn taldi »fullforsvaranleg«, hafi, eftir því sem þá var álitið, verið svo ófullnægjandi, að stefndu, eigendur »Þorbjarnar«, eigi fyrir þá sök að bera ábyrgð á þeim skemdum, sem urðu á »Sigurfara«, útaf árekstri bátanna, sem báðir

voru mannlausir. Þess má og geta, að legufærin voru miklum mun þyngri en áskilið er um fiski- og flutningabáta af líkri stærð í 65. gr. tilsk. nr. 43/1922 um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti samkvæmt ástæðum þeim, sem greindar eru í forsendum sjórjettardómsins og yfirleitt má fallast á, ber að staðfesta dóminn.

Samkvæmt þessum úrslitum verða áfrýjendurnir að greiða stefndum málskostnað fyrir hæstarjetti og er hann ákveðinn 300 kr.

Því dæmist rjett vera:

Sjórjettardóminum skal óraskað.

Áfrýjendurnir, Jón Sigurðsson, og Þórður Ásmundsson, greiði stefndu, Ólafi B. Björnssyni og Níels Kristmannssyni, 300 króna málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir samkomulagi málspartanna höfðað fyrir sjórjetti Reykjavíkur með stefnu útgefinni 11. september 1920 af eigendum m/b „Sigurfara“ frá Akranesi, þeim Jóni Sigurðssyni og Þórði Ásmundssyni báðum til heimilis á Akranesi, gegn eigendum m/b „Þorbjarnar“ frá Akranesi, þeim Ólafi B. Björnssyni, kaupmanni, Níels Kristmannssyni, kaupmanni, og Elíasi Benediktssyni, skipstjóra, öllum sömuleiðis til heimilis á Akranesi, og hafa stefnendur krafist þess, að stefndir verði in solidum dæmdir til að greiða sjer 22500,00 króna skaðabætur fyrir skemdir á m/b „Sigurfara“ aðfaranótt 20. desember 1919, er þeir telja stefndu sem eigendur m/b „Þorbjarnar“ eiga að bera ábyrgð á og þar af leiðandi missi af afnotum bátsins, ásamt 5 % ársvöxtum af

upphæðinni frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eftir mati sjódómsins og enn hafa stefnendur krafist þess, að viðurkendur verði sjóveðrjettur þeirra í m/b „Þorbirni“ fyrir skaðabótaupphæðinni.

Undir rekstri málsins hafa stefnendur fallið frá öllum kröfum sínum í málinu á hendur Elíasi skipstjóra Benediktssyni.

Málavextir eru þeir að 18. desember 1919 komu vjelbátarnir „Þorbjörn“ og „Sigurfari“ heim til Akraness og var bátunum lagt með því sem í þeim var við legufæri þeirra á Lambhúsasundi, því engin tök voru á því eftir skýrslu formannsins á „Sigurfara“, stefnandans Jóns Sigurðssonar, að afferma bátana fyrir S.S.V. stormi. Í „Sigurfaranum“ voru meðal annars 25 steinolíuföt, bundin á þilfarinu, en ekki er upplýst í málinu hvað var í „Þorbirni“, sem stefndur Elías Benediktsson var formaður á. Ekki er upplýst í málinu með vissu hve langt var milli legufæra bátanna. Formaðurinn á „Þorbirni“ kveðst hafa sett legufæri hans niður um 20. september haustið 1919 vestur og fram af „Sigurfaranum“ og hafi áreiðanlega verið á að giska 40—50 faðmar milli bátanna og formaðurinn á „Sigurfaranum“ hefir látið í ljósi það álit sitt að þegar akkeri „Þorbjarnar“ hafi verið lagt muni það hafa verið viðlíka langt frá akkeri „Sigurfarans“ og venja sje að hafa milli báta þegar þröngt sje í sundinu. Legufæri „Þorbjarnar“ voru akkeri 400—500 pd. á þyngd og við það 15 faðma stokkakeðja og 7 faðmar af keðju þar sem hlekkirnir voru 1 þumlungur í gegnumskurð og höfðu þau ekki verið athuguð svo upplýst sje frá því að þau voru sett niður. Legufæri „Sigurfarans“ voru kútterakkeri 600—700 pd. að þyngd með gildri 25 faðma langri keðju. Við þessi legufæri var bætt 19. desember 1919 öðru akkeri 200 pd. þungu með 25 faðma keðju. Það er upplýst í málinu að „Sigurfarinn“ hafi verið veikar bygður en „Þorbjörn“, en um stærð bátanna er ekkert upplýst.

Nóttina milli 18. og 19. desember var talsvert mikið veður og áttin ekki stöðug, aðallega S.A. en þá varð ekkert að. Hinn 19. desember var farið út í báða bátana og akkeri bætt við á „Sigurfaranum“ eins og að framan greinir. Lá „Þorbjörn“ þá sem næst beint fram af „Sigurfara“ eftir S.V. átt eins og þá var síðari hluta dagsins með vaxandi stormi. Um nóttina gjörði ofsarok af S.V. og að morgni hins 20. desember kom það í ljós að báða bátana hafði rekið undan veðrinu undir land og var „Sigurfarinn“ sokkinn, en „Þorbjörn“ á floti og þá kominn það aftur

með „Sigurfara“ að stjórnborðskinnungurinn á honum lá við bakborðssíðu aftanverða á „Sigurfaranum“ og rann „Þorbjörn“ öðru hvoru á „Sigurfarann“ um stýrishúsið. Voru báðir bátarnir allmjög brotnir, einkum þó „Sigurfari“. Á „Þorbirni“ var brotinn öldustokkurinn bakborðsmegin milli vanta og 4 styttur í skjólborðinu. Ennfremur hafði öldustokkurinn lyfst upp að aftan svo var og klyver- og messanbóma brotin. „Sigurfarinn“ var mjög brotinn, skjólborð og byrðingur, báðumegin en einkum þó bakborðsmegin. Sjóferðapróf í málinu var haldið 27. desember 1919 eftir kröfu stefnenda og tveir menn dómkvaddir til að meta skemdirnar á „Sigurfara“. Möttu þeir skaðann að undanteknu atvinnutjóni á 18500 krónur, en atvinnutjónið meta stefnendur 4000 krónur og þar sem þeir telja skemdirnar á „Sigurfara“, „Þorbirni“ að kenna og hafa stafað af því að legufæri „Þorbjarnar“ voru ekki forsvaranleg og í ólagi og hafi hann því rekið á „Sigurfarann“ og sökt honum, hafa þeir höfðað mál þetta gegn eigendum hans og gjört rjettarkröfur þær er að framan greinir.

Sýknukröfu sína í málinu byggja stefndir á því að legufæri „Þorbjarnar“ hafi verið í alla staði góð og gild, en veðrið hafi nóttina milli 19. og 20. desember verið svo mikið að ekkert hafi haldið, sje því hjer um „ulykkelig Hændelse“ að ræða, er þó aðallega hafi verið ásigkomulagi „Sigurfarans“ að kenna þar sem hann hafi lengi verið ljelegur, veikbygður og óþjettur og ávalt gefið sig í vondu veðri og við hið umrædda tækifæri hafi 25 steinolíuföt verið á þilfari hans, er hafi skolað út og brotið bátinn svo hann hafi sokkið og „Þorbjörn“ þá fyrst rekið á hann. Hinsvegar hafa stefndir ekki upplýst, að aðra báta er lágu í Lambhúsasundi, hina umræddu nótt, hafi rekið.

Það er upplýst í málinu að í janúarmánuði 1920 voru legufæri „Þorbjarnar“ tekin upp og höfðu þau þá ekki verið hreyfð frá því 20. desember. Kom það þá í ljós, að akkeri „Þorbjarnar“ var stokklaust og flækt í legufæri „Sigurfarans“, en ekki verður um það sagt, hvenær stokkurinn hafi farið úr akkerinu þótt mestar líkur sjeu til að hann hafi brotnað er akkerið drógst úr botni nóttina milli 19. og 20. desember 1920.

Eins og fram hefir verið tekið rak bátana upp um skammdegisnótt í afspyrnuveðri og sá enginn hvernig það vildi til eða hvorn bátinn byrjaði fyr að reka. Þegar athugað er hvernig legufærum þeim er lýst, sem „Þorbirni“ var lagt við 17. desember 1919 verður ekki annað sjeð en að fullforsvaranlegt hafi verið

að leggja venjulegum mótorbát við þau, en um stærð „Þorbjarnar“ er ekkert upplýst í málinu eins og tekið hefir verið fram.

Rjetturinn fær því ekki sjeð, að það sje nægilega sannað að stefndir eigi að bera ábyrgð á tjóni því, er stefnendur biðu við það, að „Sigurfarinn“ rak undir land og sökk hina umræddu nótt. Verður því að sýkna stefndu af kröfum stefnenda í málinu en eftir öllum atvikum þykir rjett að málskostnaður í því falli niður.

Föstudaginn 19. okt. 1923.

Nr. 12/1923. **Gunnar Ólafsson & Co.**
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
Árna Sigfússyni
(Pjetur Magnússon),

útaf kröfu stefnda til umboðslauna.

Dómur aukarjettar Vestmannaeyjakaupstaðar 24. ágúst 1922: Stefndu, Gunnar Ólafsson og Jóhann Þ. Jósefsson vegna firmans Gunnar Ólafsson & Co., greiði stefnanda, Árna Sigfússyni, kr. 1000,00. — Málskostnaður falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Það er upplýst í málinu, að fisksölu þeirri, er stefndi hafði með höndum fyrir áfrýjendur og 2 kaupmenn aðra í Vestmannaeyjum, var hagað þannig, að allan fiskinn, einnig fisk, er stefndi átti sjálfur, átti að bjóða út í einu lagi, og unnu hlutaðeigendur allir að sölunni í samráði við stefnda að því leyti að þeir ræddu sameiginlega framkomin tilboð og settu í sameiningu skilyrði fyrir sölunni. Er það ennfremur

upplýst, að það hafi oft átt sjer stað, að kaupmenn og kaupfjelög í Eyjunum hafi komið sjer saman um að selja fisk sinn í fjelagi á líkan hátt og hjer ræðir um, en við slíkar fjelagssölur hafi það ekki verið venja, að sá, er fengið hafi umboð til þess að standa fyrir sölunni út á við, hafi reiknað sjer nokkur ómaks- eða umboðslaun af fjelögum sínum, heldur hafi þessi fjelagsskapur byggst á því, að hlutaðeigendur töldu sjer sameiginlegan hagnað af því, að geta selt mikinn fisk eða heilan skipsfarm í einu.

Þá hafa þeir kaupmenn, er ásamt áfrýjendunum höfðu gefið stefnda söluumboð, borið það sem vitni, að stefndi hafi lýst því yfir bæði á undan að honum voru gefin umboðin og eins á meðan á sölunni stóð, að hann væri eigi að gangast fyrir þessum samtökum til þess að fá laun fyrir, og styðst þessi framburður vitnanna við það, að þegar þeir stefndi og fjelagar hans á sameiginlegum fundi gjörðu upp reikninga sína að sölunni lokinni, þá var andvirðinu fyrir fiskinn skift milli fjelagsmanna að rjettri tiltölu við fisk þann er hver þeirra ljet af hendi, og fjekk hver sinn hluta af andvirðinu án þess að ómaks- eða umboðslaun væru dregin frá eða neitt talað um að slík laun ætti að greiða, enda verður eigi sjeð að stefndi hafi hreyft kröfu sinni um umboðslaunin fyr en meira en ár var liðið eftir að fisksalan var að fullu um garð gengin.

Með þessum gögnum verður að telja það sannað, að stefndi, er eigi hefir umboðssölu á hendi sem atvinnu, hafi eigi áskilið sjer umboðslaun, er hann tók við söluumboði áfrýjenda eða síðar á meðan á sölunni stóð, og þar sem áfrýjendur eftir því sem atvik lágu til, höfðu eigi ástæðu til að ætla að stefndi ætlaðist til umboðslauna, þykir ekki heimild til að

dæma áfrýjendur til að greiða honum umkrafin umboðslaun.

Það ber því eftir kröfu áfrýjenda að fella hinn áfrýjaða aukarjettardóm úr gildi og sýkna þá af kröfum stefnda.

Málskostnaður í hjeraði þykir mega falla niður, en málskostnað í hæstarjetti ber stefnda að greiða áfrýjendum og ákveðst hann 200 kr.

Það er vítavert að undirdómarinn hefir haft mál þetta undir dómi í nærfelt 5 mánuði.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjendurnir Gunnar Ólafsson & Co. eiga að vera sýknir af kröfum stefnda Árna Sigfússonar í þessu máli.

Málskostnaður í hjeraði fellur niður en málskostnað í hæstarjetti greiði stefndi áfrýjendum með 200 kr. að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir stefnandinn Árni Sigfússon kaupmaður í Garðhúsum hjer í Eyjum eftir árangurslausa sáttatilraun höfðað gegn stefndu Gunnari Ólafssyni og Jóhanni Þ. Jósefssyni, sem eigendum firmans Gunnar Ólafsson & Co. hjer til greiðslu umboðslauna kr. 2617,74 ásamt 6 % ársvöxtum frá 1. janúar 1920 til greiðsludags, fyrir að hafa selt fisk haustið 1919 fyrir kr. 130887,50, auk málskostnaðar.

Stefndur hefir haldið því fram að honum sje ólöglega stefnt fyrir sáttanefnd og rjett, þar sem að eins hann sje nefndur með nafni sem eigandi stefnds firma Gunnar Ólafsson & Co., og þess vegna krefst hann að málinu sje vísað frá dómi.

En þar sem þeim Gunnari Ólafssyni og Jóhanni Þ. Jósefssyni er stefnt í bæði skiftin, sem eigendum tjeðs firma og enginn

hefir haldið því fram að aðrir sje eigendur að því, þá virðist stefnan og sáttakæran lögleg, og málinu verður því ekki vísað frá af þeim ástæðum. Það verður því að líta á málið, eins og það liggur fyrir.

Málavextir eru þannig:

Haustið 1919 eru þeir stefnandi, stefndur og fleiri Vestmannaeyingar, sem selja vildu fisk, staddir í Reykjavík og gaf þá stefndur, H/f Bjarmi og Eyþór Þórarinsson, stefnanda umboð til að selja fyrir sig fisk fyrir ákveðið verð og með ákveðnum skilmálum fyrir ákveðið tímatakmark, að því er stefndan snertir.

Þessi sala fór ekki fram þegar í stað, en af skjölum málsins má það ráða, að hún hefir farið fram nokkru síðar sama ár og þá með fullu samþykki stefnds og annara, er hlut áttu að máli. Raunar með nokkuð öðrum skilyrðum, en tekið var fram í hinum upprunalegu umboðum.

Stefnandi heldur því fram, að hann eigi full venjuleg umboðslaun, sem hann reiknar sjer 2 af hundraði fyrir þessa sölu sína og krefst að sjer verði dæmd hin umstefnda upphæð.

Stefndur heldur því hinsvegar fram, að hjer hafi ekki verið um nein umboðslaun að ræða, heldur um sameiginlega sölu í þágu allra hlutaðeigenda, þar á meðal stefnanda sjálfs og að hann því eigi engin umboðslaun fyrir sölu þessa.

Það er nú upplýst í málinu, að stefnandi hefir selt fisk fyrir stefndan einmitt fyrir þá upphæð, er málsskjölin ræða um, eða kr. 130887,50 og reiknað sjer fyrir það 2 % í ómakslaun.

Eftir þeim skjölum og skilríkjum, sem liggja fyrir í málinu, verður það að álítast sannað að stefnandinn hafi orðið að bera ýmsan kostnað af sölu þessari og umsvif við hana vegna stefnds, án þess þó að hægt sje að telja það venjuleg umboðsstörf. Eftir þeim upplýsingum, sem fyrirliggja í málinu, og samkvæmt þessu verður rjetturinn að líta svo á, að hann hafi heimild til að ákveða ómakslaunin og virðast þau hæfilega ákveðin kr. 1000,00. Eftir atvikum virðist málskostnaður eiga að falla niður.

Miðvikudaginn 31. okt. 1923.

Nr. 36/1923. **Tómas Jónsson og Ólafur Ólafsson**
gegn
Pjetri M. Bjarnarson.

Dómur hæstarjettar.

Áfrýjendur, Tómas Jónsson og Ólafur Ólafsson, er eigi mæta í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef þeir vilja af nýju fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Mánudaginn 5. nóv. 1923.

Nr. 27/1923. **Valdstjórnin**
(L. Fjeldsted)
gegn
William Browning
(Guðm. Ólafsson),

útaf broti á 2. gr. l. nr. 5/1920 um bann gegn botnvörpuveiðum.

Dómur lögreglurjettar Vestmannaeyjakaupstaðar 24. apríl 1922: Anklagede William Browning, Fører af britisk Damtrawler G. Y. 928 „Sethon" bör yde en Böde i Landhelgissjóður Íslands Kroner 2500,00 og Sagsomkostninger 100 Kroner. Dommen at fuldbyrde i Henhold til Loven.

Dómur hæstarjettar.

Með úrskurði hæstarjettar 18. maí þ. á. var lagt fyrir rannsóknardómarann að útvega fyrir rjetti

skýrslur um nokkur atriði í máli þessu. Hafa þær skýrslur verið fengnar og lagðar fram í hæstarjetti.

Með eigin játningu kærða í lögreglurjetti Vestmannaeyjakaupstaðar 24. apríl 1922 og skýrslu skipstjórans á eftirlitsskipinu Islands Falk, dagsettri sama dag, er það sannað að kærði hafi að morgni þess 24. apríl 1922 legið fyrir akkeri á skipalegunni í Vestmannaeyjum, með skipi sínu, botnvörpuskipinu »Sethon«, G. Y. 928, með botnvörpu að nokkru leyti utanborðs, og er þeirri sönnun eigi hnekt með yfirlýsingum þeim, er kærði og tveir skipverjar hans hafa gefið fyrir notarius í Englandi, eftir að hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp, og lagðar hafa verið fram í hæstarjetti. Það er ennfremur sannað, með skýrslum, sem komnar eru fram í málinu eftir að hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp, að veður og sjór hafi eigi verið svo mikið, daginn sem skipið kom á skipaleguna í Vestmannaeyjum, að eigi hafi af þeim sökum verið fært að búlka veiðarfærin áður en skipið kom í landhelgi. Kærði hefir því gjörst brotlegur gegn 2. gr. laga um bann gegn botnvörpuveiðum nr. 5, 18. maí 1920, og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið, hæfilega metin samkvæmt 3. gr. laganna 2000 kr. sekt er renni í Landhelgissjóð Íslands. Svo ber kærða og að greiða allan af málinu leiddan og löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti 60 kr. til hvors.

Það er aðfinnsluvert að óhæfilega langur dráttur hefir orðið á áfrýjun málsins, þar sem lögreglurjettardómurinn er kveðinn upp 24. apríl 1922 en áfrýjunarstefna eigi gefin út fyr en 29. janúar 1923 og birt 21. mars s. á., að ritlauna, staðfestingargjalds og stimilgjalds er ranglega krafist og að málskostn-

aður er í lögreglurjettardómnum tiltekinn með ákveðinni upphæð.

Því dæmist rjett vera:

Kærði, William Browning, greiði 2000 króna sekt til Landhelgissjóðs Íslands. Svo greiði hann og allan kostnað sakarinnar bæði í hjeraði og í hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, málaflutningsmannanna Lárusar Fjeldsted og Guðmundar Ólafssonar, 60 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Ved egen Bekendelse er det tilstrækkelig bevist at William Browning, Förer af britisk Trawler G. Y. 928 „Sethon", Dags Morgen har befundet sig paa Reden her med Fangstredskaberne i Uorden og maa derfor anses at nævnte Förer med dette sit Forhold har overtraadt Bestemmelserne i Lov af 18. Mai 1920, Nr. 5, § 2 og bör derfor efter samme Lovs 3. § straffes med en Böde til Landhelgissjóður Íslands, som efter Omstændighederne fastsættes til 2500 Kroner, samt Sagens Omkostninger med 100 Kroner.

Miðvikudaginn 7. nóv. 1923.

Nr. 44/1923. **Einar Arnórsson**
(sjálfur)
gegn
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs
(Jón Ásbjörnsson).

Spurning um rjett fjárveitingarvaldsins 1922 til að lækka laun áfrýjanda fyrir starf hans í hinni dansk-íslensku ráðgjafarnefnd.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. mars 1923: Stefndur fjármálaráðherra Íslands Magnús Jónsson f. h. ríkissjóðs á að vera sýkn af kröfum stefnandans, prófessors Einar Arnórssonar, í máli þessu. — Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Áfrýjandi hefir ekki sannað gegn mótmælum stefnda, að svo hafi umsamist með forsætisráðherra annarsvegar og áfrýjanda og samnefndarmönnum hans hinsvegar, að hver nefndarmannanna skyldi hafa 2000 króna árslaun fyrir nefndarstarfið *út kjörtímabilið*, og það verður ekki álitið að í athöfnum fjárveitingarvaldsins fram að árinu 1922, sem lýst er í hinum áfrýjaða dómi, felist samþykki eða loforð um greiðslu 2000 króna árslauna út kjörtímabilið.

Að svo vöxnu máli og með því að 8. gr. tilskipunar 28. maí 1919 mælir svo fyrir að laun sambandsnefndarmannanna — en áfrýjandi og samnefndarmenn hans voru kjörnir í nefndina af Alþingi 23. september 1919 — skuli ákveðin af fjárveitingarvaldinu, sem, eins og kunnugt er, ákveður tekjur og gjöld, og þá sjerstaklega ólögmælt gjöld, svo

sem laun nefndarmanna eru, að eins fyrir hvert fjárhagstímabil, þá þykir bresta heimild að lögum til þess að skylda ríkissjóð til að greiða áfrýjanda hærri árslaun fyrir árið 1923 en tiltekin eru af fjárveitingarvaldinu fyrir það ár, enda sjest ekki, að ríkisstjórnin hafi leitað fjárlagaheimildar fyrir launaupphæð nefndarmannanna fyr en á Alþingi 1922, er fjárlagafrumvarpið fyrir 1923 var samþykt á.

Það verður því að staðfesta hjeraðsdóminn og þá jafnframt skylda áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti og ákveðst hann 150 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða bæjarþingsdómi skal óraskað.

Áfrýjandi, Einar prófessor Arnórsson, greiði fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs 150 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Það er upplýst í máli þessu og in confesso, að stefnandinn, prófessor Einar Arnórsson hjer í bænum, hafi haft sæti í „Hinni dansk-íslensku ráðgjafarnefnd“ frá 31. desbr. 1918, sem stofnuð var samkvæmt 16. gr. dansk-íslenskra sambandslaga frá 30. nóvbr. s. á. og að hann ásamt hinum öðrum nefndarmönnum hafi haft að launum hvert árið 1919, 1920, 1921 og 1922, 2000 krónur auk ferðakostnaðar. Voru meðlimir íslenska hluta ráðgjafarnefndarinnar í fyrstu skipaðir af forsætisráðherra, en svo 23. september 1919 kosnir í hana af sameinuðu Alþingi. Árslaun nefndarmanna hjer voru í fyrstu ákveðin þannig af þáverandi forsætisráðherra, og 7. janúar 1920, er af honum gefin út svolátandi útgjaldaskipun til ríkisfjehirðis:

„Hjermeð er lagt fyrir yður, herra ríkisfjehirðir, að greiða þeim Jóhannesi Jóhannessyni, bæjarfógeta, Einari

Arnórssyni prófessor og Bjarna Jónssyni docent, er kosnir voru til að skipa hinn íslenska hluta hinnar dansk-íslensku ráðgjafarnefndar til 30. nóvbr. 1926, sbr. tilsk. 28. maí 1919, hina árlegu þóknun 2000 krónur til hvers með $^1/_{12}$ fyrirfram mánaðarlega frá 1. þ. m. . . . . ."

Er því haldið fram af stefnanda og því eigi mótmælt, að Alþingi hafi, þegar er kosning nefndarmanna fór fram, verið kunnugt um þáverandi launakjör nefndarmanna, og af þinginu hvorki þá nje síðar verið gjörðar neinar athugasemdir við greiðslu launanna, eins og þau í upphafi hafi verið ákveðin, eða sett neitt skilyrði þar að lútandi, nje heldur fjárhagsnefndir þingsins fundið að launakjörum þessum eftir að hafa athugað landsreikningana og athugasemdir yfirskoðunarmanna reikninganna, og fjárhagsnefndirnar ekki einu sinni talið þörf á að leita fjárveitingar á aukafjárlögum fyrir launagreiðslu þessari, sem upprunalega hafi verið miðuð við launakjör dönsku nefndarmannanna og þannig tekið hana sem hverja aðra sjálfsagða og óhjákvæmilega greiðslu, þar til að á Alþingi f. á. að fjárveitingarnefnd neðri deildar hafi lagt til, eða meiri hluti hennar, að fjárhæð sú, er landsstjórnin hafði ákveðið, yrði færð niður, þannig að hver nefndarmanna skyldi í ársþóknun að eins hafa kr. 500,00 og hafi tillaga þessi verið samþykt á þinginu, og nefndarmönnum samkvæmt því tjáð af fjármálaráðherra, að frá síðustu áramótum yrði þeim greidd ársþóknun þessi mánaðarlega að $^1/_{12}$.

Er það álit stefnanda að með þessu hafi verið rofnir samningar um laun þeirra, er gjörðir hafi verið við forsætisráðherra eins og að framan greinir og síðan samþyktir af Alþingi, um að þeir skyldu hafa 2000 krónur að árslaunum það tímabil, er þeir voru kosnir fyrir, eða til 30. nóvbr. 1926.

Krefst stefnandinn þess fyrir rjettinum, að honum verði með dómi viðurkendur rjettur til þess að fá greiddan úr ríkissjóði Íslands sem þóknun fyrir starf sitt í fyrnefndri ráðgjafarnefnd kr. 2000,00 á ári, með $^1/_{12}$ fyrirfram frá 1. jan. 1923 til 30. nóvbr. 1926, svo og að fjármálaráðherra verði fyrir hönd ríkissjóðs dæmdur til að greiða honum (stefnanda) málskostnað að skaðlausu eða eftir mati dómarans.

Af hálfu verjanda málsins f. h. ríkissjóðs er það eigi viðurkent að af sækjanda hálfu sje færðar sönnur fyrir því í málinu, að stjórnin hafi samið við hann eða hina aðra nefndarmenn um 2000 kr. ársþóknun til loka kjörtímabilsins, enda þótt launa-

upphæð þessi hafi verið tiltekin svo í upphafi og síðan greidd án þess að Alþingi gjörði nokkurn fyrirvara um launakjörin, og mótmælir hann að svo hafi verið tilætlast, enda sanni fyr tilvitnað brjef til ríkisfjehirðis eigi þetta, og þó svo mætti skilja útgjaldaskipun brjefs þessa, þá hafi stjórnin eigi haft heimild til þess að semja um þetta á eindæmi sitt, eða án þess að leita samþykkis þingsins þar að lútandi. Telur verjandi og ólíklegt að þingið hafi ætlast til að fyrgreind laun nefndarmanna hjeldust óbreytt undir öllum kringumstæðum, eða þrátt fyrir breytingu á verðgildi peninga þar til í lok kjörtímabilsins, og ekki nema sanngjarnt að þóknun þessi breyttist eftir því, og þar sem því eigi hafi verið haldið fram af stefnanda, að Alþingi hafi beinlínis samþykt neitt um það, hversu launin skyldu vera, hljóti það að hafa óbundnar hendur í því efni, að eigi sje útilokað að það lækkaði launaupphæðina fyrir hin síðari ár kjörtímabilsins, ef því sýndist svo. Loks heldur verjandi málsins því fram, að þótt sækjandi líti svo á, að hjer sje um þegjandi samþykki að ræða, sem skuldbindandi væri ef einstaklingar ættu hlut að máli, þá sje öðru máli að gegna þegar stjórn eða Alþingi eigi hjer annarsvegar hlut að máli, því þá komi til greina sjerreglur löggjafarinnar um það, á hvern hátt þing og stjórn geti skuldbundið ríkið til fjárgreiðslu, sem sje að annaðhvort þurfi að liggja fyrir sjerstök lög, sem með berum orðum heimili greiðsluna og upphæð hennar, eða þá að heimildin verði að vera fyrir hendi í fjárlögum, en þá gildi hún vitanlega að eins fyrir það fjárhagstímabil, sem þau eru sett. Er það því álit verjanda, að þar sem fyr umgetin þóknun eigi hafi verið ákveðin með lögum, verði nefndarmenn að hlýta því, sem ákveðið er í hverjum fjárlögum fyrir sig, eða að þeir eigi geti krafist hærri greiðslu, en þar sje ákveðin, en auðvitað neitað að gegna starfinu, ef þeim þyki greiðslan oflág.

Af framangreindum ástæðum mótmælir stefndur kröfum sækjanda um launagreiðsluna, svo og málskostnaðar kröfu hans, og krefst þess, að stefndum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður eftir mati rjettarins.

Í niðurlagi 16. gr. fyrgreindra sambandslaga, um stofnun og starfsvið ráðgjafarnefndarinnar, er svo fyrirmælt, að konungur eftir tillögum frá stjórn beggja landa setji nánari fyrirmæli um tilhögun og starfsemi nefndarinnar, og í 8. gr. tilskipunar þar að lútandi, útg. 28. maí 1919, er ákveðið, að þóknun sambandsnefndarmanna skuli ákveðin af hinu danska og hinu íslenska fjár-

veitingarvaldi hvoru um sig handa sínum nefndarmönnum, og á sama hátt skuli ákveðið um greiðslu annars kostnaðar, sem starf nefndarinnar kunni að hafa í för með sjer.

Hvorki í sambandslögunum nje tilskipuninni, er fyr greinir, er fjárveitingarvaldinu, þ. e. konungi og Alþingi, settar neinar skorður fyrir því hve há eða lág launaþóknunin til nefndarmanna skuli vera, nje heldur fyrir því, hvort hún skuli ákveðin fyrir lengri eða skemri tíma í senn, en þar sem fjárveitingarvaldinu einu er falið að taka ákvörðun um veiting og greiðslu þóknunar þessarar, svo og annars kostnaðar við störf nefndarinnar, virðist það ótvírætt benda til, að það sje gjört á fjárlögum hverjum eða að eins fyrir það tímabil í hvert sinn, er þau gilda fyrir, og enda þótt Alþingi hafi, er kosning nefndarmanna fór fram á sínum tíma, verið kunnugt um lofaða fjárveiting af hálfu stjórnarinnar til nefndarmanna, sem og líklegt er, og eigi þá haft neitt við launakjör þessi að athuga, og síðar samþykt þau árlega óbeinlínis, verður eigi þar af ráðið með neinni vissu, hvort ætlast hafi verið til að launin hjeldust þannig óbreytt út kjörtímabil nefndarmanna og með 4. lið C. 10. gr. núgildandi fjárlaga, hvarmeð fjárveiting samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar, 12000 krónur, er lækkuð niður í 7500 krónur, sem samsvarar lækkun á launum nefndarmanna eftir því, sem upplýst er í máli þessu, eða 2000 kr. niður í 500 kr. árlega, virðist augljóst vera að fjárveitingarvaldið fyrir sitt leyti eigi hefir viðurkent að það, með því sem á undan er gengið og fyr greinir, hafi samþykt að árslaun til nefndarmanna skyldu vera hin sömu út kjörtímabil þeirra, eða til 30. nóvbr. 1926. Það væri og tilgangslaust þar sem sjerstök lagaheimild er eigi fyrir hendi og gagnstætt anda og fyrirmælum 37. gr. stjórnarskrárinnar frá 18. maí 1920, að skylda fjármálaráðherra f. h. ríkissjóð til þess að fullnægja launakröfum stefnanda, en um persónulega ábyrgð hans eða fyrverandi ríkisstjórnar er eigi að ræða.

Ber því að sýkna stefndan af kröfum stefnanda. Málskostnaður virðist eftir atvikum eiga að falla niður.

Miðvikudaginn 28. nóv. 1923.

Nr. 39/1923. **Hið íslenska steinolíuhlutafjelag**
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
Ólafi Þorsteinssyni
(Guðm. Ólafsson),

útaf kröfu áfrýjanda um skaðlausa greiðslu flutningskostnaðar bifreiðar.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. apríl 1923: Stefndur, Ólafur Þorsteinsson, greiði stefnandanum, M. Eskildsen f. h. Hins íslenska steinolíufjelags, kr. 44,55 ásamt 5 % ársvöxtum frá 10. nóvember 1921 til greiðsludags innan 15 daga frá löglbirting dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Það verður að teljast sannað með vitnaframburði þeirra manna, sem voru heyrnarvottar að samningi aðilja, að stefndi skyldi, auk flutningsgjalds undir bifreiðina milli New York og Reykjavíkur, greiða allan áfallandi kostnað, enda tókst áfrýjandi á hendur fyrir bænastað stefnda og í greiðaskyni við hann að útvega honum flutning á bifreiðinni.

Verður stefndi því eigi að eins að greiða áfrýjanda upphæð þá, sem honum er gert að greiða í hinum áfrýjaða dómi, heldur og þá 100 dollara eða 550 kr., sem áfrýjandi lagði út fyrir flutning bifreiðarinnar milli New York og Bayonne og 2 kaupsýslumenn hjer í bænum, kunnugir þar vestra, hafa borið um fyrir rjetti, að færi eigi fram úr því er þar gerist um slíka flutninga milli nefndra staða, sem liggja sinn hvorum megin New York hafnar. Ber

stefnda þannig að greiða áfrýjanda umstefndar 594 kr. 55 aura með 5 % ársvöxtum frá 10. nóvember 1921.

Svo á stefndi og að greiða áfrýjanda málskostnað í hjeraði og hæstarjetti, og er sá kostnaður eftir atvikum ákveðinn 300 kr.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi, Ólafur læknir Þorsteinsson, greiði áfrýjanda, framkvæmdarstjóra M. Eskildsen f. h. Hins íslenska steinolíuhlutafjelags, 594 kr. 55 aura með 5 % ársvöxtum frá 10. nóv. 1921.

Svo greiði stefndi áfrýjanda og málskostnað í hjeraði og fyrir hæstarjetti með 300 kr.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitan höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 12. janúar f. á. af M. Eskildsen, forstjóra Hins íslenska steinolíufjelags hjer í bænum, gegn Ólafi Þorsteinssyni, lækni, Skólabrú hjer í bænum, til greiðslu á kr. 594,55 skuld út af flutningi á bifreið, ásamt 5 % ársvöxtum frá sáttakærudegi 10. nóvember 1921 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu, eftir mati rjettarins.

Stefndi hefir principaliter krafist sýknunar af öllum kröfum stefnanda í málinu og hæfilegs málskostnaðar hjá honum eftir mati rjettarins. Til vara hefir hann mótmælt hinni umstefndu upphæð sem alt of hárri.

Málavextir eru þeir, að sumarið 1920 keypti stefndur fyrir milligöngu firma eins hjer í bænum bifreið frá Ameríku. Vegna óhagstæðra skipaferða frá Ameríku hingað sneri stefndur sjer til stefnanda og bað hann að hlutast til um, að bifreiðin yrði flutt hingað frá *New York* með fyrsta steinolíuskipi er hingað kæmi

frá Ameríku það sumar eftir því sem stefnandi skýrir sjálfur frá. Varð það að samningum milli málspartanna, að svo skyldi vera, og skyldi stefndur greiða 500 krónur í farmgjald fyrir bifreiðina hingað og eftir því sem stefnandi heldur fram, allan beinan kostnað við flutning bifreiðarinnar. Stefndur heldur því hinsvegar fram, að firma það í Ameríku, sem seldi bifreiðina hafi átt að annast flutning bifreiðarinnar til skips og hafi það verið stefnanda kunnugt, enda hefir hann ekki mótmælt því. Bifreiðin kom hingað í ágústmánuði 1920 með steinolíuskipinu „Föina“ og hafði stefndur þá þegar greitt farmgjaldið fyrir hana. Fór stefndur þá til stefnanda og spurðist fyrir um aukakostnað út af flutningi bifreiðarinnar, er sjer bæri að greiða og greiddi þá kr. 35,15 í símskeytakostnað er stefnandi hafði lagt út vegna flutningsins og vissi þá ekki betur en að hann væri laus allra mála út af honum, því firmanu, sem bifreiðina seldi, hafði hann greitt 14 dollara „for delevery Charges“. Nokkru síðar að því er sjeð verður, fjekk Hið íslenska steinolíufjelag reikning frá firmanu Standard Oil Co., sem sent hafði steinolíufarminn með „Föina“ yfir aukakostnað við sendingu hinnar umræddu bifreiðar, að upphæð 108,10 dollara, greiddi þann reikning með kr. 594,55 og krafði stefndan um upphæðina, en er hann vildi ekki greiða hana, höfðaði fjelagið mál þetta og gjörði rjettarkröfur þær, er að framan greinir.

Þeir 108,10 dollarar, sem stefndur er krafinn um endurgreiðslu á, sundurliðast þannig: 100 dollarar fyrir prammaflutning „Lighterage“ og 8,10 dollarar fyrir „Udgifter ved Aflevering“.

Það er upplýst í málinu, að „Föina“ tók ekki steinolíufarminn í New York heldur í bænum Bayonne og mun bifreiðin hafa verið flutt sjóleiðis frá New York þangað og 100 dollararnir borgun fyrir þann flutning.

Þar sem stefnandi hafði tekið að sjer flutning á bifreið stefnds frá New York hingað gegn ákveðnu flutningsgjaldi og ekki látið stefndan vita, að skip það, er hana átti að flytja, færi frá öðrum stað, svo stefndur gæti látið seljanda bifreiðarinnar flytja hana þangað, fær rjetturinn ekki sjeð, að stefndur verði skyldaður til að endurgjalda stefnanda kostnaðinn við flutninginn milli þessara staða og verður því að sýkna stefndan af kröfunni um endurgreiðslu á 100 dollurum af hinni umstefndu upphæð.

Þar sem flutningur bifreiðarinnar hinsvegar var framkvæmdur eftir beiðni stefnds og í greiðaskyni við hann, án þess að

stefnandi ætlaði að hagnast á honum eftir því, sem upplýst er í málinu, þykir stefndur eiga að endurgjalda stefnanda þá 8,10 dollara, sem hann hefir lagt út fyrir móttöku og afhendingu bifreiðarinnar, en það verða kr. 44,55 eftir gengi því, er stefnandi setti á dollar og ekki hefir verið mótmælt, enda hefði þessi kostnaður vafalaust fallið á, þótt „Föina“ hefði tekið bifreiðina í New York.

Eftir þessum úrslitum og öllum málavöxtum þykir rjett að málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 30. nóv. 1923.

Nr. 28/1923. **H/f. Raflýsing Bolungarvíkur**
gegn
Matth. Sveinssyni og H. Guðbjartssyni.

Dómur hæstarjettar.

Með því að endurnýjaður frestur eigi verður veittur í málinu og ágrip dómsgjörða liggur eigi fyrir, verður að vísa máli þessu frá hæstarjetti. Málskostnaðar hefir eigi verið krafist og fellur hann því niður.

Því dæmist rjett vera:

Máli þessu vísast frá hæstarjetti. Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 7. desbr. 1923.

Nr. 26/1923. **Lögreglustjóri Reykjavíkur f. h. ríkissjóðs** (Jón Ásbjörnsosn)
gegn
Bernhard Petersen
(M. Guðmundsson),

útaf skatti af atvinnutekjum stefnda.

Úrskurður fógetarjettar Reykjavíkur 30. jan. 1923: Hin framkomnu mótmæli verða tekin til greina og á lögtaksgjörðin ekki fram að ganga.

Dómur hæstarjettar.

Í skattframtali sínu fyrir árið 1921 taldi stefndi til frádráttar atvinnutekjum sínum meðal annars sinn hluta af tapi á útgerð m/b »Sjömöen« kr. 15496,15, er stefndi hafði gert út í fjelagi við tvo nafngreinda menn, en hvorki skattstjóri eða yfirskattanefnd, er stefndi síðar kærði skatt sinn fyrir, tók þennan frádrátt til greina. Mótmælir áfrýjandi því hjer fyrir rjettinum, að stefndi hafi árið 1921 tapað nokkru verulegu á útgerð skipsins, og byggir hann þessi mótmæli sín á því, að skipið hafi ekki verið gert út nefnt ár, en gagnvart þessu hefir því ómótmælt verið haldið fram hjer fyrir rjettinum, að skip þetta, er gert var út frá Noregi til selveiða norður í Íshafi, hafi komið inn til útgerðarhafnar þar af veiðum um áramótin 1920—1921, hafi það að vísu atvikast svo, að skipið hafi ekki farið út á veiðar aftur, en þar sem það upprunalega hafi verið tilætlun eigendanna að halda því úti á veiðum árið 1921, hafi skipshöfnin ekki verið lögskráð úr skiprúmi fyr en í maí nefnt ár og skip-

stjóri og vjelstjóri ekki farið af skipinu fyr en seint á árinu; við alt þetta hafi fallið mikil útgjöld á útgerð skipsins svo sem til mannahalds, viðhalds, vátryggingar, vaxta o. fl., og hefir stefndi lagt fram í málinu vottorð frá hinni íslensku deild »Central-anstalten for Revision og Driftsorganisation« dags. 9. f. m. um að stofnunin hafi sannprófað, að stefndi hafi beðið tap á útgerð skipsins 1921 að minsta kosti kr 11493,94. Þar sem vottorð þetta er gefið af sjerfróðum mönnum í þessu efni eftir rannsókn á bókum útgerðarinnar og fylgiskjölum og forstjóri stofnunarinnar og skrifstofustjóri hafa staðfest vottorð þetta fyrir rjetti, verður að telja það eftir atvikum nægilega sannað, að tap stefnda á umræddri útgerð nefnt ár hafi numið þessari upphæð, og hefir stefndi þá rjett til þess að nefnd upphæð verði dregin frá atvinnutekjum hans svo sem þær eru ákveðnar af skattstjóra kr. 43879,15 og er hin rjetta upphæð tekna hans þá kr. 32385,21.

Í annan stað er ágreiningur milli málsaðila um það, hvort skattstjóri hafi haft heimild til þess að gera stefnda að greiða viðbótar eða aukaskatt samkvæmt 44. gr. tekjuskattslaganna vegna þess að hann hafi vanrækt að gefa skattstjóra lögboðna framtalsskýrslu í tæka tíð, en um þetta atriði verður rjetturinn að vera fógetanum sammála að ekki hafi legið fyrir þau skilyrði, er lögin krefjast, til þess að þessi viðurlög yrðu lögð á stefnda.

Eftir því sem að framan segir ber stefnda að greiða tekjuskatt af kr. 32350,00, og nemur skatturinn af þessari upphæð kr. 2842,00, í eignarskatt á hann að greiða kr. 4,90 eða samtals kr. 2846,90. Upp í þetta hefir hann þegar greitt kr. 2383,45 og á hann þannig ógreiddar kr. 463,45 og ber sam-

kvæmt kröfu áfrýjanda að leggja fyrir fógetann að framkvæma lögtak hjá stefnda fyrir þessari upphæð.

Eftir atvikum þykir rjett að málskostnaður fyrir hæstarjetti falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði lögtaksúrskurður skal úr gildi feldur að því leyti að fógetanum ber að framkvæma lögtak hjá stefnda, Bernhard Petersen, fyrir ógreiddum eftirstöðvum af tekju- og eignarskatti hans 1922, 463 kr. 45 aur.

Málskostnaður fyrir hæstarjetti fellur niður.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Við ákvörðun tekju- og eignaskatts árið 1922 gat gjörðarþoli Bernhard Petersen kaupmaður hjer í bæ ekki talið fram tekjur sínar fyrir þann tíma, sem getur í lögum nr. 74, 24. júní 1921; vegna þess að bókhald hans var ekki í nægilegri reglu til að hann gæti gefið ábyggilegt tekju- og eignaframtal. Var honum því áætlaður skattur af skattstjóra. 6. júní s. l. hafði gjörðarþoli komið bókhaldi sínu í lag og sendi þá yfirlit yfir tekjur sínar og eignir til skattstjóra, og með brjefi skattstjóra dags. í júní s. á. er honum tilkynt, að skattur hafi verið reiknaður út að nýju samkvæmt skattframtali hans og beri honum að greiða í tekju- og eignaskatt kr. 5739,40. Er skattur þessi *tekjuskattur* af kr. 43879,15 + 25 % af þeirri upphæð eftir 44. gr. laganna kr. 10969,00 eða alls af kr. 54848,15, sem verður alls kr. 5732,00 og *eignaskattur* af kr. 9998,00 + 25 % af þeirri upphæð eftir sömu lagagrein kr. 12485,00, sem verður alls kr. 7.40 í eignaskatt.

Gjörðarþoli hefir mótmælt því, að honum beri að greiða meira en kr. 2383,45 í tekju- og eignaskatt, þar sem óheimilt sje að refsa sjer eftir 44. gr. tekjuskattslaganna, úr því hann hafi ekki fengið brjeflega tilkynningu þá, er krafist er í greininni sem skilyrðis fyrir refsiskatti, og að frá tekjum sínum beri að

draga á árinu tap, að upphæð kr. 15496,15, sem hann hafi tapað á útgerð, sem hann hafi rekið á árinu með fullri ábyrgð í fjelagi við 2 aðra nafngreinda menn.

Hann hefir kært yfir skatti sínum til yfirskattanefndar en enga leiðrjettingu fengið. Síðan hefir hann greitt upp í skattinn kr. 2383,45, og hefir lögreglustjórinn því krafist lögtaks hjá gjörðarþola fyrir afganginum kr. 3355,95 ásamt kostnaði við lögtakið og eftirfarandi uppboð, en framgangi gjörðarinnar er mótmælt af gjörðarþola.

Hvað viðvíkur frádrætti gjörðarþola á tapi því, er hann hafði af útgerð á árinu og skattstjóri og yfirskattanefnd hafa ekki tekið til greina, er það að segja, að fógetarjetturinn verður að telja það eðlilegt og í samræmi við tekjuskattslögin, að maður, sem rekur tvær atvinnugreinir, þar sem önnur hefir tap í för með sjer en hin ágóða á sama ári, megi draga tapið á annari atvinnugreininni frá gróðanum á hinni, er hann gefur upp tekjur sínar til skatts, á sama hátt og honum ber að greiða skatt af tekjum þeim samanlögðum, sem báðar atvinnugreinarnar gefa af sjer, ef vel gengur, enda verður ekki betur sjeð, af eftirriti af brjefi frá fjármálaráðuneytinu til skattstjóra dags. 24. maí f. á., sem lagt hefir verið fram í málinu, en að bæði þessi stjórnarvöld sjeu þeirrar skoðunar að skattalögin heimili þetta.

Því hefir ekki af hálfu gjörðarbeiðanda verið nægilega mótmælt, að gjörðarþoli hafi á árinu 1921 tapað á útgerð, er hann rak sjálfur (þótt í fjelagi við 2 aðra nafngreinda menn væri) og bar fulla ábyrgð á, kr. 15496,15 og engin grein verið gjörð fyrir því, hvers vegna honum var synjað um frádrátt á tapi þessu frá skattskyldum tekjum hans sama ár.

Fógetarjetturinn verður nú að vera þeirrar skoðunar, að ágreiningurinn í þessu máli um það, hvort gjörðarþoli hafi átt rjett á að draga umrætt tap frá skattskyldum tekjum sínum, heyri undir úrlausn dómstólanna, en sje ekki um mat, sem yfirskattanefnd hefir fullnaðarúrskurðarvald um eftir greindum lögum, úr því telja verður in confesso, að tapið sje beðið á árinu 1921. Þar sem fógetarjetturinn ennfremur, eins og að framan greinir, verður að vera gjörðarþola samdóma um það, að hann hafi átt rjett á frádrættinum, verður að taka til greina mótmæli hans gegn framgangi gjörðar þessarar, að því er snertir skattauka þann, er af því leiðir að upphæðin er ekki dregin frá skattskyldum tekjum hans.

Um hitt atriðið, þar sem viðbótarskattur er lagður á gjörðarþola fyrir að láta hjá líða að gefa upp tekjur sínar, er svipuðu máli að gegna, því þar sem hjer er um refsing að ræða, hlýtur það að heyra undir úrskurðarvald dómstólanna, hvort framkvæmdarvaldið (skattanefndin) hafi uppfylt skilyrði þau, sem lögin krefjast til þess að þessi refsing sje lögð á mann.

Eftir fyrnefndri lagagrein er það skilyrði fyrir því að leggja megi viðbótarskatt á mann, að hann hafi vanrækt að gefa lögboðna framtalsskýrslu *og* að hann hafi ekki bætt úr þessari vanrækslu innan 5 daga frá því er skattanefnd (skattstjóri) sendir honum *brjeflega áminningu um það*. Á þessari reglu laganna gjörir kgl. tilskipun útgefin 1. apríl f. á. þá breytingu, að því er Reykjavík snertir, að nægilegt sje í Reykjavík að birta þesskonar áskorun í dagblöðunum, en ekki þurfi brjeflega áminningu til hvers einstaks manns. Því hefir verið haldið fram af gjörðarþola og því ekki verið sjerstaklega mótmælt, að hann hafi enga brjeflega áskorun fengið, en skattstjóri hafi í trausti til þess, að fjármanskráð tilskipun hefði hlotið undirskrift konungs, sett áskorun í dagblöðin hjer síðustu daga marsmánaðar til manna um að gefa upp tekjur sínar.

En þar sem eins og að framan segir reglur 44. gr. giltu hjer til 1. apríl að minsta kosti, verður slík auglýsing í mars ekki talin geta hafa haft þær verkanir, sem henni er ætlað að hafa eftir að tilskipunin gekk í gildi.

Úrslit máls þessa hjer fyrir fógetarjettinum verða því þau, að mótmæli gjörðarþola gegn framgangi gjörðarinnar verða tekin til greina að öllu leyti.

Mánudaginn 10. desbr. 1923.

Nr. 25/1923. **Andrjes Sveinbjarnarson f. h. eigenda og vátryggjenda m/sk. „Jón Arason“ og farms.**
(Guðm. Ólafsson)
gegn
Guðna Árnasyni f. h. eigenda b/v. „Mary Johnson
(Jón Ásbjörnsson),

útaf upphæð björgunarlauna.

Dómur sjórjettar Reykjavíkur 24. jan. 1923: Stefndur Andrjes Sveinbjarnarson f. h. vátryggjenda m/sk. „Jón Arason“ og farms þess er í honum var 5. febrúar 1920, greiði stefnandanum, eigendum b/v. „Mary Johnson“ frá Scharborough 10000 krónur ásamt 6 % ársvöxtum frá 24. mars 1920 til greiðsludags og 100 krónur upp í málskostnað, innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Samkvæmt ástæðum hins áfrýjaða dóms, er fallast verður á, ber að staðfesta hann.

Samkvæmt þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti með 300 krónum.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Andrjes Sveinbjarnarson f. h. eigenda og vátryggjenda m/s. »Jón Arason« og farms, greiði stefnda, Guðna Arnasyni f. h. eigenda b/v. »Mary Johnson«, málskostnað fyrir hæstarjetti með 300 krónum.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Miðvikudagskvöldið 4. febrúar 1920 lagðist m/sk. „Jón Arason", sem var eign Edvalds Sæmundsens á Blönduósi en firmað G. Kr. Guðmundsson & Co. hjer í bænum hafði á leigu, af stað frá Bíldudal áleiðis hingað hlaðið 37,980 smálestum af saltfiski, eign Kveldúlfsfjelagsins hjer í bænum. Fimtudagsmorguninn 5. s. m. var skipið út af Arnarfirði, og var þá NA stormur og snjóhríð. Kl. 6 árdegis var vindurinn snúinn til SV og treystist skipstjórinn, Andrjes Sveinbjarnarson, þá ekki til að leggja í röstina heldur hjelt inn á Patreksfjörð og lagði skipinu kl. $7^1/_2$ um morguninn á Gjögurbót við Örlygshöfn í Patreksfirði að því er hann heldur fram fyrir bakborðsakkeri og 30 faðma keðju, á þriggja faðma dýpi, 200—300 faðma frá landi, hjer um bil fyrir miðri víkinni, með stefnið til norðvesturs. Kl. $10^1/_4$ um morguninn sá skipstjóri að hann hafði lagt skipinu á of litlu dýpi og ljet fara að hita upp vjelina til að færa skipið utar en kl. $10^1/_2$ stóð það. Var þá sett full ferð á vjelina til að reyna að ná skipinu út, en það tókst ekki því skipið stóð að aftan, eða alt að því til miðskipa eftir því sem stýrimaðurinn hefir borið. Var þá fyrst sett varpakkeri fram af skipinu til að reyna að draga skipið út á því, en það drógst inn. Síðar var sett út stærra varpakkeri til að halda því í horfi, því það hafði snúist eitthvað, er vjelin var sett á stað, og til þess að varna því að skipið færi lengra upp. Eftir framburði stýrimannsins var dýpið mælt um háfjöruna og var þá að því er hann minnti 5 fet við stjórnborðshliðina en um 2 fet við hina hliðina og þetta vitni hefir borið að skipinu hafi ekki verið lagt nema 150—200 faðma frá landi og Ágúst Ólafsson háseti, bar það fram í sjórjetti Barðastrandarsýslu að skipið hafi verið „því sem næst á þurru" um fjöruna en eftir óvjefengdri skýrslu, sem lögð hefir verið fram í málinu, var fjara í Patreksfirði 5. febrúar 1920 kl. 1,27 e. h. og nálægt því stórstreymt, en mismunur á flóði og fjöru er ca. 3 metrar. Inni á Patreksfirði var fremur gott veður framan af deginum 5. febrúar 1920. Þegar „Jóni Arasyni" var lagt um morguninn var dimmviðri sökum kafaldsjelja, en til lands sást þó í Örlygshöfn, því

sjó braut þar, og ákváðu skipstjórinn og stýrimaðurinn fjarlægð skipsins frá landi, með hliðsjón af brotinu, enda stóð aldan þar á land og skipstjórinn hefir vottað $^5/_2$ 1920, að brotið hafi á skipinu mestan tímann, sem það lá þar, en síðar $^{11}/_5$ 1921 breytt því vottorði í þá átt, að það hafi að eins verið smákvika við skipið um bláfjöruna. Síðari hluta dagsins hvesti af austnorðri með talsverðum snjóþyngslum, og var orðið rokhvast af þeirri átt um kvöldið; en í henni stendur vindur á land í Örlygshöfn. Í Örlygshöfn er sandbotn og utan vert við lendinguna grjóturðir fram í sjó, en um miðja fjöruna er grjót innanvert við lendinguna.

Skipshöfnin á „Jóni Arasyni" beið nú átekta og bjóst við að skipið mundi fljóta upp undir flóðið, og komast út af eigin rammleik. Var stýrið þó ekki í lagi, því efsta stýrislykkjan hafði brotnað og hinar brokkið upp af, við það að kjölbúturinn undir skrúfuhausnum (kjalarhællinn) hafði brotnað, eftir því sem stýrimaður og einn af hásetum skipsins hafa borið, en snúa mátti skipinu samt sem áður til beggja hliða, eftir því sem vitni hafa borið í málinu.

Innan frá Patreksfirði sást í kíki hvar „Jón Arason" lá flatur fyrir bárunni, með hliðina að landi og braut á skipinu. Fór Ólafur konsúll Jóhannesson þá út í b/v. „Mary Johnson" frá Scharborough, sem lá þar á höfninni, ferðbúinn til heimferðar, og fjekk skipstjórann til að fara yfir fjörðinn, til að hjálpa skipinu. Fór „Mary Johnson" af stað um 2 leytið, og lagðist fyrir akkeri framundan „Jóni Arasyni", dró upp merkiflögg og bljes í pípu sína. Var skipshöfnin á „Jóni Arasyni" þá að reyna að ná skipinu út, en hætti við þá tilraun, en dró upp íslenska fánann. Sendi skipstjórinn á „Mary Johnson" þá bát til hins skipsins, og var einn Íslendingur í þeim bát, sem var háseti á botnvörpungnum, Varð það úr að vír frá vindu „Mary Johnson" var fluttur yfir í „Jón Arason", festur um mastrið í „Jóni Arasyni" og strengdur með vindunni á „Mary Johnson" eftir því sem mátti bjóða henni, en „Jón Arason" hreyfðist ekki, breytti að eins lítið stefnu í áttina til botnvörpungsins. Síðar setti „Mary Johnson" fulla ferð áfram með skrúfunni, og dró jafnframt inn akkerisfesti sína, og losnaði „Jón Arason" þá af grunninum, og dró „Mary Johnson" hann inn á Patreksfjarðarhöfn og var kominn þangað með hann kl. $6^1/_2$ um kvöldið.

Eigendur „Mary Johnson" höfðuðu síðan mál þetta fyrir sjó-

dóminum, með stefnu útgefinni 24. mars 1920 gegn skipstjóranum á „Jóni Arasyni“ Andrjesi Sveinbjarnarsyni, og hafa krafist þess, að hann verði f. h. eigenda og vátryggjenda skips þessa, og farms þess, er í því var 5. febrúar 1920, dæmdur til að greiða sjer 40,000 krónur í björgunarlaun með 6 % ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað eftir mati rjettarins.

Stefndur hefir krafist þess að hann verði sýknaður af framangreindum kröfum stefnanda gegn því að greiða honum hæfilega þóknun fyrir dráttaraðstoð, þó ekki yfir 4000 krónur, eða til vara eftir mati sjódómsins, og málskostnaðar hjá stefndum, þar sem hann hafi verið reiðubúinn til að greiða hæfilega þóknun.

Stefnendur hafa haldið því fram að „Mary Johnson“ hafi bjargað „Jóni Arasyni“ úr yfirvofandi neyð, þar sem skip og farmur, og ef til vill skipshöfnin, mundu hafa farist að kvöldi hins 5. febrúar 1920, þegar rokhvesti á austnorðan, ef ekki hefði verið búið að bjarga skipinu af grunni áður, en skipshöfnin hefði ekki af eigin rammleik getað náð skipinu út á flæðinu um daginn, því þá hefði verið mikið farið að hvessa og vindur og sjór staðið á skipið. Af hálfu stefnds er því hinsvegar haldið fram, að skipið hefði hæglega komist af grunninum er flæddi.

Þegar þess hinsvegar er gætt, *að* „Jóni Arasyni“ var lagt kl. $7^1/_2$ að morgni, en flæði var kl. 7,07 og *að* skipið stóð svo, þegar kl. $10^1/_2$, að skipshöfnin náði því ekki út, þótt veðrið væri þá miklu betra, og sjógangur minni, en síðar varð um daginn, *að* skipið þurfti að hafa sig út móti vindi og sjó, og *að* stýrið var bilað, verður sjórjetturinn að telja það hafa verið í svo mikilli hættu statt, að um björgun hafi verið að ræða.

Stefnendur halda því fram að verðmæti hins bjargaða hafi verið krónur 111465,00. Skipið virt á kr. 79182,00 en farmurinn hæfilega metinn á kr. 850,00 smálestin af fiskinum eða hann allur á kr. 32283,00.

Stefndur hefir kannast við að „Jón Arason“ hafi verið vátryggður fyrir þeirri upphæð, sem stefnandi hefir tilnefnt, sem virðingarverð hans, en að eins talið skipið rúmra 30 þúsund króna virði, er því var bjargað. Fyrir því eru ekki færð önnur rök en þau, að skip af hans gerð hafi verið fallin í verði um 50 % og auk þess hafi viðgerðarkostnaður við hann numið tæpum 1000 krónum.

Þegar nú þess er gætt, sem að framan greinir, um hættu þá, er skipið „Jón Arason“ og farmurinn í honum var staddur í, að

„Mary Johnson“ var ekki stofnað í neina hættu með björguninni, sem var innfjarða, tók tiltölulega mjög stuttan tíma, og var ekki sjerlega vandasöm, svo og verðmætis hins bjargaða, þykja björgunarlaunin nægilega hátt sett 10 þúsund krónur með vöxtum, eins og krafist hefir verið, þar eð vaxtahæðinni hefir ekki verið mótmælt sjerstaklega og ber því að dæma stefndan til að greiða stefndum þá upphæð, og eftir öllum atvikum 100 krónur upp í málskostnað.

Miðvikudaginn 12. desbr. 1923.

Nr. 29/1923. **Jóhann Eyjólfsson**
(M. Guðmundsson)
gegn
Hirti A. Fjeldsted
(Pjetur Magnússon),

útaf kröfu stefnda um bætur fyrir skemdir á mótorbát og leigu fyrir hann.

Dómur sjórjettar Reykjavíkur 20. jan. 1923: Stefndur, Jóhann Eyjólfsson, greiði stefnandanum, Hirti A. Fjeldsted, kr. 625,00 með 5 % ársvöxtum frá 10. febrúar f. á. til greiðsludags og 50 krónur upp í málskostnað, innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Samkvæmt flutningi málsins hjer fyrir rjettinum og eftir atvikum þykir mega ákveða bæturnar fyrir skemdir á kjöl hins umrædda mótorbáts 75 krónur og ber því að draga 50 kr. frá dómsupphæðinni.

Að öðru leyti ber samkvæmt kröfu stefnda að staðfesta sjórjettardóminn af ástæðum þeim, sem þar eru tilgreindar.

Eftir atvikum þykir rjett, að málskostnaður fyrir undirrjetti falli niður, en að áfrýjandi greiði stefnda 100 kr. upp í málskostnað fyrir hæstarjetti.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandi, Jóhann Eyjólfsson, greiði stefnda Hirti A. Fjeldsted 575 kr. með 5 % vöxtum frá 10. febr. f. á. til greiðsludags.

Málskostnaður fyrir undirrjetti falli niður, en áfrýjandi greiði stefnanda 100 kr. upp í málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Hinn 14. desember 1921 leigði stefnandinn í þessu máli, Hjörtur A. Fjeldsted hjer í bænum, stefndum í málinu Jóhanni Eyjólfssyni frá Brautarholti, m/b. „Málmey“ R.E. 182, til vöruflutninga upp í Hvalfjörð og átti stefndur að leggja til bátshöfn á bátinn og olíu. Lagði báturinn á stað samdægurs og lá við Akranes um nóttina. Næsta dag var farið inn á Hvalfjörð og bátnum lagt um nóttina í svonefndum Hvammsós með vörum í en bátshöfnin var í landi. Var bátnum lagt svo nærri landi að hann stóð á grunni um fjöruna, kom þá gat á stjórnborðssíðu bátsins framan til og kjölurinn skemdist. Hingað kom báturinn aftur 19. desember 1921. Fjekk stefnandi þá dómkvadda 2 menn til að meta skemdirnar á bátnum og möttu þeir skaðann á 1020 krónur. Höfðaði stefnandi síðan mál þetta gegn stefndum fyrir sjórjettinum og hefir krafist þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sjer matsupphæðina, kr. 1020,00, kostnað við matið o. fl. kr. 99,50 og leigu fyrir bátinn meðan hann var í ferðinni og þangað til viðgjörðinni var lokið 9. janúar f. á. kr. 720,00, samtals kr. 1839,50 ásamt 6 % ársvöxtum frá stefnubirtingardegi 10. s. m. til greiðsludags og kr. 211,37 í málskostnað.

Stefndur hefir krafist sýknunar af kröfum stefnanda í málinu og málskostnaður hjá honum eftir mati rjettarins.

Sýknukröfu sína í málinu byggir stefndur á því, að báturinn hafi verið í svo slæmu standi, að hann hafi ekki verið leigufær og hafi það orðið orsökin til bilunarinnar.

Það er nú upplýst í málinu, að báturinn var illa útbúinn. Á hann vantaði bæði ljósker og leiðarstein og koplingin í vjelinni bilaði rjett eftir að lagt var á stað hjeðan, en hinsvegar verður báturinn ekki talinn óleigufær, þótt tillit verði að taka til útbúnaðar hans, er ákveða skal leigu fyrir hann.

Það verður nú að telja misráðið, ef ekki óverjandi, að báturinn var hina umræddu nótt látinn vera mannlaus með vörum í svo nálægt landi í Hvammsós, að vitanlegt var að hann mundi standa um fjöruna og verður stefndur, sem hafði bátinn á leigu og hafði ráðið formann á bátinn, að bæta stefnanda tjón það, er hann beið við það.

Það er upplýst í málinu, að stefndur var hvorki aðvaraður er hinir dómkvöddu menn voru útnefndir nje þegar þeir skoðuðu skemdirnar og framkvæmdu matsgjörðina og er matið þá ekki bindandi fyrir hann.

Það er ennfremur upplýst í málinu, að stefnandi kom bátnum ekki í aðgerð fyrri en 27. desember 1921 og að aðgerðinni var lokið 3. janúar 1922 og að hún kostaði ekki nema 300 krónur. Var í þeirri upphæð innifalinn kostnaður við að draga bátinn á land og aðgjörðin á brotinu á stjórnborðshlið bátsins, en þann kostnað höfðu matsmennirnir metið á samtals 770 krónur. Hinsvegar náði aðgjörð þessi ekki til skemdarinnar á kjölnum, er matsmennirnir höfðu metið á 250 krónur.

Það verður nú að dæma stefndan til að endurgjalda stefnanda þær 300 krónur, er viðgjörðin á bátnum kostaði hann, svo og fyrir skemdina á kjölnum, sem þó ekki verður sjeð að stefnandi hafi látið bæta áður en hann fór að nota bátinn aftur, og þykir upphæðin til þess hæfilega ákveðin 125 krónur eftir upplýsingum þeim, er liggja fyrir í málinu. Ennfremur verður að dæma stefndan til að greiða stefnanda hæfilega leigu fyrir bátinn fyrir þá 6 daga, sem hann var í Hvalfjarðarferðinni og fyrir þá 8 daga, sem aðgjörðin stóð yfir. Þykir leigan fyrir hina fyrnefndu daga hæfilega sett 20 krónur á dag en fyrir hina síðarnefndu 10 krónur á dag eins og stefnandi áskildi sjer hjá manni þeim, er hann kom bátnum til aðgjörðar hjá, fyrir hvern þann dag,

er aðgerðin drægist fram yfir umsamdan aðgerðartíma og verða það þá 200 krónur sem stefndanda bera í leigu eftir bátinn.

Matskostnaðurinn verður að teljast stefndum óviðkomandi úr því að hann var hvorki aðvaraður um að vera við útnefningu matsmannanna nje mat þeirra, enda er sá kostnaður venjulega innifalinn í matsupphæðinni. Af hinu öðru, sem stefnandi telur í stefnunni til matskostnaðar, er kostnaður við sjóferðaprófið, málskostnaður og um steinolíu þá, sem krafist er 27 króna fyrir, er ekki sannað í málinu að hún hafi verið notuð í þarfir stefnda.

Eftir framansögðu verður stefndur dæmdur til að greiða stefnanda 300 krónur, 125 krónur, 200 krónur eða samtals kr. 625,00 með 5 % ársvöxtum frá 10. febrúar f. á. til greiðsludags og eftir þeim úrslitum þykir ennfremur rjett að dæma hann til að greiða stefnanda 50 krónur upp í málskostnað.

Mánudaginn 17. desbr. 1923.

Nr. 40/1923. **Guðbjörg Þórdís Jensdóttir**
(Björn P. Kalman)
gegn
Kristjáni Sumarliðasyni.
(Enginn).

Barnsfaðernismál.

Dómur einkalögreglurjettar Ísafjarðarsýslu 20. maí 1922: Svo framarlega sem Kristján Sumarliðason, sjómaður í Bolungavík vinnur eið að því eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu, að hann hafi ekki átt holdlegt samræði við stúlkuna Guðbjörgu Þórdísi Jensdóttur í Bolungavík á þeim tíma, að hann geti verið faðir að meybarni því, er hún ól 4. mars þ. á. sje hann sýkn saka, en vinni hann eigi eiðinn, skal hann teljast faðir barnsins.

Dóminum að fullnægja innan 3ja sólarhringa frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Í barnsfaðernismáli þessu, er áfrýjandi hefir skotið til hæstarjettar að fengnu uppreistarleyfi, gjafsókn og skipuðum málflutningsmanni, hefir stefndi eigi mætt fyrir rjettinum, þótt honum hafi verið löglega stefnt. Hefir málið því verið rekið samkvæmt 1. lið 38. gr. hæstarjettarlaganna og er dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Að vísu er það ekki tekið fram berum orðum í dómsgerðunum að dómarinn hafi leitað um sættir milli málsaðila og dómarinn hefir heldur eigi leiðbeint barnsmóðurinni til að gera ítarlegar rjettarkröfur, en þar sem ráða má það af prófum málsins, að dómarinn hafi í raun og veru leitað um sættir og prófin eru yfirleitt greinileg, þykir eigi næg ástæða til að ómerkja dóminn.

Þar sem fallast má, svo sem framburði áfrýjanda fyrir lögregurjettinum var háttað, á ákvæði lögreglurjettardómsins um það, að úrslit málsins eigi að vera komin undir synjunareiði hins lýsta barnsföður, ber að staðfesta nefndan dóm, þó með þeirri breytingu samkvæmt 16. gr. laga nr. 46, 27. júní 1921 að tiltaka ber í eiðstaf þeim, er stefnda verður stílaður, það tímabil, er eiðurinn tekur til. Vinni stefndi synjunareiðinn fellur málskostnaður fyrir hæstarjetti niður og greiðast þá ómakslaun hins skipaða málflutningsmanns áfrýjanda, er ákveðast 60 kr., úr ríkissjóði, og vottast það að málfærslan af hans hendi hefir verið óaðfinnanleg.

Verði stefnda hinsvegar eiðfall, greiði hann áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin framannefnd málflutningslaun hins skipaða talsmanns áfrýjanda, en um

málskostnað fyrir lögreglurjettinum er eigi að ræða með því að hans hefir eigi verið krafist í hjeraði.

Ennfremur athugast við meðferð málsins í hjeraði, að ritlauna og staðfestingargjalds hefir ranglega verið krafist sbr. 3. gr. laga nr. 2/1894 og 9. gr. laga nr. 27/1921.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi, Kristján Sumarliðason, á að vera sýkn af kröfum áfrýjanda, Guðbjargar Þórdísar Jensdóttur, ef hann innan 8 vikna eftir lögbirtingu dóms þessa, eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu, synjar fyrir það með eiði að hann hafi haft samfarir við áfrýjanda á tímabilinu maí og júní 1921, og á málskostnaður þá að falla niður, en málflutningskaup hins skipaða málflutningsmanns áfrýjanda, hæstarjettarmálaflutningsmanns Björns P. Kalman, 60 kr., greiðist þá úr ríkissjóði.

Vinni stefndi aftur á móti eigi eiðinn skal hann teljast faðir að barni því, er áfrýjandi ól 4. mars 1922 og greiða henni allan málskostnað fyrir hæstarjetti eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talið málflutningskaup hins skipaða talsmanns áfrýjanda fyrir hæstarjetti 60 kr., að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Hinn 4. mars þ. á. ól stúlkan Guðbjörg Þórdís Jensdóttir í Bolungavík meybarn, sem er enn óskírt, og hefir hún lýst föður

að því Kristján Sumarliðason, sjómann í Bolungavík. Hefir hún fyrir rjettinum gefið þá skýrslu, að hún hafi átt samræði við tjeðan Kristján Sumarliðason tvívegis í maímánuði og síðast 1. júní, alt f. á. Í síðasta skiftið sem sje 1. júní f. á., kveðst hún hafa orðið þess vör, að hún varð barnshafandi, en álítur þó að samræðið hafi verið fullkomið einnig í hin tvö skiftin með því að hún hafi fundið að Kristján feldi einnig þá sæði. Enntremur hefir hún við fyrstu yfirheyrslu gefið þá skýrslu, að hún hafi eigi átt samræði við neinn annan mann en Kristján Sumarliðason og af því geti enginn annar en hann verið faðir að barninu. Þá hefir hún skýrt rjettinum frá, að um jólaleytið í vetur hafi hún átt tal við tjeðan Kristján um faðerni barnsins, er hún þá gekk með, og hafi hann þá kannast við að hann væri faðir barnsins, ef það fæddist í næstkomandi marsmánuði.

Kristján Sumarliðason hefir hinsvegar neitað því, að hann væri faðir að barninu, en hefir þó kannast við að hann hafi átt samræði við stúlku þessa þrívegis, fyrst haustið 1920, svo um jólin sama ár, og í þriðja skiftið 10. mars f. á. Neitar hann að hann hafi átt samræði við stúlkuna eftir þetta og hann geti því eigi verið faðir barnsins. Hefir Guðbjörg kannast við að hafa átt samræði við Kristján í tvö fyrsttöldu skiftin, en neitar því að hafa átt samræði við hann í mars f. á., eða yfir höfuð á öðrum tíma en hún hefir skýrt frá.

Þá er það upplýst í málinu að Jón Karl Eyjólfsson bakari í Bolungavík átti samræði við stúlku þessa fyrst 20. ágúst f. á. og svo tvívegis í september. Hefir stúlkan kannast við þetta, við aðra yfirheyrslu og þannig leiðrjett fyrri framburð sinn í rjettinum um það að hún hefði eigi átt samræði við neinn annan.

Með framburði hlutaðeigandi ljósmóður er það upplýst, að stúlkubarn það sem Guðbjörg ól 4. mars þ. á., var fullburða eða barn eftir 9 mánaða meðgöngutíma, eða í hæstalægi gæti verið um svo sem vikutíma minni meðgöngutíma að ræða.

Rjetturinn lítur nú svo á, að eftir atvikum eigi úrslit þessa máls að vera komin undir synjunareiði Kristjáns Sumarliðasonar þannig, að svo framarlega sem hann vinnur eið að því eftir löglegan undirbúning á varnarþingi sínu, að hann hafi eigi átt holdlegt samræði við umrædda stúlku á þeim tíma, að hann geti verið faðir að barni því, er hún ól 4. mars þ. á. sje hann sýkn saka, en vinni hann eigi eiðinn skal hann telja föður að barninu.

Miðvikudaginn 19. desbr. 1923.

Nr. 46/1922. **Hreppsnefnd Innri-Akraneshrepps**
(Magnús Guðmundsson)
gegn
Kristjáni Daníelssyni.
(Pjetur Magnússon).

Barnsfaðernismál.

Dómur aukarjettar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 25. okt. 1922: Stefndur á að vera sýkn af kröfum stefnanda í þessu máli.
Málskostnaður fellur niður.

Dómur hæstarjettar.

Í barnsfaðernismáli þessu, sem höfðað hefir verið að tilhlutan hreppsnefndarinnar í Innri-Akraneshreppi, og hreppsnefndin hefir skotið til hæstarjettar að fengnu uppreistarleyfi, gjafsókn og skipuðum málflutningsmanni, sjest eigi að sátt hafi verið reynd milli málsaðila, hreppsnefndarinnar annars vegar og stefnda hins vegar.

Auk þess er málið að ýmsu leyti ekki nægilega upplýst, þannig er eigi lagt fram í málinu fæðingarvottorð barnsins og eigi heldur sátt sú eða samningur milli barnsmóðurinnar og stefnda um 50 kr. árlega greiðslu til barnsmóðurinnar eða með barninu, er getur um í prófunum.

Af þessum ástæðum verður ex officio að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim til löglegri meðferðar.

Ómakslaun hins skipaða talsmanns hreppsnefndarinnar, sem rekið hefir málið óaðfinnanlega, ákveðast

60 kr. og greiðast úr ríkissjóði, en að öðru leyti þykir rjett að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og vísast málinu heim til nýrrar og löglegri meðferðar.

Skipuðum talsmanni áfrýjanda, hæstarjettarmálaflutningsmanni Magnúsi Guðmundssyni greiðist 60 kr. ómakslaun úr ríkissjóði. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

2. ágúst 1918 ól Stefanía Magnúsdóttir í Hausthúsum barn, og hefir Innri-Akraneshreppur orðið að taka barnið að sjer og því krafist þess að mál þetta yrði höfðað, til þess að fá stefnda dæmdan til að greiða meðlag með barninu.

Barnsmóðirin hefir í rjettarhaldi 18. janúar 1921 skýrt svo frá, að um veturnætur 1917 hafi hún haft samfarir við stefnda, standandi upp við vegginn í Íshúsinu, en þegar hún nú í síðustu rjettarhöldum var ítarlega spurð um hvernig þessum samförum þeirra hafi verið varið hefir hún lýst þeim þannig, að óhugsandi virðist að þær hafi leitt til barnsgetnaðar.

Þar sem þessi skýrsla móðurinnar er í fullu samræmi við lýsingu þá er stefndur hefir gefið á fundi hans og Stefaníu, verður að leggja hana til grundvallar fyrir úrslitum málsins og verður því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í málinu.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 19. desbr. 1923.

Nr. 47/1923. **Ingveldur Guðmundsdóttir og börn hennar**

gegn

skiftaráðandanum í Ísafjarðarkaupstað f. h. dánarbús Gríms Jónssonar og lögráðamanni óskilgetinna barna hans.

Um gildi erfðaskrár.

Úrskurður skiftarjettar Ísafjarðarkaupstaðar 8. maí 1923: Framangreind arfleiðsluskrá er gild, þó þannig að með henni er einungis ráðstafað 1/4 hluta af helmingi búsins.

Dómur hæstarjettar.

Mál þetta hefir verið rekið samkvæmt 1. lið 2. mgr. 38. gr. hæstarjettarlaganna og er dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Að því athuguðu, að ekki var borin fram fyrir skiftarjettinum nein sjerstök ógildingarástæða gegn erfðaskrá arfleifanda, sem andaðist 29. sept. 1919, heldur henni að eins mótmælt alment, og að hvorki hefir verið aflað nóvaleyfis nje að öðru leyti farið eftir fyrirmælum 36. gr. hæstarjettarlaganna, þá verður, þar sem stefndu hafa ekki mætt í málinu, að telja mótmæli áfrýjendanna hjer í rjetti um að erfðaskráin brjóti bág við N. L. 5—2—72, ofseint framkomin.

Hefir erfðaskránni þannig ekki verið löglega mótmælt og verður því að staðfesta skiftarjettarúrskurðinn.

Málskostnaður hjer í rjetti verður ekki dæmdur, þar eð stefndu, eins og áður segir, mættu ekki við fyrirtekt þess.

Því dæmist rjett vera:
Skiftarjettarúrskurðinum skal vera óraskað.
Málskostnaður fyrir hæstarjetti fellur niður.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Á skiftafundi í búinu 5. þ. m. var lögð fram arfleiðsluskrá eða gjafabrjef frá cand. theol. Grími sál. Jónssyni undirskrifað af honum 12. september 1917 og viðurkent s. d. í viðurvist notarius publicus, en notarialvottalaust.

Með brjefi þessu gefur arfleiðandi börnum sínum og Kristínar Eiríksdóttur, þeim Grími, Hildi og Kristínu $^1/_4$ -- einn fjórða — hluta af skuldlausum eignum sínum eftir sinn dag.

Arfleiðsluskrá þessari hefir verið mótmælt sem ólöglegri af umboðsmanni ekkjunnar, frú Ingveldar Guðmundsdóttur og syni þeirra Sigurði Grímssyni stud. jur. En hinsvegar hefir umboðsmaður Kristínar Eiríksdóttur og barna hennar krafist að arfleiðsluskráin verði úrskurðuð gild; auk þess heldur umboðsmaðurinn því fram að með ákvæði brjefsins: „$^1/_4$ — einum fjórða — hluta af skuldlausum eignum búsins eftir mig látinn", hafi arfleiðandi ráðstafað $^1/_4$ hluta alls búsins eins og það liggi fyrir skuldlaust. Hann krefst því að arfleiðsluskráin verði úrskurðuð á þeim grundvelli.

Þá hefir og einn erfingjanna Jón kaupmaður Grímsson gert þá kröfu að arfleiðsluskráin verði úrskurðuð gild, þó þannig að börnum Kristínar Eiríksdóttur verði einungis úrskurðaður $^1/_4$ hluti af helmingi búsins. Ennfremur hefir greindur erfingi upplýst í skiftarjettinum, að árið 1920 hafi orðið samkomulag milli hans og hæstarjettarmálaflutningsmanns Guðm. Ólafssonar fyrir hönd ekkjunnar og alsystkina hans um það, að þó að ef til vill gera mætti erfðaskrá þessa ógilda, skyldi hún tekin gild að öllu leyti og að hann samkvæmt því hafi haft á hendi fyrir búið tölurverðar útborganir til nefndrar Kristínar Eiríksdóttur upp í arfahluta barna hennar, eins og kvittanir þær er fylgi með skjölum búsins sýni.

Þessi upplýsing til skiftarjettarins hefir eigi á neinn hátt verið vefengd, þar sem það hvorki hefir verið vefengt að umgetið samkomulag hafi átt sjer stað nje heldur það, að Guðm.

Ólafsson hafi í raun og veru haft umboð til þess að samþykkja arfleiðsluskrána. Það verður því að að líta svo á að þetta sje viðurkent í málinu, enda sýna búskjölin að Jón Grímsson hefir haft á hendi fyrir búsins hönd útborganir þær er að ofan getur um.

Það ber því samkvæmt framangreindu að úrskurða arfleiðsluskrána gilda.

Að því er þar næst snertir þá spurningu, hvort ákvæði arfleiðsluskrárinnar: „1/4 hluta . . . . eftir minn dag“ eigi við alt búið eða einungis helming þess, þó er þess að gæta að í raun og veru er hjer að ræða um fjelagsbú Gríms sál. Jónssonar og ekkju hans, frú Ingveldar Guðmundsdóttur, og með því að arfleiðandi ráðstafar hjer búinu eftir sinn dag, brast hann að minsta kosti heimild til þess að ráðstafa nema sínum helmingi af búinu án samþykkis konu sinnar og með því að samþykkis hennar hefir eigi verið leitað, lítur rjetturinn svo á, að arfleiðandi hafi í hæstalagi getað ráðstafað helmingi búsins og að þar af leiðandi sje hjer einungis að ræða um 1/4 hluta af helmingi búsins.

Miðvikudaginn 19. desbr. 1923.

Nr. 48/1923. **Þorvaldur Pálsson**
gegn
Jóni Ásbjörnssyni f. h. „Norden“.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Þorvaldur Pálsson, sem eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti. — Svo greiði hann og stefnda, Jóni Ásbjörnssyni f. h. »Norden«, sem látið hefir mæta í málinu, 50 kr. í ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 19. desbr. 1923.

Nr. 49/1923. **Margrjet Árnason**
gegn
skiftaráðanda Árnessýslu o fl.

Dómur hæstarjettar

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Margrjet Árnason, sem eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs ef hún af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Miðvikudaginn 19. desbr. 1923.

Nr. 51/1923. **Steindór Einarsson**
gegn
Árna Árnasyni.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Steindór Einarsson, sem eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Miðvikudaginn 19. desbr. 1923.

Nr. 55/1923. **Andreas Godtfredsen**
gegn
bæjarfógeta Siglufjarðarkaupstaðar f. h. ríkissjóðs.

Dómur hæstarjettar.

Áfrýjandi, Andreas Godtfredsen, sem eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Efnisskrá.

		Dómur	Bls.
1.	Ragnhildur Pjetursdóttir gegn Stefáni Thorarensen. Meiðandi og móðgandi atferli	$^{10}/_{1}$	393
2.	Ragnhildur Sigurðardóttir gegn Andreu Filippusdóttur, útaf niðurrifi reykhúfs	$^{10}/_{1}$	397
3.	Geo. Copland & Co. gegn Pjetri Magnússyni f. h. eigenda m/sk. Anne Kirstine, útaf biðdagabótum	$^{12}/_{1}$	400
4.	Guðmundur Danielsson gegn hreppsnefnd Stafholtstungnahrepps. Útsvarsmál	$^{15}/_{1}$	406
5.	Eigendur og vátryggjendur m/sk. Dronning Agnes gegn Sigurði Sigurðssyni f. h. bæjarstjórnar Ísafjarðar, útgerðar m/k. Ísleifur og m/k. Kveldúlfur og gagnsök. Björgunarlaun	$^{17}/_{1}$	409
6.	Jón Jónsson gegn Kolbeini Þorsteinssyni. Skuldamál	$^{19}/_{1}$	415
7.	Valdstjórnin gegn Stefáni Thorarensen. Brot á bifreiðalögunum	$^{24}/_{1}$	420
8.	Þorleifur Jónsson gegn Jónatan Þorsteinssyni, útaf upphæð stundavinnukaups	$^{26}/_{1}$	425
9.	Tanke Hjemgaard gegn Halldóri Jónssyni. Of stuttur stefnufrestur. Ómerkingardómur	$^{5}/_{2}$	428
10.	Ágúst Jónsson gegn Helgu Jónasdóttur. Rifting kaupa á bifreið	$^{7}/_{2}$	430
11.	Ólafur Thors f. h. h/f. Kveldúlfs gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, útaf stimpilgjaldi	$^{9}/_{2}$	433
12.	O. Ellingsen gegn lögreglustjóra Reykjavíkur f. h. ríkissjóðs, útaf tekjuskatti. Frávísunardómur	$^{14}/_{2}$	436
13.	Geo. Copland gegn Haraldi Böðvarssyni f. h. firmans Haraldur Böðvarsson & Co., útaf rifting fiskkaupa	$^{19}/_{2}$	439
14.	Eigandi Valdaráss gegn eigendum Víðidalstungu. Landamerkjamál	$^{28}/_{2}$	444
15.	Eigandi Orrahóls gegn eiganda Svínaskógs. Útivistardómur	$^{28}/_{2}$	448
16.	Rjettvísin gegn Magnúsi Veturliða Jónssyni. Þjófnaður	$^{7}/_{3}$	448

		Dómur	Bls.
17.	Valdstjórnin gegn Magnúsi Þorsteinssyni. Brot á samþykt nr. 124/1918	9/3	452
18.	Hjálmar Guðjónsson gegn Pjetri Guðmundssyni o. fl., útaf forkaupsrjetti að húsi og skaðabótum	19/3	454
19.	Sigurður Sigurðsson f. h. Porter Brothers gegn Jóni S. Evald	11/4	460
20.	Rjettvísin gegn A. P. Chr. Herskind. Sýknun af broti á 18. kap. hegningarlaganna	13/4	463
21.	Rjettvísin gegn Jakobi Sigurðssyni. Sýknun af broti á 18. kap. hegningarlaganna	16/4	465
22.	Landsbanki Íslands gegn Guðm. Kr. Guðmundssyni, útaf greiðslu tryggingarfjár	20/4	468
23.	Árni Böðvarsson gegn Sigfúsi Vormssyni og Snæbirni Bjarnasyni. Útivistardómur	30/4	472
24.	Tómas Jónsson og Ólafur Ólafsson gegn Pjetri M. Bjarnarson. Útivistardómur	30/4	472
25.	Valdstjórnin gegn Herluf Clausen. Ólögleg skrásetning vörumerkis	11/5	473
26.	Íslandsbanki gegn Pjetri Magnússyni f. h. C. Olesen A/S. Greiðsluskylda í dönskum krónum	14/5	476
27.	Hans Magnús Torfason gegn Páli Stefánssyni. Meiðyrðamál	16/5	480
28.	Gunnar E. Benediktsson gegn Eyvindi Þórarinssyni og Karli Einarssyni, bfg. Víxilmál. Ómerkingardómur	18/5	484
29.	Valdstjórnin gegn William Browning. Úrskurður.	18/5	487
30.	Rjettvísin gegn Guðm. Þorsteinssyni. Brot gegn 136, 253, 270. og 263. gr. hegningarlaganna	25/5	488
31.	Fjármálaráðherra f. h. Vífilsstaðabúsins gegn hreppsnefnd Garðahrepps. Útsvarsmál	30/5	494
32.	Eigendur Búðar í Eyrarhreppi gegn eigendum Hnífsdals neðri og Oddi Gíslasyni, sýslum. Skifting lands	8/6	497
33.	Geir Sigurðsson f. h. h/f. Hákon gegn Sigurjóni Pjeturssyni f. h. h/f. Stefnir	11/6	502
34.	Eigendur Sólheimatungu m. m. gegn eigendum Svignaskarðs m. m. Landamerkjamál	13/6	506
35.	Gestur Guðmundsson gegn Ólafi Blöndal f. h. Tang & Riis verslun í Skógarnesi. Vöruverð	18/6	509

		Dómur	Bls.
36.	Stefán Loðmfjörð gegn Júlíusi Björnssyni. Víxilmál	$^{20}/_{6}$	516
37.	Rjettvísin gegn Marino Nordkvist Jónssyni. Ofbeldisverk	$^{22}/_{6}$	518
38.	Hálfdán Hálfdánsson gegn Oddi Gíslasyni. Rjettarneitun	$^{22}/_{6}$	521
39.	Hans Magnús Torfason gegn Þórhalli Gunnlaugssyni. Meiðyrðamál	$^{23}/_{6}$	524
40.	Sveinn Árnason gegn Guðmundi Hannessyni. Meiðyrðamál	$^{26}/_{9}$	527
41.	H/f. Kári gegn Stefáni Th. Jónssyni, útaf kaupum á bleytusnjó og um aðild	$^{3}/_{10}$	530
42.	Lögreglustjóri Reykjavíkur f. h. ríkissjóðs gegn M. Th. S. Blöndahl. Skattamál	$^{8}/_{10}$	534
43.	Valdstjórnin gegn Guðfinni Jónssyni. Gangnavanskil	$^{10}/_{10}$	537
44.	Lögreglustjóri Reykjavíkur f. h. ríkissjóðs gegn R. P. Leví. Skattamál	$^{12}/_{10}$	540
45.	Jón Sigurðsson og Þórður Ásmundsson gegn Ólafi B. Björnssyni og Níelsi Kristmannssyni. Skaðabætur vegna áreksturs vjelbáta	$^{17}/_{10}$	544
46.	Gunnar Ólafsson & Co. gegn Árna Sigfússyni, útaf kröfu til umboðslauna	$^{19}/_{10}$	548
47.	Tómas Jónsson og Ólafur Ólafsson gegn Pjetri M. Bjarnarson. Útivistardómur	$^{31}/_{10}$	552
48.	Valdstjórnin gegn William Browning. Brot á lögum um botnvörpuveiðar	$^{5}/_{10}$	552
49.	Einar Arnórsson gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Útaf þóknun fyrir störf í hinni dansk-íslensku ráðgjafarnefnd	$^{7}/_{10}$	555
50.	Hið ísl. steinolíuhlutafjelag gegn Ólafi Þorsteinssyni, útaf flutningsgjaldi fyrir bifreið	$^{28}/_{10}$	560
51.	H/f. Raflýsing Bolungarvíkur gegn Matth. Sveinssyni og H. Guðbjartssyni. Frávísunardómur	$^{30}/_{11}$	563
52.	Lögreglustjóri Reykjavíkur f. h. ríkissjóðs gegn Bernhard Petersen. Skattamál	$^{7}/_{12}$	564
53.	Andrjes Sveinbjarnarson vegna m/sk. Jón Arason gegn Guðna Árnasyni vegna b/v. Mary Johnson. Björgunarlaun	$^{10}/_{12}$	569

		Dómur	Bls.
54.	Jóhann Eyjólfsson gegn Hirti A. Fjeldsted. Skaðabótamál	$^{12}/_{12}$	573
55.	Guðbjörg Þórdís Jensdóttir gegn Kristjáni Sumarliðasyni. Barnsfaðernismál	$^{17}/_{12}$	576
56.	Hreppsnefnd Innri-Akraneshrepps gegn Kristjáni Sumarliðasyni. Barnsfaðernismál	$^{19}/_{12}$	580
57.	Ingveldur Guðmundsdóttir og börn hennar gegn skiftaráðandanum í Ísafjarðarkaupstað f. h. dánarbús Gríms Jónssonar og lögráðamanni óskilgetinna barna hans. Um gildi erfðaskrár	s. d.	582
58.	Þorvaldur Pálsson gegn Jóni Ásbjörnssyni f. h. Norden. Útivistardómur	s. d.	584
59.	Margrjet Árnason gegn skiftaráðandanum í Árnessýslu o. fl. Útivistardómur	s. d.	585
60.	Steindór Einarsson gegn Árna Árnasyni. Útivistardómur	s. d.	585
61.	Andreas Godtfredsen gegn bæjarfógeta Siglufjarðarkaupstaðar f. h. ríkissjóðs. Útivistardómur	s. d.	586

Hæstarjettardómar

Útgefandi: Hæstarjettarritari.

D. árgangur. 1924.

Föstudaginn 11. jan. 1924.

Nr. 50/1923. **Sveinn Jón Einarsson**
(Björn P. Kalman)
gegn
Þórarni Brandssyni og gagnsök.
(Jón Ásbjörnsson).

Skaðabætur vegna meiðsla manns, er bifreið aðaláfrýjanda ók á.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. janúar 1923: Stefndur, Sveinn Jón Einarsson, greiði stefnandanum, Þórarni Brandssyni, 6000 krónur ásamt 5 % ársvöxtum frá 24. maí 1922 til greiðsludags og 80 krónur í málskostnað. Auk þess greiði stefndur dómgjöld í máli þessu eins og það hefði ekki verið sótt með gjafsókn.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstarjettar af hendi beggja aðila, af aðaláfrýjanda samkvæmt áfrýjunarleyfi, dags. 21. ágúst f. á., og af gagnáfrýjanda samkvæmt áfrýjunarleyfi, dags. 17. desember f. á., og að fengnu gjafvarnar- og gjafsóknarleyfi og skipuðum málflutningsmanni.

Samkvæmt ástæðum hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verður aðaláfrýjandi að greiða kaup hins skipaða málflutningsmanns gagnáfrýjanda fyrir hæstarjetti, er ákveðst 100 kr.

Að öðru leyti falli málskostnaður fyrir hæstarjetti niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Aðaláfrýjandi, Sveinn Jón Einarsson, greiði málflutningskaup hins skipaða málflutningsmanns gagnáfrýjanda fyrir hæstarjetti, Jóns hæstarjettarmálaflutningsmanns Ásbjörnssonar, 100 kr. Að öðru leyti fellur málskostnaður fyrir hæstarjetti niður.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Föstudaginn 26. nóv. 1920 var Guðjón nokkur Jónsson, bifreiðarstjóri, þá til heimilis í Grjótagötu nr. 10 hjer í bænum, að aka fiski fyrir h./fj. Defensor hjer í bænum frá fiskihúsum fjelagsins fyrir innan bæinn niður á hafnarbakka á vöruflutningabifreiðinni R.E. 199, sem þá var eign stefnds í þessu máli, Sveins Jóns Einarssonar á Meistaravöllum hjer í bænum. Um 7-leytið um kvöldið ók bifreiðin niður Bankastræti og rakst þá á stefnandann í þessu máli, Þórarinn Brandsson, skósmið, 65 ára að aldri, sem alla æfi hefir verið daufdumbur. Ætlaði hann af gangstjettinni neðst við Bankastræti að norðan suður yfir götuna á hornið hjá húsinu nr. 2 við Lækjargötu, en varð fyrir aurvarinu á framhjóli bifreiðarinnar hægra megin og síðar framhorninu á dekkinu, kendi til mikils sársauka á vinstri mjöðminni, hálfsvimaði og fjell á hægri hliðina. Hann var fluttur á sjúkrahús og kom það þá í ljós við læknisskoðun á honum, að lærleggshálsinn var brotinn. Gegn bifreiðarstjóranum var höfðað mál af valdstjórnar-

innar hálfu fyrir brot á ákvæðum laga nr. 88 frá 14. nóvember 1917 um notkun bifreiða og með dómi hæstarjettar í því, uppkveðnum 14. október 1921, var bifreiðarstjórinn dæmdur í 200 króna sekt og málskostnað fyrir brot á 3. gr. 36. gr., 6. gr., 8. gr., og 9. gr. laganna. Hinsvegar var skaðabótakrafa frá Þórarni Brandssyni á hendur bifreiðarstjóranum og eigenda bifreiðarinnar ekki tekin til greina í því máli af því, að ekki þótti mega draga refsimálið þar til hægt væri að gjöra út um skaðabótakröfuna.

Þórarinn Brandsson lá á Landakotsspítala frá 26. nóvember 1920 til 15. febrúar 1921 og nam kostnaðurinn við þá legu auk læknishjálpar 388 krónum. Hefir hann að fenginni gjafsókn og eftir árangurslausa sáttaumleitan höfðað mál þetta gegn fyrverandi eiganda bifreiðarinnar R.E. nr. 199, Sveini Jóni Einarssyni með stefnu útgefinni 21. júní 1922 og krafist þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sjer 10000 krónur eða aðra hæfilega upphæð eftir mati rjettarins, sem skaðabætur fyrir hjúkrun og læknishjálp, atvinnumissi og skerðingu starfskrafta, sem leiddi af meiðsli því, er hann hlaut af árekstri bifreiðarinnar 26. nóvember 1920, auk 5 % ársvaxta af ofangreindri upphæð frá sáttakærudegi 24. maí f. á. til greiðsludags, og málskostnað eftir mati rjettarins eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefnandi hefir lagt fram í málinu eftirrit af vottorði Matthíasar læknis Einarssonar hjer í bænum dags. 7. október 1921 þess efnis að læknirinn hafi skoðað stefnanda greindan dag. Sje vinstri fóturinn ca. 1 þumlung styttri en hinn, svo að hann gangi töluvert haltur, máttminni sje hann líka en þó geti hann gengið staflaust. En það sem bagi hann mest sje það að hreifanleiki í mjaðmarliðnum sje næstum enginn og gjöri það honum „næsta ómögulegt“ að stunda iðn sína. Læknirinn gjörir ráð fyrir, að þetta ástand batni eitthvað, en ekki verði það neitt verulegt.

Stefnandi hefir ennfremur lagt fram vottorð dagsett 19. september 1922 undirritað af kaupmönnunum Jóni Brynjólfssyni og Stefáni Gunnarssyni hjer í bænum svohljóðandi: „Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hefir það sýnt sig, að Þórarni Brandssyni er ómögulegt að sitja nema fáar mínútur í senn, síðan hann varð fyrir því áfalli, að bifreið keyrði á hann árið 1920. Þetta vottum við eftir margar tilraunir og reynslu.“

Þessu vottorði hefir ekki verið mótmælt af stefndum.

Stefnandi heldur því ennfremur fram, að hann sje og ófær til að stunda aðra atvinnu en skósmíði síðan slysið bar að hönd-

um, hann kunni ekki aðra iðn og sje orðinn of gamall til að nema aðra og svo sje hann ófær til allrar áreynslu vegna meiðslisins.

Stefndur hefir gjört þá *aðalkröfu* í málinu að hann verði sýknaður af skaðabóta- og málskostnaðarkröfum stefnanda í því. *Til vara* hefir hann krafist að hann verði að eins dæmdur til að greiða sjúkrakostnað stefnanda og til *þrautavara*, að krafan verði færð niður í 3000 krónur.

Svo hefir stefndur krafist málskostnaðar hjá stefnanda hvernig sem málið fer.

Sýknukröfu sína byggir stefndur á því, að bifreiðarstjórinn er ók bifreiðinni R.E. nr. 199 þegar slysið varð, hafi ekki verið í þjónustu sinni og tekið bifreiðina í fullkomnu heimildarleysi. Þessu til sönnunar hefir stefndi leitt sem vitni annan bifreiðarstjóra, sem var í þjónustu hans þegar slysið vildi til en var farinn úr henni þegar hann mætti í málinu sem vitni. Hefir vitni þetta borið, að stefndur hafi sagt sjer um eða fyrir miðjan nóvembermánuð 1920, að Guðjón Jónsson væri farinn úr þjónustu sinni, og vissi vitnið ekki til að Guðjón hefði fengið vöruflutningabifreið stefnda að láni nema einu sinni eftir það og var það ekki í það skifti, sem slysið vildi til.

Það er viðurkent í málinu að stefndur átti tvær bifreiðar, er slysið vildi til, fólksflutningabifreið og vöruflutningabifreið, þótt hann seldi vöruflutningabifreiðina eftir það, og var Guðjón Jónsson þá enn skráður bifreiðarstjóri á henni í bifreiðaskrá Reykjavíkur, svo stefndur hefir að minsta kosti ekki verið búinn að tilkynna annan bifreiðarstjóra á henni til skrárinnar, er slysið vildi til. Nefndur Guðjón Jónsson hefir verið leiddur sem vitni í málinu og borið það, og sá framburður tekinn jafngildur og eiðfestur væri, að hann hafi ekið bifreiðinni, er slysið vildi til, með fullu samþykki stefnda, er tekið hafi við borguninni fyrir aksturinn og síðan borgað vitninu.

Í 15. gr. laga nr. 88 frá 14. nóvember 1917 er svo ákveðið sem aðalregla, að eigandi bifreiðar beri ábyrgð á henni og sje skaðabótaskyldur samkvæmt 13. gr. Hitt er undantekningarákvæði, að sje bifreiðin notuð af öðrum manni í heimildarleysi eigandans, þá færist skaðabótaskylda hans yfir á notandann og þykir því sönnunarbyrðin um heimildarleysi bifreiðarstjórans í þessu tilfelli eiga að hvíla á stefndum og þar sem hann hefir

ekki fært sönnur á það atriði, verður sýknukrafa hans eigi tekin til greina af þeirri ástæðu.

Þá hefir stefndur viljað byggja sýknukröfu sína á því, að að stefnandi hafi átt all-mikla sök á slysinu sjálfur. Í þessu máli eru engar sönnur á það færðar, að stefnandi hafi orðið valdur að slysinu af ásettu ráði eða gjört sig sekan í vítaverðri óvarkárni er það vildi til og í dóminum í lögreglumálinu út af því, sem lagður hafa verið fram í þessu máli, er ekki á það minst. Verður þessi sýknuástæða stefnds því heldur ekki tekin til greina.

Varakröfu sína um að verða að eins dæmdur til að greiða stefnanda sjúkrakostnað hans, byggir stefnandi á því, að stefndur muni geta orðið friskur aftur og stundað iðn sína, en það þykir nægilega sannað með vottorðum þeim, sem að framan eru nefnd, að svo muni ekki verða og verður varakrafan því ekki tekin til greina.

Að áliti rjettarins verður að dæma stefndan eftir ákvæði 15. gr. þráttnefndra bifreiðarlaga til að greiða stefnanda hæfilegar bætur fyrir hjúkrun og læknishjálp, atvinnumissi og skerðingu starfskrafta, er hann beið við slysið, og kemur þá til álita hve há sú upphæð á að vera til að vera nægileg.

Í því efni er það eitt upplýst í málinu að stefnandi er daufdumbur, var 65 ára, er slysið vildi til og hefir áður stundað skóaraiðn og verður að teljast ófær til þess nú. Hinsvegar er ekkert upplýst um það, hve mikið hann vann sjer inn áður en slysið vildi til, og ekki annað en staðhæfing stefnanda fyrir því, að hann sje nú af völdum slyssins *ófær til allrar annarar atvinnu* og hið framlagða læknisvottorð kemur að nokkru leyti í bág við það. Það liggur nú í augum uppi að meiðsl það, er stefnandi fjekk, hefir rýrt starfskrafta hans að miklum mun, sjerstaklega þar sem hann er nú ekki lengur fær um að stunda iðn þá, er hann hafði numið og stundað. Hinsvegar verður að taka tillit til þess, að stefnandi var orðinn háaldraður maður, er hann varð fyrir slysinu og að starfskraftar hans hafa því verið farnir að rýrna og áttu fyrir sjer að rýrna enn meira af elli. Að þessu öllu athuguðu þykir mega meta þá skerðingu starfskrafta stefnanda, sem leiddi af slysinu, að meðaltali 600 krónur á ári af þeim, er hann kann að eiga ólifað og bæturnar fyrir hana því eiga að miða við þá upphæð, er stefnandi hefði orðið að greiða fyrir lífrentu sömu upphæðar, á þeim tíma er slysið vildi til, en

sú upphæð nemur um 5500 krónum. Hjúkrun og læknishjálp þykir hæfilega ákveðin eftir upplýsingum þeim, sem fyrir liggja, 500 krónur, þannig að öll skaðabótaupphæðin verði 6000 krónur. Þessa upphæð ber að áliti rjettarins að dæma stefndan til að greiða stefnanda með vöxtum, eins og krafist er og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 80 krónur og greiði stefndur auk þess rjettargjöld í málinu eins og það hefði ekki verið gjafsóknarmál af hálfu stefnanda.

Þar sem málið er sótt með gjafsókn, vottast, að sókn þess hefir verið vítalaus.

Föstudaginn 11. jan. 1924.

Nr. 41/1923. **Guðmundur Jónsson**
(Björn P. Kalman)
gegn
Guðrúnu Jónsdóttur
(Pjetur Magnússon).

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu, er dæmt var í merkjadómi Reykjavíkurkaupstaðar 5. febrúar f. á., hefir verið áfrýjað samkvæmt áfrýjunarleyfi, dags. 5. maí f. á., en áfrýjunarstefna er ekki tekin út fyr en meira en 4 vikum síðar eða þ. 4. júní f. á. Samkvæmt 28. gr. hæstarjettarlaganna fjell áfrýjunarleyfið úr gildi, er 4 vikur voru liðnar frá dagsetningu þess, án þess áfrýjunarstefna væri tekin út. Að þessum tíma liðnum brast því heimild til að áfrýja málinu og verður sökum þessa galla ex officio að vísa því frá rjettinum.

Málskostnaðar hefir ekki verið krafist og fellur hann því niður.

Því dæmist rjett vera:

Máli þessu vísast frá hæstarjetti. Málskostnaður fyrir hæstarjetti fellur niður.

Mánudaginn 21. jan. 1924.

Nr. 38/1923. **Gunnlaugur Stefánsson**
(Björn P. Kalman)
gegn
Guðm. Kr. Guðmundssyni
(Pjetur Magnússon).

Spurning um hvort stefndi hefði keypt eða að eins tekið til umboðssölu 2 botnvörpur af áfrýjanda.

Dómur gestarjettar Reykjavíkur 18. apríl 1922: Stefndur, Guðm. Kr. Guðmundsson, á að vera sýkn af kröfum stefnanda Gunnlaugs Stefánssonar í þessu máli. Stefnandi greiði stefndum 100 kr. í málskostnað. Dóminum ber að fullnægja áður en liðnir eru 3 sólarhringar frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Með því að fallast verður á það, að áfrýjandi þessa máls, sem uppreistarleyfis hefir verið aflað í 17. apríl f. á., hafi ekki gegn neitun stefnda fært nokkrar sönnur á það, að stefndi hafi keypt botnvörpur þær, er ræðir um í hinum áfrýjaða dómi, ber að staðfesta dóminn.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti, og er hann ákveðinn 150 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað. Áfrýjandi, Gunnlaugur Stefánsson, greiði stefnda, Guðm. Kr. Guðmundssyni, 150 kr. málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Gunnlaugur Stefánsson kaupmaður í Hafnarfirði hefir með stefnu, útgefinni 7. nóv. f. á., höfðað mál þetta fyrir gestarjetti Reykjavíkurkaupstaðar, gegn Guðmundi Kr. Guðmundssyni skipamiðlara hjer í bænum, og krafist þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sjer 1600 kr. skuld með 6 % vöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndur hefir krafist algerðrar sýknunar í málinu og málskostnaðar eftir mati rjettarins. Enufremur hefir hann krafist að stefnandi verði dæmur í sekt fyrir óþarfa þrætu og fyrir óviðeigandi ummæli í sóknarskjölum málsins, en ekki þykir næg ástæða til að taka þessar sektakröfur til greina.

Hin umstefnda skuld er þannig til orðin að sögn stefnanda, að hann hafi í maí 1921, selt stefndum 2 botnvörpur fyrir 800 kr. hvora og skyldu þær greiðast við móttöku, en úr því hafi samt eigi orðið. Stefndur þverneitar aftur á móti, að hann hafi keypt botnvörpur þessar, en kveðst hafa tekið þær af stefnanda í umboðssölu og virðast þær vera óseldar í vörslum stefnds. Stefnandi hefir reynt að sanna með vitnaleiðslum, að sala hafi farið fram, en honum hefir ekki tekist það, heldur hefir þvert á móti komið fram í vitnaleiðslunum ýmislegt sem fremur ósannar en sannar skýrslu stefnanda. Þannig hefir stefnandi haldið því fram, að nafngreindur maður í Hafnarfirði hafi tekið við botnvörpum þessum fyrir hönd stefnds, en með vitnaleiðslunum virðist það

fyllilega upplýst, að stefnandi hefir sjálfur sent vörpurnar til stefnds og greitt flutningsgjald fyrir þær til Reykjavíkur.

Samkvæmt þessu getur það ekki talist sannað gegn mótmælum stefnds, að hann hafi keypt umræddar vörpur og ber því að sýkna stefndan, en dæma stefnanda til að greiða honum málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 100 kr.

Mánudaginn 28. jan. 1924.

Nr. 37/1923. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
Íslandsbanka
(Lárus Fjeldsted).

Útaf afgjaldi í ríkissjóð af aukaseðlum bankans.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. jan. 1923: Stefnd, stjórn Íslandsbanka f. h. bankans, greiði stefnandanum, fjármálaráðherra Íslands f. h. ríkissjóðs, kr. 1474,37 með 6 % ársvöxtum frá 1. október 1919 og kr. 1493,70 ásamt 6 % ársvöxtum frá 1. nóvember s. á. hvorutveggja til greiðsludags, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum, en að öðru leyti sje stefnd sýkn að kröfum stefnanda í málinu.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Eins og tekið er fram í forsendum hins áfrýjaða dóms, er málið risið af því, að áfrýjandi hefir skilið lög þau, er heimild veittu til aukningar á seðlaútgáfu bankans, og vitnað er til í hinum áfrýjaða dómi, á þá leið, að málmforði sá, er bankinn trygði með aukaseðla þá, er hann gaf út, skyldi að minsta

kosti að $^3/_4$ vera í tryggingum þeim, sem taldar eru í a- og b-liðum 5. gr. l. nr. 66, 10. nóv. 1905; en stefndi hefir hins vegar skilið umrædd lög á þá leið, að skilyrðum þeim, er þau setja um tryggingu aukaseðlanna, væri fullnægt ef þeir væru tryggðir með einhverju því, er talið væri til málmforða í 5. gr. laga nr. 66, 10. nóv. 1905, og þyrfti sú trygging eigi að skiftast eftir ákveðnum hlutföllum milli einstakra tegunda málmforðans.

Í 5. gr. laga nr. 11, 7. júní 1902, um heimild til að stofna hlutafjelagsbanka á Íslandi, er ákveðið hvað til málmforða bankans skuli teljast, og í niðurlagi greinarinnar er mælt svo fyrir, að þeir hlutar málmforðans, sem taldir eru undir tölulið c. og d. í greininni, megi ekki fara fram úr $^1/_4$ alls málmforðans. Í 6. gr. nefndra laga er m. a. mælt svo fyrir, að sá hluti málmforðans, sem er fyrir hendi í bankanum í löglegri gjaldgengri mynt, skuli jafnan nema minst $^1/_4$ hluta af seðlaupphæð þeirri, sem úti er. Með lögum nr. 65, 10. nóv. 1905, voru gerðar ýmsar breytingar á nefndum lögum, nr. 11, 7. júní 1902, m. a. var lágmark málmforðans fært niður úr $^1/_2$ í $^3/_8$ af seðlaupphæð þeirri, sem úti er í hvert skifti, og auk þess var með 3. gr. l. nr. 65, 10. nóv. 1905, gerð sú breyting á 6. gr. l. nr. 11, 7. júní 1902, að af málmforða bankans skyldi ávalt vera fyrir hendi í bankanum sjálfum og útibúum hans hjer á landi, svo mikið, að það svari að minsta kosti til $^8/_{10}$ hluta seðlafúlgu þeirrar, sem úti er í hvert skifti, enda sje það gjaldgeng mynt. Það verður nú að líta svo á, að umrætt ákvæði 3. gr. laga nr. 65, 10. nóv. 1905, hafi felt úr gildi áðurnefnt niðurlagsákvæði 5. gr. l. nr. 11, 7. júní 1902, með því að skipulag það, er 3. gr. laga nr. 65, 10. nóv. 1905

kemur á hlutfallið milli ýmsra tegunda málmforða bankans, eigi verður samrýmt niðurlagsákvæði 5. gr. l. nr. 11. 7. júní 1902, og það að síðastnefnt ákvæði alt að einu hefir verið tekið óbreytt upp í 5. gr. l. nr. 66, 10. nóv. 1905, getur eigi hafa haldið því í gildi, þar sem þau lög að eins áttu að vera ný útgáfa á l. nr. 11., 7. júní 1902, með áorðnum breytingum. Þegar því lagaboð þau, er heimild veittu til aukningar á seðlaútgáfu bankans, áskilja, að aukaseðlarnir sjeu trygðir með málmforða samkvæmt 5. gr. l. nr. 66, 10. nóv. 1905, þá brestur heimild til að krefjast annars af bankanum en að hann tryggi aukaseðla þessa með einhverjum þeim tryggingum, sem taldar verða til málmforðans samkvæmt nefndri lagagrein, án þess að krafist verði ákveðinna hlutfalla milli einstakra tegunda þeirra trygginga. Það verður því af framangreindum ástæðum að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, og ber, eftir þessum úrslitum, að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst kr. 500.00.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Áfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði stefnda, Íslandsbanka, málskostnað fyrir hæstarjetti kr. 500.00.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Með lögum nr. 59/1914, nr. 11/1915, nr. 17/1915, nr. 1/1916, nr. 10/1917, nr. 81/1917, nr. 38/1918, nr. 57/1919, og nr. 24/1920 var stjórninni veitt heimild til þess að leyfa Íslandsbanka að auka

seðlaútgáfu sína fram yfir þær $2^1/_2$ milljón króna, sem bankanum var heimilað að gefa út í seðlum í 4. grein laga nr. 66/1905, ýmist um ákveðna upphæð eða þá stundum eftir því sem viðskiftaþörfin krefði, gegn ákveðnum skilyrðum, sem voru hin sömu í öllum þessum lagaboðum, að svo miklu leyti, sem þau snerta þetta mál, nema í lögunum nr. 24/1920, en um skilninginn á þeim lögum útaf fyrir sig er enginn ágreiningur milli málsaðilja. Stjórnin veitti svo Íslandsbanka heimild til að auka seðlaútgáfuna um ákveðna upphæð í einu, en tók ávalt jafnframt fram, að bankanum bæri að gæta skilyrða þeirra, er af löggjafarvaldsins hálfu hefðu verið sett fyrir því, að slíka heimild mætti veita.

Skilyrði þau, er hjer skifta máli, hljóða svo í framangreindum lögum:

1. „að minsta kosti helmingur forðans til tryggingar seðlaupphæð þeirri, sem úti er í hvert skifti og fer fram úr $2^1/_2$ miljón króna, sje málmforði, samkvæmt 5. gr. nefndra laga 10. nóvember 1905“, og
2. „bankinn við lok hvers mánaðar greiði vexti 2 % á ári, af upphæð þeirri, sem úti er í mánaðarlok, og fer fram úr $2^1/_2$ miljón króna og málmforðinn nægir ekki til“.

Íslandsbanki notfærði sjer heimildina til seðlaútgáfuaukningarinnar öll árin 1915—1920 og greiddi í ríkissjóð upphæðir þær fyrir hvern mánuð, sem eftir skilningi bankastjórnarinnar á skilyrðunum fyrir seðlaaukningunni, átti að greiða og voru þær upphæðir að sjálfsögðu einnig færðar bankanum til útgjalda í reikningum hans. Leið svo og beið þar til að yfirskoðunarmenn landsreikninganna einhverntíma á árinu 1920 gjörðu þá athugasemd við 2. gr. 17. — Tekjur af Íslandsbanka — í landsreikningnum fyrir árið 1918, að gjald af ótrygðum aukaseðlum, sem bankinn hafði í umferð í desembermánuði það ár, væri vantalið hjá bankanum. Útaf af þessari athugasemd yfirskoðunarmanna landsreikninganna sneri þáverandi fjármálaráðherra sjer til stjórnar Íslandsbanka og kom þá í ljós, að hún hafði annan skilning á skilyrðunum fyrir seðlaaukningunni að því er snerti tryggingu aukaseðla þeirra, er afgjaldsfríir máttu vera, en látin var uppi í athugasemd yfirskoðunarmanna landsreikninganna. Var síðan eftir að árangurslaus sáttaumleitan hafði farið fram, mál þetta höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 5. október 1921 af fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs gegn stjórn Íslandsbanka og þess krafist að hún f. h. bankans yrði dæmd til að greiða sem van-

goldið afgjald af aukinni seðlaútgáfu á árunum 1915—1920 inclusive kr. 76386,16 ásamt 6 % ársvöxtum af hverjum hluta þessarar upphæðar frá því hann fjell í gjalddaga til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eða eftir mati rjettarins.

Stjórn Íslandsbanka hefir samþykt að greiða kr. 1474,37 með 6 % ársvöxtum frá 1. október 1919 og kr. 1493,70 með sömu vöxtum frá 1. nóvember 1919, hvorutveggja til greiðsludags, sakir þess, að gullforði bankans hafi í lok mánaðanna september og október 1919 verið oftalinn um eina miljón króna í reikningum bankans. Að öðru leyti hefir hún krafist sýknunar af kröfum stefnanda í málinu og málskostnaðar hjá honum.

Ágreiningurinn í málinu milli málspartanna er sá, að stefnandi heldur því fram, að $^3/_4$ hlutar málmforða þessa, sem var til tryggingar aukaseðlum þeim, sem afgjaldsfríir áttu að vera, hafi átt að vera gullforði, en stefndur heldur því hinsvegar fram, og hefir farið eftir því í útreikningum sínum, að nægilegt hafi verið að tryggingin væri málmforði eins og hann er ákveðinn í 5. gr. laga nr. 66/1905. Auk þess heldur stefndur því fram, að skilningur sinn á ágreiningsatriðinu sje viðurkendur og samþyktur af hlutaðeigandi stjórnarvöldum og geti stefnandi því nú eigi gengið frá þeim skilningi, enda þótt dómstólarnir kynnu að fallast á, að hinn skilningurinn væri rjettari.

Á þessa skoðun verður rjetturinn að fallast.

Stjórn Íslandsbanka hefir aldrei dregið dul á skilning sinn á tryggingarákvæðinu og það er in confesso í málinu að öðrum skilningi á því hafi ekki verið hreyft við hana fyrri en fjármálaráðherra átti tal við hana um málið, eftir að athugasemdir yfirskoðenda landsreikninganna við landsreikninginn fyrir árið 1918 voru komnar fjármálaráðuneytinu í hendur, einhverntíma á árinu 1920.

Eftir 15. gr. reglugjörðar fyrir Íslandsbanka, staðfestrar 25. nóvember 1903 (Stj.tíð. s. á. A, nr. 48), kýs Alþingi 3 af 7 mönnum í fulltrúaráð bankans og ráðherra Íslands (forsætisráðherrann) er sjálfkjörinn formaður í því. Fulltrúaráðið hefir eftir 19. gr. á hendi hina æðstu forstöðu bankans og allra mála hans. Það getur eftir 20. gr. ályktað að fela einstökum fulltrúum sjerstakar tegundir af störfum sínum til framkvæmda og að annar endurskoðanir í skrifstofum bankans og ber því rjettur og þ væntanlega einnig skylda til þess að sjá um, að bankanum sje hverjum tíma stjórnað eftir ákvæðunum um stjórn hans og a

hann fullnægi skilyrðum þeim, sem sett eru fyrir seðlaútgáfurjetti hans. Auk þess er í 22. gr. reglugjörðarinnar svo ákveðið, að formaður bankaráðsins hafi rjett til þess, hvenær sem hann vilji, að heimta sýnt og sannað, að málmforði bankans sje í hinu lögákveðna hluttfalli við seðla þá sem í veltu eru, og geti hvenær sem vera skal látið sýna sjer bækur bankans og skjöl. Ennfremur er svo ákveðið í 38. gr. reglugjörðarinnar að annar af endurskoðendum bankans skuli vera stjórnskipaður og að endurskoðendur skuli rannsaka reikninga bankans og bera þá saman við bækur hans.

Það verður því ekki betur sjeð en að stjórn og þingi sje tryggður aðgangur og vald til þess að gæta rjettar og hagsmuna ríkissjóðs gagnvart bankastjórninni, enda rita báðir endurskoðunarmennirnir vottorð á ársreikninga bankans og bankaráðið með forsætisráðherra í broddi fylkingar kvitta bankastjórnina með áritun sinni á ársreikninga bankans fyrir reikningsskilunum öll þessi umræddu ár.

Við þetta bætist að trúnaðarmenn Alþingis, endurskoða árlega í landsreikningnum tekjur þær, sem ríkissjóður hefir af Íslandsbanka og hafa að því er árin 1915 til 1917 snertir, ekkert fundið athugavert við skilning bankastjórnarinnar á tryggingarskilyrðinu, fjárhagsnefndir þingsins síðan yfirfarið gjörðir þeirra og Alþingi loks í heild sinni samþykt greiðslurnar frá bankanum með samþykt sinni á lögunum um samþykt á landsreikningunum fyrir umrædd ár (lög nr. 51/1917 og nr. 25/1919), alt án nokkurs fyrirvara um það, að skilningur bankastjórnarinnar á tryggingarskilyrðunum fyrir aukaseðlunum væri ekki rjettur.

Að öllu þess athuguðu þykir rjettinum, þótt ekki kunni að liggja fyrir bein yfirlýsing af hálfu hlutaðeigandi stjórnarvalda um það, að skilningur stjórnar Íslandsbanka á þráttnefndu skilyrði fyrir tryggingu aukaseðlanna sje rjettur, það sem farið hefir fram milli bankastjórnarinnar og stjórnarvaldanna þó nægilegt til þess, að vekja þá öruggu von hjá bankastjórninni og traust til þess, að ekki yrði fundið að skilningi hennar og að við hann yrði látið sitja, að ekki sje þegar af þeirri ástæðu gjörlegt að taka kröfur stefnanda gegn henni í þessu máli til greina, frekar en hún hefir sjálf samþykt og þarf þá ekki að rannsaka frekar hvor skilningur málspartanna á tryggingarákvæðinu sje rjettari.

Eftir öllum atvikum þykir rjett að málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 30. jan. 1924.

Nr. 42/1923. **H/f. Geir Thorsteinsson & Co.**
gegn
Guðmundi Sveinssyni.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, H/f. Geir Thorsteinsson & Co., sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Miðvikudaginn 27. febr. 1924.

Nr. 22/1923. **Hreppsnefnd Miðneshrepps**
(Guðm. Ólafsson)
gegn
Bjarna Ólafssyni vegna m/b. „Hrafns Sveinbjarnarsonar“
(Magnús Guðmundsson).

Útsvarsmál; spurning um takmörk Faxaflóa að suðvestan.

Úrskurður fógetarjettar Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 19. júní 1922: Lögtaksgjörð sú, er hreppstjóri Ytra-Akraneshrepps framkvæmdi 16. f. m. hjá Bjarna kaupmanni Ólafssyni á Akranesi fyrir 150 kr. útsvari til Miðneshrepps frá árinu 1921, er hjer með úr gildi feld og hinir lögteknu munir leystir úr löghaldinu.

Dómur hæstarjettar.

Áfrýjandi, hreppsnefnd Miðneshrepps hefir skotið lögtaksmáli þessu til hæstarjettar að fenginni upp-

reist, dags. 16. mars f. á., gjafsókn og skipuðum málflutningsmanni.

Eftir staðháttum og samkvæmt þeim upplýsingum, er lagðar hafa verið fram hjer í rjettinum, þar á meðal vottorð frá 10 skipstjórum og siglingafróðum mönnum, verður að telja að Faxaflói takmarkist að suðvestanverðu af Garðskaga, enda er þessi niðurstaða í samræmi við það, að lög 12. nóvbr. 1875 um þorskanetalagnir í Faxaflóa, er mæla svo fyrir að hvergi megi leggja þorskanet í Faxaflóa á vissum tíma árs, hafa ætíð verið skilin þannig, að þau næðu að eins til svæðisins innan við Garðskaga.

Þar sem því Sandgerði verður eigi talið liggja við Faxaflóa, hafði hreppsnefnd Miðneshrepps heimild til þess samkvæmt lögum nr. 50/1919 að leggja aukaútsvar á útgerð stefnda þar árið 1921. Samkvæmt þessu verður að fella hinn áfrýjaða lögtaksúrskurð úr gildi og skylda fógetann til þess að framkvæma hið umbeðna lögtak fyrir útsvarinu 150 kr.

Eftir þessum úrslitum þykir rjett að stefndi greiði ómakslaun hins skipaða málflutningsmanns hreppsnefndarinnar, sem hefir rekið málið óaðfinnanlega, og ákveðast þau kr. 100,00. Að öðru leyti þykir rjett að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði lögtaksúrskurður skal úr gildi feldur og ber fógetanum að framkvæma hið umbeðna lögtak.

Stefndi, Bjarni Ólafsson, vegna m/b. »Hrafns Sveinbjarnarsonar« greiði málflutningskaup hins skipaða talsmanns áfrýjanda, hæstarjettarmála-

flutningsmanns Guðmundar Ólafssonar, 100 kr., að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Oddviti Miðneshrepps hefir krafist þess, að lögtak þetta yrði framkvæmt, og telur heimildina fyrir útsvarsálagningunni að finna í lögum nr. 50, 28. nóv. 1919, en þar er svo að orði kveðið: „Ekki er heimilt að leggja aukaútsvar á útvegsmenn úr öðrum hreppi í sama sýslufjelagi, eða við sama fjörð eða flóa, sem útræði er í, ef á þá er lagt útsvar í sveitarfjelagi þeirra."

Gjörðarbeiðandi hefir haldið því fram, að lagaákvæði þetta heimilaði útsvarsálagninguna, með því að Faxaflói ætti að eins að teljast innan Garðskaga, og yrði því svæðið milli Garðskaga og Reykjaness ekki talið liggja við Faxaflóa.

Gjörðarþoli hefir aftur á móti haldið því fram, að Faxaflóa beri að telja að Reykjanesi, og lagt fram því til sönnunar vottorð frá Páli skólastjóra Halldórssyni og Hannesi Hafliðasyni er telja skilning hans rjettan á þessu atriði.

Bæði eftir legu landsins og gögnum þeim sem fyrir liggja, verður að telja það rjett, að Faxaflói nái alla leið að Reykjanesi og þar sem gjörðarþoli hefir fært sönnur á, sbr. rskj. 16, að hann hafi greitt útsvar fyrir vjelbátinn „Hrafn Sveinbjarnarson" árin 1920 og 1921 á Akranesi, virðist ekki hafa verið heimilt að leggja útsvar þetta á í Miðneshreppi, og ber því að fella lögtaksgjörð þá úr gildi, er hreppstjóri Ytri-Akraneshrepps framkvæmdi hjá Bjarna Ólafssyni á Akranesi 16. f. m., og leysa hina lögteknu muni úr löghaldinu.

Föstudaginn 29. febr. 1924.

Nr. 56/1923. **Pjetur Magnússon f. h. P. W. Jacobsen & Sön**
(Pjetur Magnússon)
gegn
Árna Jónssyni.
(Jón Ásbjörnsson).

Spurning um skyldu stefnda til að greiða víxilupphæð í dönskum krónum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. apríl 1923: Stefndur, Árni Jónsson, á að vera sýkn af kröfum stefnandans, Pjeturs Magnússonar f. h. firmans P. W. Jacobsen, í þessu máli en stefnandi f. h. tjeðs umbjóðanda síns að greiða stefndum 100 krónur í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Enda þótt svo verði að líta á, að stefnda hafi samkvæmt samningum hans við áfrýjanda verið skylt að sjá um yfirfærslu á víxilupphæð þeirri, er ræðir um í málinu, þá verður þó að telja að áfrýjandi hafi, með þeirri ráðstöfun á víxilupphæðinni að láta fyrirvaralaust greiða hana inn í reikning sinn í Landsbankanum, leyst stefnda undan þeirri skyldu og ber því, þegar af þeirri ástæðu, að staðfesta hinn áfrýjaða dóm. Eftir þessum úrslitum þykir rjett að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti með 250 krónum.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Áfrýjandi, Pjetur Magnússon fyrir hönd P. W. Jacobsen & Sön, greiði stefnda Árna

Jónssyni málskostnað fyrir hæstarjetti með 250 kr. að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttatilraun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 18. janúar þ. á. af Pjetri Magnússyni hrm., f. h. firmans P. W. Jacobsen & Sön í Kaupmannahöfn, gegn Árna Jónssyni, timburkaupmanni, Laugaveg 37 hjer í bænum, til greiðslu á dönskum kr. 36138,77 með 6 % ársvöxtum frá 4. september 1920 til greiðsludags, að frádregnum jafnmörgum íslenskum krónum með 4 % ársvöxtum af þeim frá sama degi og málskostnaði að skaðlausu eða eftir mati rjettarins.

Málavextir eru þeir, að vorið 1920 keypti stefndur timburfarm af firmanu P. W. Jacobsen & Sön. Fjekk hann síðan leyfi til innflutnings á farminum, og er í beiðni hans um innflutningsleyfið dags. 27. apríl 1920 tekið fram að $^2/_3$ hlutar andvirðis farmsins greiðist við undirskrift farmskírteinis í Kaupmannahöfn með peningum, sem Landsbankinn hafi þegar yfirfært, en $^1/_3$ hluti verði greiddur með 3ja mánaða víxli, og er stimpill Landsbankans á umsókninni, enda var innflutningsleyfi ekki veitt á þeim tímum, nema umsækjandi færði sönnur á, að hann hefði trygt sjer yfirfærslu á andvirði hins innflutta. Hinn 4. júní 1920 fór farmurinn frá Kaupmannahöfn og voru $^2/_3$ hlutar andvirðisins greiddir þar, en fyrir $^1/_3$ hluta andvirðisins sá firmað út 3ja mánaða óvistaðan víxil að upphæð kr. 36138,77 er stefndur síðan samþykti. Hinn 14. maí 1920 hafði stefndur símað firmanu að yfirfærsla á víxilupphæðinni væri trygð fyrir milligöngu Landsbankans. Í brjefi dags. 17. ágúst 1920 tjáði stefndur firmanu, að þrátt fyrir ítrekaða ósk sína sæi Landsbankinn sjer ekki fært að senda víxilupphæðina þá þegar, og færi svo að bankinn mót von sinni gæti ekki yfirfært upphæðina, þegar greiða eigi víxilinn, 4. september, sje ekki annað fyrir hendi en reyna að fá leyfi innflutningsnefndarinnar til þess að senda upphæðina í póstávísun. En sendi firmað víxilinn Landsbankanum, skuli stefndur gera sjer alt far um að upphæðin verði sem fyrst yfirfærð. Takist það ekki skuli upphæðin verða greidd inn í reikning firmans í hvorum bankanum, er það óski.

Með brjefi dags. 5. júlí 1920 sendi firmað Landsbankanum víxilinn og bað bankann að innheimta upphæð hans og „afregne

til os paa sædvanlig Maade" og í brjefi firmans til Landsbankans dags. 25. ágúst 1920 segir svo: „Skulde Valutaforholdene paa Island for Tiden umuliggöre Udbetaling af Belöbene til os, bedes Pengene indsat paa almindelig rentebærende Bankkonto paa vort Navn indtil Udbetaling atter kan finde Sted. Belöbet for den Dem under 5. f. M. til Inkassation hos Herr Árni Jónsson Reykjavik, sendte Veksel, stor Kr. 36138,77 pr. 4. September bedes ligeledes indsat paa Kontoen, saafremt det ikke kan lykkes Dem at faa Belöbet afsendt straks". Loks sendi firmað bankanum símskeyti 2. september 1920 svohljóðandi: „Kan Jónssons Vekselbelöb ca. Kr. 36000, ikke tilsendes os da indsæt paa vor Konto. Brev Gullfoss." (Brjefið frá $^{25}/_{8}$ 1920).

Á gjalddaga víxilsins 4. september 1920 innleysti stefndur hann í Landsbankanum og fjekk hann afhentan með áritaðri skilyrðislausri kvittun.

Hinn 14. maí 1921 skrifaði firmað stefndum og býður honum viðarkaup, og mintist þá ekki einu orði á það, að viðskiftin frá árinu áður sjeu þá ekki fyllilega uppgjörð, en í brjefi dags. 7. apríl 1922 skýrir firmað stefndum frá því, að það hafi enn ekki fengið víxilupphæðina yfirfærða, og fer þess á leit að hann hlutist til um að upphæð sú, danskar kr. 36138,77, sem hann á sínum tíma hafi innborgað verði yfirfærð í ávísun á danskan banka eða póstávísunum, eða þá að hann sendi firmanu kr. 51626,81 íslenskar krónur er með gengi því, er þá sje á íslenskri krónu í Kaupmannahöfn svari til víxilupphæðarinnar.

Þessu brjefi svaraði stefndur á þá leið 25. apríl f. á., að er hann hefði snúið sjer til Landsbankans og fengið það svar að víxilupphæðin hefði eftir ráðstöfun firmans í símskeyti þess frá 2. september 1920 verið sett inn á konto þess í bankanum, og yrði það því að eiga við bankann um málið. Jafnframt tjáði stefndur firmanu að hann hefði ekki vitað betur en að víxilupphæðin hefði verið yfirfærð skömmu eftir að hann innborgaði hana og styrkst í þeirri trú við það, að ekkert hefði verið á málið minnst í brjefi firmans til sín dags. 14. maí 1921 og sjer boðin framhaldandi viðskifti við firmað.

Stefnandi heldur því nú fram, að stefndur hafi átt að greiða andvirði alls viðarfarmsins í Kaupmannahöfn og að það hafi að eins verið vegna þess, að stefndur hafi skýrt firmanu frá því, að Landsbankinn hefði lofað honum að yfirfæra víxilupphæðina, að firmað hafi sent Landsbankanum víxilinn til innheimtu og ráð-

stafað upphæð hans á reikning sinn í bankanum í því fulla trausti að drátturinn á yfirfærslunni myndi aldrei verða nema skammur, og að það traust hafi bygst á skýrslum stefnda. Telur stefnandi stefndan því eiga að greiða sjer gengismun þann, sem nú er á danskri og íslenskri krónu, og bæta sjer vaxta mismun þann er hann hafi orðið að sæta.

Það virðist nú auðsætt af brjefi stefnds til firmans P. W. Jacobsen & Sön frá 17. ágúst 1920 að stefndur hafi þá talið sjer skylt að sjá um yfirfærslu víxilupphæðarinnar. Hinsvegar tekur hann í brjefinu enga ábyrgð á yfirfærslunni, ef firmað sendi Landsbankanum víxilinn til innheimtu, heldur lofar að gjöra sitt til að upphæðin verði yfirfærð sem fyrst, og tekur það fram, að fáist upphæðin ekki yfirfærð, skuli hann greiða upphæðina inn í reikning firmans í hvorum bankanum sem það vilji, en þá auðvitað á ábyrgð firmans, að því er yfirfærsluna snerti. Rjetturinn fær nú ekki betur sjeð, en að firmað, með því að senda Landsbankanum víxilinn til innheimtu með eyðuframsali og ráðstafa upphæðinni eins og það gjörði, í sambandi við skilyrðislausa kvittun bankans á víxlinum og afhendingu hans til stefnds, hafi leyst stefndan frá þessari skyldu, er á honum kann að hafa hvílt til yfirfærslu upphæðarinnar, og að firmað hafi gjört sjálfstæðan samning við Landsbankann um ávöxtun og yfirfærslu upphæðarinnar er stefndur beri ekki ábyrgð á, allra síst þar sem hann var ekkert látinn vita um dráttinn á yfirfærslunni og það, að firmað teldi hann eiga að sjá um yfirfærsluna, í meira en hálft annað ár, frá því að hann innleysti víxilinn.

Það verður því að áliti rjettarins að sýkna stefndan af kröfum stefnanda í málinu og dæma stefnanda til að greiða honum málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 100 krónur.

Föstudaginn 29. febr. 1924.

Nr. 63/1923. **Leifur Sigurðsson**
gegn
Skiftaráðanda Reykjavíkur f. h. þrotabús Sigurjóns Pjeturssonar.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Leifur Sigurðsson, sem ekki mætir í málinu greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti. — Svo greiði hann og stefnda, skiftaráðanda Reykjavíkur f. h. þrotabús Sigurjóns Pjeturssonar, er hefir látið mæta í málinu, 50 kr. ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 7. mars 1924.

Nr. 61/1923. **H. Benediktsson & Co.**
(B. Þ. Johnson)
gegn
uppboðsráðanda og skiftaráðanda Gullbringu- og Kjósarsýslu f. h. þrotabús Matthíasar Þórðarsonar.
(Enginn).

Dómur hæstarjettar.

Stefndi hefir hvorki mætt nje látið mæta í máli þessu og hefir það því verið rekið skriflega samkvæmt 1. lið 38. gr. hæstarjettarlaganna.

Í söluskilmálunum við nauðungaruppboð á verslunarstaðnum Keflavík, eign þrotabús Matthíasar Þórðarsonar, er fór fram samkvæmt 87. gr. skiftalaganna, var svo ákveðið, að ásamt verslunarstaðnum yrði selt alt laust og fast »inventar«. Á þriðja og síðasta uppboðinu í Keflavík 20. okt. f. á. ljet áfrýjandi mæta og lagði fram veðbrjef, er sýndi að honum voru veðsettir ýmsir nánar tilgreindir lausafjármunir, er ætla mátti, að taldar væru með »inventari« í söluskilmálunum og mótmælti hann því, að munir þessir yrðu seldir í einu lagi og ásamt fasteigninni, en krafðist sjersölu á þeim. Á uppboðinu var einnig mætt af hálfu kaupmanns Geo. Copland, er átti 2. veðrjett í verslunarstaðnum með »inventari«, og taldi hann munina vera í veði sínu og veðrjett sinn rjetthærri og mótmælti hann því kröfu áfrýjanda. Gekk um þetta samdægurs úrskurður uppboðsrjettarins á þá leið, að mótmælum og kröfum áfrýjanda var hrundið og voru síðan hinir veðsettu munir seldir ásamt verslunarstaðnum og varð kaupmaður Geo. Copland hæstbjóðandi og honum veitt hamarshögg.

Áfrýjandi hefir nú skotið tjeðum úrskurði uppboðsrjettarins til hæstarjettar og krafist þess, að hann verði feldur úr gildi sem og uppboðið á lausafjármununum og að hinn stefndi uppboðs- og skiftaráðandi, er einum hefir verið stefnt til hæstarjettar, verði skyldaður til að láta sjersölu á hinum veðsettu lausafjármunum fara fram.

En samkvæmt því, sem sagt hefir verið hjer að framan átti og að stefna Geo. Copland, og með því að honum hefir ekki verið stefnt og hann ekki mætt eða látið mæta hjer fyrir rjettinum þá verður að frávísa málinu ex officio.

Málskostnaður fyrir hæstarjetti á að falla niður með því að stefndi hefir ekki mætt.

Því dæmist rjett vera:

Máli þessu vísast frá hæstarjetti. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 17. mars 1924.

Nr. 52/1924. **Aðalpóstmeistari f. h. póststjórnarinnar** (Björn P. Kalman) gegn **P. A. Ólafssyni.** (Enginn).

Skiftarjettarúrskurður ómerktur.

Úrskurður skiftarjettar Barðastrandarsýslu 13. apríl 1923: Máli þessu vísast frá skiftarrjettinum.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu er áfrýjað samkvæmt áfrýjunarleyfi dags. 31. ágúst f. á. með stefnu dags. 21. sept. næst á eftir. Stefndi mætti ekki í málinu, þá er sókn skyldi flutt í því. Hefir það því verið flutt skriflega af hálfu áfrýjanda samkvæmt 38. gr. hæstarjettarlaganna, og ber því að dæma það samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum eftir N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Fyrirmæli 32. gr. laga nr. 7, 13. apríl 1894 um það, að mál til riftingar samkvæmt 22.—31. gr. sömu laga skuli fara sem gestarjettarmál, eru því ekki til fyrirstöðu, að riftingarkrafa megi framkoma fyrir

skiftarjett sem mótmæli gegn kröfu, sem lýst er í bú, eins og átti sjer stað í þessu máli, og að skiftarjettur leggi úrskurð á mótmælin um leið og hann ákveður, hvort krafan skuli koma búi til gjalda eða markar henni sæti í skuldaröðinni. Skiftaráðanda bar því að úrskurða um gildi veðrjettar þess, er í hinum áfrýjaða úrskurði greinir, eins og báðir aðiljar líka óskuðu. Það ber því að ómerkja hinn áfrýjaða úrskurð og skylda skiftaráðandann til þess að leggja úrskurð á umrædda riftingarkröfu að efni til.

Samkvæmt þessum úrslitum málsins verður að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti, og ákveðst hann 120 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði skiftarjettarúrskurður á að vera ómerkur og ber skiftaráðanda að leggja að efni til úrskurð á hina framkomnu riftingarkröfu.

Stefndi greiði áfrýjanda 120 kr. í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Með brjefi dags. 31. des. 1921, veðsetur fyrverandi póstafgreiðslumaður Guðmundur Þorsteinsson verslun P. A. Ólafssonar Geirseyri með 1sta veðrjetti húseign sína á Geirseyri fyrir 5223 króna 05 aura skuld, en nokkru eftir raunverulega dagsetningu veðbrjefsins 14.—15. mars 1922, var bú veðsala tekið til skiftameðferðar, sem þrotabú. Meðferð búsins verður því að fara fram, samkvæmt fyrirmælum 87. greinar sbr. 90. grein skiftalaganna sbr. lög 13. apríl 1894 um gjaldþrotaskifti. Þar sem hjer virðist að ræða um annað og meira, en niðurröðun skulda, þar

sem gildi nefnds veðbrjefs hefir verið vjefengt, verður ekki sjeð, að skiftarjetturinn sje bær um, að leggja úrskurð á málið, sem í eðli sínu sje dómsmál, og beri því að vísa því frá skiftarjettinum.

Mánudaginn 17. mars 1924.

Nr. 60/1923. **Jóhannes J. Reykdal**
(L. Fjeldsted).
gegn
bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Ómerkingardómur. Landamerkjamál.

Dómur merkjadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 30. sept. 1922: Máli þessu vísast frá landamerkjadóminum. Af borgun til meðdómenda greiði sækjandi Jóhannes Reykdal 67 kr. 50 aura, en verjandi Hafnarfjarðarkaupstaður 67 kr. 50 aura. Að öðru leyti falli málskostnaður niður.

Dóminum að fullnægja að því er ídæmdan málskostnað snertir innan 3ja daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri laga aðför.

Dómur hæstarjettar.

Hin stefnda bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar hefir eigi mætt í hæstarjetti þótt henni hafi verið löglega stefnt. Hefir málið því verið rekið samkvæmt 1. lið 38. gr. hæstarjettarlaganna og er dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Mál þetta var höfðað í hjeraði samkvæmt 8. gr. landamerkjalaga nr. 41, 28. nóv. 1919, og lauk því svo, að merkjadómurinn, með dómi uppkveðnum 30. sept. 1922, vísaði því frá rjetti sökum þess að ekki hafði verið lagður fram uppdráttur af þrætulandinu og málið að öðru leyti ljelega upplýst.

Annar málsaðilinn, eigandi jarðarinnar Setbergs, hefir nú að fenginni uppreist, dags. 29. sept. f. á., skotið máli þessu til hæstarjettar, og hefir hann krafist þess að dómurinn verði úr gildi feldur, málinu heimvísað og merkjadómurinn skyldaður til þess að leggja efnisdóm á málið.

Í landamerkjalögunum er eigi fyrirskipað að gera skuli uppdrátt af þrætulandi, enda væri það oft ónauðsynlegt vegna þess að dómendur eiga að ganga á merki og kynna sjer staðháttu, en þar sem merkjadómur telur uppdrátt nauðsynlegan málinu til skýringar, verður að telja rjett að merkjadómur í þessu efni fari eftir fyrirmælum 17. gr. landamerkjalaganna, sem sje kveði upp úrskurð um það, að nauðsynlegt sje, áður en dómur gangi í málinu, að gerður sje uppdráttur af þrætulandinu. En þar sem það sjest eigi af dómsgerðunum, að merkjadómurinn hafi kveðið upp slíkan úrskurð eða á annan hátt aðvarað málsaðila um að gera eða útvega uppdrátt af þrætulandinu, verður samkvæmt kröfu áfrýjanda að ómerkja hinn áfrýjaða dóm, heimvísa málinu og skylda merkjadóminn til að taka málið upp af nýju.

Málskostnað fyrir hæstarjetti greiði stefndi áfrýjanda og ákveðst hann 150 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og vísast málinu heim til nýrrar og löglegri meðferðar og dómsálagningar að efni til.

Stefnda, bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar fyrir hönd bæjarsjóðs, greiði áfrýjanda, Jóhannesi J. Reykdal, 150 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 17. mars 1924.

Nr. 58/1923. **Magnús Þórðarson**
(B. P. Kalman)
gegn
Arinbirni Ólafssyni. (Enginn).

Spurning um hvort dómur var uppkveðinn af löglegum dómstóli, o. fl.

Dómur aukarjettar Vestmannaeyjakaupstaðar 14. apríl 1923: Stefndi, Magnús Þórðarson, greiði stefnanda Arinbirni Ólafssyni 3600 krónur og vexti af þeirri upphæð 6 % p. a. frá 25. janúar 1923 til greiðsludags og málskostnað krónur 22.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Í máli þessu hefir áfrýjandi skotið til hæstarjettar dómi uppkveðnum í aukarjetti Vestmannaeyjakaupstaðar 14. apríl f. á. svo og úrskurði uppkveðnum 20. sept. s. á. í fógetarjetti sama staðar ásamt eftirfarandi fjárnámsgjörð, en þar sem stefndi mætti eigi í málinu er sókn skyldi flutt í því hjer fyrir rjettinum, hefir málið verið flutt skriflega af hálfu áfrýjanda samkvæmt 38. hæstarjettarlaganna og dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Fyrir hæstarjetti krefst áfrýjandi þess aðallega að hinn áfrýjaði fógetarjettar-úrskurður, ásamt eftirfarandi fjárnámsgjörð, verði úr gildi feldur, og byggir hann þessa kröfu fyrst og fremst á því, að hinn áfrýjaði dómur, er var heimild fjárnámsgjörðarinnar, sje markleysa, með því að maður sá, er dóminn kvað upp, hafi eigi þá haft löggildingu til dómsstarfa. Um

þetta atriði er þess að geta að 17. febrúar f. á. var fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, Jón Kristgeirsson, í fjarveru bæjarfógetans, settur til að gegna bæjarfógetaembættinu, þar til önnur ráðstöfun yrði gerð. Hinn 7. april var Símon Þórðarson cand. juris settur til að gegna dómarastörfum í Vestmannaeyjum, þar til hinn reglulegi dómari kæmi heim af alþingi. Í setningarbrjefi Símonar Þórðarsonar er þess eigi getið frá hvaða tíma hann sje settur til þessa starfa og verður því að líta svo á að setning hans hafi fyrst átt að gilda frá þeim tíma, er hann kom í lögsagnarumdæmið og tók við starfanum, en það varð, eftir því sem upplýst er í málinu, eigi fyr en 24. apríl f. á. Samkvæmt því verður að telja, að löggilding Jóns Kristgeirssonar til dómarastarfa í Vestmannaeyjum, hafi enn verið í gildi er hann kvað upp hinn áfrýjaða dóm 14. apríl f. á., og að hinn áfrýjaði dómur hafi verið kveðinn upp af löglegum dómstóli, og verður því eigi fallist á þessa málsástæðu áfrýjanda.

Þá hefir áfrýjandi í annan stað talið það eiga að varða ómerkingu hins áfrýjaða dóms, að undirdómarinn hafi ranglega synjað sjer um umbeðinn framhaldsfrest, en með því að áfrýjandi áður hafði haft nálægt 6 vikna frest og látið þann frest ónotaðan, verður að fallast á að rjett hafi verið að veita honum eigi, gegn mótmælum stefnda, frekari frest og verður hinn áfrýjaði dómur því eigi heldur ómerktur af þeirri ástæðu.

Til vara hefir áfrýjandi krafist aðgerðrar sýknunar af kröfum stefnda fyrir undirrjettinum, en með því að mótmæli hans gegn þeim fyrir undirrjettinum eigi voru nægilega ákveðin og nóvaleyfi eigi

hefir verið fengið, verður sýknukrafa hans eigi tekin til greina.

Samkvæmt framansögðu ber því að staðfesta hinn áfrýjaða aukarjettardóm og fógetarjettarúrskurð ásamt eftirfarandi fjárnámsgjörð. Með því stefndi eigi hefir mætt á málskostnaður í hæstarjetti að falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi og fógetarjettarúrskurði ásamt eftirfarandi fjárnámsgjörð skal óraskað.

Málskostnaður fellur niður.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir stefnandinn, Arinbjörn Ólafsson til heimilis í Borg hjer, eftir árangurslausa sáttatilraun, höfðað gegn stefndum kaupmanni Magnúsi Þórðarsyni til heimilis í Hvammi hjer, með stefnu útgefinni 2. febrúar 1923 til greiðslu á kaupi fyrir verslunarstörf hjá stefnda yfir tímabilið frá 1. janúar 1922 til septemberloka s. á., eða í 9 mánuði á 400 krónur eða samtals 3600 krónur, ásamt 8 % ársvöxtum af upphæðinni frá sáttakærudegi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi gerði þær kröfur við síðustu fyrirtekt málsins að honum yrði úrskurðaður 15 daga framhaldsfrestur í málinu, en með því að hann hefir ekki fært fullar líkur fyrir þörf þessa frests, nje heldur gert fullnægjandi grein fyrir til hvers hann hafi hagnýtt fyrir málið 6 vikna frest þann, er hann hafði í málinu, er ekki hægt að taka kröfu hans til greina.

Verður því að dæma málið eftir þeim gögnum sem nú liggja fyrir hendi í því, og samkvæmt þeim kröfum sem stefnandi ljet bóka við rjettarhaldið í málinu 21. f. m., því að stefndi hefir ekki skilað skjölum málsins enn.

Stefnandi hefir haldið því fram, að hann árið 1921 hafi verið ráðinn til stefnda við verslunarstörf fyrir 400 krónur á

mánuði, en aldrei hafi verið talað um neina breytingu á þeirri ráðningu og hafi því ráðningin framlengst af sjálfu sjer.

Stefndi hefir aftur á móti krafist að verða algert sýknaður í máli þessu og hefir haldið því fram að hann hafi aldrei ráðið stefnanda hjá sjer fyrir 400 krónur á mánuði, en hefir hinsvegar ekki mótmælt því að hafa borgað stefnanda upphæð þessa á mánuði árið 1921 og hefir stefndi heldur ekki bent á hvaða kaup stefnanda hafi borið fyrir hið umrædda 9 mánaða tímabil. Einnig hefir stefndi krafist þess að verða sýknaður af kröfum stefnanda vegna þess að hann skuldi stefnda í útteknum vörum við verslun hans í það minsta sem svarar kaupi fyrir síðast nefnt tímabil, og að því beri að gera hjer skuldajöfnuð, en með því að hjer er stefnt út af kaupi fyrir vinnu, og að stefndi hefir ekki gagnstefnt í málinu virðist ekki eftir atvikum vera hægt að taka þessa kröfu stefnda til greina, enda hefir hann ekki upplýst hve há verslunarskuld stefnanda er.

Eftir því sem hjer að framan segir og eftir þeim skilríkjum og atvikum, sem fyrir liggja í málinu virðist verða að taka kröfu stefnanda til greina að öllu leyti, nema að því er snertir kröfuna um 8 % vexti, svo að fyrir því beri að dæma stefnda til að greiða stefnanda krónur 3600,00 og virðist hæfilegt að stefndi greiði í vexti af skuldinni 6 % p. a. frá sáttakærudegi, eða 25. janúar 1923 til greiðsludags, svo og málskostnað sem ákveðst hæfilegur kr. 22,00.

Mánudaginn 17. mars 1924.

Nr. 62/1923. **Gísli J. Johnsen**
(Jón Ásbjörnsson).
gegn
skiftaráðandanum í Vestmannaeyjum f. h. dánarbús Jóhanns Lárusar Stefánssonar Austmanns og Sigurði Ólafssyni, Rósu Hjartardóttur og Sigfúsi Árnasyni vegna hans sjálfs og sem umráðamanni fjarverandi erfingja, svo og Jóni Árnasyni. (Enginn).

Dómur hæstarjettar.

Mál þetta hefir verið flutt skriflega samkvæmt 1. lið 38. gr. hæstarjettarlaganna.

Auk þess sem hæstarjettarstefnan hefir ekki verið birt öllum þeim, sem stefnt var, er birtingarvottorðið úr Vestmannaeyjum að eins undirritað af öðrum stefnuvottinum og brestur þannig sönnun fyrir því að stefnan hafi verið löglega birt fyrir hinum stefndu þar, sem eigi hafa mætt eða látið mæta fyrir hæstarjetti. Það verður því að vísa málinu ex officio frá rjettinum.

Málskostnaður fyrir hæstarjetti á að falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Máli þessu vísast frá hæstarjetti. Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 19. mars 1924.

Nr. 4/1924.

Valdstjórnin
(L. Fjeldsted)
gegn
Gesti Guðmundssyni
(B. P. Kalman).

Brot á aðflutningsbannslögum nr. 91/1917.

Dómur aukarjettar Reykjavíkur 30. nóv. 1923: Ákærður Sigurður Berndsen, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 60 daga og greiði 1000 króna sekt í ríkissjóð.

Kærður Gestur Guðmundsson sæti einföldu fangelsi í 30 daga og greiði 1000 króna sekt í ríkissjóð.

Kærður Árni Árnason greiði 200 króna sekt í ríkissjóð.

Áfengi það, sem að framan greinir og er í vörslum lögreglunnar sje upptækt og eign ríkissjóðs.

Allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað greiði ákærður Berndsen að $^{7}/_{12}$ hlutum, kærður Gestur að $^{4}/_{12}$ hlutum og kærður Árni að $^{1}/_{12}$ hluta.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Hjeraðsdóminum hefir að eins verið áfrýjað að því er kærða snertir. Og þar sem fallast verður á ástæður dómsins um sök kærða, ber að staðfesta dóminn að því leyti.

Samkvæmt þessum úrslitum verður kærði að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, 80 krónur til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Kærði, Gestur Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað, þar með talin sóknar og varnar-

laun hæstarjettarmálaflutningsmannanna L. Fjeldsteds og B. P. Kalmans, 80 kr. hvorum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur aukarjettardómsins hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af rjettvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu gegn Sigurði Berndsen, kaupmanni, Bergstaðastræti 10 hjer í bæ fyrir brot á 14. og 22. kapítula almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869 og á lögum nr. 91, 14. nóvember 1917 um aðflutningsbann á áfengi og af valdstjórnarinnar hálfu gegn Gesti Guðmundssyni, skrifara, Bergstaðastræti 1 og Árna Árnasyni frá Höfðahólum, Laugaveg 58, fyrir brot á áðurnefndum lögum frá 1917, og er það, sem nú skal greina, löglega sannað, sumpart með eigin játning kærðra, sumpart með framburði vitna svo og öðrum gögnum, sem aflað hefir verið í málinu.

I. Föstudaginn 4. maí s. l. kl. milli $3^1/_2$ og 4 síðdegis fóru þeir Alfred Gíslason, stud. art., 17 ára, og Sigurberg Eiríksson, verslunarmaður, 16 ára, eftir beiðni Guðmundar Sigurjónssonar, gæslumanns bannlaganna fyrir Stórstúkuna, til Gests Guðmundssonar skrifara, Langaveg 24 C í þeim tilgangi að kaupa hjá honum áfengi og ætlaði Guðmundur svo að kæra Gest, ef hann seldi áfengið.

Komu piltar þessir, sem kveðast áður hafa keypt áfengi hjá Gesti, á heimili hans, börðu þar að dyrum og kom dökkhærður kvenmaður til dyra. Spurðu þeir hvort Gestur væri heima og var því svarað játandi, og kom hann því næst til dyra. Föluðu þeir hjá honum eina flösku af spiritusblöndu og kvaðst hann hafa hana og seldi þeim síðan sína hálfflöskuna af spiritusblöndu hvorum, fyrir samtals 10 krónur, og voru þeir báðir viðstaddir er þeir tóku á móti áfenginu og greiddu andvirðið. Var áfengi þetta síðan flutt niður á lögreglustöð og skýrsla tekin af þeim. Síðan var gerð húsleit eftir áfengi hjá kærðum Gesti og fanst við hana $^1/_2$ flaska af spiritusblöndu, sem álíta verður að kærður hafi gert grein fyrir, hvar hann hafi fengið. Þennan framburð sinn hafa Alfred og Sigurberg staðfest með eiði eftir löglegan undirbúning í málinu.

Kærður, Gestur hefir neitað því að hafa selt vitnunum Alfred og Sigurberg áfengi í umrætt skifti eða endranær, en gegn eiðfestum framburði þeirra verður sú neitun ekki tekin til greina.

II. 20. ágúst s. l. kl. milli 5 og 6 e. h. var kærður Gestur Guðmundsson að stíga út úr bifreið við heimili sitt, Bergstaðastíg 1, og hafði meðferðis pakka undir hendinni. Sigurði Gíslasyni, lögregluþjóni, sem þar var viðstaddur, þótti pakkinn grunsamlegur og hafði kærðan með sjer niður á lögreglustöð og kom þá í ljós að þetta var 10 lítra brúsi fullur af spiritus.

Kærður gerði þá grein fyrir áfengi þessu, að Tryggvi Gunnarsson, verslunarmaður, hefði beðið sig að geyma pakkann. Hefði hann farið á bifreið niður að porti hússins nr. 4 við Lækjargötu og fengið pakkann þar afhentan af Tryggva, án þess að vita hvað í honum væri.

Tryggvi hefir eindregið neitað því, að hafa látið kærðan Gest fá áfengi þetta, og gegn neitun hans verður ekki álitið að kærður hafi gert grein fyrir því, á hvern hátt umrætt áfengi hafi komist í vörslur hans.

III. Hinn 5. maí kl. um 1 e. h. komu á lögreglustöðina piltarnir Sigurberg Eiríksson og Stefán Runólfsson og höfðu meðferðis 1 $^1/_1$ flösku spiritusblöndu, sem þeir kváðust hafa keypt af ákærðum Sigurði Berndsen báðir saman, fyrir 10 krónur, en þeir höfðu farið á heimili hans að undirlagi Guðmundar Sigurjónssonar, til að fala áfengi hjá honum, í því skyni, að kæra hann fyrir lögreglunni ef hann seldi þeim áfengi.

Hefir kærður Sigurður Berndsen eftir nokkrar vífilengur kannast við að hafa selt vitnunum umrætt áfengi.

IV. Í sambandi við mál þetta var að undangengnum dómsúrskurði 18. júní s. l. framkvæmd húsrannsókn hjá ákærðum Sigurði Berndsen og fundust við hana ýmsir munir, svo sem 12 úr, 4 úrfestar, 4 hringir o. fl. Var farið að grenslast eftir hvernig á munum þessum stæði og kom þá í ljós að þeir voru að mestu handveð, sem ýmsir höfðu sett fyrir áfengi, sem þeir höfðu keypt af kærðum, en áttu að borga seinna. Hefir kærður kannast við að þetta sje rjett og að hann hafi smátt og smátt selt bæði spiritusblöndu og Cognak, eftir því sem upplýst er í málinu, a. m. k. 10 $^1/_1$ flöskur af spiritusblöndu og 2 $^1/_1$ af Cognaki, sem hann kveðst hafa fengið út á lyfseðla. Gripum þeim, sem settir hafa verið að handveði fyrir áfengiskuldum hefir með samþykki

kærðs verið skilað eigendunum, að svo miklu leyti, sem til þeirra hefir náðst.

V. Laugardaginn 5. maí s. l. kl. 4½ e. h. var framin húsleit hjá kærðum Sigurði Berndsen eftir áfengi og fundust við þá húsrannsókn 2 þriggjapelaflöskur og 1 pottflaska fullar af spiritus, sem eru í vörslum lögreglunnar. Kærður Berndsen gerði þá grein fyrir áfengi þessu, að það væri eign Árna Árnasonar frá Höfðahólum, sem hann hefði beðið sig að geyma.

Árni Árnason kveður þetta rjett vera. Kveðst hann hafa keypt 5 lítra af spiritus af manni, sem hann ekki þekti, niður hjá Völundarbryggju og geymt þá fyrst á heimili sínu á Laugaveg 58 og drukkið smátt og smátt nokkuð af því, en flutt afganginn 2½—3½ líter niður á heimili kærðs Berndsen og falið honum það til geymslu.

Þó að ýmislegt í prófum málsins bendi til þess, að Árni hafi alls ekki falið Sigurði neinn spiritus til geymslu um þetta leyti og framburður þeirra sje að ýmsu leyti ósamkvæmur og ótrúlegur, treystir rjetturinn sjer ekki til að hnekkja frásögn Árna um eignarrjett hans að umræddum spiritus, en þar af leiðir að ekki verður álitið, að hann hafi gert nægilega grein fyrir því, á hvern hátt hans hafi verið aflað, og er hann þá sekur um brot á aðflutningsbannslögunum.

VI. Tveim dögum eftir að Sigurberg Eiríksson og Stefán Runólfsson keyptu áfengisflösku þá, sem getur um sbr. nr. III. af kærðum Berndsen kom hann kl. um 4 e. h. ásamt kærðum Gesti Guðmundssyni, á heimili vitnisins Alfreds Gíslasonar Bergstaðastræti 36. Kærður Gestur fór inn til föður vitnisins, en kærður Berndsen gerði boð fyrir það og bað það að tala við sig í forstofu hússins. Spurði kærður vitnið hvort það hefði verið með þeim vitnunum Stefáni og Sigurbergi er þeir keyptu áfengisflöskuna af honum og svaraði vitnið því neitandi.

Bauðst kærður þá til að gefa vitninu 50 krónur í peningum ef það gæti fengið þá til að „gera þetta ónýtt“. Fyrir það átti hann að lofa þeim peningaborgun og „nóg af áfengi“. Sagði kærður að hraða þyrfti þessu, því hann ætti að koma niður á lögreglustöð kl. 10 næsta morgun út af málinu.

Svaraði vitnið á þá leið, að erfitt myndi að fá þá Stefán og Sigurberg til að afturkalla skýrslu sína, en það kostaði ekkert að reyna það.

Nú fór vitnið til þeirra Sigurbergs og Stefáns og skýrði

þeim frá því, hvað Sigurður hefði boðið. Kom þeim öllum saman um, að ekki kæmi til mála að breyta skýrslu sinni, sem var rjett, en langaði hinsvegar til að vita, hversu langt Sigurður vildi ganga. Fóru þeir þá á leið heim til Sigurðar, en hittu hann á Bergstaðastrætinu og urðu þeir 4 samferða heim til vitnisins Alfred. Endurtók kærður þá beiðni sína um að þeir tækju aftur framburð sinn fyrir lögreglunni um að hafa keypt áfengisflöskuna hjá sjer, og áttu þeir í stað þess að segja, að Guðmundur Sigurjónsson hefði fengið þeim áfengisflöskuna í hendur og keypt þá til að fara með hana heim til kærðs, koma með hana þaðan og bera það, að kærður hefði selt þeim hana. Fyrir þetta áttu þeir að fá peningaborgun 100—200 krónur hvor og ókeypis áfengi eftir þörfum.

Þá mintist kærður á það við vitnin, að Gestur myndi borga vitnunum, Alfred og Sigurbergi, enn betur en hann, ef þeir tækju aftur framburð sinn um áfengiskaup þeirra hjá honum.

Sögðust vitnin ætla að athuga málið og vita hvort hann eða Guðmundur byði betur, og varð það að samkomulagi, að þau og kærður skyldu hittast um kvöldið heima hjá kærðum og átti þá að gera út um þetta og Gestur að vera viðstaddur.

Vitnin fóru svo heim til Guðmundar Sigurjónssonar og sögðu honum frá samtalinu og varð það að samkomulagi að þau færu ekki heim til kærðs heldur sendu þau dreng með miða sem ritað var á að þau gætu ekki æru og drengskapar síns vegna, gengið að tilboðinu.

Kærður Gestur hefir staðfastlega neitað því að það hafi verið að hans undirlagi að Berndsen fór að fitja upp á því við vitnin Alfred og Sigurberg að þau tækju aftur framburð sinn um sölu hans á áfengi, og kemur sú neitun hans heim við framburð meðákærðs Berndsen, sem hinsvegar hefir kannast við að vitnin hafi í höfuðatriðunum skýrt rjett frá. Þó hefir hann haldið því fram, að þau hafi sjálf átt uppástunguna um að segja að Guðmundur Sigurjónsson hafi látið þá fá áfengið, sem þó er sannað að var ákærður með samhljóða eiðfestum framburði þriggja vitnanna.

Ákærður Sigurður Berndsen er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 17. desember 1889. Hann hefir ekki sætt ákæru eða refsingu fyrir hegningarlagabrot, en undirgengist 400 króna sektargreiðslu í ríkissjóð í lögreglurjetti Reykjavíkur fyrir að geta ekki gert grein fyrir áfengi, sem fanst við húsleit í vörslum hans

og tvisvar verið sektaður fyrir brot á aðflutningsbannslögunum í Húnavatnssýslu um 25 kr. og 200 kr.

Kærður Gestur Guðmundsson hefir tvívegis undirgengist sektargreiðslu fyrir brot á aðflutningsbannslögunum: í fyrsta sinn 12. júní 1922, 300 króna sekt fyrir að selja í eitt skifti 4 lítra af spiritus og síðar 25. október s. á. 600 kr. sekt fyrir að geta ekki gert grein fyrir áfengi sem fanst í vörslum hans við húsleit.

Kærður Árni Árnason hefir ekki áður sætt ákæru eða refsingu hjer í bæ.

Brot kærðs Sigurðar Berndsen sub. nr. III og IV ber að heimfæra undir 15. gr. laga nr. 91 frá 14. nóvember 1917 og verknaður sá sem lýst er sub. VI undir 146. og 227. sbr. 53. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869, og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 60 daga og 1000 króna sekt, er renni í ríkissjóð.

Brot kærðs Gests Guðmundssonar sub. nr. I og II ber, með tilliti til fyrri brota, að heimfæra undir 1. sbr. 12. og 15. gr. laga nr. 91 frá 14. nóvember 1917 og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið, hæfilega ákveðin 1000 króna sekt í ríkissjóð og einfalt fangelsi í 30 daga.

Brot kærðs Árna Árnasonar sub. nr. V ber að heimfæra undir 1. sbr. 11. gr. laga nr. 91 frá 14. nóvember 1917, og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið, hæfilega ákveðin 200 króna sekt er renni í ríkissjóð, svo skal og áfengi það, er fanst við húsrannsóknina hjá kærðum Berndsen og er eign kærðs Árna, upptækt og eign ríkissjóðs.

Allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað greiði kærðir þannig: ákærður Sigurður að $^{7}/_{12}$ hlutum, kærður Gestur að $^{4}/_{12}$ og kærður Árni að $^{1}/_{12}$.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 21. mars 1924.

Nr. 1/1924. **Valdstjórnin**
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
Guðmundi Jónatanssyni, Jóni Guðmundssyni, Sveini Guðmundssyni og Sveini Sigurðssyni.
(Pjetur Magnússon).

Spurning um brot á reglum um mjólkursölu á Ísafirði.

Dómur lögreglurjettar Ísafjarðarsýslu 15. okt. 1923: Kærðir Guðmundur Jónatansson, Jón Guðmundsson, Sveinn Guðmundsson og Sveinn Sigurðsson greiði hver um sig 40 kr. sekt til bæjarsjóðs Ísafjarðar.

Allan af málinu leiðandi kostnað greiði kærðir in solidum. Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Það sjest á niðurlagi 1. mgr. 3. gr. reglna um mjólkursölu á Ísafirði nr. 64/1921, að bannið í upphafi 1. gr. við mjólkursölu í bænum, án leyfis heilbrigðisnefndar, á yfirleitt ekki við sölu þeirra mjólkurframleiðenda, sem eiga heima utan Eyrarlands, en svo er ástatt um alla hina kærðu, og að minsta kosti ekki við sölu þeirrar mjólkur, sem seld er á heimilum nefndra framleiðenda.

Og það er in confesso, að heilbrigðisnefndin á Ísafirði hafði ekki notað sjer heimild þá til að banna mjólkursölu framleiðenda utan Eyrarlands, samkvæmt áður tilvitnaðri 1. mgr. 3. gr., þá er brot kærðu eiga að hafa átt sjer stað.

Hinum kærðu var því ábyrgðarlaust að selja mjólk til Ísafjarðar frá heimilum sínum, enda má telja það upplýst, að mjólk sú er þeir seldu til Ísa-

fjarðar hafi borist neytendum hennar þar með sömu ummerkjum, sem hún fór með frá heimilum þeirra. Það verður því að sýkna alla hina kærðu af kærum valdstjórnarinnar og þá jafnframt leggja allan kostnað málsins bæði í hjeraði og hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda hjer í rjetti, 60 kr. til hvors, á almannafje.

Því dæmist rjett vera:

Hinir kærðu, Guðmundur Jónatansson, Jón Guðmundsson, Sveinn Guðmundsson og Sveinn Sigurðsson, eiga að vera sýknir af kæru valdstjórnarinnar.

Allur kostnaður sakarinnar bæði í hjeraði og hæstarjetti greiðist af almannafje, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, hæstarjettarmálaflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Pjeturs Magnússonar, 60 kr. hvorum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað með stefnu útgefinni 10. ágúst þ. á. gegn bændunum Guðmundi Jónatanssyni á Fossum, Jóni Guðmundssyni á Hafrafelli, Sveini Guðmundssyni á Góustöðum og Sveini Sigurðssyni í Arnardal, allir í Eyrarhreppi, fyrir brot á reglum um mjólkursölu á Ísafirði frá 10. júni 1921.

Tildrög málsins eru á þessa leið:

Á fundi heilbrigðisnefndar Ísafjarðarkaupstaðar, var samkvæmt reglum um mjólkursölu á Ísafirði 10. júní 1921 samþykt að fela Karlinnu Jóhannesdóttur, hjer í bænum, einni, útsölu á allri aðfluttri mjólk til bæjarins frá 15. júní þ. á. Sölu mjólkurinnar má haga þannig, að hver mjólkurframleiðandi útvegi sjálfur kaupendur að mjólk sinni, enda skal hann þá leggja mjólkur-

sala til hæfilegt ílát undir hana. Mjólkursali ber að eins ábyrgð á innheimtu andvirðis þeirrar mjólkur, er hann útvegar kaupendur að. Ennfremur var á fundi heilbrigðisnefndar 25. júní s. á samþykt að fela einnig Olgu Bergsveinsson útsölu á aðfluttri mjólk, enda uppfylli hún sömu skilyrði og Karlinna Jóhannesdóttir.

Báðar þessar samþyktir voru kunngerðar með uppfestum auglýsingum í bænum, og í auglýsingunni um síðari samþyktina var þess sjerstaklega getið, að ríkt yrði gengið eftir að aðflutt mjólk yrði eigi seld annarsstaðar.

Hinir kærðu, er aldrei hafa sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt lagabrot hafa kannast við að þeim hafi verið kunnugt um framangreindar ráðstafanir heilbrigðisnefndar, og með eigin játningu þeirra og öðrum gögnum er eftirfarandi nægilega sannað í málinu.

Guðmundur Jónatansson.

Eftir það að samþykt heilbrigðisnefndar um mjólkursölu var gengin í gildi 15. júní þ. á. sendi kærður mjólk sína á mjólkursölustað Karlinnu Jóhannesdóttur, en mjólkin gekk eigi út öll, nema við og við. En það sem afgangs var, tók mjólkurboð kærðs með sjer til baka daginn eftir og var hún þá farin að súrna, og orðin að litlum notum. Kærðum mislíkaði þetta og 13. júli þ. á. fór hann að senda nokkuð af mjólkinni beint til 3ggja viðskiftamanna sinna hjer í bænum eða samtals tæpa $2^3/_4$ lítra, en auk þess sendi hann hingað 14 lítra sumpart til Karlinnu Jóhannesdóttur og sumpart til Olgu Bergsveinsson.

Kærður hefir haldið því fram, að Karlinna Jóhannesdóttir hafi í fyrstu heimilað sjer að flytja mjólkina heim til neytendanna í ílátum þeirra, gegn því að greiða henni 5 % í ómakslaun. En gegn mótmælum Karlinnu er þetta eigi sannað, enda lítur rjetturinn svo á, að það sje eigi á valdi mjólkursala að gera undanþágu frá ákvæðum heilbrigðisnefndar.

Að því er kærðan *Jón Guðmundsson* snertir, er það sannað, að eftir að samþykt heilbrigðisnefndar gekk í gildi, hjelt kærður áfram að senda tæpa 2 og $^3/_4$ lítra mjólkur heim til tveggja fyrri viðskiftamanna sinna, hjer í bænum, sem sje $^3/_4$ potts til annars en 2 potta til hins. En neytandi greindra $^3/_4$ potts hafði fengið leyfi hjá manni Karlinnu Jóhannesdóttur fyrir því, að mjólkurboð kærðs færði neytandanum mjólkina heim til hans.

Hinn hluta mjólkurinnar, um 20 lítra sendi kærður til

Karlinnu Jóhannesdóttur, í ílátum þeim, er hann áður hafði sent mjólkina í til neytendanna, hjer í bænum. En mjólkursalan afhenti svo mjólkina aftur til viðskiftamanna kærðs í sömu ílátunum gegn 5 % þóknun af söluandvirði mjólkurinnar. En kringum miðjan júlí þ. á. flutti kærður sig með mjólk sína frá Karlinnu Jóhannesdóttur til hins mjólkursalans, Olgu Bergsveinsson.

Kærður heldur því fram, að hann hafi eigi brotið í bága við reglurnar um mjólkursölu, þar eð hann telji sig selja mjólkina heima hjá sjer á Hafrafelli og sendi hana einungis til viðskiftamanna sinna hjer í bænum.

Sveinn Guðmundsson.

Það er sannað í málinu, að þann dag, er samþykt heilbrigðisnefndar gekk í gildi, fór kærður með tæpa 4 lítra mjólkur til Karlinnu Jóhannesdóttur, en hún tók einungis við rúmum $^1/_4$ hluta mjólkurinnar. Hitt fór hann með aftur heim til sín. Fór kærður þá að selja mjólk sína heima hjá sjer, sumpart til viðskiftamanna í nágrenninu og sumpart til viðskiftamanna á Ísafirði samtals tæpa 4—5 lítra á dag.

Heldur kærður því fram að hann álíti sig hafa heimild til að selja viðskiftamönnum sínum á Ísafirði mjólk, þrátt fyrir samþykt heilbrigðisnefndar, þar eð hann selji mjólkina heima hjá sjer og sendi hana síðan til viðskiftamanna sinna, hjer í bænum.

Sveinn Sigurðsson.

Með játningu kærðs er það sannað, að hann hjelt áfram að færa fyrri viðskiftamönnum sínum hjer í bænum, mjólk, heim til þeirra, þrátt fyrir samþykt heilbrigðisnefndar. Kveðst kærður nokkru áður en samþykt heilbrigðisnefndar gekk í gildi, hafa verið sjer í útvegum um kaupendur að mjólk sinni, hjer í bænum, kringum 26 lítra, og samið svo við þá, að þeir keyptu af honum mjólkina heima hjá honum í Arnardal fyrir 45 aura hvern pott, en auk þess áttu þeir að greiða 15 aura á pott í flutningskostnað til Ísafjarðar. En daginn sem samþykt heilbrigðisnefndar gekk í gildi, fór kærður á fund Karlinnu Jóhannesdóttur og kveðst hafa fengið leyfi hennar til þess fyrst um sinn að færa viðskiftamönnum sínum sjálfur mjólkina, meðan þeir væru að átta sig á breytingunni og meðan hann væri að reyna að fá þá til að sækja mjólkina á útsölustaðinn. En hinsvegar kveðst Karlinna einungis hafa samsint því, að kærður afhenti viðskiftamönnum sínum sjálfur mjólkina meðan hann væri að útvega sjer ílát undir hana. Er það því eigi sannað í málinu, að mjólkursala hafi samsint frekar,

enda ekkert upplýst í málinu um það, að nokkur breyting yrði að þessu leyti á afhending mjólkurinnar af hálfu kærðs, þann rúman mánuð, er leið frá því hjer umrædd mjólkursala byrjaði og þangað til mál þetta var kært.

Samkvæmt framansögðu virðast kærðu því hafa selt mjólk sína hingað til bæjarins í bága við ákvæði heilbrigðisnefndar. En spurning er svo um það, hvort heilbrigðisnefnd hafi með lögum heimild til þess að gera ákvæði um sölu aðfluttrar mjólkur eins og hjer hefir átt sjer stað. Skal í þessu tilliti tekið fram:

Með lögum nr. 32, 1918 um mjólkursölu á Ísafirði, er bæjarstjórn Ísafjarðar heimilað að setja ákvæði um alt, er lítur að meðferð og gæðum rjóma og mjólkur, er selja á í kaupstaðnum, svo og um tölu og legu útsölustaða þeirra vörutegunda, ennfremur að ákveða, að enginn megi standa fyrir sölu mjólkur eða rjóma til almennings, nema með samþykki heilbrigðisnefndar, er einnig hefir heimild til þess að svifta mjólkursala leyfinu.

Samkvæmt þessari lagaheimild hefir svo bæjarstjórn Ísafjarðar samið reglur um mjólkursölu á Ísafirði og stjórnarráðið samþykt þær 10. júni 1921.

Það virðist samkvæmt þessu nægilega ljóst, að reglur um mjólkursölu á Ísafirði 10. júní 1921, hafa lagaheimild. En í 1. gr. þeirra segir: „mjólk má eigi selja í bænum, nema með samþykki heilbrigðisnefndar". Ákvæði þetta í sambandi við tilsvarandi ákvæði fyrgreindra heimildarlaga verður nú að skilja svo, að það sje á valdi heilbrigðisnefndar að setja ákvæði um sölu aðfluttrar mjólkur eins og átt hefir sjer stað þannig, að sala aðfluttrar mjólkur skuli og megi einungis fara fram á hinum tilteknu útsölustöðum, er því beri að skoða sem einkasölustaði. Í ákvæðinu felst tvent, sem sje sölubann og innflutningsbann, á allri aðfluttri mjólk, nema frá hinum fyrirskipuðu útsölustöðum. Það skiftir því eigi máli, hvort kærðir telji sig hafa selt mjólkina heima hjá sjer og einungis sent hana frá sjer til viðskiftamanna sinna hjer í bænum, eða hvort þeir selja mjólkina neytendum hjer á staðnum, því hvorttveggja virðist vera óheimilt.

Með skírskotun til framanritaðs, hafa kærðir því að rjettarins áliti orðið sekir um brot gegn tjeðum reglum um mjólkursölu á Ísafirði og að þeir eigi að sæta sektum fyrir brotið, er þykir hæfilega metin 40 kr. fyrir hvern þeirra og renni sektin í bæjarsjóð Ísafjarðar, sbr. 4. gr. í reglum um mjólkursölu á Ísafirði 10. júní

1921. Svo ber og kærðum að greiða in solidum allan af málinu leiðandi kostnað.

Málinu hefir verið hraðað lögum samkvæmt.

Mánudaginn 31. mars 1924.

Nr. 67/1923. **Einar Ríseberg**
gegn
Magnúsi Kjartanssyni.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Einar Ríseberg, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Mánudaginn 31. mars 1924.

Nr. 68/1924. **Einar Ríseberg**
gegn
Árna Árnasyni.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Einar Ríseberg, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Miðvikudaginn 9. apríl 1924.

Nr. 30/1924. **Elías Jónsson**
(Björn P. Kalman)
gegn
Guðrúnu Ottósdóttur og gagnsök
(Guðm. Ólafsson).

Barnsfaðernismál.

Dómur lögreglurjettar Strandasýslu 2. mars 1923: Svo framarlega, sem barnsmóðirin, Guðrún Ottósdóttir, vinnur eið að því á varnarþingi sínu, eftir löglegan undirbúning, að hún á tímabilinu frá 26. desember 1921 til 15. mars 1922, hafi ekki haft holdlegt samræði við neinn annan karlmann, en hinn lýsta barnsföður Elías Jónsson, verður að líta svo á, að hann sje faðir að barni því er kærandi ól 9. nóvbr. 1922 og dó óskírt 14. s. m., og skal hann þá skyldur til að greiða kæranda barnsfararkostnað, að sínum parti, lögum samkvæmt, og meðgjöf með barninu, frá fæðingu til dánardægurs, eftir yfirvaldsúrskurði, og ennfremur til að greiða, allan af máli þessu, löglega leiðandi kostnað.

En treysti aftur á móti barnsmóðirin sjer ekki til, að vinna svofeldan eið, skal kærði vera sýkn af kröfum hennar í þessu máli, og greiðist þá málskostnaður af almannafje.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstarjettar af hendi beggja aðila og hefir gagnáfrýjandi fengið gjafvarnar og gjafsóknarleyfi og skipaðan málflutningsmann og gagnáfrýjað málinu, samkvæmt áfrýjunarleyfi dags. 12. janúar þ. á., með stefnu dags. 16. s. m.

Það er upplýst í málinu að aðilar sváfu ein tvö í sama herbergi á þeim tíma, er líklegt má telja, að barn það, er gagnáfrýjandi ól 9 nóvember 1922, hafi verið getið. Þetta atriði ásamt því að gagn-

áfrýjandi hefir, bæði áður en barnið fæddist og eftir, jafnan haldið því fram, að aðaláfrýjandi væri faðir að því, þykir veita þær líkur fyrir faðernislýsingu gagnáfrýjanda, að rjett sje, eins og ákveðið var í lögreglurjettardóminum, að láta úrslit málsins vera komin undir eiði hennar, þó þannig að eiðfresturinn verði 3 mánuðir frá uppsögn þessa dóms og að eiðstafurinn verði samkvæmt fyrirmælum 16. gr. laga nr. 46, 27. júní 1921, og að upphaf tímabils þess, er eiðurinn á að taka til, verði ákveðið 1. janúar 1922 í samræmi við framburð gagnáfrýjanda. Vinni gagnáfrýjandi eiðinn skal aðaláfrýjandi teljast faðir að stúlkubarni því, er gagnáfrýjandi ól 9. nóvember 1922 og vera skyldur til að greiða að sínum hluta meðlag með barninu og barnsfararkostnað eftir yfirvaldsúrskurði, svo og greiða málskostnað fyrir undirrjetti og hæstarjetti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talið málflutningskaup hins skipaða málflutningsmanns gagnáfrýjanda er ákveðst 80 krónur.

Verði gagnáfrýjanda hinsvegar eiðfall á aðaláfrýjandi að vera sýkn af kröfu hennar og greiði hún þá aðaláfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti er ákveðst 150 kr. Að öðru leyti greiðist þá kostnaður málsins, þar með talið málflutningskaup hins skipaða talsmanns gagnáfrýjanda, 80 kr., af almannafje.

Það er aðfinnsluvert við meðferð málsins í hjeraði, að fullnægjufrestur lögreglurjettardómsins er ranglega ákveðinn 15 dagar.

Það athugast ennfremur, að aðaláfrýjunarstefnan í máli þessu er dags. 12. apríl f. á., en dráttur sá, sem orðið hefir á málinu, þykir hafa verið nægilega rjettlættur í málsfærslunni.

Því dæmist rjett vera:

Ef gagnáfrýjandi, Guðrún Ottósdóttir, innan þriggja mánaða frá uppsögn þessa dóms, eftir löglegan undirbúning, á varnarþingi sínu vinnur eið að því, að aðaláfrýjandi, Elías Jónsson, hafi haft samfarir við sig á tímabilinu frá 1. janúar til 15. mars 1922, skal aðaláfrýjandi teljast faðir að stúlkubarni því, er gagnáfrýjandi ól 9. nóvember 1922, og vera skyldur til að greiða að sínum hluta meðlag með barninu og barnsfararkostnað eftir yfirvaldsúrskurði, svo og að greiða allan kostnað málsins fyrir undirrjetti og hæstarjetti eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, þar á meðal málflutningskaup hins skipaða málflutningsmanns gagnáfrýjanda, hæstarjettarmálaflutningsmanns Guðmundar Ólafssonar, 80 krónur.

Verði gagnáfrýjanda aftur á móti eiðfall skal aðaláfrýjandi vera sýkn af kröfum hennar og ber gagnáfrýjanda þá að greiða aðaláfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti með 150 krónum. Að öðru leyti greiðist þá kostnaður málsins, þar með talið málflutningskaup hins skipaða talsmanns gagnáfrýjanda, 80 kr., af almannafje.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað eftir kröfu ógiftrar stúlku, Guðrúnar Ottósdóttur vinnukonu á Ytra-Ósi í Hrófbergshreppi, samkvæmt kæru dags. 29. jan. þ. á., rjettarskjal nr. 1, gegn Elíasi Jónssyni, nú lausamanni á Innra-Ósi í sama hreppi, en sem veturinn 1921 til 1922, var stúlkunni samtíða, þá vetrarmaður á Ytra-Ósi.

Stúlkan heldur því fram í kærunni og jafnan síðan, við öll próf í málinu, að tjeður Elías, sje faðir barns þess er hún ól 9. nóvember síðastliðinn, og að hvorki sjá eða geti verið um annan föður að barni sínu að ræða, þar sem hún aldrei hafi haft holdleg afskifti af neinum öðrum, en segist hafa haft holdlegar samfarir við hann oft á tímabilinu, frá því laust eftir nýár 1922 og fram til 27. mars s. á. og hefir í framburði sínum, sjerstaklega stað- og stundfest samfarirnar í þrjú skifti, en segir þær þess utan oft hafa átt sjer stað, og segir ennfremur frá mörgum atvikum, milli sín og Elíasar, sumarið 1922, sem sprottið hafi af þessum viðskiftum þeirra um veturinn, og því ástandi hennar, að hún var ekki einsömul.

Elías aftur á móti synjar með öllu fyrir faðerni barnsins og það blátt áfram af þeirri ástæðu, að hann hafi aldrei komið nálægt kæranda til þeirra hluta, og segir allar sögur hennar hjer að lútandi lygi og tóman uppspuna, án þess þó að hann treysti sjer til að benda á neinn, sem honum þyki líklegur til að vera faðir barnsins, nema með dylgjum einum, sem ekkert mark virðist á takandi og hann jafnvel tekur aftur í öðru orðinu.

Þegar litið er yfir málið í heild sinni, virðist alt sem fram hefir komið hníga í þá átt að sanna sögu stúlkunnar, bæði allur vitnaframburður, sem til hefir náðst og framburður hennar sjálfrar, altaf sjálfum sjer samkvæmur, bæði fyrir rjettinum og eins utan rjettar, frá því í fyrra sumar, að fyrst fór að brydda á ástandi hennar, og fram til loka rjettarprófanna, segir stúlkan svo ítarlega frá nokkrum atvikum, um viðskifti þeirra Elíasar, bæði áður en hún vissi af ástandi sínu og eins eftir að hún vissi það, að það virðist frágangssök að líta á þau, sem lygi og uppspuna, jafnvel undir öllum kringumstæðum, en ekki síst þegar þess er gætt, að hjer á hlut að máli, að dómi allra, sem til þekkja, sannorð en fremur veigalítil og treggáfuð stúlka, sem ekki að dómi þessara manna mundi hafa vitsmuni eða þrek, til að halda fram ósönnum framburði og lognum sögum, við löng og erfið próf, þannig að ekki bryddi á mótsögnum, og virtist bæði framburður

og framkoma stúlkunnar, þegar þau Elías voru prófuð saman í rjettinum, bera öll sannleikans einkenni.

Aftur á móti virðist neitun Elíasar, á því, að hafa haft nokkur líkamleg afskifti af stúlkunni, þó hún sje bæði stórorð og eindregin, fábreytt og tómhljóðleg, skorta hljómgrunn sannleikans, og virðist í sjálfu sjer enginn sannfærandi kraftur fólginn í bláberri neitun og kröfu um sannanir í svona máli, og í gálauslegu framboði eiðs síns, og beint tortryggilegt virðist það atriði, að hann grunar ástand stúlkunnar, nálega mánuði á undan öllu öðru heimilisfólki.

Það hefir ekki tekist að leiða fullgildar sannanir fyrir holdlegu samræði milli Elíasar og kæranda á fyrgreindu tímabili og verður hann því ekki beint dæmdur faðir að barni kæranda, en á hinn bóginn virðist rjett, að láta endalyktir málsins vera komnar undir eiði kæranda; þannig að treysti hún sjer til að vinna eið að því á varnarþingi sínu, eftir löglegan undirbúning, að hún á tímabilinu frá 26. desember 1921 til 15. mars 1922, en á því tímabili virðist eftir öllu, sem fram hefir komið í málinu, rjett að ætla, að barn Guðrúnar sje komið undir, hafi hún ekki haft holdlegar samfarir við neinn karlmann annan en kærða, verður að líta svo á, að kærði sje faðir barns þessa, sem hún ól 9. nóvbr. 1922 og verður þá að dæma hann til að greiða barnsfararkostnað kæranda, og meðgjöf með barninu frá fæðingu til dánardægurs, 14. nóvbr. 1922, að sínum parti, samkvæmt yfirvaldsúrskurði og í því falli verður ennfremur, að dæma hann til að greiða allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað.

En treysti kærandi sjer ekki til að vinna svofeldan eið, skal kærði vera sýkn af kröfum kæranda í þessu máli, og greiðist þá málskostnaður af almannafje.

Föstudaginn 9. maí 1924.

Nr. 5/1924. **Valdstjórnin** (Guðm. Ólafsson)
gegn
Margrjeti Zoëga (Björn P. Kalman).

Spurning um gildi vínveitingaleyfis kærðu.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 7. febr. 1924: Kærð, Margrjet Zoëga, greiði 200 króna sekt í ríkissjóð og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Það er rjettilega tekið fram í hinum áfrýjaða dómi, að kærða misti rjett sinn til áfengisveitinga að fullu er 9. gr. laga nr. 44, 30. júlí 1909 gekk í gildi og gat kærða ekki öðlast rjettinn á ný nema með nýju leyfi samkvæmt ákvæðum reglugjörðar nr. 65, 18. júlí 1922. Hefir kærða því með því að byrja áfengisveitingar á ný án slíks leyfis gjörst brotleg gegn 15. gr. sbr. 9. gr. nefndrar reglugjörðar. Og með tilliti til þess, að kærða taldi sig hafa rjett til að veita áfengi samkvæmt leyfisbrjefinu 4. júní 1883 og hefir haldið því fram, að hún hafi byrjað áfengisveitingarnar til þess að fá dóm um gildi leyfisbrjefsins, þykir eftir atvikum mega ákveða refsinguna, samkvæmt 15. gr. reglugjörðarinnar og 15. gr. 2. málsgr. laga nr. 91, 14. nóv. 1917, 200 kr. sekt í ríkissjóð, eins og gjört er í hinum áfrýjaða dómi. Það ber því að staðfesta lögreglurjettardóminn, er að öðru leyti skírskotast til.

Kærða greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir hæstarjetti, 80 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Lögreglurjettardóminum skal óraskað. Kærða, Margrjet Zoëga, greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir hæstarjetti, málaflutningsmannanna Guðmundar Ólafssonar og Björns P. Kalman, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir kæru frá lögreglunni höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn ekkjufrú Margrjeti Zoëga, Laufásveg nr. 7 hjer í bænum, fyrir brot á ákvæðum aðflutningsbannslaganna.

Kærð er ekkja eftir Einar Zoëga, veitingamann, sem með amtsbrjefi dagsettu 4. júní 1883 fjekk leyfi til að selja allar hinar sömu veitingar og aðrir gestgjafar hjer í bænum og hjelt hann áfram gestgjafaatvinnu til dauðadags, en að honum látnum hjelt ekkja hans áfram atvinnunni þar á meðal veitingu áfengra drykkja og var hún orðin ein um rjettinn til þess hjer í bænum er lögin um aðflutningsbann áfengis nr. 44/1909 gengu að fullu í gildi 1. janúar 1915, en með 9. gr. greindra laga var hún svift áfengisveitingarjettinum. Höfðaði hún þá mál gegn ráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðs til skaðabóta fyrir þessa rjettarsviftingu en með dómi hæstarjettar í því, uppkveðnum 22. október 1918, var ráðherrann fyrir hönd landssjóðs sýknaður af kröfum hennar í málinu. Er það tekið fram í forsendum tjeðs dóms (Landsyfirrjettardómar og hæstarjettardómar í íslenskum málum X. bls. 603), að bannið í nefndri lagagrein sje að eins beiting af valdi því eða heimild, sem löggjafarvaldið hafi til þess að setja almennar reglur um atvinnumálin og geti kærð því ekki bygt skaðabótakröfu á ákvæðinu í 50. gr. í stjórnarskránni frá 5. janúar 1874.

Nú í vetur varð lögreglan þess vör, að kærð seldi vín frá Áfengisverslun ríkisins í veitingastofum, er hún hefir opnað í húsi sínu nr. 12 við Austurstræti hjer í bænum og hóf rannsókn út af

því, og með brjefi lögreglustjóra dagsettu 29. desember f. á. var málið sent hingað til dómsmeðferðar.

Kærð hefir kannast við það, að hún hafi selt vín frá Áfengisverslun ríkisins með mat í tjeðum veitingastofum sínum og heldur því fram, að hún hafi fullan rjett til þessa eftir áfengisveitingaleyfi manns síns sáluga frá árinu 1883. Lítur hún svo á að aðflutningsbannslögin sjeu að nokkru leyti upphafin og við það hafi áfengisveitingarjettur sinn raknað við aftur.

Þá vill kærð og byggja rjett sinn til áfengisveitinganna á forsendum landsyfirrjettardómsins í framannefndu skaðabótamáli hennar (Landsyfirrjettardómar X. bls. 20), þar sem í þeim sje gengið út frá fullkomnu aðflutningsbanni áfengis, en „praktist" sjeu aðflutningsbannslögin nú afnumin og geti því hvorki orð þeirra nje andi verið því til fyrirstöðu, að hún haldi áfengisveitingaleyfi sínu og áfengisveitingunum áfram, þar sem leyfi sitt hafi verið ótímabundið og að eins fallið niður um stundarsakir vegna aðflutningsbannsins.

Rjetturinn verður nú að vera þeirrar skoðunar að rjetturinn til áfengisveitinga hafi að fullu verið tekinn af kærðu með áðurnefndri 9. gr. laga nr. 44/1909 og hún því ekki getað öðlast hann aftur með tilskipun nr. 10/1922 sbr. lög nr. 9/1922. Kærð hefir ekki öðlast heimild til vínveitinga samkvæmt 9. gr. reglugjörðar nr. 65/1922 (Stj. t. s. á. B. bls. 143) og hefir því með framferði sínu gjörst brotleg gegn ákvæðum 15. greinar reglugjörðarinnar. Þykir refsing sú, er hún hefir til unnið fyrir það eftir 9. sbr. 15. gr. laga nr. 91/1917, hæfilega ákveðin 200 króna sekt, er renni í ríkissjóð. Svo greiði kærð og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á rekstri málsins hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Miðvikudaginn 14. maí 1924.

Nr. 3/1923. **Gunnar E. Benediktsson**
f. h. H. H. Kristensen A./B.
(L. Fjeldsted)
gegn
Lyder Höydahl
(Björn P. Kalman).

Um skyldu eiganda síldar til að endurgreiða umboðsmanni sínum framlög hans og kostnað við geymslu og sölu síldarinnar.

Dómur gestarjettar Vestmannaeyjakaupstaðar 27. febr. 1922: Stefndur, Lyder Höydahl, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Gunnars E. Benediktssonar vegna H. H. Kristensen, Aktiebolag, Göteborg, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda 100 kr. í málskostnað. Dóminum að fullnægja að því er málskostnað snertir innan 3ja sólarhringa frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn gegn stefnda fyrir gestarjetti Vestmannaeyja með stefnu, dags. 22. júlí 1921, til endurgreiðslu á framlögum sínum og öðrum kostnaði út af sölu á 1407 tunnum af saltaðri síld, er stefndi hafði sent honum til sölu í september 1919. Krafðist áfrýjandi þess aðallega, að stefndi yrði dæmur til að greiða sjer 37796 íslenskar krónur og 89 aura, sem sje 26617 sænskar krónur og 53 aura, að viðbættum 42 aurum í íslenskri mynt fyrir hverja sænska krónu, vegna þáverandi gengismunar á sænskri og íslenskri krónu. Til vara krafðist áfrýjandi þess að stefndi yrði dæmdur til að greiða sjer 26617 sænskar kr. og 53 aura, að viðbættum gengismun sænskrar og íslenskrar krónu,

þá er skuldin yrði greidd. Svo krafðist áfrýjandi og 6 % vaxta frá 1. júlí 1920 af hvorri upphæðinni, sem dæmd yrði, og málskostnaðar eftir mati rjettarins. En með dómi gestarjettarins 27. febrúar 1922 var stefndi alsýknaður af kröfum áfrýjanda, og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 100 kr. málskostnað fyrir gestarjettinum.

Þessum dómi hefir áfrýjandi, að fengnu uppreistarleyfi 15. des. 1922, skotið til hæstarjettar með áfrýjunarstefnu, dags. 11. jan. 1923, og gert í áfrýjunarstefnunni sömu rjettarkröfur og í gestarjettarstefnunni, að viðbættri kröfu um málskostnað fyrir hæstarjetti, eftir mati rjettarins. En undir rekstri málsins hefir áfrýjandi gert þær breytingar á stefnukröfunum, að hann hefir lækkað aðalkröfuna um 2354 íslenskar krónur vegna gagnkröfu stefnda um þá upphæð fyrir afnot áfrýjanda af stöð stefnda á Dvergasteini vestra og krefst nú þannig að eins 35442 íslenskra króna 89 aura, og að hann hefir felt niður varakröfuna.

Stefndi hefir hinsvegar krafist staðfestingar á gestarjettardóminum og málskostnaðar fyrir hæstarjetti, og byggir hann þær kröfur sínar á því að umboðsmaður áfrýjanda hafi ábyrgst sjer 90 aura fyrir hvert kíló síldarinnar, að áfrýjandi hefði átt að selja síldina fyr og loks á því, að ýmsir liðir í reikningnum sjeu sumpart ofháir og sumpart ósannaðir.

Um fyrstu ástæðuna er það að segja, að það sjest á skeytum aðila og brjefum, að ekki hefir verið að ræða um neina ábyrgð af hendi áfrýjanda á tilteknu lágmarksverði fyrir síldina, heldur hefir hún verið send áfrýjanda í venjulega umboðssölu.

Hvað því viðvíkur, að áfrýjandi hafi selt síldina ofseint og þannig bakað stefnda tjón, þá á það

sjer heldur engan stað. Áfrýjandi símaði stefnda eftir að hann hafði tekið við síldinni, að hann hefði orðið að leggja hana í hús til geymslu, vegna söluerfiðleika, og við þeirri tilkynningu hreyfði stefndi engum athugasemdum. Síðan skiftust aðilar alt af öðru hvoru á símskeytum og brjefum út af söluhorfum, áfrýjandi tilkynti stefnda hvað eftir annað markaðsverð síldar, en stefnda þótti það oflágt, þangað til hann loks símaði áfrýjanda 7. apríl 1920 meðal annars: »Sælg bedst mulig«. Seldi áfrýjandi þá skömmu seinna um 1200 tunnur fyrir 32 sænska aura hvert kíló og skýrði stefnda bæði símleiðis og brjeflega frá sölunni. Litlu síðar var afgangurinn, rúmar 200 tunnur, seldur.

Að því er loks snertir aðfinningar stefnda við ýmsa liði í reikningi áfrýjanda, þá er þess fyrst að geta, að flestir liðirnir eru skjallega sannaðir, en að öðru leyti eru aðfinningar stefnda sumpart ekki nægilega ákveðnar og sumpart ofseint frambornar.

Það verður því að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda ofannefndar 35442 kr. 89 aura, sem, að þar nefndum 2354 kr. meðtöldum, er munurinn á söluverði síldarinnar annarsvegar og framlögum áfrýjanda út af síldarsölunni hinsvegar. Þá verður stefndi og að greiða áfrýjanda 6 % vexti frá 1. júlí 1920 af nefndum 35442 kr. 89 aura og málskostnað fyrir báðum rjettum, og þykir hann hæfilega ákveðinn 800 kr.

Það athugast, að ekki sjest að stimpilmerki hafi verið sett á dómsgerðirnar, og hefir stimpilgjald þó verið greitt.

Um meðferð málsins hjer í rjetti athugast, að málið var þingfest 30. apríl 1923 og hafa verið veittir í því ekki allfáir frestir, meðal annars nokkrir

stuttir frestir, vegna lasleika málflutningsmannanna. Hinir frestirnir hafa verið veittir til að bæta úr vantandi upplýsingum, enda var málið lítt upplýst í hjeraði, vegna útivistar áfrýjanda. Hafa frestirnir að miklu leyti verið notaðir til útvegunar nýrra upplýsinga, enda mörg ný skjöl lögð fram hjer í rjetti. En þar sem yngstu upplýsingarnar, sem lagðar voru fram í rjettinum, eru frá janúar 1923, þá hefði mátt leiða málið allmiklu fyr til lykta og er dráttur þess af hendi málflutningsmanns áfrýjanda að því leyti aðfinsluverður.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi, Lyder Höydahl, greiði áfrýjanda, Gunnari E. Benediktssyni f. h. H. H. Kristensen A./B., 35442 kr. 89 aura með 6 % ársvöxtum frá 1. júlí 1920 og málskostnað fyrir báðum rjettum með 800 kr.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir stefnandinn, Gunnar E. Benediktsson málafærslumaður frá Reykjavík höfðað f. h. H. H. Kristensen, Aktiebolag, Göteborg, gegn stefndum Lyder Höydahl, kaupmanni til heimilis hjer í kaupstaðnum, með stefnu útgefinni 22. júlí 1921.

Sátta var leitað en sáttatilraun varð árangurslaus.

Stefnandi krefst þess f. h. umbjóðanda síns að stefndur verði dæmdur til að greiða krónur 37796,89 með 6 % ársvöxtum frá 1. júlí 1920 eða 26617 kr. 53 aura, sænskar, með sömu vöxtum, eða til vara nefnda upphæð sænskra króna með því gengi sem verði á þeim, er greiðsla fer fram ásamt sömu vöxtum og málskostnað eftir mati rjettarins.

Stefndur krefst hinsvegar að sjer verði tildæmdar hjá stefnanda krónur sænskar 61929,47, til vara 7312,76 sænskar krónur, og hvorttveggja með vöxtum frá 1. júlí 1920 og málskostnað eftir mati rjettarins. Þá krefst stefndur einnig að allar kröfur stefnanda falli niður og sjer tildæmdur málskostnaður.

Haustið 1919 tók umbjóðandi stefnanda H. H. Kristensen, Aktiebolag, Göteborg, að sjer að selja 1407 tunnur síldar fyrir stefnda og greiddi honum 40000 kr. fyrirfram upp í andvirði síldar þessarar, en þegar hann sendi „uppgör" sitt, miðað við 1. júlí 1920 er kostnaðurinn við þessar 1407 tunnur orðinn kr. 37796,89 og vill hann fá stefnda dæmdan til að endurgreiða þá upphæð eins og að framan segir með vöxtum, sem og til að greiða málskostnað.

Samkvæmt skjölum þeim, er stefndur hefir lagt fram, þótt ekki sje tekið tillit til vitnisburðar J. Kristensen í málinu, enda virðist það ekki hægt, þar sem ekki er upplýst að stefnanda hafi verið kunnugt um vitnaleiðslu þessa, en hann mætti ekki við hana, þá virðist nægilega upplýst að H. H. Kristensen, Aktiebolag (Göteborg), hefir að minsta kosti ofreiknað sjer í kostnað og kursmismun krónur sænskar 7469,58 og vanreiknað söluverð síldarinnar um sænskar kr. 24577,51 eða samtals reiknað stefndum í óhag um 32047,09 kr. sænskar, saman ber rjettarskjöl nr. 10, nr. 9, nr. 8, nr. 6 og nr. 5, sem öll benda ótvírætt í þá átt að reikningur H. H. Kristensen, Aktiebolag, sje ekki rjettur eða nái nokkurri átt enda fylgja því skjali, rjettarskjali nr. 2, engin skilríki, hvorki sölureikningur eða aðrar skýrslur.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda í máli þessu af öllum kröfum stefnanda, en þar sem stefndur hefir ekki gagnstefnt í málinu, verða kröfur hans ekki teknar til greina í þessu máli, en samkvæmt úrslitum málsins, virðist rjett að dæma honum málskostnað, sem hæfilegur ákveðst 100 krónur.

Enda þótt stefndur hafi í vörn sinni nokkuð stór orð um nefnt firma H. H. Kristensen, þá sjer rjetturinn, eins og málið liggur fyrir, ekki ástæðu til að sekta stefnda fyrir ósæmilegan rithátt.

Föstudaginn 23. maí 1924.

Nr. 65/1923. **Eigandi lóðar nr. 42 við Hverfisgötu, Þorsteinn Gunnarsson**
(Pjetur Magnússon)
gegn
eiganda lóðar nr. 29 við Klapparstíg, Valdemar Poulsen
(Jón Ásbjörnsson).

Ágreiningur um umferðarrjett yfir lóðarstykki.

Dómur merkjadóms Reykjavíkur 13. nóvbr. 1923: Eiganda lóðarinnar nr. 42 við Hverfisgötu Þorsteini Gunnarssyni er óheimilt að hafa eða setja nokkur mannvirki vestur af gafli íbúðarhússins nr. 42 og fyrir vestan línuna *ab* á uppdrætti mælingamanns rskj. nr. 11. Svo endurgreiði Þorsteinn Gunnarsson og bæjarsjóði Reykjavíkur málskostnað 2 kr. innan 3ja sólarhringa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Hjer fyrir rjettinum hefir áfrýjandi aðallega gjört þá rjettarkröfu að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim til nýrrar og löglegri meðferðar fyrir merkjadóminum, og byggir hann þessa kröfu sína á því, að mál þetta sje í raun rjettri um eignarrjettinn að lóðarstykki því, er ágreiningurinn er um og því höfðað af röngum aðila; en þar sem stefndi hefir í máli þessu einungis gjört kröfu gagnvart áfrýjanda til þess að fá viðurkendan umferðarrjett sinn á ágreiningssvæðinu, hefir hann rjett til þess að fá dóm um þetta atriði án tillits til deilu um eignarrjettinn að lóðarræmunni að öðru leyti. Ómerkingarkrafan verður því eigi tekin til greina.

Þá hefir áfrýjandi viðurkent umferðarrjett stefnda suður á móts við suðvesturhorn á íbúðarhúsi áfrýj-

anda nr. 42 við Hverfisgötu, og hefir því til vara krafist þess, að sjer verði heimilað að hafa eða setja mannvirki vestur að línunni *ab* á undirrjettarskjali nr. 11 að lóðarmörkum, en af ástæðum þeim, er greindar eru í hinum áfrýjaða merkjadómi, verður ekki álitið að áfrýjandi hafi sannað eignarrjett eða annan rjett til þrætulóðarinnar fyrir vestan línuna *ab* á uppdrættinum á undirrjettarskjali nr. 11, sem heimili honum að hindra umferðarrjett stefnda á þessu svæði. Það ber því eftir kröfu stefnda að staðfesta hinn áfrýjaða merkjadóm, og verður áfrýjandi eftir þessum úrslitum að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 150 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða merkjadómi skal óraskað. Áfrýjandi Þorsteinn Gunnarsson greiði stefnda Valdemar Poulsen 150 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Eigandi lóðar nr. 29 við Klapparstíg telur sig hafa rjett til umferðar um gangstíg þann, sem liggur norðan frá Hverfisgötu suður að húsinu nr. 42 og suður með vesturgafli þess og vesturmörkum þeirrar lóðar alt að línunni *bc* á uppdrætti mælingamanns rskj. nr. 11. En fyrir suðurendanum á stíg þessum hefir eigandi nr. 29 bygt steinsteypt geymsluhús, er hefir aðalútgöngudyr mót norðri og út á stiginn og gaf byggingarnefnd bæjarins samþykki sitt til þessa. Til sönnunar þessum umferðarrjetti sínum hefir hann lagt fram eftirrit af þinglesnu kaupbrjefi, dags. 14. júlí 1911, en þar stendur, að í kaupinu sje rjettur til frjálsrar umferðar um stíg þann 10 feta breiðan, sem liggur frá Hverfisgötu suður að hinu selda lóðarsvæði og sýndur er á uppdrættinum, rskj. nr. 2, með rauðum punktlínum og einkendur með bók-

stöfunum GHIJKLM. Eigandi lóðar nr. 42 við Hverfisgötu telur hinsvegar kvaðalausa eign sína stykki úr syðri hluta stígsins, sem innilukt er með bárujárnsgirðingu sem sýnd er á uppdrættinum rskj. nr. 11 og ber fyrir sig afsalsbrjef 3. ágúst 1921 samanborið við uppdrátt á rskj. nr. 6. Og hefir hann í trausti þessar heimildar reist nefnda bárujárnsgirðingu og þar með hindrað frjálsa umferð um stíginn sunnanverðan þannig að suðurendi girðingarinnar fellur hjer um bil á miðjar aðalútgöngudyr geymsluhússins, sem eigandi nr. 29 við Klapparstíg hefir gera látið á það eins og áður er sagt og þrengt stíginn að stórum mun eins og uppdrátturinn rskj. nr. 11 sýnir.

Það er nú að vísu svo, að eigandi lóðar nr. 29 við Klapparstíg hefir ekki með kaupbrjefinu frá 14. júlí 1911 sbr. uppdrátturinn rskj. nr. 2 sannað umferðarrjett sinn að línunni *bc* á uppdrættinum rskj. nr. 11, sem fellur saman við línuna CB á rskj. nr. 2 heldur að eins að línunni IJ á rskj. nr. 2, sem dregin er úr suðvesturhorni hússins nr. 42, sem merkt er *a* á rskj. nr. 11 og jafnhliða línunni CB á rskj. nr. 2. En hinsvegar er þess að gæta, að uppdrátturinn rskj. nr. 6 var ekki gerður í því skyni að sýna takmörk lóðar nr. 42 við Hverfisgötu eins og hún var seld 3. ágúst 1921 og þar áður 2. júlí s. á.; uppdrátturinn sýnir ekki girðingu, sem stóð er þessar sölur fóru fram og gekk úr suðvesturhorni hússins nr. 42 í framhaldi af vesturgafli þess suður í lóðamörk eins og rauða línan *ab* á rskj. nr. 11 sýnir, en girðing þessi, sem var rifin í s. l. september þegar hin nýja girðing var sett, var á vesturtakmörkum lóðarinnar nr. 42 á því svæði er hún náði, sbr. orð afsalsins „eins og girðingar vísa“, er einnig eru staðfest með framburði seljandans frá 3. ágúst 1921, sem mætt hefir sem vitni í málinu. Línan CD og punktlínan DE á uppdrættinum rskj. nr. 6 sýndu því ekki 3. ágúst 1921 og sýna ekki nú lóðarmörk nr. 42 á því svæði er þær liggja, heldur voru þá og eru enn vesturgafl hússins nr. 42 og línan *ab* á rskj. nr. 11 í lóðamörkum. En hjer við bætist það, að af vottorði á rskj. nr. 5, sem staðfest hefir verið fyrir rjettinum, má ráða það, að eigandi nr. 29, Valdemar Poulsen, hafi, áður en salan á nr. 42 fór fram 1921, haft rjett til umferðar á lóðinni í framhaldi af gangstígnum, sem afmarkaður er á rskj. nr. 2, alla leið að línunni *bc* á rskj. nr. 11. Í þessu sambandi skal það og tekið fram, að umferðarkvöðin var aldrei lögð á lóðina nr. 42 heldur á lóð-

ina nr. 40 sbr. rskj. nr. 1. og nr. 5, enda er slík kvöð ekki nefnd í afsölunum fyrir nr. 42.

Samkvæmt framansögðu álítst því eiganda nr. 42 óheimilt að hafa eða setja nokkur mannvirki vestur af húsgafli sínum og fyrir vestan línuna *ab* á rskj. nr. 11, sem hindra frjálsa umferð eiganda nr. 29 við Klapparstíg um gangstíginn alt suður að lóðarmörkum við línuna *bc* á rskj. nr. 11.

Ekki þykir ástæða til að gera málsaðilum að greiða kaup dómsmanna, en borgun fyrir birtingu fyrirkalls endurgreiði málsaðilinn Þorsteinn Gunnarsson bæjarsjóði Reykjavíkur með 2 kr.

Föstudaginn 30. maí 1924.

Nr. 10/1924. **P. Mogensen f. h. Áfengisverslunar ríkisins** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
bæjarstjórn Reykjavíkur
(Guðm. Ólafsson).

Um útsvarsskyldu.

Úrskurður fógetarjettar Reykjavíkur 26. jan. 1924: Hin framkomnu mótmæli verða ekki tekin til greina og á lögtaksgjörðin fram að fara á ábyrgð gjörðarbeiðanda.

Dómur hæstarjettar.

Það er rjettilega tekið fram í hinum áfrýjaða fógetarjettarúrskurði, að Áfengisverslun ríkisins, sjerstaklega smásalan í Reykjavík, sem útsvarið að sögn hinnar stefndu bæjarstjórnar hefir aðallega verið lagt á, er rekin í hagnaðar og gróðaskyni fyrir ríkissjóðinn og er það upplýst að verslunin er rekin sem sjáfstætt arðsamt fyrirtæki og að reksturinn er ekki

frábrugðinn verslunarrekstri einstakra manna eða fjelaga í neinu því, er máli skiftir um útsvarsskylduna. Er því verslunin sem hver önnur föst verslun í kaupstaðnum útsvarskyld í bæjarsjóð Reykjavíkur samkvæmt 3. gr. sbr. 1. gr. í lögum nr. 18, 19. okt. 1877, og ber því með skírskotun til fógetarjettarúrskurðarins að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða hinni stefndu bæjarstjórn málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 300 krónur.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða fógetarjettarúrskurði skal óraskað. Áfrýjandi P. Mogensen f. h. Áfengisverslunar ríkisins, greiði bæjarstjórn Reykjavíkur 300 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Við aukaniðurjöfnun útsvara í Reykjavík í september 1922 gjörði niðurjöfnunarnefndin Áfengisverslun ríkisins að greiða 8000 króna aukaútsvar í bæjarsjóð það ár. Þar sem Áfengisverslunin vildi ekki greiða útsvar þetta hefir bæjargjaldkeri Reykjavíkur krafist lögtaks fyrir því, en Áfengisverslunin hefir látið mæta af sinni hálfu við lögtaksgjörðina og mótmæla því að hún nái fram að ganga. Bæjargjaldkerinn hefir hinsvegar haldið fast við lögtakskröfuna fyrir hinni umræddu aukaútsvarsupphæð ásamt kostnaði við lögtakið og væntanlega sölu hinna lögteknu muna og báðir málsaðilar lagt ágreininginn undir úrskurð fógetarjettarins.

Eins og alkunnugt er var með lögum nr. 44 frá 30. júlí 1909 sbr. ný lög nr. 91/1917, bannaður innflutningur til Íslands frá 1. janúar 1912 að telja á áfengi, sem í er meira en $2^1/_4$ % af vínanda að rúmmáli, nema til iðnaðarfyrirtækja, efnarannsóknar-

stofu, náttúrugripasafna, eða annara þvílíkra stofnana, til iðnþarfa og verklegra nota í stofnuninni. Svo var og leyft að flytja inn vínanda til eldsneytis og vínanda og annað áfengi til læknisdóma eftir hinni almennu lyfjaskrá. Skyldi alt áfengi, er leyfilegt var að flytja inn eftir framansögðu, flutt fyrst á land hjer í bænum og vera undir umsjón sjerstaks manns, umsjónarmanns áfengiskaupa, er hafa skyldi á höndum eftirlit með áfengiskaupum. Síðar var sendimönnum annara ríkja heimilaður takmarkaður áfengisinnflutningur.

Með lögum nr. 62 frá 27. júní 1921 var ríkisstjórninni frá 1. janúar 1922 veittur einkarjettur til innflutnings hingað til landsins frá útlöndum á vínanda og áfengi, sem heimilt var að flytja til landsins eftir aðfutningsbannslögunum, að konsúlaáfenginu undanskildu, og rjettur til sölu á því til lyfsala og lækna, er rjett höfðu til lyfjasölu, svo og öðrum þeim, er bannlögin heimiluðu. Skyldi sett á stofn áfengisverslun og ríkisstjórnin skipa mann til að veita henni forstöðu. Skyldi hann hafa lyfsalapróf og hafa á hendi eftirlit með lyfjabúðum landsins.

Í lögunum er svo ákveðið, að ríkisstjórnin setji nánari reglur um áfengissöluna, svo og um það, hvernig fara skuli um áfengisbirgðir lyfjabúða og lækna, sem fyrir hendi kunna að verða þegar lögin ganga í gildi, hvort gjald skuli greitt af þeim í ríkissjóð eða hvort þær skuli teknar eignarnámi.

Á áfengi það og vínanda, sem heimilt var að flytja til landsins og eigi skyldi nota til lyfja, skyldi leggja 25—75 %, miðað við verð þess komins í hús hjer á landi, að meðtöldum tolli. Lyfjaáfengi svo og önnur lyf, er verslunin útvegaði læknum, skyldu hinsvegar seljast án hagnaðar. Lögákveðna tolla og innflutningsgjöld af vörum til verslunarinnar skyldi greiða á þann hátt, og á þeim tíma sem toll- og skattalög mæltu fyrir, en á útsvarsskyldu verslunarinnar var ekki minst einu orði. Ágóða af versluninni skyldi greiða í ríkissjóð og teljast með tekjum hans og hámarksverð í smásölu skyldi ríkisstjórnin setja á vörur þær, er lögin hljóða um.

Með lögum nr. 9 frá 30. nóvember 1922, sem gengu þegar í gildi, var svo ákveðið að með kgl. tilsk. mætti ákveða að vín, sem ekki er í meira en 21 % af vínanda að rúmmáli, skuli undanþegin ákvæðum bannlaganna og að reglugjörð skuli sett til varnar misbrúkun við sölu og veitingar þessara vína. Var tilskipun þessi gefin út sama dag og lögin og samkvæmt henni reglugjörð

frá 18. júní 1922 (Stj.tíð. s. á. B., bls. 143). Í henni er „Áfengisverslun ríkisins" falið að annast innflutning og sölu á vínum þeim, er inn má flytja eftir lögunum, til a) útsölustaða, sem settir eru á stofn með reglugjörðinni, b) veitingastaða þeirra, sem rjett hafa til veitinga vína eftir henni og c) lyfsala og lækna, sem rjett hafa til lyfjasölu, þó aðeins þau vín, sem talin eru í lyfjaskrá og aðeins til lyfja.

Áfengisversluninni er og falið að ákveða útsöluverð vína, skal það ekki fara fram úr innkaupsverði með áföllnum kostnaði „að viðbættum venjulegum verslunarhagnaði" (4. gr. reglugjörðarinnar).

Í Reykjavík hefur landsstjórnin sjálf útsölu vínanna (5. gr. reglugjörðarinnar) og hefur falið hana Áfengisversluninni. Er því ómótmælt haldið fram í þessu máli, að Áfengisverslunin hafi byrjað smásölu á vínum 29. júní 1922 og opnað sjerstaka búð fyrir hana 29. ágúst s. á. Í hinum öðrum kaupstöðum þar sem áfengissala er, er hún rekin af einstökum mönnum sem fengið hafa meðmæli bæjarstjórnar og leyfi dómsmálaráðuneytisins. Fá þeir vínin frá Áfengisversluninni með heildsöluverði og selja þau út í smásölu fyrir eigin reikning á því verði er Áfengisverslunin hefir ákveðið.

Mótmæli sín gegn framgangi lögtaksgjörðar þessarar byggir gjörðarþoli á því að útsvarið sje ekki rjettilega lagt á Áfengisverslunina, þar sem hún hafi eigi tekið til starfa fyrri en í ársbyrjun 1922 og ekki nema mjög lítið fyrstu mánuðina, hljóti útsvarið að vera lagt á tekjur hennar árið 1922, en af því leiði, að tvisvar verði lagt á sömu umsetninguna, því við útsvarsálagningu eigi að leggja á tekjur gjaldanda næsta ár á undan gjaldárinu sbr. auglýsingu nr. 68 frá 26. maí 1915, enda sje enginn vafi á að þeirri reglu sje fylgt við niðurjöfnun aukaútsvara, ekki síst síðan alment skattaframtal komst á og alt annað yrði óhæfilegur slumpareikningur.

Á þetta getur fógetarjetturinn þó ekki fallist. Hið umkrafða aukaútsvar er lagt á Áfengisverslunina við aukaniðurjöfnun útsvara hjer í bænum í september 1922 og þá að sjálfsögðu á rekstur og tekjur hennar það ár, sjerstaklega af smásölunni, sem þá var sýnilegt orðið, að rekin yrði í 4 mánuði það ár. Aukaniðurjöfnun hjer í bænum fer fram síðari hluta septembermánaðar og gilda um hana sömu reglur og settar eru um aðalniðurjöfnunina, sem fer fram í febrúarmánuði sbr. 18. og 19. gr. reglugjörðar

nr. 68/1915. Niðurjöfnun aukaútsvara fer fram eftir efnum og ástandi gjaldendanna og nær til allra sem hafa fast aðsetur í bænum, þegar hún fer fram sbr. tilsk. 20. apríl 1872, 22. gr. Á fastar verslanir og aðrar arðsamar stofnanir og fyrirtæki í kaupstaðnum, sem eru rekin að minsta kosti 4 mánuði af gjaldárinu (o: því ári sem aukaútsvarið verður gjaldkræft á) er lagt gjald eftir heimild í lögum nr. 18/1877 um bæjargjöld í Reykjavíkurkaupstað, 3. gr. og skal það samsvara útsvarinu eftir efnum og ástandi, samkvæmt því sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði, án þess að tillit sje tekið til annara tekna og eigna þess, sem í hlut á. — Ef nú skoðun gjörðarþola, að leggja eigi á undanfarandi árstekjur, væri rjett, væri eigi hægt að leggja aukaútsvar á mann eða stofnun fyrsta atvinnurekstrarár hans, eða hennar, en hitt er þó venja að það sje gjört. Hitt er annað mál að við niðurjöfnun aukaútsvara er að jafnaði tekið mikið tillit til tekna gjaldendanna árið á undan, því þær þykja oft góð bending og leiðarvísir um efni þeirra og ástand á gjaldárinu.

Þá eru mótmæli gegn framgangi lögtaksgjörðar þessarar og sjerstaklega bygð á því, að það verði að teljast meginregla í löggjöf vorri að ríkissjóður sje aldrei útsvarsskyldur, og hafi þeirri reglu jafnan verið fylgt, þar til farið hafi verið að elta Landsverslunina með útsvarsálagningum. Er þetta talið tekið skýrt fram í niðurlagi forsenda landsyfirrjettardóms, uppkveðins 18. nóv. 1918 í máli milli bæjarstjórnar Reykjavíkur og landsstjórnarinnar um útsvarsskyldu Landsverslunarinnar árið 1917. Er á það bent að ríkissjóður sje ekki útsvarsskyldur af tekjum sínum af talsíma og ritsíma, ekki af húseignum sínum, lóðum, lendum, jörðum eða sjóðum. Meira að segja hafi bæjarsíminn hjer í bænum greitt aukaútsvar meðan hann var rekinn sem einkafyrirtæki, en viðurkent hafi verið að útsvarsskyldan fjelli niður, er ríkissjóður eignaðist hann og tók að starfrækja hann. Því er og haldið fram, að þetta sje alls ekkert undarlegt, því ríkissjóður sje eign allra landsmanna, og væri því harla undarlegt ef einstökum bæjar- eða sveitarfjelögum væri heimilt að skattleggja hann, því það væri sama og að leggja skatt á landsmenn, sem búsettir væri á öðru landshorni. — Enn er bent á það, að innflutningur vína hafi verið bannaður áður svo að bæjarsjóður Reykjavíkur hafi einskis í mist við það, að ríkissjóður tók að sjer sölu þeirra. Ástæðan til þess að ríkið tók að sjer verslun á áfengi hafi alls ekki verið væntanlegur gróði á sölunni eða það,

að hlynna hafi átt að ríkisrekstri, heldur hafi markmiðið verið það, að sporna við mjög miklum innflutningi áfengis.

Af hálfu bæjarsjóðs er því hinsvegar mótmælt að sú meginregla gildi í íslenskri löggjöf að ríkissjóður sje ekki útsvarskyldur og á það bent að engin lög sjeu því til fyrirstöðu, að ríkissjóði verði talið skylt að greiða útsvar af atvinnu, sem hann reki í einstöku sveitar- eða bæjarfjelögum í gróðaskyni. Ástæðan til þess, að ekki hafi verið lagt útsvar á ríkissjóð, sje sú, að það sje fyrst nú á allra síðustu árum, að ríkissjóður hafi byrjað á atvinnurekstri í gróðaskyni, svo engin venja hafi getað myndast, sem útiloki útsvarskyldu ríkissjóðs þegar svo standi á. Því er haldið fram, að starfræksla ríkissjóðs á síma- og póstflutningum sje ekki sambærileg við Landsverslunina eða Áfengisverslunina eins og þær sjeu reknar og hafi verið árið 1922. Markmiðið með ríkisrekstri á símum og póstflutningi sje eingöngu það, að tryggja landsmönnum sem hagfeldust og ódýrust not af þessum samgöngutækjum, en alls ekki gróði á rekstrinum. Áfengisverslunin, að minsta kosti smásalan, sje hinsvegar rekin eingöngu í hagsmunaskyni fyrir ríkissjóð, og hafi verið falin einstökum mönnum í hinum kaupstöðunum af því, að þar hafi verið minni gróða að vænta. Með Landsversluninni eins og hún hafi verið rekin síðan árið 1920 en þó einkum síðan ríkið tók einkasölu á tóbaki og steinolíu og fjekk henni að versla með, og með Áfengisversluninni, megi segja að fyrstu sporin sjeu stigin til þess að ríkið taki í sínar hendur í gróðaskyni rekstur þeirra atvinnuvega, sem borgarar þjóðfjelagsins hafi haft tekjur sínar af og sjeu engin takmörk fyrir því, hve halda megi langt á þeirri braut, en það rýri tekjur borgaranna af þeim atvinnuvegum og þar með gjaldþol þeirra og gjöri þá ófæra til að bera sömu byrðar og áður í þarfir þjóðfjelagsins og mæli hlutarins eðli með því, að ríkissjóður ljetti að sama skapi opinberum gjöldum af einstaklingunum og hann taki frá þeim eða rýri atvinnulindir þeirra. Sjerstaklega eigi þetta við um gjöldin í þarfir sveitarsjóðanna þar sem engir væru til að bera þarfir þeirra ef ríkið tæki allan arðinn af atvinnuvegunum. Ríkisrekstur einhverrar atvinnu innan ákveðins sveitarfjelags eða bæjarfjelags, sje sama og allir landsbúar reki þar þessa atvinnnu í fjelagi og sje því ekki nema eðlilegt og rjettmætt, að greiddur sje hæfilegur skattur af þessum atvinnurekstri til hlutaðeigandi sveitar- eða bæjarfjelags, enda sje

það í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaganna um atvinnurekstur utansveitarmanna eða fjelaga innan ákveðins sveitarfjelags.

Loks er bent á það af hálfu gjörðarbeiðanda, að það sje aðeins tylliástæða að ríkið hafi tekið að sjer smásöluna með áfengi til þess að takmarka áfengisnautn í landinu, því þá hefði ríkið líka átt að taka að sjer smásöluna í hinum kaupstöðunum, og á það, að bæjarsjóðir njóti hagnaðarins af smásölunni þar, því þeir geti lagt á útsölumennina og sje því Reykjavíkurbær rjettlægri í því efni en þeir nema að viðurkent verði, að Áfengisverslunin sje hjer útsvarsskyld.

Á því er nú enginn efi að Áfengisverslunin, sjerstaklega smásalan hjer í bænum, er rekin að minsta kosti aðallega í gróðaskyni fyrir ríkissjóð sbr. lög nr. 62/1921, 7. og 9. gr. og sjerstaklega 4. og 5. gr. reglugjörðar nr. 65/1922 og fjárlögin fyrir árið 1924 nr. 18/1923, 2. gr. 18, og er að því leyti ekki frábrugðin öðrum verslunum einstakra manna eða fjelaga. Rjettinum er ekki kunnugt um að nokkurt ríkissjóðsfyrirtæki hafi áður verið rekið aðallega í atvinnu- eða gróðaskyni og verður því að vera gjörðarbeiðanda samdóma um það, að engin venja geti hafa myndast um gjaldfrelsi slíkra fyrirtækja ríkissjóðs til sveitar- eða bæjarsjóða. Það er og ofmælt að ríkissjóður greiði engin gjöld til sveitar- eða bæjarsjóða og sje gjaldfrjáls til þeirra, því hann greiðir hjer í Reykjavík ekki aðeins þau gjöld í bæjarsjóð, sem segja má að sjeu borgun fyrir ákveðin hlunnindi, sem bærinn lætur í tje, svo sem vatnsskatt, raforkugjald, sorphreinsunargjald, gangstjettagjald og hafnargjald fyrir skip sín í Hafnarsjóð, heldur og hið almenna lóðargjald í bæjarsjóð eftir lögum nr. 18/1877 um bæjargjöld í Reykjavíkurkaupstað af öllum húseignum sínum og lóðum í bænum, að dómkirkjunni einni undanskilinni, enda er hún ein berum orðum undanþegin gjaldinu í lögunum (2. gr. in fine).

Rjetturinn fær nú ekki betur sjeð en að Áfengisverslunin falli beint undir orðin í 1. og 3. gr. laga nr. 18/1877 („stofnanir og arðsöm fyrirtæki," „föstum verslunum og öðrum arðsömum stofnunum og fyrirtækjum í kaupstaðnum") og sje því útsvarsskyld, nema hægt sje að byggja gjaldfrelsi hennar á einhverri sjerstakri heimild. Eins og að framan greinir telur rjetturinn það ekki verða bygt á venjunni og þekkir ekkert alment lagaboð, er það verði bygt á og í hinum sjerstöku lögum um Áfengisverslunina er það ekki að finna. Rjetturinn fær því ekki sjeð, að hægt sje að taka til greina hin framkomnu mótmæli gegn framgangi lögtaksgjörðar þessarar.

Föstudaginn 30. maí 1924.

Nr. 6/1924. **Helgi Benediktsson**
gegn
Helga I. Bachmann.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Helgi Benediktsson, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Föstudaginn 20. júní 1924.

Nr. 13/1924. **Valdstjórnin** (Pjetur Magnússon)
gegn
Sigurði Sigurðssyni (Jón Ásbjörnsson).

Brot á lögum nr. 5/1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

Dómur lögreglurjettar Barðastrandarsýslu 30. okt. 1923: Sigurður Sigurðsson skipstjóri á botnvörpungnum „Geir" R.E. 241 f. h. fiskihlutafjelagsins Geir, Reykjavík, sýknast fyrir broti á 1. gr. laga nr. 5. $^{18}/_{5}$ 1920, en ídæmist fyrir brot á 2. gr. sömu laga í 10,000,00 — tíu þúsund — króna sekt til landhelgissjóðs Íslands.

Svo greiði hann og í kostnað af málssókn þessari 182,00 krónur.

Afli og veiðarfæri skulu ekki upptæk.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Það er sannað með játningu kærða og öðrum skýrslum, þar á meðal skýrslu skipstjórans á eftirlitsskipinu »Islands Falk«, dags. 29. okt. f. á., að

kærði hafi með skipi sínu, botnvörpungnum »Geir« R.E. 241, verið staddur innan landhelgi á Arnarfirði að kveldi 28. s. m. og eigi haft veiðarfæri sín í búlka innanborðs, heldur hafi varpan bakborðsmegin legið á öldustokknum og hangið út fyrir hann og báðir hlerarnir þeim megin einnig hangið utanborðs, annar jafnvel í sjó um tíma, en hinn í gálganum. Hefir kærði því gerst brotlegur gegn 2. gr. laga nr. 5/1920 og þykir refsing sú, sem hann hefir tilunnið, eftir öllum atvikum hæfilega metin samkvæmt 3. gr. nefndra laga 4000 króna sekt, er renni í Landhelgissjóð.

Svo ber kærða og að greiða allan kostnað málsins, bæði í hjeraði og hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda hjer í rjetti, 80 kr. til hvors.

Það er aðfinningarvert, *að* hjeraðsdómarinn hefir látið ýms vitnanna staðfesta framburð sinn með drengskaparheiti, án þess það sjáist, að lögmælt skilyrði fyrir slíkri staðfestingu hafi verið fyrir hendi, *að* kærði er dæmur til refsingar »f. h.« fiskifjelags þess, er átti skipið, *og* loks dæmdur í málskostnað með tiltekinni upphæð.

Því dæmist rjett vera:

Kærði, Sigurður Sigurðsson, greiði 4000 króna sekt í Landhelgissjóð. Svo greiði hann og allan sakarkostnað bæði í hjeraði og hæstarjetti, þar með talin sóknar- og varnarlaun til hæstarjettarmálaflutningsmannanna Pjeturs Magnússonar og Jóns Ásbjörnssonar, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af hálfu hins opinbera höfðað gegn Sigurði Sigurðssyni skipstjóra á fiskiveiðaskipinu „Geir" frá Reykjavík f. h. fiskihlutafjelagsins Geir, Reykjavík, fyrir meint brot á landhelgislögunum frá $^{18}/_{5}$ 1920 1. og 2. gr. og eru tildrög málsins, að því er næst verður komist þessi:

Mál þetta er tekið til rannsóknar eftir kröfu yfirmannsins á varðskipinu „Islands Falk" dagsettri 29. þ. m., er hitti nefndan Geir R.E. 241 innan landhelgislínunnar á Arnarfirðinum aðfaranótt þess 29. eða síðast um kvöldið þann 28., og er nefnt skip var rannsakað með ljóskastaranum, kom í ljós að dráttarnótin á bakborðshlið lá á öldustokknum, sem og hlerar í gálgum, og engum vafa undirorpið, að skipið var statt innan landhelgislínunnar, og að því er virtist með veiðarfærin tilbúin að hefja þarna veiðar. Nánari rannsókn gat ekki farið fram með ljóskastaranum, með því að hann bilaði eftir rúma mínútu, en bátur frá varðskipinu kom fyrst að togaranum nokkru síðar, reyndist þá við athugun allur pokinn hangandi utanborðs, og nokkur hluti netsins innan á og utan öldustokksins, en fiskur reyndist ekki svo teljandi sje, hvorki í netinu eða vörpunni sjálfri eða á þilfarinu. Ennfremur er það upplýst, að skipið hafði ekki uppi ljós á framsiglu, svo sem fyrirskipað er, en logandi hliðarljós, og aftur á. Það verður að teljast sannað með samhljóða framburði skipstjóra og stýrimanns, að er varðskipsins varð vart, hafi verið gerð tilraun til þess að ná trollinu inn, og hefir stýrimaðurinn meðal annars haft um það svofeld orð: „Þegar vitnið sá varðskipið, gjörði það ráðstöfun til þess, að vjelin yrði sett aftur í hreyfingu, og var þá gefin skipun um, að keyra aftur á nokkra snúninga, sem aðallega var gjört í þeim tilgangi að varna þess að Fálkinn yrði þess var, að trollið væri úti, og gjörði hann þá ráðstafanir til þess, að trollið yrði dregið inn". Þessi skýrsla ásamt framburði þeirra manna af varðskipinu, er athuguðu ástand skipsins með ljóskastaranum, virðist benda til þess, að allmikill meiri hluti botnvörpunnar, hafi þegar verið kominn í sjó, og veiðin þá þegar átt að byrja þarna, ef ekki hafin, en tilviljun ein hindrað

það, en allur undirbúningur hafinn, en þrátt fyrir þetta ástand veiðarfæranna, og sjerstaklega með tilliti til þess, að enginn fiskur fyrirfanst á þilfarinu, þykir ekki næg sönnun fengin fyrir því, að brot sje hjer framið samkvæmt 1. gr. laga nr. 5 $^{18}/_{5}$ 1920, og verður því eins og ástendur að sýkna stefndu fyrir brot á þeirri grein. Hinsvegar, þar sem hjer virðist að ræða um sjerstaklega gróft hirðuleysi að því er veiðarfærin snertir, og með hliðsjón af því, að brot í slíkum tilfellum ekki er útilokað, og deildar geta verið skoðanir um, hvað felst í ákvæðum 1. gr. nefndra laga, fiskiveiðar með botnvörpum „hvort ekki tilraunin ein", getur heyrt þar undir, án þess fiskur hafi fengist, og þar sem löggjafinn lætur hæstu sekt fyrir brot á 2. gr. nefndra laga, svara til lægsta brots samkvæmt 1. gr., virðist ekki einasta átt við, að hæstu sekt sje beitt, ef um ítrekað brot sje að ræða, þar sem nefnd grein við ítrekun brotsins ákveður um, að afli og veiðarfæri skuli þá einnig upptæk, heldur og einnig, ef ekki full sönnun sje færð fyrir broti á 1. gr. en hinsvegar allmiklar líkur, þykir því rjett, þrátt fyrir þótt hjer sje að ræða um brot framkvæmt í fyrsta sinn, að ákveða sektina fyrir brot á 2. gr. nefndra laga frá 1920 í þessu tilfelli 10,000,00 — tíu þúsund — krónur, en afli og veiðarfæri skulu ekki gjörð upptæk. Þá ber og að ídæma stefndan í kostnað af málssókn þessari 182,00 krónur.

Mánudaginn 23. júní 1924.

Nr. 16/1824. **Kristján Kristjánsson** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Hannesi B. Stephensen f. h. eigenda m/b. Víkings
og
sýslumanni Einari M. Jónassyni
(Lárus Fjeldsted).

Útaf vangoldnu hásetakaupi áfrýjanda. Ómerkingardómur.

Dómur sjódóms Barðastrandarsýslu 1. nóv. 1923: Máli þessu vísast frá sjórjettinum. Málskostnaður greiðist af aðiljum að hálfu samkvæmt reikning.

Dóminum að fullnægja innan 3ja sólarhringa frá lögbirtingu að því er málskostnaðinn snertir, undir aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Mál þetta höfðaði áfrýjandi fyrir sjódómi Barðastrandarsýslu útaf vangoldnu kaupi sem lögskráður háseti á vjelbátnum Víking, er stefndi gerði út í fjelagi við meðeigendur sína árið 1922 á fisk- og síldveiðar, og lauk málinu svo, að sjódómurinn, með dómi uppkveðnum, 1. nóvbr. f. á., vísaði því frá rjettinum með þeirri rökfærslu, að því er virðist, að svo yrði að líta á, sem áfrýjandi hefði afsalað sjer sjódómsmeðferð á málinu með því að hreyfa eigi andmælum viðvíkjandi kaupgreiðslunni, er hann var skráður úr skiprúmi.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til hæstarjettar með stefnu útgefinni 7. apríl þ. á., og hefir hann krafist þess, að dómurinn verði ómerktur og málinu vísað heim aftur til dómsálagningar að efni og aðalstefndi og hjeraðsdómarinn, sýslumaður Einar M. Jónasson, dæmdir til þess in solidum að greiða málskostnað fyrir hæstarjetti. Svo hefir hann og krafist þess að hinn stefndi undirdómari verði dæmdur í sekt fyrir meðferð málsins í hjeraði.

Frávísunarástæða sjódómsins hefir eigi við nein rök að styðjast, en auk þess bera dómsgjörðirnar það með sjer, að allri meðferð málsins eftir hið fyrsta rjettarhald í því 10. júlí f. á. hefir verið mjög ábótavant; þannig hefir í rjettarhaldi í málinu 12. júlí verið blandað inn í þetta mál óviðkomandi máli gegn þriðja manni án þess að hjeraðsdómarinn hafi, svo sjeð verði, bent aðiljum á að það væri ólögmætt. Í rjettarhaldi 26. sept. var málið lagt í dóm, en eftir það hafa 2 málsskjöl verið færð inn

í dómsgjörðirnar án þess að málið væri tekið upp af nýju eða skjölin lögð fram í rjettarhaldi í málinu; að vísu hafa málsaðilar samþykt þessa meðferð, en slíkt samþykki gat ekki gjört þessa aðferð lögmæta. Loks hefir undirdómarinn kveðið hinn áfrýjaða dóm upp í sjórjetti Barðastrandarsýslu án þess að hinir útnefndu sjódómsmenn væru til staðar í rjettinum, og í niðurlagi dómsins er ákveðið að málskostnaður skuli greiðast af aðiljum að hálfu samkvæmt reikningi, en enginn slíkur reikningur hefir verið lagður fram í málinu, og dómurinn að þessu leyti óákveðinn.

Af framantöldum ástæðum verður ex officio að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og meðferð málsins frá því málið var lagt til sátta í hinu 1. rjettarhaldi 10. júlí frá f. á. og leggja fyrir sjódóminn að taka málið fyrir að nýju í því ástandi, er það þá var.

Það verður að dæma aðalstefnanda og hjeraðsdómarann til þess in solidum að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 200 kr.

Svo verður og að láta hjeraðsdómarann sæta sekt fyrir hina ólögmætu og hirðulausu meðferð málsins, og ákveðst sektin 100 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði sjórjettardómur og undanfarandi meðferð málsins á að vera ómerk, og heimvísast málinu til nýrrar og löglegri meðferðar, frá því sátt var reynd í því í rjettarhaldi 10. júlí f. á., og dómsálagningar.

Stefndi, Hannes B. Stephensen f. h. eigenda m/b. Víkings, og undirdómarinn, sýslumaður

Einar M. Jónasson, greiði, einn fyrir báða og báðir fyrir einn, áfrýjanda Kristjáni Kristjánssyni 200 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti.

Hjeraðsdómarinn, Einar M. Jónasson, greiði 100 kr. sekt í ríkissjóð.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta hefir sjómaður Kristján Kristjánsson á Bíldudal höfðað gegn Hannesi B. Stephensen og fjel. á Bíldudal, er höfðu til útgerðar mótorskipið Víking árið 1922, en á nefnt skip var stefnandi lögskráður vjelamaður á útgerðartímabilinu, og telur sjer vangreiddar kaupgjaldseftirstöðvar krónur 1371,00 síðar niðurfært í kr. 1070,40, svo og málskostnaður eftir mati. Stefndur hefir krafist sýknunar og sjer tildæmdan málskostnað. Stefnandi, sem var lögskráður starfsmaður á skipinu, hefir árið 1922 verið afskráður af því, án þess hann hjer fyrir rjettinum hafi fært sönnur á eða líkur fyrir því, að afskráning úr skiprúminu hafi farið fram án hans vitundar og vilja, en þó svo hefði verið var honum innan handa að hreyfa andmælum gegn því, og þar sem afskráningin hefir farið fram, án þess upplýst sje hjer fyrir rjettinum, að andmælum hafi verið hreyft, og kaupgjaldið er meðal annars eitt af þeim atriðum, er hásetinn hefir heimting á, að fá ráðið til lykta, áður en hann er afskráður, verður að fallast á, að stefnandi með þessari aðferð sinni, hafi afsalað sjer hinum sjórjettarlegu ákvæðum hjer að lútandi, og beri því ex officio að vísa þessu máli frá sjórjettinum. Málskostnaður þykir rjett að skiftist milli aðilja að hálfu.

Miðvikudaginn 17. sept. 1923.

Nr. 25/1924. **Rjettvísin og Valdstjórnin**
(Lárus Fjeldsted)
gegn
Sigurði Berndsen (Pjetur Magnússon)
og
Valdstjórnin (L. F.)
gegn **Guðm. Þorkelssyni** (P. M).

Brot á aðflutningsbannslögunum á áfengi og brot gegn 156. sbr. 53. og 46. gr. hegningarlaganna.

Dómur aukarjettar Reykjavíkur 9. maí 1924:

Ákærðir, Sigurður Berndsen og Guðmundur Þorkelsson skulu sýknir vera af ákæru rjettvísinnar í máli þessu.

Ákærður Sigurður Berndsen greiði fyrir brot gegn ákvæðum 15. gr. laga nr. 91/1917, 1500 króna sekt í ríkissjóð og sæti 45 daga einföldu fangelsi.

Svo greiði hann og allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Það er sannað í málinu að ákærði Sigurður Berndsen að kveldi hins 8. mars s. l. seldi rúmlega hálft 400 gr. glas af spiritusblöndu.

Ennfremur er það sannað í málinu, að eftir að Bárður Lárusson, annar þeirra manna, er keyptu áfengið við umrætt tækifæri af ákærða Sigurði Berndsen, hafði gefið meðákærða Guðmundi Þorkelssyni skriflega yfirlýsingu um að skýrsla sú, er hann, Bárður, hafði gefið lögreglunni 8. mars s. l. um áfengiskaupin, væri röng, fór meðákærði Guðmundur með þessa yfirlýsingu Bárðar til ákærða Sigurðar, og er það sannað með eigin játningu ákærða Sig-

urðar, að hann bað meðákærða Guðmund, að umskrifa yfirlýsinguna og fá Bárð til að undirskrifa hana aftur, en ákærða Sigurði hlýtur að hafa verið það ljóst að yfirlýsing þessi var röng. Samkvæmt beiðni meðákærða Guðmundar, gaf Bárður út daginn eftir, 13. mars s. l., nýja yfirlýsingu sama efnis og hina fyrri og afhenti ákærði Sigurður síðan lögreglunni þá yfirlýsingu.

Þessi afbrot ákærða Sigurðar Berndsen, heyra undir 3. lið 15. gr. laga 91, 14. nóv. 1917 og 156. sbr. 53. og 48. gr. hinna almennu hegningarlaga og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 1500 kr. sekt í ríkissjóð og fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 80 daga.

Ákærði Guðmundur Þorkelsson hefir að vísu, í prófum málsins, eindregið neitað því að sjer hafi verið kunnugt um að meðákærði Sigurður Berndsen hafi selt umrætt áfengi. En hinsvegar eru í málinu, einkum með vitnisburðum þeirra Bárðar Lárussonar, Sigurgeirs Tómassonar og Erlings yfirlögregluþjóns Pálssonar, komnar fram svo miklar líkur fyrir því að þessi neitun hans sje röng, og að honum hafi verið það ljóst að yfirlýsing sú, er hann fjekk Bárð til að gefa og reyndi að fá Sigurgeir til að gefa, væri röng, að telja má sannað að hann með því atferli sínu hafi gjörst brotlegur gegn 156. sbr. 53. og 46. gr. hinna almennu hegningarlaga og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 80 daga.

Ákærði Guðmundur Þorkelsson greiði sjálfur varðhaldskostnað sinn í hjeraði en allan annan af málinu leiddan og löglega leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, kr. 80 til hvors, greiði ákærðu in solidum.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði Sigurður Berndsen greiði 1500 króna sekt í ríkissjóð og sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 80 daga.

Ákærði Guðmundur Þorkelsson sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 20 daga.

Ákærði Guðmundur Þorkelsson greiði varðhaldskostnað sinn í hjeraði, en annan kostnað sakarinnar bæði í hjeraði og hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti, hæstarjettarmálaflutningsmannanna Lárusar Fjeldsted og Pjeturs Magnússonar 80 kr. til hvors, greiði ákærðu in solidum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af rjettvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu gegn Sigurði Berndsen, kaupmanni, Bergstaðastræti 10 hjer í bæ, fyrir brot gegn ákvæðum 14. kapítula almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869 og lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi og af rjettvísinnar hálfu gegn Guðmundi Þorkelssyni umboðssala, til heimilis á Lokastíg 22 hjer í bæ, fyrir brot gegn ákvæðum 14. kap. hegningarlaganna.

Tildrög málsins eru þau er nú skal greina:

I. Þann 8. mars s. l. kl. um 9 að kvöldi fóru þeir Bárður Lárusson, verkamaður, til heimilis á Njálsgötu 37, 21 árs að aldri og Sigurgeir Tómasson sjómaður, til heimilis á Bergþórugötu 41, 21 árs að aldri heim til Sigurðar Berndsen kaupmanns í Bergstaðastræti 10 í þeim tilgangi að kaupa af honum áfengi.

Þeir hittu Sigurð heima. Fór Sigurgeir fyrst inn til Sigurðar því að hann þekti Sigurð og hafði keypt áfengi af honum áður, en Bárður beið á ganginum í húsi Sigurðar á meðan. Að vörmu spori kom Sigurgeir fram í ganginn til Bárðar og bað

hann að koma inn og lána sjer 5 kr. fyrir $^1/_2$ flösku af spiritusblöndu. Gerði Bárður það og fór með honum inn til Sigurðar. Voru þeir Bárður og Sigurgeir svo báðir áhorfandi, er Sigurður afhenti þeim flöskuna og tók við 5 kr. fyrir hana, sem Sigurgeir afhenti honum.

Fóru þeir svo út, en skamt frá húsi Sigurðar tók lögreglan þá og færði þá á stöðina og var þá tekin af þeim skýrsla um það sem gjörst hafði. Þennan framburð sinn hafa þeir báðir, Bárður og Sigurgeir, staðfest með eiði eftir löglegan undirbúning.

Kærður Sigurður Berndsen hefir neitað því að hafa selt framannefndum mönnum áfengi í umrætt skifti eða endranær, en gegn eiðfestum framburði þeirra verður sú neitun ekki tekin til greina.

II. Að kvöldi þess 12. mars s. l. kom maður heim til vitnisins Bárðar, sem það ekki þekti. Kvaðst hann vera heildsali hjer í bænum. Byrjaði hann samtal sitt við Bárð á því að spyrja hann um það, hvort hann hefði atvinnu og er Bárður neitaði því, kvaðst maðurinn mundi geta útvegað honum pláss á botnvörpungnum „Ásu“ því að skipstjórinn væri náskyldur sjer.

Bárður tók þessu með þökkum, en þá sagði maðurinn, að hann yrði að gera sjer þann greiða á móti að gefa sjer skriflega yfirlýsingu um það, að skýrsla sú, er hann hafði gefið fyrir lögreglunni þann 8. mars um áfengiskaup hjá Sigurði Berndsen, væri röng.

Taldi hann svo mjög um fyrir Bárði að gera þetta, sagði Sigurð aumingja, sem ekki gæti bjargað sjer með öðru móti en því að selja vín og auk þess væri hann hættulegur mótstöðumaður og því væri vissara fyrir Bárð að breyta framburði sínum.

Ennfremur gaf maður þessi Bárði í skyn að hann mundi fá vaxföt hjá sjer, ef hann vildi gera þetta.

Bárður ljet tilleiðast af þessum fortölum og gaf manninum, sem var ákærður, Guðmundur, skriflega yfirlýsingu um það, að framburður hans fyrir lögreglunni um það, að hafa keypt vín af Sigurði, væri rangur, hann hefði keypt það hjá öðrum manni.

Framburður Bárðar fyrir rjettinum um það hvort Guðmundur hafi sagt það skýlaust að hann vissi, að þeir hefðu keypt vínið af Sigurði, hefir ekki verið að öllu leyti samræmur, en þó hefir hann ávalt haldið því fast fram, að Guðmundur hafi gefið í skyn að hann vissi, að svo hefði verið.

Þegar þeir Bárður og Guðmundur skildu, bað Guðmundur

hann að ná í Sigurgeir fjelaga sinn, því að hann ætlaði að fá samskonar yfirlýsingu hjá honum. Lofaði Bárður því.

Áður en þeir skildu bað Bárður Guðmund að láta sig hafa 5 kr. Gerði hann það, en tók fram, að það yrði að skoðast sem lán.

Skömmu síðar hittust þeir Guðmundur og Sigurgeir og bað Guðmundur hann um að gefa samskonar yfirlýsingu og Bárður hafði gefið, var Sigurgeir til með það, en vildi fá 5 kr. fyrir það, en því neitaði Guðmundur. Varð ekki af kaupunum með þeim. Sigurgeir hefir ávalt haldið sig við það í framburði sínum, að Guðmundur hafi ekki gefið í skyn að hann vissi um, að þeir hefðu keypt vín af Sigurði, heldur hefði hann fremur látið á sjer heyra, að hann hjeldi að framburður þeirra Bárðar um það fyrir lögreglunni, væri ekki rjettur.

Yfirlýsingu þá, sem Bárður gaf Guðmundi, fór hann með til Sigurðar Berndsen og lagði hann hana fram á lögreglustöðinni, var Bárður þá aftur kallaður fyrir og gekk hann þá strax frá yfirlýsinguuni og fyrir rjettinum hjelt hann sjer að öllu leyti við þann framburð, sem hann hafði gefið fyrir lögreglunni um áfengiskaupin hjá Sigurði Berndsen.

Ákærður Sigurður Berndsen hefir, eins og getið er um hjer að framan, harðlega neitað því að hafa beðið ákærðan Guðmund um að það að fá skriflega yfirlýsingu hjá þeim, sem afturkallaði þennan framburð þeirra, hinsvegar hefir hann kannast við það, að hafa beðið Guðmund að grenslast eftir því hjá þeim Bárði og Sigurgeiri, hvers vegna þeir væru að bera þessi ósannindi á sig, og hafi Guðmundur lofað að gera það.

Framburður ákærðs Guðmundar um þetta atriði, er að öllu samhjóða við framburð ákærðs Sigurðar. Hefir hann ávalt neitað því mjög eindregið að hafa haft nokkra hugmynd um að Sigurður hafi selt þeim vínið og ávalt haldið sjer við að Sigurður hafi sagt sjer, að þetta væri uppspuni úr þeim.

Af þessum sökum og meðfram vegna kunnugleika við Sigurð segist hann hafa farið að grenslast fyrir um þetta hjá þeim Bárði og Sigurgeiri. Segist hann hafa látið það ótvírætt í ljósi við þá báða, að framburður þeirra um vínkaupin hjá Sigurði væri rangur og hafi þeir ekkert mótmælt því og því hafi hann viljað, til þess að losa Sigurð við þennan áburð, fá þá til að gefa skriflega yfirlýsingu, sem afturkallaði hann.

Þá hefir ákærður neitað því í framburði Bárðar, að hann

hafi boðist til að útvega honum togaraplass, heldur hafi hann aðeins bent Bárði á að hann skyldi reyna til að fá plass á „Ásu“. Einnig hefir hann neitað því að hafa gefið honum í skyn, að hann skyldi fá ókeypis vaxföt hjá sjer og sömuleiðis að hafa lánað honum 5 krónur.

Ákærður Guðmundur hefir ennfremur neitað því að hafa sagt Bárði, að Sigurður væri hættulegur mótstöðumaður og með því reynt að hafa áhrif á Bárð til þess að gefa yfirlýsinguna.

Enda þótt framburður Guðmundar sje ærið tortryggilegur og margar líkur bendi til þess að hann hafi vitað um að Sigurður seldi þeim vínið þar sem Sigurður oft áður hefir orðið uppvís að áfengissölu og einnig fyrir nokkru síðan dæmdur fyrir það að gera tilraun til þess að fá vitni til þess að bera falsvitni fyrir rjettinum, þá þykir þó ekki að áliti rjettarins nægilega miklar sannanir vera til sakfellingar ákærðum og ber því að sýkna hann, sem sat í gæsluvarðhaldi frá 15.—31. mars þ. á., af ákæru rjettvísinnar í þessu máli.

Af sömu ástæðu ber og að sýkna Sigurð Berndsen, af ákæru rjettvísinnar í þessu máli.

Ákærður Sigurður Berndsen hefir undirgengist 400 króna sektagreiðslu í ríkissjóð í lögreglurjetti Reykjavíkur fyrir að geta ekki gert grein fyrir áfengi sem fanst við húsleit í vörslum hans og auk þess hefir hann tvisvar verið sektaður í Húnavatnsýslu fyrir brot gegn aðflutningsbannslögunum, í fyrra skiftið um 25 kr. og hið síðara 200 kr. Og enn hefir hann með aukarjettardómi Reykjavíkur uppkveðnum 30. nóvember 1923 verið dæmdur í 1000 króna sekt og 60 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn aðflutningsbannslögunum og 146. og 227. gr. sbr. við 53. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869.

Brot kærðs Sigurðar Berndsen, ber að heimfæra undir 15. gr. laga nr. 91 frá 14. nóvember 1917 og þykir refsing sú, er hann hefir til unnið, hæfilega metin 1500 króna sekt í ríkissjóð og einfalt fangelsi í 45 daga.

Svo greiði og kærður allan af máli þessu löglega leiddan og leiðandi kostnað.

Á máli þessu hefir enginn ónauðsynlegur dráttur orðið.

Mánudaginn 29. sept. 1924.

Nr. 8/1924. **H. Benediktsson & Co.**

gegn

Geo. Copland, Íslandsbanka og uppboðsráðandanum í Gullbringu- og Kjósarsýslu f. h. þb. Matth. Þórðarsonar.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, H. Benediktsson & Co., er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Mánudaginn 29. sept. 1924.

Nr. 11/1924. **Bogi A. J. Þórðarson**

gegn

Halldóri Jónssyni

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Bogi A. J. Þórðarson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Miðvikudaginn 1. okt. 1924.

Nr. 42/1924. **Rjettvísin** (Pjetur Magnússon)
gegn
Kristjáni Vigfúsi Kristjánssyni
(Lárus Fjeldsted).

Þjófnaðarmál.

Dómur aukarjettar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 12. júlí 1924: Ákærði Kristján Vigfús Kristjánsson sæti 8 — átta — mánaða betrunarhúsvinnu. Svo greiði ákærði og allan af máli þessu leiðandi kostnað.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Afbrot hins ákærða ber að heimfæra undir 232. gr. 2. málslið hinna almennu hegningarlaga og með því að refsingin þykir hæfilega ákveðin af hjeraðsdómaranum 8 mánaða betrunarhúsvinna, ber að staðfesta hinn áfrýjaða aukarjettardóm.

Ákærði greiði allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda í hæstarjetti 60 kr. til hvors.

Því dæmist rjett vera:

Aukarjettardóminum skal óraskað. Ákærði Kristján Vigfús Kristjánsson greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda, málaflutningsmannanna Pjeturs Magnússonar og Lárusar Fjeldsted 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af hálfu rjettvísinnar höfðað gegn hinum ákærða Kristjáni Vigfúsi Kristjánssyni, til heimilis í Ólafsvík, fyrir brot gegn 23. kapítula hinna almennu hegningarlaga, og eru málavextir samkvæmt skýrslum málsins þeir, er nú skal greina:

Hinn 4. febrúar þ. á. um kl. 6 síðdegis var ákærði á gangi í Ólafsvíkurkauptúni og kom að svonefndu Götuhúsi þar í kauptúninu, þar sem er sölubúð Kaupfjelags Ólafsvíkur. Hafði hann á göngu sinni mætt kaupfjelagsstjóranum á leið úr búðinni og vissi að búðin mundi því vera mannlaus, sá að ytri hurð búðarinnar var ekki læst og var frá komum sínum í búðina fyrirfarandi daga kunnugt um, að rúða á annari vængjahurðinni í innri útihurð búðarinnar var brotin og taldi því færi vera á því að fara inn í búðina án þess vart yrði við og það enda þótt ljós logaði í búðinni. Í þessu bar þar að Gunnlaug Gunnlaugsson unglingspilt á Fagrabakka í Ólafsvík og stakk kærði upp á því við hann, að þeir skyldu fara inn í búðina. Fóru þeir svo að búðardyrunum og var ytri hurð búðarinnar opin, en innri hurðin, vængjahurðin, aflæst, og er þeir komu að brotnu rúðunni í vængjahurðinni ætlaði Gunnlaugur að fara fyrst inn í búðina og var kominn hálfur inn um rúðuopið, en ákærði kipti þá í öxl hans og dró hann til baka, og kvaðst ætla að fara inn í búðina sjálfur. Fór ákærði svo inn um rúðuopið á vængjahurð innri búðarhurðarinnar þannig, að hann setti fyrst annan fótinn inn um rúðuopið, komst svo inn með efri hluta búksins og dró því næst hinn fótinn inn, og var þá kominn inn í búðina. Ljós logaði á lampa í búðinni, og einnig á kontór innar af búðinni, og gardína var fyrir kontór-glugganum. Ákærði gekk svo inn á kontórinn innar af búðinni, sem var óaflæstur og að púlti þar, sem hann vissi að kaupfjelagsstjórinn var vanur að geyma í peninga, lyfti upp ólæstu púltlokinu og sá þar niðri í púltinu tvo peningakassa, sem báðir voru ólæstir, tók úr öðrum þeirra tvo 10 kr. seðla og einn 10 kr. seðil úr hinum kassanum, hallaði svo aftur púltlokinu, ljet aftur kontór-hurðina, gekk því næst fram í búðina og fór svo út um rúðuopið á vængjahurðinni á sama hátt og hann komst þar inn. Ekki tók hann annað úr búðinni eða kontórnum en tjeðar 30 kr. í peningum. Meðan á þessu stóð hafði Gunnlaugur verið á hnotskóg á götunni úti fyrir búðarhúsinu og í námunda þar við. Af peningunum 30 kr., hefir kaup-

fjelagsstjóranum verið skilað aftur 25 kr., en hann hefir fráfallið tildæming iðgjalda fyrir hinar vantandi 5 kr.

Með brjefi, dags. 23. apríl þ. á. hefir dóms- og kirkjumálaráðuneytið úrskurðað, að málshöfðun gegn Gunnlaugi Gunnlaugssyni, sem er fæddur 15. ágúst 1906 og því aðeins 17 ára, skuli falla niður með skilorðum 6. gr. laga nr. 39, 16. nóvbr. 1907 um skilorðsbundna hegningardóma og hegningu barna og unglinga. Er því mál þetta höfðað gegn Kristjáni Vigfúsi Kristjánssyni einum.

Ákærði Kristján Vigfús Kristjánsson er fæddur 8. oktbr. 1900. Hann var með aukarjettardómi sýslunnar uppkveðnum 9. nóvbr. 1922 dæmdur með skilorðsbundnum hegningardómi í 5 daga fangelsi við vatn og brauð fyrir brot gegn 230 gr. hinna almennu hegningarlaga. Afbrot það er hann nú er saksóttur fyrir þykir verða að heimfæra undir 231. gr., 4. málslið hinna almennu hegningarlaga og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 8 mánaða betrunarhúsvinna. Svo greiði ákærði og allan af málinu leiðandi kostnað.

Það vottast, að rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Miðvikudaginn 8. okt. 1924.

Nr. 41/1924. **Valdstjórnin** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Sveini Sveinssyni (Guðm. Ólafsson).

Brot á aðflutningsbannslögunum á áfengi.

Dómur lögreglurjettar Ísafjarðar 11. jan. 1924: Kærður Sveinn Sveinsson greiði 300 kr. sekt til ríkissjóðs. Framangreint áfengi með ílátum skal vera upptækt og eign ríkissjóðs.

Allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað greiði kærður. Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Kærði er í hinum áfrýjaða dómi dæmdur bæði fyrir söluna á spiritusnum til þeirra Ágústs N. Benja-

mínssonar og Jónasar Sigurðssonar og fyrir vörslu þeirra 11 þriggja pela flaskna af spiritus, sem fundust við heimilisrannsóknina hjá honum. En þar sem dómarinn hafði, áður en málið kom í dóm, tekið boði kærða um 200 kr. sekt til ríkissjóðs fyrir spiritussöluna og felt að því leyti niður málið, sem hann hafði höfðað af sjálfsdáðum, þá verður að sitja við þá sekt fyrir það brot kærða, og kemur það því ekki til álita hjer.

Að því er aftur á móti snertir spiritus þann, sem fanst hjá kærða við heimilisrannsóknina, þá getur kærði ekki komist hjá að verða dæmdur fyrir vörslu sína á honum. Kærði gerði í prófunum þá grein fyrir heimild sinni til þessa áfengis, að hann hefði keypt það hjá manni á gufuskipinu Gullfoss, en þóttist þó hvorki geta gert nánari grein fyrir manninum nje heldur treysta sjer til að þekkja hann, þó að honum yrði sýndur hann. En með þannig löguðum framburði þykir kærði ekki hafa gert þá grein fyrir vörslu sinni á þessu áfengi, sem ætla má að átt sje við í 2. mgr. 12. gr. laga nr. 91/1917. Verður því samkvæmt nýnefndu ákvæði að telja kærða sekan um brot gegn 1. gr. laganna, og þykir refsing sú, sem hann hefir tilunnið samkvæmt 14. gr. og með tilliti til sölusektarinnar, hæfilega metin 200 kr. sekt til ríkissjóðs.

Um upptekt áfengisins og málskostnað í hjeraði á lögreglurjettardóminum að vera óraskað.

Eftir þessum úrslitum verður kærði að greiða allan kostnað sakarinnar hjer í rjetti, þar með talin 60 kr. málflutningslaun til sækjanda og verjanda, hvors fyrir sig.

Það er aðfinningarvert við meðferð málsins í hjeraði, að dómarinn tók boði kærða um sekt fyrir

spiritussöluna áður en heimilisrannsóknin fór fram, að sú rannsókn var ekki ákveðin með venjulegum úrskurði, að annað vitnið, sem leitt var í prófunum, var ekki látið segja til aldurs síns og að prófin eru yfirleitt ófullkomin. Loks athugast, að varðhaldsúrskurðurinn yfir kærða var ekki nauðsynlegur eins og málið horfði við.

Því dæmist rjett vera:

Kærði, Sveinn Sveinsson, greiði 200 kr. sekt í ríkissjóð.

Um upptekt áfengisins og málskostnað í hjeraði skal lögreglurjettardóminum óraskað.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar í hæstarjetti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda, málflutningsmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Guðmundar Ólafssonar, 60 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af hálfu valdstjórnarinnar höfðað fyrir lögreglurjettinum með stefnu útgefinni 8. f. m. gegn Sveini Sveinssyni, nú til heimilis í Vestmannaeyjum fyrir brot á lögum nr. 91, 14. nóv. 1917, um aðflutningsbann á áfengi.

Samkvæmt eigin játningu kærðs og öðrum gögnum eru atvik og tildrög málsins þannig:

Hinn 13. ágúst f. á., kom unglingspiltur að nafni Ágúst Núpdal Benjamínsson hingað með e/s. „Sirius“ frá Reykjavík, fór hann heim til kærðs, er þá bjó í Tangagötu hjer í bænum, bað hann selja sjer $^1/_2$ flösku af spiritusblöndu eða $^1/_4$ fl. af óblönduðum spiritus. Neitaði kærður því í fyrstu, en rjett á eftir og án

tilefnis spurði hann piltinn hvort hann vildi heldur blandaðan eða óblandaðan spiritus. Keypti Núpdal þá af kærðum 1/4 fl. af óblönduðum spiritus, er hann helti af flösku er hann tók undan legubekk í herbergi sínu og sagði piltinum að hann hefði keypt hana hjá lyfsala í Reykjavík. Fyrir þennan vinanda greiddi piltturinn kærðum 6 kr. í peningum.

Um sama leyti og Ágúst Núpdal Benjamínsson kom heim til kærðs, kom þangað annar unglingsmaður Jónas Sigurðsson að nafni og keypti af kærðum 1/2 flösku af óblönduðum spiritus á 12 kr. og greiddi honum andvirðið í peningum.

Við húsleit er fór fram hjá kærðum sama dag, fundust 10, 3 pelaflöskur með spiritus concentratus, og ellefta flaskan axlafull. Tók lögreglan áfengið í sínar vörslur. Áfengi þetta og 1 flaska í viðbót eða alls 12 flöskur keypti kærður um borð í g/s. Gullfoss, hjer við hafskipabryggjuna 4. eða 5. ágúst f. á. af háseta eða manni er heyrði skipinu til, og er það eigi sannað í málinu hver maðurinn var. Kveðst kærður hafa greitt 16 kr. fyrir hverja flösku.

Kærður var mjög tregur til að meðganga brot sitt, og áður en rannsókn málsins var lokið, fór hann úr bænum í óleyfi dómarans og kom eigi aftur til yfirheyrslu fyr en að ráðstöfun yfirvalds, eftir að varðhaldsúrskurður hafði verið uppkveðinn yfir kærðum.

Kærður var þó eigi í haldi nema tæpa klukkustund undir rannsókn málsins við komu g/s. Gullfoss 29. nóvember f. á.

Brot kærðs, er eigi hefir áður sætt ákæru eða refsingu fyrir neitt lagabrot, ber að heimfæra undir, 8. gr. og 15. gr. 2. málsgr. laga nr. 91, 14. nóvembar 1917, um aðflutningsbann á áfengi, og þykir hegning hans hæfilega metin samkvæmt nefndum lagagreinum sbr. 17. gr. þeirra 300 kr. sekt til ríkissjóðs.

Áfengi það, er umræðir í dóminum með ílátum skal upptækt og verða eign ríkissjóðs. Allan af málinu leiddan og leiðandi kostnað greiði kærður.

Málinu hefir verið hraðað tilhlýðilega og meðferð þess vítalaus.

Föstudaginn 17. okt. 1924.

Nr. 20/1924. **H. Benediktsson & Co.**
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
Verslun Böðvarssona
(Lárus Fjeldsted).

Útaf kröfu áfrýjanda um að fá sjer greitt andvirði salts, er stefndi hafði keypt og fengið afhent af þriðjamanni, er stefndi borgaði með skuldajöfnuði.

Dómur gestarjettar Reykjavíkur 22. mars 1924: Stefndur, Ólafur Böðvarsson f. h. „Verslun Böðvarssona", á að vera sýkn af kröfum stefnandans, Hallgríms Benediktssonar f. h. firmans H. Benediktsson & Co. í þessu máli.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Áfrýjandi hefir ekki leitt sönnur að því, gegn mótmælum stefnda, að stefndi hafi vitað annað en að Ólafur V. Davíðsson, sem aðiljum kemur saman um, að þá hafi staðið í skuld við hann, seldi saltið fyrir sjálfan sig. Ber því að telja stefnda hafa haft rjett til að greiða andvirði saltsins til Ólafs með innieign sinni hjá honum.

Í hjeraði er því ómótmælt haldið fram af hálfu stefnda, að hann hafi um áramótin 1920/1921 sent Ólafi V. Davíðssyni reikning yfir viðskifti þeirra til þess tíma og fært Ólafi til tekna andvirði saltsins og jafnað þannig skifti þeirra. Þessu er að vísu mótmælt fyrir hæstarjetti, en þau mótmæli eru of seint framkomin, og verður því ekkert tillit tekið til þeirra. Við reikningsskil stefnda voru engar athugasemdir gerðar fyr en nálægt ári síðar, eða um áramótin 1921/1922. Fyrir þessa sök hafði stefndi

einnig fulla ástæðu til að líta svo á, að reikningsskil hans væru tekin gild og skuldajöfnuður hans samþyktur, og að hann væri því laus við saltskuldina, eins og hann hefði greitt hana í peningum gegn kvittun berum orðum gefinni.

Það, sem gerst hefir með þessum hætti milli stefnda og Ólafs Davíðssonar, skuldbatt áfrýjanda, og með því að hin nýju gögn, er lögð hafa verið fram hjer í dóm, breyta eigi heldur neinu um úrslitin, ber að sýkna stefnda af kröfu áfrýjanda um greiðslu á hinni umstefndu upphæð í þessu máli. Hæstirjettur felst eftir atvikum á málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms, og verður því að staðfesta hann að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum þykir rjett að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti, og þykir hann hæfilega metinn kr. 300.00.

Það er aðfinsluvert, að málflutningsmenn aðilja hafa í hjeraði fengið fresti á fresti ofan án þess að nokkrar ástæður sjeu færðar fyrir því, og hefir málsmeðferð frá þingfestingu til dómtöku staðið yfir frá 1. nóv. 1922 til 27. febr. 1924, eða 16 mánuði alls.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Áfrýjandi, H. Benediktsson & Co., greiði stefnda, Verslun Böðvarssona, í málskostnað fyrir hæstarjetti kr. 300.00.

Dóminum að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er með skírskotun til laga nr. 59/1905 af hálfu stefnanda og með samþykki stefnds höfðað fyrir gestarjettinum með stefnu útgefinni 10. október 1922 af Hallgrími Benediktssyni, heildsala, f. h. firmans H. Benediktsson & Co. hjer í bænum gegn Ólafi kaupmanni Böðvarssyni í Hafnarfirði f. h. „Verslunar Böðvarssona" s. st. til greiðslu skuldar fyrir útteknar vörur, að upphæð kr. 4681,80 með 6 % ársvöxtum frá 1. janúar 1921 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eftir mati rjettarins.

Stefndur hefir krafist algjörðrar sýknunar af kröfum stefnanda í málinu og málskostnaðar hjá honum að skaðlausu eftir taxta málaflutningsmannafjelagsins.

Málavextir eru þeir, að vorið 1920 átti „Verslun Böðvarssona" í Hafnarfirði inni hjá firmanu Davíðsson & Hobbs s. st. og taldi erfitt að fá inneign sína frá firmanu greidda í peningum. Um þessar mundir fjekk verslunin, að því er stefndur ómótmælt heldur fram, fyrirspurn um það frá Kaupfjelaginu „Fram" í Vestmannaeyjum hvort hún gæti selt kaupfjelaginu mótorbátsfarm af salti og flutt hann til Vestmannaeyja. Kveðst stefndur þá hafa átt nóg salt sjálfur, en kosið heldur að kaupa þennan farm hjá Davíðsson & Hobbs til að jafna viðskifti þeirra, og sendi síðan mótorkutter sinn Ísafold með saltið til eyja.

Hinsvegar hafði firmað H. Benediktsson & Co. hjer í bænum ásamt Bernhard kaupmanni Petersen fengið farm af þýsku salti í apríl byrjun. Var 750 smálestum af þessu salti skipað upp í Hafnarfirði. Var samið svo um við Ólaf V. Davíðsson, kaupmann í Hafnarfirði, að hann skyldi annast uppskipun, geymslu, afhendingu og útskipun á salti þessu fyrir umsamið verð, selja það síðan eða Hallgrímur Benediktsson fyrir 135 krónur smálestina og fá $^1/_3$ part af ágóðanum af sölu saltsins í sinn hlut. Greiðsla öll fyrir selt salt skyldi ganga jafnóðum til H. Benediktssonar og Ólafur Davíðsson vera „ansvarlegur" fyrir rjettri afhendingu á því er móttekið var, að undanskildri eðlilegri rýrnun.

Það er nú in confesso í máli þessu, að salt það, er stefndur fjekk — 34680 kg. á kr. 135,00 pr. tonn — kr. 4681,80 — og sendi til Vestmannaeyja, var af þýska saltinu frá H. Benediktssyni. Hefir hann því höfðað mál þetta gegn stefndum og gjört rjettarkröfur þær, er að framan greinir.

Stefndur byggir sýknukröfu sína á því, að hann hafi ekki vitað betur en að salt það, er hann fjekk, væri frá Davíðs-

son & Hobbs og að hann hafi tekið það til þess að ná inneign sinni hjá því firma, og myndi alls ekki hafa tekið saltið ef hann hefði vitað að það væri eign annars en þess firma, þar sem hann hafi selt það án hagnaðar til Vestmannaeyja.

Máli sínu til stuðnings heldur hann því fram, að Ólafur Davíðsson hafi beint sagt sjer að hann ætti saltið og að hann hafi fengið reikning yfir það frá Davíðsson & Hobbs, og eftir staðfestum útdrætti úr frumbók stefnds, sem hann hefir lagt fram í málinu, hefir hann, 24. apríl, debiterað Kaupfjelagið „Fram" í Vestmannaeyjum fyrir 34,68 smálestum af salti fyrir kr. 4681,80 frá Davíðsson & Hobbs og flutningsgjaldi á því til Vestmannaeyja. Hann kveður saltið hafa verið látið úti úr húsi er Davíðsson & Hobbs hafði umráð yfir og af manni sem var í þjónustu fjelagsins, án þess að nokkur mintist á það við sig, að það væri eign annars en fjelagsins. Hann kveður bryggjuvörð Ólafs Davíðssonar, sem afhenti saltið, hafa átt tal við sig um greiðslu saltsins einu sinni í októbermánuði 1920 og þá talið það eðlilegt að andvirðið gengi upp í skuld Ólafs við sig. Síðan hafi hann ekki verið krafinn um andvirði saltsins fyrri en stefndi tjáði honum að það hefði verið sín eign og krafði hann um borgun í janúar 1922, en þá mótmælti hann kröfunni jafnharðan.

Stefnandi hefir haldið því fram að stefndur hafi vitað, eða að minsta kosti átt að vita, að firmað Davíðsson & Hobbs var ekki eigandi saltsins, heldur hann, en að áliti rjettarins hefir honum ekki, hvorki með framburði vitna þeirra, sem yfirheyrð hafa verið í því, eða með öðrum upplýsingum, sem frá hans hendi liggja fyrir í málinu, tekist að hnekkja þeirri skýrslu og staðhæfingu stefnds, að honum hafi verið ókunnugt um annað, en að Ólafur Davíðsson, sem hann samdi um saltkaupin við, eða firmað Davíðsson & Hobbs, ætti saltið, og verður hann þá ekki dæmdur til að greiða öðrum andvirði þess.

Það verður því að áliti rjettarins að sýkna stefndan af kröfum stefnandans í málinu, en með tilliti til þess, að stefndur hefir ekki orðið við þeirri kröfu stefnanda, að leggja fram í málinu reikning þann frá Davíðsson & Hobbs yfir saltið, er hann tjáist hafa fengið, þykir málskostnaður mega falla niður.

Mánudaginn 20. okt. 1924.

Nr. 21/1924. **Einar Þorgilsson** (Jón Ásbjörnsson)
gegn
Jóni Bjarnasyni (Pjetur Magnússon).

Spurning um skilning orðanna »alment fiskverð« í ráðningarsamningi stefnda, er var háseti á útvegi áfrýjanda.

Dómur sjórjettar Reykjavíkur 16. júní 1924: Stefndur Einar Þorgilsson, greiði stefnandanum Jóni Bjarnasyni kr. 108,36 með 5 % ársvöxtum frá 1. október 1921 til greiðsludags og 40 krónur upp í málskostnað.

Fyrir upphæðum þessum á stefnandi sjóveðrjett í m/sk. „Esther" R.E. 81 og getur að undangengnu fjárnámi látið selja það á nauðungaruppboði til lúkningar þeim ásamt fjárnámi og sölukostnaði.

Hið ídæmda greiðist innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Eftir upplýsingum þeim, er fram eru komnar í málinu, og að miklu leyti hefir verið aflað eftir að dómur gekk í því í hjeraði, verður að líta svo á, að hið »almenna fiskverð«, sem átt er við í viðbótarákvæðinu á skipshafnarskránni, hafi verið verð það, er kaupmenn í Hafnarfirði gáfu viðskiftamönum sínum fyrir fullþurkaðan fisk nr. 1—2 án aðgreiningar, heimfluttan til þeirra í sumarkauptíð 1921, en ekki það verð, er fiskútflytjendur gáfu fyrir fisk fluttan á skipsfjöl — hið svokallaða fobverð —, og með því að það er ekki sannað af hálfu stefnda að þetta kaupmannaverð hafi verið hærra en 170 kr. fyrir skippundið, hafði stefndi eigi heimtingu á neinni uppbót á hinu umsamda blautfisksverði 45 aura fyrir hvert kilo.

Það ber því samkvæmt kröfu áfrýjanda að sýkna hann af kröfum stefnda í máli þessu.

Málskostnaður fyrir undirrjetti virðist eftir atvikum eiga að falla niður, en málskostnað fyrir hæstarjetti verður stefndi að greiða áfrýjanda og ákveðst hann 250 kr.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandi, Einar kaupmaður Þorgilsson, á að vera sýkn af kröfu stefnda, Jóns Bjarnasonar, í máli þessu.

Málskostnaður í hjeraði fellur niður, en málskostnað í hæstarjetti greiði stefndi áfrýjanda með 250 kr. að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir sjórjettinum með stefnu útgefinni 29. september f. á. af Jóni Bjarnasyni sjómanni gegn Einari Þorgilssyni kaupmanni í Hafnarfirði til greiðslu á uppbót á fiskverði árið 1921 að upphæð kr. 200,70 ásamt 5 % ársvöxtum frá 1. október 1921 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Svo hefir stefnandi og stefnt í málinu P. J. Thorsteinsson framkvæmdarstjóra h/f. „Harðar“ hjer í bænum, sem eiganda m/sk. „Esther“ R.E. 81 og krafist þess að viðurkent verði með dóminum í málinu, að hann eigi sjóveðrjett í greindu skipi fyrir framannefndum upphæðum og rjettur hans til að gjöra fjárnám í því fyrir þeim og láta selja það við opinbert uppboð fyrir kröfunum ásamt kostnaði við fjárnámið og efirfarandi uppboð.

Báðir hinir stefndu hafa krafist sýknunar af kröfum stefnanda í málinu og hæfilegs málskostnaðar hjá honum eftir mati sjórjettarins.

Málavextir eru þeir að í febrúar 1921, rjeðist stefnandi háseti á áðurnefnt mótorskkip, sem stefndur Einar Þorgilsson gerði út, gegn hálfdrætti. Skyldi fiskurinn vigtast upp úr skipinu eftir hverja ferð, og hálfdrættið borgast með 45 aurum hvert tvípund

af þorski ógölluðum og löngu, en lægra verði fyrir annan fisk. Svo er bætt við í dálkinum með yfirskriftinni „Önnur kjör, sem tilskilin eru, þá er skipshöfnin er ráðin á skip“, í skiphafnarskránni þessari klausu: „Hásetar fá uppbót á fiskverði samkvæmt samningi, sem því svarar, sem alment fiskverð verður fram yfir 170 — eitt hundrað og sjötíu — skippund af þorski nr. 1. og 2“.

Stefnandi heldur því nú fram að sjer beri hin umstefnda upphæð sem uppbót á andvirði 3344,00 tvípunda af þorski, vigtuðum upp úr skipi, sem jafngildi 13,38 skippundum af fullverkuðum þorski og að uppbótin sje 13 krónur á skippundi, þar sem fiskverðið hafi alment verið 185 kr. fyrir skippund af þorski nr. 1 og 173 krónur af þorski nr. 2 sumarið 1921.

Stefndur Einar Þorgilsson hefir nú mótmælt því að uppbótarákvæðið verði skilið svo, þar sem sje átt við fob sölu og eins hinu að alment verð á þorski nr. 1 og nr. 2 upp til hópa og keyptan á staðnum hafi verið um 170 krónur pr. sumarið 1921.

Rjetturinn verður nú að líta svo á, að beinast liggi við að skilja uppbótarklausuna svo, að uppbót skipverjanna á fiskverðinu eigi að miðast við það, sem alment meðalverð á fyrsta og annars flokks fiski færi fram úr 170 krónum pr. skpd., þar sem skipverjar lögðu fiskinn inn til stefnds, Einars Þorgilssonar, upp úr skipinu, og verðið var miðað við tvípundið á þorskinum óverkuðum, og gjörður greinarmunur á 1. og 2. flokks vöru. Nú hefir stefnandi lagt fram vottorð frá stærsta fiskútflytjandanum árið 1921, þess efnis, að fiskverðið hefði verið í júlímánuði það ár, hið sama og stefnandi heldur fram og er meðalverð í 1. og 2. flokki þá kr. 179,00 pr. skpd. Á stefnandi því að áliti rjettarins kröfu til 9 króna uppbótar á hvert skippund af fullverkuðum þorski, sem hálfdrætti hans nam. Telur stefnandi það, eins og að framan getur, hafa numið 13,38 skpd., en stefndur hefir mótmælt því, að þorskurinn hafi numið svo miklu, því of lítið sje að reikna að ekki hafi farið nema 250 kilo af fiski upp úr skipi í skippund af fullverkuðum fiski, og að frá skippundatölu þeirri, er stefnandi fær út, verði að draga 10 % af þeirri ástæðu og verður rjetturinn að fallast á það. Uppbót stefnanda verður því $9 \times 12{,}05 =$ kr. 108,36.

Stefndur P. J. Thorsteinsson hefir mótmælt því að stefnandi eigi sjóveðrjett í m/sk. „Esther“, fyrir kröfum þeim, er hann kunni að reynast eiga á hendur stefndum Einari Þorgilssyni, því þar sem hann hafi verið ráðinn gegn hálfdrætti, hafi hann orðið

eigandi að fiskinum, jafnóðum og hann dró hann og eigi því ekkert ógreitt af kaupinu.

Á þetta getur sjórjetturinn ekki fallist. Stefnandi var ráðinn með þeim kjörum, að selja útgerðarmönnum hálfdrætti sitt ákveðnu verði og er því ekki búinn að fá kaupið greitt fyrri en hann hefir fengið hálfdrættið borgað að fullu.

Eftir þeim úrslitum er mál þetta fær hjer í sjórjettinum þykir rjett að stefndur Einar Þorgilsson greiði stefnanda 40 krónur upp í málskostnað.

Mánudaginn 3. nóv. 1924.

Nr. 29/1924. **O. Ellingsen** (Lárus Jóhannesson)
gegn
A. Obenhaupt (Guðm. Ólafsson).

Spurning um gildi rgj. nr. 120, 19. okt. 1918 um verð framfærslu á vörum í heildsölu.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. júní 1924: Stefndur O. Ellingsen, greiði stefnandanum, A. Obenhaupt, danskar krónur 4,060,20 og íslenskar krónur 25,26, að frádregnum íslenskum krónum 3,120,00 með 6 % ársvöxtum frá 25. október f. á. til greiðsludags og kr. 178,00 í málskostnað, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Með 2. gr. l. nr. 7, 30. júlí 1918 var landsstjórninni veitt heimild til, ef þörf gerðist, að banna innflutning á vörum til landsins, nema með leyfi stjórnarinnar, og ákveða hve mikið skuli lagt á vöruna. Af þessu og undirbúningi laganna á alþingi verður að líta svo á að rgj. nr. 120, 19. okt. 1918 um verðframfærslu á vörum í heildsölu, er sett var með heimild í lögum þessum, hafi eigi tekið til kaupa er

vörur voru seldar fob. í erlendum höfnum, enda verður og að líta svo á að umrædd reglugjörð hafi verið gengin úr gildi, er kaup þau, sem mál þetta er risið út af, fóru fram. Bæði var reglugjörðin einn liður í ráðstöfunum þeim, er þing og stjórn gjörðu til að bæta úr örðugleikum þeim á verslunarhögum landsins, er af heimsstyrjöldinni stöfuðu, og virðist hún því hafa gengið úr gildi er ástand það, sem hana skapaði, hvarf. Auk þess má ætla að landsstjórnin með rgj. 28. sept. 1920 hafi falið verðlagsnefnd framkvæmd rgj. nr. 120, 19. okt. 1918. Er mælt svo fyrir í 4. gr. rgj. 28. sept. 1920, að verðlag það er nefndin ákveður falli úr gildi jafnskjótt og nefndin hættir störfum, en nefnd þessi var lögð niður með augl. atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins 20. apríl 1921. Af þessum ástæðum verður aðalkrafa áfrýjanda í hæstarjetti, um algera sýknun af kröfum stefnda eigi tekin til greina, og með því ennfremur að telja verður, með hliðsjón af ákvæðum kaupsamnings aðilja um ráðstöfunarrjett stefnda á hinum seldu vörum, að rjett sje að leggja uppboðsandvirði vörunnar, á uppboðinu 15. okt. f. á., til grundvallar um verð hennar, enda uppboðið auglýst og haldið á viðunanlegan hátt, þá ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm og ber áfrýjanda eftir þessum úrslitum að greiða stefndum málskostnað í hæstarjetti er ákveðst 300 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Áfrýjandi, O. Ellingsen, greiði stefnda, A. Obenhaupt, málskostnað í hæstarjetti með 300 krónum.

Dóminum skal fullnægja, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 31. okt. f. á. af A. Obenhaupt stórkaupmanni hjer í bænum gegn O. Ellingsen kaupmanni í Reykjavík, til greiðslu á dönskum krónum kr. 4060,20 og ísl. kr. 25,26 að frádregnum ísl. kr. 3120,00 með 6 % ársvöxtum frá 25. okt. f. á. til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Nemur hann eftir framlögðum reikningi, sem er í samræmi við aukatekjulögin og lágmarksgjaldskrá málflutningsmannafjelagsins kr. 178,00.

Stefndur hefir hinsvegar krafist algerðrar sýknunar af öllum kröfum stefnanda í málinu og sjer tildæmdan málskostnað. Til vara hefir hann krafist þess, komist rjetturinn að þeirri niðurstöðu að stefndur hafi bakað sjer skaðabótarábyrgðar gagnvart stefnda, að skaðabæturnar verði ákveðnar af rjettinum eða óvilhöllum mönnum, en að ekki verði farið eftir uppboðssölunni.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Hinn 17. júlí f. á. undirrituðu stefnandi sem seljandi, A. Obenhaupt, Hellerup — og stefndur sem kaupandi „sluttseðil", þar sem stefndur festir kaup á ca. 800 kg. af netagarni no. 11/5 á danskar kr. 2,10 hvert lbs., og ca. 800 kg. af netagarni no. 12/3 á danskar kr. 2,25 hvert lbs. Var garnið selt fob. Genua og átti að afhendast hjer í júlí eða ágúst ef unt væri. Borgun átti að fara fram gegn farmskírteini eða afhendingaseðli að vild kaupanda og hafði seljandi heimild til að ráðstafa garninu á ábyrgð og fyrir reikning kaupanda ef hann greiddi ekki andvirðið innan 14 daga og skyldi kaupandi greiða alt það tjón sem hlytist af slíkri sölu. Í ágústmánuði f. á. kemur svo garnið no. 11/5, sem mál þetta er risið út af. Samkvæmt reikningi á rskj. nr. 6 dags. 27. ágúst f. á. nemur verð garnsins með flutningskostnaði og vátryggingu m. m. samtals danskar kr. 4060,20 reiknað á danskar kr. 2,10 hvert lbs. fob. auk vörutolls m. m., er nam ísl. kr. 25,26. Þann sama dag sem reikningurinn er dagsettur meðtók stefndur samhljóða reikning frá stefnanda hjer ásamt tilkynningu um að innleysa garnið. Stefndur telur það sjálfsagt að hann hefði þá innleyst garnsendingu þessa, ef hann ekki um sömu mundir hefði

heyrt að netagarn væri boðið út í heildsölu fyrir kr. 4,50 kg. og eftir nokkra rannsókn kveðst hann hafa komist að því að það væri einmitt stefnandi sem byði þá garn fyrir þetta verð, en samkvæmt þáverandi gengi á danskri krónu kveður hann kílóið hafa kostað sig eða átt að kosta samkvæmt reikningnum á rskj. nr. 6 ísl. kr. 5,91 75/100. Kveðst stefndur þar af leiðandi hafa neitað að taka á móti garninu, þar sem hjer væri alveg um óhæfilega álagningu að ræða, en þó fyrst eftir að hafa reynt að komast að samkomulagi við stefnanda. Heldur stefndur því fram að stefnandi hafi með þessu brotið í bága við lög nr. 7, 30. júlí 1918 og reglugjörð dags. 19. okt. s. á. um verðframfærslu á vörum í heildsölu, enda hafi það verið forsenda sín fyrir samningnum frá 17. júlí á rskj. nr. 5, að stefnandi seldi nú sem fyrri betra og ódýrara netagarn en aðrir bæði sjer og öðrum. Í sönnunarskyni fyrir því að stefnandi hafi reiknað garnið óhæfilega hátt hefir stefndur lagt fram brjef frá firmanu Tenconi & Leth í Kaupmannahöfn og Þórði Sveinssyni & Co. hjer, um verð á nokkrum garntegundum, en ekki er unt að byggja neitt á þeim brjefum um það, hvaða verð hafi verið í innkaupi á garntegund þeirri, sem mál þetta er risið út af. Stefndur heldur því þess vegna fram að hann sje ekki bundinn við samninginn á rskj. nr. 5, og hafi haft fullkomna heimild til að neita að taka móti garninu.

Þegar svo stefndur innleysti ekki garnið, skoraði stefnandi með brjefi dags. 21. sept. f. á. á stefndan að gera það og greiða reikningsupphæðirnar danskar kr. 4060,20 plus ísl. kr. 25,26 innan 14 daga. En með brjefi dags. 6. okt. s. á. er stefndum tilkynt með skírskotun til samningsins á rskj. nr. 5, að netagarnið verði selt á opinberu uppboði. Fór svo uppboðið á netagarninu fram 15. okt. f. á. kl. 1 síðdegis við Suðurgötu 3 hjer, eftir að það hafði verið auglýst í Morgunblaðinu 14. s. m. og tilkynt stefndum með brjefi dags. 15. okt., sem birt er stefndum af stefnuvottunum kl. $10^1/_4$ árdegis þann sama dag. Nettó andvirði uppboðsins nam kr. 3120,00. Stefndur hefir loks haldið því fram að uppboðið sje ekki skuldbindandi fyrir sig, þar sem það hafi verið auglýst með svo litlum fyrirvara, og enginn greiðslufrestur gefinn á uppboðsandvirðinu, og hafi garnið fyrir þá sök selst miklu ver en ella.

Stefnandi heldur því aftur á móti fram, að stefndur sje bundinn við samninginn á rskj. nr. 5 og mótmælir því að reglugjörðin frá 1918 geti komið til álits í þessu máli, enda sje það

verslun sín í Hellerup, sem selur garnið. Hann hefir og mótmælt umsögn stefnds um verðlag á garninu.

Rjetturinn verður nú að vera þeirrar skoðunar, að samningurinn frá 17. júlí f. á. sje bindandi fyrir stefndan, eins og málið liggur fyrir, hvað sem reglugjörðinni frá 1918 líður, enda hefir stefndum að áliti rjettarins ekki tekist að sanna hvort eða hve mikið stefnandi hefir lagt á vörusending þessa. Og með því að í annan stað salan á garninu þykir eftir atvikum hafa verið nægilega tilkynt, þá verður að taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti.

Miðvikudaginn 5. nóv. 1924.

Nr. 40/1924. **Rjettvísin** (Lárus Jóhannesson)
gegn
Kristjáni Kjartanssyni
(Jón Ásbjörnsson).

Brot gegn 270. gr. hegningarlaganna.

Dómur aukarjettar Ísafjarðarsýslu 20. júní 1924: Ákærður Kristján Kjartansson sæti 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð, svo greiði hann og allan af málinu leiðandi kostnað, þar á meðal málsvarnarlaun hins skipaða talsmanns síns, yfirdómslögmanns Páls Jónsonar 20 kr.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Eins og segir í aukarjettardóminum verður að telja sannað, að ákærði hafi samið símskeyti það, er ræðir um í málinu, ritað heimildarlaust nafn Árna Guðmonssonar undir það og sent firmanu Kjartan & Jón í Hnífsdal. Hefur hjeraðsdómarinn rjettilega heimfært afbrot þetta undir 270. gr. hinna almennu hegningarlaga og verður fallist á, að refsingin er ákveðin 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð. En

með tilliti til þess, *að* ákærði, er var 22 ára að aldri þegar hann framdi brotið, hefur ekki áður sætt ákæru eða hegningu fyrir neitt lagabrot, *að* sennilegt er, að Árni Guðmonsson hafi verið loforði bundinn að greiða innieign sína hjá Ingimar Bjarnasyni upp í skuldina við firmað Kjartan & Jón, *að* ákærði framdi ekki afbrotið í eiginhagsmuna skyni og *að* engum var bakað tjón með því, þá þykir mega ákveða samkvæmt 1. gr. laga nr. 39, 16. nóv. 1907, að fullnustu refsingarinnar skuli frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dómsins, ef fullnægt verður lögmæltum skilyrðum.

Um málskostnað í hjeraði á aukarjettardóminum að vera óraskað, og ákærða ber að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins til hæstarjettar, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda, 80 krónur til hvors.

Prófun málsins er yfirleitt ófullkomin og þykir það einkum athugavert, *að* annar eigandi firmans Kjartan & Jón hefir ekki verið yfirheyrður og *að* kærandinn Árni Guðmonsson hefir ekki verið krafinn vitnisburðar um hvort hann áður en hann fór úr Hnífsdal eða í símtali við ákærða um það leyti sem brotið var framið, hafi lofað að greiða innieign sína hjá Ingimar Bjarnasyni upp í skuldina við firmað Kjartan & Jón. Ennfremur athugast, að ákærða er í dóminum veittur aðfararfrestur, er ekki átti að gera og loks að málið hefir orðið mjög seinfara. Próf í því eru hafin 9. sept. 1922 og dómur er ekki kveðinn upp fyr en 20. júní þ. á., en þessi dráttur á að miklu leyti rót sína að rekja til þess, að próf málsins hafa tvisvar verið send stjórnarráðinu, sem og til þess, að ákærði fór í óleyfi dómarans úr lög-

sagnarumdæminu og dvaldi utan þess um 4 mánuði meðan rannsókninni var enn ekki lokið.

Því dæmist rjett vera:

Ákærði Kristján Kjartansson sæti 4×5 daga fangelsi við vatn og brauð. En fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún falla niður eftir 5 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39, 16. nóv. 1907 eru haldin.

Um málskostnað í hjeraði skal aukarjettardóminum óraskað. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda, cand. jur. Lárusar Jóhannessonar og málaflutningsmanns Jóns Ásbjörnssonar, 80 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af rjettvísinnar hálfu höfðað gegn ákærðum Kristjáni Kjartanssyni verslunarmanni í Hnífsdal fyrir skjalafals.

Með eigin játningu ákærðs og öðrum gögnum verður að telja það nægilega upplýst í málinu, að ákærður hefir hinn 2. desember 1921 í nafni annars manns, Árna Guðmonssonar á Gjögri í Strandasýslu, samið símskeyti á Ísafirði, undirskrifað það með nafni Árna, og sent það firmanu Kjartan & Jón í Hnífsdal. Efni símskeytisins var að ávísa firmanu 250 kr., er ákærður vissi, að Árni átti hjá þriðjamanni, Ingimar Bjarnasyni, skipstjóra í Hnífsdal. Það kom þó eigi til útborgunar samkvæmt tilvísun símskeytisins með því að Ingimar Bjarnason átti áður í síma, tal við Árna, er upplýsti, að hann hefði eigi sent símskeytið.

Hin nánari atvik málsins eru þau, að sumarið 1921 var Árni Guðmonsson formaður á bát, er firmað Kjartan & Jón átti

og skuldaði hann firmanu nokkra upphæð, er gert var ráð fyrir að yrði greidd af kaupi Árna á bátnum, en báturinn fiskaði lítið, og var skuld Árna við firmað orðin kringum 700 kr. um mánaðamótin ágúst—september 1921, þegar báturinn hætti úthaldi. Fór Árni þá norður í Strandasýslu og kom þaðan eigi fyrri en í júlí 1922. Ákærður var þá í þjónustu firmans Kjartan & Jón og hafði á hendi bókhald og innheimtu fyrir það. Gerði hann því tilraunir til þess að fá Árna til að greiða umgetnar 250 kr. upp í skuldina, en þessar 250 kr. átti Ingimar Bjarnason inni hjá firmanu. Hinn 1. nóvember 1921, sendi ákærður Árna viðskiftareikning hans við firmað og hafði í þeim reikningi fært inn til Árna 250 kr. frá Ingmar Bjarnasyni. Kveðst ákærður bæði hafa skrifað og símað til Árna að láta upphæðina ganga inn í reikning sinn við firmað, en hann svaraði eigi og með því að ákærði vissi, að Árni myndi koma til Hólmavíkur í byrjun desember s. á., vildi hann eiga tal við hann um skuldina í síma og fór því til Ísafjarðar 2. desember og átti, í síma, tal við Árna um skuldina, en hann gaf ekkert ákveðið svar og kvaðst ætla að koma til viðtals við hann um vorið.

Framburður ákærðs um greint samtal við Árna er þó fremur óljós, og stafar það af því, að ákærður kveðst hafa verið ölvaður er hann símtalaði við Árna og sjerstaklega kveðst hann hafa verið orðinn ölvaður, er hann sendi framangreint símskeyti til firmans Kjartan & Jón. Kveðst hann hafa komið til Ísafjarðar kl. 1—2 e. hád. umgetinn dag, farið inn á símastöðina og beðið um símtal við Árna Guðmonsson. En á meðan hann var að bíða eftir símtalinu, hafi maður að nafni Bjarni Elíasson, stýrimaður á Ísafirði, hitt hann, boðið honum heim til sín, en þar hafi þeir farið að drekka saman lyfjabúðaráfengi. Kveðst ákærður brátt hafa orðið ölvaður og eftir að umgetið símtal við Árna hafði átt sjer stað, settist hann aftur að drykkju með áðurnefndum manni og fleiri mönnum á Ísafirði. Kveðst hann því eigi gjörla vita hvernig símskeytið til firmans Kjartan & Jón hafi orðið til. En þessi framburður ákærðs er eigi sennilegur. Fyrst og fremst bendir ekkert á það, að frumrit símskeytisins sje ritað af ölvuðum manni, þvert á móti virðist það ritað með stiltri og rólegri hönd; í öðru lagi hefir ákærðum eigi lánast að tilnefna neinn þeirra manna, er hann kveðst hafa setið að drykkju með og framangreindur Bjarni Elíasson hafði druknað nokkru áður en ákærður gaf skýrslu sína í rjettinum. En eftir það að símskeyt-

ið kom til firmans Kjartan & Jón, fór ákærður sjálfur með það til Ingimars Bjarnasonar, að því er virðist, í því skyni, að fá innskrifaðar umræddar 250 kr. í reikning Árna við firmað en efri hluti símskeytisins var rifinn af svo eigi sást hvaðan það var sent. Skýrsla ákærðs hjer að lútandi verður því eigi til greina tekin.

Eftir þessu verður að líta svo á, að ákærður hafi samið umrætt símskeyti og notað það á hegningarverðan hátt.

Ákærður er fæddur 15. október 1899 og hefir eigi áður sætt ákæru eða hegning fyrir neitt lagabrot. Brot hans ber að heimfæra undir 270. gr. hinna almennu hegningarlaga 25. júní 1869 og með tilliti til þess, að ekkert tjón leiddi af brotinu og að eigi er upplýst að ákærður hafi neitt sem teljandi er, nema þá óbeinlínis, átt að hagnast á broti þessu, þykir hegning hans hæfilega metin 4—5 daga vatn og brauð; svo greiði hann og allan af málinu leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun hins skipaða verjanda 20 kr.

Mánudaginn 17. nóv. 1924.

Nr. 28/1924. **Hreppsnefnd Eyrarhrepps**
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
Jóhanni J. Eyfirðing & Co.
(Lárus Jóhannesson).

Um útsvarsskyldu.

Úrskurður fógetarjettar Ísafjarðarsýslu 31. mars 1924: Umbeðið lögtak verður eigi framkvæmt.

Dómur hæstarjettar.

Svo sem fram er tekið í hinum áfrýjaða úrskurði er það viðurkent að stefndi, firmað Jóhann J. Eyfirðingur & Co., sem rekur útgerð og verslun á Ísafirði, hefir leigt lóð á svonefndu Skeiði í Eyrar-

hreppi í Ísafjarðarsýslu, látið gjöra þar fiskreiti, reist hús á lóðinni og látið verka þar fisk, það er þvo hann úr salti og þurka yfir sumarmánuðina maí til september, að firmað verkaði sumarið 1923 þar 2—3000 skpd. af saltfiski, er firmað sumpart aflaði á báta, er það gerði út á Ísafirði og sumpart hafði keypt í öðrum veiðistöðvum, hafði marga menn daglega í vinnu og fastan umsjónarmann eða verkstjóra.

Á þessa starfsemi stefnda lagði hreppsnefnd Eyrarhrepps, haustið 1923, 1900 kr. aukaútsvar, og er stefndi taldi sjer eigi skylt að greiða útsvarið, krafðist hreppsnefndin þess, að það yrði tekið lögtaki, en með úrskurði uppkveðnum 31. mars þ. á. neitaði fógetinn að framkvæma lögtakið.

Þótt umrædd fiskverkun sje einn þáttur í atvinnurekstri stefnda, er hún engu að síður fyrirtæki rekið í atvinnuskyni í Eyrarhreppi, og verður því að teljast útsvarsskyld þar, samkvæmt 1. gr. í lögum nr. 29, 19. júlí 1922.

Það verður því að fella hinn áfrýjaða lögtaksúrskurð úr gildi og skylda fógetann til þess að framkvæma hið umbeðna lögtak.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 200 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði lögtaksúrskurður skal úr gildi feldur og ber fógetanum að framkvæma lögtakið.

Stefndi Jóhann J. Eyfirðingur & Co. greiði áfrýjanda hreppsnefnd Eyrarhrepps 200 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða úrskurðar hljóða svo:

Í október f. á. lagði hreppsnefnd Eyrarhrepps 1900 kr. aukaútsvar á firmað Jóhann J. Eyfirðingur & Co., á atvinnurekstur þess og verslun á svonefndu Skeiði í Eyrarhreppi fyrir fardagaárið 1923—24. En með því að gjörðarþoli neitaði gagngert að hann væri útsvarsskyldur í Eyrarhreppi hefir gjörðarbeiðandi krafist lögtaks á útsvarinu.

Gjörðarþoli, er á lögheimili á Ísafirði og rekur þar útgerð og verslun, byggir neitun sína að greiða umgetið útsvar, á lögum nr. 29, 1922 1. gr. 5. málsgr., er banni að leggja útsvar á útvegsmenn úr öðrum hreppi í sama sýslufjelagi eða við sama fjörð eða flóa, sem útræðið er í, ef á þá er lagt útsvar í sveitarfjelagi þeirra og ennfremur á því, að atvinna hans á Skeiði sje eigi arðsamt fyrirtæki. En um það er enginn ágreiningur í málinu að gjörðarþoli greiði útsvar á Ísafirði.

Það er viðurkent í málinu að gjörðarþoli hefir leigt lóð af bændunum á Hafrafelli í Skutulsfirði, á svonefndu Skeiði í Eyrarhreppi, að hann hefir látið gera fiskreiti, reisa hús og látið verka þar fisk þ. e. þvo hann úr salti og þurka yfir sumarmánuðina maí til september, að hann síðastliðið ár verkaði á þennan hátt 2—3000 skpd. af saltfiski, hafði marga menn daglega í vinnu og stöðugan fastan umsjónarmann með þessari starfsemi.

Ennfremur hafa 4 bændur í Eyrarhreppi í nágrenni við umrædda verkunarstöð gjörðarþola vottað undir eiðstilboð, að vjelbátar gjörðarþola hafi við og við að minsta kosti, farið með fisk sinn af hafinu inn á Skeið og lagt hann þar upp til verkunar, að gjörðarþoli hafi við og við látið flytja fiskinn af Skeiðinu út í skip til útflutnings og gjörðarþoli hafi selt og haft á boðstólum ýmsar vörur í húsi sínu á Skeiði án þess að þær væru pantaðar áður frá Ísafirði, og hafa þeir lagt fram marga endurritsreikninga af viðskiftum þessum, er allir hafa það sameiginlegt, að nafnstimpill gjörðarþola stendur eigi á þeim.

En gjörðarþoli hefir eindregið mótmælt vottorðum þessum sem röngum og þareð vottorðsgefendum hefir eigi gefist kostur á að staðfesta þau fyrir rjetti, verður eigi á þeim bygt að svo komnu.

Gjörðarþoli lýsir starfsemi sinni á Skeiði á leið, að vegna skorts á þurkunarstöðum á Ísafirði hafi hann leigt umgetinn stað, þvegið þar og þurkað þann fisk, er hann aflaði og keypti. Að tilhögunin hafi verið sú, að vjelbátar gjörðarþola hafi lagt fisk-

inn upp á Ísafirði. Fiskurinn því næst fluttur inn á Skeið, ýmist þveginn eða óþveginn til þurkunar og síðan fluttur aftur til Ísafjarðar. Jafnhliða útgerðinni hefir gjörðarþoli verslun á Ísafirði með nauðsynjavörur er að útgerð lúta og matvöru. Hafi hann látið viðskiftamönnum sínum og verkafólki þær vörur í tje, en öll sú verslun farið fram á Ísafirði á þann hátt, að umsjónarmaður gjörðarþola á Skeiði hafi ávalt annast um að panta þær. Hafi það þó stundum komið fyrir að fólk fór úr vinnunni áður það fengi vörurnar og þær þá legið í pakkhúsinu. Þegar svo nágrannarnir komu og sáu vörurnar hafi þeir beðið umsjónarmanninn að láta þá fá þær og hann þá gert það örfáum sinnum. Þá heldur gjörðarþoli því fram, að fiskur af vjelarbátum hans hafi jafnan verið lagður upp á Ísafirði fyrst. Einungis tvisvar sinnum hafi það komið fyrir að fiskurinn væri eigi allur tekinn upp úr bátunum, þareð þá við skoðun hans hafi komið í ljós, að hann var fullsaltaður, útbúinn til útvöskunar og hafi bátarnir þá verið látnir flytja hann inn á Skeið.

Gjörðarþoli fullyrðir einnig að enginn uggi af þurrum fiski hafi verið útfluttur frá Skeiði heldur hafi gjörðarþoli selt allan sinn fisk á Ísafirði og útflutt þaðan. En gjörðaþoli hafi selt „smáparti“ af labradorverkuðum fiski og ýsu og skipið sem fiskinn átti að taka komið áður en gjörðarþoli hafði flutt fiskinn til Ísafjarðar. Hafi hann þá gegn þóknun fengið leyfi fiskkaupanda til að láta fiskinn um borð í skipið út á Polli um leið og hann var fluttur frá Skeiði.

Með skírskotun til þess að á fyrnefndum vottorðum verður eigi bygt, hefir gjörðarbeiðandi eigi hnekt framangreindri skýrslu í verulegum atriðum. Þau vöruviðskifti er gjörðarþoli hefir átt á Skeiði eru eigi þannig vaxin eins og málið nú liggur fyrir, að þau verði talin verslun, enda hefir eigi verið kvartað yfir ólöglegri verslun í þessu tilliti af hendi gjörðarþola. Heldur eigi virðist það nægilega sannað að vjelarbátar gjörðarþola hafi notað Skeiðið sem útgerðarstöð, eða að gjörðarþoli hafi útskipað fiski til útflutnings frá Skeiði nema í ofangreindu tilfelli, er frekar staðfestir aðalregluna, að fiskur hafi annars verið útfluttur frá Ísafirði.

Að vísu er nú hjer eigi um útveg að ræða er heyri undir 1. gr. 5 málsgr. l. nr. 29, 1922. En rjetturinn lítur svo á, að framangreind starfsemi gjörðarþola á Skeiði sje liður í útgerð hans á Ísafirði og geti eigi út af fyrir sig talist arðsöm atvinna

eða lóðarafnot, er arð gefi. Var því eigi heimilt að jafna umræddu aukaútsvari á gjörðarþola sbr. l. nr. 29, 1922, 1. gr. 2. og 4. mgr.

Föstudaginn 21. nóv. 1924.

Nr. 15/1924. **Hans R. Þórðarson**
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
Jóhannesi Kr. Jóhannessyni
(Pjetur Magnússon).

Spurning um rjett áfrýjanda til að rifta verksamningi.

Dómur gestarjettar Reykjavíkur 8. mars 1924:

Stefndur, Hans Þórðarson, greiði stefnandanum, Jóhannesi Kr. Jóhannessyni, kr. 1005,43 með 6 % ársvöxtum frá 6. nóvember 1923 til greiðsludags, innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu, sem lauk í hjeraði á þá leið, að kröfur stefnda um umsamið verkkaup, borgun fyrir aukavinnu og framlagt efni voru teknar til greina, að sleptri lítilfjörlegri lækkun á síðasta liðnum, hefir áfrýjandi skotið til hæstarjettar og krafist algerðrar sýknunar og málskostnaðar fyrir báðum rjettum, en stefndi, sem fengið hefir gjafvörn og sjer skipaðan málflutningsmann, krefst staðfestingar á hjeraðsdóminum og málskostnaðar hjer í rjetti.

Aðilja greinir aðallega á um það, hvort áfrýjandi hafi vísað stefnda frá fyrirfram umsömdu verki án lögmætra ástæðna. Heldur áfrýjandi því fram, að verk stefnda hafi yfirleitt verið svo illa af hendi leyst og sjerstaklega einn liður þess, strigalagningin,

að sjer hafi verið heimilt að vísa stefnda burtu, og ber fyrir sig í því efni aðallega mat dómkvaddra manna á verkinu. Kannast áfrýjandi þó ekki við að hafa meinað stefnda annað verk en að leggja veggfóður ofan á striga, sem hafi verið svo illa lagður að dómi matsmanna, að ekki hafi verið tiltök að una því.

Það er in confesso með aðiljum, að áfrýjandi hafi tekið límpott og veggfóður frá stefnda um það leyti, sem líma skyldi veggfóður á strigann. Og verður að fallast á, að sú athöfn áfrýjanda jafngildi frávísun með berum orðum, enda var enginn skiladagur fyrir verkinu ákveðinn í samningi aðilja. En til þess að vísa stefnda frá verki, verður áfrýjandi ekki talinn að hafa haft nægа heimild, þar sem strigalagningin, sem matsmenn virtu að meðtaldri veggfóðrun 150 kr., ekki getur talist, þótt »mjög ábótavant« væri, svo sem stefndi hefir kannast við, svo mikils virði miðað við heildarverkið, að áfrýjandi mætti fyrir þá sök eina vísa stefnda frá verki, enda hafði stefndi hvorki verið aðvaraður um útnefningu matsmannanna nje heldur gefinn kostur á að gæta rjettar síns við matið.

Auk nýnefndra sýknuástæðna, hefir áfrýjandi mótmælt flestum liðum í reikningum stefnda, en eftir flutningi málsins þykir ekki ástæða til að fella niður aðra liði, umfram þann lið, er hjeraðsdómarinn hafði lækkað, en þá er hjer verða greindir, og hefir stefndi sumpart viðurkent þær niðurfellingar og sumpart ekki mótmælt nægilega þar að lútandi aðfinningum áfrýjanda:

1. »Járn á 8 hurðum, 4/ pr. stk. . . . kr. 32.00«
2. »Ísetning á 66 rúðum 0/50 pr. stk. . — 33.00«
3. »Hækkun á forstofutröppumótum . — 8.00«
4 »Strigalagning á húsið uppi . . . . . — 100.00«

Samtals kr. 175.00

En við þessa upphæð bætist vegna leiðrjettingar á 2 reikningsvillum í hjeraðsdóminum (568 kr. stefnda í hag í stað 562 kr. og 1 kr. stefnda í óhag: 1005 kr. 43 aur. í stað 1006 kr. 43 aur.) 6 kr. ÷ 1 kr., eða 5 kr.

Ber eftir þessu að færa dómsupphæðina niður í 827 kr. 43 aura, en að öðru leyti má samþykkja dóminn, sem ekki hefir verið gagnáfrýjað.

Eftir málavöxtum verður áfrýjandi að greiða kaup hins skipaða málflutningsmanns stefnda í hæstarjetti, er ákveðst 100 kr. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Því dæmist rjett vera:

Gestarjettardóminum skal óraskað, þó þannig að dómsupphæðin færist niður í 827 kr. 43 aura.

Áfrýjandi, Hans R. Þórðarson, greiði málflutningskaup hins skipaða málflutningsmanns, Pjeturs hæstarjettarmálflutningsmanns Magnússonar 100 kr. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dóminum skal fullnægja, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta höfðaði fyrir gestarjettinum með stefnu útgefinni 6. nóvember s. l. Jóhannes Kr. Jóhannesson, trjesmiður hjer í bæ gegn Hans R. Þórðarsyni, verslunarmanni, Vonarstræti 12.

Hefir stefnandi krafist þess að stefndur verði dæmdur til að greiða sjer kr. 1234,24 ásamt 6 % ársvöxtum frá 6. nóvember 1923 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Til vara hefir stefnandi krafist þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sjer upphæð þá, sem óvilhallir menn meti að hann eigi hjá stefndum.

Stefndur hefir krafist sýknunar í málinu og að sjer verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður.

Málavextir eru þeir, að 21. júlí 1923 undirrituðu málspartarnir samning þess efnis, að stefnandi tók að sjer að leggja til alla vinnu við trjesmíði á húsi sem stefndur ætlaði þá að láta byggja á Meistaravöllum hjer í bæ samkvæmt nánar tilgreindum uppdrætti og fyrir 1500 krónur. Skyldi andvirði vinnunnar greiðast á þann hátt, að 600 krónur yrðu greiddar er húsið væri fokhelt, kr. 500,00 er húsið væri búið undir málningu og afgangurinn kr. 400,00 er stefnandi skilaði verkinu af hendi.

Stefnandi kláraði þó eigi verkið vegna þess, að því er hann heldur fram, að stefndur meinaði honum að halda áfram, eftir að það var að mestu búið.

Eftir að hinn upprunalegi samningur var gjörður var húsinu breytt nokkuð af stefndum, og kveður stefnandi þá breytingu hafa haft í för með sjer kr. 562,00 aukakostnað og loks hafi hann látið stefnda fá efni fyrir kr. 138,24.

Eru þessar upphæðir 1500,00 kr. + 562,00 + 138,24, samtals kr. 2200,24, dómkrafa stefnds að frádregnum kr. 966,00, sem stefnandi kveður stefndan hafa greitt sjer og kemur þá heim upphæðin kr. 1234,24.

Stefndur hefir haldið því fram, að stefnandi hafi unnið verk sitt óforsvaranlega illa og það bakað honum aukakostnað. Hann játar að hafa látið taka af stefnanda límpott og efni til veggfóðrunar vegna þess að hann hafi ekki kunnað að framkvæma það verk, en neitar að hafa aftrað honum frá verkinu að öðru leyti.

Hefir stefnandi látið fara fram skoðunar- og matsgjörð um það, hvað eftir hafi verið óunnið af verki því, er stefnandi átti af hendi að leysa og komust matsmennirnir að þeirri niðurstöðu að það næmi kr. 855.00. Matsgjörð þessari hefir stefnandi mótmælt vegna þess að honum hafi ekki verið gefinn kostur á að vera viðstaddur við matið og enda er hún ekki staðfest og verður hún því ekki lögð til grundvallar í máli þessu.

Hefir stefndur neitað því, að stefnanda beri aukagreiðsla fyrir breytingar á húsinu frá upprunalegu teikningunni og leggur fram kvittanir fyrir því að hann hafi greitt stefnanda eða öðrum eftir ávísun hans kr. 1165,25.

Loks hefir stefndur haldið því fram að hann hafi ekki fengið efni hjá stefnanda fyrir meira en kr. 103,68 (576 ferfet af kassafjölum á kr. 0/18 ferfetið), en upp í þetta kveðst hann hafa greitt stefnanda kr. 80,00, svo eftir standi aðeins kr. 23,68.

Rjetturinn verður nú að vera þeirrar skoðunar að stefnanda beri aukaþóknun fyrir það starf, sem hann vinnur umfram það, sem hin upprunalega teikning ber með sjer, en það nemur samkvæmt framlögðum sundurliðuðum reikningi kr. 568,00 og hefir ekki verið hreyft mótmælum gegn einstökum liðum hans, að fráskildum kr. 75, fyrir teikningu hússins, en fyrir hana virðist stefnandi ekki hafa krafist of hárrar borgunar.

Þá þykir stefnandi hafa nægilega sýnt fram á það, að stefndur hafi meinað honum að fullgera verkið, án þess að stefndur hafi sannað að verkinu hafi verið svo ábótavant, að hann hefði rjett til að láta stefnanda hætta því og þykir stefnandi því eiga kröfu til fullrar upphæðar samkvæmt samningum eða kr. 1500,00.

Hinsvegar þykir eftir atvikum nægilega upplýst, að stefnandi hafi lofað stefndum kassafjölum þeim, sem hann keypti af honum fyrir 18 aura ferfetið, og verður stefndur því aðeins dæmdur til að greiða honum kr. 103,68 upp í þann lið.

Þær kröfur stefnanda, sem til greina verða teknar eru því kr. 568,00 + kr. 1500 + kr. 103,68 = 2171,68.

Upp í það hefir stefndur greitt honum svo sannað sje kr. 1165,25, svo hann verður í máli þessu dæmdur til að greiða stefnanda mismuninn kr. 1005,43 með vöxtum eins og krafist er, úr því að vaxtahæðinni er ekki sjerstaklega mótmælt.

Mál þetta hefir orðið erfitt viðfangs vegna þess, að það hefir verið illa flutt af báðum aðiljum og þykir því rjett að málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 28. nóv. 1924.

Nr. 22/1924. **Árni Sveinsson**
gegn
Halldóri Pálssyni.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Árni Sveinsson, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Föstudaginn 28. nóv. 1924.

Nr. 30/1924. **Gestur Guðmundsson**
gegn
Karli Guðmundssyni.

Dómur hæstarjettar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gestur Guðmundsson, sem eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

Föstudaginn 5. desbr. 1924.

Nr. 24/1924. **Sigmundur Sæmundsson**
(Lárus Fjeldsted)
gegn
Sigfúsi Daníelssyni f. h. H/f. Hinar sameinuðu íslensku verslanir og Oddi Gíslasyni. (Enginn).

Ómerkingardómur.

Dómur gestarjettar Ísafjarðar 6. maí 1924: Aðalsök og gagnsök vísast frá dómi.
Málskostnaður falli niður.

Dómur hæstarjettar.

Mál þetta var rekið fyrir gestarjetti Ísafjarðar sem aðalsök og gagnsök og lauk því með dómi gestarjettarins, uppkveðnum 6. maí þ. á., á þá leið að aðalsök og gagnsök var vísað frá dómi, en málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir áfrýjandi skotið til hæstarjettar og stefnt til, bæði aðalstefnanda í hjeraði, Sigfúsi Daníelssyni f. h. H/f. Hinar sameinuðu íslensku verslanir, og hjeraðsdómaranum bæjarfógeta Oddi Gíslasyni, en í hæstarjetti mætti enginn af hálfu stefnda, Sigfúsar Daníelssonar, og hefir málið því verið rekið samkvæmt 1. lið 2. mgr. 38. gr. hæstarjettarlaganna. Í rekstri málsins í hæstarjetti hefir áfrýjandi fallið frá öllum kröfum sínum gegn hinum stefnda bæjarfógeta Oddi Gíslasyni og hann hinsvegar frá málskostnaðarkröfu. Fellur því málskostnaður niður að því er til hins stefnda bæjarfógeta tekur, en að öðru leyti er málið dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Aðalsökina í hjeraði höfðaði stefndi til greiðslu á kr. 367,27, er hann taldi áfrýjanda skulda sjer.

Í gestarjettarstefnunni nefnir stefndi skuld þessa verslunarskuld, en af málflutningnum í hjeraði og af reikningum þeim, er fram hafa verið lagðir í málinu, er það bert, að upphæð þessi er kaupgjald, er stefndi telur sig hafa ofgreitt áfrýjanda fyrir vinnu hans á skipi stefnda, m/b. Kára. Áfrýjandi taldi hinsvegar, að ógreiddar væru af kaupi sínu á nefndum bát kr. 910,00, og höfðaði hann gagnsökina til greiðslu þeirrar upphæðar, með eða án skuldajafnaðar. Fyrir gestarjettinum var ekki að eins engum mótmælum hreyft af hvorugs aðila hálfu gegn því, að kröfur þessar væru sóttar fyrir gestarjettinum, heldur virðast þeir beinlínis hafa samþykt þá málsmeðferð, í bókunum sínum í rjettarhaldi 26. nóv. 1923. Var því samkv. 1. gr. l. 52, 30. nóv. 1914 heimilt að sækja kröfur þessar fyrir gestarjetti og verður því að taka til greina kröfu áfrýjanda um ómerkingu hins áfrýjaða dóms og heimvísun málsins. Svo ber og eftir þessum úrslitum að dæma stefnda, Sigfús Daníelsson f. h. H/f. Hinar sameinuðu íslensku verslanir, til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 100 krónur.

Málið var í hjeraði undir dómi í nærfelt 8 vikur, en eftir atvikum þykir sá dráttur nægilega rjettlættur.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur og vísast málinu heim til dómsáleggingar að efni til. Stefndi, Sigfús Daníelsson f. h. H/f. Hinar sameinuðu íslensku verslanir, greiði áfrýjanda, Sigmundi Sæmundssyni, málskostnað í hæstarjetti 100 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 10. desbr. 1924.

Nr. 18/1924. **Sigurður Vilhjálmsson f. h. Kaupfjelags Austfjarða** (B. Kalman)
gegn
Stefáni Th. Jónssyni (Lárus Jóhannesson).

Útaf ábyrgð stefnda á rýrnun kola, sem hann geymdi fyrir áfrýjanda.

Dómur aukarjettar Seyðisfjarðarkaupstaðar 30. júlí 1923: Stefndi, Stefán Th. Jónsson kaupmaður á Seyðisfirði, á að vera sýkn af kröfum stefnandans Sigurðar Vilhjálmssonar fyrir hönd Kaupfjelags Austfjarða á Seyðisfirði, í máli þessu.

Stefnandinn greiði stefnda 24 krónur í málskostnað, er lúkist innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstarjettar með stefnu dags. 19. apríl þ. á. samkvæmt áfrýjunarleyfi dags. 25. mars þ. á.

Eftir að dómur var kveðinn upp í hjeraði hafa ný sakargögn verið útveguð og þau lögð fyrir hæstarjett.

Áfrýjandi hefir ekki gegn neitun stefnda sannað, að það hafi verið áskilið í hinum munnlega samningi, að stefndi skyldi bera ábyrgð á vanhöldum og rýrnun kola þeirra, er ræðir um í málinu og skila þeim með sama þunga, sem hann tók við úr skipi. Og borgun sú, 14 kr. fyrir smálest hverja, er stefndi hafði áskilið sjer fyrir uppskipun, plássleigu og afhendingu kolanna, er með vitund áfrýjanda láu á bersvæði nálægt alfaravegi veturinn yfir, verður eftir atvikum eigi talin svo óeðlilega há, að af því nje öðru, sem fram er komið í málinu, verði ráðið,

að stefndi hafi samningnum samkvæmt átt að bera ábyrgð á vanhöldum og rýrnun kolanna, síst um ótiltekinn tíma.

Það ber því að sýkna stefnda af kröfum áfrýjanda í málinu og staðfesta hinn áfrýjaða aukarjettardóm.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 150 krónur.

Það athugast, að málið hefir verið rúmar 10 vikur undir dómi og hefir hjeraðsdómarinn ekki nægilega rjettlætt drátt þennan.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða aukarjettardómi skal óraskað.

Áfrýjandinn Sigurður Vilhjálmsson f. h. Kaupfjelags Austfjarða greiði stefnda, Stefáni Th. Jónssyni, 150 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er þannig vaxið, að haustið 1921 hefir stefnandinn í máli þessu, Sigurður Vilhjálmsson fyrir hönd „Kaupfjelags Austfjarða," Seyðisfirði, gjört munnlegan samning við stefnda í máli þessu Stefán Th. Jónsson kaupmann á Seyðisfirði, um það að stefndi skipi upp 100 smálestum af kolum fyrir stefnanda, geymi þau eða leigi pláss fyrir þau og afhendi þau, alt fyrir 14 króna gjald pr. smálest. Samkvæmt þessum munnlega samningi hefir stefndi skipað upp kolunum á pláss, sem hann hefir umráð yfir og afhent þau smámsaman um haustið, veturinn og fram á vorið eftir, en þegar afhendingin var búin reyndist vigt kolanna 85,263 kíló.

Krefst stefnandi nú, að stefndi greiði andvirði þeirra kola, sem ávantar 100 smálestir að frádregnum geymslukostnaði. — En

samkvæmt málsskjölunum er ágreiningur milli málsaðilja um það hvernig hinn umræddi munnlegi samningur hafi verið.

Stefnandi heldur því fram, að efni samningsins hafi verið þetta: a: skipa upp kolunum, b: geyma þau, c: afhenda þau, sama þunga og tekið var við úr skipi og d: fyrir alt þetta skyldi greiða 14 krónur fyrir hverja smálest. Og samkvæmt þessum samningi, heldur stefnandi fram að stefndi hafi *tekist á hendur ábyrgð á kolunum*. Að minsta kosti hafi stefndi gefið stefnanda fulla ástæðu til að ætla, að kolin væru geymd á ábyrgð stefnda. Gjörir stefnandi því þær kröfur, að stefndi greiði andvirði þeirra kola, er ávantaði 100 smálestir, (að frádregnum umsömdum geymslukostnaði), með kr. 1120,01 ásamt 7 % ársvöxtum af upphæðinni frá sáttakærudegi til greiðsludags svo og málskostnað.

Stefndi heldur því hinsvegar fram að efni samningsins hafi verið: a: uppskipun, b: plássleiga, c: afhending og d: fyrir þetta skyldi greiða 14 krónur fyrir hverja smálest, og samkvæmt þessu hafi hann *ekki tekið að sjer neina ábyrgð* á kolunum, enda hafi það aldrei verið meiningin, að hann tæki kolin til geymslu eða bæri ábyrgð á undirvigt þeirra, — hafi ekki verið farið fram á það, ekki einusinni borist í tal þegar hinn munnlegi samningur gerðist. Þar að auki segir stefndi, að svo hafi verið umsamið að stefnandi tæki öll kolin og ráðstafaði þeim í næsta mánuði um haustið en stefnandi hafi ekki verið búinn að taka þau öll fyr en í maímánuði næsta vor. Samkvæmt þessu gjörir stefndi þær kröfur, að hann verði sýknaður af öllum kærum og kröfum stefnandans eg stefnandi dæmdur til að greiða málskostnað og sektaður fyrir óþarfa málsýfingu.

Eins og sjest af framanrituðu er aðalmergur þessa máls sá, hvort stefndi hafi tekið að sjer *ábyrgð* á kolunum eða undirvigt þeirra, þegar hinn munnlegi samningur gerðist um kolin haustið 1921.

Það verður nú að álítast, að verð það, sem samið hefir verið um að stefndi fengi fyrir umrædd kolastörf sje svo hátt, að eigi þætti óeðlilegt að ábyrgð stefnda á kolunum fylgdi með starfinu, sbr. rjettarskjal nr. 3, einkum þar sem stefndi segir að umsamið hafi verið að stefnandi tæki kolin og ráðstafaði þeim í næsta mánuði, þá gat ekki verið að ræða um ábyrgð stefnda á kolunum nema um stuttan tíma, því eðlilegra að ábyrgðin fylgdi með þar sem endurgjaldið fyrir starfið var svo hátt.

Aftur á móti eru minni líkur fyrir því, að ábyrgð stefnda á kolunum hafi átt að fylgja starfinu, ef stefnandi var ekki skyldur að taka kolin fyr en jafnóðum og þau seldust eins og hann segir í rjettarskjali nr. 6, því þá gat hann um óákveðinn tíma haldið ábyrgð stefnda á kolunum, en það mun teljast óvenjulegt að ábyrgjast undirvigt á kolum um óákveðinn tíma *eftir geðþótta mótaðilja.*

En þótt verð það, sem samið var um, að stefndi fengi fyrir umrædd kolastörf sje svo hátt, að draga mætti einhverjar líkur fyrir því, að ábyrgð stefnda á kolunum hafi átt að fylgja með starfinu um einhvern óákveðinn tíma, þá er það þó enginn fullnægjandi sönnun fyrir því, að stefndi hafi haft ábyrgð á kolunum eða undirvigt þeirra, því síður hversu langt sú ábyrgð gengi, eða um hversu langan tíma. — Og önnur gögn í málinu fyrirfinnast ekki, er gefi líkur um ábyrgð stefnda á kolunum.

Samkvæmt málsskjölunum verður því að álítast, að eigi sje hægt að dæma stefnda til ábyrgðar á kolunum eða undirvigt þeirra af eftirgreindum ástæðum:

1. Engin fullnægjandi sönnunargögn í málinu fyrir því að stefndi hafi tekið á sig nefnda ábyrgð við hina munnlegu samninga eða gefið stefndum ástæðu til að ætla að kolin væru geymd á ábyrgð stefnda.
2. Líkur fyrir því, ef um ábyrgð stefnda hefði verið að ræða, þá hefði hún verið tímatakmörkuð til loka næsta mánaðar eftir að samningar fóru fram, sbr. málsskjölin, og þá var stefndi úr allri ábyrgð fyrir kolunum eftir að sá tími var liðinn.

Samkvæmt framanrituðu virðist því ekki vera hægt að taka til greina kröfur stefnanda í málinu. Aftur á móti virðist bera að taka kröfur stefnda til greina um að vera sýkn af kærum og kröfum stefnandans í málinu.

Krafa stefnda um að stefnandi verði sektaður fyrir óþarfa málsýfingu verður ekki tekin til greina, þareð engar ástæður til þess fyrirliggja í málsskjölunum.

Eftir atvikum og úrslitum málsins þykir rjett að stefnandi greiði stefnda 24 krónur í málskostnað.

Þess skal getið að dómaranum hefir ekki verið fært að kveða upp dóm þennan fyr vegna manntalsþingferða og annara embættisanna, sem ekki mátti fresta.

Föstudaginn 12. desbr. 1924

Nr. 48/1924. **Guðrún Gísladóttir Björns**
(Jón Ásbjörnsson)
gegn
Birni Eyjólfssyni (L. Fjeldsted).

Útaf skaðabótum vegna bifreiðarslyss.

Dómur aukarjettar Hafnarfjarðarkaupstaðar 14. maí 1924: Björn Eyjólfsson bifreiðarstjóri, til heimilis á Suðurgötu 20 í Hafnafirði, á að vera sýkn af kærum og kröfum hins opinbera að því er hegningu snertir. Hann skal greiða allan kostnað sakarinnar.

Ennfremur ber honum að greiða hjúkrunarkonu Guðrúnu G. Björns á Vífilsstöðum kr. 620,00 — sex hundruð og tuttugu — krónur í skaðabætur, og 6 % ársvexti af upphæð þessari frá 15. þ. m. til greiðsludags.

Dóminum að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Mál þetta, sem valdstjórnin höfðaði í hjeraði gegn stefnda fyrir brot á bifreiðarlögunum nr. 88/1917 en ekki hefir áfrýjað fyrir sitt leyti, var rekið fyrir aukarjetti. En þar sem málið var rannsakað fyrir lögreglurjetti, enda sæmilega upplýst, þá þykir ekki þurfa að ómerkja dóminn fyrir þessa sök.

Áfrýjandinn, sem fengið hefir gjafsókn í málinu fyrir hæstarjetti og sjer skipaðan málflutningsmann, hefir lækkað kröfur sínar um 40 kr. og krefst nú dóms fyrir 1171 kr. 85 aur. eða til vara fyrir 721 kr. 85 aur., með 6 % vöxtum frá kröfudegi 7. febr. þ. á. af hvorri upphæðinni, sem honum verður dæmd, og bóta eftir dómkvaddra óvilhallra manna mati fyrir skemdir á loðfeldi áfrýjanda, er hann hafði krafist 450 kr. bóta fyrir og fólgnar eru í aðalkröfunni.

Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar fyrir báðum rjettum, hvernig sem málið fer.

Stefndi, sem gagnáfrýjað hefir málinu, að fengnu áfrýjunarleyfi, krefst hinsvegar aðallega sýknu, eða til vara staðfestingar hjeraðsdómsins, að frádregnum ofangreindum 40 kr. Til þrautavara krefst stefndi, að hann verði að eins dæmdur til að greiða áfrýjanda dómsupphæðina þannig lækkaða, að viðbættum 141 kr. 85 aur. fyrir skemdir á öðrum fötum áfrýjanda en loðfeldinum og þeirri upphæð, er dómkvaddir, óvilhallir menn kunna að meta skemdir á honum. Svo krefst stefndi málskostnaðar í hæstarjetti, hver sem úrslit málsins þar kunna að verða.

Það er sannað í málinu, *að* stefndi hafi laugardaginn 20. okt. f. á., kl. 5—6 síðdegis ekið mannflutningabifreið sinni, H.F. 43, fram úr vöruflutningabifreið þeirri, K.G. 5, er áfrýjandi var í, meðan sú bifreið var á ferð upp norðanverðan Kópavogsháls, skamt fyrir sunnan Fossvogsbrú, þar sem akvegurinn er upphleyptur og ekki nema 4 metra breiður milli brúna, *að* mannbifreiðin hafi komið við vörubifreiðina, sem stödd var nálægt vinstri vegarbrún, um leið og hún fór fram úr henni, *að* vörubifreiðin hafi oltið útaf veginum og *að* áfrýjandi hafi orðið fyrir allmiklum meiðslum.

Þá má telja það sannað, að stefndi, sem ók alllengi skamt á eftir vörubifreiðinni, hafi við og við gefið hljóðmerki, enda þó að enginn, sem var í þeirri bifreið, 4 menn alls, tjáist hafa heyrt það. Og ennfremur er það sannað, að vörubifreiðin, sem lengst af hafði ekið eftir miðjum veginum eða því sem næst, hafi, rjett áður en áreksturinn varð, vikið til vinstri handar, og tjáist stefndi hafa skilið það svo, sem vörubifreiðin hefði vikið til að hleypa sjer fram-

hjá, en vörubifreiðarstjórinn tjáist hafa gert það til þess að komast hjá hvarfi í veginum.

Það er in confesso, að hvor bifreiðin um sig var 1,75 metri á breidd og að vörubifreiðin hafi verið um 15 ctm. frá vinstri vegarbrún, þegar árekstur inn varð. Og nú með því að vegurinn, þar sem vögnunum lenti saman var, eins og áður greinir, ekki nema 4 metrar milli brúna, þá hefir bilið, sem upp á var að hlaupa, milli bifreiðanna, sem báðar voru í hreyfingu, verið svo tæpt að ekki getur talist forsvaranlegt að hætta þar á framhjáferð, og það því síður sem það er játað af stefnda, að vegurinn hafi breikkað að miklum mun, um 20 föðmum sunnar. Sjerstaklega athugast, að það getur ekki sýknað stefnda gagnvart áfrýjanda, þó að hann hjeldi, að vörubifreiðarstjórinn ætlaðist til, að hann færi fram úr sjer. Stefndi átti sjálfur að meta allar aðstæður á eigin ábyrgð.

Samkvæmt þessari niðurstöðu verður stefndi, sem átti mannbifreiðina sjálfur, eigi að eins að bæta áfrýjanda, samkv. 14. og 15 gr. bifreiðarlaganna, þau meiðsl og skemdir á fötum, sem áfrýjandi varð fyrir, heldur þykir hann og, þar sem hann, eins og að ofan greinir, sýndi ekki af sjer tilhlýðilega varkárni, eiga að greiða áfrýjanda þóknun fyrir þjáningar þær og óþægindi, sem af meiðslunum leiddu.

Áfrýjandi hefir sundliðað aðalkröfu sína þannig:

1.	fyrir skemdir á fötum	591 kr.	85 aur.
2.	kaupmissir í 2 mánuði	80 —	00 —
3.	fæði og húsnæði í $2^1/_2$ mánuð .	200 —	00 —
4.	fyrir þjáningar og líkamsmeiðsl	300 —	00 —
og kemur þá út aðalkröfuhæðin . .		1171 kr.	85 aur.

En læknir sá, sem stundaði áfrýjanda, lýsir 27. jan. þ. á. meiðslum hennar á þá leið, að þau

hafi verið: »djúpt, marið, óhreint og sundurtætt sár, 10 ctm. á lengd og 4—5 ctm. á breidd, á miðjum vinstri legg framan- og innanvert« og »lokað beinbrot á 1. vinstra millifótarbeini«, og hafi hvorugt meiðslið verið gróið fyr en 10.—12. nefnds mánaðar. Telur læknirinn áfrýjanda tæplega munu verða vinnufæran fyr en eftir 2 mánuði eða í marslok, enda hafi áfrýjandi 3—4 dögum eftir meiðslin fengið brjósthimnubólgu, sem sennilega hafi orsakast af áfallinu.

Bæturnar og þóknunin, sem stefndi hefir ekki mótmælt, ef hann á annað borð yrði talinn skaðabótaskyldur, nema bótunum fyrir skemdir á loðfeldinum, ákveðast þannig:

1.	fyrir skemdir á loðfeldinum, sem sýndur var í rjettinum	250 kr.	00 aur.
2.	fyrir aðrar fataskemdir	141 —	85 —
3.	— kaupmissi	80 —	00 —
4.	— fæði og húsnæði	200 —	00 —
5.	— þjáningar og óþægindi . .	300 —	00 —
	eða samtals	971 kr.	85 aur.

með 5 % ársvöxtum frá 7. febr. þ. á.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi og að greiða áfrýjanda málskostnað í hæstarjetti og ákveðst hann 250 kr., þar af 100 kr. til skipaðs málflutningsmanns áfrýjanda, en málskostnaður í hjeraði þykir eiga að falla niður.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi, Björn Eyjólfsson, greiði áfrýjanda, Guðrúnu Gísladóttur Björns, 971 kr. 85 aura með 5 % ársvöxtum frá 7. febr. 1924.

Svo greiði stefndi áfrýjanda og 250 kr. málskostnað fyrir hæstarjetti, þar af 100 kr. til skipaðs

málflutningsmanns áfrýjanda, Jóns Ásbjörnssonar hæstarjettarmálaflutningsmanns. En málskostnaður í hjeraði falli niður.

Dóminum skal fullnægja, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Laugardaginn 20. oktbr. f. á. um kl. 5 e. hád. fór ákærður, Björn Eyjólfsson, bifreiðarstjóri, til heimilis á Suðurgötu nr. 20 hjer í bænum, sem er 34 ára að aldri, frá Reykjavík í mannflutningabifreið sinni H.F. 43, áleiðis til Hafnarfjarðar með 5 fullorðna farþega og eitt barn. Þegar bifreiðin kom inn á Öskjuhlíðina, var vöruflutningsbifreið þar á veginum á undan þeim, og kveðst þá ákærði hafa gefið hljóðmerki í því skyni að bifreið þessi viki fyrir hans, svo hann gæti komist fram með henni, en því var eigi sint og skýrir ákærður og þeir, sem í bifreið hans voru svo frá, að „flautað" hafi verið þannig alla leið niður Fossvogsbrekkuna og suður fyrir Fossvogsbrú og hjer umrædd bifreið verið jafnan rjett aftan við þá, er á undan fór, en sú bifreið haldið sjer jafnan á miðjum vegi eða því sem næst, þar til kom upp að bugðu í holtinu sunnanmegin Fossvogar, að bifreið sú, er á undan var, hafi hægt á sjer og vikið út á vegarbrún vinstra megin eða því sem næst, og hafi þá ákærður farið fram með henni með hægri ferð, en er bifreið ákærða var um það komin fram fyrir hina, hafi sú bifreið oltið út af veginum, eða þeir í bifreið ákærða orðið þess varir þá rjett á eftir, og stöðvað bifreiðina í því skyni að aðgæta, hvort nokkuð hefði orðið að hinni bifreiðinni, en eigi segjast þeir í bifreið ákærða hafa orðið varir við árekstur bifreiðanna eða tæplega merkt hann, og engin merki sjest á bifreiðunum eftir að árekstur hafi orðið, en ákærður hefir skýrt frá því, að honum eigi hafi sýnst betur, en að bifreið sú, er á undan fór, hafi beygt lítið eitt til hægri eða inn á veginn, í því að hann fór fram með, og við það hafi bifreiðunum lent saman og að árekstur annars enginn hefði orðið milli bifreiðanna, enda og hlutaðeigandi bifreiðarstjóri Albert Jóhannesson, kannast við það við hann, að hafa beygt þannig til hægri eða inn á veginn, en það er álit manns þessa, að slysið eða árekstur inn hafi orsakast af því að bifreið ákærða hafi lent á framhjóli

bifreiðar hans, svo hjólið hafi snúist út af veginum, en hann kveðst ekkert hafa vitað til þess, að hann hafi beygt inn á veginn, þótt hann eigi vilji fortaka að svo hafi orðið, en það hafi þá verið í algjörðu grandaleysi, eða af því að hann ekkert hafi vitað af bifbifreið þeirri, sem á eftir var fyr en hann sá hana koma fram með sinni eða fram fyrir hana. Kveðst hann ekkert hljóðmerki hafa heyrt, og sjer ekki dottið í hug að hleypa bifreið fram með sinni á þeim stað, er slysið varð, þó hann hefði heyrt hljóðmerki gefið, þar vegurinn sje þar svo mjór, en ákærður kveðst á hinn bóginn eigi hafa getað hugsað annað, en að bifreið Alberts hefði beygt þannig út á vegarbrún eingöngu í þeim tilgangi að hleypa sjer framhjá. Í vöruflutningsbifreiðinni er fyr greinir, G.K. 5, eign Vífilsstaðahælisins, voru auk fyrnefnds bifreiðarstjóra, yfirlæknir Sigurður Magnússon og hjúkrunarkona hælisins, og sátu þau bæði frammi í bifreiðinni við hlið bifreiðarstjórans, en aftan á bifreiðinni, ofan á farangri hennar Guðrún G. Björns hjúkrunarkona á Vífilsstaðahælinu, og kveðst hún ekkert hafa orðið vör við bifreið þá, er á eftir kom, fyr en hún var rjett aftan við þeirra bifreið eða rjett áður en árekstrinn varð, og eigi fyr en þá eða rjett í því heyrt hana gefa merki, segist hún hafa snúið sjer fram í bifreiðinni eða að stýrishúsinu, og vegna veðurs haft uppbrettan kraga á loðskinnskápu sinni, og því ekki getað heyrt vel þó merki hafi verið gefið, en enginn hinna í bifreið þessari, hvorki bifreiðarstjóri, nje hinir farþegarnir segjast hafa heyrt til hinnar bifreiðarinnar eða vitað neitt um hana fyr en í því að hún var að fara fram úr þeirra bifreið, en þau segjast hafa orðið vör við hristing eða titring á henni áður en hún fjell út af veginum. Kveðst fyrnefnd hjúkrunarkona eigi hafa gjört neina tilraun til þess að bjarga sjer af bifreiðinni, þar hún og hafi verið skorðuð á milli farangurs, er á henni var, og hún ásamt honum oltið út úr bifreiðinni, sem þá í fallinu hafi lent ofan á vinstra fót hennar, og hún meiðst þar mikið. Samkvæmt álitsgjörð tveggja bifreiðarstjóra, er útnefndir hafa verið til þess að mæla breidd þess hluta vegarins er árekstrinn varð á, og álits hvort forsvaranlegt hafi verið að fara þar á bifreið fram hjá annari þótt á ferð væri, dags. 9. mars þ. á., er vegurinn á þessum stað af mönnum þessum talinn að vera brúna á milli alls 4 metrar, og einnig af þeim álitið, að hægt sje fyrir bifreið að fara þar fram hjá annari bifreið, sem á ferð sje, en þó því aðeins, að bifreið sú, sem fram hjá er farið, sje á hægri ferð, og að bifreiðarstjórarnir

viti hvor af öðrum. Hyggur bifreiðarstjórinn á vöruflutningabifreiðinni, að hún hafi farið upp hallann með á að giska 15 kílómetra hraða, en veit þó ekki um það með vissu, þar hann vantaði hraðamæli, og þar sem hann eigi hafi vitað af hinni bifreiðinni, hafi hann eigi hennar vegna hægt á ferðinni áður en hin fór fram hjá, en samkvæmt skýrslu ákærða og farþeganna í hans bifreið, á hún að hafa hægt á sjer um leið og hún beygði út á vegarkantinn, og bifreið hans að hafa farið fram með varúð og hægri ferð, en að vöruflutningabifreiðin vjek til á veginum, eins og fyr greinir, segir bifreiðarstjóri hennar að hafi verið gjört í þeim tilgangi eingöngu, að sneiða hjá vatnsrás þar í veginum, en engan veginn í því skyni að önnur bifreið gæti komist fram með, eins og ákærði hefir haldið fram eða gengið út frá, en um vatnsrás þá í veginum á greindum stað, er fyr um getur, hefir eigi nánar orðið upplýst.

Til upplýsingar í málinu hefir verið framlagt vottorð frá 11 bifreiðarstjórum um að þeir telji óforsvaranlegt að fara fram hjá annari bifreið á 4 metra breiðum vegi, nema sá bifreiðarstjóri, er fram hjá fer sje þess viss, að sá, er á undan fer, viti af að þetta standi til, en vottorð þetta segir eigi annað eða meira en í áliti hinna útnefndu manna greinir, og virðist sakfelling ákærða eftir framansögðu aðallega velta á því, hvort hann hafði næga ástæðu til þess að ætla, að bifreiðarstjóra þeim, er á undan var, hafi verið vitanlegt að hann ætlaði fram hjá hans bifreið á greindum stað, og þar sem, eins og fyr greinir, skýrsla ákærða, er kemur fyllilega heim við vitnisburð farþeganna í hans bifreið, bendir eindregið til þess, að bifreið sú, er á undan fór, er jafnan áður hafði verið á miðjum vegi eða því sem næst, en beygt út á vegarbrún, hafi eingöngu, eða vagnstjóri hennar gjört þetta, í því skyni, að hleypa hans bifreið fram hjá, eða að honum eigi eftir atvikum hafi hlotið að vera ljóst, að hann gjörði það af nokkurri annari ákveðinni ástæðu, virðist rjett vera, að hann eigi verði látinn sæta sektum eftir ákvæðum 13. gr. laga um notkun bifreiða frá 14. nóvbr. 1917, fyrir brot á lögum þessum, en á hinn bóginn virðist hann samkvæmt ákvæðum 14. og 15. gr. sömu laga, eiga að vera skaðabótaskyldur, gagnvart hjúkrunarkonu Guðrúnu G. Björns, er fyr greinir, að því leyti sem kröfur hennar eru á rökum bygðar. Eru kröfur hennar til skaðabóta samtals 1211,85 og 6 % ársvextir af skaðabótum frá kröfudegi og málskostnaður kr. 146,18. Að því er legukostnað og vinnutap eða

kaupmissir snertir, er samkvæmt gjörðri kröfu og framlögðum reikningi nemur samtals kr. 320,00 þá virðist krafa hennar á rökum bygð, en að því er snertir skaðabætur fyrir skemdir á fötum eða fatnaði hjúkrunarkonunnar samtals kr. 591,85, þá liggja eigi sannanir fyrir því, að hjer um ræddur fatnaður hjúkrunarkonunnar hafi eyðilagst með öllu sem og er ósennilegt, en þar sem á hinn bóginn skemdunum eigi er sjerstaklega lýst eða þær metnar út af fyrir sig, heldur fatnaðurinn sem nýr væri, í framlagðri virðingargjörð eða reikningi, verður þessi liður kröfunnar eigi, gegn mótmælum ákærða, tekinn til greina, en þar á móti þykir rjett og sanngjarnt vera, með hliðsjón af framlögðu vottorði læknis um meiðsli hlutaðeiganda og afleiðinga þeirra, að ákærður greiði umkrafðar 300 krónur sem skaðabætur til ofannefndrar hjúkrunarkonu fyrir þjáningar og afleiðingar meiðsla þeirra, er í fyrgreindu læknisvottorði umgetur og hún hlaut af árekstri bifreiðanna svo og 6 % í ársvöxtu af samtals kr. 620,00 frá stefnudegi. Krafa um málskostnað verður eigi tekin til greina. Reikningur frá Vífilsstaðahælinu kr. 57,00 fyrir viðgerð á bílhúsi er svo óljós, að hann heldur ekki verður tekinn til greina.

Ákærðum ber að greiða allan af sökinni löglega leiðandi kostnað.

Mánudaginn 15. desbr. 1924.

Nr. 19/1924. **Sigurður Briem f. h. póststjórnar Íslands**
(B. P. Kalman)
gegn
Ólafi Jónssyni (Guðm. Ólafsson).

Útaf kröfu stefnda um að fá greidda úr póstsjóði fjárhæð, er hann kveðst hafa innborgað og sent í póstávísunum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. júní 1923: Stefndur, aðalpóstmeistari f. h. póstsjóðs Íslands, greiði stefnandanum Ólafi Jónssyni, 2700 krónur ásamt 5 % ársvöxtum frá

7. september f. á. til greiðsludags og 293 krónur í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstarjettar, samkvæmt áfrýjunarleyfi útgefnu 25. mars þ. á. með áfrýjunarstefnu dags. 19. apríl s. l.

Samkvæmt forsendum hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti með 200 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Áfrýjandi, Sigurður Briem f. h. póststjórnar Íslands, greiði stefnda, Ólafi Jónssyni, málskostnað í hæstarjetti með 200 krónum, að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Í byrjun aprílmánaðar 1922 komu frá Patreksfirði 3 póstávísanir á pósthúsið hjer í bænum til Þorbergs Kjartanssonar hjer í bænum að upphæð samtals 2700 krónur og var Ólafur Jónsson, ljósmyndari frá Patreksfirði á þeim talinn sendandi peninganna.

Um líkt leyti komst upp sjóðþurð hjá póstafgreiðslumanninum á Patreksfirði, Guðmundi Þorsteinssyni, og hafði hann leynt henni um lengri tíma, meðal annars með því, að gefa út póstávísanir til manna hjer í bænum, láta þá fá þær útborgaðar hjer á pósthúsinu og borgað síðan upphæðirnar inn á reikning póstafgreiðslunnar á Patreksfirði við póstmálastjórnina hjer, þótt engir peningar hefðu verið greiddir inn til póstafgreiðslunnar vestra fyrir þessar póstávísanir. Nöfn þau, er póstafgreiðslumaðurinn notaði sem nöfn sendanda peninganna á þessum póstávísunum, voru ýmist út í bláinn eða nöfn manna vestra, þar á meðal Ólafs Jónssonar. Þrem dögum eftir að Ólafur hafði átt að

borga inn þessar 2700 krónur vestra fyrir póstávísanirnar, afhenti póstafgreiðslumaðurinn þar sýslumanni póstsjóðinn og fyrirfundust peningarnir þar ekki þótt nýbúið væri eða átt hefði að vera að innborga þá. Þá þótti ekki grunlaust um, að peningarnir hefðu aldrei verið innborgaðir vestra og vildi póststjórnin hjer því ekki borga út ávísanafjeð fyrri en útsjeð væri um hvernig sakamálsrannsókn sú lyktaði, sem hafin var á hendur póstafgreiðslumanninum. Höfðaði þá Ólafur ljósmyndari Jónsson mál þetta á hendur aðalpóstmeistara f. h. póststjórnarinnar eftir árangurslausa sáttaumleitan með stefnu útgefinni 14. september 1922 til greiðslu á framangreindu póstávísanafje, 2700 krónum og endurgreiðslu á burðargjaldi kr. 6,75, sem hann hafði borgað undir þær vestra ásamt 6 % ársvöxtum af þessum samtals kr. 2706,75 frá 1. apríl þ. á. til greiðsludags. Svo hefir stefnandi krafist þess, að stefndur verði dæmdur til að greiða sjer 300 krónur í skaðabætur fyrir kostnað og tjón, sem hann hafi beðið við að ávísanirnar voru ekki afgreiddar af pósthúsinu og auk þess málskostnað í máli þessu að skaðlausu eftir framlögðum reikningi að upphæð kr. 293,00 og er sá reikningur í samræmi við aukatekjulögin og lágmarksgjaldskrá málaflutningsmannafjelagsins.

Áður en dómur hæstarjettar gekk í sakamálinu gegn póstafgreiðslumanninum á Patreksfirði, kom stefndur fram með ýmsar mótbárur í máli þessu og kröfu um sýknun um stundarsakir af kröfum stefnanda í því, er telja verður að hann hafi fallið frá. Eftir að dómur sá var genginn, hefir hann krafist algjörðrar sýknunar af kröfum stefnanda og 250 króna málskostnaðar hjá honum af þeirri ástæðu, að sannað sje í prófum sakamálsins gegn póstafgreiðslumanninum, að hinar umstefndu 2700 krónur hafi aldrei verið innborgaðar af stefnanda á pósthúsið á Patreksfirði. Hefir hann máli sínu til sönnunar lagt fram útdrætti af prófum þessa máls, en dómur hæstarjettar í því hefir ekki verið lagður fram.

Það er nú að vísu svo, að ýmislegt er ósennilegt í framburðum póstafgreiðslumannsins og stefnanda í tjeðu sakamáli og símskeytasendingar þeirra í milli með leyniskrift næsta grunsamlegar, en báðir hafa þeir eindregið og stöðugt haldið því fram, að stefnandi hafi innborgað þessar 2700 krónur á pósthúsið á Patreksfirði síðustu dagana í mars 1922 og sannanir fyrir hinu gagnstæða liggja ekki fyrir í rjettarprófunum.

Það verður því ekki hjá því komist að dæma stefndan til þess að greiða stefnanda hinar umstefndu 2700 krónur.

Að því er burðargjaldið snertir, þá er það borgun fyrir flutning á peningum stefnanda frá Patreksfirði til Reykjavíkur og alls eigi afturkræft.

Stefnandi hefir ekki gegn mótmælum stefnds fært neinar sönnur á það, að hann hafi beðið sjerstakan skaða við það, að fá ekki póstávísanafjeð útborgað og verður skaðabótakrafa hans því ekki tekin til greina.

Að því er vaxtaspurninguna snertir, þá á stefnandi að áliti rjettarins kröfu til 5 % ársvaxta af 2700 krónum frá því að útborgunar þeirra var löglega krafist til greiðsludags. Þorbergur Kjartansson var ekki hjer í bænum, er póstávísanirnar komu og maður sá, er spurði eftir þeim fyrir hans hönd á pósthúsinu, hafði ekki umboð hans til þess að kvitta póstávísanirnar eftir því sem stefnandi hefir sjálfur skýrt frá, heldur að eins til að taka á móti ábyrgðarbrjefum og kvitta fyrir þeim. Um það hvenær stefnandi sjálfur krafðist útborgunar á upphæðinni hjer, er ekkert upplýst í málinu og verða honum því eigi tildæmdir vextir frá fyrri tíma en sáttakærudegi 7. september f. á.

Hinsvegar þykir verða að dæma stefndan til að greiða stefnanda hinn umkrafða málskostnað.

Föstudaginn 19. desbr 1924.

Nr. 51/1924. **Anna Friðriksson**
gegn
Margrjeti Árnason.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Anna Friðriksson, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs ef hún af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti. — Svo greiði hún og stefndu, Margrjeti Árnason, er hefir látið mæta í málinu, 40 kr. í ómaksbætur að viðlagðri aðför að lögum.

Laugardaginn 20. desbr. 1924.

Nr. 58/1924. **Valdstjórnin** (L. Fjeldsted)
gegn
Sigurði Guðbrandssyni
(Jón Ásbjörnsson)
og Guðmundi Guðnasyni
(Sveinn Björnsson).

Brot á lögum gegn botnvörpuveiðum í landhelgi.

Dómur lögreglurjettar Reykjavíkur 11. okt. 1924: Kærðir Guðmundur Guðnason og Sigurður Guðbrandsson skulu vera sýknir af kæru valdstjórnarinnar í þessu máli.

Málskostnaður greiðist af almannafje.

Dómur hæstarjettar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstarjettar af valdstjórnarinnar hálfu.

Það verður að telja það sannað með skýrslu staðfestri með eiðfestum vitnisburðum formannsins á eftirlitsbátnum Trausta, er styrk hafði úr ríkissjóði til þess að hafa á hendi lögregluefirlit með fiskiveiðum í landhelgi, Ingimundar Nóvembers Jónssonar og hásetanna Þorsteins Guðbrandssonar og Hallmanns Sigurðssonar, að eitt af botnvörpuskipum þeim, er þeir hittu á eftirlitsferð fram undan Sandgerði 2. okt. 1923, hafi verið botnvörpuskipið Egill Skallagrímsson, er kærði Sigurður Guðbrandsson var skipstjóri á. Hefir formaðurinn og hásetarnir borið það og staðfest fyrir rjetti, að þeir hafi allir þekt skip þetta, og kemur lýsing þeirra á skorsteinsmerkinu og skorsteinslitnum, eins langt og hún nær, heim við merkið á skorsteininum á botnvörpung þessum og auk þess var skip þetta auðkent með því, að á því var lítið hús ofan á eldhúsinu, en þessu er svo fyrirkomið á þessu botnvörpuskipi en ekki á öðrum

botnvörpungum Kveldúlfsfjelagsins, og um verustað skipsins 2. okt. er það eitt upplýst með skipsdagbókinni, að það hafi verið þessa nótt á ísfiskaveiðum í Faxaflóa, en með því að breitt hafði verið yfir nafn og númer skipsins gat skipshöfnin á eftirlitsbátnum eigi sjeð þessi merki.

Hvað hitt botnvörpuskipið snertir, sem eftirlitsbáturinn sama dag hitti á sömu slóðum, hefir formaður bátsins og áðurnefndir hásetar fullyrt það í skýrslu sinni, er þeir hafa staðfest með eiði, að þeir hafi þekt, að skip þetta var botnvörpungurinn Njörður, er kærði Guðmundur Guðnason var skipstjóri á.

Kveðst formaðurinn ekki hafa verið í neinum vafa um að þetta hafi verið Njörður, hásetinn Þorsteinn Guðbrandsson kveðst hafa þekt skipið á skorsteinsmerkinu og litnum á skorsteininum og Hallmann Sigurðsson ber það, að honum hafi ekki sýnst betur eftir öllu útliti að dæma, en að skip þetta hafi verið Njörður, sem hann þekti vel áður og tekið eftir hinum ljósrauða lit á skorsteininum.

Skýrsla formannsins og hásetanna kemur að því leyti eigi heim við framburð kærða, að þeir segja að flaggmerkið á skorsteininum hafi verið rauðbrúnt en kærði heldur því fram, að það sje og hafi ætíð verið hvítt, en þetta og annað er fram hefir komið í málinu, getur þó ekki hnekt skýrslunni eða gjört hana tortryggilega, með því að vera má, að hviti liturinn hafi verið orðinn svo máður að erfitt hafi verið að greina hann með kastljósi að næturlagi, enda upplýsir dagbók botnvörpungsins að hann hafi daginn áður verið að veiðum í Faxaflóa.

Einnig á þessu skipi hafði verið breitt yfir nafn og númer þess, en með því að yfirbreiðslan blaktaði

lítið eitt frá fyrir vindi, sá skipshöfnin á eftirlitsbátnum þó bókstafinn R.

Með mælingu og skýrslu varðskipsins Islands Falk er það einnig sannað, að staðir þeir, þar sem eftirlitsbáturinn hitti þessi botnvörpuskip með botnvörpu í eftirdragi, hafi verið innan landhelgi, og hafa því hinir kærðu gerst brotlegir gegn 1. gr. í lögum nr. 5, 18. maí 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum og þykir refsing sú, er þeir hvor um sig hafa unnið til, hæfilega ákveðin 15000 kr., er renni í Landhelgissjóð Íslands. Um upptöku afla og veiðarfæra er eigi að ræða, þar sem málið var höfðað löngu eftir að brotið var framið.

Samkvæmt þessum úrslitum verður kærði Sigurður Guðbrandsson að greiða málflutningskaup skipaðs verjanda síns í hæstarjetti með 120 kr. og kærði Guðmundur Guðnason málflutningslaun verjanda síns í hæstarjetti með sömu upphæð. Að öðru leyti greiði hinir kærðu in solidum allan af máli þessu leiðandi kostnað bæði í hjeraði og hæstarjetti, þar með talið málflutningskaup skipaðs sækjanda í hæstarjetti 150 kr.

Við meðferð málsins í hjeraði er það að athuga, að á rannsókn þess hefir orðið óhæfilegur dráttur, þannig hefir kæra eftirlitsbátsins verið send bæjarfógetanum í Reykjavík með brjefi sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu dags 12. okt. f. á. en rannsókn hefir eigi verið hafin fyr en 8. apríl þ. á., að málunum gegn hinum kærðu hefir verið steypt saman án þess að brot þau, er þeim voru gefin að sök, væru svo samtengd að nauðsynlegt eða haganlegt hafi verið að sækja þá báða í sama málinu, og að ekki er upplýst í málinu hvort hinir kærðu

hafi áður orðið brotlegir gegn lögum um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi.

Því dæmist rjett vera:

Hinir kærðu Sigurður Guðbrandsson og Guðmundur Guðnason sæti hvor fyrir sig 15000 kr. sekt, er renni í Landhelgissjóð Íslands. Kærði Sigurður Guðbrandsson greiði málflutningskaup verjanda síns í hæstarjetti, hæstarjettarmálflutningsmanns Jóns Ásbjörnssonar, 120 kr. og kærði Guðmundur Guðnason greiði málflutningskaup verjanda síns í hæstarjetti, hæstarjettarmálflutningsmanns Sveins Björnssonar, 120 kr. Að öðru leyti greiði hinir kærðu in solidum allan af máli þessu leiðandi kostnaði bæði í hjeraði og í hæstarjetti, þar með talið málflutningskaup skipaðs sækjanda í hæstarjetti, hæstarjettarmálaflutningsmanns Lárusar Fjeldsted, 150 kr.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Guðmundi Guðnasyni skipstjóra á botnvörpungnum „Nirði“ og Sigurði Guðbrandssyni skipstjóra á botnvörpungnum „Agli Skallagrímssyni“ fyrir brot gegn 1. gr. laga nr. 5, frá 18. maí 1920.

Málavextir eru þeir, er nú skal greina:

Aðfaranótt hins 2. okt. 1923 var varðbáturinn „Trausti“ við landhelgisgæslu í Garðsjó, urðu skipverjar þá varir við botnvörpung, sem kom frá landi ljóslaus, hafði breitt yfir nafn og númer og var með vörpu í eftirdragi. Skipverjar vörpuðu kastljósi á

reykháfinn og var hann ljósrauður og merki: rauðbrúnt flagg með dökkbláum bletti í miðju.

Þóttust skipverjar kenna að þetta væri botnvörpungurinn „Njörður" frá Reykjavík, en önnur einkenni en þau, sem nú hefir verið getið, hafa skipverjar ekki greint.

Í sama bili og þeir höfðu lokið við að gera þessa athugun urðu þeir varir við annan botnvörpung þar skamt frá, sem var með botnvörpu í eftirdragi. Var einnig vandlega breitt yfir nafn og númer á honum, en reykháfurinn var grár með bekkjum ofarlega þannig: blár, hvítur, rauður, hvítur, blár. Ofan á eldhúsinu hafði þetta skip ennfremur lítið hús. Þóttust skipverjar þekkja bæði af skorsteinslitnum og húsinu, að þetta skip væri botnvörpungurinn „Egill Skallagímsson".

Eftir þessa athugun tóku skipverjar mið og voru þau Setufellið í Bergstá og Höllinn í Varir í Garði.

Þann 25. okt. fór svo varðskipið „Islands Falk" ásamt formanninum á varðbátnum „Trausta" og mældi hve langt þeir staðir væru undan landi, sem formaðurinn gaf upp, að skipin hefðu verið á og reyndist svo við mælinguna, að skipið „Njörður", eftir því sem skipverjar hjeldu að væri, var $2^1/_2$ sjómílu innan landhelgi en skipið „Egill Skallagrímsson", sem skipverjar hjeldu að væri, $2^1/_4$ sjómílu.

Undanfarandi framburð hafa formaður bátsins Ingimundur Nóvember Jónsson og hásetar, sem á varðbátnum voru, Þorsteinn Guðbrandsson og Hallmann Sigurðsson, staðfest með eiði.

Kærðir Guðmundur Guðnason og Sigurður Guðbrandsson neita báðir eindregið að hafa verið að veiðum innan landhelgi á þessum slóðum þessa umræddu nótt. Hafa þeir báðir lagt fram dagbækur skipanna og sjest ekki af dagbók skipsins „Egill Skallagrimsson" annað en það, að skipið hefir fiskað til og frá í „Faxabugt" dagana 22. sept. til 2. okt. Af dagbók skipsins „Njörður" sjest heldur ekki annað en það, að skipið hefir verið að veiðum umrædda nótt í Faxaflóa á 50—60 faðma dýpi.

Þá hafa bæði 1. og 2. stýrimaður á báðum skipunum verið yfirheyrðir sem vitni og hafa þeir unnið eið að þeim framburði sínum, að þeim sje algerlega ófavitandi að skipin hafi verið að veiðum innan landhelgi á þessum slóðum umrædda nótt.

Það er upplýst bæði með framburði skipstjórans á „Nirði" og beggja stýrimannanna og einnig á annan hátt að skorsteins-

lýsingin hjá skipverjum á skipi því sem þeir hugðu vera „Njörð“ ber ekki saman við skorsteinslit hans, því að flaggið í skorsteinsmerki hans er hvítt en ekki rauðbrúnt, og hefir altaf verið svo frá því er skipið var bygt og er það því ekki rjett sem vitnið Þorsteinn Guðbrandsson hefir borið fyrir lögreglurjetti Gullbringu- og Kjósarsýslu, að reykháfsmerkinu hafi verið breytt.

Hvað lýsingu vitnanna af „Agli Skallagrímssyni“ snertir, þá stemmir að mestu lýsingin á reykháfnum, en þó er það við hana að athuga, að skipverjar geta ekki um að skorsteinninn er svartur að ofan 1—1¼ alin, en að öðru leyti er hún rjett.

Hvað húsið ofan á eldhúsinu á „Agli Skallagrímssyni“ snertir þá er það rjett, að þar er loftskeytahús og er það ekki á þeim stað á nokkru öðru skipi þess fjelags, sem er eigandi þessa skips, hinsvegar er það upplýst, að ýmsir aðrir togarar bæði íslenskir og erlendir hafa loftskeytahús á þessum stað.

Þegar það er nú athugað, að skipverjar á varðbátnum „Trausta“ hafa hvorki sjeð nafn eða númer á skipinu „Nirði“ og auk þess að lýsingin á reykháfnum, sem er það auðkenni er þeir tilnefna, er röng, þá verður rjetturinn að líta svo á, að gegn skýlausri neitun skipstjóra sjeu engar sannanir fengnar fyrir því, að umrætt skip hafi verið að veiðum innan landhelgi á þeim tíma og þeim stöðum, sem í kærunni greinir og verður því að sýkna kærðan Guðmund Guðnason skipstjóra af kæru valdstjórnarinnar í þessu máli.

Hvað kæruna á Sigurð Guðbrandsson snertir, þá má segja að nokkru meiri líkur sjeu fyrir því, að hann hafi gjörst brotlegur við lög nr. 5 frá 18. maí 1920, þar sem skorsteinslýsingin ber að mestu saman við skorsteininn á „Agli Skallagrímssyni“ og loftskeytahúsið er ekki á þessum stað á neinum öðrum togara fjelagsins „Kveldúlfur“, sem er eigandi „Egils Skallagrímssonar“.

En þar sem skorsteinslýsingin er þó eigi rjett að öllu leyti sbr. Lögbirtingablaðið nr. 11 árið 1916 og framburð kærðs annarsvegar en vitnaframburðinn hinsvegar, og er það jafnframt vitað að útlendir togarar hafa það til að breyta skorsteinsmerkjum sínum og mála þá með líkum litum og íslenskir togarar hafa og ennfremur að bæði erlendir togarar og íslenskir hafa loftskeytahús á sama stað og umræddur togari, þá verður rjetturinn að líta svo á, að ekki sjeu gegn eindreginni neitun kærðs fengnar nægar sannanir fyrir því að umrætt skip hafi verið að veiðum

innan landhelgi á þeim tíma og slóðum, sem í kærunni greinir og verður því einnig að sýkna kærðan Sigurð Guðbrandsson af kæru valdstjórnarinnar í málinu.

Eftir þessum úrslitum verður málskostnaðurinn að greiðast af almannafje.